Ingibjörg Björnsdóttir	3956.00	
Ingibjörg Magnúsdóttir	4446.00	
Ingveldur Einarsdóttir	4446.00	

		18. gr.	
		kr.	kr.
Ingveldur Ólafsdóttir	1901.00		
Jakobína Sigr. Torfadóttir	2708.00		
Jóhanna Kr. Eggertsdóttir Briem	3956.00		
Jóhanna Gunnarsdóttir	5373.00		
Jóhanna Jónsdóttir	5652.00		
Jóhanna Magnúsdóttir	4446.00		
Jóhanna Pálmadóttir	8996.00		
Jóhanna Thorlacius	1911.00		
Jóna Jakobsdóttir	3250.00		
Jónasína E. Hallgrímsdóttir	5460.00		
Jóney Guðmundsdóttir	3803.00		
Júlíana M. Jónsdóttir	5144.00		
Karen Jónsson	6000.00		
Katrín Sveinsdóttir	3956.00		
Klara Helgadóttir	4522.00		
Kristín Guðmundsdóttir	1901.00		
Kristín Pálsdóttir	3179.00		
Kristín Sigurðardóttir	3391.00		
Kristín Thorberg	2340.00		
Kristín Thoroddsen	2340.00		
Kristín Þórarinsdóttir	5652.00		
Kristólína Kragh	2535.00		
Lára Bjarnadóttir, ekkja Gísla Lárussonar	4796.00		
Lára Bjarnadóttir, ekkja Skarphéðins Þorkelssonar	3956.00		
Lára Skúladóttir	3391.00		
Laufey Vilhjálmsdóttir	15093.00		
Lilja Haraldsdóttir	3120.00		
Lovísa Sveinbjörnsson	19851.00		
Magdalena Ásgeirsdóttir	780.00		
Magnea Magnúsdóttir	9609.00		
Málfríður Jónsdóttir	5087.00		
Margrét Árnadóttir	5498.00		
Margrét Ásmundsdóttir	2535.00		
Margrét Blöndal	3956.00		
Margrét Jónsdóttir frá Hrauni	8290.00		
Margrét Jónsdóttir, vitavarðarekkja	1911.00		
Margrét Lárusdóttir	5850.00		
Margrét Kr. Lárusdóttir	2535.00		
Margrét Þórðardóttir	3803.00		
Margrethe Kaldalóns	17941.00		
María Guðlaugsson	4680.00		
María J. Klemenz	1911.00		
María Thoroddsen	9750.00		
María Tómasdóttir	2826.00		
Nanna Jónsdóttir	5417.00		
Níelsína Ólafsdóttir	3803.00		
Oktavía Sigurðardóttir	5087.00		
Ólafía Einarsdóttir	6783.00		
Ólafía Finnbogadóttir	1268.00		

	18. gr.	
	kr.	kr.
Ólafía Valdimarsdóttir	3391.00	
Olga E. Jónsson	5652.00	
Ólína Snæbjörnsdóttir	4446.00	
Ólína Þorsteinsdóttir	6338.00	
Ragnheiður Bjarnadóttir	6338.00	
Ragnheiður Jónasdóttir	11700.00	
Ragnheiður Straumfjörð	1911.00	
Ragnhildur Teitsdóttir	1809.00	
Ragnhildur Thorlacius	6783.00	
Rannveig Tómasdóttir	3803.00	
Rigmor Ófeigsson	5070.00	
Rósa Jónsdóttir	1268.00	
Sesselja Eiríksdóttir	1911.00	
Sigríður Arnljótsdóttir	5070.00	
Sigríður Bjarnason	10174.00	
Sigríður Einarsson	19500.00	
Sigríður Finnbogadóttir	5070.00	
Sigríður Fjeldsted	5087.00	
Sigríður Gísladóttir	1911.00	
Sigríður Guðmundsdóttir	1911.00	
Sigríður Jónsdóttir frá Vífilsstöðum	9555.00	
Sigríður Jónsdóttir frá Hvítadal	3179.00	
Sigríður Kjartansdóttir	7605.00	
Sigríður Pétursdóttir	5652.00	
Sigríður Snæbjörnsdóttir	3179.00	
Sigríður Snæbjörnssen	5087.00	
Sigríður Þorláksdóttir Arnórsson	19500.00	
Sigrún Auðuns	4522.00	
Sigrún Bjarnason	6783.00	
Sigrún Guðbrandsdóttir	4522.00	
Sigrún Kjartansdóttir	4446.00	
Sigurbjörg Bogadóttir	4446.00	
Sigurlaug G. Gröndal	2535.00	
Sigurlaug Þórey Þorsteinsdóttir	5652.00	
Sólveig Árnadóttir	1911.00	
Sólveig Eggerz	16704.00	
Sólveig Pétursdóttir	5652.00	
Stefanía Hjaltested	3179.00	
Stefanía Stefánsdóttir	6217.00	
Steinunn P. Eyjólfsson	3369.00	
Steinunn Jóhannesdóttir	3803.00	
Steinunn Oddsdóttir	3179.00	
Steinunn E. Stephensen	3803.00	
Súsanna Friðriksdóttir	5652.00	
Sylvía N. Guðmundsdóttir	5991.00	
Unnur Skúladóttir	6338.00	
Valborg Einarsson	6338.00	
Valborg Haraldsdóttir	5417.00	
Valgerður Halldórsdóttir	9044.00	
Valgerður Ólafsdóttir	4522.00	
Vigdís G. Blöndal	3179.00	

18. gr.

		kr.	kr.
Viktoría Bjarnadóttir	956.00		
Vilborg Bjarnadóttir	3617.00		
Vilborg Torfadóttir	1911.00		
Vilhelmína Ingimundardóttir	4126.00		
Þóra L. Björnsson	6783.00		
Þóra Hjartar	2261.00		
Þóra Jónasdóttir	3250.00		
Þóra Sigurðardóttir	1911.00		
Þóra Skaftason	1911.00		
Þorbjörg Sigmundsdóttir	6338.00		
Þórdís Ívarsdóttir	1268.00		
Þórunn Hafstein	2535.00		
Þórunn Pálsdóttir	6338.00		
Þórunn Sigurðardóttir	1911.00		
Þórunn Þórðardóttir	1170.00		
Þorvalda Hulda Sveinsdóttir	3956.00		
Þrúður I. Jónsdóttir	3120.00		
Þuríður Benediktsdóttir	6357.00		
Þuríður Bjarnadóttir	3250.00		
Þuríður Káradóttir	7348.00		
Þuríður Nielsdóttir	5417.00		
	1137981.00		
Verðlagsuppbót	887625.00		
		2 025 606	
c. Barnastyrkur:			
Barn Árna sál. Helgasonar, héraðslæknis, Jóhanna Margrét Árnadóttir, f. 16/7 1924, sjúklingur	1911.00		
Verðlagsuppbót	1490.00		
		3 401	
			5 769 311
III. Framlag ríkissjóðs skv. 10. gr. l. 101/1943 og 8. gr. l. 102/1943 (áætlað)			9 300 000
IV. Framlag ríkissjóðs til lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna, skv. 12. gr. l. 103/1943			140 000
V. Framlag ríkissjóðs til lífeyrissjóðs ljósmæðra, skv. 1. gr. l. 114/1940			34 000
VI. Framlag ríkissjóðs til grunnlauna- og vísitöluuppbóta á lífeyri			3 200 000
Samtals ...		. . .	18 433 311

19. gr.

Til óvissra útgjalda o. fl. er veitt:

	kr.	kr.
1. Til dýrtíðarráðstafana		59 500 000
2. Til aukinnar löggæzlu og tollgæzlu samkv. ráðstöfun dómsmálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis		1 350 000
3. Til óvissra útgjalda		2 500 000
Samtals ...	. . .	63 350 000

III. KAFLI

Eignahreyfingar.

20. gr.

	kr.	kr.
Inn:		
I. Fyrningar		1 850 000
II. Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum		100 000
III. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		500 000
Samtals ...	. . .	2 450 000
Út:		
I. Afborganir lána ríkissjóðs og ríkisstofnana:		
1. Ríkissjóðslán:		
a. Innlend lán ... 9262979		
b. Lán í dönskum bönkum ... 600131		
c. Lán í Bandaríkjunum ... 81600		
	9 944 710	
2. Lán ríkisstofnana:		
Landssíminn (3. gr. A. 2) ...	1 000 000	
		10 944 710
II. Útlagðir vextir og afborganir af ýmsum lánum með ríkisábyrgð, sem eru í vanskilum (áætlað) ..		16 000 000
III. Til eignaaukningar landssímans (3. gr. A. 2) ...		9 450 000
IV. Til bygginga á jörðum ríkisins ...		1 600 000
V. Til ræktunar á jörðum ríkisins ...		150 000
VI. Til byggingar björgunar- og varðskips fyrir Norðurland, enda samþykki dómsmálaráðuneytið gerð skipsins ...		500 000
VII. Til sementsverksmiðju ...		1 000 000
VIII. 1. Til viðbótarhúsnæðis við ríkisspítalana ...	3 600 000	
2. Til byggingar fávitahælis ...	500 000	
		4 100 000
IX. Til byggingar nýrra vita og vitavarðabústaða ...		1 700 000
X. Til byggingar radiomiðunarstöðvar á Garðskaga, önnur greiðsla af þremur ...		120 000
XI. Til flugvallagerða ...		5 500 000
XII. Til sjúkraflugvalla ...		500 000
XIII. 1. Til byggingar heimavistarhúss við Menntaskólann á Akureyri ...	250 000	
2. Til byggingar sjómannaskólans ...	440 000	
3. Til byggingar kennarabústaðar á Hólum ...	75 000	
4. Til byggingar menntaskólahúss í Reykjavík ..	1 600 000	
5. Til byggingar menntaskólahúss á Laugarvatni	500 000	
6. Til byggingar Kennaraskóla Íslands ...	750 000	

20. gr.

		kr.	kr.
	7. Til bygginga vegna Íþróttakennaraskólans á Laugarvatni	300 000	
	8. Til byggingar húsmæðrakennaraskóla	200 000	
			4 115 000
XIV.	Til bygginga á prestssetrum		2 000 000
XV.	Til útihúsa á prestssetrum		700 000
XVI.	Til byggingar embættisbústaða héraðsdómara		600 000
XVII.	Til byggingar lögreglustöðvar í Reykjavík		1 000 000
XVIII.	Til byggingar lögreglustöðvar á Keflavíkurflugvelli		400 000
XIX.	Til byggingar beitarhúsa á Hólum		40 000
XX.	Til fjós- og hlöðubyggingar á Litla-Hrauni		210 000
XXI.	Til að lána til kaupa á dieselrafstöðvum að fengnum tillögum raforkuráðs		450 000
XXII.	Til byggingar dvalarheimilis fyrir afvegaleidd börn og unglinga		400 000
XXIII.	Til byggingar tilraunagróðurhúss að Reykjum		100 000
XXIV.	Til að lána Sölufélagi garðyrkjumanna til byggingar söluskála		100 000
XXV.	Til þess að bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu á þann hátt, er ríkisstjórnin telur heppilegast, og má setja þau skilyrði fyrir aðstoð þessari um mótframlög og annað, sem ríkisstjórnin telur nauðsynlegt		5 000 000
XXVI.	Til byggingar stjórnarráðshúss		2 000 000
XXVII.	Til byggingar tollstöðvar í Reykjavík		850 000
XXVIII.	Til útihúsabyggingar að Staðarfelli		200 000
	Samtals ...	. . .	69 729 710

21. gr

I. Rekstrar

		kr.	kr.
	Tekjur:		
2. gr.	Skattar og tollar		570 800 000
3. gr. A.	Tekjur af rekstri ríkisstofnana		132 472 000
— B.	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs		10 000
4. gr.	Tekjur af bönkum og vaxtatekjur		1 983 000
5. gr.	Óvissar tekjur		5 750 000
	Samtals ...	...	711 015 000

II. Sjóðs

		kr.
	Inn:	
2.—5. gr.	Rekstrartekjur samkvæmt rekstraryfirliti	711 015 000
	Aðrar innborganir og fyrningar:	
20. gr. I.	Fyrningar	1 850 000
— II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum o. fl.	100 000
— III.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	500 000
	Samtals ...	713 465 000

f i r l i t.
firlit.

21. gr.

		kr.	kr.
	Gjöld:		
7. gr.	Vextir		2 522 621
8. gr.	Kostnaður við æðstu stjórn landsins		940 060
9. gr.	Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga		6 652 797
10. gr.	Til ríkisstjórnarinnar		21 292 270
11. gr. A.	Dómgæzla og lögreglustjórn	41 030 937	
— B.	Opinbert eftirlit	3 181 062	
— C.	Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta	17 596 685	
— D.	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	750 000	62 558 684
12. gr.	Til læknaskipunar og heilbrigðismála		51 681 642
13. gr. A.	Vegamál	61 548 407	
— B.	Samgöngur	15 448 000	
— C.	Vitamál og hafnargerðir	14 368 887	
— D.	Flugmál	5 606 923	96 972 217
14. gr. A.	Kirkjumál	13 085 230	
— B.	Kennslumál	101 230 860	114 316 090
15. gr. A.	Til opinberra safna, bókaútgáfu og listastarfsemi	8 515 296	
— B.	Til rannsókna í opinbera þágu o. fl.	10 877 944	19 393 240
16. gr. A.	Landbúnaðarmál	57 219 536	
— B.	Sjávarútvegsmál	11 025 683	
— C.	Iðnaðarmál	2 720 000	
— D.	Raforkumál	20 059 935	91 025 154
17. gr.	Til félagsmála		93 872 713
18. gr.	Til eftirlauna og styrktarfjár		18 443 311
19. gr.	Óviss útgjöld		63 350 000
	Rekstrarafgangur		67 994 201
	Samtals ...	. . .	711 015 000

yfirlit.

		kr.
	Út:	
7.—19. gr.	Rekstrarútgjöld samkvæmt rekstrarreikningi	643 020 799
	Aðrar útborganir:	
20. gr.	Afborganir lána, greiðslur vegna ríkisáb. og til eignaaukningar	69 729 710
	Greiðslujöfnuður ...	714 491
	Samtals ...	713 465 000

22. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

I. Að endurgreiða skemmtanaskatt af fé því, sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavörnum hér við land.

II. Að gera ráðstafanir til að flytja brott svo fljótt sem verða má hús þau, er standa á lóðinni Kirkjustræti 12, og láta Alþingi lóðina í té til stækkunar þinghúsgarðinum eða til annarra afnota.

III. Að láta Blindravinafélag Íslands fá að láni allt að 10 útvarpstæki til afnota fyrir blinda menn, og sé kostnaður, er af þessu leiðir, færður á fjárhagsáætlun Viðtækjaverzlunar ríkisins. Enn fremur að lána allt að þremur tækjum til sjúklinga, sem liggja rúmfastir árum saman í heimahúsum.

IV. Að verja allt að 25 þús. kr. í samráði við símamálastjórnina til þess að tryggja, að notendur talstöðva á afskekktum stöðum þurfi eigi að bera meiri útgjöld af slíkum tækjum en talsímanotendur, sem hafa notendasíma landssímans í sveitum.

V. Að verja allt að helmingi af lóða- og jarðaleigum úr Vestmannaeyjum árið 1956 til varnar gegn landbroti og uppblæstri í eyjunum, enda sé allt, er að því lýtur, gert í samráði við Búnaðarfélag Íslands.

VI. Að verja afgjöldum af löndum ríkisins í Hveragerði til hitaveitufram-kvæmda Hveragerðishrepps.

VII. Að greiða læknisvitjanastyrki til þeirra læknishéraða, sem eru læknislaus þrjá mánuði af árinu eða lengur, og nemi þeir allt að læknislaunum þann tíma, sem héraðið er læknislaust.

VIII. Að greiða 5 þús. kr. til húsmæðraskólans á Hallormsstað fyrir að kenna kennslukonum vefnað og 15 þús. kr. til kvennaskólans á Blönduósi til tóvinnukennslu.

IX. Að greiða halla á rekstri Þjóðleikhússins allt að 450 þús. kr.

X. Að greiða menningarsjóði það, sem á kann að vanta, að tekjur sjóðsins árið 1956 nái 550 þús. kr.

XI. Að greiða rekstrarhalla, ef óhjákvæmilegt reynist, vegna daglegs flutnings mjólkur og mjólkurafurða frá Þorlákshöfn til Vestmannaeyja, allt að 50 þús. kr.

XII. Að ábyrgjast fyrir kirkjubyggingasjóð allt að 500 þús. kr. lán til kirkjubygginga. (Endurveiting).

XIII. Að ábyrgjast allt að 20 millj. kr. lán til byggingar frystihúsa, mjólkurbúa og fiskimjölsverksmiðja, þó ekki yfir 60% af kostnaðarverðsmati hverrar framkvæmdar.

XIV. Að ábyrgjast með þeim skilyrðum er hún setur, og gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, lán til útvegsmanna, sem orðið hafa fyrir tjóni vegna þurrafúa í fiskiskipum, og mega lánin samtals nema allt að 1.3 millj. kr.

XV. Að ábyrgjast, gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar, allt að 1 millj. kr. lán, er h/f Kol kann að taka til kolavinnslu á Skarðsströnd. (Endurveiting).

XVI. Að ábyrgjast allt að 250 þús. kr. lán, er hreppsnefnd Hveragerðishrepps tekur til að leggja hitaveitu í þorpið, þó ekki yfir 80% af heildarkostnaði. (Endurveiting).

XVII. Að gefa eftir aðflutningsgjald af snjóbifreiðum og sjúkrabifreiðum Rauða krossins.

XVIII. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af brennsluolíum til veðurathugunarskipa í Norðurhöfum.

XIX. Að endurgreiða toll af maníókamjöli, sem flutt verður inn á árinu til skepnufóðurs.

XX. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af fiskinetjum úr nylon, að því leyti sem þau eru hærri en af öðrum fiskinetjum, sbr. nr. 19a í 50. kafla tollskrár.

XXI. Að ákveða, að ef rekstur flugmálanna verður hagkvæmari en gert er ráð fyrir á 13. gr. D., sé heimilt að nota þann mismun til flugvallagerðar á árinu 1958.

XXII. Að heimila Ríkisútvarpinu að verja allt að 1.1 millj. kr. af tekjuafgangi sínum til að bæta hlustunarskilyrði á Austfjörðum.

XXIII. Að leyfa Tóbakseinkasölu ríkisins að setja merki Landgræðslusjóðs á tilteknar vindlingategundir og greiða sjóðnum allt að 20 aurum af hverjum vindlingapakka, er hún selur með merki sjóðsins. Verðhækkun á vindlingum af þeim sökum skal undanþegin smásöluálagningu.

XXIV. Að ákveða, að fjölgun starfsmanna ríkis og ríkisstofnana skuli vera háð samþykki fjármálaráðherra, þar til sett verða lög um ráðstafanir til þess að draga úr kostnaði við opinberan rekstur.

XXV. Að verja öllu 10% álagi á skemmtanaskatt, sbr. 2. gr. laga nr. 115 29. des. 1951, til Sinfóníuhljómsveitar, enda verði samkomulag við aðra aðila um rekstur sveitarinnar og fjárframlög til hennar.

XXVI. Að leggja fram allt að 5 millj. kr. til stofnunar framkvæmdasjóðs til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, samkvæmt nánari ákvörðun Alþingis síðar.

XXVII. Að kaupa sæskeladýrasafn Ingimars Óskarssonar.

XXVIII. Að ábyrgjast fyrir Bæjarútgerð Akraness allt að 2 millj. kr. af kaupverði togarans Akureyjar gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar.

XXIX. Að ábyrgjast fyrir Austfirðing h.f. allt að 3.1 millj. kr. af kaupverði togarans Vattar gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar.

XXX. Að leyfa Tóbakseinkasölu ríkisins að setja merki Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra á eldspýtustokka og greiða félaginu allt að 10 aurum af hverjum stokki, er hún selur með merki félagsins. Verðhækkun á eldspýtum af þessum sökum skal vera undanþegin smásöluálagningu.

XXXI. Að lána raforkusjóði 4.5 millj. kr. af fé því, er um ræðir í lögum nr. 51 1955, 1. gr., 5. og 9. tölulið.

XXXII. Að breyta í óafturkræf framlög eftirtöldum lánum, sem veitt voru neðangreindum stofnunum af greiðsluafgangi ríkissjóðs 1955:

a. Ræktunarsjóði 22 millj. kr.
b. Veðdeild Búnaðarbanka Íslands 2 millj. kr.
c. Fiskveiðasjóði Íslands 10 millj. kr.
d. Til íbúðalána samkv. lögum nr. 55/1955 13 millj. kr.

23. gr.

Á árinu 1957 skal greiða 30% uppbót á lífeyri og eftirlaun, þó aldrei á hærri fjárhæð en 30 þús. kr. hverjum einstökum lífeyris- og eftirlaunaþega.

24. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1956 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir kaupgjaldsvísitölu 178.

Fjárlagafrumvarpið er miðað við núverandi ástand í efnahags- og framleiðslumálum landsins. Á hinn bóginn er vitað mál, að þannig er nú um þau efni ástatt, að til frambúðar getur ekki staðið án nýrra ráðstafana. Stendur yfir athugun á þessum málum öllum, og að henni lokinni verða ákvarðanir teknar um hvað aðhafst skuli. Fjárlagafrumvarp ber að leggja fram í þingbyrjun. Varð því að semja frumvarp þetta til fjárlaga áður en ákvarðanir hafa verið teknar um heildarráðstafanir í efnahags- og framleiðslumálunum.

Verður fjárlagafrumvarpið að sjálfsögðu að taka þeim breytingum í meðförunum á Alþingi, sem nauðsynlegar kunna að reynast í samræmi við úrlausnir þær, er ofan á verða í efnahagsmálunum.

Sama gildir um frv. þau, sem fram eru lögð um framlengingu lagaákvæða um tekjur ríkissjóðs.

Hafa verður í huga, er bornir eru saman einstakir launaliðir í frv. þessu við samsvarandi liði í gildandi fjárlögum, að á 4. lið 19. gr. fjárlaga nú er óskipt fjárhæð, 23.5 millj. kr., sem ætlaðar voru til að mæta hækkunum þeim, er leiddi af setningu nýrra launalaga, en í frv. eru þessar hækkanir teknar inn á þá launaliði, þar sem þær eiga heima.

Um 2. gr.

1. og 2. Tekju- og eignarskattur svo og stríðsgróðaskattur eru áætlaðir 122.0 millj. króna eða 12.3 millj. hærri en í fjárlögum nú. Er sú áætlun samkv. venju gerð með hliðsjón af álögðum sköttum á yfirstandandi ári.
3. Vörumagnstollur er áætlaður 37.0 millj. kr. eða 2.5 millj. hærri en í fjárlögum nú. Álag á vörumagnstoll var 1. febr. s. l. hækkað úr 250% í 340%. Þegar á það er litið, að sú hækkun gildir væntanlega allt árið 1957, þykir fært að hækka áætlunina svo sem hér er gert.
4. Verðtollur reyndist á s. l. ári 180.5 millj. kr. og verður nokkru hærri í ár, þar eð álag á verðtoll var 1. febr. s. l. hækkað úr 45% í 80%. Með hliðsjón af reynslu það, sem af er þessu ári, svo og því að álagshækkunin gildir væntanlega allt næsta ár, er verðtollur í frv. áætlaður 203 millj. kr. eða 15 millj. kr. hærra en í núgildandi fjárlögum.
5. Innflutningsgjald af benzíni er áætlað óbreytt frá fjárlögum nú, 16 millj. kr.
6. Gjald af innlendum tollvörum er áætlað 11 millj. kr. Er það 1 millj. kr. hærra en í gildandi fjárlögum.
7. Lestagjald af skipum er áætlað 0.3 millj. kr., óbreytt frá fjárlögum nú.
8. Bifreiðaskattur er áætlaður óbreyttur frá fjárlögum nú, 11.5 millj. kr.
9. Aukatekjur eru, miðað við reynslu s. l. ár og það, sem af er þessu ári, áætlaðar 10.5 millj. eða 1 millj. kr. hærra en í gildandi fjárlögum.
10. Stimpilgjald er áætlað 15.0 millj. kr. eða 1.5 millj. hærra en í fjárlögum nú.
11. Vitagjald er áætlað 1.7 millj. kr. Óbreytt frá fjárlögum nú.
12. Leyfisbréfagjald er áætlað 0.6 millj. kr. í stað 0.5 í gildandi fjárlögum.
13. Útflutningsleyfagjöld eru áætluð óbreytt, 0.7 millj. kr.
14. Söluskattur er áætlaður 135 millj. kr. eða 15 millj. kr. hærri en í fjárlögum nú. Er þá stuðzt við reynslu á s. l. ári og það, sem af er þessu ári.
15. Leyfisgjöld eru áætluð óbreytt, 6.5 millj. kr.

Um 3. gr. A.

1. *Póstsjóður.* Rekstrarhalli póstsjóðs er áætlaður 179 þús. kr. og er það 45 þús. kr. hærra en í fjárlögum nú.

Allmiklar launahækkanir og tilfærslur milli launaflokka urðu hjá stofnuninni við setningu launalaganna. Auk þess hefur ekki þótt verða komizt hjá nokkurri starfsmannafjölgun vegna aukinna verkefna og breyttrar starfstilhögunar. Er því

samþykkt að fjölga starfsfólki í pósthúsinu í Reykjavík um póstafgreiðslumann, ritara, bréfbera og sendimann. Á Akureyri bætist við einn bréfberi vegna sameiningar Akureyrar og Glerárþorps, auk ýmissa annarra tilfærslna. Póstflutningar hækka um 900 þús. kr. Grunnlaun landpósta hækka um 273 þús. kr. Þingsályktunartillaga frá síðasta Alþingi um vikulegar póstferðir er nú komin til framkvæmda, og leiðir af henni verulegan kostnaðarauka á næsta ári, auk þess sem flutningskostnaður allur stórhækkar. Flestallir kostnaðarliðir hækka nokkuð, þannig að gjöldin alls hækka um 3 285 þús. kr.

Tekjur eru nú áætlaðar 17 810 þús. kr. eða 3 240 þús. kr. hærri en í fjárlögum nú, og veldur því hækkun sú á burðargjöldum, er samþykkt var á s. l. ári.

Rekstrarhalli póstsjóðs hækkar því um 45 þús. kr., eins og fyrr segir.

2. *Landssíminn.* Hér er gert ráð fyrir því, að greiðsluhalli Landssímans á næsta ári verði 9 338 þús. kr., og er það 6 176 þús. kr. hærra en í fjárlögum nú, en þess er að gæta, að hlutur Landssímans í óskiptri fjárhæð á 19. gr. 4 fjárlaga 1956 er mjög stór, a. m. k. 4—5 millj. kr., þannig að raunveruleg hækkun er 1—2 millj. kr. Ýmislegar viðbætur á starfsmannahaldi eru taldar nauðsynlegar vegna stækkunar sjálfvirku stöðvarinnar í Reykjavík, sem ráðgert er að taki til starfa á miðju næsta ári. Leggur ráðuneytið til, að fjölgað verði starfsmönnum sem hér segir: 1 verkfræðingur, 5 línumenn, 3 ritarar, 1 teiknari, 1 bókari og 7 símvirkjanemar.

Þá fjölgar starfsfólki um 6 talsímakonur, einn ritara og einn aðstoðarféhirði á ritsímastöðinni í Reykjavík, vegna vaxandi anna, og einn línumann á Ísafirði af sömu ástæðum.

Viðhaldskostnaður landsímanna hækkar um 1 millj. kr., og flestir gjaldaliðir hækka nokkuð, þannig að gjöldin alls hækka um 10.7 millj. kr. miðað við 3. gr. A. fjárlaga nú. Til eignabreytinga eru áætlaðar kr. 10 450 þús. kr. eða 800 þús. kr. hærra en í gildandi fjárlögum. Á móti þessum hækkunum hækka tekjur um 5 450 þús. kr.

3. *Áfengisverzlun ríkisins.* Gert er ráð fyrir óbreyttu starfsmannahaldi. Kostnaður við áfengisútsölur hækkar um 60 þús. kr., og annar rekstrarkostnaður hækkar um 300 þús. kr. með hliðsjón af reikningi s. l. árs. Hagnaður er áætlaður 76 millj. kr., og er það óbreytt frá fjárlögum nú.

4. *Tóbakseinkasala ríkisins.* Starfsmannahald er áætlað óbreytt. Annar rekstrarkostnaður hækkar um 300 þús. kr. með hliðsjón af reikningi s. l. árs. Hagnaður er áætlaður 55 millj. kr. og er það 6 millj. kr. hærra en í gildandi fjárlögum.

5. *Ríkisútvarpið.* Afnotagjöld eru miðuð við 39 000 útvarpsnotendur, eða einu þúsundi fleiri en í fyrra og hækka því um 200 þús. kr. Aðrar tekjur, sem eru fyrst og fremst tekjur af auglýsingum, hækka um 1 millj. kr. Starfsmannahald er áætlað óbreytt að öðru leyti en því, að verkfræðingi stofnunarinnar er nú ætluð full laun, í stað hálfra áður, og bætt er við nýjum þul með hálfum launum og nýjum aðstoðarmanni við endurvarpsstöðina að Eiðum. Til liðarins „Útvarpsefni" er ætlað að verja 450 þús. kr. meira en í fjárlögum nú.

Skrifstofukostnaður hækkar um 150 þús. kr., húsaleiga, ljós og hiti hækkar um 80 þús. kr., og til útvarpsstöðva hækkar um 100 þús. kr. Ýmsir smærri liðir hækka einnig lítilsháttar, en tekjuafgangur er áætlaður 1 871 592 kr. Af þeirri fjárhæð er sem fyrr lagt til að 1 millj. kr. renni í framkvæmdasjóð, en afgangurinn er eins og í gildandi fjárlögum færður sem aukið rekstrarfé ríkisútvarpsins.

6. *Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.* Fylgt hefur verið tillögum forstjórans. Tekjuafgangur er áætlaður 500 þús. kr. og er það 50 þús. kr. hærra en í fjárlögum nú.

7. *Áburðarsala ríkisins.* Fylgt hefur verið tillögum forstjórans og er þar gert ráð fyrir jöfnum tekjum og gjöldum svo sem verið hefur.

8. *Landssmiðjan.* Starfsliði fjölgar um 2 ritara. Fylgt hefur verið áætlun forstjórans, sem gerir ráð fyrir 97 þús. kr. rekstrarafgangi, sem færður er sem aukið rekstrarfé eins og í gildandi fjárlögum.

9. *Tunnuverksmiðjur ríkisins.* Áætlun Síldarútvegsnefndar hefur verið tekin óbreytt, er hún miðuð við smíði á 130 000 tunnum, eða 30 000 fleiri en á þessu ári. Tekjur og gjöld eru áætluð jöfn, svo sem verið hefur.

10. *Innkaupastofnun ríkisins.* Tekjur eru áætlaðar jafnar gjöldum eins og að undanförnu.

11. *Ríkisbú.* Tekjuafgangur ríkisbúanna er áætlaður svipaður og í fjárlögum nú og hefur tillögum forstöðumanna þeirra verið fylgt að mestu.

Um 3. gr. B

Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru áætlaðar jafnháar og í þessa árs fjárlögum.

Um 4. gr.

Óbreytt frá gildandi fjárlögum.

Um 5. gr.

Óvissar tekjur eru áætlaðar 5 750 þús. kr. eða 1 350 þús. kr. hærra en í þessa árs fjárlögum.

Um 7. gr.

Vextir af lánum ríkissjóðs eru taldir:

1.	Innlend lán	kr. 3 292 414	
	÷ endurgreiddir vextir frá öðrum	— 860 118	
			kr. 2 432 296
2.	Lán í dönskum krónum		— 68 293
3.	Lán í £ (£ 45 890)	kr. 2 097 173	
	÷ endurgreiddir vextir frá öðrum	— 2 097 173	
4.	Lán í $ ($ 103 333)	— 1 686 394	
	÷ endurgreiddir vextir frá öðrum	— 1 664 362	
			— 22 032
5.	Lán hjá Alþjóðabanka (£ 52 127 og $ 35 103) ..	kr. 2 965 083	
	÷ endurgreiddir vextir frá öðrum	— 2 965 083	
			Kr. 2 522 621

Vextir og afborganir af föstum lánum sundurliðast þannig:

I. Innlend lán.

Vextir: 7. gr. 1. kr.	Afborganir: 20. gr. út, I, 1,a. kr.	
9 350	42 500	Innanríkislán 1938.
19 374	70 450	Innanríkislán 1940.
180 000	400 000	Innanríkislán 1941.
47 250	150 000	Innanríkislán 1944.
200	1 000	Lán vegna kaupa á Skálholti í Biskupstungum.
4 199	8 483	Lán vegna kaupa á fasteignum á Eyrarbakka og Stokkseyri.
3 000	10 000	Lán vegna byggingar Þjóðminjasafnshúss.
59 866	374 160	Lán vegna eignakönnunar.
750 000	984 052	Happdrættislán 1948 (A-flokkur).
750 000	984 052	Happdrættislán 1948 (B-flokkur).
2 135	2 905	Lán hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis vegna Drápuhlíðar 4.

Vextir: 7. gr. 1. kr.	Afborganir: 20. gr. út, I, 1,a. kr.	
3 122	954	Lán hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins vegna sakadómarabústaðar.
264 000	400 000	Lán hjá Landsbanka Íslands vegna Skipaútgerðar ríkisins.
24 750	75 000	Lán hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins vegna Þjóðleikhúss.
13 200	13 750	Lán hjá Útvegsbanka Íslands vegna jarðarinnar Drangsnes.
150 000	1 000 000	Lán vegna framlags til Alþjóðabanka og gjaldeyrissjóðs.
302 817	1 346 775	Lán hjá Landsbanka Íslands til greiðslu yfirdráttarskulda í téðum banka, er stofnaðar voru vegna kaupa á nýsköpunartogurum og nokkrum Svíþjóðarbátum.
1 200	30 000	Lán hjá Helga Tryggvasyni vegna kaupa á blaðasafni o. fl.
13 440	84 000	Lán vegna afurðatjónsbóta bænda milli Héraðsvatna og Blöndu 1950.
118 588	1 976 450	Lán vegna afurðatjónsbóta bænda 1952.
130 707		Lán vegna afurðatjónsbóta til bænda 1953.
10 450	10 000	Lán vegna eignarnáms í Egilsstaðalandi.
11 250	37 500	Lán hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands vegna togarans Garðars Þorsteinssonar.
33 900	115 000	Handhafaskuldabréfalán vegna togarans Garðars Þorsteinssonar.
158 400	480 000	Lán hjá Landsbanka Íslands vegna Skuldaskilasjóðs útvegsmanna.
720	1 303	Lán hjá veðdeild Landsbanka Íslands vegna Syðstabæjarjarðar, Hrísey.
2 750	3 333	Lán hjá Búnaðarbanka Íslands vegna Syðstabæjarjarðar, Hrísey.
20 300	58 000	Handhafaskuldabréfalán vegna kaupa á Syðstabæjareigninni, Hrísey.
13 860	14 000	Lán hjá Brunabótafélagi Íslands vegna Byggingarsamvinnufélags Seyðisfjarðar.
11 183	23 333	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins vegna Byggingarsamvinnufélags Seyðisfjarðar.
44 610		Lán vegna afurðatjónsbóta til bænda 1954.
22 533	26 667	Lán hjá Gjafasjóði Sigursveins Einarssonar vegna viðbyggingar við Landsspítalann.
84 000	400 000	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins vegna byggingar hjúkrunarkvennaskóla.
31 260	173 667	Lán vegna kaupa á Grafarholti.
3 292 414	9 297 334	
÷ 860 118	÷ 34 355	
2 432 296	9 262 979	

Til frádráttar þessari vaxtaskuld koma (á móti skuld við Landsbankann upphaflega kr. 24 565 000.00 vegna togara og Svíþjóðarbáta):

1. Vextir af stofnlánabréfum vegna togara kr. 193 375.00.
2. Vextir af þeim skuldum, sem ríkissjóður hefur lánað vegna byggingarkostnaðar togara kr. 150 000.00.
3. Vextir af 8.7 millj. kr. stofnlánadeildarbréfum í eign ríkissjóðs, en Landsbankinn hefur þau að handveði vegna Svíþjóðarbáta kr. 113 919.00, samtals kr. 457 294.00.

Auk þess eiga að koma til frádráttar vextir innborgaðir af Siglufjarðarkaupstað vegna togarans Garðars Þorsteinssonar kr. 199 200.00 og endurgreiddir vextir vegna skuldaskilasjóðs 1950 kr. 171 849.00.

Enn fremur koma til frádráttar afborganir og vextir af lánum veittum vegna sölu byggingarsamvinnufélagshúsa á Seyðisfirði, afborganir kr. 34 355 og vextir kr. 31 775.

Frádráttur verður því samtals: Vextir kr. 860 118 og afborganir kr. 34 355.

II. Erlend lán.

1. Lán í Danmörku.

Vextir: 7. gr. 2. kr.	Afborganir: 20. gr. út, I, 1,a. kr.	
1 375	6 062	Forsögelsesforeningen Bikuben, Kbh., 1909, til Vífilsstaðahælis.
326	16 280	Det Forenede Danske Livsforsikringsaktieselskab Hafnia 1926 (til veðdeildarbréfakaupa).
13 600	115 814	Det Forenede Danske Livsforsikringsaktieselskab Hafnia 1927 (til veðdeildarbréfakaupa).
13 600	115 814	Dansk Folkeforsikringsanstalt, Kbh., 1927 (til veðdeildarbréfakaupa).
28 901	253 970	danskar krónur, eða
68 293	600 131	íslenzkar krónur.

2. Lán í Bretlandi.

£ 45 890	£ 60 101	Togaralán 1949.
÷ £ 45 890	÷ £ 60 101	Sömu upphæðir til frádráttar (innborganir af togurum).

3. Lán í Bandaríkjunum.

$ 54 233	$ 82 142	Lán hjá Export Import Bank, Washington 1948, til kaupa á síldarvinnslutækjum o. fl. $ 2 300 000.00.
÷ $ 54 233	÷ $ 82 142	Sama upphæð til frádráttar, innb. af skuldunautum.
$ 47 750	$ 72 000	Lán 1949—1950 til Laxár- og Sogsvirkjana $ 2 000 000.00.
÷ $ 47 750	÷ $ 72 000	Sama upphæð til frádráttar, innb. af virkjununum.
$ 1 350	$ 5 000	Handhafaskuldabréfalán vegna kaupa á sendiherrahúsi í Washington $ 50 000.00.
$ 1 350	$ 5 000	bandarískir dollarar, eða
22 032	81 600	íslenzkar krónur.

4. Lán hjá Alþjóðabankanum.

£ 36 400	£ 36 000	Lán vegna Laxár- og Sogsvirkjana 1950 £ 875 000.0.0. (Laxárvirkjun £ 151 800.0.0). (Sogsvirkjun £ 727 200.0.0).
÷ £ 36 400	÷ £ 36 000	Sömu upphæðir til frádráttar, innb. af virkjununum.
£ 15 727	£ 14 000	Landbúnaðarlán 1951.
÷ £ 15 727	÷ £ 14 000	Sömu upphæðir til frádráttar, innb. af skuldunautum.
$ 35 103	$ 45 000	Lán vegna Áburðarverksmiðjunnar 1952.
÷ $ 35 103	÷ $ 45 000	Sömu upphæðir til frádráttar, innb. af Áburðarverksmiðjunni h/f.

Um 10. gr. I

2. *Til ráðuneytanna.* Starfsmannafjöldi ráðuneytanna er áætlaður óbreyttur frá því, sem hann er talinn í fjárlögum nú, en símakostnaður hækkar um 80 þús. kr.

og annar kostnaður um 500 þús. kr. frá gildandi fjárlögum, hvort tveggja með hliðsjón af reikningi s. l. árs.

3. *Ríkisfjárhirzla og ríkisbókhald.* Annar kostnaður hækkar um 25 þús. kr.

II. *Hagstofan.* A. Aukaaðstoð hækkar um 11 700 kr., pappír, prentun og hefting hagskýrslna um 20 þús. kr. og prentun eyðublaða um 5 þús. kr., en húsaleiga hefur reynzt heldur hátt áætluð, og lækkar um 10 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 39 þús. kr.

B. Með lögum nr. 31/1956, um þjóðskrá og almannaskráningu, er ákveðið, að sérstök stofnun undir eigin stjórn skuli annast almannaskráningu og önnur hliðstæð störf eftir nánari skilgreiningu laganna og nefnist stofnun þessi þjóðskrá. Stofnunin mun starfa í nánu samstarfi við hagstofuna og er því kostnaður við hana talinn hér. Gert er ráð fyrir 4 föstum starfsmönnum, en alls er talið að kostnaður við þjóðskrá verði á næsta ári 688 280 kr., en samkv. 25. gr. fyrrgreindra laga skal ríkissjóður standa straum af árlegum kostnaði við rekstur þjóðskrár að 9/10 hlutum og Tryggingastofnun ríkisins að 1/10 hluta, þannig að hlutur ríkissjóðs verður 547 452 kr. Hér er þó ekki um kostnaðaraukningu að ræða að öllu leyti, þar eð nokkur undanfarin ár hefur ríkissjóður tekið verulegan þátt í greiðslu kostnaðar af almannaskráningu.

III. *Utanríkismál.*

1. *Sendiráðið í Kaupmannahöfn.* Utanríkisráðuneytið hefur talið óhjákvæmilegt að hækka laun sendiherra og starfsfólks um 5 af hundraði vegna vaxandi dýrtíðar í Danmörku, og nemur launahækkun af þessum sökum 13 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 5 þús. kr.

2. *Sendiráðið í Stokkhólmi.* Í Svíþjóð hafa almennt átt sér stað launahækkanir á þessu ári og hefur því utanríkisráðuneytið lagt til, að laun sendiherra og starfsfólks verði hækkuð um 6 af hundraði, og nemur sú hækkun um 20 þús. kr.

3. *Sendiráðið í London.* Fallizt hefur verið á þá tillögu utanríkisráðuneytisins að áætla laun sendiherra og starfsfólks nokkru hærri en gert er í fjárlögum nú og hækka því launagreiðslurnar um 33 þús. kr. og annar kostnaður hækkar um 10 þús. kr. vegna vaxandi dýrtíðar.

4. *Sendiráðið í Washington.* Laun samkv. launalögum lækka um 19 þús. kr. vegna mannaskipta, en aðrar launagreiðslur hækka um 8 500 kr. og annar kostnaður hækkar um 9 þús. kr.

5. *Sendiráðið í París.* Samkvæmt tillögu utanríkisráðuneytisins er kostnaðurinn áætlaður óbreyttur frá fjárlögum nú.

6. *Sendiráðið í Osló.* Sökum upplýsinga, sem utanríkisráðuneytinu hafa borizt um verulegar hækkanir á almennu kaupgjaldi og verðlagi í Noregi nú á þessu ári, hefur verið talið óhjákvæmilegt að hækka laun sendiherra og starfsfólks að miklum mun og er hér um 50 þús. kr. hækkun að ræða frá fjárlögum nú. Annar kostnaður við sendiráðið hækkar um 5 þús. kr.

7. *Sendiráðið í Bonn.* Pétur Eggerz sendiráðunautur hefur tekið við störfum í Bonn og gegnir jafnframt starfi fastafulltrúa Íslands hjá Evrópuráðinu. Hafa honum verið ætlaðir ⅔ hlutar af sendiherralaunum. Þá eru laun annars starfsfólks nú áætluð með 5% launahækkun vegna vaxandi dýrtíðar í Þýzkalandi. Samkvæmt þessum tillögum utanríkisráðuneytisins hækka launagreiðslur við sendiráðið um 174 þús. kr., en frá dragast laun einnar skrifstofustúlku, er greidd voru laun utan launalaga, 15 þús. kr., þar eð hún hefur látið af störfum. Annar kostnaður við sendiráðið lækkar um 205 þús. kr. Í gildandi fjárl. er á þessum lið ætluð fjárveiting til húsgagnakaupa vegna flutnings sendiráðsins til Bonn og fyrirkomulags þar, en sú fjárveiting er að sjálfsögðu felld niður hér og lækkar því fyrrgreindur liður.

8. *Sendiráðið í Moskva.* Samkvæmt tillögum utanríkisráðuneytisins er kostnaður við sendiráðið í Moskva áætlaður óbreyttur frá fjárlögum nú.

9. *Aðalræðismannsskrifstofan í New York.* Laun ritara hækka um 12 700 kr. til samræmis við laun skrifstofustúlkna, er gegna svipuðum störfum í New York.

10. *Ræðismannsskrifstofan í Hamborg.* Endanleg ákvörðun um það, hvort ræðismannsskrifstofan verði starfrækt á næsta ári með sama fyrirkomulagi og nú, hefur enn eigi verið tekin. Þó þykir rétt að gera ráð fyrir óbreyttri fjárveitingu á næsta ári til greiðslu launa aðalræðismanns og annars kostnaðar.

11. *Skrifstofa fulltrúa Íslands hjá Nato.* Fastafulltrúa Íslands hjá Nato var veitt sendiherranafnbót á þessu ári og hefur hann fengið til afnota íbúð þá, er sendiherra Íslands í París hafði áður. Er lagt til, að veittar verði 100 þús. kr. til húsgagnakaupa í íbúð þessa, þar sem óhjákvæmilegt er fyrir fastafulltrúann að halda uppi töluverðri risnu. Fjárveiting til skrifstofunnar hækkar þá um 85 þús. kr., þar eð nokkrir kostnaðarliðir hafa reynzt of hátt áætlaðir undanfarið.

13. *Kostnaður vegna samninga við erlend ríki á vegum utanríkisráðuneytisins* hækkar um 50 þús. kr., þar eð liðurinn hefur reynzt of lágt áætlaður í fjárlögum undanfarið.

14. *Kostnaður vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum á vegum utanríkisráðuneytisins* hefur einnig reynzt of lágt áætlaður og er því lögð til hækkun um 150 þús. kr.

15. *Til upplýsingar- og kynningarstarfsemi.* Utanríkisráðuneytið leggur til, að liður þessi hækki um 20 þús. kr. til þess að standa straum af kostnaði við að bjóða fjórum norrænum blaðamönnum til landsins til mánaðar dvalar á næsta ári.

Um 11. gr. A.

1. *Hæstiréttur.* Útgáfa hæstaréttardóma hækkar um 40 þús. kr. sökum hækkunar á prentkostnaði. Annar kostnaður hækkar um 55 þús. kr. Þá hækkar fjárveiting til viðgerða á dómhúsinu um 145 þús. kr., þar eð komið hafa í ljós verulegir gallar á byggingu hússins, sem óhjákvæmilegt er að lagfæra á næsta ári.

2. *Borgardómaraembættið í Reykjavík.* Fjöldi starfsmanna er óbreyttur frá fjárlögum nú, en húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 5 þús. kr.

3. *Borgarfógetaembættið í Reykjavík.* Starfsmannafjöldi óbreyttur. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 6 þús. kr. og annar kostnaður um 15 þús. kr.

4. *Sakadómaraembættið í Reykjavík.* Starfsliði fjölgar um einn fulltrúa og einn bókara frá fjárlögum nú og hækka laun sem því nemur, auk almennra grunnlauna- og verðlagsuppbótarhækkana. Vegna síaukinna viðfangsefna sakadómaraembættisins, sérstaklega í umferðarmálunum, þykir ekki verða komizt hjá framangreindri starfsmannafjölgun. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 16 þús. kr. og annar kostnaður um 40 þús. kr.

5. *Lögreglustjóraembættið í Reykjavík.* Miðað er við sama fjölda starfsmanna og í fjárlögum nú, en aukavinna hækkar um 25 þús. kr. Ljós, hiti, ræsting og húskostnaður hækkar um 50 þús. kr., sem að mestu leyti stafar af því, að óhjákvæmileg er nokkur viðgerð á þaki lögreglustöðvarinnar, málning hússins o. fl. Annar kostnaður hækkar um 20 þús. kr.

6. *Lögreglustjóraembættið á Keflavíkurflugvelli.* Gert er ráð fyrir launum eins fulltrúa til viðbótar, en fulltrúi þessi hefur starfað við embættið síðan snemma á þessu ári. Þá hafa laun ritara verið færð í X. launaflokk með hliðsjón af því að hann gegnir jafnframt löggæzlustörfum. Af þessum sökum, svo og grunnlauna- og vísitöluhækkun, hækka launagreiðslur við embættið að mun. Ljós, hiti og ræsting lækkar um 60 þús. kr., en annar kostnaður hækkar um 55 þús. kr.

7. *Embætti sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar:*

a. *Laun.* Áætlunin er miðuð við 23 bæjarfógeta og sýslumenn og 1 lögreglustjóra og er það sama tala og í fjárlögum nú.

b. *Skrifstofukostnaður.* Grunnlaun starfsfólks hækka nokkuð vegna tilfærslna milli launaflokka. Þá hefur fulltrúum verið fjölgað um einn við bæjarfógetaembættið á Akureyri og lagt er til að fulltrúi starfi við bæjarfógetaembættið á Seyðisfirði í 3 mánuði á sumri komanda. Annar kostnaður hækkar um 70 þús. kr. Til

endurgreiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins kemur 1 millj. kr. og er þar um að ræða 300 þús. kr. hækkun frá fjárlögum nú, er stafar að mestu af launahækkununum, en einnig af því að nokkrir bæjarfógetar taka nú að sér umboð fyrir Tryggingastofnun ríkisins, þar sem sjúkrasamlög hafa áður haft þau störf með höndum. Þá hækkar liðurinn: Einkennisbúningar héraðsdómara um 100 þús. kr., er stafar af því, að nokkur skuld er frá fyrri árum, er þarf að greiða.

9. a. *Ríkislögreglan í Reykjavík.* Áætlunin er eins og í gildandi fjárlögum miðuð við 35 ríkislögregluþjóna. Álag á næturvinnu og aukavinna hækkar um 18 500 kr. Einkennisfatnaður og tryggingar hækka um 36 500 kr. og bifreiðakostnaður hækkar um 40 þús. kr.

b. *Ríkislögreglan á Keflavíkurflugvelli.* Lögregluþjónum fjölgar um 2 frá gildandi fjárlögum, en laun annars þeirra voru áður talin undir liðnum: Tollgæzla á Keflavíkurflugvelli, sem því lækkar að sama skapi. Álag á næturvinnu hækkar um 38 þús. kr., að nokkru vegna mannafjölgunarinnar. Einkennisfatnaður hækkar um 28 500 kr., og fæðisstyrkur um 14 þús. kr., hvort tveggja einnig að nokkru vegna mannafjölgunarinnar. Bifreiðakostnaður og tryggingar hækka um 70 þús. kr. og annar kostnaður um 15 þús. kr.

c. *Ríkislögreglan á Akureyri, Hafnarfirði, Siglufirði, Keflavík, Húsavík og Seyðisfirði.* Auk grunnlaunahækkunar og vísitöluhækkunar almennt hækka launin á þessum lið af því, að gert er ráð fyrir 3 nýjum lögreglumönnum utan Reykjavíkur til viðbótar þeim, sem gert er ráð fyrir í fjárlögum nú. Þessir nýju menn verða í Keflavík, Húsavík og Seyðisfirði og eiga þeir jafnframt að gegna tollgæzlustörfum. Næturvinnuálag er áætlað til lögreglumanna á þeim stöðum, þar sem vaktavinna er, þ. e. til allra lögreglumanna, nema á Húsavík og Seyðisfirði, og hækkar sá liður um 32 256 kr. Vegna mannafjölgunarinnar hækka einnig einkennisfatnaður og tryggingar um 22 120 kr.

k. *Hluti ríkissjóðs af lögreglukostnaði í Reykjavík.* Ríkissjóði ber að greiða ⅙ af lögreglukostnaði í kaupstöðum. Áætlað er að hluti ríkissjóðs af þessum kostnaði í Reykjavík muni verða 1850 þús. kr. og er þar um 190 þús. kr. hækkun að ræða frá fjárlögum nú.

10. Landhelgisgæzlan. Lagt er til að liðurinn hækki um 1.8 millj. kr. frá fjárlögum nú og er helzta ástæða hækkunarinnar sú að á næsta ári verður tekið í notkun björgunar- og varðskipið „Albert", en því er ætlað að hafa á hendi gæzlu fyrir Norðurlandi. Ekki er enn þá vitað um hvert leyti árs skipið geti hafið starf sitt, en hér er gert ráð fyrir 9 mánaða rekstri þess, er kosta mun um 1250 þús. kr. samkvæmt áætlun forstöðumanns landhelgisgæzlunnar. Þá er og nokkur hækkun á launaliðum, og enn fremur hækkun á fæðiskostnaði og fleiri rekstrarliðum. Að þessu athuguðu þykir ekki fært að áætla þennan lið lægri en hér er gert.

11. a. *Hegningarhúsið í Reykjavík.* Launahækkun stafar af því, að starfsmönnum hefur verið fjölgað um 2 fangaverði og eina hjúkrunarkonu. Þá hefur einnig verið fallizt á að greiða fangavörðum álag vegna næturvakta og er það áætlað 16 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 120 þús. kr. með hliðsjón af reikningi undanfarinna ára.

b. *Vinnuhælið á Litla-Hrauni.* Starfsmannahald er áætlað óbreytt, enda þótt forstjóri hælisins hafi lagt til að fjölga fangavörðum um 3. Er svo gert af þeirri ástæðu, að dómsmálaráðherra hefur sem kunnugt er skipað nefnd til að athuga ástandið í fangelsismálum og gera tillögur til úrbóta. Þykir rétt að bíða tillagna nefndarinnar áður en verulegar breytingar eru gerðar á þessum málum. Annar kostnaður hækkar um 250 þús. kr., þar eð liður þessi hefur reynzt allt of lágt áætlaður í fjárlögum undanfarið.

c. *Vinnuhælið á Kvíabryggju.* Lagt er til að rekstrartillag ríkissjóðs hækki um 70 þús. kr.

16. *Laun sjó- og verzlunardómsmanna* hækka um 20 þús. kr.

18. *Kostnaður við félagsdóm* hækkar um 6 þús. kr.

20. *Kostnaður við útgáfu lagasafns* er áætlaður á næsta ári 230 þús. kr. og er þar um lokagreiðslu að ræða. Liðurinn lækkar um 170 þús. kr. frá fjárlögum nú.
21. *Til prentunar efnisyfirlits yfir hæstaréttardóma* lækkar um 130 þús. kr.

Um 11. gr. B.

1. *Skipaskoðun ríkisins.* Fjöldi starfsmanna er óbreyttur frá fjárlögum nú. Þóknun til skipaskoðunarmanna, sem ekki eru á föstum launum, hækkar um 9 þús. kr. Ferðakostnaður hækkar um 10 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 60 þús. kr., er sumpart stafar af hækkaðri húsaleigu og sumpart af því, að liðurinn hefur reynzt of lágt áætlaður undanfarið. Tekjur eru áætlaðar 20 þús. kr. hærri en í gildandi fjárlögum.
2. *Öryggiseftirlit ríkisins.* Launin eru miðuð við einum öryggiseftirlitsmanni færra en gert er ráð fyrir í fjárlögum nú, þar eð ekki hefur tekizt að fá hæfan mann til að taka starfið að sér og ekki útlit fyrir að það takist á næstunni. Þóknun til skoðunarmanna, sem ekki taka laun úr ríkissjóði, hækkar um 5 þús. kr. og annar kostnaður hækkar um 30 þús. kr. Tekjur eru sem að undanförnu áætlaðar jafnar gjöldum.
3. *Bifreiðaeftirlit ríkisins.* Starfsmannafjöldi er óbreyttur frá fjárlögum nú, en annar kostnaður hækkar um 80 þús. kr. Tekjur eru sem að undanförnu áætlaðar jafnar gjöldum.
4. *Löggildingarstofan.* Starfsmönnum fækkar um einn eftirlitsmann og einn ritara frá því, sem gert er ráð fyrir í gildandi fjárlögum, en annar kostnaður hækkar um 60 þús. kr. og stafar sú hækkun að nokkru leyti af því að gera verður ráð fyrir aukavinnu vegna starfsmannafækkunarinnar.
Tekjuáætlunin hækkar um 35 þús. kr., þannig að rekstrarhalli er áætlaður mjög svipaður og í fjárlögum nú.
5. *Eftirlit með skipulagi bæja og sjávarþorpa.* Lagt er til að skrifstofustúlka verði ráðin að embættinu, og hækka laun af þeim sökum. Ferðakostnaður við eftirlit hækkar um 5 þús. kr. og hluti ríkissjóðs af mælingarkostnaði hækkar um 10 þús. kr. en annar kostnaður hækkar um 5 þús. kr. Þá er gert ráð fyrir nýjum lið: Kostnaður við loftmyndatöku og ætlaðar 15 þús. kr. í því skyni. Tekjur eru eins og í fjárlögum undanfarið áætlaðar jafnar gjöldum.
6. *Matvælaeftirlitið.* Kostnaður hækkar um 60 þús. kr. Stafar hækkunin að verulegu leyti af aukinni húsaleigu, en jafnframt hefur kostnaður við matvælarannsóknir, sem greiddur er af þessum lið, farið stöðugt vaxandi að undanförnu.
7. *Kostnaður við mat á afurðum.* Starfsmannafjöldi er óbreyttur frá gildandi fjárlögum. Ferðakostnaður hækkar um 45 þús. kr. til samræmis við hækkun, sem orðið hefur að undanförnu, og reikning s. l. árs. Skrifstofukostnaður hækkar um 26 þús. kr.
Áætlun síldarmatsstjóra um kostnað við síldarmatið er tekin hér upp óbreytt, en samkvæmt henni hækkar liðurinn tímakaup matsmanna um 56 þús. kr. frá fjárlögum nú. Ferðakostnaður matsmanna hækkar um 20 þús. kr.
10. *Kostnaður við öryggisráð* er nýr liður og er hér áætlaður 40 þús. kr.
11. *Kostnaður við eftirlit á vegum.* Launin eru eins og í gildandi fjárlögum miðuð við ein og hálf laun ríkislögreglubjóna í hámarki, en annar kostnaður lækkar um 66 þús. kr., þar eð fjárveiting til kaupa á bifreið fellur niður.
14. *Kostnaður við embættiseftirlitsferðir* hækkar um 10 þús. kr.

Um 11. gr. C.

1. a. *Tollstjóraembættið í Reykjavík.* Áætlunin er miðuð við að bætt verði við tveim tollriturum og þrem riturum frá því, sem heimild er fyrir nú. Tala tollafgreiðslna hefur stórlega aukizt við embættið undanfarin ár og fer afgreiðslufjöldinn enn vaxandi. Er því óhjákvæmileg nauðsyn að fjölga því fólki, er að

tollafgreiðslu starfar, til þess að hægt sé að framkvæma tollafgreiðsluna á viðunandi hátt. Þá má enn fremur benda á, að störf skrifstofunnar fara einnig að öðru leyti sívaxandi vegna örrar fólksfjölgunar í bænum, vaxandi útþenslu hans og stóraukinnar gjaldheimtu. Liðurinn: Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 20 þús. kr. og símakostnaður og burðargjöld hækka um 30 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 295 þús. kr. Liður þessi er að hálfu leyti greiðsla fyrir aukavinnu, sem undanfarin ár hefur aukizt verulega vegna hækkandi verðlags og vaxandi anna. Auk þess er liðurinn ætlaður til greiðslu á kostnaði við ritföng, prentun, bækur, bókband, skrifstofuhúsgögn, vélar og lögtaks- og innheimtubifreiðar, en allir þessir kostnaðarliðir eru nokkuð miklir hjá svo stórri skrifstofu, auk þess er svo margvíslegur annar kostnaður, sem of langt yrði upp að telja. Með tilliti til þessa þykir ekki fært að áætla liðinn lægra en hér er gert. Liðurinn: Lausavinna er sem að undanförnu miðaður við laun tveggja lögtaksfulltrúa.

b. *Tollgæzlan í Reykjavík.* Starfsmannahald óbreytt frá fjárlögum nú að öðru en því, að við er bætt launum tveggja aðstoðarmanna við vöruskoðun og póstskoðun og eru launin miðuð við lágmarkstímakaup Dagsbrúnarmanna. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 100 þús. kr. og veldur þar mestu húsaleiguhækkun í Hafnarhúsinu, þar sem tollgæzlan hefur verið til húsa mörg undanfarin ár. Símakostnaður hækkar um 5 þús. kr., en kostnaður við tollbáta, sem í fjárlögum nú er áætlaður 70 þús. kr., fellur niður, þar eð í 7. gr. laga nr. 47 frá 1956 er ákveðið að kostnaður við flutning tollgæzlumanna út í skip verði greiddur af skipinu. Liðurinn: Annar kostnaður hækkar um 350 þús. kr. Hefur þessi liður reynzt of lágt áætlaður undanfarið, en auk þess kemur til aukin aukavinna tollvarða, einkum í sambandi við vöruskoðun, og stóraukin verkefni, sérstaklega hefur flugferðum um Reykjavíkurflugvöll fjölgað mjög. Þá verður næturálag á vaktavinnu nú greitt allt árið, svo að með hliðsjón af þessu þykir ekki fært að áætla liðinn lægra en hér er gert.

2. *Tollgæzlan á Keflavíkurflugvelli.* Starfsmannahald er áætlað óbreytt frá fjárlögum nú að öðru leyti en því, að laun eins tollvarðar eru nú talin undir liðnum: Ríkislögreglan á Keflavíkurflugvelli og lækka því launin hér sem þessu nemur. Greiðsla næturálags er nýr liður, áætlaður 50 þús. kr. Einkennisfatnaður hækkar um 20 þús. kr. og annar kostnaður um 27 500 kr.

3. *Tollgæzla utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar.* Miðað er við sama fjölda tollgæzlumanna og í fjárlögum nú. Annar kostnaður hækkar um 50 þús. kr.

II. a. *Ríkisskattanefnd.* Kostnaður hækkar um 2 þús. kr.

b. *Skattstofan í Reykjavík.* Starfsmannahald óbreytt frá fjárlögum nú. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 20 þús. kr. og annar kostnaður hækkar um 30 þús. kr. Tímavinna hækkar um 100 þús. kr., enda hefur tímakaup, sérstaklega í efri launaflokkum, hækkað mikið frá því, sem áætlað var við undirbúning gildandi fjárlaga.

c. *Skattstofur utan Reykjavíkur.* Hækkar um 325 þús. kr. Tvær nýjar skattstofur hafa bætzt við síðan áætlun var gerð í gildandi fjárlögum, skattstofurnar í Keflavíkur- og Kópavogskaupstöðum. Af þessum sökum hækkar kostnaðurinn á þessum lið, auk þess sem liðurinn hefur reynzt fulllágt áætlaður undanfarið.

d. *Undirskattanefndir.* Liðurinn hækkar ekki, enda falla niður greiðslur til skattanefnda í Keflavík og Kópavogi.

e. *Yfirskattanefndir.* Liðurinn hækkar um 50 þús. kr.

f. *Millimatskostnaður* er áætlaður 510 þús. kr. og er miðað við að endurskoðun fasteignamatsins frá 1942, sem ákveðin var með lögum nr. 33 frá 1955, verði lokið á miðju ári 1957.

Um 11. gr. D.

Greinin hækkar um 75 þús. kr. með hliðsjón af reikningi.

Um 12. gr.

I. *Landlæknisembættið.* Starfsmannahald óbreytt.

II. *Héraðslæknar.* Launin eru áætluð í samræmi við lög nr. 16 frá 1955 og er gert ráð fyrir 55 héraðslæknum og aðstoðarlæknum, en það er einum aðstoðarlækni fleira en í fjárlögum nú. Einn héraðslæknir, borgarlæknirinn í Reykjavík, tekur ekki laun úr ríkissjóði.

IV. *Ríkisspítalar.* Rekstrarhalli allra ríkisspítalanna hækkar um 5 710 þús. kr. frá fjárlögum nú. Verður hér að hafa í huga það, sem drepið er á í upphafi athugasemda þessara, að er einstakar greinar frumvarps þessa eru bornar saman við gildandi fjárlög, má eigi gleyma fjárhæð þeirri, sem í 19. gr. gildandi fjárlaga er áætluð til þess að mæta kostnaði, er leiðir af setningu nýrra launalaga. En launagreiðslur eru verulegur hluti af rekstrarkostnaði ríkisspítalanna.

Þá hefur verið samþykkt að greiða ýmsu starfsfólki ríkisspítalanna álag á næturvinnu og hækka launagreiðslur af þeim sökum einnig nokkuð.

Ýmsar aðrar ástæður valda auknum rekstrarhalla ríkisspítalanna, svo sem starfsmannafjölgun, nýjar deildir, sem nú starfa allt árið, o. fl., sem skýrt verður frá hér á eftir um hvert sjúkrahús fyrir sig.

A. *Landsspítali.* Ráðgert er, að deildir þær, er komið verður fyrir á efstu hæð Landsspítalahússins, þ. e. barnadeild og viðbótardeild við handlækningadeild, starfi allt árið 1957 og er miðað við, að einum lækni verði bætt við á barnadeild. Þá er lagt til að bætt verði við einni aðstoðarstúlku á röntgendeild, en rekstur deildarinnar verður umfangsmeiri en undanfarið. Stafar það m. a. af auknum vélakosti. Enn fremur er lagt til að bætt verði við einni nuddkonu og hálfum launum símastúlku, en greiðslur til stúdenta, sem unnið hafa þessi störf undanfarið fyrir tímakaup, falli niður. Við samningu gildandi fjárlaga var gert ráð fyrir að nýju deildirnar störfuðu frá 1. júní 1956 og voru viðbótarstarfsliði vegna nýju deildanna því áætlaðir ½ hlutar launa. Nú er þessu starfsfólki ætluð laun allt árið og hækka því launagreiðslur á Landsspítalanum einnig sem þessu nemur.

Matvörur hækka um 50 þús. kr. og fjárveiting til Ljósmæðraskólans hækkar um 30 þús. kr.

Tekjuáætlun hækkar um 655 þús. kr. vegna fjölgunar legudaga.

B. *Fæðingardeild Landsspítalans.* Deildarlæknir ber nú starfsheitið yfirlæknir og tekur laun samkvæmt IV. fl. launalaga. Starfsfólki hefur verið fjölgað um eina aðstoðaryfirljósmóður. Dagleg störf og önnur varðskylda að kvöldi til, um nætur og helgar hafa verið meiri en svo, að hægt sé að ætla þau einni yfirljósmóður, og er því fallizt á þessa viðbót.

Fæðiskostnaður hækkar um 90 þús. kr. og annar kostnaður um 195 þús. kr., en tekjur eru áætlaðar óbreyttar. Af rekstrarhalla greiðir ríkissjóður ⅓ hluta.

C. *Hjúkrunarkvennaskóli Íslands.* Gert er ráð fyrir óbreyttu starfsliði, en fæðiskostnaður hækkar um 5 þús. kr. og annar kostnaður um 73 þús. kr. Tekjur af fæðissölu í skólanum eru áætlaðar 211 þús. kr. og er það nýr liður.

D. *Heilsuhælið á Vífilsstöðum.* Berklasjúklingum hefur fækkað mjög hér á landi undanfarið og þykir af þeim sökum fært að fækka starfsliði Vífilsstaðahælisins um 2 hjúkrunarkonur og 4 starfsstúlkur, en matvörur hafa reynzt of lágt áætlaðar undanfarið og hækka um 75 þús. kr.

Annar kostnaður hækkar um 150 þús. kr. og valda þar mestu um fyrirhugaðar breytingar á húsakynnum hælisins til samræmis við breyttar aðstæður. Tekjur lækka um 247 þús. kr. vegna fækkunar legudaga.

E. *Heilsuhælið á Kristnesi.* Starfsmannahald er óbreytt að öðru en því, að deildarlækni eru áætluð hálf laun nú en full í gildandi fjárlögum. Matvörur hækka um 20 þús. kr. og annar kostnaður um 43 þús. kr., en á móti hækka tekjur um 90 þús. kr.

F. *Geðveikrahælið á Kleppi.* Starfsmannahald er áætlað óbreytt. Matvörur

hækka um 100 þús. kr. og annar kostnaður um 301 þús. kr., þar af hækkun á ljósum og eldsneyti um 150 þús. kr. vegna hækkaðs verðs á kolum, en tekjur lækka um 130 þús. kr.

G. *Holdsveikraspítalinn í Kópavogi.* Starfsmannahald er áætlað óbreytt, en annar kostnaður hækkar um 18 þús. kr.

H. *Fávitahælið í Kópavogi.* Nokkrar breytingar eru fyrirhugaðar á starfsmannahaldi hælisins eftir tillögum forstöðumanns og forstöðukonu, er taka við stjórn þess á næsta ári, og að fenginni reynslu. Þannig er starfsliði fækkað um 1 hjúkrunarkonu, 3 vökukonur og 1 kennara, en bætt við 2 hjúkrunarmönnum, aðstoðarráðskonu og viðgerðarmanni, og verður þá starfsliðið einum færra eftir breytinguna. Matvörur hækka um 50 þús. kr. og annar kostnaður um 127 þús. kr., sem hvort tveggja stafar af því að bæði hús hælisins eru nú fullskipuð sjúklingum. Tekjur hækka um 188 þús. kr. vegna fjölgunar legudaga.

I. *Fávitahælið á Kleppjárnsreykjum.* Gert er ráð fyrir óbreyttu starfsliði. Matvörur hækka um 12 þús. kr. en annar kostnaður lækkar um 5 þús. kr.

J. *Blóðbankinn.* Gert er ráð fyrir óbreyttu starfsliði. Annar kostnaður lækkar um 11 þús. kr. og tekjur hækka um 55 þús. kr., þannig að rekstrarhallinn lækkar.

V. *Til berklavarna.* Legudagar berklasjúklinga eru áætlaðir 95 700 nú, en voru í gildandi fjárlögum áætlaðir 98 300 og lækkar því styrkur til berklasjúklinga um 195 þús. kr. Annar kostnaður við berklavarnir hækkar lítið eitt vegna launabreytinga, þannig að liðurinn lækkar alls um 167 þús. kr.

VI. *Ríkisframfærsla sjúkra manna og örkumla.* Liður þessi hækkar um 681 þús. kr. Vistdagar geðveikisjúklinga eru áætlaðir 128 500 eða jafnmargir og miðað var við í gildandi fjárlögum. Hækkunin á lið þessum stafar að verulegu leyti af því, að í Reykjavík tók til starfa á s. l. ári hæli fyrir drykkjusjúklinga, „Bláa bandið", sem viðurkennt er af heilbrigðisstjórn. Verður því ríkisframfærslan að greiða meðlag með þeim sjúklingum, er þar dvelja og ekki geta sjálfir greitt fyrir sig.

Liðurinn: Til drykkjusjúklinga hækkar af þessum sökum um 370 þús. kr. Þá hækka útgjöld ríkisframfærslunnar allmikið af völdum mænuveikifaraldursins á s. l. vetri, þar eð styrkir til gervilimakaupa, umbúða o. fl. hækka og legudögum fjölgar.

VII. *Rekstrarstyrkur til sjúkrahúsa* samkvæmt lögum er áætlaður 800 þús. kr. hærri en í fjárlögum nú, samkvæmt tillögu heilbrigðismálaráðuneytisins. Stafar hækkunin af tilkomu nýrra sjúkrahúsa: Bæjarspítala Reykjavíkur og hinna nýju sjúkrahúsa á Blönduósi og í Neskaupstað.

VIII. Hér er nýr liður: *Rekstrarstyrkur til St. Jósepsspítalanna í Reykjavík og Hafnarfirði* allt að 375 þús. kr. Talið er sanngjarnt að spítalar þessir njóti nokkurs ríkisstyrks og er hér gert ráð fyrir greiðslu, er nemi 5 kr. á legudag.

IX. *Styrkur til heilsuverndarstöðva* hækkar um 200 þús. kr.

X. Lagt er til að styrkur til læknisbústaða, sjúkraskýla og sjúkrahúsabygginga hækki um 700 þús. kr., og mun sízt af þeirri fjárveitingu veita, ef koma ætti til móts við allar þær kröfur, sem gerðar verða um greiðslur af þessum lið, þar eð fjöldi sjúkrahúsa er nú í byggingu og bygging annarra fyrirhuguð. Auk þess leiðir af lögum nr. 36 frá 1956 um útreikning hluta ríkissjóðs af byggingarkostnaði óhjákvæmilega aukin útgjöld fyrir ríkissjóð, en þar segir að byggingarstyrk til sjúkrahúsa skuli miða við kostnað af að reisa sjálfa bygginguna með öllu múr- og naglföstu og við lagfæringu á lóð. Með múr- og naglföstu skal telja öll meiri háttar eldunartæki og matreiðsluvélar, sem notast eiga til frambúðar í eldhúsi, meiri háttar þvottavélar í þvottahúsi, svo og, þegar um er að ræða 20 rúma sjúkrahús og stærra, aðalröntgentæki, enda sé búnaður þess við hæfi sjúkrahússins. Eru ákvæði greinar þessarar um greiðsluskyldu ríkissjóðs því nokkru víðtækari en gilt hafa til þessa.

XIV. *Embætti skólayfirlæknis* er nýr liður og miðast við laun læknisins skv. lögum og 5 þús. kr. til greiðslu á öðrum kostnaði.

Embætti þetta er stofnað samkvæmt ákvæðum XI. kafla laga nr. 34/1946. Þar segir að ráðinn skuli sérfróður læknir, skólayfirlæknir landsins, er skipuleggi og hafi yfirumsjón með heilbrigðiseftirliti í skólum svo og íþróttastarfsemi. Þetta ákvæði fræðslulaganna hefur ekki komið til framkvæmda fyrr en nú.

XVI. *Til ónæmisaðgerða.* Lagt er til að liðurinn hækki um 300 þús. kr. og er ástæðan sú, að ráðgerð er víðtæk bólusetning gegn mænusótt.

XXV. *Kostnaður vegna laga nr. 27/1945 um eyðing á rottum* hækkar um 20 þús. kr. með hliðsjón af reikningi s. l. árs.

XXIX. Hluti ríkissjóðs af launum ljósmæðra hækkar um 100 þús. kr. Hefur undanfarið reynzt of lágt áætlað.

Um 13. gr. A.

I. *Stjórn og undirbúningur vegagerða.* Starfsmannahald er óbreytt að öðru leyti en því, að bætt hefur verið við einum skjalaverði á skrifstofu, en laun mælingamanns, sem áður voru talin hér, eru nú talin undir liðnum: Til landmælinga á 15. gr. B. Annar kostnaður hækkar um 100 þús. kr., m. a. með hliðsjón af reikningi s. l. árs.

II. *Til nýrra akvega* eru nú áætlaðar 11 060 þús. kr. Er það sama fjárhæð og í frumvarpi til fjárlaga 1956, en 3 910 þús. kr. lægra en í gildandi fjárlögum. *Til viðhalds þjóðvega* er nú lagt til að veittar verði 33 millj. kr., og er það 4 millj. kr. hærra en í fjárlögum nú. Viðhald vega verður stöðugt kostnaðarsamara með hverju ári. Í fjárlögum nú eru ætlaðar 29 millj. kr. til vegaviðhaldsins og eru litlar horfur á því að sú fjárhæð nægi. Veldur mestu, að akfærir þjóðvegir lengjast ár frá ári og bifreiðafjöldinn í landinu vex. Má í þessu sambandi benda á, að árið 1949 var lengd akfærra þjóðvega 5350 km, árið 1954 6300 km, 1955 6500, á þessu ári er vegalengdin 7000 km og áætluð 7150 km á næsta ári. Á sama tíma (frá 1949) hefur bifreiðum landsmanna fjölgað úr 10 520 í 16 000. Þegar þetta hvort tveggja er haft í huga verður ljóst, að viðhaldskostnaðurinn hlýtur að hækka með hverju ári og þykir því ekki unnt að taka lægri fjárhæð í frumvarp þetta en hér er lagt til.

III. *Brúargerðir.* Liðurinn er nú áætlaður 6 500 þús. kr. Er það 1 270 þús. kr. lægra en í gildandi fjárlögum, en 1 250 þús. kr. hærra en í frumvarpi til fjárlaga fyrir yfirstandandi ár.

VI. *Til áhalda* hækkar um 504 þús. kr., er að mest öllu leyti stafar af hækkun á framlagi til kaupa á vegavinnuvélum. Hefur það framlag verið óbreytt nokkur undanfarin ár, en er nú orðið allt of lágt til þess að endurnýja og bæta vélakostinn eins og þarf.

VII. *Til sýsluvega.* Í lögum frá síðasta Alþingi, nr. 41/1956, er sýslunefndum heimilað, þar til nýtt fasteignamat hefur farið fram, að ákveða fyrir eitt ár í senn að innheimta vegaskatt til sýsluvegasjóða með allt að 70% álagi, en fram að þessu hefur heimildin verið takmörkuð við 50% álag. Búizt er við að heimild þessi verði notuð á næsta ári og hækkar þá framlag ríkissjóðs til sjóðanna í sömu hlutföllum. Af þessum sökum er framlagið til sýsluvegasjóða áætlað 400 þús. kr. hærra en í fjárlögum nú.

XI. *Til ferjuhalds.* Liðurinn hækkar um 12 þús. kr., en samkvæmt tillögu vegamálastjóra er lagt til að veittar verði á næsta ári 12 þús. kr. til kaupa á bílferju, sem notuð verður á Arnarfirði milli Bíldudals og Rafnseyrar.

XII. *Til viðhalds gistihúsa ríkisins* í Fornahvammi og Bakkaseli er lagt til að veittar verði 60 þús. kr. Er það 20 þús. kr. hærra en í fjárlögum nú. Auk þess eru á lið þessum 10 þús. kr. til skíðaskálans í Hveradölum, og er það óbreytt frá núgildandi fjárlögum.

XVI. Gjöld samkvæmt lögum um greiðslu orlofs hækka um 300 þús. kr.

Um 13. gr. B.

I. *Skipaútgerð ríkisins.* Rekstrarhalli strandferðanna er hér áætlaður 13.2 millj. kr. Er það 1.7 millj. kr. hærra en í fjárlögum nú, en nokkru lægra en áætlun forstjórans. Rekstrarhalli samkvæmt reikningi 1955 var 10.2 millj. kr., en vitað er að ýmsir rekstrarliðir verða verulega hærri á árinu 1957 en þeir voru á árinu 1955. Fyrir utan launagreiðslur má þar t. d. nefna hafnargjöld og brennsluolíur, sem hafa stórhækkað, og greiðslu framleiðslusjóðsgjalds samkvæmt lögum nr. 4 frá 1956, auk þess sem óhjákvæmileg er flokkunarviðgerð á m/s Heklu, sem áætlað er að kosta muni um 900 þús. kr. Ýmsir smærri rekstrarliðir hækka einnig nokkuð. Ekki hefur nú fremur en undanfarið verið talið fært að hækka farmgjöld og fargjöld með skipum skipaútgerðarinnar til að vega á móti óumflýjanlegum hækkunum á rekstrarútgjöldunum og hlýtur því rekstrarhallinn að aukast.

III. *Ferðaskrifstofa ríkisins.* Gert er ráð fyrir óbreyttum fjölda starfsmanna. Til landkynningar hækkar um 30 þús. kr. Tekjur hækka um 60 þús. kr. Rekstrarhallinn verður 300 þús. kr. eða 20 þús. kr. hærri en í fjárlögum nú og greiðist sem að undanförnu úr sérleyfissjóði.

Um 13. gr. C.

I. *Stjórn og undirbúningur vita- og hafnarmála.* Starfsmannahald er óbreytt frá fjárlögum nú. Aukavinnan er samningsbundin greiðsla til verkfræðinga samkvæmt kjarasamningum. Hluti af launum verkfræðinga o. fl. er sem að undanförnu færður á hafnir. Annar skrifstofukostnaður hækkar um 35 þús. kr.

II. *Laun vitavarða.* Grunnlaun vitavarða hækka um 5 þús. kr. og aukagæzla og aðstoð hækka um sömu fjárhæð.

III. *Rekstrarkostnaður vitanna* hækkar um 100 þús. kr. og rekstrarkostnaður vitaskipsins hækkar um 100 þús. kr.

IV. *Viðhald og endurbætur vitanna* hækkar um 25 þús. kr.

VI. *Til áhalda* hækkar um 450 þús. kr. Fjárveitingin hefur verið óbreytt nokkur undanfarin ár, en er nú orðin of lítil til að endurnýja og bæta áhaldakostinn.

Um 13. gr. D.

I. *Stjórn flugmála.* Laun eins fulltrúa, er áður voru talin á þessum lið, eru flutt á 13. gr. D. II. 1 — flugvallastjórn á Reykjavíkurflugvelli og laun annars fulltrúa eru flutt á flugöryggisþjónustu. Að öðru leyti er starfsmannahald óbreytt. Aukavinna hækkar um 100 þús. kr. og annar kostnaður um 150 þús. kr., en hluti af hækkun þessari er greiddur af alþjóðaflugmálastjórninni og nemur sú endurgreiðsla 370 þús. kr. eða 140 þús. kr. meira en í fjárlögum nú.

II. *Reykjavíkurflugvöllur:*

1. *Flugvallastjórn.* Liðurinn er nýr og eru hér færð laun fulltrúa þess, sem um ræðir í I. hér að framan, en hann ber nú samkv. launalögum starfsheitið flugvallarstjóri á Reykjavíkurflugvelli.

2. *Slökkviliðsdeild.* Lagt er til að starfsmönnum fjölgi um tvo sökum stóraukinnar umferðar um Reykjavíkurflugvöll. Millilandaflug er orðið mikið um völlinn, eins og kunnugt er, og þykir öryggi flugvallarins eigi fullnægjandi nema þessum mönnum sé bætt við. Álag á næturvinnu er nýr liður, 69 þús. kr. Aukavinna hækkar um 5 þús. kr. og annar kostnaður um 15 þús. kr.

3. *Sjóflughöfn.* Laun eins manns, er hér eru talin í gildandi fjárlögum, eru nú talin undir liðnum: Aðrir flugvellir og sjóflughafnir, en starfsmannafjöldi er óbreyttur að öðru leyti. Aukavinna og álag á næturvinnu eru nýir liðir, samtals 58 þús. kr.

4. *Vélaverkstæði.* Gert er ráð fyrir óbreyttum fjölda starfsmanna. Laun vélvirkja og tímakaupsmanna hækka um 50 þús. kr., efni og varahlutir hækka um 125 þús. kr., benzín og olíur hækka um 75 þús. kr. og annar kostnaður um 10 þús.

kr. Tekjur verkstæðisins hækka um 300 þús. kr., þannig að rekstrarhalli verður mjög svipaður og í fjárlögum nú.

5. *Trésmíðaverkstæði.* Samþykkt hefur verið að fastráða yfirverkstjóra og verkstjóra, og eru laun þeirra því talin sérstaklega, en liður b. lækkar að sama skapi. Áætlað er að verkstæðið standi sjálft undir rekstri sínum.

6. *Viðhald og varðveizla mannvirkja.* Laun verkamanna hækka um 200 þús. kr. og efni o. fl. um 330 þús. kr. Malbikun flugbrauta er liður, sem undanfarið hefur verið veitt fé til í fjárlögum, og er þeim framkvæmdum enn ekki lokið.

7. *Rafmagnsdeild.* Kostnaður, annar en laun, hækkar um 20 þús. kr.

III. *Keflavíkurflugvöllur:*

1. *Skrifstofukostnaður.* Gert er ráð fyrir óbreyttri tölu starfsmanna og annar kostnaður er einnig óbreyttur.

2. *Flugumsjón.* Starfsmannahald er óbreytt frá fjárlögum nú. Álag á næturvinnu og aukavinna er nýr liður, 166 200 kr., og annar kostnaður hækkar um 15 þús. kr.

3. *Flugvélaafgreiðsla.* Starfsmannahald er óbreytt frá fjárlögum nú. Álag á næturvinnu og aukavinna er nýr liður, 284 800 kr. Laun afgreiðslumanna hækka um 85 þús. kr. og annar kostnaður hækkar um 100 þús. kr. Til endurgreiðslu samkvæmt samningi koma 840 þús. kr., og er það sama fjárhæð og í fjárlögum nú.

4. *Flugvirkjadeild.* Laun flugvirkja lækka um 50 þús. kr., en efni og annar kostnaður hækkar um 100 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar jafnar gjöldum eins og í fjárlögum nú.

8. *Annar kostnaður* hækkar um 50 þús. kr.

IV. *Aðrir flugvellir og sjóflughafnir.* Lagt er til að ráðinn verði sérstakur maður til þess að sjá um viðhald og rekstur sjóflughafna og flugvalla utan Reykjavíkur og Keflavíkur. Auk launa þessa manns eru hér einnig talin laun gæzlumanns flughafna, er áður voru talin á liðnum: Sjóflughöfnin Reykjavíkurflugvelli. Annar kostnaður er áætlaður 775 þús. kr. eða svipaður og í fjárlögum nú.

V. *Flugöryggisþjónustan.* Sú breyting er gerð hér, að undir þessum lið eru nú talin laun allra þeirra manna, er starfa að flugöryggisþjónustu hvar sem er á landinu, en í fjárlögum nú er kostnaði þessum skipt á hvern flugvöll um sig. Er breyting þessi gerð samkvæmt ósk flugráðs, sem telur hana til hagræðis fyrir flugmálastjórnina. Liðurinn Framkvæmdastjórn er greiðsla launa framkvæmdastjóra flugöryggisþjónustunnar, er áður voru greidd af liðnum stjórn flugmála, sbr. hér að framan.

A. 1. Upplýsingaþjónustan er nýr liður og er þar gert ráð fyrir launum eins aðstoðarflugumferðarstjóra, auk lítils háttar annars kostnaðar. Telur flugráð þjónustu þessa manns hina mikilvægustu fyrir öryggi innanlandsflugsins og því ekki um annað að ræða en inna hana af hendi.

2. *Flugumferðarstjórn, Reykjavík.* Hér er gert ráð fyrir sama fjölda starfsmanna sem í fjárlögum nú, en laun þeirra eru þar talin undir þessum liðum: Reykjavíkurflugvöllur, lendingarstjórn; Ratsjármenn og Innanlandsflugstjórn, suðursvæði. Álag á næturvinnu og aukavinna er nýr liður, 288 þús. kr. Annar kostnaður er áætlaður 200 þús. kr. eða 58 þús. kr. hærri en í fjárlögum nú.

3. *Flugumferðarstjórn, Keflavík.* Lagt er til að bætt verði við fjórum aðstoðarflugumferðarstjórum. Þegar flugmálastjórnin tók við rekstri flugturnsins á Keflavíkurflugvelli haustið 1955 var gert ráð fyrir að nægilegt væri að auka starfsliðið um fjóra flugumferðarstjóra og fjóra aðstoðarflugumferðarstjóra eða samtals átta menn.

Að fenginni reynslu hefur það komið í ljós, að nauðsynlegt er að fjölga aðstoðarmönnum um helming. Stafar þetta af því að vaktir eru fjórskiptar og óhjákvæmilegt hefur reynzt að hafa fjóra menn á vakt í stað þriggja, sem upphaflega var gert ráð fyrir, vegna þess hve mikil umferð er um völlinn.

Á þessu ári hefur verið samið við flugumferðarstjóra um álag á næturvinnu og er liðurinn: Álag á næturvinnu og aukavinna nýr, 326 þús. kr.

Með tilliti til hins aukna kostnaðar við rekstur flugturnsins á Keflavíkurflugvelli, sem hér er gert ráð fyrir, hefur endurgreiðsla samkvæmt samningi verið áætluð 282 þús. kr. hærri en í fjárlögum nú.

4. *Flugumferðarstjórn, Akureyri.* Liðurinn svarar til: Innanlandsflugstjórn, norðursvæði, í fjárlögum nú og er gert ráð fyrir óbreyttum starfsmannafjölda. Aukavinna er nýr liður, 30 þús. kr., en annar kostnaður hækkar um 10 þús. kr.

5. *Flugumferðarstjórn, Vestmannaeyjum.* Í fjárlögum nú eru laun þeirra tveggja flugumferðarstjóra, er starfa í Vestmannaeyjum, talin undir liðnum: Rekstur fjarskiptastöðva, en eru nú færð hér sem sérstakur liður. Hér er því ekki um starfsmannafjölgun að ræða, heldur aðeins tilfærslu. Aukavinna er nýr liður, 20 þús. kr., og annar kostnaður er áætlaður 40 þús. kr.

6. *Flugumferðarstjórn, Egilsstöðum.* Lagt er til að flugumferðarstjóri, er unnið hefur að flugumferðarstjórn á Egilsstaðaflugvelli undanfarið, verði fastráðinn. Aukavinna er nýr liður, 10 þús. kr., og annar kostnaður er áætlaður 20 þús. kr.

B. Flugfjarskiptistöðvar:

Radioverkstæði, Reykjavík. Þessi starfsgrein nær yfir fjóra menn, sem voru á starfsmannaskrá 1956: 2 viðgerðarmenn (undir Keflavíkurflugvöllur — lendingarstjórn) og 2 starfsmenn fjarskiptiþjónustu, en nú er lagt til að bætt verði við einum aðstoðarmanni vegna aukinna verkefna. Efni og varahlutir eru áætlaðir 125 þús. kr. og annar kostnaður 50 þús. kr.

Radioverkstæði, Akureyri. Gert er ráð fyrir einum starfsmanni og er það óbreytt frá fjárlögum nú. Efni og varahlutir eru áætlaðir 50 þús. kr. og annar kostnaður 30 þús. kr.

Til rekstrar fjarskiptistöðvanna eru áætlaðar 150 þús. kr.

VIII. *Kostnaður við alþjóðaflugmálastofnunina og flugmálaráðstefnur.* Ferðakostnaður hækkar um 20 þús. kr. Laun þess fulltrúa, er fer með mál I. C. A. O.-deildar eru nú talin hér, en voru áður talin undir stjórn flugmála. Þá er nýr liður: Vegna ráðstefnu flugmálastjóra Evrópu í Reykjavík 1957 og er lagt til að veittar verði 75 þús. kr. í því skyni.

XI. *Loftferðaeftirlit.* Gert er ráð fyrir óbreyttum fjölda starfsmanna, en annar kostnaður hækkar um 5 þús. kr.

XII. *Alþjóðaflugþjónustan:*

1. Flugumferðarstjórn hækkar um 621 þús. kr., aðallega vegna grunnlauna- og vísitöluhækkunar.

2. Fjarskiptaþjónustan hækkar um 1 741 þús. kr. samkv. áætlun póst- og símamálastjórnarinnar, sem hefur verið tekin upp óbreytt.

3. Veðurþjónustan hækkar um 1 497 þús. kr. samkvæmt áætlun veðurstofunnar, sem tekin hefur verið upp óbreytt.

Til endurgreiðslu kemur alþjóðatillag, er nemur 88%, og er það sami hundraðshluti og í fjárlögum nú. Tekjur af flugvöllum eru áætlaðar 9.6 millj. kr. og er það 2.4 millj. kr. hærra en í gildandi fjárlögum. Einkum eru það tekjur af Keflavíkurflugvelli sem hækka, eru nú áætlaðar 8 millj. kr., en 6 í gildandi fjárlögum. Með hliðsjón af reikningi undanfarinna ára og það sem af er þessa árs er talið óhætt að áætla þær eins og gert er hér. Tekjur af Reykjavíkurflugvelli eru áætlaðar 400 þús. kr. hærri en í fjárlögum nú og veldur því hin vaxandi umferð millilandaflugvéla um flugvöllinn.

Um 14. gr. A.

I. *Biskupsembættið.* Tala starfsmanna er óbreytt frá fjárlögum nú, en skrifstofukostnaður hækkar um 5 þús. kr., ferðakostnaður um 5 þús. kr. og húsaleiga biskups hækkar um 6 þús. kr.

II. *Embætti sóknarpresta og prófasta.* Gert er ráð fyrir að öll prestaköllin, 117 að tölu, verði setin. Launagreiðslur vegna þeirra 9 prestakalla, sem nú er þjónað af nágrannaprestum, skiptast lögum samkvæmt að hálfu milli þjónandi prests og prestakallasjóðs. Samkvæmt launalögum taka prestar laun samkvæmt VII. og VIII. launaflokki, en voru áður í IX. launaflokki. Hefur verið samþykkt að 99 prestar séu í VII. launaflokki, en 18 prestar í VIII. launaflokki, en þeir prestar, sem skipaðir eru prófastar, færast upp um einn launaflokk. Prófastar eru nú 21.

Embættiskostnaður presta hækkar um 200 þús. kr. og þykir eftir atvikum ekki verða hjá þeirri hækkun komizt vegna aukins kostnaðar.

Síma- og frímerkjakostnaður presta hækkar um 35 þús. kr. Húsaleigustyrkur presta hækkar um 10 þús. kr. og prestmötuandvirði o. fl. hækkar um 30 þús. kr. Samkvæmt tillögu kirkjumálaráðuneytisins hækkar viðbót við eftirlaun fyrrv. presta og prestsekkna um 25 þús. kr., en til greiðslu á hempum presta lækkar um 50 þús. kr., þar eð fjárveiting í gildandi fjárlögum var ætluð til greiðslu þessa kostnaðar 2 undanfarin ár.

XII. *Kostnaður vegna Skálholtshátíðar 1956* fór langt fram úr því, sem hann var áætlaður í gildandi fjárlögum, og er lagt til, að veittar verði 350 þús. kr. á næsta ári til greiðslu á eftirstöðvunum.

XIV. *Til viðgerðar Hvanneyrarkirkju* er nýr liður, 50 þús. kr., tekinn upp samkvæmt tillögu kirkjumálaráðuneytisins.

Um 14. gr. B.

I. a. *Háskólinn.* Starfslið er áætlað óbreytt frá fjárlögum nú að öðru leyti en því, að nú er ekki gert ráð fyrir greiðslu launa prófessors í lífeðlis- og lífefnafræði, þar eð ekki hefur enn verið skipað í það embætti og ekki eru líkur til að svo verði gert á næsta ári. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 10 þús. kr., m. a. með hliðsjón af hækkuðu kaupi ræstingarkvenna. Liðurinn: Til stundakennslu og landmælinga hækkar um 80 þús. kr. og stafar það af hækkuðu kaupi stundakennara. Til námskeiða og heimsókna erlendra vísindamanna hækkar um 5 þús. kr., en prófkostnaður lækkar um 15 þús. kr., þar eð hann hefur reynzt of hátt áætlaður undanfarið. Íþróttakennsla hækkar um 15 þús. kr. Til stúdentaskipta, 15 þús. kr., er nýr liður, tekinn upp samkvæmt tillögu menntamálaráðuneytisins. Annar kostnaður lækkar um 5 þús. kr.

b. *Tilraunastofa háskólans á Keldum.* Annar kostnaður hækkar um 175 þús. kr. m. a. vegna þess, að samþykkt hefur verið að kaupa nýja vandaða smásjá, er greiða þarf á næstu fjórum árum. Tekjur eru áætlaðar 150 þús. kr. hærri en í fjárlögum nú, og rekstrarhalli hækkar um 172 þús. kr.

III. *Fræðslumálaskrifstofan.* Lagt er til, að bætt sé við einum fulltrúa, er taki laun samkvæmt VII. launaflokki. Að öðru leyti er starfsmannahald óbreytt frá fjárlögum nú. Annar kostnaður hækkar um 24 þús. kr.

IV. *Menntaskólinn í Reykjavík.* Samkvæmt nýju launalögunum taka yfirkennarar laun samkvæmt VI. launaflokki en aðrir kennarar samkv. VII. launaflokki eins og áður var. Tala kennara er óbreytt frá fjárlögum nú og eru yfirkennarar 9, en aðrir kennarar 10. Stundakennsla hækkar um 39 þús. kr., sem stafar af vísitöluhækkun og því, að einn kennari fær 5 mánaða orlof á næsta ári. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 15 þús. kr. og viðhald húsa og áhalda um 25 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 10 þús. kr.

V. *Menntaskólinn á Akureyri.* Kennarar eru jafnmargir og í fjárlögum nú, yfirkennarar 4, er taka laun samkvæmt VI. flokki launalaga. Stundakennsla hækkar um 30 þús. kr. og stafar sú hækkun einvörðungu af hækkuðu kaupi stundakennara. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 10 þús. kr. Viðhald húsa og áhalda hækkar um 30 þús. kr. m. a. vegna þess að breyta þarf heimavistarherbergjum í gamla skólanum í kennslustofur til aukningar kennsluhúsnæðis, sem nú er ónógt. Annar kostnaður hækkar um 3 þús. kr. Á fjárlögunum nú eru veittar 20 þús. kr.

til þess að kaupa handrit Sigurðar heitins Guðmundssonar skólameistara af sögu Möðruvallaskóla. Skólameistari Menntaskólans á Akureyri fer nú fram á 50 þús. kr. fjárveitingu til að gefa söguna út og er hér lagt til að sú fjárhæð verði veitt. Hækkar því liðurinn um 30 þús. kr.

VI. *Menntaskólinn á Laugarvatni.* Tala kennara er óbreytt. Stundakennsla hækkar um 75 þús. kr., sem að nokkru leyti stafar af kauphækkunum, en að nokkru af því, að í ráði er að einn kennaranna fái ársleyfi frá störfum. Húsnæði, ljós, hiti og ræsting hækkar um 2 þús. kr. og námsferðir um 1 þús. kr.

VII. *Kennaraskólinn.* Tala kennara er óbreytt að öðru leyti en því, að laun eins kennara, sem undanfarið hafa verið greidd af skólanum að hálfu, falla nú alveg niður hér, þar eð kennarinn hefur tekið við námsstjórastarfi og fær laun sín greidd af þeim lið. Stundakennsla hækkar um 20 þús. kr. og viðhald húsa og áhalda um 5 þús. kr. Húsnæði utan skólans hækkar um 15 þús. kr., er m. a. stafar af því, að skólanum hefur verið sagt upp hluta af húsnæði, er hann hefur haft, og verður að taka á leigu dýrara húsnæði í staðinn. Annar kostnaður hækkar um 10 þús. kr., en kostnaður við handíðadeild hækkar um 62 þús. kr. og valda launabreytingar þar mestu.

VIII. *Stýrimannaskólinn.* Kennurum fjölgar um einn frá því, sem gert var ráð fyrir í fjárlögum nú. Stundakennsla og prófkostnaður lækkar, þar eð föstum kennurum fjölgar, en í ráði er að halda fleiri próf í skólanum á næsta ári en gert hefur verið undanfarið, þannig að lækkunin verður aðeins um 5 þús. kr. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 10 þús. kr. og annar kostnaður um 5 þús. kr.

IX. *Vélskólinn.* Fjöldi starfsmanna er áætlaður hinn sami og í fjárlögum nú. Til verklegrar kennslu hækkar um 10 þús. kr. og hiti, ljós og ræsting hækkar um 20 þús. kr. Samkvæmt tillögu menntamálaráðuneytisins eru teknir upp 2 nýir liðir: Til kaupa á nýjum kennsluvélum 175 þús. kr. og verður það fyrri greiðsla, og til greiðslu á dieselvél 27 þús. kr. Skólinn er nú illa búinn tækjum til kennslu í meðferð og notkun ýmiss konar véla og er talið að við svo búið megi ekki standa og því farið fram á þessar fjárveitingar hér.

X. *Sjómannaskólahúsið.* Kostnaður hækkar um 76 þús. kr. og tekjur hækka um 73 þús. kr.

XI. *Búnaðarkennsla:*

1. *Bændaskólinn á Hólum.* Hiti, ljós og ræsting hækkar um 20 þús. kr. og framlag til viðhalds húsa hækkar um 15 þús. kr.

Til viðhalds og endurbóta á leikfimishúsi hækkar um 45 þús. kr. Þá er lagt til samkvæmt tillögu landbúnaðarráðuneytisins að veittar verði 50 þús. kr. til að minnast 75 ára afmælis skólans á næsta ári.

2. *Bændaskólinn á Hvanneyri.* Til verklegs náms hækkar um 10 þús. kr. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 10 þús. kr. og framlag til tilrauna hækkar um 40 þús. kr. og er þá miðað við, að einn fastur starfsmaður vinni að tilraununum allt árið. Þá er lagt til, að liðurinn: Til viðhalds hækki um 25 þús. kr., verði 175 þús. kr. á næsta ári. Byggingar eru miklar á Hvanneyri og sumar gamlar orðnar, er því viðhald þeirra allfjárfrekt. Tillag til framhaldsdeildar hækkar um 35 þús. kr. og annar kostnaður hækkar um 10 þús. kr.

3. *Garðyrkjuskólinn á Reykjum.* Hiti, ljós og ræsting hækkar um 5 þús. kr., viðhald skólahúsa um 5 þús. kr. og annar kostnaður um 5 þús. kr.

XII. *Iðnfræðsla.* Liðurinn hækkar um 319 þús. kr. Í gildandi fjárlögum er kostnaður við iðnfræðsluna talinn undir einum lið, en nú er í fyrsta skipti, síðan nýju iðnfræðslulögin tóku gildi, greint á milli launa fastra kennara og annars kostnaðar. Gert er ráð fyrir 14 föstum kennurum og skólastjórum er starfi við iðnskólana í Reykjavík, Akureyri, Akranesi, Hafnarfirði og Selfossi.

Hluti ríkissjóðs af öðrum rekstrarkostnaði er áætlaður 1082 þús. kr.

XIV. *Almenn barnafræðsla.* Laun kennara í föstum skólum og laun farkennara hækka samtals um 9126 þús. kr. Með nýju launalögunum urðu miklar hækk-

anir á launum kennara. Auk hinnar almennu grunnkaupshækkunar voru kennarar hækkaðir úr X. í IX. launaflokk og reglum um launafrádrátt vegna stytttingar kennslutíma breytt á þann veg, að 1/12 hluti er nú dreginn frá fyrir hvern mánuð, sem skemur er kennt en 9 mánuði á ári, í stað 1/9 hluta áður. Er því hlutur barnakennara í óskiptri fjárhæð á 19. gr. 4 fjárlaga 1956 hlutfallslega mikill og hefur verið áætlaður um 5.5 millj. kr. Hér er gert ráð fyrir 624 föstum kennurum og er það fjölgun um 62 frá því, sem áætlað er í gildandi fjárlögum, en áætlun kennslumálaráðuneytisins um kennarafjölda á yfirstandandi ári hefur reynzt allt of lág, lögboðinn kennarafjöldi hefur reynzt meiri en áætlað var, þannig að á starfsmannaskrá er 21 kennara fleira en í áætluninni. Farkennurum fækkar um 6 og föstum kennurum fjölgar að sama skapi af þeim sökum. Þá er bætt við 35 nýjum kennurum og stafar sú viðbót, auk nemendafjölgunarinnar í skólum landsins, af því, að kennarar, er fengið hafa fyrirheit um orlof með fullum launum, eru á næsta skólaári fleiri en nokkru sinni fyrr eða 16 talsins. Þá leiðir af ákvæðum reglugerðar, sem menntamálaráðuneytið setti hinn 13. júlí s. l. um afslátt á kennsluskyldu vegna aldurs, að bæta þarf við 10 kennurum á föstum launum.

Til framkvæmdar sundskyldu í barnaskólum er áætluð 114 þús. kr. hærri fjárhæð en í fjárlögum nú, og stafar hækkunin af fjölgun nemenda. Styrkur til byggingar barnaskóla og íbúða fyrir skólastjóra er áætlaður 5 millj. kr. Er það 850 þús. kr. hærra en í frumvarpi til fjárlaga 1956, en 1405 þús. kr. lægra en í fjárlögum nú. Grunnlaun ráðskvenna við heimavistarskóla hækka um 54 þús. kr., að mestu til samræmis við grunnkaupshækkun nýju launalaganna, en jafnframt er bætt við sem svarar launum 5 nýrra ráðskvenna.

Endurgreiðsla á 1/4 hluta rekstrarkostnaðar barnaskólanna hækkar um 850 þús. kr., er leiðir, auk vísitöluhækkunarinnar, af nýjum reglum, er settar voru um þessi mál á s. l. vori, svo sem því, að greitt er fyrir umsjónarstörf í heimavistarskólunum, skólastjórum við tví- og þrískipaða skóla er greidd þóknun og ríkissjóði er áætlað hærra hlutfall í viðhaldskostnaði skólanna en áður var. Alls hækkar þessi liður um 8.3 millj. kr. samanborið við 14. gr. B. gildandi fjárlaga, en þá ber sem fyrr segir að draga frá því um 5.5 millj. kr. af 19. gr. 4 fjárlaga 1956, þannig að raunveruleg hækkun verður um 2.8 millj. kr.

XV. *Gagnfræðamenntun:*

1. *Til alþýðuskólans á Eiðum.* Til verklegs náms og aukakennslu hækkar um 20 þús. kr. Til endurbóta á skólahúsi er nýr liður, 75 þús. kr., óhjákvæmilegur að dómi kunnáttumanna.

2. *Til héraðs- og gagnfræðaskóla.* Á starfsmannaskrá nú er 3 kennurum fleira en í áætlun gildandi fjárlaga. Gert er ráð fyrir 25 nýjum kennurum vegna nemendafjölgunar, orlofs kennara og afsláttar á kennsluskyldu við 55 og 60 ára aldur í samræmi við ákvæði reglugerðar frá 13. júlí s. l. Þannig eru kennarar og skólastjórar við héraðs- og gagnfræðaskóla taldir 28 fleiri en í gildandi fjárlögum eða 239. Hluti ríkissjóðs af öðrum rekstrarkostnaði hækkar um 955 þús. kr. og stafar af sömu ástæðum og valda hækkun á samsvarandi lið vegna barnaskólanna og áður eru greindar. Styrkur til byggingar gagnfræða- og héraðsskóla er áætlaður 2200 þús. kr. Er það 200 þús. kr. hærra en í frumvarpi til fjárlaga 1956, en 345 þús. kr. lægra en í fjárlögum nú.

XVII. *Húsmæðrafræðsla:*

1. *Húsmæðraskólar.* Gert er ráð fyrir 1 skólastjóra og 4 kennurum fleira en í fjárlögum nú, er stafar af því, að í ráði er að húsmæðraskólarnir á Akureyri og Staðarfelli taki til starfa að nýju. Laun húsmæðrakennara hækkuðu um einn launaflokk með nýju launalögunum og stafar nokkur hluti mismunar á greininni samanborið við gildandi fjárlög af þeim sökum. Hluti ríkissjóðs í öðrum rekstrarkostnaði hækkar um 215 þús. kr. af svipuðum ástæðum og greindar eru um rekstrarstyrk barnaskólanna.

2. *Til byggingar húsmæðraskóla* eru ætlaðar 840 þús. kr.

3. *Húsmæðraskennaraskólinn.* Sökum skorts á húsnæði hefur menntamálaráðuneytið ákveðið, að skólinn starfi ekki veturinn 1956—57, en talið er rétt að fjárveiting til skólans standi í næstu fjárlögum, ef hann kynni að taka aftur til starfa á árinu og einnig vegna þess, að hinir tveir föstu starfsmenn skólans — skólastjóri og kennari — þurfa að sjálfsögðu að halda launum sínum þótt svona hafi skipazt. Er því liður þessi verulega lægri en í fjárlögum nú.

XVIII. *Íþróttamál.*

1. *Íþróttakennaraskóli Íslands.* Stundakennsla hækkar um 8 þús. kr. og til námskeiða hækkar um 5 þús. kr. Liðurinn íþróttatæki hækkar um 7 þús. kr., ræsting um 1 þús. kr. og annar kostnaður hækkar um 5 þús. kr.

9. *Til ferðakennslu í íþróttum* hækkar um 10 þús. kr. og er þá gert ráð fyrir að bæta við nokkurri skíðakennslu.

Liðurinn: Til undirbúnings vegna þátttöku Íslendinga í Olympíuleikum 1956, 100 þús. kr., fellur niður.

XX. *Til matsveina- og veitingaþjónaskóla* hækkar um 130 þús. kr.

XXIII. *Til Kristjáns Geirmundssonar* til að setja upp fugla fyrir náttúrugripasafnið og skóla hækkar um 5500 kr.

XXIX. *Til rannsókna á þroskastigi skólabarna.* Útgáfukostnaður lækkar um 22 600 kr.

XXXIII. *Til lektora í íslenzku við erlenda* háskóla hækkar um 30 þús. kr. og er þá gert ráð fyrir að auk lektoranna í Oslo og Edinborg verði lektor í London, Þýzkalandi og Bandaríkjunum.

XXXIV. *Styrkur til starfsemi K. F. U. M. í Vatnaskógi* er nýr liður, 25 þús. kr.

XXXV. *Til Þjóðdansafélagsins* er nýr liður, 7500 kr.

XXXVI. *Námsstjórar barna-, gagnfræða- og húsmæðraskóla.* Sú breyting er gerð frá gildandi fjárlögum að námsstjórarnir eru hér sameinaðir undir einn lið. Gert er ráð fyrir greiðslu á hálfum námsstjóralaunum umfram fjárlög nú, en laun þess námsstjóra voru áður að hálfu greidd af fjárveitingu til kennaraskólans. Þá eru laun forstöðumanns endurskoðunar skólakostnaðar ekki talin hér eins og undanfarið, en gert er ráð fyrir námsstjóra í hans stað. Hér er því fjölgun er svarar einum og hálfum námsstjóra. Annar kostnaður er áætlaður 225 þús. kr.

XXXVII. *Endurskoðun skólakostnaðar* er áætlað að kosti á næsta ári 328 þús. kr. og er það 132 þús. kr. hærra en í fjárlögum nú. Stafar hækkunin m. a. af því að laun forstöðumanns voru áður talin með launum námsstjóra, en eru nú talin hér. Þá er gert ráð fyrir nokkuð auknum kostnaði sakir aukinna verkefna.

XXXVIII. *Til ríkisútgáfu námsbóka* er nýr liður, 700 þús. kr. Á síðasta Alþingi voru sett ný lög (nr. 51/1956) um ríkisútgáfu námsbóka. Samkvæmt þeim ber að sjá þeim, sem stunda skyldunám, þ. e. nemendum 7—15 ára í barna- og unglingaskólum, fyrir ókeypis kennslubókum í þeim greinum, sem kenndar eru. Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist skv. 7. gr. þeirra að ⅓ hluta úr ríkissjóði og að ⅔ hlutum af sérstöku námsbókagjaldi, sem lagt skal á hvern þann, sem hefur á framfæri sínu eitt eða fleiri börn við skyldunám. Alþingi ákveður hverju sinni í fjárlögum framlag ríkissjóðs og námsbókagjald, hvort tveggja með hliðsjón af kostnaði við útgáfuna næsta ár á undan og fyrirhuguðum framkvæmdum á fjárhagsárinu. Samkvæmt lögum, sem áður giltu, nr. 82/1936 og nr. 10/1951, var skylt að sjá börnum í barnaskólum fyrir námsbókum, en með nýju lögunum er sú breyting gerð að sjá skal fyrir ókeypis bókum til loka skyldunámsins.

Um 15. gr. A.

I. *Landsbókasafnið.* Laun hækka sem svarar hálfum launum bókavarðar, auk grunnlauna- og verðlagsuppbótarhækkunar. Til bóka-, tímarita- og handritakaupa og bókbands hækkar um 95 þús. kr., þar eð laun starfsfólks við bókband hækka og fjárveitingin undanfarið hefur ekki nægt nema til mjög takmarkaðra bókakaupa. Tillag til samningar og prentunar íslenzkrar bókaskrár hækkar um 5 þús. kr. og

annar kostnaður hækkar um 10 þús. kr. Þá er lagt til að tekinn verði upp nýr liður: Til kaupa á bókbandsverkfærum, 50 þús. kr. Bókbandstæki Landsbókasafnsins eru mjög úr sér gengin og slitin, enda frá árinu 1908, þegar bókbandsstofan tók til starfa. Viðgerð tækjanna mundi verða það kostnaðarsöm að áliti kunnáttumanna, að hagkvæmara er að festa kaup á nýjum tækjum, sem áætlað er að kosta muni um 100 þús. kr., þannig að áætlað er að veita þurfi til viðbótar svipaða fjárhæð á árinu 1958.

II. *Þjóðskjalasafnið.* Laun hækka sem svarar hálfum launum skjalavarðar, auk grunnlauna- og verðlagsuppbótarhækkunar. Til bókbands, bóka- og handritakaupa og umbúnaðar skjala hækkar um 7 þús. kr., og ýmisleg útgjöld um 2 þús. kr. Nýr er liðurinn: Til skráningar Íslendinga til stuðnings mannfræði- og ættfræðirannsóknum samkvæmt lögum frá síðasta Alþingi. Er liðurinn hér áætlaður 55 730 kr. og þá miðaður við laun æviskrárritara auk 5 þús. kr. til greiðslu annars kostnaðar.

III. *Þjóðminjasafnið.* Til aðstoðar, tímavinnu o. fl. hækkar um 5 þús. kr. og rannsókna- og ferðakostnaður hækkar um 3 þús. kr. Enda þótt uppsetningu þjóðminjasafns sé nú lokið að því leyti, að búið er að ganga frá öllu í sýningarsölunum, hefur þjóðminjavörður mjög eindregið óskað þess, að fé til uppsetningarinnar verði veitt á næsta ári, þar eð í geymslum, vinnustofum og bókaherbergjum sé margt ógert, og er því lagt til að veittar verði 30 þús. kr. í þessu skyni. Þá er samkvæmt tillögu menntamálaráðuneytisins lagt til að liðurinn: Til viðhalds gamalla bygginga hækki um 125 þús. kr. Er ástæða hækkunar þessarar sú, að á næsta ári muni koma í umsjá þjóðminjavarðar nokkrar gamlar byggingar til viðbótar, svo sem Saurbæjarkirkja í Eyjafirði, og svo hitt, að hraða þarf meir en unnt hefur verið til þessa viðgerð þeirra húsa, sem þegar eru á fornleifaskrá, svo sem gömlu bæjarhúsanna í Laufási í Þingeyjarsýslu. Enn fremur er tekinn upp nýr liður: Til þess að gera kvikmyndaþætti af merkum mönnum og atburðum, 20 þús. kr. Er ætlazt til að myndirnar verði eign þjóðminjasafnsins og gerðar að þess fyrirsögn.

IV. *Listasafn ríkisins.* Kostnaður, annar en laun, hækkar um 29 þús. kr. Er þá miðað við að aukagæzla verði keypt að safninu þegar þurfa þykir og hægt verði að verja nokkru fé til viðgerðar listaverka, er þess þarfnast.

V. *Náttúrugripasafnið.* Starfsmannahald er áætlað óbreytt. Til kaupa á náttúrugripum og uppsetningar dýra hækkar um 3 þús. kr. og rannsókna- og ferðakostnaður hækkar um 5 þús. kr. Til útgáfustarfsemi hækkar um 13 þús. kr. Liður þessi hefur verið í fjárlögum undanfarið 12 þús. kr., en sú fjárhæð hefur hrokkið skammt til útgáfu vísindaritgerða og þykir því sanngjarnt að hækka liðinn svo sem hér er lagt til. Ýmis gjöld hækka um 5 þús. kr., en liðirnir: Til bifreiðakaupa, 60 þús. kr., og Til greiðslu kostnaðar við rannsóknarför til Grænlands, 12 500 kr., falla niður.

VI. *Til náttúrugripasafns Akureyrar* hækkar um 5 þús. kr.

VIII. *Safnahúsið.* Til hita, ljósa og opinberra gjalda hækkar um 10 þús. kr. Til viðhalds, áhalda og ræstingar hækkar um 10 þús. kr. og ýmis gjöld hækka um 8 þús. kr. Til girðingar um lóð safnsins eru veittar 100 þús. kr. í gildandi fjárlögum. Sú fjárveiting hefur ekki verið notuð og fellur nú niður, en í þess stað er lagt til að veittar verði 100 þús. kr. á næsta ári til endurnýjunar á rafleiðslum og ljósaútbúnaði í safnahúsinu, þar eð mikil nauðsyn er talin á lagfæringu og endurnýjun þeirra hluta.

IX. *Framlög til bókasafna* hækka um 80 þús. kr., er stafar af fólksfjölgun í bæjum og kauptúnum.

X. *Styrkir til bókaútgáfu o. fl.* Nokkrir liðir, sem eru í fjárlögum nú, falla niður, en þessar nýjar fjárveitingar koma í staðinn: Til dr. Steingríms Þorsteinssonar, til ritstarfa, 8 þús. kr., styrkur til að gefa út erindi flutt á víkingafundinum í Reykjavík 1956, 20 þús. kr., og styrkur til að gefa út doktorsritgerð Gunn-

laugs Þórðarsonar á frakknesku, 15 þús. kr. Alls hækkar liður þessi um 4 þús. kr. frá fjárlögum nú.

XXIII. *Til Steindórs Steindórssonar, til grasafræðirannsókna,* er nýr liður, 8 þús. kr.

XXVIII. Til *Ragnars Björnssonar, til náms í hljómsveitarstjórn,* er nýr liður, 8 þús. kr.

Um 15. gr. B.

I. *Atvinnudeild háskólans:*

1. *Iðnaðardeild.* Gert er ráð fyrir óbreyttu starfsliði að öðru en því, að einum sérfræðingi sé bætt við, er aðallega starfi að byggingarefnarannsóknum, en eftirspurn eftir þeim rannsóknum hefur aukizt mjög upp á síðkastið.

Annar kostnaður við deildina hækkar um 40 þús. kr. Tekjur af rannsóknum eru áætlaðar 415 þús. kr. og er þar höfð hliðsjón af tekjum s. l. árs, en áætlun þessi er 75 þús. kr. hærri en í fjárlögum nú.

2. *Fiskideild.* Lagt er til, að ráðinn verði að deildinni einn nýr sérfræðingur, er starfi að rannsóknum á plöntusvifi í fjóra mánuði á næsta ári. Annar kostnaður hækkar um 60 þús. kr.

3. *Landbúnaðardeild.* Lagt er til, að ráðinn verði að deildinni einn nýr sérfræðingur, er starfi að búfjárræktartilraunum, og er ráðgert að hann taki til starfa 1. maí 1957. Annar kostnaður hækkar um 35 þús. kr. Gróðurkortagerð afréttarlanda er nýr liður, 45 þús. kr., en framlag til kortlagningar jarðvegs lækkar um 30 þús. kr.

Halli á fjárræktarbúinu á Hesti hækkar nokkuð, þar eð gert er ráð fyrir greiðslu heimtaugargjalds rafmagns frá Andakílsvirkjun á næsta ári og eru ætlaðar 60 þús. kr. í því skyni. Halli á tilraunabúinu á Varmá hækkar lítils háttar.

4. *Sameiginlegur kostnaður.* Starfsmannahald er áætlað óbreytt, en laun eins ritara á skrifstofu eru í gildandi fjárlögum talin til Iðnaðardeildar, en nú eru launin talin hér. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 30 þús. kr. Húsaleiga hækkar um 73 þús. kr. Veldur því mikil hækkun á húsaleigu í Borgartúni 7, en þar hefur Atvinnudeildin húsnæði á leigu. Annar kostnaður hækkar um 25 þús. kr. Stafar sú hækkun að mestu af því að festa þarf kaup á gasgeymum og breyta gasleiðslum, en það leiðir af því, að rekstur Gasstöðvarinnar í Reykjavík hefur verið lagður niður.

II. *Rannsóknarstofa Háskólans.* Launahækkun stafar af því, að gert er ráð fyrir að ráðinn verði læknir að stofnuninni í stað aðstoðarmanns. Að öðru leyti er fjöldi starfsmanna óbreyttur. Annar kostnaður hækkar um 162 þús. kr. m. a. með hliðsjón af reikningi s. l. árs, en tekjur hækka um 205 þús. kr. Veldur því vaxandi sala á lyfjum frá stofnuninni einkum bráðapestarbóluefni og vítamínum.

III. *Rannsóknarráð.* Kostnaðarliðir eru óbreyttir að öðru leyti en því, að liðurinn: Til sýningar um friðsamlega notkun kjarnorku, 15 þús. kr., fellur niður, en upp er tekin fjárveiting til greiðslu á kostnaði vegna þátttöku Íslands í hinu alþjóðlega jarðeðlisfræðiári 25 þús. kr.

IV. *Veðurstofa Íslands.* Gert er ráð fyrir að bæta við einum aðstoðarmanni í veðurspádeild, og eru ástæður þær að gera á tilraunir um veðurspár fyrir 2—3 sólarhringa og einnig veðurspár fyrir Grænlandsmið, auk þess sem vaxandi flugumferð krefst meiri vinnu af veðurstofunni. Laun veðurathugunarmanna utan Reykjavíkur hækka um 57 þús. kr., þar eð samþykkt hefur verið að veita athugunarmönnum 10% launauppbót til samræmis við hækkun þá, er starfsmenn ríkisins fengu með setningu nýju launalaganna. Þá hefur einni veðurathuganastöð, Máná á Tjörnesi, verið bætt við og einnig er gert ráð fyrir úrkomumælingum á fáeinum nýjum stöðum samkvæmt ósk Raforkumálastjórnarinnar.

Liðurinn: Aukavinna hækkar um 200 þús. kr. Þessi liður hefur undanfarið

reynzt of lágt áætlaður í fjárlögum og er því hækkaður hér að nokkru leyti til samræmis við reikning stofnunarinnar s. l. ár. En auk þessa veldur hækkun á liðnum álag á næturvinnu og lenging orlofs fastráðinna starfsmanna, sem óhjákvæmilega leiðir af sér aukna yfirvinnu og vinnu lausráðins starfsfólks hjá stofnun eins og þessari, þar sem vinna má ekki falla niður allan sólarhringinn.

Greiðsla til landssímans og ríkisútvarpsins vegna sendinga veðurskeyta og útvarps veðurfregna hækkar um 45 þús. kr., þar eð gjald landssímans fyrir skeytasendingar hefur hækkað frá því, sem það var við undirbúning gildandi fjárlaga. Til áhaldakaupa o. fl. hækkar um 50 þús. kr. m. a. með hliðsjón af prentun eldri árganga tímaritsins Veðráttan, er hefur að geyma ýmsar upplýsingar og skýrslur um veðurfar í landinu. Húsaleiga, ljós, hiti og akstur hækkar um 25 þús. kr. og eftirlit með veðurathugunarstöðvum hækkar um 8 þús. kr. Þá hækkar liðurinn: Úrkomumælingar á fjöllum um 4 þús. kr., en til jarðskjálftamælinga lækkar um 50 þús. kr., þar eð niður fellur fjárveiting til kaupa á nýjum jarðskjálftamæli. Kostnaður vegna alþjóða jarðeðlisfræðiársins, er hefst 1. júlí 1957, hækkar um 50 þús. kr., en talsvert af því starfi, sem nauðsynlega þarf að vinna hér á landi í því sambandi, fellur í hlut veðurstofunnar, og er talið að eigi verði komizt af með lægri fjárhæð til þeirra hluta en hér er lagt til.

2. *Veðurþjónusta vegna millilandaflugs.* Laun eins aðstoðarmanns á Reykjavíkurflugvelli eru eins og að undanförnu talin undir þessum lið. Ráðuneytið hefur tekið áætlun veðurstofustjóra óbreytta í frumvarpið, þar eð hún er í samræmi við áætlun þá, er send er Alþjóðaflugmálastofnuninni.

V. *Framlag til landmælinga* hækkar um 67 284 kr. eða laun mælingamanns, er áður voru greidd af vegamálaskrifstofu, en eru nú talin hér samkvæmt tillögu samgöngumálaráðuneytisins.

VI. *Til Jöklarannsóknarfélags Íslands* hækkar um 14 þús. kr. Valda því ýmisleg verkefni, er félagið hefur fengið til úrlausnar í sambandi við alþjóða jarðeðlisfræðiárið.

VIII. *Húsameistari ríkisins.* Starfsmannafjöldi er óbreyttur frá fjárlögum nú, en annar kostnaður hækkar um 30 þús. kr.

X. Samkvæmt tillögu atvinnumálaráðuneytisins er hér tekinn upp nýr liður: Til framlags Íslands til norrænnar rannsóknarstöðvar í fræðilegum atómvísindum, 15 775 kr.

Um 16. gr. A.

1. *Til Búnaðarfélags Íslands.* Liðurinn hækkar um 175 þús. kr. og er sú hækkun að mestu fólgin í auknum launagreiðslum til starfsfólks í samræmi við ný launalög og hækkaða vísitölu.

2. *Til kynnisferða bænda* hækkar um 5 þús. kr.

3. *Til eftirlits og leiðbeininga um eyðingu refa og minka* hækkar um 5 þús. kr.

4. *Til búreikningaskrifstofu* hækkar um 4 þús. kr.

5. *Gjöld samkvæmt jarðræktarlögum.* Lögboðinn hluti af kaupi héraðsráðunauta hækkar um 50 þús. kr. Búizt er við að jarðræktarframkvæmdir 1956 verði meiri en á árinu 1955, þar eð framkvæmdir byrjuðu heldur fyrr. Auk þess hefur vísitala áhrif á framlögin. Af þessum sökum hafa liðirnir verið hækkaðir frá fjárlögum nú, jarðræktarframlög um 1 millj. kr. og framlög til framræslu um 1300 þús. kr. Þá hækka útgjöld samkvæmt III. kafla jarðræktarlaganna um samtals 160 þús. kr., að nokkru vegna hækkaðrar vísitölu, en jafnframt vegna almennra hækkana á ýmsum kostnaðarliðum.

6. *Kostnaður við athuganir og mælingar* samkv. 5. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum hækkar um 25 þús. kr. Liðurinn er mestmegnis laun mælingarmanna og hækkar því í hlutfalli við launabreytingar almennt.

7. *Til verkfæranefndar ríkisins* hækkar um 15 þús. kr.

9. *Til búfjárræktar* samkvæmt lögum nr. 19/1948 hækkar um 122 þús. kr.

Stafar hækkunin fyrst og fremst af aukinni þátttöku í nautgripa- og sauðfjárræktarfélögum, en einnig að nokkru af launahækkun héraðsráðunauta í búfjárrækt.

11. *Framlag til tilraunaráðs búfjárræktar* hækkar um 25 þús. kr.

12. *Til jarðræktartilrauna.* Rekstrarkostnaður tilraunastöðvanna hækkar um 170 þús. kr., en stofnkostnaður er óbreyttur frá fjárlögum undanfarið. Samkvæmt tillögu landbúnaðarráðuneytisins hefur verið tekinn upp nýr liður: Til útgáfustarfsemi tilraunaskýrslna, 40 þús. kr. Enn fremur hefur sama ráðuneyti lagt til að ætlaðar verði á fjárlögum næsta árs 46 þús. kr. til kaupa á landi til áveitutilrauna og hafa samningar þegar tekizt um kaup á svonefndri Sölvholtsspildu í Flóa í því skyni.

13. *Til þess að koma upp sýningarreitum í jarðrækt* lækkar um 250 þús. kr.

15. *Framlag samkvæmt lögum um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum* hækkar um 1 millj. kr. Í fyrstu grein laga nr. 50/1946 er ákveðið, að greiðslu á 1 millj. kr. af framlagi ríkissjóðs 1948, samkv. 2. málsgr. 4. gr. laga nr. 35/1948, skuli fresta til ársins 1957.

18. *Til fyrirhleðslu í Þverá og Markarfljóti* lækkar um 100 þús. kr., þar eð skemmdir á fyrri hleðslugörðum hafa verið með minna móti á þessu ári.

20. *Fyrirhleðslur.* a. *Steinavötn í Suðursveit.* Framlag lækkar um 50 þús. kr. Talið er að til þess að fullgera varnargarð þann, sem byrjað var að byggja á árinu 1955, vanti um 70 þús. kr., og er lagt til, að sú fjárhæð verði veitt.

d. *Laxá í Nesjahreppi.* Talið er að 200 þús. kr. vanti til að fullgera þær framkvæmdir, sem byrjað hefur verið á. Vegamálastjóri leggur til að því framlagi verði skipt á 2 ár og er svo einnig gert hér. Hækkar því liðurinn um 15 þús. kr.

f. *Héraðsvötn hjá Arnarbergi.* Fjárveiting til þessarar fyrirhleðslu hefur ekki verið í fjárlögum síðan 1953, þá voru 70 þús. kr. ætlaðar til hennar. Talið er að á næsta sumri muni óhjákvæmilegt nokkurt viðhald á varnargarðinum, sem er nær 700 metra langur. Er því lagt til að upp verði tekin 35 þús. kr. fjárveiting hér.

25. *Til landþurrkunar í Vestur-Landeyjum* hækkar um 20 þús. kr.

27. *Sandgræðslan.* Gert er ráð fyrir óbreyttum fjölda starfsmanna að öðru leyti en því, að launum tveggja umsjónarmanna er bætt við. Tillag til sandgræðslustöðva hækkar um 50 þús. kr. og til nýrra sandgræðslugirðinga hækkar um 30 þús. kr., hvort tveggja vegna almennra launahækkana. Annar kostnaður hækkar um 5 þús. kr., en liðurinn: Til greiðslu skuldar við Framleiðsluráð landbúnaðarins, 53 þús. kr., fellur niður.

30. *Skógræktin.* Starfsmannahald er óbreytt frá fjárlögum nú, en skrifstofukostnaður hækkar um 30 þús. kr. og er þar eins og undanfarið gert ráð fyrir launum skrifstofustúlku. Til skóggræðslu hækkar um 100 þús. kr. og til plöntuuppeldis hækkar um 150 þús. kr., og er þeim hækkunum ætlað að mæta hækkuðum launum verkafólks, sem greidd eru af þessum liðum. Vextir og afborganir af skuldum hækka um 45 þús. kr.

34. *Veiðimálaskrifstofan.* Nýr er liðurinn útgáfukostnaður, 15 þús. kr., og er ætlaður til að standa straum af kostnaði við útgáfu rits vegna 10 ára afmælis stofnunarinnar. Annar kostnaður hækkar um 15 þús. kr.

Íbúðarhúsnæði telst samkvæmt lögum þessum húsnæði, sem við gildistöku laganna er notað til íbúðar og er íbúðarhæft án verulegra endurbóta, samkvæmt vottorði heilbrigðisnefndar, enn fremur húsnæði, sem ætlað er til íbúðar, samkvæmt teikningu hlutaðeigandi húss, staðfestri af byggingaryfirvöldum, og hefur við gildistöku laga þessara ekki verið tekið til annarra afnota.

2. gr.

Íbúðarhúsnæði, sbr. 1. gr., má aðeins nota til íbúðar. Önnur afnot slíks húsnæðis varða húseiganda sektum samkvæmt 4. gr. laga þessara. Sömu viðurlögum varðar einnig að halda ónotuðu íbúðarhúsnæði, sem kostur er á að leigja.

Húsnæðismálastjórn skal hafa eftirlit með því, að ákvæðum laga þessara verði framfylgt.

3. gr.

Félagsmálaráðherra er heimilt að undanþiggja kaupstaði ákvæðum laga þessara, ef fyrir liggur ósk hlutaðeigandi bæjarstjórnar um það og ekki er þar um að ræða skort á íbúðarhúsnæði.

4. gr.

Brot gegn ákvæðum 2. gr. varða 10000 til 1000000 króna sektum, er renna skulu í varasjóð hins almenna veðlánakerfis, samkvæmt lögum nr. 55 frá 20. maí 1955.

5. gr.

Með brot á lögum þessum fer að hætti opinberra mála.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um afnot íbúðarhúsa í kaupstöðum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Félagsmálaráðherra hefur tjáð mér, að það sé nú alltítt í sumum kaupstöðum landsins, að íbúðarhúsnæði sé notað til annarra þarfa en íbúðar, þó að þar sé enn mikill skortur íbúðarhúsnæðis, svo að brýna nauðsyn beri til þess að setja nú þegar bráðabirgðalög um afnot íbúðarhúsa, sem leggi bann við því, að íbúðarhúsnæði sé tekið til annarra afnota en íbúðar.

Vegna þessa gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Íbúðarhúsnæði telst samkvæmt lögum þessum húsnæði, sem við gildistöku laganna er notað til íbúðar og er íbúðarhæft án verulegra endurbóta, samkvæmt vottorði heilbrigðisnefndar, enn fremur húsnæði, sem ætlað er til íbúðar, samkvæmt teikningu hlutaðeigandi húss, staðfestri af byggingaryfirvöldum, og hefur við gildistöku laga þessara ekki verið tekið til annarra afnota.

2. gr.

Íbúðarhúsnæði, sbr. 1. gr., má aðeins nota til íbúðar. Önnur afnot slíks húsnæðis varða húseiganda sektum samkvæmt 4. gr. laga þessara. Sömu viðurlögum varðar einnig að halda ónotuðu íbúðarhúsnæði, sem kostur er á að leigja.

Húsnæðismálastjórn skal hafa eftirlit með því, að ákvæðum laga þessara verði framfylgt.

3. gr.

Félagsmálaráðherra er heimilt að undanþiggja kaupstaði ákvæðum laga þessara, ef fyrir liggur ósk hlutaðeigandi bæjarstjórnar um það og ekki er þar um að ræða skort á íbúðarhúsnæði.

4. gr.

Brot gegn ákvæðum 2. gr. varða 10000 til 1000000 króna sektum, er renna skulu í varasjóð hins almenna veðlánakerfis, samkvæmt lögum nr. 55 frá 20. maí 1955.

5. gr.

Með brot á lögum þessum fer að hætti opinberra mála.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 21. ágúst 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Hannibal Valdimarsson.

Nd. 3. Frumvarp til laga [3. mál]

um breyting á lögum nr. 55/1955, um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1956.)

1. gr.

3. mgr. 1. gr. laga nr. 55/1955 hljóði þannig:

Í húsnæðismálastjórn skulu vera sjö menn, valdir af ráðherra, þar af einn eftir tilnefningu Landsbanka Íslands. Jafnmargir varamenn skulu valdir og einn þeirra eftir tilnefningu Landsbanka Íslands. Ráðherra tilnefnir þrjá menn úr húsnæðismálastjórn til þess að hafa á hendi stjórn allra framkvæmda á vegum hennar eftir nánari fyrirmælum í reglugerð. Að öðru leyti skiptir húsnæðismálastjórn með sér störfum.

2. gr.

Ráðherra velur nú þegar tvo menn, sem eiga skulu sæti í húsnæðismálastjórn, ásamt fimm mönnum, sem nú eiga þar sæti.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 55/1955, um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Félagsmálaráðherra hefur tjáð mér, að störf húsnæðismálastjórnar hafi reynzt miklu umfangsmeiri en gert hafi verið ráð fyrir í upphafi. Auk þess hafi húsnæðismálastjórn nýlega verið falið umfangsmikið verkefni, þ. e.

að hafa eftirlit með framkvæmd laga nr. 62 21. ágúst 1956, um afnot íbúðarhúsa í kaupstöðum. Það ber því brýna nauðsyn til þess að breyta nú þegar lögum nr. 55 20. maí 1955, um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingar heilsuspillandi íbúða, á þann veg, að tilnefna skuli þrjá menn úr húsnæðismálastjórn til þess að annast allar framkvæmdir á vegum hennar, eftir nánari ákvæðum í reglugerð, en jafnframt verði fjölgað um tvo menn í húsnæðismálastjórn.

Með skírskotun til framanritaðs eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt heimild í 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

3. mgr. 1. gr. laga nr. 55/1955 hljóði þannig:

Í húsnæðismálastjórn skulu vera sjö menn, valdir af ráðherra, þar af einn eftir tilnefningu Landsbanka Íslands. Jafnmargir varamenn skulu valdir og einn þeirra eftir tilnefningu Landsbanka Íslands. Ráðherra tilnefnir þrjá menn úr húsnæðismálastjórn til þess að hafa á hendi stjórn allra framkvæmda á vegum hennar eftir nánari fyrirmælum í reglugerð. Að öðru leyti skiptir húsnæðismálastjórn með sér störfum.

2. gr.

Ráðherra velur nú þegar tvo menn, sem eiga skulu sæti í húsnæðismálastjórn, ásamt fimm mönnum, sem nú eiga þar sæti.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 21. september 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Hannibal Valdimarsson.

Ed. 4. Frumvarp til laga [4. mál]

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 68/1949, um bifreiðaskatt o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1956.)

1. gr.

1. Til viðbótar við innflutningsgjald af benzíni í a-lið 1. gr. laga nr. 68/1949, um bifreiðaskatt o. fl., skal innheimta á árinu 1957 20 aura af hverjum lítra, þar af skulu 5 aurar renna í brúasjóð og 5 aurar í sérstakan sjóð, sem varið verði til að gera akfæra þjóðvegi milli byggðarlaga.
2. Bifreiðaskattur samkvæmt c.—e.-liðum 1. gr. laga nr. 68 frá 1949 fyrir árið 1956, er fellur í gjalddaga 1. janúar 1957, skal innheimtur með 100% álagi að undanteknum skatti af vöru- og sérleyfisbifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín, en skattur af þeim skal innheimtur með 50% álagi. Einnig skal bifreiðaskattur fyrir árið 1957, er kann að verða greiddur á því ári, vegna eigendaskipta á bifreiðum eða af öðrum ástæðum, innheimtur með sömu álögum. Álögin njóta sömu lögverndar og bifreiðaskatturinn, þar með talið lögveð, sem gengur fyrir öðrum veðum.

3. Á árinu 1957 skal innheimta af hjólbörðum og gúmmíslöngum á bifreiðar 6 — sex — krónur í innflutningsgjald af hverju kg.

Álögin á innflutningsgjöldin af benzíni, hjólbörðum og slöngum njóta sömu lögverndar og aðflutningsgjöld.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1957.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frv. þessu er lagt til, að framlengd verði ákvæði um sama efni, sem eru nú í lögum nr. 3/1956, um bráðabirgðabreyting nokkurra laga. Bætt er við ákvæði um, að bifreiðaskattur fyrir árið 1957, sem kann að verða greiddur á því ári vegna eigendaskipta eða af öðrum ástæðum, skuli innheimtur með sömu álögum.

Ed. 5. Frumvarp til laga [5. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1957 með viðauka.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1956.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1957 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

a. Með 100% viðauka vitagjald, samkv. lögum nr. 17 11. júlí 1911 og síðari lögum um breyting á þeim lögum.
b. Með 140% viðauka stimpilgjald, lestagjald og leyfisbréfagjöld önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 40/1954.
c. Með 200% viðauka gjöld samkv. IX. kafla laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, að undanskildum gjöldum samkv. 58. gr. laganna.
d. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkv. lögum nr. 60 1939, nema af gosdrykkjum samkv. 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öll samkv. 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkv. 1. lið 3. kafla með 50% álagi.

2. gr.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1957.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samhljóða núgildandi lögum um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1956 með viðauka.

Ed. **6. Frumvarp til laga** **[6. mál]**

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 90/1954, um tollskrá o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1956.)

1. gr.

Á árinu 1957 skal innheimta:

A. Vörumagnstoll samkvæmt lögum nr. 90/1954, um tollskrá o. fl., með þessum hækkunum:
   a. Af benzíni, öðru en flugvélabenzíni, samkvæmt 27. kafla tollskrárinnar, 15. lið, með 20 aurum af kg í stað 1 eyris.
   b. Af öllum öðrum vörum með 340% álagi, þó ekki af flugvélabenzíni og vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.

B. Verðtoll samkvæmt sömu lögum með 80% álagi, þó ekki af vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.

Á árinu 1957 skal innheimta og greiða í sérstakan sjóð 1% af vörumagnstolli og verðtolli samkvæmt tollskrá og hækkunum samkvæmt þessari grein, svo og af öðrum aðflutningsgjöldum, þó ekki af söluskatti af innfluttum vörum. Fé þessu skal varið til byggingar tollstöðva í landinu. Álagið skal innheimt með öðrum aðflutningsgjöldum og nýtur sömu lögverndar og þau. Jafnframt er framkvæmd 5. gr. laga nr. 68/1956, um tollheimtu og tolleftirlit, frestað til ársloka 1957.

2. gr.

Undanþegnar tollhækkun þeirri, er getur í b-lið A- og B-lið 1. gr., eru þessar vörur:

Tollskrárkafli	9	nr. 1—2,	kaffi, óbrennt, eða brennt og malað.
—	10	— 1—7,	korn, ómalað.
—	11	— 1—12,	mjöl og grjón.
—	17	— 1—6,	sykur.
—	22	— 6—38,	drykkjarvörur og ýmislegir vökvar.
—	24	— 1—9,	tóbak.
—	25	— 10,	salt.
—	27	— 1—4,	kol.
—	—	— 14,	steinolía.

Enn fremur eru vörur, sem sérstakur tollur er greiddur af vegna milliríkjasamninga, undanskildar tollhækkun samkvæmt 1. gr.

3. gr.

Á árinu 1957 skal heimilt að fella niður aðflutningsgjöld af:

a. Belgávöxtum, sem teljast til nr. 5—6 í 7. kafla tollskrár.
b. Ómöluðu korni, sem telst til nr. 1—7 í 10. kafla tollskrár.
c. Kornmjöli og grjónum, sem telst til nr. 1—12 í 11. kafla tollskrár.
d. Kaffi, óbrenndu eða brenndu og möluðu, sem telst til nr. 1—2 í 9. kafla tollskrár.
e. Sykri, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrár.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1957.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta felur í sér framlengingu á ákvæðum laga nr. 93 1955 með breytingum, sem gerðar voru á þeim með lögum nr. 3 29. jan. 1956, um bráðabirgðabreyting nokkurra laga, um að í stað 250% álags í A b-lið 1. gr. laga nr.

93/1955 skuli innheimta 340% álag á vörumagnstoll, og að í stað 45% álags í B-lið 1. gr. sömu laga skuli innheimta 80% álag á verðtoll.

Þá er tekið upp í frumvarp þetta ákvæði um að innheimta skuli og greiða í sérstakan sjóð 1% af aðflutningsgjöldum, en sjóður þessi verði notaður til þess að standa undir kostnaði við byggingu tollstöðva í Reykjavík og annars staðar á landinu, þar sem þörf er fyrir húsnæði handa tollgæzlunni.

Er jafnframt frestað á árinu 1957 framkvæmd 5. gr. laga nr. 68/1956 um tollheimtu og tolleftirlit, en í þeirri grein er ákveðið, að 1% af umræddum gjöldum skuli leggja í sérstakan sjóð í þessu skyni, en það mundi rýra tekjur ríkissjóðs, er þessu nemur. Á hinn bóginn er hér lagt til, að 1% gjaldið verði innheimt aukalega, svo komizt verði hjá að skerða tekjur ríkissjóðs. Var og mál þetta upphaflega lagt fyrir Alþingi með þeim hætti.

Nd. 7. Frumvarp til laga [7. mál]

um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1956.)

1. gr.

Ákvæðin um tekjuöflun, sem sett eru í III. kafla laga nr. 100/1948 og 2.—5. gr. laga nr. 112/1950, skulu gilda til 31. des. 1957 með þeim breytingum, sem greinir í 2. og 3. gr. hér á eftir.

2. gr.

Í stað 2. og 3. málsl. 1. málsgr. 21. gr. laga nr. 100/1948 komi: Heildsala er undanþegin söluskatti samkv. 22. gr., en til heildsölu telst ekki sala eða afhending fyrirtækja á eigin framleiðslu. Einnig er undanþegin söluskatti samkv. 22. gr. umboðsþóknun fyrir að útvega vörur frá útlöndum. Sala eða afhending heildsala á vörum er því aðeins undanþegin söluskatti, að vörurnar séu seldar eða afhentar aðilum, sem eru söluskattsskyldir af sölu eða afhendingu sams konar vara.

3. gr.

22. gr. laganna orðist þannig:

Af sölu og annarri veltu atvinnufyrirtækja og annarra skattskyldra aðila skal greiða söluskatt sem hér segir:

a. 2% af sölu eða afhendingu smásala eða smásölufyrirtækja, þar með talin pöntunarfélög, enda hafi aðilar þessir eða aðilar í félagi eða í sambandi við þá ekki framleitt eða unnið að vörum þeim, sem þeir selja eða láta af hendi.
b. 3% af annarri sölu eða veltu, þar með talin umboðssala, sala eða afhending, vinna og þjónusta látin í té af iðnaðarmönnum og iðnaðarfyrirtækjum, matsölu-, veitinga- og gistihúsum, sýningar í kvikmyndahúsum, leikhúsum, flutningastarfsemi, lausafjárleiga og þess háttar.

Af sölu bóksala á bókum í umboðssölu skal þó aðeins greiða skattinn af umboðsþóknun hans. Í öðrum umboðssöluviðskiptum skal smásali eða annar umboðssali greiða söluskatt af öllu heildarandvirði varanna frá sér.

Nú kaupir innlendur iðnaðarmaður eða framleiðandi eða fær afhenta vöru til framleiðslu sinnar frá öðrum innlendum iðnaðarmanni eða framleiðanda, sem búið hefur vöruna til eða unnið að henni, og í viðskiptum þeirra er söluskatti bætt við verð eða verðmæti vörunnar, og skal þá endurgreiða söluskattinn vegna þessara viðskipta eftir nánari reglum, settum af fjármálaráðherra. Sama gildir um aðvinnslu

á vörum, sem innlendur iðnaðarmaður eða framleiðandi fær annan innlendan iðnaðarmann eða framleiðanda til að gera á framleiðsluvöru sinni.

Söluskattur vegna viðskipta miðast við heildarandvirði vöru án frádráttar nokkurs annars kostnaðar en söluskatts þess, er verið er að leggja á, greiða og halda eftir, og án tillits til þess, í hverju greiðsla er fólgin, og þótt um sé að ræða skipti gegn vöru eða þjónustu. Sé um að ræða skipti á vörum og þjónustu, afhendingu vara án endurgjalds, úttekt eiganda úr eigin fyrirtæki eða ef greitt er í vörum eða í þjónustu, skal miða við almennt gangverð í sams konar viðskiptum. Komi upp ágreiningur um það, hvað sé almennt gangverð í viðskiptum af þessu tagi eða hvort um sams konar viðskipti sé að ræða, sker ríkisskattanefnd úr þeim ágreiningi til fullnaðar.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1957.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að framlengd verði ákvæði um tekjuöflun, sem sett voru með lögum nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, með þeim breytingum, sem gerðar hafa verið á þeim.

Nd. 8. Frumvarp til laga [8. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til togarakaupa fyrir Bæjarútgerð Reykjavíkur.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1956.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán allt að kr. 5 100 000 til kaupa á nýjum diesel-togara fyrir Bæjarútgerð Reykjavíkur í stað togarans Jóns Baldvinssonar. Þó má ábyrgð þessi að viðbættum lánum og ábyrgðum, sem ríkissjóður veitir af vátryggingarfé togarans Jóns Baldvinssonar, eigi fara fram úr 85% af kostnaðarverði nýja togarans.

Ábyrgðin er háð því, að fullnægt sé þeim skilyrðum, sem ríkisstjórnin setur, þar á meðal um tryggingar, lánstíma og lánskjör.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um ástæður fyrir frumvarpi þessu, sem borið er fram í samræmi við 28. grein stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir:

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til togarakaupa fyrir Bæjarútgerð Reykjavíkur.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér að brýna nauðsyn beri til að gefa út bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán til togarakaupa fyrir Bæjarútgerð Reykjavíkur.

Bæjarútgerðin hefur ákveðið að láta smíða nýjan togara í stað b.v. Jóns Baldvinssonar, er fórst á s. l. ári. Er í ráði að gera samning við þýzka skipasmíðastöð, Aktien-Gesellschaft „Weser" Werk Seebeck, um smíði togarans, og er kostnaðarverð hans í samningnum kr. 12 658 555.

Bæjarútgerðin hefur fengið samþykki hlutaðeigandi aðila til að nota tryggingarfé, er greitt var fyrir b.v. Jón Baldvinsson, til greiðslu á kostnaðarverði togarans, svo langt sem það nær, en þar að auki er bæjarútgerðinni nauðsyn á að fá ríkisábyrgð á láni allt að kr. 5 100 000 en ríkisstjórnina skorti lagaheimild til að veita slíka ábyrgð.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt heimild í 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán allt að kr. 5 100 000 til kaupa á nýjum diesel-togara fyrir Bæjarútgerð Reykjavíkur í stað togarans Jóns Baldvinssonar. Þó má ábyrgð þessi að viðbættum lánum og ábyrgðum, sem ríkissjóður veitir af vátryggingarfé togarans Jóns Baldvinssonar, eigi fara fram úr 85% af kostnaðarverði nýja togarans.

Ábyrgðin er háð því, að fullnægt sé þeim skilyrðum, sem ríkisstjórnin setur, þar á meðal um tryggingar, lánstíma og lánskjör.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 18. júní 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

Nd. 9. Frumvarp til laga [9. mál]

um breyting á lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1956.)

1. gr.

1. og 2. málsliður 16. gr. orðist svo:

Starfsmenn skulu árlega fá orlof í 18 virka daga og einskis í missa af föstum launum. Ef sérstaklega stendur á, má orlof þó vera allt að 21 virkum degi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þegar lög nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, voru sett, var orlof samkvæmt kjarasamningum stéttarfélaga almennt 15 virkir dagar. Var því fylgt sem aðalreglu í lögunum, en á hinn bóginn veitt heimild til lengra orlofs þeim til handa, er alllengi höfðu starfað í þjónustu ríkisins. Á s. l. ári var orlof samkvæmt kjarasamningum lengt í 18 virka daga. Með frv. þessu er lagt til, að almenna reglan um orlof starfsmanna ríkisins verði í samræmi við þetta. Einnig er lagt

til, að heimild sú, er lögin geyma um, að orlof megi vera allt að 18 virkum dögum, ef sérstaklega stendur á, verði allt að 21 virkum degi. Hins vegar hefur ekki verið talin ástæða til breytinga á orlofi þeirra starfsmanna ríkisins, er verið hafa í þjónustu þess lengur en 15 ár, en þeir hafa nú orlof í 24 virka daga.

Nd. 10. Frumvarp til laga [10. mál]

um dýravernd.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1956.)

I. KAFLI
Um meðferð dýra.

1. gr.

Skylt er að fara vel með dýr, svo að þau þjáist ekki að nauðsynjalausu.

2. gr.

Öllum þeim, sem eiga dýr eða ráða yfir þeim að öðru leyti eða hafa umsjá með dýrum fyrir eiganda þeirra eða annan rétthafa, er skylt að sjá svo um, að dýrin fái nægilegt vatn og fóður við þeirra hæfi og viðhlítandi umhirðu. Eiganda eða öðrum rétthafa er skylt að sjá dýrum fyrir hæfilegum vistarverum (geymslustað, vörzlustað), skjólgóðum og rúmgóðum, enda er skylt að ræsta slíka staði með viðunandi hætti.

3. gr.

Óheimilt er:

1. Að beita bareflum á dýr, ef hætt er við, að slíkt spilli heilsu dýra eða valdi þeim miklum sársauka.
2. Að tjóðra dýr eða hefta frelsi þeirra með öðrum hætti, svo að það valdi dýrum kvölum um nauðsyn fram eða komi í veg fyrir, að dýr njóti eðlilegrar hvíldar.
3. Að ofbjóða þoli dýra við vinnu eða rekstur eða með öðrum hætti.
4. Að setja hringa eða þess konar í trýni (miðsnes) á svínum til þess að koma í veg fyrir, að þau róti upp jarðvegi, þegar svo er, að telja verður hluti þessa sérstaklega kvalafulla fyrir skepnurnar.
5. Að svíða hár eða húð dýra í stað þess að klippa þau eða í því skyni að eyða lús eða öðrum óhreinindum.

4. gr.

Óheimilt er að temja dýr eða aga í því skyni að sýna þau almenningi eða til þess að taka af þeim kvikmyndir, ef tamning dýra í þessu skyni eða beiting veldur þeim miklum eða varanlegum sársauka.

Óheimilt er að hafa dýr til sýnis hér á landi, nema leyfi lögreglustjóra þar á vettvangi, sem sýning á að fara fram, komi til. Menntamálaráðuneyti er rétt að setja sérstakar reglur um eftirlit með starfsemi þeirra manna, sem hafa dýr til sýnis, svo sem um búr, geymslu dýra og heilbrigðisráðstafanir. Ákvæði þessarar málsgreinar taka ekki til sýningar á dýrum á vegum búnaðarfélaga.

Óheimilt er að setja á stofn dýragarða eða koma upp annars konar söfnum lifandi dýra, nema samþykki lögreglustjóra komi til. Menntamálaráðuneyti er heimilt að setja reglugerð um eftirlit með slíkum stofnunum og um aðbúnað að dýrum.

5. gr.

Nú eru dýr eignarmörkuð, og er þá skylt að gæta þess, að mörkunin sé dýrinu jafnkvalalítil og kostur er. Óheimilt er að eyrnamarka fé svo, að meira en helmingur eyrans sé numinn brott.

6. gr.

Nú sýkist dýr eða lemstrast, og er þá eiganda (umráðamanni) skylt að sjá dýrinu fyrir hæfilegri umönnun, en deyða það, ef dýr er helsjúkt eða lemstur banvæn.

7. gr.

Við flutning á dýrum skal þess sérstaklega gætt, að notað sé viðhlítandi farartæki í þessu skyni og dýr njóti hæfilegs aðbúnaðar, meðan á flutningi stendur.

II. KAFLI

Um deyðingu dýra og aðgerðir á dýrum.

8. gr.

Þegar dýr eru deydd, ber að gæta þess, að deyðing fari fram með jafnhröðum og sársaukalitlum hætti og frekast er völ á.

Menntamálaráðherra setur nánari ákvæði um þetta í reglugerð.

9. gr.

Dýralæknum einum er rétt að gelda dýr. Dýr skulu yfirleitt deyfð, þegar gelding er framkvæmd.

Nú er hérað dýralæknislaust eða sérstökum örðugleikum er bundið að ná til dýralæknis úr tilteknum svæðum dýralæknishéraðs, og getur sýslunefnd þá mælzt til þess, að löggiltir séu menn til að framkvæma geldingu á dýrum, fyrir héraðið allt eða einstök byggðarlög. Ef yfirdýralæknir fellst á tilmæli sýslunefndar, löggildir lögreglustjóri mann eða menn til starfans. Þá eina má löggilda, sem sanna með vottorði dýralæknis, að þeir séu hæfir til að gegna starfanum. Löggilding skal jafnan vera tímabundin.

Landbúnaðarráðuneyti setur nánari reglur um efni þau, er greinir í 2. málsgrein.

Ákvæði 1. málsgr. á ekki við um alifugla, lömb innan 5 vikna, grísi og kálfa innan 8 vikna og kanínur innan 4 mánaða.

10. gr.

Óheimilt er að stertstýfa hross, nema það sé gert af heilbrigðisástæðum og að ráði dýralæknis. Dýralæknum einum er heimilt að framkvæma þá aðgerð, og skal deyfa dýrið við aðgerðina. Ákvæði þessi eiga einnig við um skurð á hala á kúm eða á eyrum og rófum á hundum. Þó er heimilt að stýfa rófu á hvolpum, vikugömlum eða yngri.

11. gr.

Löggiltum dýralæknum einum er heimilt að framkvæma læknisaðgerðir á dýrum í öðrum tilvikum en þeim, sem getur í 9. og 10. gr., ef ætla verður, að aðgerð muni baka dýri verulega þjáningu. Nú er miklum örðugleikum bundið að ná til dýralæknis eða mjög kostnaðarsamt að kveðja dýralækni á vettvang, og skal þá reyna eftir föngum að leita læknisráða hjá dýralækni um framkvæmd aðgerðar. Hinu sama gegnir, ef vinda þarf svo bráðan bug að aðgerð, að ekki er gerlegt að kveðja dýralækni á vettvang.

III. KAFLI
Um notkun dýra í vísindalegum tilgangi.

12. gr.

Óheimilt er án leyfis yfirdýralæknis að nota dýr við vísindalegar rannsóknir eða tilraunir eða í sambandi við kennslu, ef samfara þessu eru sérstakar aðgerðir á dýrinu, blóðtaka eða dæling efna í dýrið eða yfirleitt, ef meðferð á dýri í þessu skyni vekur dýrinu sérstakan ótta eða þjáningu. Sama gegnir, ef dýr eru notuð við framleiðslu lyfja eða til svipaðra þarfa.

Menntamálaráðuneyti er rétt að setja nánari reglur um efni þau, sem greinir í 1. málsgrein.

Úrlausn yfirdýralæknis samkvæmt 1. málsgrein má skjóta til menntamálaráðuneytis, er úrskurðar mál til þrautar.

13. gr.

Við tilraunir eða aðgerðir á dýrum samkv. 12. gr. ber að gæta þess að baka dýrum ekki meiri þjáningu en óhjákvæmilegt er og nota deyfingu, þar sem við verður komið. Nú verður að ætla, að dýr kveljist, vegna tilrauna eða aðgerðar, til langframa, og skal þá deyða það, er tilraun eða aðgerð er um garð gengin.

IV. KAFLI
Um eftirlit með framkvæmd laganna o. fl.

14. gr.

Löggæzlumenn skulu hafa vakandi auga með því, að lögum þessum sé hlýtt.

Nú kemst löggæzlumaður að því, að aðbúnaði að dýri er ábótavant, eða verður áskynja um annars konar brot á lögum þessum, og skal hann þá gera lögreglustjóra viðvart, ef ekki verður ráðin bót á þessu þegar í stað. Skal lögreglustjóri leggja fyrir aðilja að bæta úr fyrirvaralaust eða innan tiltekins tíma, eftir atvikum. Heimilt er lögreglustjóra að leggja við dagsektir allt að 200 krónum, er renni í ríkissjóð, ef aðili skeytir ekki fyrirmælum. Lögreglustjóri getur meðal annars mælt svo fyrir, að umráðamaður dýrs skuli flytja dýr á hæfilegan geymslustað, ræsta geymslurúm dýrs, annast um sæmilegan hita í geymslurúmi dýrs, afla nægilegs fóðurs og drykkjar eða jafnvel fækka gripum, ef ekki er annars úrkosta. Lögreglustjóri skal hafa samráð við embættisdýralækni eða löggiltan dýralækni um þessi fyrirmæli, ef föng eru á því.

Nú skipast aðili ekki eftir fyrirmælum lögreglustjóra, og hlutast lögreglustjóri þá til um framkvæmd á fyrirmælum á kostnað eiganda dýra eða annars rétthafa. Ekki er þó heimilt að farga skepnum eða taka þær frá aðilja eða neyta annarra þeirra úrræða, sem valdið geta aðilja miklum fjárútlátum eða miklu fjártjóni, nema héraðsdýralæknir — eða yfirdýralæknir, þar sem ekki er völ á héraðsdýralæknum — hafi lýst sig samþykkan slíkum aðgerðum. Veita skal aðilja færi á að tjá sig um slíkar aðgerðir, áður en til þeirra er gripið. Ef annar er umráðamaður dýrs en eigandi, skal einnig veita eiganda tækifæri á að lýsa afstöðu sinni til máls.

Endurgreiðslukröfur lögreglustjórnar á hendur aðilja samkv. þessari grein eru lögtakskræfar.

15. gr.

Nú er embættisdýralæknir eða löggiltur dýralæknir kvaddur til dýrs, sem er sjúkt eða lemstrað, og rannsókn hans leiðir í ljós, að dýrið sé ekki lífvænlegt, og er honum þá skylt að hlutast til um, að það sé deytt, enda sé dýr haldið miklum kvölum. Deyðing fer fram á kostnað eiganda (umráðamanns) dýrs. Ákvörðun dýralæknis, sem er ekki embættisdýralæknir, um að deyða skuli dýr má skjóta til

fullnaðarúrskurðar héraðsdýralæknis, ef unnt er að leita fyrirlags hans með nægilega hröðum hætti eftir atvikum. Skjóta má máli til yfirdýralæknis með sama fyrirvara, ef héraðsdýralæknis nýtur ekki, og ber sá kostnað af því, sem óskar úrlausnar yfirdýralæknis. Löggæzlumönnum er rétt að aðstoða við deyðingu dýrs samkvæmt lögmætri ákvörðun dýralæknis, eftir því sem hann mælir fyrir um.

Nú verður löggæzlumaður þess áskynja, að dýri er svo farið, sem í 1. málsgr. segir, og er honum þá skylt að gera dýralækni viðvart. Dýralæknir kannar hagi dýrs og mælir fyrir um aðgerðir. Nú telur dýralæknir, að dýr skuli deyða þegar í stað, og fer um þá ákvörðun eftir reglum 1. málsgreinar. Endranær skal leita fyrirlags lögreglustjóra um málið, ef eigandi er andvígur því, að dýr sé deytt. Leitar lögreglustjóri þá umsagnar héraðsdýralæknis eða yfirdýralæknis, áður en hann ræður máli til lykta, og kannar horf eiganda (umráðamanns) til máls, ef ekki stafar veruleg töf af því. Dýralæknir á kröfu á ríkissjóð fyrir störf sín samkvæmt þessari málsgrein, en ríkissjóður á bakkröfu á hendur eiganda dýrs eða umráðamanni, og er sú krafa lögtakskræf.

16. gr.

Nú verður maður var við dýr, sem er sjúkt, lemstrað eða bjargarvana að öðru leyti, og er honum þá skylt að veita því umönnun eftir föngum og gera eiganda (umráðamanni), löggæzlumönnum eða dýralækni viðvart án ástæðulausrar tafar. Ef högum dýrs er þannig farið, að telja verður sjúkdóm dýrs eða lemstur tvímælalaust banvæn, er þeim, sem sér dýrið, heimilt eða jafnvel skylt að deyða það, ef dýrið er mjög kvalið og ekki er unnt að ná til eiganda (umráðamanns), löggæzlumanns eða dýralæknis með hröðum hætti. Þeim, sem deyðir dýr samkvæmt þessu ákvæði, er skylt að skýra löggæzlumanni frá því jafnskjótt og föng eru á.

V. KAFLI

Stjórn dýraverndarmála.

17. gr.

Menntamálaráðuneyti hefur yfirstjórn allra mála, er varða dýravernd. Ráðuneytið nýtur aðstoðar dýraverndarnefndar um stjórn þeirra málefna. Menntamálaráðuneyti skipar nefndina til fjögurra ára í senn. Í nefndinni eiga sæti 5 menn. Skal einn nefndarmanna skipaður eftir tillögum Dýraverndunarfélags Íslands, einn eftir tillögum Hins íslenzka náttúrufræðifélags, einn eftir tillögum Dýralæknafélags Íslands. Menntamálaráðuneyti skipar einn nefndarmann, en yfirdýralæknir er sjálfskipaður formaður nefndarinnar.

Tillagna dýraverndarnefndar skal leitað við setningu reglugerða eða annarra stjórnvaldsreglna um dýravernd. Nefndinni er og skylt að gera tillögur til menntamálaráðuneytis um allt það, sem horfir til framdráttar dýravernd í landinu. Dýraverndarnefnd skal láta löggæzlumönnum, ákæruvaldi og dómstólum í té umsagnir um málefni, er varða dýravernd, eftir tilmælum þeirra. Nefndin skal enn fremur beita sér fyrir því að auka þekkingu manna og skilning á dýraverndarmálum.

Dýraverndarnefnd starfar kauplaust, en framlagðan kostnað fær hún greiddan úr ríkissjóði eftir reikningi, er menntamálaráðherra samþykkir.

VI. KAFLI

Um refsingu og önnur viðurlög.

18. gr.

Brot á lögum þessum eða á reglum eða reglugerð, sem sett er með stoð í þeim, varðar sektum allt að 10 þús. kr. eða varðhaldi allt að 1 ári. Ef brot er stórfellt eða ítrekað, má beita fangelsisrefsingu allt að 2 árum.

Brot dýralæknis á ákvæðum 15. gr. 1. málsgr. varðar sektum.

Hlutdeild í brotum á lögum þessum og tilraun til brota er refsiverð, sbr. III. kafla almennra hegningarlaga.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð.

19. gr.

Nú hefur maður gerzt sekur um stórfellt eða ítrekað brot á lögum þessum eða eldri refsiákvæðum, er varða dýravernd, og er þá unnt að svipta hann heimild til að eiga dýr, nota þau eða hafa í umráðum sínum, verzla með þau, slátra þeim eða sýsla um þau með öðrum hætti. Heimildarsvipting þessi getur lotið að dýrum almennt eða einstökum dýrategundum, og má ýmist svipta menn þessum heimildum um tiltekið tímabil eða ævilangt. Heimildarsviptingu má beita gagnvart ósakhæfum manni. Ákæruvald getur haft uppi kröfu um heimildarsviptingu í refsimáli eða sérstöku máli á hendur sakborningi.

Aðili, sem sviptur er heimild samkv. 1. málsgr. og skeytir ekki þessu ákvæði dóms, skal sæta sektum. Sá maður, sem veit af slíku dómsákvæði og fær allt að einu dómfellda dýr til umráða andstætt dómsákvæði, skal sæta sektum.

20. gr.

Foreldrum eða öðrum forráðamönnum barna yngri en 15 ára er skylt að stuðla að því, að þau hlýðnist fyrirmælum þessara laga. Nú fremur barn á ofangreindum aldri brot á lögum þessum og brotið er framið með vitund foreldra eða forráðamanna, og skal þeim þá refsað fyrir brotið, ef sannað er, að þeir hafi vanrækt að koma í veg fyrir brotið.

VII. KAFLI

Almenn ákvæði, gildistaka laga og brottfallin lög.

21. gr.

Menntamálaráðuneyti setur reglugerð um slátrun búpenings og um rekstur búfjár til slátrunar og annan flutning búfjár innanlands og um flutning á húsdýrum öðrum en hrossum til útflutnings. Einnig er ráðuneytinu heimilt að setja fyllri reglur í reglugerð um efni þau, sem um ræðir í lögum þessum, auk þeirra atriða, sem greinir í 4., 8. og 12. gr.

Stjórnvaldsreglur um dýravernd, sem settar hafa verið fyrir gildistöku laga þessara, halda gildi sínu, unz nýjar reglur eru settar.

22. gr.

Um rannsókn og meðferð mála út af brotum á lögum þessum fer að hætti laga nr. 27 5. marz 1951, um meðferð opinberra mála.

Kostnaður við framkvæmd laganna telst til almenns löggæzlukostnaðar, nema annars sé getið.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi þremur almanaksmánuðum eftir að þau hafa verið birt. Frá sama tíma eru numin úr gildi þessi lög og lagaákvæði:

1. 179. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.
2. Lög um dýraverndun, nr. 34 3. nóv. 1915, 2. og 3. gr., ásamt breytingarlögum nr. 31 19. júní 1922.
3. Lög um gelding húsdýra, nr. 123 27. des. 1935.

Lög þessi raska hvorki gildi VII. kafla laga nr. 18 22. marz 1948, um forðagæzlu og fóðurbirgðafélög, né laga nr. 50 23. júní 1932, um útflutning hrossa.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Lagaákvæði um dýravernd eiga sér ekki langa sögu hér á landi. Í fornum lögum eru að vísu ákvæði, er lýsa það refsivert og bótaskylt að veita fénaði áverka (sbr. t. d. Jb., Llb. 39). Slík ákvæði eru ekki af dýraverndartoga spunnin, heldur er hér verið að veita eignarrétti manna á dýrum sérstaka lögvernd. Ákvæðin í Grágás og Jónsbók um hestaat og taglskurð (Grg. II, 247, og Jb., Llb., kap. 36 og 39) eiga heldur ekki skylt við dýravernd.

Dýraverndarmál komu ekki til kasta Alþingis fyrr en laust eftir miðja 19. öld. Fyrir Alþingi 1859 komu tvö mál, er vörðuðu dýravernd. Í fyrsta lagi barst þinginu erindi frá fundi í Þinghöfða í Norður-Múlasýslu, þar sem því var farið á flot, að Alþingi mæltist til þess með bænarskrá, að konungur legði fyrir næsta Alþingi lagafrumvarp, „er ákvæði hegningar eða sektir (svo) fyrir vísvitandi illa meðferð á kvikfénaði". Í öðru lagi beiddist konungur álits Alþingis sama ár um það, hvort tiltækilegt væri að lögtaka hér á landi dönsk lög frá 21. jan. 1857 um hegningu fyrir illa meðferð á skepnum (lög þessi voru fyrstu dýraverndarlög í Danmörku). Alþingi vékst undan að segja álit sitt á dönsku lögunum, en samþykkti í þess stað bænarskrá, þar sem mælzt var til þess við konung, að hann gæfi út lagaboð fyrir Ísland, svofellt:

„Hver, sem verður uppvís að því að hafa viljandi misþyrmt skepnum, hvort heldur sínum eigin eða annarra, eður beitt við þær, einkum kvikfénað og önnur húsdýr, í meðferð eður viðurgjörningi miskunnarlausri harðýðgi að nauðsynjalausu, á að sæta sektum til hlutaðeigandi sveitarsjóðs, allt að 50 ríkisdölum, eða líkamlegri hegningu eftir málavöxtum, og sér í lagi með tilliti til þess, hvort brotið er framið í fyrsta sinn eður ítrekað". (Tíð. frá Alþ. Ísl. 1859, bls. 923).

Bænarskrá þessari var ekki sinnt, en fyrir Alþingi 1861 voru lögð að nýju til álita dönsku lögin frá 1857, sem vikið er að hér fyrr (Tíð. frá Alþ. Ísl. 1861, Viðb. A, bls. 142—144). Samþykkti Alþingi bænarskrá, þar sem mælzt var til þess, að konungur gæfi út sérstaka tilskipun um illa meðferð á skepnum á Íslandi (Tíð. frá Alþ. Ísl., 1861, bls. 500). Konungur féllst ekki á þá formafgreiðslu, að sérstök tilskipun yrði sett fyrir Ísland um þetta efni, heldur gaf hann út opið bréf 29. ágúst 1862 (L. f. I. XVIII, 384—385), „er lögleiðir á Íslandi lög 21. jan. 1857 um hegningu fyrir illa meðferð á skepnum". 1. gr. lagaboðs þessa er að mestu í samræmi við tillögur Alþingis, og raunar einnig að mestu samhljóða dönsku lögunum frá 1857. Fer 1. gr. þessa lagaboðs hér á eftir: „Hver, sem sekur verður að grimmdarlegri misþyrmingu á skepnum, einkum húsdýrum, eður að annarri harðýðgisfullri og miskunnarlausri meðferð á þeim, hvort heldur skepnurnar eru eign hans eður ekki, á eftir málavöxtum og eftir því, hvort brotið er framið í fyrsta skipti eður ítrekað, að sektast allt að 50 ríkisdölum." Í bænarskrá Alþingis var gert ráð fyrir tveimur greinum til viðbótar. Lagt var til, að 2. gr. væri svofelld: „Á sama hátt skal þeim hegnt, sem með grimmdarfullri hörku drepur skepnur úr hor, þó hann eigi fóður handa þeim." 3. gr. átti hins vegar að fjalla um það, að mál út af brotum á lagaboðinu skyldu hlíta meðferð opinberra lögreglumála. Var því hafnað að taka þessar tvær greinar í lagaboðið.

Vert er að árétta það hér, að upptök fyrstu laganna hér á landi um dýravernd má að nokkru rekja til ályktunar Þingmúlafundarins 1859, en lög þessi eru þó að efni til dönsk lög.

Næsti þáttur í þróun löggjafar um dýravernd er sá, að sett var sérstakt ákvæði í 299. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 um illa meðferð á skepnum, og nam 311. gr. laganna úr gildi op. br. 29. ágúst 1862. 299. gr. hgl. 1869 var á þessa leið: „Hver, sem verður brotlegur í þrælslegri misþyrmingu eða annarri grimmdarfullri meðferð á skepnum, einkum húsdýrum, skal sæta sektum allt að 100 rd. eða einföldu fangelsi allt að 4 mánuðum." Ákvæði þetta var þannig orðað,

að miklum örðugleikum var bundið að koma fram refsingu samkvæmt því, þar eð mjög mikil brögð þurftu að vera að hinni illu meðferð, svo að á því segðist. Má um það efni vitna til dómanna í dómasafni Landsyfirdóms I, bls. 8, 471 og 530, IV, bls. 60 (í dómasafni VII, bls. 304 var manni dæmd refsing samkv. l. 7/1900 fyrir horfelli á skepnum). Geta má þess á hinn veg, að refsing fyrir illa meðferð á skepnum var þyngd með hgl. 1869 frá því, sem mælt er í op. br. 1862.

Áhugamenn um dýravernd töldu, að við ákvæðin í hgl. 1869 yrði ekki unað. Var það ekki sízt Tryggvi Gunnarsson, er hélt uppi gagnrýni á ákvæði þessu, en hans verður lengi minnzt í sögu dýraverndarmála hér á landi. Dýraverndunarfélag Íslands, sem stofnað var 1913 og jafnan hefur staðið á verði um allt það, er varðað hefur dýravernd, beitti sér fljótlega fyrir samningu og flutningi frv. til laga um dýraverndun. Var frv. þetta flutt á Alþingi 1915, og voru flutningsmenn þáverandi þingmenn Reykjavíkur, Sveinn Björnsson, síðar forseti Íslands, og Jón Magnússon, síðar forsætisráðherra. Frv. hlaut hinar beztu undirtektir, var samþykkt breytingarlítið með öllum atkvæðum í annarri deild, en einróma í hinni. Í 1. gr. dýraverndunarlaganna nr. 34/1915 segir svo: „Sá, sem misþyrmir skepnum eða gerir sig sekan um illa meðferð á þeim með því að ofbjóða þoli þeirra, með vanhirðu eða á annan hátt, skal sæta sektum frá 10—1000 kr., eða einföldu fangelsi, ef miklar sakir eru.“ Samkv. 2. gr. skyldu allir þeir, sem skepnur eiga, hafa næg hús fyrir þær allar, og tók ákvæði þetta gildi 1. okt. 1917. Viðurlög voru hin sömu og eftir 1. gr. Samkv. 3. gr. skyldi ráðuneytið „setja reglur um slátrun búpenings á almennum slátrunarstöðum, um rekstur og annan flutning innanlands á fé til slátrunar, á fé og hestum til útflutnings, svo og um meðferð á hestum í brúkun. Skal það gert með reglugerð, sem jafnframt ákveður sektir fyrir brot á slíkum reglum.“ 4. gr. kvað síðan á um meðferð mála út af brotum á lögunum. Lögin námu úr gildi 299. gr. hgl. 1869.

Dýraverndunarlögin frá 1915 voru tvímælalaust mikil réttarbót á sínum tíma. Er ljóst, að miklu oftar var hægt að bera niður á ósæmilegri meðferð manna á dýrum en áður var. Við setningu laganna var valin sú stefna að lýsa illa meðferð refsiverða með almennu ákvæði, en ekki var það sérgreint, hvers konar meðferð það er, sem telja verði illa og óhæfilega í þessu sambandi.

3. gr. dýraverndunarlaganna frá 1915 var breytt lítillega með l. 31/1922 að frumkvæði Dýraverndunarfélags Íslands. Var breytingin fólgin í því, að setja skyldi reglur um aflífun skepna, hvort sem hún færi fram í sláturhúsum eða annars staðar, og enn fremur skyldi setja reglur um fuglaveiðar.

Á Alþingi 1925 (Alþ.tíð. A, þskj. 144) flutti próf. Magnús Jónsson frv. til laga um viðauka við 1. gr. dýraverndunarlaganna. Var frv., sem flutt var eftir tilmælum Dýraverndunarfélags Íslands, á þessa leið að meginefni til: „Nú telur lögreglustjóri, að brotið sé gegn ákvæðum þessarar greinar, og getur hann þá gert ráðstafanir til þess að hindra hina illu meðferð, og sé maður dæmdur sekur um brot gegn þessari grein, en heldur þó áfram, að gengnum dómi, verknaði þeim, sem hann er dæmdur fyrir, skal lögreglustjóri, jafnvel þótt dóminum sé áfrýjað, svipta hann umráðum þeirrar skepnu, sem hinn dæmdi misgerði við, láta hjúkra henni á hans kostnað, eða taka hana af lífi, ef eigi er talið fært að ala hana. Allan hér að lútandi kostnað má taka lögtaki.“

Í greinargerð frv. segir, að það geymi „aðeins lögskýringu“ á gildandi lögum (þ. e. l. 34/1915). Á þá skoðun verður að vísu ekki fallizt, en hins vegar fól frv. í sér nauðsynlega viðbót við l. 34/1915, er laut að réttindasviptingu út af broti á þeim lögum. Var það miður, að frv. þetta skyldi ekki hljóta afgreiðslu á Alþingi.

Þegar almenn hegningarlög, nr. 19 12. febr. 1940, voru sett, var horfið að því að nýju að taka refsiákvæði um illa meðferð á dýrum í þau lög, sbr. 179. gr., og var þá 1. gr. l. 34/1915, um dýraverndun, numin úr gildi. 179 gr. hgl. 1940 er sama efnis og 1. gr. l. 34/1915, þegar frá eru skilin refsimörk. Var hér tekin sama stefna

við setningu hgl. 1940 og við setningu refsilaganna frá 1869 að því leyti, að rétt þótti, að megin-refsiboði um illa meðferð á dýrum væri skipað í alm. hegningarlög.

Eftir 1940 er ekki sýnilegt, að efni, er varða dýraverndarlög í þrengri skilningi orðs, hafi sætt afskiptum Alþingis.

Utan vébanda dýraverndarlaga hafa verið sett ýmis ákvæði í lög og stjórnvaldsreglur, er stuðla að verndun dýra, þótt ákvæði þessi kunni öðrum þræði að vera af öðrum rótum runnin. Skal drepið hér á nokkur þeirra ákvæða, og verður sú talning þó ekki tæmandi.

Skepnufellir hefur löngum verið landlægur á Íslandi, og veldur margt því. Á síðara hluta 19. aldar kom upp hreyfing um það að setja lög, er skylduðu menn til að haga ásetningi búpenings eftir heyforða sínum og tryggja eftirlit með því, að menn skeyttu slíku boði. Fyrstu lögin um þetta efni eru frá 12. jan. 1884, nr. 3, *lög um horfelli á skepnum*. Ný lög voru sett 26. febr. 1898, nr. 5, og enn komu lög um þetta efni árið 1900, nr. 7. Í þessum þrennum lögum var fyrirsögninni „um horfelli á skepnum" haldið, en með l. 44/1913 var horfið frá þeirri ömurlegu fyrirsögn, og báru lögin frá 1913 heitið „um forðagæzlu". Ákvæði um þessi efni eru nú í VII. kafla l. nr. 19 22. marz 1948, um búfjárrækt, og nefnist kaflinn „um forðagæzlu og fóðurbirgðafélög". Löggjöfin um horfelli á skepnum og um forðagæzlu hefur tekið stórfelldum stakkaskiptum á tímabilinu frá 1884 til 1948. Hafa breytingarnar allar hnigið í eina átt, að síaukinni skyldu fyrir eigendur gripa til að tryggja skepnum fóður og að virkara eftirliti með því, að lagaboð þessi séu virt. Enn má geta þess, að yfirvöld hafa nú rýmri heimild til ýmiss konar aðgerða og ráðstafana út af brotum á lögunum en var eftir upprunalegu lögunum. Orkar ekki tvímælis, að stórmikið hefur áunnizt á vettvangi þeim, er löggjöf þessi tekur til, á því 70 ára skeiði, sem löggjöfin grípur yfir.

Þá má geta hér löggjafar um *útflutning hrossa*, er fyrst var sett 1907, sbr. l. nr. 73 22. nóv. þ. á. Var þar mælt fyrir um hæfilegan aðbúnað að hrossum, sem ætluð voru til útflutnings, bæði meðan þau biðu skiprúms og einkum á skipi, svo sem um geymslurúm fyrir hross, um viðhlítandi fóður og vatn, um loftræstingu, um hirðingu hrossa o. fl. Lögum þessum var breytt 1915 og 1930, og núgildandi lög um efnið eru nr. 50 23. júní 1932. Lög þessi gegndu á sínum tíma merku mannúðarhlutverki, en breyttir búskaparhættir hafa valdið því, að þeirra gætir lítið nú.

Enn má hér geta laga um *gelding húsdýra*, nr. 123 27. des. 1935. Lög þessi áttu erfitt uppdráttar á Alþingi á sínum tíma, því að frv. til laganna voru lögð fram á þingunum 1931, 1932, 1933 og loks 1935, þar sem frv. var að lokum samþykkt. Lög þessi áskilja, að dýralæknar framkvæmi geldingu á húsdýrum, sem eldri eru en veturgömul. Löggilda mátti þó sérstaka geldingarmenn til að annast þessa umsýslu. Þau málsefni, sem lög þessa fjalla um, varða beinlínis dýravernd, og er að jafnaði fjallað um þau í almennum dýraverndarlögum.

Í *lögreglusamþykktum* eru oft tekin ákvæði, sem lúta einum þræði að dýravernd. Til dæmis má greina nokkur ákvæði lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2/1930, ásamt síðari breytingum. Í 52. gr. samþ. er lagt bann við notkun meiddra hrossa eða svo horaðra, að þau séu þróttvana. Í 55. gr. er bannað að berja hross með öðru „en þar til gerðum keyrum eða ólarsvipum". Bannað er að slá hesta í höfuð, fætur eða nára. Vagnhlass má ekki vera þyngra en svo, „að hestum veiti létt að draga það". Í 60 gr. er loks lagt bann við að flytja kindur bundnar í vögnum um bæinn, og gegnir hinu sama um geitfé.

Svipuð ákvæði eru í lögreglusamþykktum ýmissa annarra kaupstaða, svo og að nokkru í lögreglusamþykktum sýslufélaga.

Í öðrum stjórnvaldsreglum, svo sem fjallskilareglugerðum, kunna og að vera ákvæði, er varða dýravernd með nokkrum hætti, þótt það verði ekki rakið hér.

Þá má hér minna á ákvæðið í 9. gr. *umferðarlaganna*, nr. 24 16. júní 1941, sem leggur skyldu á þann, „sem viðriðinn er slys eða verið hefur sjónarvottur að því",

að skýra lögreglumönnum, er hafa aðsetur næst vettvangi, frá slysi, ef meiðsl hafa orðið m. a. á dýrum.

Að lokum má drepa hér á lög um *ítölu*, nr. 85/1943, sem að vísu eru reist fyrst og fremst á búskaparlegum sjónarmiðum, en stuðla að hæfilegri beit fyrir fénað. Að því leyti fullnægja lögin dýraverndarkröfum. Um ítölu voru ákvæði þegar í Grágás og Jónsbók.

Í þessu yfirliti er ekki fjallað um löggjöf um friðun fugla og dýra. Dýravernd og dýrafriðun eru að vísu náskyld atriði, en þó er að jafnaði glöggur munur á þessu tvennu, þótt það verði ekki rakið hér.

II.

Eftir þenna almenna inngang um lög, er lúta að dýravernd, og þróun þeirra, verður næsta verkefni að hyggja að því, hvort íslenzk lög um þetta efni séu fullnægjandi frá formlegu og efnislegu sjónarmiði.

A. Réttarsaga dýraverndarlaga leiðir í ljós, að ýmist er höfuðrefsiboði um illa meðferð á dýrum skipað í almenn hegningarlög eða í sérrefsilög. Op. bréf 29. ág. 1862 var vitaskuld sérrefsilög, er hgl. 1869 námu það lagaboð úr gildi. 299. gr. hgl. 1869 var síðan afnumin með dýraverndunarlögunum frá 1915, en höfuðákvæði þeirra laga, 1. gr., var afnumið með hgl. 1940, og í þess stað kom 179. gr. þeirra laga. Eftir gildistöku hgl. 1940 er lagaaðstaðan sú, að meginákvæðið um illa meðferð á dýrum er í 179. gr. hgl., en jafnframt eru enn í gildi nokkur ákvæði í dýraverndunarlögunum frá 1915. Ýmis rök mæla með því að skipa meginrefsiákvæði um illa meðferð á dýrum í alm. hgl. Með þeim hætti er lögð aukin áherzla á refsinæmi þessa brots, því að yfirleitt telur almenningur þau brot stórfelldari, sem fjallað er um í alm. hgl. en sérrefsilögum. Er full ástæða til að leggja áherzlu á refsinæmi brota þeirra, sem hér ræðir um, og e. t. v. eru meiri líkur á því, að almenningur kynnist ákvæðum alm. hgl. en ákvæðum sérrefsilaga. Þá eru nokkur almenn ákvæði í alm. hgl. einskorðuð við brot, sem lúta almennri hegningarlöggjöf, svo sem ákvæðin um saknæmi, tilraun, hlutdeild og sakarfyrningu, og verður þeim ekki beitt um sérrefsilagabrot, nema skilmálum fullkominnar lögjöfnunar sé fullnægt. Getur verið hagfellt að búa svo um, að unnt sé að beita ákvæðum þessum beinlínis um illa meðferð á skepnum. Á hitt er þó að líta, að ákvæði í alm. hgl. um þetta brot hljóta jafnan að vera mjög almenns efnis, því að ókleift er að sérgreina það þar, í hverju sú meðferð á dýrum, sem telja verður illa og óhæfilega, sé fólgin. Ákvæði í alm. hgl. um þetta efni verða því lítið meira en eyðuákvæði, umgerð, sem sérlög fylla síðan út í. Er því þörf á sérlögum samhliða hegningarlagaákvæðinu, og varða þau sérlög þá meiru um ákvörðun á inntaki brotsins en hegningarlagaákvæðið. Við þetta bætist svo, að þarflegt er að skipa ákvæðum um réttaratriði eins og dýravernd í heildarlög, enda er jafnan nokkur hætta á lagaflækjum, ef ákvæði um sama efni eru sett í mismunandi lagaboð. Af þessum sökum er lagt til í frv., að horfið verði að því ráði að afnema 179. gr. hgl. og setja heildarákvæði um dýravernd í einn bálk.

B. Höfuðákvæði laga um dýravernd hér á landi eru fullra 30 ára að stofni til. Horf almennings til dýraverndar hefur ugglaust breytzt nokkuð á þessum árum, og er þess að vænta, að þróunin stefni að aukinni samúð með skepnum og auknum kröfum um góðan aðbúnað að dýrum. Gerir þetta breytta viðhorf það æskilegt, að auknar séu kröfur til forráðamanna dýra um bætt atlæti við dýr og til alls almennings um siðlega umgengnishætti við dýr. Lagaframkvæmdin, svo sem henni er lýst af löggæzlumönnum þeim, er sýslað hafa mest um lagavörzlu á þessum vettvangi, sýnir og, að dýraverndarlögum vorum er ábótavant í ýmsu. Loks má geta þess, að grannþjóðirnar á Norðurlöndum hafa tiltölulega nýlega sett sér dýraverndarlög, sem leggja öll auknar skyldur á menn í umgengni þeirra við dýr. Norðmenn lögtóku dýraverndarlög 1935 (7. júní, nr. 13), og sættu þau allverulegum breytingum 1951 (29. júní, nr. 23). Sænsku dýraverndarlögin eru frá 1944, en hin dönsku

frá 1951. Hafa þessi lög ásamt þýzkum lögum verið drýgsta fyrirmyndin fyrir ákvæðum frumvarpsins.

Að öðru leyti orkar ekki tvímælis, að íslenzk dýraverndarlög þarfnast umbóta í ýmsum greinum. Verður það nú rakið að nokkru.

1. Íslenzk dýraverndunarákvæði lýsa að sönnu refsiverða illa meðferð á skepnum (athyglisvert er, að ekki er til, svo að kunnugt sé, orð eða heiti á íslenzku yfir „dyrplageri“ á Norðurlandamálum). En íslenzk lög lýsa því ekki náið sé sérgreina, í hverju sú háttsemi sé fólgin, sem talin verði ill og lögum andstæð. Dómstólum er ætlað að meta þetta hverju sinni. Dómstólarnir hljóta í úrlausnum sínum að taka mjög mið af viðhorfi almennings til þessara efna, en annars felur ákvæði 179. gr. hgl. í sér mikla svigrúms- eða matsreglu („legal standard“). Telja verður, að heppilegra sé að lýsa því allnáið í lögum, hver meðferð á skepnum sé ólögmæt. Almenningi verður þá ljósara, hver víti beri að varast. Réttarvörzluaðiljar munu hafa betri tök á að fylgja lögum eftir við þá hætti en ella, og lögskýringar ættu að verða auðgreiddari.

Í frv. þessu er allmikið af brýnum og sérgreindum bannákvæðum, sbr. einkum 2., 4., 5. gr. og ýmis ákvæði í II. og III. kafla.

Bannákvæði þessi eru talsvert víðtækari og a. m. k. sérgreindari en í gildandi lögum. Má í því sambandi benda á 4. gr. frv., er leggur að vissu marki bann við því að temja dýr eða aga í því skyni að sýna þau almenningi eða í þágu kvikmyndunar. Sama ákvæði reisir og skorður við dýrasýningum og stofnun dýragarða hér á landi. Í 5. gr. frv. er lagt bann við að eyrnamarka fé með þeim hætti, að meira en helmingur eyrans sé numinn brott. Samkvæmt II. kafla er öðrum en dýralæknum yfirleitt bannað að framkvæma aðgerðir á dýrum, og í 10. gr. er lagt bann við stertstýfingu á hrossum og stýfingu á hala á kúm eða eyrum og rófu á hundum. Í III. kafla er áskilið leyfi til notkunar dýra í vísindalegum tilgangi o. s. frv.

2. Íslenzk dýraverndarákvæði eru að vísu ekki eingöngu bannlög, heldur geyma þau og ýmis boð til borgaranna. Má þar einkum nefna 2. gr. l. 34/1915, er býður þeim, sem eiga skepnur, að hafa næg hús fyrir þær allar. Enn fremur er það ótvírætt, að ýmiss konar vanhirða í sambandi við skepnur getur verið refsiverð samkvæmt almenna ákvæðinu í 179. gr. hgl. — svo að sá getur sætt refsingu, sem vanrækir jákvæð úrræði. Ætla verður þó, að enn gæti þess viðhorfs um of í íslenzkri löggjöf um dýravernd að *banna* tiltekna meðferð á dýrum, en síður sé hirt um að *bjóða* eigendum dýra eða öðrum, sem eru í tengslum við dýr, að hefjast handa um beinar ráðstafanir til umönnunar dýrum. Í þessu frv. er allmikið af ákvæðum, sem stuðla að jákvæðum úrræðum gagnvart dýrum. Í 1. gr. frv. segir, að mönnum sé skylt að fara vel með dýr, svo að þau þjáist ekki að nauðsynjalausu. Þetta ákvæði sýnir þegar lagastefnuna, og er ekki eingöngu fólgið í því bann gegn óhæfilegri meðferð á dýrum, heldur og boð um viðhlítandi umönnun og aðbúnað að dýrum. Af öðrum ákvæðum, er skylda til umönnunar, má nefna 2., 6., 7. gr. og ýmis ákvæði IV. kafla frv. Sum þessara ákvæða leggja á menn umönnunarskyldu, þegar sérstaklega stendur á, sbr. 6. og 7. gr., en önnur fella á almenna skyldu til umönnunar. Rétt er enn í þessu sambandi að vekja athygli á mismuni þeim, sem er á 2. gr. l. 34/1915 og 2. gr. þessa frv. Fyrra ákvæðið skyldar eigendur skepna til að „hafa næg hús fyrir þær allar“. Í 2. gr. frv. eru kröfur til forráðamanna dýra ekki einskorðaðar við það, að húsakostur sé nægur, heldur skal hann einnig vera skjólgóður, og er skylt að ræsta slíka staði með viðunandi hætti.

3. Í íslenzk lög skortir ákvæði, er áskilja almennt, að dýralæknar einir megi framkvæma aðgerðir á dýrum, svo sem er víðast hvar erlendis. Einu ákvæðin hér á landi um þetta efni eru í l. 123/1935, um gelding húsdýra. Þau lög taka raunar hvorki til allra þeirra dýra, sem frv. þessu er ætlað að taka til, né til allra þeirra læknisaðgerða, sem þörf er að láta um mælt. Í 9.—11. gr. frv. eru settar fyllri reglur til muna um þetta efni en þær, sem eru í gildandi lögum.

4. Enn má geta þess, að í íslenzkum lögum eru ekki ákvæði um notkun

dýra við vísindalegar rannsóknir. Hefur þótt þörf á því víðast hvar erlendis að áskilja leyfi í þessu sambandi. Hér á landi hefur notkun dýra í þessu skyni farið mjög í vöxt hin síðari ár, og þykir nauðsynlegt, að nokkurt eftirlit sé haft með þess konar starfsemi. Er þá tryggilegast að áskilja, að opinber leyfi þurfi til að koma, svo að lögmætt sé að nota dýr í þessum tilgangi. Í 12. gr. frv., sbr. 13. gr. er lagt til, að þessi leið sé farin hér á landi.

5. Ákvæði um réttarvörzlu í sambandi við dýraverndarlög eru fá í íslenzkum lögum, þegar frá eru skilin ákvæði í lögum um forðagæzlu. Í IV. kafla frv. er m. a. lagt til, að lögreglustjóri geti skyldað aðilja, að viðlögðum dagsektum, að bæta úr því, sem lögreglustjóri telur ábótavant um meðferð á dýrum. Ef aðili skipast ekki við fyrirmæli lögreglustjóra, er heimilt að framkvæma ráðstafanir á kostnað aðilja, sbr. 14. gr. frv. Í 15. gr. eru ákvæði, er skylda dýralækna eða löggæzlumenn til tiltekinna aðgerða við dýr, sem eru sjúk eða slösuð, og 16. gr. leggur almenningi á herðar vissar skyldur gagnvart dýrum, sem svo er farið.

6. Refsiákvæði í gildandi lögum um dýravernd eru að vísu framt að því fullnægjandi. Er 18. gr. frv., er fjallar um refsiviðurlög, að mestu í samræmi við gildandi lög. Hitt er mikill galli, að í íslenzk lög skortir brýn ákvæði, er geri kleift að svipta menn heimild til að sýsla um dýr, enda hafi aðili gerzt sekur um brot á dýraverndarlögum. Í 19. gr. frv. þessa er lagt til, að slík heimild sé lögfest.

Í sambandi við refsiviðurlög hefur þótt rétt að heimila í 20. gr. frv. að leggja refsiábyrgð á foreldra eða aðra forráðamenn barna, ef brot, sem börn þeirra undir 15 ára aldri fremja, er framið með vitund þeirra.

7. Í gildandi lögum eru ekki sérstök ákvæði um stjórn dýraverndarmála. Rétt hefur þótt að setja ákvæði um það efni í 17. gr. frv. Er þar m. a. lagt til, að stofnuð verði sérstök dýraverndarnefnd, er aðstoði menntamálaráðuneyti um stjórn þessara mála.

8. Þess var getið hér fyrr, að með frv. þessu er reynt að sérgreina það frekar en nú er gert, hvaða meðferð á dýrum sé ill og óhæfileg. Ekki verður þó jafnan hjá því komizt að lýsa kröfum laga í þessu efni með almennu orðalagi, er veitir eingöngu svigrúm til mats, og eru dæmi þessa fjölmörg í frv. Verða dómstólar að lokum að meta þetta efni, en þeim er rétt að leita álits dýralækna og dýraverndarnefndar um þessi atriði, og kæmi raunar til greina, að héraðsdómari kveddi kunnáttumenn til samdómendastarfa í slíkum sökum, ef mat væri sérstaklega vandasamt.

9. Að lokum er hér rétt að vekja athygli á eftirtektarverðri þróun á vettvangi dýraverndarlaga, er varðar mat manna á þeim hagsmunum, sem slíkri löggjöf er ætlað að vernda. Lagarök fyrir ákvæðum fornra laga um áverka á dýrum eru bersýnilega þau, að þörf þykir að heita eignarrétti manna að dýrum lagavernd. Á þessu þróunarstigi eru refsilög frá 1869 að nokkru leyti, þar sem 299. gr. þeirra er skipað í kafla með fyrirsögninni: „Um það, er menn ónýta eða skemma eigur annarra, og um illa meðferð á skepnum.“ 178. gr. hgl. 1940 er hins vegar skipað í XIX. kafla þeirra laga, sem nefndur er: „Ýmis brot á hagsmunum almennings.“ Þessi kaflaskipting er reist á því sjónarmiði, að það séu almennings hagsmunir, sem verið sé að vernda með ákvæðum um illa meðferð á dýrum og það séu þessir hagsmunir, sem ráði því, að slík háttsemi sé lýst refsinæm. Hugsunin mun vera hér sú, að mannúðar- og samúðarkenndir manna krefjist viðurlaga gegn þeim, er sekir verði um ósæmilega meðferð á skepnum. Samkvæmt því er það þessi tilfinningaræna afstaða almennings, sem rótgróin er í réttarvitund manna, sem er verndarandlag brotsins. Kerfisbinding ákvæðisins gefur á hinn veginn til kynna, að tillitið til eignarréttar þess, sem dýrin á, vegi minna — og má þá raunar benda á, að varhugavert er að draga víðtækar ályktanir af því, hvernig ákvæðum er skipað í einstaka kafla alm. hgl. Á síðari árum hefur afstaða fræðimanna til þessa brots tekið nokkrum breytingum. Menn benda nú á, að lagavernd sú, sem fólgin sé í dýraverndarlöggjöf, sé veitt vegna dýranna sjálfra — hér sé verið að vernda líf og heilsu dýranna og lagaþróunin stefni óðfluga að því að veita a. m. k. þeim dýrum, sem

standa í nánustu tengslum við menn, lagavernd, að því er líf og heilsu varðar. Reki jafnvel að þeirri þróun, að ákvæðum um þetta efni sé skipað með öðrum ákvæðum laga, er varða líf og heilbrigði almennt. Þessi skoðun fær að sjálfsögðu einnig samrýmzt því, að það séu samúðarkenndir manna, er krefjist viðbragða, ef vegið sé ósæmilega að dýrum, og enn, að dýraverndarlöggjöf gegni vissu uppeldishlutverki í þjóðfélagi, þar sem hún orki að sínu leyti á menn til mannúðar og samúðar almennt.

III.

Í frv. er lagt til, að lögin nefnist „lög um dýravernd“ (sbr. lög um „náttúruvernd“), og jafnan er rætt um „dýr“ í lögunum, en ekki skepnur eða gripi, þótt sumir felli sig ekki við heitið dýr í þessu sambandi. Það hugtak er ekki skýrgreint í frv., andstætt því, sem er í 1. gr. sænsku laganna, þar sem segir, að lögin taki til húsdýra og annarra dýra, sem menn hafi að staðaldri í umsjá sinni. Frv. þessu er ætlað að ná til allra dýra, en að sjálfsögðu á önnur meðferð við um t. d. villta refi, minka, rottur og önnur meindýr en húsdýr. Frv. byggir hins vegar á því, að ekki megi selja mönnum sjálfdæmi á umgengni við meindýr, heldur verði þar einnig að gæta vissra lágmarkskrafna.

IV.

Frv. þessu er skipt í 7 kafla. I. kaflinn fjallar almennt um meðferð á dýrum, II. kafli um deyðingu dýra og aðgerðir á dýrum, III. kafli um notkun dýra í vísindalegum tilgangi, IV. kafli um eftirlit með framkvæmd laganna o. fl., V. kafli um stjórn dýraverndarmála, VI. kafli um refsingu og önnur viðurlög við brotum og VII. kafli um gildistöku laganna o. fl.

Skal nú vikið lítillega að hverjum einstökum kafla og hverri grein frv.

Um I. kafla.

Hér eru meginákvæðin um það, hver meðferð dýra sé ill og óhæfileg og hverjar skyldur hvíli á mönnum til umönnunar. Utan I. kafla eru þó ýmis ákvæði, er lúta að þessum efnum, sbr. t. d. ákvæði II. kafla og IV. kafla.

Um 1. gr.

Ákvæði þetta er mjög víðtækt og felur í sér stefnuyfirlýsingu um dýravernd.

Þess er fyrr getið, að 1. gr. lætur ekki við það sitja að banna illa meðferð á dýrum, heldur geymir hún jákvætt boð um, að menn fari vel með dýr. Brot á ákvæðinu geta bæði verið fólgin í jákvæðri athöfn og í athafnaleysi. Dæmi hins fyrra er það, að menn sparki í dýr eða hrindi þeim eða valdi þeim sérstökum og þarflausum sársauka með annarri beinni athöfn, svo sem með stungum eða ertingum. Að sjálfsögðu er ákvæðið ekki einskorðað við það, að skert sé líkamlegt heilbrigði dýra, heldur tekur ákvæðið einnig til þess, er raskað sé sálrænu heilbrigði dýra. Maður, sem t. d. gerði sér leik að því að hrekkja skepnur með því t. d. að gera þeim bilt við, gæti bakað sér refsingu fyrir brot á þessu ákvæði. Aðgerðarleysisbrot á 1. gr. eru einkum fólgin í ýmiss konar skorti á umönnun.

Allmikil brögð eru að því hér á landi samkvæmt upplýsingum löggæzlumanna, að ölvaðir menn ríði hestum. Orkar ekki tvímælis, að hestum er oft bökuð þjáning með því lagi. Getur sú háttsemi varðað við 1. gr. Slík meðferð á hestum stofnar oft og einatt umferðaröryggi á alfaraleiðum í hættu. Á sá þáttur undir umferðarlöggjöf og áfengislöggjöf, þótt sérákvæði séu ekki nú í slíkri löggjöf um þessi efni.

Hvort sem brot er fólgið í athöfn eða athafnaleysi, verður að gæta þess, að 1. gr. er almennt ákvæði, sem hlýtur að þoka fyrir sérákvæðum, sem við kunna að eiga um háttsemi, svo sem 2.—5. gr. o. fl. Ákvæði 9. gr. l. 24/1941 (umferðarlaga) verður og að telja sérákvæði andspænis 1. gr. frv., en þó er ekki útilokað að beita ákvæðum 1. gr. frv. eða öðrum ákvæðum þess auk 9. gr. umfl., sbr. hér til hliðsjónar sakarefnið í hrd. V/43. 1. gr. þessa frv. og 2. gr. virðast einnig eiga að þoka fyrir

sérákvæðum laga um forðagæzlu, sbr. hrd. III/96, þar sem hérd. refsaði manni fyrir vanfóðrun búpenings eftir 1. og 2. gr. dýraverndunarlaga 34/1915, en Hæstiréttur refsaði samkv. 2. mgr. 11. gr. laga 44/1913, um forðagæzlu.

Hvorki 1. gr. frv. né önnur ákvæði þess lúta sérstaklega að veiði dýra, veiðitækjum og veiðiaðferðum. Í l. nr. 63/1954, um fuglaveiðar og fuglafriðun, eru sérákvæði um þetta efni, að því er fugla varðar, og í l. 112/1941 er mælt um veiði lax og silungs. Í tilsk. um veiði frá 1849 og öðrum veiðilögum er fátt ákvæða um þetta efni. Horf þessa frv. til veiði er það, að meta verði eftir almennum sjónarmiðum og hverju sinni, hvort tilteknir veiðihættir feli í sér illa meðferð á dýrum að nauðsynjalausu (svo sem ef bogar eða snörur eru notaðar eða eitur). Er ekki útilokað að beita 1. gr. frv. um þessi efni. Við heildarendurskoðun á veiðilöggjöf er æskilegt, að fjallað sé í heild um þær veiðiaðferðir, sem ástæða þykir til að útrýma.

1. gr. býður mönnum að umgangast svo dýr, að þau þjáist ekki *að nauðsynjalausu*. Frv. stemmir að sjálfsögðu ekki stigu fyrir því, að menn noti dýr með ýmsum hætti í þágu sína. Óhjákvæmilegt er, að slík notkun dýra geti verið þeim nokkur þolraun eða þrekraun eða að hún geti fólgið í sér frelsisskerðingu. Hér leikast oft á tvenns konar hagsmunir, annars vegar lögleyfð not af dýrum og hins vegar tillitið til dýranna sjálfra. Við virðingu á því, hvort vegið sé gegn boði 1. gr., er einkum á það tvennt að líta, að sum notkun dýra er andstæð lögum, og í annan stað verður jafnan að gæta þess við þau not, sem lögleyfð eru, að þjáningar, sem menn baka dýrum, eru því aðeins réttmætar, að þær verði ekki umflúnar, ef ná á þeim tilgangi, sem að er stefnt með notunum. Ónauðsynlegt kvalræði er hins vegar ólögmætt, t. d. ef menn nota beizli eða reiðver á hest, sem særir hann eða þjáir.

Ljóst er, að 1. gr. frv. og önnur ákvæði þess eiga við um fermingu dýra í skip á íslenzku forráðasvæði, þ. á m. í erlend skip. Samkvæmt 4. gr. alm. hegningarlaga taka ákvæði þessi einnig til dýra, sem kunna að vera á erlendum skipum eða loftförum í íslenzkri landhelgi eða lofthelgi. Sjaldnast mun þó verða tilefni til þess fyrir handhafa íslenzkrar lagavörzlu að kanna aðbúnað að dýrum í erlendum skipum eða loftförum.

Um 2. gr.

Ákvæði þetta leggur skyldu á þá, sem eiga dýr eða ráða yfir þeim, að sjá dýrum fyrir viðunandi húsakosti, og enn fremur er skylt að sjá dýrum fyrir nægilegu vatni og fóðri og viðhlítandi umhirðu.

Ákvæði þetta tekur til allra dýra, sem menn hafa undir höndum. Á það auðvitað fyrst og fremst við húsdýr, en einnig við önnur dýr, sem menn varðveita, svo sem t. d. tamin dýr eða fugla, sem menn hafa hænt að sér eða halda föngnum í búri. Dýraverndunarlög 1915 voru og skýrð svo, sbr. hrd. I/74. Ákvæðið á einnig við um dýr, sem notuð eru við vísindalegar tilraunir eða við kennslu o. þ. u. l.

2. gr. leggur skyldu á mismunandi aðilja, eftir því hvort litið er á fyrra eða síðara málslið ákvæðisins. Eftir fyrra málsliðnum hvílir skylda á geysimörgum aðiljum, eiganda dýra eða öðrum rétthafa, en einnig á þeim, er hafa umsjá með dýri, svo sem fjósamönnum, fjármönnum, mönnum, er hirða alifugla eða tækju að sér eldi þeirra, t. d. í fjarveru eiganda o. fl. Ákvæðið á einnig við það tilvik, er dýr hafa verið tekin úr vörzlu eiganda eða annars rétthafa með fjárnámsgerð eða annarri réttargerð — og hvílir þá skyldan á fjárnámshafa undir virku eftirliti fógeta. Eftir síðara málslið 2. gr. hvílir skyldan hins vegar eingöngu á eiganda dýrs eða öðrum rétthafa.

Ákvæðið tekur ekki afstöðu til þess vandamáls, hvort þeir menn, sem hirða eiga dýr samkv. samningi við forráðamenn dýra, geti lagt niður vinnu í verkfalli, svo að hætt sé við, að dýr verði fullkomlega vanrækt. Sömu vandamál geta einnig risið við verkbann. Eðlilegast er talið, að ákvæði um þetta efni séu sett í heildarsamninga verkamanna og atvinnurekenda, en ella í lög um stéttarfélög og vinnu-

deilur, ef samningar takast ekki milli þessara aðilja. Í nýlegum heildarsamningi landbúnaðarverkamanna og atvinnurekenda í Noregi er svofellt ákvæði: „Skylt er að mjólka kýr og veita þeim nauðsynlegustu umhirðu, þótt verkfalli eða verkbanni sé beitt. Ekki má skylda verkamenn til frekari vinnu, meðan á vinnustöðvun stendur.“ Frá sjónarmiði dýraverndar er vitaskuld mjög mikilvægt, að heilbrigði dýra sé ekki stefnt í hættu, þótt verkföll eða verkbönn geysi.

Skyldan samkv. 2. gr. frv. er ekki hin sama eftir fyrra málslið og hinum síðara. Eftir fyrra málslið 2. gr. eru þeir, sem skylda hvílir á, skyldaðir til að sjá svo um, „að dýr fái nægilegt vatn og fóður við þeirra hæfi og viðhlítandi umhirðu“.

Hér er í fyrsta lagi áskilið, að dýr fái nægilegt vatn og fóður við þeirra hæfi. Fæði má hvorki vera óhæfilega lítið að magni til né svo fjörefnasnautt, að dýrið þjáist af þeim sökum. Það verður einnig að vera heilnæmt að öðru leyti og geyma þau fóðurefni, sem nauðsynleg eru fyrir þá dýrategund, sem um er að ræða, eða jafnvel fyrir það tiltekna dýr, sem í hlut á, ef hagir þess eru eitthvað sérstæðir. Um forðagæzlu gilda ákvæði laga nr. 19/1948, VII. kafla, þrátt fyrir lögtöku frv. þessa. Vanfóðrunar dýra gætir að vísu minna nú en áður, en þó hafa hryllileg dæmi um vanfóðrun og vanhirðu komið í ljós nýlega, svo sem lögregluskýrslur í Reykjavík bera með sér.

Ákvæðið áskilur einnig, að dýr skuli hljóta „viðhlítandi umhirðu“. Er þetta nánari áréttíng á almenna boðinu í 1. gr., og má vera, að stundum leiki vafi á því, hvort háttsemi eigi fremur undir 1. gr. en 2. gr. Boð um viðhlítandi umhirðu tekur einkum til ráðstafana, sem nauðsynlegar eru til þess, að dýr haldi heilbrigði og vellíðan. Skylt er t. d. að halda dýri hreinu og eyða lús eða öðrum óhreinindum. Einnig er skylt að járna hesta eða skera klaufir kúa, rýja kindur o. s. frv. Sérstakrar umönnunar er þörf um fengitímann, og þegar dýr bera o. fl. Dýr má ekki reka á þá staði, þar sem ekki er von nægrar beitar, eða á staði, sem eru sérstaklega hættulegir dýrum. Oft væri og óforsvaranlegt að hleypa dýrum út í mikinn kulda. Dýr, sem höfð eru utan húss, verður einnig að hýsa, þegar kólnar í veðri, og smölun fjár verður eigandi eða umráðamaður að hlutast til um með viðhlítandi hætti. Um það efni eru fyrirmæli í fjallskilareglugerðum, sem kunnugt er. Ef aðili rækir skyldu sína samkvæmt slíkri reglugerð, hefur hann jafnaðarlega fullnægt boði 2. gr. frv. um umhirðu, en þó er þess að geta, að frv. þetta er reist á öðrum sjónarmiðum og lagarökum en ákvæði fjallskilareglugerða, svo að ekki er öruggt, að þetta tvennt fari saman.

Boðið í fyrra málslið 2. gr. um hæfilega umhirðu grípur mjög inn í boð síðara málsliðs greinarinnar, er skyldar til að sjá dýrum fyrir hæfilegum vistarverum. Með „hæfilegum vistarverum“ er að sjálfsögðu átt við, að vistarverur séu viðhlítandi miðað við alla hagi dýrs hverju sinni, bæði um stærð, lögun og gerð. Tekið er sérstaklega fram í frumvarpsgreininni, að vistarverur skuli vera skjólgóðar og rúmgóðar, og að sjálfsögðu eiga þær einnig yfirleitt að vera bjartar og hæfilega hlýjar (sbr. hér til hliðsjónar hrd. I/74). Vistarverum dýra verður að haga svo, að öll dýr, sem þar hafast við, geti hvílzt í senn og eigi greiðan aðgang að fóðri og drykk. Stundum er skylt að útbúa hverju dýri stíu eða bás, og svo mætti lengi telja. Þá er einnig boðið í greininni, að ræsta skuli vistarverur dýra með viðunandi lagi.

Þörf mun vera á því að setja nánari stjórnvaldsreglur um vistarverur dýra, sbr. almenna ákvæðið í 21. gr. 1. mgr. frv. Slík ákvæði hafa verið sett í Danmörku, Noregi og Svíþjóð.

Brot á ákvæði 2. gr. frv. varðar sektum samkv. 18. gr. frv. og heimildarsviptingu samkv. 19. gr. frv. eftir atvikum. Einnig er rétt að benda á, að lögreglustjóri getur lagt fyrir hinn seka að bæta úr eða jafnvel hlutazt til um úrbætur á kostnað aðilja, sbr. 3. mgr. 14. gr. frv.

Um 3. gr.

Í þessari grein er talin í 5 töluliðum ýmiss konar meðferð á dýrum, sem er óhæfileg. Ákvæðið í 1. gr. frv. mun að vísu taka til þessarar meðferðar, en gleggra

þykir, eins og lýst er fyrr í greinargerðinni, að sérgreina nokkur tilvik, sem fela í sér óhæfilega meðferð á dýrum. Stöku sinnum kann að vera álitamál, hvort fremur eigi að beita 1. gr. en 3. gr., en dómstólum er ekki skotaskuld að setja landamæri milli greinanna.

1. tl. Samkv. honum er bannað að beita dýr hvers konar bareflum sem er, ef hætt er við, að slíkt spilli heilsu dýra eða valdi þeim miklum sársauka. Flesta hluti má hafa að bareflum í þessu sambandi, og skiptir ekki máli, hver hlutur er notaður. Í lögreglusamþykktum eru ákvæði, er lýsa refsivert að nota ýmiss konar hluti til þess að knýja áfram dýr. Eftir dómvenjum um tengsl milli laga og lögreglusamþykkta mun oft vera unnt að beita báðum þessum ákvæðum, ef háttsemi felur í sér brot á þeim hvorum tveggja. Það er ekki forsenda fyrir því, að 1. tl. verði beitt, að heilsuspjöll hafi orðið eða sársauka sé valdið. Nægilegt er, að háttsemi feli í sér hættu á þessu.

2. tl. Eftir þessum tölulið verður t. d. ekki óheimilt að hefta hesta, en þess verður að gæta, að haft særi ekki hest eða valdi honum ónauðsynlegum kvölum. Einnig verður að gæta þess, að hreyfingarfrelsi dýra sé ekki heft úr hófi, t. d. er óhæfilegt, að því er varðar mörg dýr, að halda þeim í þröngu hólfi, nema sérstakar ástæður réttlæti þá meðferð.

3. tl. Samkv. töluliðnum má ekki ofbjóða vinnuþoli dýra, t. d. með því að setja dýr fyrir óhæfilega þungt hlass eða vinnuverkfæri. Taka verður einnig tillit til aðstöðu til dráttar, svo sem erfiðrar færðar, og einnig til þess, hvort dýr sé þjálfað til vinnubragðanna, sem um er að tefla o. s. frv. Þá verður að gæta þols dýra, þegar þau eru rekin, í hverju skyni sem rekstur fer fram. Þar sem rætt er um það í töluliðnum, að ekki megi ofbjóða þoli með öðrum hætti, er t. d. átt við það tilvik, þegar skepnum er beitt á kappreiðum eða til æfinga og þjálfunar, ef þjálfun er yfirleitt leyfð, sbr. 4. gr. frv.

4. tl. Meðferð sú á dýrum, sem töluliðurinn víkur að, mun að vísu lítt þekkt hér á landi, en rétt þykir að stemma hér á að ósi.

5. tl. Einhver brögð munu vera hér á landi að þeirri háttsemi, sem töluliðurinn lýsir, og þykir rétt að óheimila þá meðferð, enda er hún ónauðsynleg og óhæfileg.

Um 4. gr.

Í grein þessari eru ýmis nýmæli. Þykir ekki þörf á að rökstyðja þau sérstaklega. Ákvæði þessi eru að mestu samhljóða lögum í hinum Norðurlöndunum.

Um 5. gr.

Í fyrra málslið greinarinnar er vikið að eignarmörkun almennt. Getur hún orðið með ýmsum hætti, svo sem með því að festa spjöld eða önnur merki við dýr eða með því að eignarmarka dýrið sjálft á einhvern líkamshluta þess. Mörkun verður jafnan að fara fram á þann hátt, að dýrinu verði sem kvalaminnst, og eru þær aðferðir óheimilaðar með ákvæðinu, sem jafnan hljóta að valda dýri miklu og varanlegu kvalræði. Síðari málsliðurinn fjallar sérstaklega um eyrnamörkun fjár, og óheimilar það ákvæði mörkun, ef meira en helmingur eyra er numinn brott. Ýmiss konar mörk tíðkast hér á landi, sem kunnáttumenn telja kvalafull fyrir skepnur, og er vandséð, að þörf sé að leyfa slík mörk. Að sjálfsögðu á ákvæðið í fyrra tölulið 5. gr. frv. til fullnustu við um eyrnamörk á fé.

Um 6. gr.

Í raun réttri felur 1. gr. frv. í sér boð það, er greinir í þessu ákvæði, en heppilegt þykir að árétta það í sérstöku ákvæði.

Ákvæðið fellir umönnunarskyldu á eiganda eða umráðamann dýrs, en 16. gr. frv. fjallar hins vegar um skyldu annarra manna til umönnunar.

Með boðinu um hæfilega umönnun er m. a. átt við það, að aðili leiti dýri læknishjálpar, ef þörf krefur.

Um 7. gr.

Flutningar á dýrum í bifreiðum og bátum (og jafnvel flugvélum) tíðkast mjög og fara í vöxt. Þykir rétt að setja ákvæði, er skyldi forráðamenn dýra til þess að nota viðunandi farartæki í þessu skyni og tryggja dýrum hæfilega umönnun, þótt ákvæði séu að vísu um þetta í sumum lögreglusamþykktum. Menntamálaráðuneyti er rétt að setja fyllri reglur um þetta efni, samkvæmt heimild 21. gr. frv.

II. kafli.

Hér eru sett ýmis ákvæði um deyðingu dýra og aðgerðir á dýrum. Er hér boðið að leita dýralækna til margra aðgerða á dýrum, og gætir þar nokkuð nýmæla.

Um 8. gr.

Í 3. gr. dýraverndunarlaganna frá 1915, svo sem henni var breytt með l. 31/1922, er ráðuneyti boðið að setja reglugerð um aflífun húsdýra og slátrun búpenings. Ákvæði 8. gr. er nokkru víðtækara. Samkv. 17. gr. 2. málsgr. frv. er ráðuneyti skylt að leita tillagna dýraverndarnefndar, áður en reglugerð er sett. Eftir 2. málsgr. 21. gr. frv. halda stjórnvaldsreglur, sem settar hafa verið m. a. um deyðingu dýra, gildi sínu, unz nýjar reglur eru settar.

Um 9. gr.

Um geldingu húsdýra er fjallað í l. nr. 123/1935, sem fyrr greinir. Ákvæði 9. gr. frv. áskilur atbeina dýralæknis í fleiri tilvikum en lögin frá 1935, og efnisreglum er lítillega breytt frá því, sem þar er. Ekki þykir verða hjá því komizt að veita heimild til að löggilda sérstaka menn til að framkvæma geldingu dýra, þar sem svo hagar til, að örðugt er að ná til dýralækna. 2. málsgr. 9. gr., sem fjallar um þetta efni, er að mestu samhljóða 2. gr. l. nr. 123/1935.

Um 10. gr.

Samkvæmt greininni er óheimilt að stertstýfa hross (andstætt taglstýfingu), halaskera kýr eða stýfa eyru eða rófu á hundum nema rófu á hvolpum, vikugömlum eða yngri. Þessa aðgerð má þó hafa um hönd stöku sinnum af heilbrigðisástæðum. Skal dýralæknir þá framkvæma aðgerð og deyfa dýrið.

Ákvæði þetta mun vera nýmæli. Er höfð hliðsjón af ákvæðum í lögum hinna Norðurlandanna við orðun þess.

Um 11. gr.

Í gildandi lögum skortir almennt ákvæði, er skyldi menn til að leita dýralæknis, þegar framkvæma skal aðgerðir á dýrum, svo sem fyrr greinir. Í erlendum dýraverndarlögum, sem höfð hafa verið til hliðsjónar, eru hvarvetna slík ákvæði. Frá sjónarmiði dýraverndar er mjög mikilvægt, að slík ákvæði séu tekin í lög. Hafa verður þó í huga hérlendis, að sums staðar er mjög örðugt að ná til dýralækna eða feikilega kostnaðarsamt. Höfuðreglan um skyldu manna til að láta dýralækna framkvæma aðgerðir sætir því nokkurri undantekningu eftir frumvarpsgreininni. Þegar sú undantekning á við, er þó áskilið, að leitað sé eftir föngum læknisráða um framkvæmd aðgerðar.

Örðugt er að setja brýnt ákvæði um þær aðgerðir, þar sem áskilja verður atbeina dýralæknis. Frumvarpsgreinin lýsir því svo, að við þær aðgerðir, sem muni væntanlega baka dýri verulega þjáningu, sé skylt að leita dýralæknis. Þetta orðalag mun mega skýra svo, að skylt sé að kveðja dýralækni á vettvang, ef telja verði aðgerð kvalafulla, þegar hún er framkvæmd af ólæknisfróðum manni, þótt aðgerð verði ekki talin kvalafull, ef dýralæknir framkvæmir hana. Þær aðgerðir, sem tíðast koma hér til, eru t. d. ýmiss konar aðstoð við fæðingu eða aðgerð eftir fæð-

ingu, aðgerð að meiri háttar sárum a. m. k., þvagtaka, blóðtaka, opnun á sinaskeiðum og slímholum, aðgerð við kviðsliti, ýmiss konar aðgerðir á höfði dýra, aðgerðir við kýlum, ígerðum og margs konar innanmeini. Allákveðnar reglur munu hafa myndazt um það, í hvaða tilvikum dýralækna sé vitjað hér á landi.

Um III. kafla.

Hér eru nýmæli, er varða notkun dýra við vísindalegar rannsóknir, við kennslu eða framleiðslu lyfja eða við svipaðar aðstæður. Notkun eða beiting dýra í þessu skyni fer í vöxt hér á landi, og er full þörf á, að haft sé eftirlit með þessari starfsemi af hendi almenningsvalds. Í 12. gr. er lagt til, að eftirliti þessu sé svo hagað, að leita þurfi leyfis yfirdýralæknis til þessarar notkunar dýra. Úrlausn yfirdýralæknis má skjóta til menntamálaráðuneytis, er greiðir til fullnustu úr máli. Heimild til málskots hefur sá aðili, sem sætir synjun á umsókn sinni um þessi not dýra, og einnig dýraverndarnefnd eftir þeirri almennu stöðu, sem henni er ætluð í 17. gr. frv.

Leyfi til notkunar dýra t. d. við vísindalegar tilraunir eða rannsóknir má veita tiltekinni stofnun um ákveðið tímabil eða einstökum vísindamönnum. Er það allt of þungt í vöfum, að slíkir aðiljar þurfi að óska leyfis hverju sinni, og er hér átt við fastar rannsóknarstofnanir og viðurkennda vísindamenn.

Um IV. kafla.

Hér eru sett ákvæði um eftirlit með framkvæmd laganna, sbr. einkum 14. gr., og skyldu dýralæknis og löggæzlumanna til að stytta dýri, sem ekki er hugað líf, kvalastundir, eða skyldu til að hlutast til um, að dýralæknir sé kvaddur til dýra, sbr. 15. gr., og um skyldu annarra manna, sem verða varir sjúkra dýra eða slasaðra, til að veita þeim umönnun eða til að deyða dýr, ef annars er ekki úrkosti. Ákvæði þessi eru nokkuð sundurleit, en þeim er það sameiginlegt, að þau fella skyldu til eftirlits eða sérstakrar meðferðar á dýrum á aðra en eigendur dýra eða forráðamenn.

Um 14. gr.

Ákvæði gildandi laga um eftirlit með framkvæmd dýraverndarlaga eru ekki fullnægjandi.

Þegar upp kemur, að aðbúnaði að dýrum sé ábótavant, er vitaskuld unnt að sækja þann, sem ábyrgur er fyrir því, til refsingar. Oft er þó vænlegra til árangurs að leggja fyrir hinn ábyrga aðilja að bæta um og eftir atvikum að orka á hann með tilteknum þvingunaraðferðum til að hlýðnast fyrirmælum. Ákvæði 2. málsgr. 14. gr. veita heimild til að fara þessa leið. Getur lögreglustjóri lagt fyrir aðilja að bæta um fyrirvaralaust eða innan tiltekins tíma og lagt við dagsektir, ef boði er ekki skeytt. Í öðru lagi er lögreglustjóra heimilað í 3. málsgr. að hlutast til um framkvæmd fyrirmæla á kostnað aðilja, ef ekki er skipazt við frumfyrirmæli. Um aðdraganda að því, að fyrirmæli séu gefin, er sett sú regla, að því er tekur til fyrirmæla skv. 2. málsgr., að lögreglustjóri hafi samráð við héraðsdýralækni eða löggiltan dýralækni, áður en fyrirmæli eru sett. Um ráðstafanir samkvæmt 3. málsgr., sem bakað geta aðilja mikið fjártjón, er sett sú sérregla, að lögreglustjóri má ekki leggja í þær ráðstafanir, nema héraðsdýralæknir eða yfirdýralæknir eftir atvikum hafi lýst sig samþykka þessum aðgerðum. Einnig er skylt að veita aðilja færi á að tjá sig um fyrirhugaðar ráðstafanir, áður en þeirra er neytt.

Við setningu ákvæða um þessi efni verður að hafa ýmis sjónarmið í huga. Frá dýraverndarsjónarmiði er oft þörf skjótra úrræða til umbóta, þar sem ella er hætta á, að dýr þjáist um skör fram. Nauðsynlegt er einnig, að unnt sé að taka ákvarðanir með hröðum hætti, svo að réttarvarzla verði virk og fullnægjandi. Þess ber þó að gæta, að ekki sé hrapað að réttarvörzluaðgerðum, svo að þær kunni að baka ríkissjóði bótaskyldu. Mikilvægir eigenda hagsmunir geta verið hér í húfi, og þeirra vegna þarf að vanda til ákvörðunar um löggæzluaðgerðir, einkum ef þær fela í sér

verulegt fjártjón fyrir aðilja. Við orðun frumvarpsgreinarinnar hefur einkum verið höfð hliðsjón af þeim sjónarmiðum, sem nú voru reifuð.

Þótt lög, er varða forðagæzlu, eigi að gilda áfram þrátt fyrir gildistöku frumvarps þessa, verður að telja, að unnt sé að beita úrræðum þessarar greinar í ýmsum efnum til viðbótar við ákvæði þeirra laga.

Um 15. gr.

Fyrri málsgrein fjallar um það, að dýralæknir er kvaddur til sjúks dýrs eða slasaðs. Ef rannsókn hans leiðir í ljós, að dýri verði ekki hugað líf, er dýralækni skylt að hlutast til um, að dýr sé deytt, enda sé hætt við, að það kveljist mikið ella. Tillit til hagsmuna eiganda þykir hér eiga að ráða því, að rétt sé að heimila eiganda (umráðamanni) að skjóta ákvörðun dýralæknis, sem ekki er embættislæknir, til héraðsdýralæknis eða eftir atvikum til yfirdýralæknis, ef fyrirlags þeirra verður leitað með skjótum hætti eftir aðstæðum. Ef héraðsdýralæknir hefur mælt fyrir um deyðingu dýrs, verður að hlíta henni samkvæmt þessu, og verður henni ekki skotið til æðra setts dýralæknis.

Ákvæði fyrri málsgreinar 15. gr. er í samræmi við hliðstætt ákvæði í norsku dýraverndarlögunum. Samkv. dönsku lögunum er hins vegar skylt að skjóta máli til dómstóla, áður en dýr er deytt, ef eigandi dýrs eða umráðamaður er andvígur því, að dýri sé fargað. Fyrirkomulag dönsku laganna þykir of brotamikið, enda má vænta þess, að dýralæknir hafi betri tök á að meta nauðsyn þess, að dýr sé deytt, en dómstólar. Auk þess fer allt of mikill tími í að fá úrlausn dómstóla um þetta efni — og er varhugavert frá dýraverndarsjónarmiði að tefja fyrir því, að skjót úrlausn fáist. Þykir því rétt að una hér við úrlausnir dýralækna, eins og rakið er í greininni.

Í 2. málsgr. er fjallað um það tilvik, er lögreglumaður verður þess áskynja, að högum dýrs er svo farið, sem í 1. málsgr. segir. Ber honum þá að kveðja til dýralækni. Ef dýralæknir telur, að dýr skuli deyða þegar í stað, skal beita ákvæðum 1. málsgr. 15. gr. um þá aðstöðu. Nú telur dýralæknir hins vegar, að dýr skuli að vísu deyða, en ekki þegar í stað, og skal þá leita fyrirlags lögreglustjóra. Ber honum að ganga eftir umsögn embættisdýralæknis og kanna viðhorf eiganda (umráðamanns) að öllum jafnaði, áður en hann tekur afstöðu til þess, hvað gera skuli. Nokkur munur er á viðbrögðum samkv. 1. og 2. málsgr. við þá aðstöðu, er dýralæknir telur, að dýr skuli deyða, en ekki þurfi að vinda mjög bráðan bug að því. Hér gefst tóm til að kanna mál betur en við þá aðstöðu, er greinir í 1. málsgr., og þykir rétt að fela lögreglustjóra að rannsaka mál og mæla fyrir um aðgerðir. Svo sem 2. málsgr. er orðuð, leysir lögreglustjóri úr því álitamáli, sem þar er fjallað um, til fullnustu, og eiga dómstólar ekki úrlausn þess máls að svo stöddu.

Um 16. gr.

Hér er fjallað um það tilvik, er maður, sem hvorki er eigandi dýrs né umráðamaður og ekki dýralæknir eða löggæzlumaður, verður var við dýr, sem er sjúkt, lemstrað eða bjargarvana. Leggur greinin honum þá skyldu á herðar að veita dýri umönnun og gera eiganda (umráðamanni), löggæzlumönnum eða dýralæknum viðvart án tafar. Manni er einnig veitt heimild til að deyða dýr í því skyni að stytta því kvalastundir, ef annars er ekki úrkosti. Hér gæti jafnvel verið um skyldu að ræða fyrir manninn. Um viðbrögð dýralæknis og löggæzlumanns fer eftir því, sem mælt er í 15. gr.

Ef maður deyðir dýr samkv. heimild þessarar greinar, er honum jafnan skylt að skýra löggæzlumanni frá því.

Um V. kafla.

Hér eru sett ákvæði um stjórn dýraverndarmála.

Um 17. gr.

Yfirstjórn dýraverndarmála er hjá menntamálaráðuneyti samkv. greininni. Er það ákvæði í samræmi við það, að stjórn friðunarmála almennt hefur verið falin því ráðuneyti með nýjustu lögum um efnið, sbr. t. d. lög um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954, 7. gr., og lög um náttúruvernd, nr. 48/1956, 11. gr. Í Noregi hefur landbúnaðarráðuneyti yfirstjórn dýraverndarmála, og svo mun þessu vera háttað víðar. Í Danmörku sýnist dómsmálaráðuneyti vera falin stjórn þessara mála. Vert er að vekja athygli á því, að yfirdýralæknir hér á landi lýtur landbúnaðarráðuneyti. Þar sem hann á að fjalla samkv. embættisstöðu sinni um ýmsa þætti dýraverndarmála, kann það að valda erfiðleikum í framkvæmd, að dýraverndarmál lúti ekki einnig landbúnaðarráðuneyti. Þá er einnig á það að líta, að við setningu reglugerða eftir dýraverndarlögum — og raunar við framkvæmd laganna ella að vissu marki — reynir talsvert á búnaðarsjónarmið, og er væntanlega séð betur fyrir sérþekkingu á því sviði í landbúnaðarráðuneyti en menntamálaráðuneyti. Gegn þessum sjónarmiðum kemur það, að heppilegt er, að friðunarlöggjöf í heild lúti sama ráðuneyti, enda grípa hin einstöku friðunarlög talsvert hver inn í önnur. Rétt er að benda á, að í 3. málsgrein 9. gr. frv. er gert ráð fyrir, að landbúnaðarráðuneyti setji reglur um efni þau, er greinir í 2. málsgr. 9. gr. frv.

Í Noregi hefur það tíðkazt um nokkurt skeið að skipa dýraverndarnefndir í einstökum héruðum. Hefur það verið verkefni þeirra að hafa vakandi auga á brotum á dýraverndarlögum og eiga frumkvæði að ýmsu því, sem horfa má til framdráttar dýravernd þar í landi. Hafa þessir hættir þótt gefast vel. Við samningu þessa frv. hefur það nokkuð verið hugleitt að koma við svipaðri skipan, einkum í þeirri mynd að fela náttúruverndarnefndum þetta verkefni til viðbótar við störf þau, sem þeim eru ætluð í náttúruverndarlögum.

Af ýmsum ástæðum, sem hér verða ekki raktar, hefur þótt ráðlegra að ætla löggæzlumönnum almennt það verkefni að fylgjast með því, að menn hlíti ákvæðum um dýravernd. Á hinn bóginn eru ýmis atriði við dýravernd sérfræðilegs eðlis, og er hagur að því fyrir það ráðuneyti, sem falin er yfirstjórn dýraverndarmála, að hafa sér við hlið nefnd kunnáttumanna og áhugamanna um dýravernd, þegar til framkvæmdar á lögunum kemur. Er lagt til í 17. gr. frv., að slík nefnd verði skipuð. Hefur hún svipað verksvið að sínu leyti og fuglafriðunarnefnd samkv. 7. gr. laga 63/1954. Benda má þó á, að í 2. málsgr. 17. gr. frv. er vikið sérstaklega að því, að dýraverndarnefnd láti löggæzlumönnum, ákæruvaldi og dómstólum í té umsagnir um málefni, er varða dýravernd, samkv. tilmælum þessara aðilja. Getur verið mjög mikilvægt að fá slíkar umsagnir við meðferð dómsmála eða í sambandi við ákæru máls. Í 2. málsgr. 17. gr. frv. er einnig drepið á það verkefni nefndarinnar, að hún beiti sér fyrir að auka þekkingu manna og skilning á dýraverndarmálum. Er hér einkum höfð í huga ýmiss konar útbreiðslustarfsemi í ræðu og riti, fræðsla í skólum og útvarpi, efling félagsstarfsemi, er lætur sig dýravernd skipta o. fl. Er nauðsynlegt, að nefndin fái nokkurt fé til umráða í þessu skyni, ef henni á að verða verulega ágengt. Geta má þess, að æskilegt er, að lög um dýravernd verði þýdd á eitthvert stórmálanna til dreifingar meðal erlendra manna, er hingað koma.

Dýraverndarnefnd starfar kauplaust. Samkv. 1. málsgr. 17. gr. er hún skipuð kunnáttumönnum og mönnum, sem ætla má, að hafi sérstakan áhuga á dýravernd.

Um VI. kafla.

Hér eru ákvæði um viðurlög við brotum á ákvæðum frv., ef það verður lögtekið. Í þessum kafla felast aðallega tvenn nýmæli. Í fyrsta lagi ákvæði 19. gr., er fjalla um það, að unnt sé að svipta eiganda eða umráðamann dýrs o. fl. heimild til að eiga dýr, nota þau eða hafa í umráðum sínum o. fl. Í öðru lagi er svo ákvæði 20. gr., sem veitir heimild til að fella refsiábyrgð á foreldra eða forráðamenn ósakhæfra unglinga, sem gerast sek um brot á lögunum.

Um 18. gr.

Refsimörk eru svipuð eftir þessari grein og samkv. 179. gr. almennra hegningarlaga, en þau eru hærri til muna en eftir dýraverndunarlögunum frá 1915. Ef brot er stórfellt eða ítrekað, má beita fangelsisrefsingu allt að 2 árum, en samkv. 179. gr. alm. hgl. er refsing fangelsi allt að 1 ári, ef misþyrming hefur átt sér stað. Samkv. þessu felur 18. gr. frv. í sér nokkra hækkun á refsimörkum.

Rétt þykir að mæla svo fyrir, að tilraun til brota og hlutdeild í brotum sé refsiverð.

Um 19. gr.

Þegar aðili hefur gerzt sekur um brot á ákvæðum þessa frv., er oft unnt að beita hann sektarviðurlögum, sbr. 18. gr. Stundum er og kleift að beita dagsektum til þess að knýja aðilja til að láta af ólögmætu ástandi eða bæta úr ófullnægjandi aðbúnaði að dýrum o. fl. Þessi úrræði eru ekki jafnan fullnægjandi. Maður, sem hefur dýr undir höndum í þágu atvinnureksturs síns, hefur gerzt margsekur um illan aðbúnað að gripum sínum. Hætt er við, að mjög sæki í sama farveg, þótt slíkur maður sé beittur sektarviðurlögum eða dagsektum. Tryggilegasta úrræðið og eðlilegasta er þá að svipta hann umráðum yfir dýrum þeim, er hann hefur undir höndum, og fyrirmuna honum til frambúðar að hafa dýr í vörzlum sínum. 19. gr. frv. veitir dómstólum heimild til þess að beita þessu úrræði.

Forsenda fyrir því, að maður verði sviptur heimild til að hafa dýr undir höndum, er fyrst og fremst sú, að hann hafi gerzt sekur um stórfellt eða ítrekað brot á lögum um dýravernd, gildandi lögum eða ákvæðum frv. þessa, ef það verður lögtekið. Tekið er sérstaklega fram, að gerlegt sé að beita sviptingu á heimild til að eiga dýr o. fl., þótt ósakhæfur maður eigi í hlut. Er heppilegt að geta þessa sérstaklega, því að lagareglur um réttindasviptingu almennt eru fjarri því að vera glöggar um þetta efni. Efnislega er brýn þörf á að heimila réttindasviptingu gagnvart ósakhæfum mönnum, þar sem reynslan sýnir, að slíkir menn hafa stundum dýr undir höndum og valda löggæzlumönnum miklum örðugleikum.

Heimildarsvipting sú, sem 19. gr. varðar, er að efni til mjög víðtæk. Svipta má menn heimild til að eiga dýr, nota þau eða hafa í umráðum sínum, verzla með þau, slátra þeim eða sýsla um þau með öðrum hætti. Heimildarsvipting getur einnig lotið að umsýslu um dýr almennt eða um einstakar tegundir dýra, og hún getur staðið mismunandi langan tíma, ýmist ævilangt eða tiltekið tímabil. Ákvæðið er einnig víðtækt að því leyti, að svipta má aðra en eigendur og umráðamenn dýra heimild til þess að eiga dýr og sýsla um þau, t. d. menn, sem fengizt hafa við dýragæzlu eða dýravörzlu á vegum hinna raunverulegu umráðamanna.

Sú réttarfarsregla er sett, að ákæruvald geti ýmist haft uppi kröfu um sviptingu í refsimáli eða sérstöku máli á hendur aðilja. Ef sérstakt mál er höfðað til þess eins að fá úrlausn um kröfu ákæruvalds um heimildarsviptingu, er ljóst, að það mál sætir meðferð opinberra mála, sbr. l. 27/1951 og 22. gr. frv. Rétt er að geta þess, að ákvæði 178. gr. l. 27/1951 eiga við, þegar máli er áfrýjað, þar sem aðili hefur sætt sviptingu heimildar eftir 19. gr. frv. Þykir því ekki þörf á að setja sérákvæði um það efni í 19. gr. frv.

Samkvæmt 2. málsgr. 19. gr. er refsivert fyrir mann, sem sætt hefur heimildarsviptingu, að sýsla um dýr andstætt ákvæði dóms. Er hér lagt til, að hliðstæð regla sé lögtekin eins og er í ýmsum lögum um sviptingu réttinda, svo sem í bifreiðalögum, sbr. 38. gr. l. 23/1941. Refsing er einnig mælt í 2. mgr. 19. gr. á hendur þeim manni, sem veit um heimildarsviptingu og fær allt að einu dómfellda í hendur dýr til umráða. Er full þörf á slíku refsiákvæði.

Um 20. gr.

Hér er veitt heimild til að leggja refsiábyrgð á foreldra eða aðra forráðamenn ósakhæfra barna fyrir brot þeirra á ákvæðum frv. Skilyrði fyrir refsiábyrgð

eru þó allströng. Í fyrsta lagi verður brot að vera framið með vitund foreldra eða forráðamanna og í öðru lagi verður að sanna, að forráðamenn hafi vanrækt að koma í veg fyrir brotið. Með þessu ákvæði er foreldrum og öðrum forráðamönnum skapað nokkurt aðhald um að fylgjast með gerðum barna sinna á þessu sviði. Eru nokkur dæmi þess, að refsiábyrgð sé felld á foreldra eða aðra forráðamenn fyrir yfirsjónir ósakhæfra barna, sbr. t. d. l. 1/1890, 5. gr. um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, sbr. og l. 35/1924 og l. 107/1935 og ýmsar lögreglusamþykktir, sem settar eru með stoð í þessum lögum, sjá einnig almenna ákvæðið í l. 57/1921, 23. gr., um afstöðu foreldra til skilgetinna barna.

Þess má geta, að í dönsku dýraverndarlögunum er ákvæði, sem er sama efnis og 19. gr. frv.

Um VII. kafla.

Hér eru ákvæði, er heimila menntamálaráðuneyti að setja reglugerð um ýmis efni, er varða dýravernd, og enn eru hér ákvæði um rannsókn mála út af brotum á lögunum og um gildistöku laga og brott fallin lög.

Um 21. gr.

Hér að framan er getið ýmissa atriða, sem þörf er á að setja stjórnvaldsreglur um. Vísast til þeirra.

Um 22. gr.

Undantekning frá höfuðreglu 1. málsgr. 22. gr. er einkum fólgin í ákvæði 15. gr. 2. málsgr. og 17. gr. 3. málsgr.

Um 23. gr.

Í almennu athugasemdunum í upphafi greinargerðar þessarar eru reifuð rök fyrir því að fella 179. gr. alm. hgl. brott og einnig fyrir því að láta VII. kafla l. 19/1948 halda gildi sínu. Að öðru leyti gefur greinin ekki tilefni til athugasemda.

Nd. 11. Frumvarp til laga [11. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til skipakaupa, lántöku og sérstakra ráðstafana í útgerðarmálum til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1956.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera fyrir hönd ríkissjóðs samninga um kaup og smíði allt að 15 togara og selja þá við kostnaðarverði eða ráðstafa til útgerðar að fengnum tillögum atvinnutækjanefndar, er skipuð var með bréfi ríkisstjórnarinnar 5. sept. 1956, og eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum.

2. gr.

Til togarakaupa samkvæmt 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt að taka fyrir hönd ríkissjóðs lán allt að kr. 150 000 000.00 — eitt hundrað og fimmtíu milljónum króna — í erlendum gjaldeyri og endurlána það kaupendum togaranna með sömu kjörum og lánið er tekið með erlendis. Má endurlána allt að 85% — áttatíu og fimm af hundraði — af andvirði hvers skips gegn 1. veðrétti í skipinu, sbr. þó 3. gr.

Heimilt er að bjóða út smíði 1—2 þessara togara innanlands og láta smíða þá í landinu, ef byggingarkostnaður þeirra telst viðunandi.

3. gr.

Tillögur atvinnutækjanefndar skulu gerðar með sérstöku tilliti til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Til kaupa á togurum, sem skráðir verða og gerðir út á Vestur-, Norður- og Austurlandi, er ríkissjóði, þrátt fyrir ákvæði 2. gr., heimilt að endurlána allt að 90% af verði hvers skips.

4. gr.

Ríkisstjórninni er, að fengnum tillögum atvinnutækjanefndar, heimilt að setja á stofn sérstaka ríkisútgerð togara í því skyni, að þeir leggi afla sinn á land á Vestur-, Norður- og Austurlandi, sérstaklega á stöðum, þar sem ekki eru fyrir hendi fjárhagslegir möguleikar til þess að kaupa og reka togara, enda sé talið, að skortur á atvinnu á þeim stöðum hamli eðlilegum vexti þeirra. Um ríkisútgerðina fer að öðru leyti eftir lögum um ríkisútgerð togara.

5. gr.

Auk þeirra 15 togara, sem kveðið er á um í 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt að gera fyrir hönd ríkissjóðs samninga um kaup og smíði allt að sex 150—250 tonna fiskiskipa og taka til þess lán fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 15 000 000.00 — fimmtán milljónum króna. Um fiskiskip samkvæmt þessari grein gilda ákvæði þessara laga, eftir því sem við á. Heimilt er að endurlána allt að 80% — áttatíu af hundraði — af andvirði hvers skips.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 5. september 1956 skipaði ríkisstjórnin Gísla Guðmundsson, alþingismann, Birgi Finnsson, forstjóra, og Tryggva Helgason, formann Sjómannafélags Akureyrar, í nefnd til þess að gera tillögur um öflun nýrra atvinnutækja og dreifingu þeirra um landið. Gísli Guðmundsson var skipaður formaður nefndarinnar.

Nefndin (atvinnutækjanefnd) hefur samið frumvarp þetta, og fylgdi því svofelld greinargerð:

Í málefnasamningi, sem birtur var með yfirlýsingu við stjórnarmyndun 24. júlí s. l., er gert ráð fyrir, að ríkisstjórnin „leiti samninga um smíði á 15 togurum og lánsfé til þess". Enn fremur, að skipunum verði „ráðstafað og þau rekin af hinu opinbera og á annan hátt með sérstöku tilliti til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins".

Í samræmi við málefnasamninginn og í samráði við ríkisstjórnina hefur atvinnutækjanefnd samið þetta frumvarp um heimild fyrir ríkisstjórnina til togarakaupa, lántöku og sérstakra ráðstafana í útgerðarmálum til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Hér á landi eru nú gerðir út 43 togarar, 32 byggðir rétt eftir styrjöldina (byggingarár samkv. skipaskrá 1947—1949), 9 byggðir um 1950 (byggingarár samkv. skipaskrá 1950—1952) og 2 gamlir. Þessir 43 togarar skiptast milli útgerðarstaða sem hér segir:

Reykjavík	17	
Hafnarfjörður	6	
Akranes	2	
Patreksfjörður	2	
Flateyri	2	(gamlir)
Ísafjörður	2	
Siglufjörður	2	
Ólafsfjörður	1	

Akureyri	5
Seyðisfjörður	1
Neskaupstaður	1
Austfirðir, sunnanverðir	2

Ólafsfjarðartogarinn er félagseign þriggja kaupstaða norðanlands, Húsavíkur, Ólafsfjarðar og Sauðárkróks, og leggur afla sinn á land til skiptis á þessum stöðum. Togararnir tveir á sunnanverðum Austfjörðum eru félagseign Búðakauptúns, Eskifjarðar og Reyðarfjarðar, og er aflanum skipt milli þeirra staða. Auk þessara 43 togara er einn gamall, kolakyntur togari á skipaskrá í Hafnarfirði. Af þeim 43 togurum, sem gerðir eru út, eru fimm með dieselvélar og 38 með olíukyntar gufuvélar. Stærð skipanna er yfirleitt ca. 650—730 brúttótonn. Einn Akureyrartogarinn, Jörundur, er þó minni, ca. 490 brúttótonn, en gömlu togararnir tveir, sem út eru gerðir, eru innan við 400 brúttótonn (364, 394). Tveir dieseltogarar eru í smíðum erlendis. Annar þeirra, ca. 800 tonn br., verður gerður út frá Neskaupstað og hinn, ca. 900 tonn br., frá Reykjavík.

Ýmsar ástæður eru til þess, að nauðsyn þykir til bera, að aflað verði nýrra togara til landsins. Þörf er á að auka útflutningsframleiðslu landsmanna og þar með árlegar tekjur í erlendum gjaldeyri, jafnframt því sem auka þarf atvinnu við framleiðslu á komandi árum. Ekki verður hjá því komizt að endurnýja togaraflotann smám saman, og þegar litið er á aldur þeirra skipa, sem landsmenn eiga nú, er tímabært, að sú endurnýjun sé hafin. Síðast en ekki sízt er á það að líta, að í sumum landshlutum eru takmarkaðir möguleikar til bátaútgerðar, sums staðar vegna minnkandi afla í seinni tíð á miðum, er fyrrum voru fengsæl. Eru til þess ýmsar ástæður, sem ekki verða raktar hér. Hér á hlut að máli fjöldi útgerðarstaða á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum. Hins vegar hefur þar víða verið komið upp dýrum mannvirkjum til hagnýtingar afla nú undanfarið eða þau aukin, sem fyrir voru, en víða skortir þá afla til vinnslu, a. m. k. hluta úr árinu, en rekstursaðstaða mannvirkja með miklum stofnkostnaði reynist erfið, þegar mikið skortir á, að þau séu fullnotuð. Jafnframt verður þá á slíkum stöðum svonefnt árstíðabundið atvinnuleysi, en þeir, sem tök hafa á, leita atvinnu til fjarlægra landshluta. Er það margra manna álit, að úr þessu verði helzt bætt með því að stofna til togaraútgerðar eða auka hana í þeim landshlutum og á þeim stöðum, sem hér eiga hlut að máli, eftir því sem hafnarskilyrði og aðrir staðhættir leyfa.

En þegar á það er litið, að rekstur togaraútgerðarinnar hefur gengið mjög erfiðlega nú síðustu árin, er þess tæpast að vænta, að nein veruleg aukning togaraflotans eigi sér stað í bráð, nema ríkisvaldið eigi þar verulegan hlut að máli og beiti sér fyrir útvegun skipanna. Þetta virðist nú viðurkennt af mörgum, og m. a. hafa á Alþingi undanfarin ár verið borin fram nokkur frumvörp frá þingmönnum í öllum flokkum, þar sem gert er ráð fyrir aukningu togaraflotans að tilhlutun hins opinbera á einn eða annan hátt.

Á undanförnum árum hafa verið keyptir frá útlöndum eða byggðir innanlands allmargir stórir fiskibátar. Nokkrir þessara báta eru skráðir í fyrrnefndum landshlutum. Hafa þeir nær allir, a. m. k. norðanlands og austan, á vetrarvertíðum leitað til róðra á fiskimiðin suðvestanlands, en lítinn afla lagt á land til vinnslu heima fyrir, nema þá helzt síld til söltunar að sumrinu. Mjög fáir þeirra eru reknir yfir vor- og haustmánuðina. Árlegur úthaldstími þeirra er því að jafnaði 6—7 mánuðir. Bátakaup þessi hafa því ekki notazt svo vel sem ætlazt var til til þess að auka verulega atvinnu og framleiðslu heima fyrir.

Með togarakaupunum fyrri og síðari eftir styrjöldina og tilfærslu síðustu árin hefur rúmlega þriðji hluti hinna nýju skipa, eða nú 16 skip talsins, verið staðsettur og gerður út frá Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum. Er óhætt að segja, að sú ráðstöfun hafi bjargað nokkrum stöðum frá fjárhagslegu hruni, en aðrir hafa notið útgerðar þessara skipa verulega, með því að þeir hafa fengið togaraafla til

vinnslu, einkum nú síðustu árin. Aðalútgerðar- og löndunarstaðir skipanna eru tilgreindir hér að framan. En auk þeirra má nefna Bolungarvík, Hnífsdal og Súðavík, sem fengið hafa togarafisk frá Ísafirði, og Dalvík, sem fengið hefur togarafisk frá Akureyri.

Um almenna þýðingu togaraútgerðar fyrir fiskframleiðslu landsmanna og fiskiðnað tala tölur sínu máli. Togararnir, rúml. 40 talsins, skiluðu á land árið 1955 nær helmingi ársafla landsmanna, þegar síldarafli er undanskilinn, enda eru þeir oftast í samfelldum rekstri allt árið og síður en önnur skip háðir aflabresti á einstökum fiskimiðum. Togararnir gegna alveg sérstaklega því hlutverki að hagnýta djúpmiðin á landgrunninu og hin fiskauðugu mið við Grænland og í Norðurhöfum. Reynslan virðist sýna, að afli á grunnmiðum sé á ýmsum stöðum og tímum of óviss til þess, að byggja megi á þeim afkomu stórra landshluta, hvað sem verða kann með aukinni friðun næst landinu. Reynslan, sem fengin er af rekstri togara vestan-, norðan- og austanlands í 9 ár, hefur leitt í ljós, að rekstursmöguleikarnir í þessum landshlutum séu a. m. k. ekki stórum lakari en á Suðurlandi, a. m. k. ekki þegar búið verður að útgerðinni þar á sama hátt og fyrir sunnan, t. d. að því er varðar skipaviðgerðir, ísframleiðslu o. fl.

Það er álit atvinnutækjanefndar, að þeim togurum, sem heimilað er að kaupa samkvæmt frumvarpi þessu, ef að lögum verður, beri einkum að ráðstafa til útgerðar á Vestur-, Norður- og Austurlandi, og þá með það fyrir augum, að þeir leggi afla sinn á land sem víðast þar sem þess er þörf. Að svo stöddu er nefndin þó ekki reiðubúin til að gera frekari tillögur um skiptingu milli landshluta eða staða, en mun, að undangenginni athugun, væntanlega gera slíkar tillögur til ríkisstjórnarinnar áður en langt líður. Að sjálfsögðu þarf að hlutast til um, að fengið verði álit sérfróðra og reyndra manna um stærð og gerð skipanna. Er ekki ólíklegt, að stærðin þurfi að vera eitthvað mismunandi eftir staðháttum og því hlutverki, sem hverju skipi er ætlað.

Um frv. og greinar þess skal þetta að öðru leyti fram tekið:

Um 1. gr.

Greinin felur í sér heimild til ríkisstjórnarinnar til kaupa á allt að 15 togurum, og er sú tala í samræmi við ákvæði fyrrnefnds málefnasamnings. Er ætlazt til, að skipunum verði á sínum tíma ráðstafað til útgerðar, að fengnum tillögum atvinnutækjanefndar. Áður en slíkar tillögur eru gerðar, þarf það að sjálfsögðu að liggja fyrir, hverjir eru reiðubúnir til að gerast kaupendur slíkra skipa með þeim kjörum, sem heimiluð eru samkvæmt frumvarpinu. Um heimild til ríkisútgerðar nokkurra skipa, ef til hennar þarf að koma, eru sérstök ákvæði í 4. gr. Gert er ráð fyrir, að þau skip, sem seld verða, verði seld með kostnaðarverði.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir, að samið verði um smíði skipanna erlendis, en þó er heimilað að leita tilboða í smíði 1—2 togara hér á landi í tilraunaskyni, með tilliti til þess, að smíði stálskipa er hafin hér, og rétt þykir að athuga, hvort togarasmíð kemur til greina sem verkefni fyrir íslenzkan skipaiðnað eins og sakir standa. Skiptir þá miklu, að verð slíks skips hér yrði álitið sambærilegt við það, sem kostur er á annars staðar.

Gera verður ráð fyrir, að lán til skipakaupanna verði tekið erlendis, og samkvæmt þessari grein er ríkisstjórninni því heimilað að taka allt að 150 millj. kr. lán í erlendum gjaldeyri. Er hér miðað við, að hvert skip kosti 10 millj. kr. til jafnaðar, enda verði þá sum þeirra minni en þeir togarar, sem nú eru í smíðum erlendis. Þá er í greininni gert ráð fyrir, að hið erlenda lánsfé verði endurlánað þeim, sem kaupa skipin, með sömu kjörum og það er fengið, og að almennt megi endurlána sem svarar 85% af andvirði hvers skips. Í 3. gr. er svo heimild til að veita hlutfalls-

lega hærri lán til skipa, sem sérstaklega er ráðstafað með það fyrir augum að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Um 3. gr.

Samkvæmt þessari grein ber atvinnutækjanefnd að gera tillögur sínar með sérstöku tilliti til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, og er hér þrætt orðalag málefnasamningsins frá 24. júlí s. l. Er jafnframt gert ráð fyrir, að til kaupa á togurum til útgerðar á Vestur-, Norður- og Austurlandi megi lána allt að 90% af verði. Eins og áður er fram tekið, telur atvinnutækjanefnd enn ekki tímabært að gera ýtarlegar tillögur um skiptingu skipanna milli landshluta og staða.

Um 4. gr.

Samkv. þessari grein er ríkisstjórninni heimilt að láta gera út togara á vegum ríkisins í því skyni, að þeir leggi upp afla sinn á þeim stöðum á Vestur-, Norður- og Austurlandi, þar sem þess er sérstök, e. t. v. tímabundin þörf, en ekki fyrir hendi fjárhagslegir möguleikar til kaupa og reksturs togara. Nefndin mun að líkindum síðar semja sérstakt frumvarp um ríkisútgerð togara, sbr. síðasta málslið greinarinnar.

Um 5. gr.

Atvinnutækjanefnd er ljóst, að vegna ófullnægjandi hafnarskilyrða á nokkrum stöðum í umræddum landshlutum er hæpið, að löndun úr togurum sé framkvæmanleg þar eins og sakir standa, þótt hennar sé brýn þörf. Með tilliti til þess leggur nefndin til, að heimildarákvæði þessarar greinar verði lögfest og notuð eftir því sem hagkvæmast þykir, að undangenginni rannsókn.

6. gr. og fyrirsögn frv. þarfnast ekki skýringa.

Nd. 12. Frumvarp til laga [12. mál]

um festingu verðlags og kaupgjalds.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1956.)

1. gr.

Á tímibilinu 1. sept. til 31. des. 1956 skal greiða verðlagsuppbót á kaupgjald og laun samkvæmt kaupgjaldsvísitölu 168 að viðbættum 10 stigum. Sömu verðlagsuppbót skal á þessu tímabili greiða á allar aðrar greiðslur, er fylgja kaupgjaldsvísitölu.

2. gr.

Við útreikning á verðgrundvelli landbúnaðarvara 1956 samkvæmt II. kafla laga nr. 94/1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., skal miða laun bónda og verkafólks hans í verðgrundvellinum við kaupgjaldsvísitölu 168 að viðbættum 10 stigum.

Verðgrundvöllur sá, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar, gildir fyrir tímabilið 1. sept. til 31. des. 1956.

3. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal, er það á hausti 1956 reiknar nýtt heildsöluverð á landbúnaðarvörum og smásöluverð á vörum, sem eigi er á heildsöluverð, miða við kaupgjaldsvísitölu 168 að viðbættum 10 stigum, að því er varðar launakostnað við vinnslu og dreifingu þeirra vara.

Ákvarðanir framleiðsluráðs landbúnaðarins um smásöluálagningu á heildsöluverð landbúnaðarvara haustið 1956 skulu háðar samþykki ríkisstjórnarinnar.

4. gr.

Bannað er til 31. des. 1956 að hækka söluverð innanlands á öllum vörum í heildsölu og smásölu, svo og á hvers konar verðmæti og þjónustu frá því, sem var 15. ágúst 1956. Bann þetta tekur þó ekki til þeirrar verðhækkunar vöru, sem jöfnuð kann að verða með niðurgreiðslu á verði annarrar vöru samkvæmt 6. gr. laganna.

Verðgæzlustjóri hefur eftirlit með því, að ákvæði 1. mgr. þessarar greinar séu haldin.

5. gr.

Innflutningsskrifstofan getur veitt undanþágu frá banni því, er um ræðir í 1. mgr. 4. gr., ef hún telur verðhækkun algerlega óhjákvæmilega, enda sé hún samþykkt af ríkisstjórninni.

6. gr.

Á tímabilinu til desemberloka 1956 greiðir ríkisstjórnin niður, með fjárframlagi úr ríkissjóði, hækkun þá á verði einstakra landbúnaðarvara, sem leiðir af nýjum verðgrundvelli haustið 1956, þannig að smásöluverð þeirra haldist óbreytt frá því, sem var 1. ágúst 1956. Ríkisstjórnin getur þó, eftir að hafa leitað álits stjórnar Alþýðusambands Íslands og Stéttarsambands bænda, ákveðið minni niðurgreiðslu á einni vöru en sem svarar verðhækkun hennar og þá samsvarandi meiri niðurgreiðslu á annarri vöru, þannig að vísitala framfærslukostnaðar haldist óbreytt frá því, sem ella væri.

Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar taka aðeins til landbúnaðarvara, sem verðskráðar eru af framleiðsluráði landbúnaðarins.

7. gr.

Nú rís ágreiningur um það, hvort greiðsla fellur undir ákvæði 1. gr. þessara laga, eða hvort verð á vöru eða verðmæti fellur undir ákvæði 4. gr. laganna, og skal þá málinu skotið til ríkisstjórnarinnar, sem fellir í því fullnaðarúrskurð.

8. gr.

Fara skal með mál út af brotum gegn lögum þessum að hætti opinberra mála, og varða brot sektum 500—500 000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um festingu verðlags og kaupgjalds.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Félagsmálaráðherra hefur tjáð mér, að vegna atvinnuöryggis í landinu beri nauðsyn til að koma í veg fyrir áframhaldandi hækkun verðlags og kaupgjalds á meðan athugun fer fram á varanlegri lausn efnahagsvandamálanna.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Á tímabilinu 1. sept. til 31. des. 1956 skal greiða verðlagsuppbót á kaupgjald og laun samkvæmt kaupgjaldsvísitölu 168 að viðbættum 10 stigum. Sömu verðlagsuppbót skal á þessu tímabili greiða á allar aðrar greiðslur, er fylgja kaupgjaldsvísitölu.

2. gr.

Við útreikning á verðgrundvelli landbúnaðarvara 1956 samkvæmt II. kafla laga nr. 94/1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., skal miða laun bónda og verkafólks hans í verðgrundvellinum við kaupgjaldsvísitölu 168 að viðbættum 10 stigum.

Verðgrundvöllur sá, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar, gildir fyrir tímabilið 1. sept. til 31. des. 1956.

3. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal, er það á hausti 1956 reiknar nýtt heildsöluverð á landbúnaðarvörum og smásöluverð á vörum, sem eigi er á heildsöluverð, miða við kaupgjaldsvísitölu 168 að viðbættum 10 stigum, að því er varðar launakostnað við vinnslu og dreifingu þeirra vara.

Ákvarðanir framleiðsluráðs landbúnaðarins um smásöluálagningu á heildsöluverð landbúnaðarvara haustið 1956 skulu háðar samþykki ríkisstjórnarinnar.

4. gr.

Bannað er til 31. des. 1956 að hækka söluverð innanlands á öllum vörum í heildsölu og smásölu, svo og á hvers konar verðmæti og þjónustu frá því, sem var 15. ágúst 1956. Bann þetta tekur þó ekki til þeirrar verðhækkunar vöru, sem jöfnuð kann að verða með niðurgreiðslu á verði annarrar vöru samkvæmt 6. gr. laganna.

Verðgæzlustjóri hefur eftirlit með því, að ákvæði 1. mgr. þessarar greinar séu haldin.

5. gr.

Innflutningsskrifstofan getur veitt undanþágu frá banni því, er um ræðir í 1. mgr. 4. gr., ef hún telur verðhækkun algerlega óhjákvæmilega, enda sé hún samþykkt af ríkisstjórninni.

6. gr.

Á tímabilinu til desemberloka 1956 greiðir ríkisstjórnin niður, með fjárframlagi úr ríkissjóði, hækkun þá á verði einstakra landbúnaðarvara, sem leiðir af nýjum verðgrundvelli haustið 1956, þannig að smásöluverð þeirra haldist óbreytt frá því, sem var 1. ágúst 1956. Ríkisstjórnin getur þó, eftir að hafa leitað álits stjórnar Alþýðusambands Íslands og Stéttarsambands bænda, ákveðið minni niðurgreiðslu á einni vöru en sem svarar verðhækkun hennar og þá samsvarandi meiri niðurgreiðslu á annarri vöru, þannig að vísitala framfærslukostnaðar haldist óbreytt frá því, sem ella væri.

Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar taka aðeins til landbúnaðarvara, sem verðskráðar eru af framleiðsluráði landbúnaðarins.

7. gr.

Nú rís ágreiningur um það, hvort greiðsla fellur undir ákvæði 1. gr. þessara laga, eða hvort verð á vöru eða verðmæti fellur undir ákvæði 4. gr. laganna, og skal þá málinu skotið til ríkisstjórnarinnar, sem fellir í því fullnaðarúrskurð.

8. gr.

Fara skal með mál út af brotum gegn lögum þessum að hætti opinberra mála, og varða brot sektum 500—500 000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 28. ágúst 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Hannibal Valdimarsson.

Ed. 13. Frumvarp til laga [13. mál]

um breyting á lögum nr. 88 1953, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1956.)

1. gr.

2. mgr. 5. gr. laga nr. 88/1953 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl., hljóði þannig:

Ríkisstjórnin skipar 4 manna stjórn innflutningsskrifstofunnar til að annast þau störf, sem skrifstofunni eru falin með lögum þessum. Stjórn skrifstofunnar ræður starfsfólk hennar, en tala starfsfólks og kostnaðaráætlun skal háð samþykki ríkisstjórnarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samhljóða bráðabirgðalögum, sem út voru gefin 28. sept. s. l., og lagt fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar. Um ástæður vísast til fylgiskjalsins.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 88 1953, um skipun innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl.

Forseti Íslands

gjörir kunnugt: Viðskiptamálaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að breyta nú þegar lögum nr. 88 1953, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl., á þann veg, að stjórn innflutningsskrifstofunnar verði skipuð fjórum mönnum í stað tveggja áður.

Með skírskotun til framanritaðs eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt heimild í 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

2. mgr. 5. gr. laga nr. 88/1953 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl., hljóði þannig:

Ríkisstjórnin skipar 4 manna stjórn innflutningsskrifstofunnar til að annast þau störf, sem skrifstofunni eru falin með lögum þessum. Stjórn skrifstofunnar ræður starfsfólk hennar, en tala starfsfólks og kostnaðaráætlun skal háð samþykki ríkisstjórnarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ásgeir Ásgeirsson.

Gjört í Reykjavík, 28. september 1956.

Lúðvík Jósefsson.

Nd. 14. Frumvarp til laga [14. mál]

um breyting á lögum nr. 4 31. janúar 1956, um framleiðslusjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1956.)

1. gr.

Aftan við 5. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að gera eftirfarandi ráðstafanir:

1. að greiða úr framleiðslusjóði uppbætur á söluverð síldar, sem söltuð verður árið 1956 norðanlands og austanlands. Uppbætur þessar mega nema kr. 57.50 fyrir hverja útflutta tunnu saltaðrar síldar miðað við 100 kg nettó þyngd. Heimildin er bundin við allt að 250 þús. tunnur;
2. að greiða úr framleiðslusjóði 10 kr. uppbætur á fyrstu 250 þús. mál síldar, sem lögð er á land til bræðslu á Norður- og Austurlandi á árinu 1956;
3. að greiða úr framleiðslusjóði vátryggingariðgjöld af fiskiskipum í einn og hálfan mánuð, er síldveiðar stunda fyrir Norður- og Austurlandi sumarið 1956.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 4 31. jan. 1956, um framleiðslusjóð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að sökum aukins framleiðslukostnaðar við veiði, verkun og vinnslu síldar, sé nauðsynlegt, til þess að hægt sé að stunda þennan atvinnurekstur, að heimila framleiðslusjóði með lögum að hlaupa hér undir bagga á sama hátt og gert er um aðrar útflutningsvörur.

Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til að gera breyting á lögum um framleiðslusjóð, eru hér með samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar gefin út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Aftan við 5. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:
Ríkisstjórninni er heimilt að gera eftirfarandi ráðstafanir:

1. að greiða úr framleiðslusjóði uppbætur á söluverð síldar, sem söltuð verður árið 1956 norðanlands og austanlands. Uppbætur þessar mega nema kr. 57.50 fyrir hverja útflutta tunnu saltaðrar síldar miðað við 100 kg nettó þyngd. Heimildin er bundin við allt að 250 þús. tunnur;
2. að greiða úr framleiðslusjóði 10 kr. uppbætur á fyrstu 250 þús. mál síldar, sem lögð er á land til bræðslu á Norður- og Austurlandi á árinu 1956;
3. að greiða úr framleiðslusjóði vátryggingariðgjöld af fiskiskipum í einn og hálfan mánuð, er síldveiðar stunda fyrir Norður- og Austurlandi sumarið 1956.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 21. júní 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Ólafur Thors.

Sþ. 15. Tillaga til þingsályktunar [15. mál]

um eftirgjöf lána vegna óþurrkanna sumarið 1955.

Flm.: Ingólfur Jónsson, Sigurður Ó. Ólafsson.

Alþingi ályktar að breyta í óafturkræft framlag láni að upphæð kr. 12 509 600.00, sem veitt var til bænda vegna óþurrkanna á Suðvesturlandi sumarið 1955.

Greinargerð.

Óþurrkarnir, sem gengu yfir Suðvesturland sumarið 1955, hafa markað dýpri spor en almennt var gert ráð fyrir. Afurðatjón var mjög mikið af þessum ástæðum, og fjöldi bænda varð að minnka bústofninn vegna lélegra heyja. Reynt var að bæta hin slæmu hey með fóðurbæti. Voru fóðurbætiskaupin þess vegna miklu meiri en nokkru sinni áður. Vegna afurðatjóns og óvenjulegra fóðurbætiskaupa hefur fjöldi bænda safnað skuldum, sem erfitt mun reynast að losna úr. Þegar á þetta er litið með kunnugleika á högum þeirra, sem þetta mál snertir, verður ekki efazt um, að sanngjarnt er að breyta lánsupphæðinni, sem getið er um í meðfylgjandi tillögu, í óafturkræft framlag. Framlag ríkissjóðs var kr. 9 512 000.00 og framlag bjargráðasjóðs kr. 2 997 600.00. Bjargráðasjóður verður að fá sitt framlag endurgreitt, og verður ríkissjóður því að taka að sér greiðslu þeirrar upphæðar.

Sem betur fer, er það sjaldgæft, að tíðarfarið hafi eins gagnger áhrif á efnahag og afkomu fjölmennra byggðarlaga og óþurrkarnir sumarið 1955. Gamlir menn fullyrða, að slíkt sumar hafi ekki komið í hálfa öld.

Nú þegar afleiðingar af þessu einstæða sumri eru fram komnar og vitað er, hverju bændur hafa orðið að kosta til við að bjarga bústofninum, þykir rétt að draga strik yfir það, sem lánað var frá því opinbera, og breyta því í óafturkræft framlag.

Ed. 16. Frumvarp til laga [16. mál]

um breyting á lögum nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Friðjón Skarphéðinsson.

1. gr.

Aftan við 2. tölul. D-liðar 34. gr. laganna komi:

Á hverju þilfarsskipi skal auk venjulegra björgunartækja vera gúmbjörgunarbátur, einn eða fleiri, og skal stærð þeirra miðuð við, að þeir rúmi þá, sem á skipi eru. Skal ráðherra setja í reglugerð fyrirmæli um gerð þeirra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur það hvað eftir annað sannazt, að gúmbjörgunarbátar á skipum gefa mjög aukna möguleika fyrir björgun manna úr sjávarháska. Oft ber svo til, að ekki er hægt að koma út björgunarbátum eða þeir brotna í sjávargangi, og er þá björgun manna vonlaus eða vonlítil, nema fyrir hendi séu önnur björgunartæki. Gúmbjörgunarbátar eru auðveldir í meðförum og fyrirferðarlitlir, þola mikið hnjask og eru yfirleitt mjög handhægir. Fyrir þýðingu gúmbátanna fékkst enn ein sönnun, er brezkur togari fórst í „Húllinu" fyrir nokkrum dögum, og ber mönnum saman um, að gúmbátar þeir, sem togarinn hafði, hafi orðið skipshöfninni til lífs.

Frv. þetta er flutt í samráði við forráðamenn Sjómannafélags Reykjavíkur, sem telja nauðsynlegt að fyrirskipa, að öll þilfarsskip hafi gúmbjörgunarbáta.

Nd. 17. Frumvarp til laga [17. mál]

um breyting á bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941.

Flm.: Skúli Guðmundsson.

1. gr.

Á 36. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. Á eftir 2. málsgr. komi ný málsgrein, þannig:
   Tryggingarfélagi er ekki heimilt að borga skaðabótakröfu samkv. 1. eða 2. málsgr., nema lögreglurannsókn hafi farið fram á því slysi eða tjóni, sem krafan er gerð út af.
2. Næstsíðasta málsgr. orðist svo:
   Tryggingarfélagið hefur endurkröfurétt á hendur tryggingartaka, hafi hann valdið tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi, og er þá skylt að krefja hann um eigi minna en 30% af tjóninu. Endurkröfurétti þessum fylgir lögveð samkvæmt reglunni í 34. gr., síðustu málsgrein, þó þannig, að veðband það, sem um ræðir í þeirri grein, gangi fyrir. Bannað er að kaupa tryggingu gegn endurkröfu vátryggingarsala.

2. gr.

1. málsgr. 39. gr. laganna orðist svo:

Bifreiðarstjóri, sem ekur bifreið undir áhrifum áfengis eða neytir áfengis við bifreiðarakstur, skal sviptur ökuleyfi sínu að fullu. Einnig skal svipta þann ökuleyfi

um ákveðinn tíma, þó eigi skemur en 1 ár, eða fyrir fullt og allt, sem hefur orðið sekur um mjög vítaverðan akstur, eða ef telja verður með hliðsjón af eðli brotsins og öðru framferði kærða sem bifreiðarstjóra varhugavert vegna öryggis umferðarinnar, að hann hafi ökuleyfi. Hafi kærði ekki ökuleyfi, skal í stað ökuleyfissviptingar koma svipting réttarins til þess að öðlast ökuréttindi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Flm. þessa frv. bar fram frv. um sama efni á síðasta þingi. Það var afgreitt með nokkrum breytingum frá neðri deild á síðustu dögum þingsins, en tími gafst ekki til athugunar á málinu í efri deild. Hlaut það því ekki fullnaðarafgreiðslu.

Bifreiðaslys eru mjög tíð hér á landi, og fer þeim fjölgandi. Á hverju ári láta menn lífið, fleiri eða færri, en aðrir verða örkumlamenn, af völdum þeirra slysa. Fjármunatjónið af bifreiðaárekstrum er einnig gífurlegt og fer sívaxandi, en að því leyti sem tryggingarfélögin bæta slík tjón, leggjast þau á alla bifreiðaeigendur í hækkandi tryggingargjöldum.

Umferðarslysin stafa oft af vítaverðri óvarkárni og skeytingarleysi ökumanna og annarra, sem um veginn fara. Og mörg slysin hljótast af því, að bifreiðarstjórar eru ölvaðir við akstur. Slík afbrot eru mjög tíð, og bendir það til þess, að of vægt sé á þeim tekið. Virðist því þörf að setja ný og strangari lagafyrirmæli um refsingar fyrir brot á bifreiðalögum og umferðarreglum, og í því skyni er frv. þetta flutt.

Þegar bifreiðaárekstrar verða, mun það vera algengt, að löggæzlumenn eru ekki til kvaddir að athuga málavexti, en sá, er tjóninu veldur, sendir tilkynningu um það til tryggingarfélagsins, sem hefur tekið bifreið hans í tryggingu, og bætir þá tryggingarfélagið skaðann, án þess að lögreglurannsókn á slysinu eða tjóninu hafi farið fram. Í 1. tölul. 1. gr. þessa frv. er lagt til, að tryggingarfélagi verði því aðeins heimilt að borga skaðabótakröfu, að lögreglurannsókn hafi farið fram á því slysi eða tjóni, sem krafan er gerð út af. Má telja líklegt, að ýmsir ökumenn mundu gæta sín betur, ef svo væri fyrir mælt, að í hvert sinn sem þeir valda árekstrum og tjóni, skyldi mál þeirra rannsakað af lögreglunni og skýrsla um það skráð í annála hennar.

Samkvæmt ákvæði í 36. gr. bifreiðalaganna hefur tryggingarfélag endurkröfurétt á hendur tryggingartaka, hafi hann valdið tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. En tryggingarfélögin munu ekki hafa notað þessa lagaheimild. Hér er lagt til í 2. tölul. 1. gr. frv., að félögunum sé skylt að krefja tryggingartaka um eigi minna en 30% af upphæð skaðabóta, sem þau hafa orðið að greiða fyrir slík tjón, en eftir sem áður hafa þau heimild til að krefja um endurgreiðslu á allri upphæðinni. Er ástæða til að ætla, að bifreiðarstjórar muni síður valda tjóni af „stórkostlegu gáleysi“, ef það kostar þá sjálfa fjárútlát, heldur en ef tryggingarfélgin bera allan skaðann.

Ölvun við bifreiðarakstur hefur valdið mörgum slysum og er mjög alvarlegt afbrot. Áhrifamesta aðferðin til þess að fækka þeim brotum er sennilega sú að svipta þá menn, sem gerast sekir um slíkt, ökumannsréttindum ævilangt. Er því lagt til í 2. gr. frv., að svo verði gert. Þar er enn fremur lagt til, að hert sé á ákvæðum laganna um ökuleyfissviptingu, þegar um mjög vítaverðan akstur er að ræða, þó að ölvun bifreiðarstjórans sé ekki um að kenna. Í þessu sambandi skal vakin athygli á því, að í 2. málsgr. 39. gr. bifreiðalaganna segir svo:

„Hafi maður verið sviptur ökuleyfi eða réttindum til að fá það í lengri tíma en 3 ár, þá getur dómsmálaráðherra, er 3 ár eru liðin frá sviptingunni og sérstakar ástæður mæla með því, ákveðið, að honum skuli veitt ökuleyfið á ný eða rétturinn til þess að öðlast það, enda séu færðar sönnur fyrir því, að viðkomandi hafi verið

bindindismaður um neyzlu áfengis, frá því hann var sviptur ökuleyfinu. Slíkt leyfi má þó aðeins veita einu sinni sama manni.“

Ekki er lagt til í frv. þessu, að breyting verði gerð á því lagaákvæði, sem hér hefur verið vitnað til.

Nd. 18. Frumvarp til laga [18. mál]

um breyting á lögum nr. 40 16. maí 1955, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Flm.: Jóhann Hafstein, Sigurður Ágústsson, Björn Ólafsson, Kjartan J. Jóhannsson, Magnús Jónsson.

1. gr.

2. tölul. 2. gr. laganna orðist svo:
Framlag ríkissjóðs, 12 millj. kr. á ári.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, var bátafloti landsmanna endurnýjaður með mjög stóru átaki á fyrstu árunum eftir síðustu styrjöld. Síðan dró aftur mjög úr nýbyggingum fiskiskipa. Síðustu árin hafa svo á ný átt sér stað risaátök við endurnýjun bátaflotans. Lánveitingar til þeirra framkvæmda hafa að langmestu leyti verið úr fiskveiðasjóði. Hins vegar er svo komið, að afla verður sjóðnum meira fjár, ef ekki á að draga stórlega úr framkvæmdum á þessu sviði og öðrum, sem hlutverk sjóðsins er að styðja.

Þegar lögin um fiskveiðasjóð voru endurskoðuð að tilhlutun fyrrv. atvinnumálaráðherra fyrir tveimur árum, var gert ráð fyrir því í greinargerð frumvarpsins, að greiðsluhalli sjóðsins mundi nema 53.1 millj. kr. á fimm ára tímabilinu frá 1955—1959. Í lögunum var ríkissjóði heimilað að ábyrgjast lán fyrir sjóðinn allt að 50 millj. kr. Þessi lánsheimild hefur ekki verið notuð, en hins vegar hafa bátabyggingar og viðhald véla og báta orðið bæði meiri og kostnaðarsamari en ráðgert var. Það, sem forðað hefur frá vandræðum, er, að bæði árin, 1955 og 1956, hefur fiskveiðasjóði verið lagt til fé af greiðsluafgangi ríkissjóðs, fyrra árið 8 millj. kr. og síðara árið 10 millj. kr. Nokkuð hefur það bætt úr í bili, að 2—3 ára greiðslufrestur hefur fengizt á nokkrum hluta andvirðis báta, sem erlendis hafa verið smíðaðir.

Með hliðsjón af öllum aðstæðum virðist eðlilegt að lögfesta nú aukið framlag ríkissjóðs til fiskveiðasjóðs, og er það tilgangur þessa frumvarps, en lagt er til, að árlegt ríkissjóðsframlag hækki um 10 millj. kr. Mun það þó ekki nægja, nema jafnframt sé notuð lánsheimild laganna, ef framkvæmdir eiga að halda áfram svipað og verið hefur, en á því er vissulega fyllsta þörf. Í skýrslu fiskveiðasjóðs, sem gefin var út á hálfrar aldar afmæli sjóðsins, þann 10. nóv. í fyrra, sést, að af rúmlega 100 millj. kr. tekjum sjóðsins frá upphafi höfðu þá aðeins rúmar 11 millj. kr. runnið frá ríkissjóði. Meginið af tekjunum hefur verið frá útveginum sjálfum, útflutningsgjöld af sjávarafurðum, og svo vaxtatekjur sjóðsins.

Mikilvægi fiskveiðasjóðs er augljóst, þegar á það er bent, að á síðustu tveimur og hálfu ári hefur sjóðurinn veitt lán til bygginga og kaupa á 193 stærri og minni fiskibátum, eða samtals 4276 rúmlestir. Heildarlánveitingar sjóðsins á þessum tíma hafa numið um 80 millj. kr.

Til frekari áréttingar fylgja hér með skýrslur um lánveitingar sjóðsins síðustu árin og áætlun sjóðsstjórnarinnar frá því í júní s. l. um þá lánsfjárþörf, sem sjóðnum er ætlað að sinna.

Fylgiskjal I.

FISKVEIÐASJÓÐUR ÍSLANDS

Lánveitingar 1954.

Tegundir lána	Skipa-fjöldi	Rúm-lestir	Meðalverð á rúmlest	Heildarverð kr.	Lán alls kr.
Opnir vélbátar	31	105	12 174.00	1 278 300.00	572 600.00
Þilbátar, undir 12 rúml. ..	9	71	18 790.00	1 334 100.00	585 500.00
Vélskip, yfir 12 rúml.	9	391	20 355.00	7 958 700.00	5 475 000.00
Innflutt eldri eikarskip ...	3	131	15 092.00	1 997 000.00	948 400.00
Innflutt eldri eikarskip ...	5	262	16 489.00	4 320 300.00	1 935 500.00
	57	946	16 835.00	16 926 700.00	9 933 600.00
Vélakaup í skip	50			9 053 000.00	5 820 300.00
Viðgerðir á skipum	16				952 900.00
Vinnslustöðvar og verbúðir					3 730 000.00
					Kr. 20 910 578.00

Fylgiskjal II.

FISKVEIÐASJÓÐUR ÍSLANDS

Lánveitingar 1955.

Tegundir lána	Skipa-fjöldi	Rúm-lestir	Meðalverð á rúmlest	Heildarverð kr.	Lán alls kr.
Opnir vélbátar	49	190	16 478.00	2 966 000.00	1 331 500.00
Þilbátar, undir 12 rúml. ..	10	77	22 129.00	1 703 900.00	993 500.00
Vélskip, yfir 12 rúml.	5	174	21 128.00	3 676 200.00	2 530 500.00
Innflutt ný eikarskip	11	586	16 439.00	9 633 200.00	6 402 000.00
Innflutt eldri eikarskip ...	6	246	15 745.00	3 873 300.00	1 722 000.00
Innflutt ný stálskip	2	127	18 380.00	2 333 200.00	1 430 000.00
	83	1400	17 276.00	24 185 800.00	14 409 500.00
Vélakaup í skip	44			7 517 590.00	4 895 000.00
Viðgerðir á skipum	23				1 348 200.00
Vinnslustöðvar og verbúðir					5 051 000.00
					Kr. 25 703 700.00

Fylgiskjal III.

FISKVEIÐASJÓÐUR ÍSLANDS

Lánveitingar 1. janúar til 30. júní 1956.

Tegundir lána	Skipa-fjöldi	Rúm-lestir	Meðalverð á rúmlest	Heildarverð kr.	Lán alls kr.
Opnir vélbátar	19	81	17 585.00	1 424 400.00	608 000.00
Þilbátar, undir 12 rúml. ..	2	18	23 244.00	418 400.00	239 000.00
Vélskip, yfir 12 rúml.	10	520	24 173.00	12 569 900.00	8 350 000.00
Innflutt ný eikarskip	12	706	19 291.00	13 619 800.00	8 555 000.00
Innflutt ný eikarskip	3	117	17 395.00	2 035 300.00	1 365 000.00
Innflutt ný stálskip	7	474	20 002.00	9 481 100.00	5 820 000.00
	53	1930	20 472.00	39 510 600.00	24 520 400.00
Vélakaup í skip	33			8 009 250.00	5 150 400.00
Viðgerðir á skipum	16				1 426 678.00
Vinnslustöðvar og verbúðir					3 737 000.00
					Kr. 34 360 700.00

Fylgiskjal IV.

FISKVEIÐASJÓÐUR ÍSLANDS

Áætlun um stofnlánaþörf til aukningar og viðhalds á vélbátaflotanum.

1. Síðastliðin 2½ ár (1. janúar 1954 til 30. júní 1956) hefur fiskveiðasjóður veitt lán til aukningar á bátaflotanum um samtals 4276 rúmlestir.
   Samkvæmt því er aukningin 1710 rúmlestir að meðaltali á ári. Miðað við meðalverð rúmlestar á þeim skipum, sem fengið hafa lán á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 1956, sem er kr. 20 472.00 (en það byggist að mestu á verðlagi á árinu 1955), væri heildarverð ársaukningarinnar: kr. 20 472.00 × 1710 = kr. 35 000 000.00.
   Lána má allt að ¾ kostnaðar- eða virðingarverðs, og yrði þá lánsfjárþörfin á þessum lið, ef aukning flotans heldur þannig áfram ..... kr. 26 250 000.00
   Þess skal getið, að fyrir 4—5 árum áætlaði Fiskifélag Íslands, að hæfileg aukning til þess að halda vélskipaflotanum sæmilega við væri um 1000 rúmlestir á ári. Vegna stækkunar skipanna á síðustu árum mætti nú líklega hækka þá tölu í um 1200 rúmlestir. Ef slík árleg aukning nægði næstu tvö ár, lækkar þessi liður niður í 20472 × 1200 × ¾ = 18.4 millj. kr., eða um sem næst 8 millj. kr.
2. Til vélakaupa í skip hefur verið áætlað 1956 7 millj. kr., en vegna verðhækkana (m. a. framleiðslusjóðsgjalds) og mikillar aukningar á flotanum þykir óvarlegt að áætla minna í þennan lið árlega en 9 millj. kr. ..... — 9 000 000.00
   (Lánveitingar þessar hafa numið rúmlega 5 millj. króna á fyrra missiri yfirstandandi árs.)
3. Viðgerðir skipa og véla. Með hliðsjón af reynslu þessa árs (1956) áætlast þessi liður ..... — 2 000 000.00
4. Verbúðir og vinnslustöðvar. Lánsfjárþörfin áætlast á sama hátt ..... — 7 000 000.00

Samtals kr. 44 250 000.00

sem er áætluð lánsfjárþörf á ári, miðað við hlutfallslega svipaða aukningu og s. l. 2½ ár og verðlag 1955—1956.

Á árinu 1956 hefur verið gert ráð fyrir, að fiskveiðasjóður hefði handbært fé til útlána sem hér segir:

1. Innheimtar afborganir og vextir (að frádregnum rekstrarkostnaði) ..... kr. 7 500 000.00
2. Af útflutningsgjaldi sjávarafurða ..... — 8 500 000.00
3. Frá ríkissjóði, á fjárlögum ..... — 2 000 000.00

Kr. 18 000 000.00

Í árslok 1956 er áætlað, að skuldaliðurinn „innstæður lántakenda“ í reikningi sjóðsins verði nálægt 20 millj. króna. Eru það eftirstöðvar af kaupverði skipa erlendis frá, sem kaupendur hafa fengið gjaldfrest á, yfirleitt til tveggja ára, en fiskveiðasjóður hefur haldið eftir af lánveitingum sínum tilsvarandi upphæð í ísl.

krónum og er skuldbundinn til að greiða innstæðurnar, jafnóðum og erlendu skuldirnar falla í gjalddaga.

Verða þetta um 10 millj. króna útborganir hvort árið, 1957 og 1958.

Ef reiknað er með fyrrgreindri tekjuáætlun yfirstandandi árs, kr. 18 000 000.00, verður handbært fé fiskveiðasjóðs til útlána árin 1957 og 1958 aðeins um 8 millj. króna, þegar lokið er greiðslu fyrrnefndra innstæðna.

Vantar því um 36 millj. króna hvort árið 1957 og 1958 til þess, að unnt verði að fullnægja lánsfjárþörf þeirri, sem áætluð er hér að framan, sbr. þó athugasemdir við 1. lið.

Nd. 19. Frumvarp til laga [19. mál]

um aðstoð til holræsagerðar.

Flm.: Ingólfur Jónsson, Magnús Jónsson.

1. gr.

Ríkissjóður veitir sveitarfélögum aðstoð til þess að leggja holræsi, sem gerð eru samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

2. gr.

Nú vill sveitarstjórn leggja holræsi fyrir skólp og afrennsli í sveitarfélaginu eða hluta úr því og fá til þess fjárhagslega aðstoð úr ríkissjóði, og skal hún þá að loknum undirbúningi, eins og fyrir er mælt í 91. gr. l. nr. 15 20. júní 1923, leita samþykkis ráðherra til framkvæmdanna. Jafnframt skal senda ráðherra frumdrætti að hinum fyrirhuguðu mannvirkjum. Leyfi ráðherra má binda þeim skilyrðum um framkvæmd verksins, sem nauðsynleg þykja til þess að tryggja almenningshagsmuni.

3. gr.

Þegar ráðherra hefur veitt samþykki til að leggja holræsi, getur sveitarstjórn hafið framkvæmdir, sem skulu gerðar undir yfirumsjón manns, sem ráðherra samþykkir.

4. gr.

Styrkur ríkissjóðs nær til greiðslu á allt að helmingi stofnkostnaðar.

Ráðherra ákveður styrk til einstakra sveitarfélaga samkvæmt lögum þessum, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum.

5. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, nauðsynleg lán, er sveitarstjórn kann að taka til framkvæmda þeirra, er um ræðir í lögum þessum. Má ábyrgðin og styrkurinn til hvers sveitarfélags þó aldrei nema meiru samtals en 85% af holræsakostnaði hverju sinni.

6. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta ákvæði laganna ná til holræsafélaga fyrir hluta úr sveitarfélögum, ef þau eru stofnuð af a. m. k. helmingi eigenda fasteigna í því hverfi, er holræsin eru lögð um, án þess að sveitarfélag sé eigandi holræsanna, enda mæli hlutaðeigandi sveitarstjórn með því og veiti ábyrgð sveitarfélagsins fyrir láni ríkissjóðs til holræsafélagsins.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samhljóða frv. hafa sjálfstæðismenn áður flutt, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Mörg sveitarfélög og þorp hafa ekki enn treyst sér til að gera fullnægjandi skólpveitur vegna kostnaðar. Eru þetta einkum minni þorp, sem eiga við erfiðleika að stríða í þessu efni. Af heilbrigðisástæðum er nauðsynlegt, að skólpveitur verði fullkomnar. Ber því að stuðla að því, að svo geti orðið sem fyrst. Frumvarp þetta, ef að lögum verður, mun gera þorpum og sveitarfélögum fært að gera fullnægjandi skólpveitur.

Aðstoð af ríkisins hálfu við skólpveitur er ekki síður nauðsynleg en við vatnsveitur, en eins og kunnugt er, hafa verið sett lög um aðstoð til vatnsveitna."

Nd. 20. Frumvarp til laga [20. mál]

um breyting á lögum nr. 67 17. júlí 1946, um iðnlánasjóð.

Flm.: Magnús Jónsson, Jóhann Hafstein.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Hlutverk iðnlánasjóðs er að styðja iðju og iðnað í landinu með hagkvæmum stofnlánum, og leggur ríkissjóður fram til hans árlega 600 þúsund krónur.

2. gr.

1. málsgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Iðnaðarmálaráðherra hefur á hendi yfirstjórn iðnlánasjóðs, en felur Iðnaðarbanka Íslands h/f stjórn hans og meðferð, svo sem lánveitingar, vörzlu, bókhald, innheimtu og útborganir. Er iðnlánasjóður sérstök deild í bankanum með aðskildum fjárhag og sérstakri bókfærslu. Lán úr sjóðnum skal veita eftir tillögum frá stjórn Landssambands iðnaðarmanna og þeim reglum, sem hér fara á eftir.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Lánin veitast iðnrekendum og iðjurekendum, sem erfitt eiga um lántöku, til kaupa á vélum og stærri áhöldum (ekki handverkfærum) og til að koma upp nauðsynlegum húsum fyrir rekstur sinn.

4. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Lánin skulu tryggð með veði í hinum keyptu munum eða fasteignum eða á annan hátt, sem sjóðsstjórnin telur tryggan.

5. gr.

Fyrir orðið „atvinnumálaráðherra" í 9. gr. laganna komi: iðnaðarmálaráðherra.

6. gr.

12. gr. laganna falli niður.

7. gr.

Í stað síðari málsliðar 13. gr. laganna komi:

Sjóðsstjórnin skal hafa eftirlit með því, að fasteign, sem sett er að veði fyrir láni úr sjóðnum, sé jafnan vel við haldið. Ef veði er ekki haldið vel við, svo að

hætta getur verið á, að það verði ekki næg trygging fyrir láni úr sjóðnum, getur sjóðsstjórnin sagt því upp fyrirvaralaust.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðustu tveimur þingum hefur fyrri flutningsmaður þessa frumvarps, ásamt Jónasi Rafnar, þáverandi þingmanni Akureyrarkaupstaðar, flutt samhljóða frumvarp. Frumvarpið hlaut í hvorugt skiptið endanlega afgreiðslu á Alþingi, en þó hefur fengizt nokkur viðurkenning á þeirri miklu nauðsyn, sem hér er um að ræða, á þann hátt, að framlag ríkissjóðs til iðnlánasjóðs hefur verið hækkað um 150 þús. kr. tvö síðustu árin. Þar sem þessi viðbótarfjárveiting er háð samþykki Alþingis hverju sinni og fjárveitingin auk þess enn þá ófullnægjandi, þá er frumvarpið nú endurflutt í trausti þess, að málefni iðnaðarins njóti þess skilnings á Alþingi, að frumvarpið fáist samþykkt á þessu þingi.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að árlegt framlag ríkissjóðs til iðnlánasjóðs hækki um 300 þús. kr. frá því, sem nú er ákveðið í lögum frá 1946. Einnig er lagt til, að lögunum um iðnlánasjóð verði þannig breytt, að sjóðurinn veiti framvegis eingöngu stofnlán til nýrra og eldri iðju- og iðnfyrirtækja í landinu, þ. e. a. s. til kaupa á vélum, stærri áhöldum og til þess að koma upp nauðsynlegum húsakosti. Þá er tekin upp í frumvarpið sú tilhögun varðandi stjórn og starfrækslu sjóðsins, sem ákveðin er í IV. kafla laga nr. 113 frá 29. des. 1951, um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h/f. Í frumvarpinu eru og felld niður ákvæði 12. gr. laganna um iðnlánasjóð, en eftir þeim mun ekki hafa verið farið við lánveitingar úr sjóðnum.

Frá því að iðnlánasjóður tók fyrst til starfa, skv. lögum frá 1935, hefur sjóðurinn verið svo til eina lánsstofnun í landinu, sem veitt hefur iðju og iðnaði samningsbundin lán til langs tíma og með hagstæðum vaxtakjörum. Hefur starfsemi sjóðsins því komið mörgum að góðum notum, svo langt sem hún hefur náð. Frá byrjun hefur starfsfé sjóðsins verið allt of lítið, enda þarfir iðnaðarins fyrir aukið lánsfé vaxið með ári hverju.

Þróun iðnaðarins hefur verið sérstaklega ör undanfarin ár, og er iðnaðurinn nú mikilsverður þáttur í atvinnulífi landsmanna, þriðji höfuðatvinnuvegurinn við hlið landbúnaðar og sjávarútvegs. Með því að auka fjárráð iðnlánasjóðs eru iðju og iðnaði veittir auknir möguleikar til nauðsynlegrar fjárfestingar.

Eðlilegt virðist vera að binda starfsemi iðnlánasjóðs við fjárfestingarlán (stofnlán), þar sem það á fyrst og fremst að vera í verkahring Iðnaðarbankans og annarra bankastofnana að veita iðnaðinum nauðsynleg rekstrarlán.

Nd. 21. Frumvarp til laga [21. mál]

um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Flm.: Magnús Jónsson, Kjartan J. Jóhannsson, Sigurður Ágústsson, Jón Sigurðsson.

1. gr.

Stofna skal sjóð, sem nefnist jafnvægissjóður. Er sjóðurinn eign ríkisins.

Hlutverk jafnvægissjóðs er að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með því að veita lán til eflingar atvinnulífi og til framleiðsluaukningar á þeim stöðum á landinu, þar sem við atvinnuörðugleika er að stríða, en framleiðsluskilyrði þannig,

að íbúarnir geti haft sæmilega afkomu í meðalárferði við þjóðhagslega hagkvæma framleiðslu.

Verði sveitarfélög fyrir sérstökum áföllum vegna aflabrests eða af öðrum sökum, þannig að annaðhvort sé þörf tímabundinnar aðstoðar eða breyta þurfi um atvinnuhætti, skulu þau sveitarfélög sitja fyrir um lán úr sjóðnum.

Lán úr sjóðnum má veita bæði sveitarfélögum, einstaklingum og félögum. Lán til hinna síðarnefndu aðila verða þó eigi veitt, nema sveitarstjórn telji viðkomandi framkvæmdir vera til atvinnuaukningar í sveitarfélaginu. Heimilt er sjóðsstjórninni að krefjast ábyrgðar sveitarsjóðs, ef lántaki getur ekki sett viðunandi tryggingar fyrir láni úr jafnvægissjóði.

2. gr.

Stofnfé jafnvægissjóðs er:

1. 75 millj. kr. framlag úr ríkissjóði, sem greiðist jafnvægissjóði með jöfnum greiðslum á næstu 5 árum, í fyrsta sinn árið 1957.
2. Fé það, sem við gildistöku þessara laga er útistandandi af lánum, er veitt hafa verið samkvæmt 20. og 22. gr. fjárlaga til þess að bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu.

Heimilt er ríkisstjórninni að taka lán til greiðslu stofnframlagsins, ef hún telur eigi auðið að greiða það að fullu af árlegum tekjum ríkissjóðs.

3. gr.

Tekjur jafnvægissjóðs eru:

1. Vaxtatekjur.
2. Árlegt framlag úr ríkissjóði, eigi minna en 5 millj. kr. á ári, og skulu þær greiðslur hefjast árið eftir að stofnfjárgreiðslum lýkur.

4. gr.

Vextir af lánum jafnvægissjóðs skulu vera 4% á ári, en lánstímann ákveður sjóðsstjórnin, og má hann vera mismunandi eftir aðstæðum og greiðslugetu.

Heimilt er sjóðsstjórn að lengja lánstímann frá því, sem upphaflega er ákveðið. Enn fremur skal setja ákvæði í skuldabréf fyrir lánum sjóðsins þess efnis, að heimilt sé að stytta lánstímann, ef afkoma viðkomandi fyrirtækis eða sveitarsjóðs leyfir það að dómi allra sjóðsstjórnarmanna.

Enn fremur skal í skuldabréfum fyrir lánum til kaupa á atvinnutækjum taka fram, að lánið sé allt fallið í gjalddaga, ef atvinnutæki er flutt burt úr hlutaðeigandi sveitarfélagi, nema sjóðsstjórnin samþykki flutninginn.

Stjórn jafnvægissjóðs ákveður, hvaða tryggingar séu viðunandi fyrir lánum sjóðsins.

Heimilt er stjórn jafnvægissjóðs við sérstakar aðstæður að veita fé úr sjóðnum sem óafturkræft framlag, ef öll sjóðsstjórnin er því samþykk.

5. gr.

Stjórn jafnvægissjóðs skal skipuð fimm mönnum, sem sameinað Alþingi kýs hlutfallskosningu á fyrsta þingi hvers kjörtímabils. Stjórnin velur sér sjálf formann.

Ráðherra ákveður laun sjóðsstjórnarmanna, og skulu launin og annar kostnaður við starfsemi sjóðsins greiðast úr ríkissjóði.

6. gr.

Lán úr jafnvægissjóði skulu að jafnaði veitt einu sinni á ári, nema einstök mál krefjist skjótrar úrlausnar á öðrum tímum árs.

Stjórn jafnvægissjóðs skal, áður en lán er veitt, kynna sér rækilega atvinnuástand á viðkomandi stöðum og rannsaka, hvaða framkvæmdir séu líklegastar til

þess að bæta mest afkomu íbúanna. Stjórn jafnvægissjóðs gerir jafnframt, þegar ástæða þykir til, heildaryfirlit yfir atvinnuástandið í landinu og áætlun um æskilegar atvinnuframkvæmdir í samvinnu við Framkvæmdabanka Íslands.

Skylt er ríkisstofnunum og embættismönnum að veita stjórn jafnvægissjóðs sérfræðilega aðstoð og leiðbeiningar við athugun á atvinnuástandi og mat á gildi framkvæmda.

Framkvæmdabanki Íslands annast dagleg afgreiðslustörf og reikningshald jafnvægissjóðs eftir nánari fyrirmælum sjóðsstjórnar gegn þóknun, sem ráðherra ákveður.

Endurskoðendur Framkvæmdabankans annast endurskoðun reikninga jafnvægissjóðs. Skulu reikningar sjóðsins birtir árlega í Stjórnartíðindum.

7. gr.

Nú eru í gildi hömlur á fjárfestingu eða innflutningi framleiðslutækja eða skortur á lánsfé til framkvæmda, og er þá ríkisstjórninni heimilt að mæla svo fyrir, að fengnum tillögum stjórnar jafnvægissjóðs, að vissir staðir, sem við sérstaka atvinnuörðugleika eiga að stríða, skuli sitja fyrir um þessa fyrirgreiðslu varðandi tilteknar framkvæmdir, sem í senn séu þjóðhagslega skynsamlegar og til mikilvægrar atvinnutryggingar.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á undanförnum tveimur þingum hafa tveir flutningsmenn þessa frumvarps, ásamt fleiri þingmönnum Sjálfstæðisflokksins, flutt frumvarp um ráðstafanir til atvinnujöfnunar, en þingnefnd sú, sem fékk málið til meðferðar, skilaði áliti í hvorugt skiptið. Á síðasta þingi flutti ríkisstjórnin frumvarp til laga um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Var það frumvarp samið af alþingismönnunum Gísla Jónssyni og Gísla Guðmundssyni, sem frá því í febrúarmánuði 1953 höfðu unnið að undirbúningi þessa máls í samræmi við þingsályktun um undirbúning heildaráætlunar í þeim tilgangi að skapa og viðhalda jafnvægi í byggð landsins. Þetta frumvarp náði ekki heldur fram að ganga.

Þar sem hér er um hið mikilvægasta mál að ræða, sem óviðunandi er að skjóta lengur á frest, hafa flutningsmenn þessa frumvarps valið þann kostinn að samræma meginefni tveggja áðurgreindra frumvarpa í trausti þess, að frumvarpið nái þá fremur samþykki Alþingis.

Á undanförnum árum hafa af opinberri hálfu verið gerðar ýmsar ráðstafanir til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Eitt mikilvægasta sporið í þá átt er rafvæðingaráætlun sú, sem fyrrverandi ríkisstjórn hófst handa um að framkvæma. Stóraukin ræktun í sveitum landsins og aukning atvinnutækja víðs vegar í kaupstöðum og kauptúnum hafa einnig stefnt í sömu átt. Enn fremur hefur nokkur síðustu árin verið árlega varið á fjárlögum nokkrum milljónum króna til atvinnuaukningar á þeim stöðum, þar sem við atvinnuerfiðleika hefur verið að stríða. Þótt fjárveiting þessi hafi verið ófullnægjandi, hefur hún þó víða komið að góðu liði. En þessi starfsemi af hálfu ríkisvaldsins hefur verið skipulagslítil og sumar lánveitingarnar þótt næsta handahófslegar.

Síðustu árin hefur verið mikil atvinna í landinu, þannig að marga erlenda verkamenn hefur þurft að flytja inn, bæði til starfa í sjávarútvegi og landbúnaði. Engu að síður hefur á ýmsum stöðum á landinu verið um allmikið árstíðarbundið atvinnuleysi að ræða og afleiðingin orðið sú, að fólk af þessum stöðum hefur um lengri tíma þurft að leita sér atvinnu utan síns heimahéraðs. Tímabundin atvinnuleit til annarra staða getur verið eðlileg og nauðsynleg vegna atvinnuhátta í þjóðfélaginu, sbr. sumarsíldveiði fyrir Norðurlandi og vetrarvertíð á Suðurlandi. En

þegar menn þurfa mestan hluta árs að leita sér atvinnu utan heimilissveitar, hlýtur að því að koma, að menn flytjast á brott þaðan. Reyndin er líka sú, að mjög alvarlega horfir í þessu efni, þótt breyting kunni að vísu að verða á því ástandi, ef atvinna dregst saman á Suðvesturlandi, en þá verða atvinnuskilyrði að vera heima fyrir.

Það er skoðun flutningsmanna þessa frumvarps, að það sé eitt brýnasta nauðsynjamál þjóðarinnar að koma í veg fyrir, að meginþorri hennar safnist saman á mjög takmörkuðu svæði í landinu. Er því mjög mikilvægt að halda við byggð á öllum þeim stöðum í landinu, þar sem atvinnuskilyrði frá náttúrunnar hendi eru góð. Flestum er í blóð borin tryggð við átthaga sína, og fólkið flytur því ekki á brott nema af illri nauðsyn. Þjóðin á nú mikið af margvíslegum framleiðslutækjum, og víða skortir aðeins herzlumuninn til þess að tryggja góða afkomu íbúa viðkomandi héraðs. Það verkefni, sem hér er um að ræða, er því vel viðráðanlegt, og hér er svo mikilvægt hagsmunamál þjóðarheildarinnar, að ekkert áhorfsmál sýnist vera að gera nú myndarlegt átak í þessum efnum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að stofna sérstakan sjóð, er hafi það hlutverk að veita fé til nauðsynlegra jafnvægisráðstafana. Á yfirstjórn þessa sjóðs og jafnframt rannsókn á nauðsyn framkvæmda og skipulagning þeirra að vera í höndum 5 manna þingkjörinnar nefndar. Lagt er til, að stofnfé sjóðs þessa verði 75 millj. kr., sem ríkissjóður leggi fram með jöfnum árlegum greiðslum næstu 5 árin, en úr því yrði árlegt framlag ríkissjóðs 5 millj. á ári að minnsta kosti. Rannsóknir á atvinnuástandinu víðs vegar um land hafa leitt í ljós, að nauðsynlegt er að verja nú þegar allmiklu fé til framkvæmda, og er því mikilvægt, að framlag til sjóðsins verði mest nú næstu árin. Með því að skipta greiðslu stofnframlagsins á 5 ár ætti það ekki að reynast ríkissjóði ofviða, en til frekara öryggis er lagt til, að ríkisstjórninni verði heimiluð lántaka, ef ekki þykir fært að greiða framlagið að fullu úr ríkissjóði fyrstu 5 árin. Má þó gera ráð fyrir, að einmitt þessi fjárráðstöfun til atvinnuaukningar geti bætt afkomu ríkissjóðs á öðrum sviðum, m. a. á þann hátt, að með bættum hag sveitarfélaganna dragi úr útgjöldum ríkissjóðs vegna greiðslu ábyrgðarskuldbindinga.

Í frumvarpi því til atvinnujöfnunar, sem flutt hefur verið á tveimur síðustu þingum, hefur verið sérstakt ákvæði um togarakaup. Það ákvæði er ekki tekið í þetta frumvarp með hliðsjón af því, að ríkisstjórnin hefur lagt fyrir Alþingi sérstakt frumvarp um togarasmíði, og hefur verið lýst yfir í sambandi við það mál, að tilgangurinn með togarakaupum þessum sé fyrst og fremst sá að tryggja sem varanlegasta atvinnu í kaupstöðum og sjávarþorpum. Þær fyrirætlanir draga þó ekki úr nauðsyn þeirra ráðstafana, sem gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi, því að ýmsum stöðum hentar ekki togaraútgerð og auk þess er hættulegt að gera atvinnureksturinn of einhæfan.

Jafnvægissjóði er ekki ætlað að koma í stað þeirra lánsstofnana, sem þegar eru starfandi, heldur séu lánveitingar jafnvægissjóðs viðbótarlán eða lán til framkvæmda, sem aðrar lánsstofnanir veita ekki lán til, en nauðsynlegar eru taldar til tryggingar atvinnu. Starfsgrundvöllur jafnvægissjóðs er einnig mjög ólíkur venjulegri bankastarfsemi, því að lánin skulu fyrst og fremst veitt þeim, sem erfiðasta aðstöðu eiga og því oft og tíðum eiga erfitt með að setja fullgildar tryggingar fyrir láni. Skulu lánveitingar við það miðaðar, að þeir staðir sitji fyrir, sem við mesta örðugleika eiga að stríða, og ekki þykir verða hjá því komizt að veita stjórn sjóðsins rúmar hendur um lánskjör, að öðru leyti en því, að rétt þykir að ákveða fastan vaxtafót fyrir lánum. Einnig þykir rétt að veita stjórn sjóðsins heimild til að lengja eða stytta lánstímann eftir því, hvernig afkoma viðkomandi fyrirtækis eða sveitarfélags er.

Stjórn jafnvægissjóðs er ekki aðeins ætlað það hlutverk að meta lánsþörf hvers sveitarfélags eða fyrirtækis, sem leitar aðstoðar sjóðsins, heldur á stjórn sjóðsins að reyna að mynda sér heildaryfirsýn um það, hvar skórinn kreppir mest að, og

jafnframt, hvernig hagkvæmast verður úr vandanum leyst, svo að hið takmarkaða fé komi að sem mestum notum. Af þessum sökum er nauðsynlegt að árlegar lánveitingar úr sjóðnum geti að mestu leyti farið fram samtímis.

Ed. 22. Frumvarp til laga [22. mál]

um breyting á lögum nr. 90 1954, um tollskrá o. fl.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Gunnar Thoroddsen.

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. Nr. 1—5 í 79. kafla orðist svo:

1 Flygel og píanó	tollfrjáls
2 Hlutar til flygela og píanóa	tollfrjálsir
3 Orgel og harmónium	tollfrjáls
4 Hlutar til orgela og harmónía	tollfrjálsir
5 Strengjahljóðfæri og hlutar til þeirra, ót. a.	tollfrjáls

2. Nr. 7—9 í sama kafla orðist svo:

7 — önnur og hlutar til þeirra	tollfrjáls
8 Harmonikur og hlutar til þeirra	tollfrjálsar
9 — grammófónar og hlutar til þeirra	tollfrjálsir

3. Fyrir nr. 11 og 12 í sama kafla komi eitt nr., svo hljóðandi:

11 — grammófónplötur	tollfrjálsar

4. Nr. 15—16 í sama kafla orðist svo:

15 Trumbur	tollfrjálsar
16 Önnur hljóðfæri og hljóðfærahlutar, ót. a.	tollfrjáls

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á tveimur síðustu þingum, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

„Á hljóðfærum er nú tollur, sem nemur allt að 80%. Á það að sjálfsögðu sinn þátt í því, hve dýr þau eru. Er nú svo komið, að aðeins efnað fólk hefur möguleika til þess að kaupa hljóðfæri, eins og t. d. slaghörpu og orgel, sem æskilegt er að til séu á sem flestum heimilum í landinu.

Þetta er mjög illa farið. Tónmenntun þjóðarinnar hlýtur að vera snar þáttur í menningarlegu uppeldi hennar. En til þess að iðkun hljómlistar geti orðið almenn, þarf hljóðfæraeign mjög að aukast. Gegn því má hið opinbera ekki vinna með óhóflegum tollaálögum á þessi menningartæki. Á það má benda, að bækur, bæði skólabækur og aðrar bækur, sem inn eru fluttar, eru tollfrjálsar. Sama ætti að gilda um hljóðfæri.

Með frv. þessu er þess vegna lagt til, að felldir verði niður tollar af helztu hljóðfærum, sem til landsins eru flutt. Vegna þess, hve innflutningur þeirra hefur verið lítill undanfarin ár, missir ríkissjóður hverfandi lítils í af tekjum sínum með slíkri breytingu tollalaga. Samtals voru á s. l. ári flutt inn hljóðfæri fyrir rúmlega 975 þús. kr. að innflutningsverðmæti. Vörumagnstollur, verðtollur og söluskattur af þessum innflutningi nam hins vegar rösklega 915 þús. kr.“

Síðan hafa tollar á þessum vörum stórhækkað, eins og nánar verður gerð grein fyrir í framsögu.

Sþ. 23. Tillaga til þingsályktunar [23. mál]

um framtíðarskipan Reykholts.

Flm.: Benedikt Gröndal, Halldór E. Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera framtíðaráætlun um skipan Reykholts og endurbætur þar í samræmi við söguhelgi staðarins.

Greinargerð.

Tillaga þessi er fram komin í tilefni af þeim tímamótum í nútímasögu Reykholts, að skólabygging staðarins og þar með Reykholtsskóli í núverandi mynd eiga 25 ára afmæli með vetrarkomu á þessu hausti. Í aldarfjórðung hefur þessi mikli sögustaður verið eitt af myndarlegustu skólasetrum Íslendinga, og Norðmenn hafa sýnt hug sinn til staðarins með því að senda þangað Snorralíkneski Wiegelands. En hver á framtíð staðarins að vera? Hvað þarf enn að gera í Reykholti?

Í fyrstu kann svo að virðast sem vel hafi verið að þessum sögustað búið. Þar er myndarlegt heim að líta, reisulegar og fagrar byggingar, Snorri í hlaði, trjágarður í skjóli skólans og umhverfi allt búsældarlegt. Snyrtimennska og menningarbragur einkenna stjórn og umgengni á staðnum.

Borgfirðingar og þáverandi menntamálaráðherra unnu mikið þrekvirki, er skólahúsið í Reykholti var reist á árunum 1930—31. Byggingin var mikil á þeirra tíma vísu, og salarkynni skólans báru mjög af híbýlum almennings. Þar voru vistarverur rúmgóðar, upphitaðar með hverahita og lýstar frá rafstöð, sem reist var í samvinnu við tvo grannabændur. Þegar leikfimisalur var fullgerður og skólinn formlega vígður, var hátíð í héraði, raunar sótt af stórmenni og gestum víða að.

25 ár eru ekki langur tími fyrir byggingar, en tækni í húsasmíði var ekki hin sama hér á landi 1931 og nú. Hin fagra bygging Reykholtsskóla hefur illa staðizt tímans tönn. Nú brýzt regn inn í húsið, svo að einn fegursti salur þess er ónothæfur og húsmunir íbúa varla óhultir fyrir skemmdum. Aðbúnaður skólans og innbú svara illa kröfum tímans, og fimleikahúsið er svo óþétt, að þar verður stundum kennslufall vegna veðra. Það er kominn tíma til meiri háttar viðgerðar og viðbyggingar í Reykholti.

Þegar slíkar breytingar verða gerðar, þarf að hugsa til sumarnotkunar skólahússins og skipuleggja hana í anda staðarins. Er hægt að hafa sumarheimili fyrir rithöfunda, listamenn og fræðimenn í Reykholti? Er hægt að halda þar orlofsnámskeið fyrir verkamenn, iðnaðarmenn og bændur landsins? Er hægt að taka þar á móti æskufólki og koma því í snertingu við fortíð og menningararf þjóðarinnar?

Hvernig er hægt að auka veg Snorrasafns, sem einnig á 25 ára afmæli á þessu hausti? Það hefur enn ekki náð því upprunalega marki að verða fullkomið safn Snorra-bókmennta.

Byggð hefur aukizt umhverfis Reykholt og gróðurhús komið til sögunnar. Þar þurfa að rísa kennarabústaðir, og er því ástæða til að hyggja að skipulagi umhverfisins. Teikningu viðbygginga, sem þörf er til að bæta úr miklum þrengslum í nemendaíbúðum og endurnýja fimleikasal og trésmíðastofur, þarf mjög að vanda. Skólinn var byggður í fögrum og sérkennilegum stíl Guðjóns Samúelssonar, og er sjálfsagt, að þeim svip verði haldið óskertum á gamla húsinu og nýjum byggingum.

Af öllu þessu má ljóst verða, að hér eru ærin verkefni til úrlausnar, og er eðlilegt, að fyrsta skrefið verði gaumgæfileg íhugun á framtíðarskipan staðarins.

Sþ. 24. Tillaga til þingsályktunar [24. mál]

um árstíðabundinn iðnað.

Flm.: Benedikt Gröndal, Björgvin Jónsson, Pétur Pétursson, Karl Kristjánsson, Áki Jakobsson, Halldór E. Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram ýtarlega rannsókn á því, hvort ekki sé framkvæmanlegt og hagfellt að koma upp, þar í landinu sem árstíðabundið atvinnuleysi er, iðnaði, sem rekinn sé á þeim árstíma, þegar önnur vinna er minnst.

Ríkisstjórnin leggi fyrir næsta reglulegt Alþingi niðurstöður rannsóknarinnar og álit um málið.

Greinargerð.

Hugmyndin um iðnað, er rekinn sé aðeins hluta úr árinu, er sprottin af þeirri staðreynd, að höfuðatvinnugreinar þjóðarinnar, sjávarútvegur og landbúnaður, eru báðar því marki brenndar, að þær eru árstíðabundnar. Til þess að tryggja fólki um land allt jafna atvinnu og tekjur allt árið þarf að finna verkefni þá tíma ársins, sem minnst er vinna við sjávarútveg og landbúnað á hverjum stað. Þetta hefur þegar verið reynt af hálfu ríkisins, t. d. með tunnusmíði á Norðurlandi, en þarf að gerast í miklu stærri stíl, ef að gagni á að verða.

Ein „vetrarverksmiðja“ hefur fyrir stuttu verið stofnsett í landinu. Er það Fataverksmiðjan Fífa í Húsavík, sem Samband ísl. samvinnufélaga kom á fót til þess að reyna slíkan árstíðabundinn iðnrekstur.

Fataverksmiðjan Fífa tók til starfa í apríl 1955. Var henni fengið rúmgott húsnæði í byggingu Kaupfélags Þingeyinga og keyptar til hennar nauðsynlegar vélar, sem voru aðallega saumavélar. Kostuðu vélarnar, önnur áhöld, húsgögn og innrétting húsnæðis um 200000 kr.

Á árinu 1955 starfaði verksmiðjan aðeins fjóra mánuði og framleiddi 3720 vinnuskyrtur. Höfðu 10 konur og 1 karlmaður atvinnu við framleiðsluna, og voru greidd vinnulaun samtals 151686 kr. Í þessu fyrirtæki þurfti að binda 670000 kr., ef talinn er stofnkostnaður, efniskaup og annar rekstrarkostnaður.

Í ár verður starfstími Fífu meiri og framleiðslan fjölbreyttari, starfsfólk 16—17 manns, og því enn meira að byggja á afkomu og árangri þessarar tilraunar en í fyrra.

Þessi tilraun í Húsavík er mjög athyglisverð og gefur tilefni til ýtarlegrar rannsóknar á möguleikum þess, að fleiri iðnfyrirtæki verði sett upp víðs vegar um landið. Þarf að athuga, hvers konar iðnaður er hugsanlegur og hvað ríkisvaldið þarf að gera til þess, að hægt verði að koma honum á fót og reka hann.

Sþ. 25. Tillaga til þingsályktunar [25. mál]

um rannsókn á möguleikum jarðgangagerðar og yfirbyggingar á fjallvegum.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Kjartan J. Jóhannsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara í samráði við vegamálastjóra rannsókn á möguleikum jarðgangagerðar og yfirbyggingar á fjallvegum, sem liggja svo hátt eða eru svo ótryggir, að þeir eru aðeins opnir til umferðar nokkurn hluta árs. Skal jafnframt leitað álits erlendra sérfræðinga á sviði vegagerðar, ef þess gerist þörf.

Greinargerð.

Á síðustu árum hefur tækni við vegagerð, einnig hér á landi, fleygt fram. Hraðvirkar vélar og tæki eru nú notuð við vegagerð í stað handafls og hestafls áður fyrr. Hefur lagning veganna því gengið miklum mun hraðar en áður tíðkaðist.

En margvíslegar hindranir torvelda vegagerð um Ísland. Háfjöll, sæbrattar skriður, stórgrýttar heiðar og skörð eru engan veginn auðveld viðureignar. Vegarstæðið er þar hið versta og erfitt að hagnýta vegina þannig, að að fullu gagni komi fyrir umferðina og þau héruð, sem þeirra eiga að njóta.

Í ýmsum fjallalöndum hafa mörg vandkvæði við vegagerð um háfjöll verið leyst með því að gera jarðgöng gegnum fjöll og fjallahryggi. Bæði í Noregi og Sviss hefur fjöldi slíkra jarðganga verið gerður. Hafa þessar þjóðir og verkfræðingar þeirra nú mjög mikla og dýrmæta reynslu á þessu sviði.

Hér á landi hafa aðeins verið grafin ein stutt jarðgöng fyrir veg. Eru það göngin í gegnum Arnarneshamar á Súðavíkurvegi við Ísafjarðardjúp. Þrátt fyrir algert reynsluleysi íslenzkra vegagerðarmanna á þessu sviði tókst gerð þessara fyrstu jarðganga, sem eru 34 metra löng, eftir atvikum vel.

Á Vestfjörðum hafa athugulir menn síðan farið að velta því fyrir sér, hvort ekki væri hægt að bæta vegasambandið milli sumra byggðarlaga þar með því að leggja vegina um jarðgöng gegnum fjallshryggi. Hefur í þessu sambandi einkum verið rætt um veginn frá Ísafjarðardjúpi yfir í Önundarfjörð um Breiðdalsheiði og veginn frá Ísafirði til Bolungavíkur.

Breiðdalsheiðarvegurinn er einn hæsti fjallvegur á landinu og teppist alltaf snemma hausts til mikils óhagræðis fyrir byggðarlögin í Vestur-Ísafjarðarsýslu og við utanvert Ísafjarðardjúp. Væri vissulega hinn mesti fengur að því, ef hægt væri með jarðgöngum eða yfirbyggingu vegarins að lengja umferðartíma hans verulega.

Bolungavíkurvegurinn, sem liggur um sæbratta hlíð á löngu svæði, er að vísu opinn lengri hluta árs en Breiðdalsheiðarvegurinn. En einnig hann er stundum lokaður svo að vikum og mánuðum skiptir. Veldur það atvinnulífi byggðarlaganna, sem nota hann, stórkostlegu tjóni og óhagræði. Rætt hefur verið um, að auðvelt mundi að leggja þennan veg aðra leið, þ. e. fram Hnífsdal, og grafa jarðgöng gegnum fjallseggina milli Hnífsdal og Syðridals í Bolungavík. En á möguleikum þess hefur engin rannsókn farið fram.

Fyrir flutningsmönnum þessarar tillögu vakir það, að rannsókn verði látin fram fara á möguleikum jarðgangagerðar hér á landi í þágu vega og samgangna. Ætti að vera auðvelt að framkvæma slíka rannsókn og leggja fram sennilegar kostnaðaráætlanir, sem gefa til kynna, hvort hér sé um viðráðanlegar framkvæmdir að ræða af fjárhagslegum ástæðum. Nauðsynlegt er einnig, að rannsókn verði framkvæmd á möguleikum þess að yfirbyggja einstaka vegi, sem erfitt er að verja og halda við með venjulegum hætti.

Flutningsmenn telja, að hér sé um framfaramál að ræða, sem hin mesta nauðsyn beri til að fái fullnægjandi athugun og verði síðan hrundið í framkvæmd.

Sþ. 26. Tillaga til þingsályktunar [26. mál]

um undirbúning að byggingu leirverksmiðju að Búðardal í Dalasýslu.

Flm.: Friðjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar fullrannsaka, hvort hagkvæmt muni vera að reka leirverksmiðju að Búðardal í Dalasýslu.

Greinargerð.

Undanfarin ár hefur margt verið rætt og ritað um nauðsyn þess að efla og viðhalda jafnvægi í byggð landsins. Svo sem kunnugt er, hefur þingkjörin nefnd unnið að rannsókn þessara mála. Þetta var og eitt af stefnuskráratriðum fyrrverandi ríkisstjórnar, og stjórn sú, er nú situr, hefur lýst yfir fylgi sínu við þetta mál. Á þessu þingi hafa 4 sjálfstæðismenn þegar lagt fram frumvarp til laga um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, og ríkisstjórnin hefur lagt fram frumvarp um togarakaup til atvinnujöfnunar. Virðist því umrædd hugmynd í meginatriðum eiga miklu og almennu fylgi að fagna.

Það leikur ekki á tveim tungum, að eitt af frumskilyrðum þess, að hugmynd þessi verði að veruleika, er að stofnsetja atvinnufyrirtæki úti um hinar dreifðu byggðir landsins, er veitt geti fólkinu, sem þar býr, næga og örugga atvinnu. Koma þá fyrst og fremst til greina margs konar iðnfyrirtæki.

Dalasýsla er fámennt hérað, og atvinnurekstur er þar nær eingöngu landbúnaður. Á sauðfjárrækt byggist svo að segja öll afkoma héraðsbúa. Ef þessi eina atvinnugrein bregzt, er vá fyrir dyrum. Og þannig er það nú. Sauðfjársjúkdómar hafa enn herjað á fjárstofn bænda svo alvarlega, að leitt hefur öðru sinni til niðurskurðar alls sauðfjár í vesturhluta Dalasýslu. Hefur slíkt að sjálfsögðu mjög lamandi áhrif á viðhorf íbúanna til áframhaldandi búskapar og er sízt örvandi fyrir ungt fólk til að byrja búskap. Þessum vandamálum verður að mæta með öflugu viðnámi. Eitt af því, sem gera verður, er að leitast við að efla fjölbreytni atvinnulífsins.

Fyrir botni Hvammsfjarðar eru mikil leirlög í jörðu. Þar er að finna ótæmandi hráefnalind til leirvinnslu af ýmsu tagi. Úr þessum leir frá Búðardal hefur Guðmundur Einarsson frá Miðdal, hinn ötuli brautryðjandi í leirvinnslu hér á landi, unnið og látið vinna vandaðan listiðnað undanfarna áratugi. Hefur sú vinnsla farið fram í Reykjavík, en þangað hefur leirinn verið fluttur óunninn frá Búðardal. Þegar hins vegar að því kemur að hefja þungaiðnað úr leir, eins og þessi þingsályktunartillaga gerir ráð fyrir, ber að sjálfsögðu að staðsetja þá verksmiðju þar, sem gnægð hráefnis er fyrir hendi.

Um þjóðhagslega þýðingu slíkrar verksmiðju sem hér um ræðir þarf ekki að fjölyrða. Hún mundi árlega spara landinu mikinn erlendan gjaldeyri. Hún mundi veita mörgum mönnum örugga atvinnu. Og hún mundi marka raunhæft spor í áttina að jafnvægi í byggð landsins.

Með hliðsjón af framanrituðu tel ég hér vera um svo mikilvægt málefni að ræða, að ríkisvaldinu beri skylda til að láta rannsaka það til hlítar, hvernig sem rekstrarfyrirkomulagi verksmiðjunnar yrði hagað, þegar þar að kemur.

Að öðru leyti leyfi ég mér að vísa til greinargerðar, sem samin er af Guðmundi Einarssyni frá Miðdal og birt sem fylgiskjal með þingsályktunartillögu þessari.

Fylgiskjal.

Greinargerð varðandi leirverksmiðju.

Árið 1927 byrjaði undirritaður á að athuga aðstæður fyrir leirbrennslu á Íslandi, sýndi þá nokkra muni unna úr íslenzku hráefni í lestrarsal Alþingis, sótti jafnframt um styrk til rannsókna, er kostað höfðu mikið fé. Framhaldsrannsóknir allar og undirbúningur tók þrjú ár. 1930 var fyrsta sýning á margs konar leirmunum haldin í Reykjavík.

Síðar vann ég að rannsókn jarðefna og athugun á að reisa hér á landi bæði leir- og postulínsverksmiðju. Ferðaðist um landið á vegum skipulagsnefndar atvinnumála ásamt Jóhannesi Nordal verkfræðingi frá Montreal. Í því ferðalagi einu söfnuðum við 185 sýnishornum, sem flest voru rannsökuð og reynd til brennslu. Gerðar

voru þá áætlanir um stofnun fullkominnar verksmiðju fyrir leiriðnað, sem nægt hefði landinu þá. Áætlanir þessar hlutu góðar undirtektir bæði nefndarinnar og stjórnar landsins, en framkvæmdir hófust ekki. Síðan hefur stöðugt verið unnið að rannsóknum þessum og reynt að koma af stað slíku fyrirtæki, m. a. með atbeina Nýbyggingarráðs og Framkvæmdabankans, en án árangurs, einnig hefur fjórum sinnum verið reynt að fá fjárfestingarleyfi fyrir verkstæðisbyggingu, árangurslaust.

Að mínu áliti hefur landið beðið verulegt tjón vegna þess, að þessum málum hefur ekki verið sinnt sem ástæða væri til. Að vísu hafa fjögur smærri verkstæði unnið hér ýmsa leirmuni, bæði til gagns og skrauts, enn fremur varning fyrir ferðamenn. Slíkt er þó aðeins lítið brot þess, sem vinna mætti úr íslenzkum jarðefnum.

Við höfum látið gera tilraunir með að vinna íslenzka leirinn í stórvirkum vélum, bæði í Þýzkalandi, Ameríku og Svíþjóð. Árangurinn gefur góðar vonir um nýjan iðnað á þessu sviði. Einnig hefur rannsóknarstofa ríkisins efnagreint og gert tilraunir með fjölda leirtegunda með góðum árangri, og rafmagnseftirlitið hefur athugað þol- og einangrunargildi ýmissa leir- og postulínstegunda. Álit sérfræðingastofnunarinnar er á þann veg, að sýnishorn þau, er reynd voru, séu sambærileg beztu erlendu einangrunarefnum fyrir rafmagnstæki.

Tel ég mest aðkallandi, að komið verði á fót fullkominni verksmiðju fyrir byggingarvörur og annan þungaiðnað, svo sem flísar, þakhellur, rör, stein til skreytingar og einangrunar. Enn fremur gæti slík verksmiðja unnið blómsturpotta, leir til heimilisþarfa og ýmsar vörur fyrir rafmagnsiðnað.

Staðsetning slíkrar verksmiðju er vandaverk, því að margt kemur þar til greina. Fyrsta skilyrði er, að næg hráefni séu fyrir hendi, annað, að hægt sé að framkvæma alla meiri háttar flutninga sjóleiðis, þriðja rafmagnsver, sem hafi nægjanlega orku fyrir ofna og vélar.

Að öllu athuguðu tel ég Búðardal og Akureyri heppilegasta staði sökum óþrjótandi gnægðar hráefna og góðra vinnsluskilyrða. Í 25 ár hef ég mestmegnis notað leir frá Búðardal og unnið hann bæði í vélum og svo til vandaðasta listiðnaðar. Eru nú gripir úr því efni víða á erlendum söfnum og í einkaeign, og fyrir vorn eigin markað hefur verið unnið meir úr þeim leir en öllum öðrum tegundum samanlagt.

Þriðjungur þeirra ofna og véla, er með þarf fyrir slíka verksmiðju, er fyrir hendi í landinu, og nægjanlega margir fagmenn. Þó mundi vera heppilegast að fá leirvinnslufræðing með þeim vélum, sem keyptar yrðu, til að annast reksturinn fyrst um sinn og einnig til að sjá um, að öllu sé haganlega fyrir komið.

Guðm. Einarsson
frá Miðdal.

Sþ. 27. Tillaga til þingsályktunar [27. mál]

um dráttarbraut á Seyðisfirði.

Flm.: Björgvin Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera nákvæma áætlun um kostnað við byggingu dráttarbrautar á Seyðisfirði fyrir allt að 2000 rúmlesta skip.

Kostnaður við gerð áætlunar þessarar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Fjórðungsþing Austfirðinga og fjórðungssamtök útgerðarmanna á Austurlandi hafa á undanförnum fundum sínum gert ályktanir um nauðsyn á byggingu stórrar

dráttarbrautar í fjórðungnum. Hafa samtök þessi bent á Seyðisfjörð sem líklegasta staðinn á Austurlandi til þessarar starfrækslu.

Á undanförnum árum hefur fiskveiðifloti Austfirðinga vaxið mjög að skipatölu og rúmlestafjölda. T. d. má nefna, að í lok þessa árs verða gerð út frá Austurlandi 5 botnvörpuskip, og fyrirsjáanlegt er, að með aðgerðum núverandi hæstv. ríkisstjórnar mun floti þessi aukast að mun á næstu árum. Aðstaða er hins vegar engin til viðgerða á þessum skipum. Við svo búið má ekki standa. Að auki kemur svo hitt, að rökstudd vissa er fyrir því, að smíði stálskipa mun á næstu árum færast að miklu leyti inn í landið.

Ein styrkasta stoðin, sem rennur undir jafnvægi í byggð landsins, er dreifing þungaiðnaðarins. Tillaga þessi er flutt í trausti þess, að hæstv. Alþingi og ríkisstjórn skilji nauðsyn þess, að viðhald og nýsmíði hinna stærri skipa verði ekki einskorðuð við Reykjavík.

Í lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, er að vísu gert ráð fyrir styrk úr ríkissjóði og ríkisábyrgð fyrir lánum til byggingar slíkra mannvirkja. Hins vegar verður að líta svo á, að hér sé fyrst og fremst um að ræða hagsmunamál heils landsfjórðungs, og þykir því rétt að fela ríkisstjórninni að láta gera nákvæma áætlun um kostnað við slíkt mannvirki.

Nánari grein mun verða gerð fyrir tillögu þessari í framsögu.

Sþ. 28. Fyrirspurn [28. mál]

til ríkisstjórnarinnar um endurskoðun laga um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum og laga um stýrimannaskólann í Reykjavík.

Frá Jóhanni Jósefssyni.

Hvað líður endurskoðun þeirri á lögum um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum og á lögum um stýrimannaskólann í Reykjavík, sem ríkisstjórninni var með þingsályktun 8. marz 1956 falið að láta fram fara?

Ed. 29. Frumvarp til laga [29. mál]

um gjald af innlendum tollvörutegundum og tollvörueftirliði.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1956.)

1. gr.

Enginn má reka framleiðslu á vörutegund, sem gjald ber af að greiða samkvæmt lögum þessum, nema hann hafi áður fengið til þess leyfisbréf hjá tollyfirvaldi, þar sem framleiðslan fer fram.

Fyrir leyfisbréfið skal gjalda kr. 2000.00 til ríkissjóðs.

Slíkt leyfisbréf má því aðeins láta af hendi, að réttur til verzlunar eða iðjureksturs hafi ekki verið dæmdur af umsækjanda og hann hafi ekki áður verið sviptur leyfi til tollvörugerðar og uppfylli þessi skilyrði:

1. Sé heimilisfastur hér á landi, þegar leyfisbréfið er veitt, og hafi verið það síðasta árið.
2. Sé fjárráður.
3. Hafi forræði á búi sínu og hafi haft það síðasta árið. Hafi ekki orðið tvisvar

gjaldþrota, nema komizt hafi á löglegir samningar um skuldagreiðslur milli hans og lánardrottna hans.

4. Hafi ekki verið dæmdur sekur um verk, sem er svívirðilegt að almenningsáliti, og liggi ekki undir ákæru fyrir slíkan verknað.

5. Hafi þá þekkingu á bókhaldi og vörum, sem talin er nauðsynleg til þess að reka tollvörugerð.

Nú missir maður eitthvert framangreindra skilyrða og fellur þá leyfisbréf hans úr gildi.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari skilyrði fyrir því, að leyfisbréf megi láta af hendi, svo og um missi leyfisbréfs og hvernig framfylgja skuli slíkri leyfissviptingu.

2. gr.

Enginn má hefja tollvöruframleiðslu, nema hann hafi áður tilkynnt það tollyfirvaldi með minnst 14 daga fyrirvara. Skal hann þá hafa aflað sér húsnæðis, sem fullnægir skilyrðum til tollvöruframleiðslu að dómi tollyfirvalds og fullnægir kröfum hlutaðeigandi heilbrigðisyfirvalda.

Stöðvi tollvörugerðarmaður rekstur sinn um lengri tíma en einn mánuð í senn, skal hann tilkynna það tollyfirvaldi með minnst 7 daga fyrirvara og sömuleiðis, ef hann hefur vörugerð að nýju.

3. gr.

Af vörum, sem framleiddar eru hér á landi og taldar eru í eftirfarandi gjaldskrá, skal greiða innlent tollvörugjald eftir því, sem segir í skránni.

1. kafli.

Sykur- og lakkrísvörur.

Gjaldskrárnr.	Vörutegund.	Gjaldeining	Vörumagnsgjald Aurar
1.	Marzipan, það er möndlumassi blandaður sykri, perzipan og aðrar sykurblandaðar marzipan- og perzipanvörur	1 kg	1386
2.	Brjóstsykur, sælgætistöflur og pastillur	—	1386
3.	Tyggigúmmi, húðað með sykri og óhúðað	—	1386
4.	Töggur (karamellur)	—	1386
5.	Sykruð ber og sykraðir ávextir, hlaup og aðrar svipaðar vörur, ef þær eru mótaðar í stengur, plötur eða önnur form	—	1386
6.	Lakkrísvörur sérhverrar tegundar	—	1386
7.	Önnur sætindi ótalin undir öðrum liðum	—	1386

2. kafli.

Súkkulaði, súkkulaði- og kakóvörur.

1.	Hreint súkkulaði alls konar, iðnsúkkulaði og suðusúkkulaði, sem hefur allt að 28% fituinnihald og er selt í 150 g umbúðum eða stærri	—	693
2.	Annað iðn- og suðusúkkulaði	—	1386
3.	Átsúkkulaði alls konar, svo sem súkkulaðihúðað munngæti (kremsúkkulaði, krókantsúkkulaði, marzipansúkkulaði, núgatsúkkulaði og konfekt), ávaxtasúkkulaði, hnotsúkkulaði og möndlusúkkulaði	—	1386
4.	Kokosbollur	—	1386
5.	„Negrakossar“	—	1386
6.	Rjómalengjur	—	1386
7.	Aðrar kakóvörur	—	1386

3. kafli.

Kaffibætir og kaffilíki.

Gjaldskrárnr.	Vörutegund.	Gjaldeining	Vörumagnsgjald Aurar
1.	Kaffibætir	—	90
2.	Kaffilíki	—	396

4. kafli.

Drykkjarvörur og ýmislegir vökvar.

1.	Gosdrykkir	1 l	117
2.	Maltöl	—	66
3.	Annað öl	—	168
4.	Óáfeng vín	—	693
5.	Aldin- og limonaðisöft	—	140
6.	Litað sykurvatn með kjörnum	—	462
7.	Aðrir slíkir drykkir og vökvar	—	462

5. kafli.

Tóbaksvörur.

1.	Vindlar	1 kg	7260
2.	Vindlingar	—	9900

Verði ágreiningur um það, hvaða vörur séu gjaldskyldar eftir lögum þessum, fellir fjármálaráðherra um það fullnaðarúrskurð.

4. gr.

Tollvörugjald það, sem um ræðir í 3. gr., skal greiða eftir magni varanna án umbúða. Af vörum þessum skal reikna ¾ úr tolleiningu og þar yfir sem heila, ¼ allt að ¾ hálfa, en minna broti skal sleppt.

5. gr.

Vörur verða gjaldskyldar samkvæmt lögum þessum jafnótt og þær eru framleiddar. Gjaldið skal vörugerðarmaður greiða til hlutaðeigandi tollyfirvalds, áður en varan er seld, látin í umboðssölu eða flutt burt af framleiðslustað.

Ráðherra getur þó með reglugerð heimilað innheimtumanni að veita frest á greiðslu gjaldsins, þó aldrei lengur en svo, að allt gjaldið sé greitt fyrir 15. næsta mánaðar á eftir. Gjaldfrest má binda skilyrðum, þ. á m. að vörugerðarmaður setji þá tryggingu, sem innheimtumaður tekur gilda.

Vörugerðarmaður skal skila innheimtumanni skýrslu innan viku frá lokum hvers mánaðar um gjaldskylt vörumagn í mánuðinum, vörubirgðir í byrjun og lok mánaðarins og framleitt og selt vörumagn í mánuðinum. Skýrslunni skulu fylgja samrit af sölunótum eða sölureikningum eða afhendingarnótum yfir hið gjaldskylda vörumagn, en á þeim skal greina nafn kaupanda vörunnar, vörumagnið í kílóum eða lítrum, tegundarheiti vörunnar og verð í krónum, enda er óheimilt að selja eða afhenda vöru, án þess að sölu- eða afhendingarnóta fylgi. Heimta má vottorð, útbúið á þann hátt, er getur í 145. gr. hegningarlaganna, um framtal vöru.

Hafi greiðsla gjaldsins ekki farið fram fyrir lok þess mánaðar, sem hún skal greiðast í, skal greiða dráttarvexti 1% fyrir hvern byrjaðan mánuð frá gjalddaga. Þá getur tollyfirvald bannað vörugerðarmanni alla framleiðslu, sölu og afhendingu á öllum innlendum tollvörutegundum og efnivörubirgðum og látið lögregluna loka

útsölu, vörugeymslu og verkstofu vörugerðarmanns og framfylgja banninu að öllu leyti, unz skil eru gerð á gjaldinu. Sama gildir og, ef vörugerðarmaður skilar ekki skýrslu yfir framleiðslu sína á réttum tíma, eða færir ekki bókhald sitt eins og fyrir er mælt.

6. gr.

Vörur, sem gjaldskyldar eru samkvæmt lögum þessum og vörugerðarmaður hefur ekki látið af hendi, eða látið ólöglega af hendi, vörur, er hann á í umboðssölu, svo og allar efnivörur hans til tollvörugerðar, skulu vera að veði fyrir gjaldinu, vöxtum, sektum og kostnaði. Séu skil ekki gerð samkvæmt 5. gr., getur tollyfirvald selt þær birgðir af tilbúinni vöru og efnivörum, sem fyrirfinnast, án undangengins lögtaks eða fjárnáms til lúkningar gjaldi, vöxtum og kostnaði. Skal það gert á uppboði, er boðað sé með minnst viku fyrirvara, og má tollyfirvald krefjast greiðslu við hamarshögg. Náist þannig ekki næg fjárhæð til lúkningar gjaldi, vöxtum, sektum og kostnaði, má án undanfarinnar birtingar gera lögtak fyrir því, sem á vantar, í öðrum eignum gjaldanda.

7. gr.

Nú verður tollvara ósöluhæf, áður en vörugerðarmaður lætur hana af hendi og má þá undanþiggja hana gjaldi, enda sé hún eyðilögð undir eftirliti tollyfirvalds. Sama gildir, ef gallar koma fram á vöru, strax eftir afhendingu.

8. gr.

Heimilt skal fjármálaráðherra að endurgreiða gjald, sem greitt hefur verið samkvæmt lögum þessum af vörum, sem fluttar hafa verið til útlanda, ef útflutningur varanna fer eftir reglum tolllaga um endursending vara og útflutningsskýrslur og skjöl þau, sem fylgja, bera það með sér, að vörurnar séu sendar til útlanda til sölu þar.

Þá skal og heimilt að endurgreiða tollvörugjald, sem greitt hefur verið af iðnsúkkulaði, framleiddu hér á landi, ef það hefur verið selt öðrum tollvörugerðarmanni til tollvöruframleiðslu. Slík endurgreiðsla má því aðeins fara fram, að vörugerðarmaður færi sönnur á, að hann hafi notað iðnsúkkulaðið til framleiðslu gjaldskyldrar vöru, sem hann hefur greitt tollvörugjald af.

9. gr.

Tollvörugerðarmönnum er óheimilt að láta af hendi vörur, gjaldskyldar samkvæmt lögum þessum, nema í sérstökum þar til gerðum umbúðum. Skal á umbúðunum greina heiti vörunnar, nafn eða firmaheiti vörugerðarmanns og innihald í lítrum eða kílóum.

Vörugerðarmaður skal afhenda tollyfirvaldi sýnishorn af öllum umbúðum af framleiðsluvörum sínum, innan 14 daga, eftir að lög þessi hafa öðlazt gildi. Skulu sýnishornunum fylgja upplýsingar um, hver séu aðalefni vörunnar. Áður en sala vörutegundar hefst, sem vörugerðarmaður hefur ekki áður framleitt, eða breytt hefur verið umbúðum vöru, sem áður hefur verið framleidd, skal vörugerðarmaður senda tollyfirvaldi sýnishorn af vörunni eða umbúðunum 14 dögum áður en sala vörunnar hefst.

Verzlunum og öðrum smásölustöðum, sem selja vörur gjaldskyldar samkvæmt lögum þessum er óheimilt að hafa á boðstólum tollvörur, nema þær séu merktar þannig, að þær beri með sér frá hvaða framleiðanda þær eru. Vanræksla í þessum efnum varðar framleiðanda og seljanda sektum, og skulu vörurnar upptækar.

10. gr.

Heimilt er tollyfirvaldi hvenær sem er að kanna tollvörubirgðir verzlana og annarra sölustaða, sem selja til neytenda gjaldskyldar vörur samkvæmt lögum þessum. Skulu á slíkum sölustöðum jafnan vera fyrir hendi innkaupareikningar

yfir allar innlendar tollvörur, sem á boðstólum eru, og skal tollyfirvald hafa aðgang að þeim hvenær sem er.

11. gr.

Hver sá, sem kaupir eða tekur við vörum, sem gjaldskyldar eru eftir lögum þessum í því skyni að selja þær aftur, skal, ef hann veit eða hefur ástæðu til að ætla, að gjald verði ekki greitt af vörunum, tilkynna það hlutaðeigandi tollyfirvaldi án tafar. Vanræki hann það, skal hann ábyrgjast greiðslu gjaldsins.

12. gr.

Heimilt er tollyfirvaldi hvenær sem er að rannsaka allt bókhald tollvörugerðarmanns og taka það til sín í því skyni. Einnig er tollyfirvaldi heimilt að rannsaka birgðir vörugerðarmanns af unnum og óunnum vörum og leggja fyrir hann að gera birgðatalningu undir tolleftirliti. Enn fremur er tollyfirvaldi heimilt að ákveða, að allar framleiddar vörur vörugerðarmanns skuli settar í geymslu undir lás eða innsigli tollgæzlunnar, og skal tollvörugerðarmaður sem endranær leggja til hæfilegt húsnæði fyrir vöruna.

13. gr.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um vörugerðina, um húsrúm og útbúnað, þar sem vörugerð fer fram, um geymslu á hráefnum og tilbúnum óafhentum vörum, um gerð og merking umbúða, um afhending og sölu varanna, um allt bókhald vörugerðar og hverjum viðurlögum það sæti, ef bækur eru ekki færðar eins og fyrir er mælt, eða ef þær eru eyðilagðar, um eftirlit til tryggingar gjaldheimtunni og annað það, er að framkvæmd laganna lýtur og þurfa þykir til að tryggja gjaldheimtuna, þar á meðal um gerð, sölu og notkun tollmerkja á einstakar eða allar tollvörutegundir.

Enn fremur má í reglugerðinni ákveða sektir fyrir brot gegn henni, þar á meðal dagsektir.

14. gr.

Brot gegn fyrirmælum laga þessara eða reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum.

Verði vörugerðarmaður uppvís að því að hafa sagt rangt til um vörugerð sína, efnivörur, birgðir, hversu mikið hann hefur selt af birgðum eða hann selur þær í heimildarleysi, án þess að gjaldið sé greitt, þá varðar það hann sektum allt að kr. 50 000.00, nema þyngri refsing liggi við að lögum. Auk þess ber honum að greiða tvöfalda upphæð gjalds þess, sem reynt hefur verið að draga undan. Verði eigi sannað, hve há sú upphæð hefur verið, skal ákveða hið tvöfalda gjald eftir málavöxtum.

15. gr.

Mál, sem rísa af brotum gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, skulu rekin að hætti opinberra mála. Sektir allar renna í ríkissjóð.

16. gr.

Fyrir gjaldheimtum og sektum eftir lögum þessum skal gera reikning eftir reglum þeim, sem settar verða um opinber reikningsskil.

17. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 60 frá 30. desember 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

Leyfisbréf til vörugerðar, er gefin hafa verið út samkvæmt eldri lögum, halda gildi sínu.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Stjórnarfrumvarp samhljóða þessu var flutt á síðasta Alþingi, en varð ekki útrætt. Því fylgdu svo hljóðandi athugasemdir:

Fyrir nokkru skipaði fjármálaráðherra nefnd til þess að endurskoða lög nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum. Í nefnd þessa voru skipaðir þeir Ólafur Jensson, fulltrúi, af hálfu fjármálaráðuneytisins, Stefán Thorarensen, lyfsali, af hálfu Félags ísl. iðnrekenda, og Sveinn Þórðarson, fulltrúi, tilnefndur af tollstjóra.

Nefndin gat eigi orðið á eitt sátt og skilaði tveimur frv. til ráðuneytisins. Stóðu að öðru þeir Ólafur Jensson og Sveinn Þórðarson, en hinu Stefán Thorarensen.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er í meginatriðum samhljóða frv. meiri hluta nefndarinnar, en inn í frv. hafa verið teknar nokkrar breytingar eftir tilmælum tollstjórans í Reykjavík, og hefur áður nefndur meiri hluti nefndarinnar fallizt á þær.

Svo breyttu fylgir frv. eftirfarandi greinargerð frá meiri hluta nefndarinnar:

Um 1. gr.

Fyrsta mgr. er samhljóða 1. gr. núgildandi laga, nema að því leyti, að leyfisgjaldið hefur verið hækkað úr kr. 100.00 í kr. 2000.00 og skal renna til ríkissjóðs, en ekki til bæjarsjóðs, eins og lögin ákveða.

Þá eru í greininni sett ákvæði um skilyrði fyrir því, að leyfisbréf til tollvöruframleiðslu megi láta af hendi og eru þau svo til samhljóða skilyrðum til verzlunarleyfis. Slík skilyrði hafa ekki verið í lögum um innlent tollvörugjald áður.

Um 2. gr.

Ákvæði greinarinnar eru nýmæli, samin með hliðsjón af dönskum lögum.

Um 3. gr.

Svarar til 2. gr. laganna.

Gjöld gjaldskrárinnar eru grunngjöld samkv. lögunum að viðbættu heimiluðu álagi samkv. lögum nr. 91/1954, sbr. d-lið í 1. gr. (nú l. nr. 91/1955, sbr. d-lið 1. gr.).

1. kafli gjaldskrárinnar er óbreyttur, en aftan við heiti flestra gjaldskrárliða hefur verið bætt skýringum.

Í öðrum kafla frv. eru 7 gjaldskrárliðir, en 5 í lögunum. 3.—6. gjaldskrárliður eru samhljóða 2.—5. gjaldskrárlið 2. kafla gjaldskrárlaganna, en 1. lið hefur verið breytt þannig, að við hann hefur verið bætt setningunni: „sem hefur allt að 28% fituinnihald og selt er í 150 g umbúðum eða stærri". Er þetta nýmæli tekið úr norskum lögum, sett í þeim tilgangi að ákveða, hvað skuli teljast iðn- og suðusúkkulaði. Í lögin hefur slíkt ákvæði vantað mjög tilfinnanlega.

2. og 7. gjaldskrárl. þessa kafla eru nýir liðir. Ákvæði 7. liðar eru sett með það fyrir augum, að tryggja það, að gjaldskyldan taki einnig til vara, sem búnar eru til úr kakói, en eru hliðstæðar súkkulaðivörum.

Aðrir kaflar gjaldskrár frv. eru að mestu samhljóða tilsvarandi köflum í gjaldskrá laganna.

Um 4. gr.

Samhljóða 3. gr. laganna.

Um 5. gr.

1. mgr. þessarar gr. svarar til 1. mgr. laganna, en er mun ýtarlegri.

Í 2. mgr. gr. er heimild til greiðslufrests. Hliðstæð ákvæði eru til í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 9/1935.

Í 3. mgr. eru ákvæði um skýrslugjöf o. fl., sem áður voru reglugerðarákvæði, sbr. 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 9/1935, en eru mun ýtarlegri.

Í 4. mgr. eru ákvæði um dráttarvexti, sem eru algert nýmæli. Þar eru einnig ákvæði um bann við framleiðslu og sölu og um lokun verkstofu o. s. frv. Ákvæði þessarar mgr. eru samin með hliðsjón af 3. mgr. 6. gr. áðurgreindrar reglugerðar.

Um 6. gr.

Svarar að mestu til 5. gr. laganna.

Um 7. gr.

Nýmæli.

Um 8. gr.

Fyrri mgr. gr. er að efni til samhljóða 4. gr. laganna.

Síðari mgr. gr. er nýmæli, sett með það fyrir augum, að veita heimild til endurgreiðslu á gjaldi af iðnsúkkulaði, ef gjaldið hefur verið tvígreitt. Líklegt er, að hinir smærri tollvöruframleiðendur muni framvegis kaupa iðnsúkkulaði til framleiðslu sinnar að mestu leyti hjá innlendum framleiðendum. Greiðir þá framleiðandinn fyrst gjald af iðnsúkkulaðinu og síðar kaupandinn, er hann hefur unnið úr því. Gjald af iðnsúkkulaði getur þannig orðið tvígreitt. Heimild til endurgreiðslu í slíkum tilfellum er því nauðsynleg.

Um 9., 10., 11. og 12. gr.

Nýjar greinar með nýmælum, settum til tryggingar gjaldheimtunni.

Ákvæði hliðstæð ákvæðum 12. gr. eru til í 2. mgr. 5. gr. og í 7. gr. reglugerðar nr. 9/1935.

Um 13. gr.

Ákvæði þessarar greinar svara til fyrri mgr. 6. gr. laganna, en í greinina hefur verið bætt ákvæðum um tollmerki, sem eru nýmæli.

Um 14. gr.

Grein þessi er að efni til samhljóða 7. gr. laganna, en sektarákvæðum hefur verið breytt. T. d. er ákveðið, að greiða skuli tvöfalda upphæð gjalds þess, sem reynt hefur verið að draga undan, en í lögunum er ákveðið þrefalt gjald.

Um 15., 16., 17. og 18. gr.

Að mestu samhljóða 8.—11 gr. laganna.

Ed. 30. Frumvarp til laga [30. mál]

um breyting á lögum nr. 2 frá 10. febr. 1888, um Söfnunarsjóð Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1956.)

1. gr.

C-liður 6. gr. laga nr. 2 frá 10. febr. 1888, um Söfnunarsjóð Íslands, orðist svo:

Söfnunarsjóðnum er heimilt að áskilja sér allt að 7 af hundraði í ársvexti af lánum, er tryggð eru með veði í fasteign eða handveði. Þó má aldrei semja um hærri vexti samkvæmt þessari heimild en Landsbanki Íslands reiknar sér á sama tíma.

Óheimilt er að hækka vexti af lánum, er veitt hafa verið úr sjóðnum við gildistöku laga þessara, frá því er samið var um, þegar lánin voru tekin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 75 frá 25. nóv. 1952 var leyfð almenn vaxtahækkun í 7% á ári, af skuldum, sem tryggðar eru með veði í fasteign eða handveði. Sú takmörkun var þó gerð, að vextir mega ekki vera hærri en Landsbanki Íslands reiknar sér á hverjum tíma.

Þessi almenna heimild til vaxtahækkunar náði ekki til Söfnunarsjóðs Íslands, þar sem um hann gilda sérstök lög, nr. 2 frá 1888, sbr. breytingu á þeim lögum, nr. 84 frá 1935, en þar er bann við því að sjóðurinn taki hærri vexti en 5% á ári.

Þar sem bann þetta háir mjög starfsemi sjóðsins, enda óeðlilegt þegar almennt eru leyfðir 7% ársvextir af fasteignalánum, er talið rétt að breyta lögum sjóðsins til samræmis við hin almennu lög um vexti. Það er hins vegar ekki talið rétt, að láta þessa heimild til vaxtahækkunar koma til greina á lán, sem þegar hafa verið veitt úr sjóðnum.

Sþ. 31. Tillaga til þingsályktunar [31. mál]

um endurskoðun hjúkrunarkvennalaga og laga um Hjúkrunarkvennaskóla Íslands.

Flm.: Alfreð Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara endurskoðun laga nr. 27 19. júní 1933 (hjúkrunarkvennalaga) og laga nr. 76 20. des. 1944, um Hjúkrunarkvennaskóla Íslands, með sérstöku tilliti til þess, hvort og þá hverra breytinga á þessum lögum sé þörf til þess að fá bætt úr tilfinnanlegum skorti á starfandi hjúkrunarkonum í landinu. Niðurstöður umræddrar endurskoðunar og tillögur til úrbóta verði lagðar fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Hér á landi hefur lengi gætt erfiðleika á að fá fullnuma hjúkrunarkonur til starfa, og fara þeir erfiðleikar stöðugt vaxandi. Eiga sjúkrahús og hæli svo að segja í þrotlausu stríði í þessu efni. Hjúkrunarkvennaskorturinn kemur einkum hart niður á stofnunum utan Reykjavíkur, og hafa sumar þeirra orðið nærri óstarfhæfar af þeim sökum, en einnig í Reykjavík gerir þessi vöntun mjög vart við sig. Reynt hefur verið að bæta úr þessu með því að fá hingað erlendar hjúkrunarkonur, en því fylgir sá galli, að þær skilja ekki íslenzku, og veldur það sjúklingum óþægindum. Einnig hefur orðið að fara út á þá braut að nota í vaxandi mæli ófaglært starfslið till hjúkrunar og þótt gott, þegar fengizt hafa konur með ljósmæðramenntun.

Þessi skortur á fullgildum hjúkrunarkonum mun þó enn aukast og verða tilfinnanlegri á næstu árum. Ný sjúkrahús eru í smíðum og bygging annarra áformuð, auk þess sem heilsuverndarstarfsemin færir stöðugt út kvíarnar. Fjölgun í hjúkrunarkvennastétt er því brýn nauðsyn.

Hjúkrunarkvennaskóli Íslands hefur nýlega flutzt í ný húsakynni og stærri en hann áður hafði. Getur skólinn nú haft um 30 nemum fleira í heimavist en áður. Þó er þriðjungur hans enn órisinn af grunni, en fullbyggður á hann að geta rúmað um 120 nemendur í heimavist, og er það helmingi meira en rúmaðist í gamla húsnæðinu. Víst er, að mikil bót verður að þeirri stækkun skólans, og jafnvíst er hitt, að hún mun ekki leysa vandann til fulls og fleiri ráða verður að leita. Um það eru þeir sammála, sem þessum málum eru kunnugastir.

Þetta sama vandamál, hjúkrunarkvennaskortinn, hafa nágrannaþjóðir okkar átt við að glíma. Hafa þær reynt að leysa það með ýmsu móti, m. a. með því að

kenna konum frumatriði hjúkrunar á stuttum námskeiðum og veita þeim síðan rétt til aðstoðarstarfa í sjúkrahúsum og hælum. Misjafnlega munu slíkar ráðstafanir hafa mælzt fyrir, einkum í hópi fullnuma hjúkrunarkvenna.

Þótt nauðsyn beri til að ráða sem skjótast bót á hjúkrunarkvennaskortinum hér á landi, er ekki vert að rasa um ráð fram í því efni. Þykir rétt, að þeir aðilar, sem þessum málum eru kunnugastir, fái tækifæri til að bera ráð sín saman, að athugað verði, hvaða leiðir aðrar þjóðir hafa farið, og að lokum, að gerðar verði tillögur á grundvelli þess, sem bezt mundi henta hér. Því er þetta mál borið fram hér í formi þingsályktunartillögu um endurskoðun.

Nd. 32. Frumvarp til laga [32. mál]

um breyting á lögum nr. 16 26. febr. 1943, um orlof.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1956.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Lög þessi gilda um allt fólk, sem starfar í þjónustu annarra, hvort heldur einstaklinga eða hins opinbera. Ná lög þessi jafnt til þeirra, er taka laun sín í hluta af verðmæti, sem hinna, er taka laun sín í peningum.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Sérhver sá, sem lög þessi ná til, hefur rétt og skyldu til orlofs ár hvert, einn og hálfan dag fyrir hvern unninn almanaksmánuð á síðasta orlofsári, en orlofsár merkir í lögum þessum tímabilið 15. maí til 14. maí. Telst í þessu sambandi hálfur mánuður eða meira sem heill mánuður, en skemmri tími ekki talinn með. Það telst vinnutími samkvæmt þessari grein, þótt maður sé frá vinnu vegna veikinda eða slysa, meðan hann fær kaup greitt, eða hann er í orlofi.

3. gr.

Í stað „4%“ í 1. mgr. 4. gr. laganna komi: 6%.

Í stað orðanna „í fastri stöðu“ í 4., 5. og 6. mgr. komi: í föstu starfi.

4. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Kröfur á hendur vinnuveitendum samkvæmt lögum þessum fyrnast eftir sömu reglum og kaupkröfur samkv. lögum nr. 14 20. okt. 1905, um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er lagt til, að breytt verði ákvæðum gildandi laga nr. 16 26. febr. 1943, um orlof, varðandi þrjú atriði.

A. Orlofstíminn verði lengdur úr 12 dögum virkum í 18 daga virka á ári. Í samræmi við þetta hækki orlofsfé úr 4% í 6%.

B. Afnumin verði sérregla sú, um orlof starfsmanna fiskiskipa, sem nú er í gildi, sbr. 1. gr. laga nr. 16/1943, en sömu ákvæði gildi um þá, sem taka laun sín í hluta af verðmæti og um þá, er taka þau í peningum.

C. Fyrning orlofskrafa verði með sama hætti og kaupkrafa, sbr. lög nr. 14 20. okt. 1905, 3. gr. Fyrningarfresturinn verði þá 4 ár, en samkvæmt 15. gr. laga nr. 16/1943 falla orlofskröfur úr gildi fyrir fyrning, ef þær hafa ekki verið viðurkenndar eða lögsókn hafin innan loka næsta orlofsárs eftir að kröfurnar stofnuðust.

Skal nú vikið að ástæðunum fyrir breytingum þessum.

Um A. Í desemberverkfallinu 1952 var orlofsfé hækkað úr 4% í 5% og í verkfallinu 1955 var það enn hækkað úr 5% í 6%.

Samkvæmt lögum nr. 38 14. apríl 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 16. gr., sbr. reglugerð nr. 87 15. júní 1954, um orlof og veikindaforföll starfsmanna ríkisins, 1. gr., skal árlegt orlof vera í 15 virka daga. Þegar sérstaklega stendur á má orlof þó vera allt að 18 dögum virkum, en með reglugerð er ákveðið, að 18 daga orlof gildi fyrir alla þá, sem eiga að baki 10—15 ára þjónustualdur. Starfsmönnum, sem hafa verið í þjónustu ríkisins lengur en 15 ár, ber orlof í 24 daga virka. Á síðasta sumri var opinberum starfsmönnum veitt orlof 18 virka daga og þeim, sem höfðu verið í þjónustu ríkisins í 10—15 ár, 21 dags orlof, en ákvæðinu um 24 daga orlofið fylgt. Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp til laga, um breyting á lögunum, um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, sem felur í sér breytingu á ákvæðunum um orlof á þann veg, að í stað 15 daga komi 18 dagar og í stað 18 daga komi 21 dagur. Sú breyting á orlofstíma og orlofsfé, sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir, er í raun og veru til samræmingar við þær reglur, sem þegar er fylgt.

Þess má að lokum geta, að í Noregi var 18 daga orlof lögfest árið 1947, í Svíþjóð árið 1951 og í Danmörku árið 1953.

Um B. Sérreglan í 1. gr. orlofslaganna um starfsmenn fiskiskipa, sem ráðnir eru eftir reglum um hrein hlutaskipti, þykir óljós og hefur valdið ágreiningi, sbr. t. d. Féld. II, bls. 37 og bls. 150. Líta verður svo á, að hlutaskiptafyrirkomulag sé einungis ákveðin aðferð, sem höfð er um ákvörðun og útreikning launa hlutaðeigandi starfsmanns, sbr. t. d. Hæstaréttardóma V, bls. 290 og bls. 717. Verður þá ekki séð, að það skipti máli varðandi greiðslu orlofs, hvort laun eru ákveðin með þessum sérstaka hætti eða á annan hátt. Umrætt ákvæði, ef að lögum verður, veitir sjómönnum fiskiskipa, sem ráðnir eru upp á hlut, sama rétt til orlofs og öðrum launþegum.

Um C. Orlof er ákveðið sem hundraðshluti kaupgjalds og er í raun og veru aðeins hluti kaupgjaldsins, sbr. t. d. það, að greiða skal skatt af orlofsfé svo sem um væri að ræða kaup. Virðist þá eðlilegt, að um fyrningu fari með sama hætti og um kaupkröfur væri að ræða.

Hér fara á eftir athugasemdir um einstakar greinar:

Um 1. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 1. gr. laga nr. 16/1943, að öðru leyti en því, að sérreglan, um starfsmenn fiskiskipa, sem ráðnir eru upp á hlut, er felld niður, sbr. það sem sagt er hér að framan um B. Greinin þarfnast ekki nánari skýringa.

Um 2. gr.

Lagt er til, að sú ein efnisbreyting verði gerð á 3. gr. laga nr. 16/1943, að orlofstíminn verði lengdur sem svarar 6 dögum virkum á ári, úr 12 dögum í 18 daga, sbr. það sem áður er sagt um A. Greinin þarfnast ekki nánari skýringa.

Um 3. gr.

Til samræmis við lengingu orlofstímans, sbr. 2. gr., er hér lagt til að orlofsfé verði hækkað úr 4% í 6%, sbr. það, sem áður segir um þetta efni, sjá A.

Þá er lagt til að í stað orðanna „í fastri stöðu“ á þrem stöðum í 4. gr. laga nr. 16/1943 komi orðin „í föstu starfi“. Hér er e. t. v. ekki um efnisbreytingu að

ræða, en skýrara þykir að nota hér orðið *starf* en *staða*, þar eð hið síðara orð kynni að vera túlkað aðeins sem *embætti* og ákvæðið yrði þá þrengra en til er ætlazt.

Um 4. gr.

Hér er lagt til, að sérreglan í 15. gr. laga nr. 16/1943, um fyrningu orlofskrafa verði niður felld og sömu reglur gildi um fyrningu þeirra og annarra kaupkrafa, þ. e. 4 ára fyrningarfrestur, sbr. það sem áður er sagt um C.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 33. Tillaga til þingsályktunar [33. mál]

um aðstoð til bænda vegna fjárskipta í Dala- og Strandasýslum.

Flm.: Ásgeir Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram athugun á fjárhag bænda á niðurskurðarsvæðinu í Dala- og Strandasýslum og gera að þeirri athugun lokinni nauðsynlegar tillögur um aðstoð.

Greinargerð.

Haustið 1954 kom að nýju upp mæðiveiki í sauðfé í „Dalahólfinu“, og var þá strax skorið niður á nokkrum bæjum. Árið eftir (haustið 1955) var hafinn niðurskurður sauðfjár í Hvammshreppi öllum og Laxárdalshreppi, að undanskildum þeim bæjum, sem eru í öðru fjárskiptahólfi. Þessir hreppar voru sauðlausir, þar til er þeir fengu lömb nú í haust. Niðurskurði sauðfjár var haldið áfram í haust sem leið á því svæði, sem eftir var innan hólfsins, en það er í Dalasýslu: Fellsstrandarhreppur, Klofningshreppur, Skarðshreppur og Saurbæjarhreppur (að undanskildum Kleifum, sem eru í öðru fjárskiptahólfi). Enn fremur var skorið niður sauðfé í þeim hluta Strandasýslu, sem er í sama hólfi, þ. e. meginhluta Bæjarhrepps og hluta af Óspakseyrarhreppi. Þetta svæði verður allt sauðlaust eitt ár.

Þrátt fyrir bætur þær, er lög heimila vegna niðurskurðar sauðfjár, er sýnilegt, að bændur verða fyrir stórfelldum skaða við fjárskiptin. Sauðfjárræktin má heita eina búgreinin, sem afkoma bænda á þessu svæði byggist á, svo að nærri má geta, að þegar sú stoð er algerlega fallin, sé hvorki mikið til að lifa af né rísa undir umbótum liðinna ára, þótt ekki séu nefndar framkvæmdir, meðan þetta ástand ríkir.

Á síðasta Alþingi voru lögin um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra tekin til endurskoðunar. Þá bar ég fram breytingartillögur við frv. um hækkaðar bætur, en þær tillögur náðu ekki fram að ganga. Meginrökin gegn þeim voru þau, að frv. fæli í sér nægar bætur undir öllum venjulegum kringumstæðum. En á þessu fjárskiptasvæði eru ekki neinar venjulegar kringumstæður og því alger sérstaða, sem stafar fyrst og fremst af því, að þarna var fyrirskipaður niðurskurður alls sauðfjár, um leið og trú bænda á landbúnað var að glæðast að nýju eftir langt kyrrstöðutímabil, sem ríkti, meðan veikin herjaði áður, enda voru búin yfirleitt lítil, þegar fjárskiptin hófust, eins og meðfylgjandi skýrsla veturinn 1953—54 sýnir:

Bændur með 150 fjár og þar yfir	18	(meðaltal 239 fjár).
Bændur með 100—150 fjár	41	(meðaltal 119 fjár).
Bændur með undir 100 fjár	124	(meðaltal 65 fjár).

Það er fljótlegt að rífa niður, en það tekur langan tíma og er einnig dýrt að byggja að nýju. Í trausti þess, að þingmenn ljái þessu máli fylgi sitt og standi að því, að þarna myndist ekki „rjóður í skóginum", er tillagan fram borin. Til frekari skýringar á málinu er birt hér með greinargerð og útreikningar frá fundi, sem haldinn var á s. l. vori um fjárskiptin.

Fylgiskjal.

Útdráttur úr fundargerð.

Vegna fyrirsjáanlegs fjárhagslegs tjóns við væntanleg fjárskipti gerir fulltrúafundur, haldinn að Búðardal 18. maí 1956, þá kröfu til ríkisins, að bættur verði sá mismunur, sem er á milli niðurlagsverðs ánna og kaupverðs aðkeyptra lamba.

Greinargerð fyrir framangreindri tillögu:

Tekið dæmi af fjáreiganda, sem á 100 fjár.

Tekjur:

1.	Niðurlagsverð á 100 ám haustið, sem fjárskipti fara fram	kr. 270.00	kr. 27000
2.	Bætur sauðleysisárið	— 226.00	— 22600
3.	Bætur næsta ár	— 226.00	— 22600
4.	40 dilkar sama ár	— 260.00	— 10400
5.	Sparnaður á fóðri	— 40.00	— 4000
			Kr. 86600

Kostnaður og afurðatap:

1.	Keypt 100 lömb	kr. 434.00	kr. 43400
2.	90 lömb sauðleysisárið	— 302.00	— 27180
3.	90 lömb næsta ár	— 302.00	— 27180
4.	20 ær (10 hvort ár)	— 200.00	— 4000
5.	Ull af 100 kindum sauðleysisárið	— 15.00	— 1500
			Kr. 103160
			÷ — 86600
			Mismunur kr. 16560

Nd. 34. Frumvarp til laga [34. mál]

um breyting á lögum nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

Flm.: Magnús Jónsson, Jóhann Hafstein.

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna komi ný mgr., svo hljóðandi:

Gjald það, sem á er lagt samkvæmt þessari grein, skiptist að jöfnu milli ríkissjóðs og iðnlánasjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1957.

Greinargerð.

Flm. þessa frv. hafa nú endurflutt frv. það um breyting á lögum um iðnlánasjóð, sem sjálfstæðismenn hafa áður flutt á tveim þingum, en eigi náð þá fram

að ganga. Er þar lagt til, að iðnlánasjóður veiti eingöngu stofnlán og framlag ríkissjóðs verði aukið um helming.

Síðan frv. þetta var lagt fram, hefur iðnþing rætt ýtarlega lánamál iðnaðarins og lagt áherzlu á nauðsyn þess, að iðnaðurinn fái sérstakan byggingarlánasjóð, hliðstæðan stofnlánasjóðum landbúnaðar og sjávarútvegs.

Hér er vitanlega um fullkomið sanngirnismál að ræða vegna hinnar miklu þjóðhagslegu þýðingar iðju og iðnaðar. Iðnlánasjóður er þess alls ómegnugur að veita lán til stórframkvæmda á þessu sviði, en eins og nú standa sakir, er það nær eingöngu fiskiðja, sem á kost að stofnlánum. Með tvöföldun á framlagi til iðnlánasjóðs er ekki séð fyrir þessari miklu þörf, heldur er með því frv. aðeins leitazt við að auðvelda sjóðnum að hlaupa undir bagga með smálánveitingum, svo sem verið hefur, því að þótt sjóðurinn hafi ekki getað veitt stórlán, hefur hann samt með lánum sínum tryggt mörgum iðnfyrirtækjum starfsgrundvöll.

Flm. þessa frv. telja sjálfsagt, að Alþingi mæti sanngjörnum óskum samtaka iðnrekenda og iðnaðarmanna um stofnlánasjóð, er veitt geti lán til nauðsynlegra bygginga og vélakaupa til eflingar iðju og iðnaði í landinu. Nú er lagt hátt tollgjald á ýmsar innlendar iðnaðarvörur. Fiskveiðasjóður er fyrst og fremst byggður upp af sjávarútveginum sjálfum með ákveðnu gjaldi af sjávarafurðum. Á sama hátt sýnist eðlilegt og sanngjarnt, að iðnaðurinn njóti sjálfur að verulegu leyti þess gjalds, sem honum er gert að greiða af framleiðslu sinni. Þar sem gjald af innlendum tollvörum er allstór tekjustofn fyrir ríkissjóð, þykir flm. ekki fært að svipta ríkissjóð þessum tekjum að öllu leyti, en leggja til, að gjaldið skiptist að hálfu milli ríkissjóðs og iðnlánasjóðs.

Með hliðsjón af því, að flm. þessa frv. hafa í frv. um breyting á lögum um iðnlánasjóð lagt til, að sá sjóður yrði eingöngu stofnlánasjóður, virðist heppilegra að leysa stofnfjárþörfina að öllu leyti gegnum þann sjóð heldur en mynda nýjan sjóð.

Nd. 35. Frumvarp til laga [35. mál]

um að banna hnefaleika.

Flm.: Kjartan J. Jóhannsson, Gísli Guðmundsson.

1. gr.

Bönnuð er öll keppni eða sýning á hnefaleik. Enn fremur er bannað að kenna hnefaleik.

2. gr.

Bönnuð er sala og notkun hnefaleikaglófa og annarra tækja, sem ætluð eru til þjálfunar hnefaleikara. Í reglugerð skal ákveða, hvernig fara skuli með slík tæki, sem nú eru til í landinu.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerð, settri samkvæmt þeim, skal varða sektum allt að 10000 krónum, ef ekki liggur þyngri refsing við brotinu samkvæmt öðrum lögum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hnefaleikur er einhver sá ógeðfelldasti leikur, sem hér þekkist.

Ef íþrótt er skýrgreind sem holl hreyfing, vel fallin til þess að gera menn hrausta á sál og líkama, þá er öfugmæli að kalla hnefaleika íþrótt.

Sem betur fer, hafa hnefaleikar aldrei verið vinsælir hér. Ekki er kunnugt, að neinn hafi látið lífið hér við opinbera hnefaleikakeppni. Slíkt er þó algengt erlendis. Hitt er þó enn algengara þar, að hnefaleikarar verði það, sem kalla mætti „höggdrukknir", þ. e. fá meiri eða minni heilaskemmdir, sem valda því, að þeir haga sér eins og þeir væru lítils háttar ölvaðir.

Stórslys og dauðsföll hafa hlotizt hér á landi af áverkum af hendi manna, er vanizt höfðu hnefaleikum. Full ástæða er því til að stemma á að ósi í þessu efni og banna alla keppni og kennslu í hnefaleik.

Bann við hnefaleikum er í rauninni ekki nema skyld og sjálfsögð tilraun til slysavarna.

Nd. 36. Frumvarp til laga [36. mál]

um breyting á lögum nr. 68 25. maí 1949, um bifreiðaskatt o. fl.

Flm.: Kjartan J. Jóhannsson.

1. gr.

Aftan við 8. gr. laganna bætist nýr stafliður, svo hljóðandi:

Til að malbika eða steypa vegi í kaupstöðum og kauptúnum 5 aurar af lítra. Greiða skal helming kostnaðar á móti þeim bæjar- eða sveitarsjóði, er í hlut á.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með vaxandi umferð bifreiða verður ekki lengur komizt hjá því að malbika eða steypa helztu umferðargöturnar í kaupstöðum og kauptúnum.

Malarvegir verða óhóflega viðhaldsfrekir, þegar umferð er mikil, og þó oftast illfærir eða fara að minnsta kosti mjög illa með bifreiðar og slíta þeim úr hófi fram.

Malbikaðir eða steyptir vegir eru svo dýrir, að ekki er von til þess, að kaupstaðir og kauptún geti lagt þá algerlega á eigin spýtur, enda ekki nema sanngjarnt, að hluti af benzínskatti gangi til þessa. Var og ætlazt til þess, þegar lögin um bifreiðaskatt o. fl. voru sett 1932, að 15% skattsins rynni frá 1. jan. 1934 til stofnunar sjóðs, er varið skyldi til að leggja fram helming kostnaðar við varanlega gatnagerð í kaupstöðum og kauptúnum.

Af þessu hefur þó ekki orðið í framkvæmd, nema hvað 100 þús. kr. hafa verið á fjárlögum í þessu skyni undanfarin ár, en sú uphæð er allsendis ófullnægjandi.

Hér er því lagt til, að svipaður hluti af benzínskatti og upphaflega var gert ráð fyrir renni framvegis til þessara vega.

Ed. 37. Nefndarálit [30. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 2 frá 10. febr. 1888, um Söfnunarsjóð Íslands.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið. Þykir henni eðlilegt, að Söfnunarsjóði Íslands verði heimilað að borga vexti af nýjum lánum í samræmi við þá vexti, er bank-

ar taka. Hins vegar telur hún ekki rétt, að heimild þessi nái til eldri lána, sem samið hefur verið um. Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 2. nóv. 1956.

Bernh. Stefánsson, form., frsm. Björn Jónsson, fundaskr. Jóhann Jósefsson,
Gunnar Thoroddsen. Haraldur Guðmundsson.

Nd. 38. Frumvarp til laga [37. mál]

um breyting á lögum nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Karl Guðjónsson, Gunnar Jóhannsson.

1. gr.

Upphaf 10. gr. laganna orðist svo (og breytist stafliðir greinarinnar í samræmi við það):

Frá tekjum skal draga, áður en skattur er á þær lagður:

a. Atvinnutekjur þær, er skattþegn hefur aflað sér með eftir-, nætur- og helgidagavinnu við störf í þjónustu útflutningsframleiðslunnar og ekki eru orlofsskyldar. Atvinnurekendum skal skylt að láta skattyfirvöldunum í té vinnuskýrslur, er sýni glögglega, hver hluti af greiðslum til starfsmanna þeirra falli undir þetta ákvæði. Einnig skulu launþegar gera grein fyrir því á skattframtali sínu, hvort einhver hluti tekna þeirra, og þá hvað mikill, eigi að falla undir þetta ákvæði.

Ráðherra ákveður í reglugerð, hver störf falli undir þetta ákvæði, og skal þá við það miðað, að einungis bein störf við framleiðsluvöruna sjálfa heyri undir þetta ákvæði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þetta mál er ekki nýtt hér á þingi, því að fyrri flutningsmaður þessa frumvarps hefur tvö undanfarin þing flutt frumvörp, er fóru í sömu átt og hér er lagt til, en ekki náðu þau afgreiðslu.

Í greinargerðum þeirra frumvarpa er m. a. færður rökstuðningur að málinu á þessa leið:

„Hvarvetna í menningarþjóðfélögum leitast löggjafinn við að vernda þegna sína gegn óhóflega miklu erfiði og notfærir aukna tækni til að takmarka lengd hins almenna vinnudags. Víða er litið á þetta sem lið í almennri heilsuvernd.

Hérlendis er þó ekkert gert af opinberri hálfu til að vernda þegnana í þessu efni. Þvert á móti notfærir hið opinbera sér yfirvinnu landsmanna til hóflausrar skattheimtu af þeirri kaupuppbót, sem verkalýðshreyfingin hefur samið um fyrir slíka vinnu.

Þótt yfirvinna sé í eðli sínu mjög óæskileg og verki hindrandi á alla menningarframþróun, er þó augljóst, að enn er ekki tímabært að banna hana með lögum, og eins og til háttar um aðalútflutningsframleiðslu okkar, sjávarafurðirnar, mundu allar takmarkanir á yfirvinnu við þau störf hafa í för með sér minnkandi framleiðslu.

Í verstöðvum landsins er það algengt, þegar mikið aflast, að menn vinna oft vikum og jafnvel mánuðum saman svo lengi á hverjum sólarhring, að jafngildir tveim venjulegum vinnudögum eða jafnvel hálfum þriðja.

En þótt þjóðfélagið hafi ekki tök á að vernda þegna sína á þessu sviði svo sem æskilegt væri, má þó ekki minna vera en að þegnskapur sá, er þeir sýna með því að leggja hart að sér, til þess að framleiðslan geti orðið sem mest, sé að einhverju virtur af löggjafanum, og liggur þá beinast við að leysa kaupgreiðslur fyrir yfirvinnuna við störf í þágu útflutningsframleiðslunnar undan opinberri skattlagningu."

Í þessu frumvarpi er þó ekki lagt til, að yfirvinnan verði að öllu leyst frá skattskyldu, heldur aðeins sá hluti kaupgreiðslunnar, sem er umfram venjulegt dagvinnukaup. Væri þá samræmi fengið milli orlofslaga og skattalaga að því er þessa vinnu varðar, því að ekki er skylt að greiða orlof á yfirvinnuna, nema sem dagvinna væri.

Afgreiðsla Alþingis á þessu máli er sýnu brýnni nú en áður, þar eð fyrirsjáanlegt er, að til þess hlýtur að koma, að verkalýðssamtökin hætti að leyfa takmarkalausa yfirvinnu, sem sökum skatts og útsvars aðeins hafnar lítið gjald fyrir hjá því fólki, sem leggur nótt með degi í það erfiði, sem þarf til að gera verðmæta vöru úr sjávaraflanum.

Ed. 39. Frumvarp til laga [38. mál]

um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Kópavogskaupstað land jarðanna Kópavogs og Digraness og um eignarnámsheimild á erfðafesturéttindum.

Flm.: Finnbogi R. Valdimarsson, Friðjón Skarphéðinsson, Gunnar Thoroddsen, Páll Zóphóníasson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Kópavogskaupstað allt land jarðanna Digraness og Kópavogs að undanskildum nýbýlum og því landi, sem heilbrigðismálaráðuneytinu hefur verið afhent vegna rekstrar hæla ríkisins í Kópavogi og búrekstrar ríkisins í sambandi við þau.

Náist ekki samkomulag um söluverð landsins, skal það metið af dómkvöddum mönnum. Þó skal Kópavogskaupstað ekki gert að greiða þá verðhækkun landsins, sem orðið hefur vegna framkvæmda bæjarfélagsins sjálfs, síðan farið var að skipta landinu í byggingarlóðir.

Andvirði landsins skal Kópavogskaupstað heimilt að greiða á 25 árum.

Þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggingarlóða úr landinu undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær og þá við sama verði hlutfallslega og Kópavogskaupstað var gert að greiða fyrir landið.

2. gr.

Bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar er heimilt að taka eignarnámi erfðafesturéttindi í eignarlandi kaupstaðarins, ef nauðsyn krefur vegna skipulags. Um framkvæmd eignarnámsins skal fara eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi, og fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

„Á árunum 1937—1942 var verulegum hluta af landi ríkissjóðsjarðanna Kópavogs og Digraness skipt upp í nýbýla- og ræktunarlönd, og voru ræktunarlöndin

látin af hendi með erfðaleigusamningum. Miklum hluta af landi jarðarinnar Kópavogs var þó haldið eftir vegna hæla ríkisins þar og búrekstrar. Á ræktunarlöndunum á Kópavogs- og Digraneshálsum tók að festast byggð á stríðsárunum, þótt varla væri til þess ætlazt, er þau voru látin af hendi. Árið 1948 var Kópavogshreppur stofnaður. Síðan hefur byggð aukizt þar svo ört, að nú eru þar um 4000 íbúar. Þessi byggð var tekin til skipulagningar sem þéttbýli árið 1947, og er nú ákveðið, að allt land jarðanna Kópavogs og Digraness, nema það, sem hælum og búi í Kópavogi er ætlað, og land nýbýlanna, verði skipulagt sem byggingarlóðir.

Á öðrum stöðum á landinu, þar sem áður hefur gerzt hið sama og nú hefur orðið í Kópavogi, að kauptún hefur vaxið upp á landi, sem var ríkiseign, hefur þótt sjálfsagt að heimila viðkomandi sveitarfélögum kaup á landinu, hafi þau óskað þess. Þannig voru Akranesi, Ólafsfirði, Dalvík og fleiri kauptúnum heimiluð slík kaup á sínum tíma með lögum frá Alþingi.

Frv. þetta er flutt samkv. beiðni bæjarstjórnar Kópavogskaupstaðar, og eru tekin upp í frumvarpið svipuð ákvæði og verið hafa í lögum, sem Alþingi hefur áður sett um sama efni, svo sem það, að ríkið geti jafnan keypt aftur það af landinu, sem það kynni að þarfnast síðar, sama verði og það var selt. Þá eru í frv. sams konar ákvæði um eignarnámsheimild á erfðafesturéttindum og veitt hafa verið öðrum sveitarfélögum, t. d. Dalvíkurhreppi 1954, og liggja til þess sömu ástæður og þar.“

Nd. 40. Frumvarp til laga [39. mál]

um breyting á lögum nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Ragnhildur Helgadóttir.

1. gr.

Á eftir m-lið 10. gr. laganna komi nýr liður, svo hljóðandi:

n. Fjárhæð, sem skattþegn hefur gefið einhverjum eftirgreindra aðila: kirkjum svo og félögum og stofnunum, sem vinna að vísindum, menningar- og mannúðarmálum, fari hún ekki fram úr 15% af nettótekjum gefanda, enda hafi þá skattyfirvöldum borizt tilkynningar um gjafirnar frá þeim aðilum, sem þær hafa þegið.

2. gr.

Orðin „til gjafa“ í seinustu málsgr. 10. gr. falli brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skulu ákvæði þeirra fyrst koma til framkvæmda um gjafir gefnar á árinu 1956.

Greinargerð.

Það er alkunna, að fjárskortur stendur þeim félögum og stofnunum, sem í 1. gr. frumvarps þessa greinir, einatt fyrir þrifum. Efna þær því til fjáröflunar af ýmsu tagi, og hefur það oftast mikinn kostnað í för með sér. Auk þess njóta flest þessara félaga og stofnana styrkja frá ríki, bæjar- og sveitarfélögum. Flestir þeir, sem látið geta eitthvað af hendi rakna, leggja þeim lið. Fullvíst er, að margur legði fram stærri skerf, ef hann þyrfti ekki jafnframt að greiða opinber gjöld af þeim tekjum sínum, sem til almannaheilla er varið. Augljóst er einnig, að væri ofangreindum aðilum unnt að fá stærri fúlgur í frjálsum framlögum en verið hefur, mundi fé þeirra nýtast betur, þar eð minna yrði um kostnaðarsamar aðgerðir til fjáröflunar.

Í 10. gr. núgildandi skattalaga er afdráttarlaust fram tekið, að tekjur þær, sem til greina koma við skattákvörðun, séu skattskyldar, þótt þeim sé varið til gjafa. —

Frádráttarheimildir svipaðar þeirri, sem hér um ræðir, eru í skattalögum sumra annarra þjóða og hafa verið um langt skeið. Í Bandaríkjum Norður-Ameríku er t. d. svo langt gengið, að heimildin nær til 20% af brúttótekjum, en í frumvarpi þessu er aðeins miðað við nettótekjur. Hér á landi hafa slíkar heimildir til þessa aðeins náð til tiltekinna líknarstofnana um takmarkaðan tíma.

Hér á landi er mikil uppbygging og þjóðlífið í stöðugri framþróun, en óleyst verkefni blasa þó hvarvetna við. Mörgum góðum málum hefði verið lengra þokað, ef fjárþröng hefði ekki til komið. Það hefur oft komið í ljós, að almennur menningar- og mannúðaráhugi Íslendinga er mikill. Það væri því sómi íslenzka ríkisvaldsins að styðja þann áhuga og lögvernda með því að skattleggja ekki gjafir fólks til þessara mála. Sennilega mundi þá einnig verða unnt að minnka opinbera styrki til þeirra. Ákvæðið í 1. gr. frumvarps þessa yrði fólki hvöt til að verja einhverju af tekjuafgangi sínum beint til þjóðnýtrar menningar- og mannúðarstarfsemi, sem það sjálft kýs að styrkja, og það mundi með því verða virkari þátttakendur í að auka menningu þjóðar sinnar en nú er.

Nd. 41. Frumvarp til laga [40. mál]

um breyting á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör.

Flm.: Ragnhildur Helgadóttir.

1. gr.

Aftan við 4. gr. laganna bætist:

Undanþegin útsvari er fjárhæð, sem aðili hefur gefið einhverjum eftirgreindra aðila: kirkjum svo og félögum og stofnunum, sem vinna að vísindum, menningar- og mannúðarmálum, fari hún ekki fram úr 15% af nettótekjum gefanda, enda hafi þá niðurjöfnunarnefnd borizt tilkynningar um gjafirnar frá þeim aðilum, sem þær hafa þegið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skulu ákvæði þeirra fyrst koma til framkvæmda um gjafir gefnar á árinu 1956.

Greinargerð.

Um rök fyrir því, að æskilegt má telja að styrkja viðleitni manna til að efla mannúðar- og menningarstarf með frjálsum framlögum, vísast til greinargerðar á þingskjali 40. Eðlilegt þykir, að tekjur þær, sem notaðar eru til þessarar styrktarstarfsemi, komi ekki heldur til álita, þegar útsvör eru á lögð, og má reyndar telja, að settu marki verði ella ekki náð. Af þessum sökum er frumvarp þetta fram borið.

Sþ. 42. Tillaga til þingsályktunar [41. mál]

um fyrirgreiðslu og ríkisábyrgð vegna byggingar hraðfrystihúsa.

Flm.: Björn Jónsson, Friðjón Skarphéðinsson, Emil Jónsson, Björgvin Jónsson, Kjartan J. Jóhannsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hraða, svo sem frekast má verða, nauðsynlegri fyrirgreiðslu varðandi lántökur til þess að fullgera þau hraðfrystihús, sem nú eru í smíðum í landinu.

Jafnframt heimilast ríkisstjórninni að ábyrgjast allt að 80% af kostnaðarmatsverði hraðfrystihúsa, enda komi þá einnig til ábyrgð bæjar- eða sveitarfélaga fyrir þeim hluta lánanna, sem er umfram 60%.

Greinargerð.

Nokkur afkastamikil hraðfrystihús eru nú í byggingu hérlendis, m. a. á Akureyri, í Hafnarfirði, á Ísafirði og Seyðisfirði. Til þessara framkvæmda hefur verið stofnað til þess að stuðla að atvinnulegu öryggi verkafólks og tryggja aðstöðu og afkomu útgerðarinnar og þá einkum togaraútgerðarinnar á framangreindum stöðum, en hún er þar ein allra veigamesta grein atvinnulífsins.

Bygging allra þessara hraðfrystihúsa er borin uppi beint eða óbeint af viðkomandi bæjarfélögum, og hafa þau lagt fé til þeirra eftir fremstu fjárhagslegri getu. Þá hefur Alþingi viðurkennt þjóðhagslega nauðsyn á byggingu hraðfrystihúsanna með því að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast allt að 60% af kostnaðarmatsverði þeirra.

Framkvæmdir þessar hafa þó verið háðar miklum fjárhagslegum erfiðleikum, og eru ástæður til þess einkum þær, að í hlut eiga bæjarfélög og útgerðarfélög, sem mjög berjast fjárhagslega í bökkum, m. a. vegna þess, hve aðstaða og rekstrargrundvöllur togaranna hefur torveldazt vegna vöntunar á fullkomnum tækjum til að vinna afla þeirra og til að sjá þeim fyrir ís og öðrum nauðþurftum. Þá hefur það og komið til, að fullnægjandi lán til framkvæmdanna hafa til þessa reynzt ófáanleg, og hafa framkvæmdir þegar tafizt af þeim sökum og orðið dýrari.

Af þessum sökum er svo komið, að byggingarframkvæmdir og vinna við niðursetningu véla eru nú með öllu stöðvaðar bæði á Akureyri og í Hafnarfirði, og er ekki annað sýnt en að svo verði til langframa til óbætanlegs tjóns fyrir alla aðila, ef ekki koma til gagngerðar ráðstafanir af hálfu ríkisvaldsins.

Þessi stöðvun þjóðnauðsynlegra framkvæmda er því alvarlegri sem þær eru komnar vel á veg, þegar hafa verið festar í þeim tugmilljónir króna og þær gætu að leystum fjárþörfum tekið að mæta brýnum atvinnuþörfum verkafólks, skila arði og gjaldeyristekjum þegar í náinni framtíð, sum snemma á næsta ári, og mundu einnig renna traustum stoðum undir togaraútgerðina á viðkomandi stöðum.

Flutningsmönnum þessarar þingsályktunartillögu er ljóst, að með öllu er útilokað, að fjárþörf til þess að fullgera hraðfrystihúsin verði leyst, nema til komi röggsamleg fyrirgreiðsla ríkisstjórnar og Alþingis á þann veg, sem í tillögunni felst. Hlutaðeigandi fyrirtæki hafa þegar leitað allra hugsanlegra leiða til að afla innlendra lána til að ljúka framkvæmdum, en án árangurs. Þau hafa einnig safnað stórfelldum lausaskuldum í trausti þess, að úr rættist, svo að ekki verður lengra komizt að þeirri leið.

Það er einnig ljóst, að enda þótt lán, sem svöruðu til þegar heimilaðrar ríkisábyrgðar, fengjust, eru þau algerlega ófullnægjandi. Fimmti hluti byggingarkostnaðar verður eftir atvikum að teljast algert hámark þess, sem viðkomandi bæjarfélögum er mögulegt að rísa undir að leggja fram sem stofnkostnað auk þeirra byrða, sem þau verða árlega að taka á sig vegna sjálfrar útgerðarinnar. Þetta mat á fjárhagslegri getu bæjarfélaga og einstaklinga úti á landsbyggðinni er og viðurkennt í alveg hliðstæðu máli, þar sem hæstv. ríkisstjórn leggur til í frumvarpi sínu um kaup á togurum, að ríkissjóður ábyrgist allt að 90% af andvirði þeirra.

Við þau fyrirtæki, sem hér ræðir um, munu mörg hundruð manna hafa atvinnu, þegar þau taka til starfa. Mikið af vinnuafli þessa fólks mun að óbreyttum aðstæðum fara algerlega forgörðum, ef framkvæmdir stöðvast. Miklar upphæðir munu og tapast í erlendum gjaldeyri, og stefnt er til neyðarástands í fjölmennum byggðarlögum, ef ekki fæst að gert. Þjóðarnauðsyn býður því, að til komi skjót og fullnægjandi aðstoð af hálfu hins opinbera í framangreinda átt.

Ed. 43. Frumvarp til laga [42. mál]

um breyting á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954.

Flm.: Sigurvin Einarsson.

1. gr.

20. gr. laganna orðist svo:

Bannað er að neyta áfengis eða dveljast undir áhrifum áfengis í veitingastofum, veitingatjöldum eða öðrum þeim stöðum, þar sem veitingar fara fram, sbr. þó 12. gr. Sama gildir og um félagsherbergi.

Hverjum þeim, er stofnar til eða stjórnar mannfundi, hverrar tegundar sem hann er og hvort sem þar er greiddur aðgangseyrir eða ekki, er skylt að gera sitt ítrasta til að halda þar uppi reglu og koma í veg fyrir ölvun. Vanræki hann þessa skyldu sína, skal hann sæta ábyrgð samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Í stað orðanna „100—2000“ í 41. gr. laganna komi: 500—5000.

3. gr.

43. gr. laganna breytist þannig:

a. Í stað orðanna „200—4000“ í 1. málsgr. komi: 500—4000.
b. Í stað orðanna „100—2000“ í sömu málsgr. komi: 500—2000.
c. 2. málsgr. orðist svo:

Brot gegn 2. málsgr. 20. gr. varðar þá, er stofna til eða stjórna mannfundum, svo og þjónustumenn þeirra 500—8000 kr. sektum.

4. gr.

Í stað orðanna „100—2000“ í 44. gr. laganna komi: 500—2000.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta miðar að því að koma í veg fyrir áfengisneyzlu á mannfundum, hvort sem um er að ræða opinberar skemmtisamkomur manna eða samkomur félaga og einstaklinga.

Það er á vitorði almennings, að mjög ber á ölvun á samkomum í landinu, og virðist hún fara vaxandi. Eru skemmtistaðir eftirsóttir af ölkærum mönnum, sem valda þar oft truflun, óspektum og jafnvel tjóni. Með þessum hætti færist ómenningarblær yfir skemmtanalíf þjóðarinnar, sem jafnframt hefur háskaleg áhrif á æskulýð landsins. Framhald þessarar þróunar leiðir til þess, að slíkir mannfundir verða gróðrarreitir áfengisböls. Þetta á sér stað bæði í þéttbýli og dreifbýli og veldur áhyggjum margra, ekki sízt foreldra, er sjá lítil ráð til þess að forða börnum sínum frá áhrifum þessarar ómenningar. Unglingar sækjast eftir skemmtunum, sem eðlilegt er, og þeir þurfa líka og eiga að skemmta sér. En þeir eiga fárra kosta völ. Þegar frá eru taldar kvikmynda- og leiksýningar, er um fátt annað að velja fyrir unglinga en þær opinberu skemmtisamkomur, sem aulýstar eru. En þessar samkomur eru síður en svo miðaðar við hæfi þeirra. Þvert á móti verða þær oft til þess, að æskumenn og konur læra þar áfengisneyzlu.

En það er einnig kunnugt, að ýmsum þeim, er stjórnað hafa mannfundum til skemmtunar, hefur tekizt að útiloka þar áfengisneyzlu. Hafa slíkar samkomur borið af um siðmenningu og verið til sæmdar þeim, er þar hafa málum ráðið. Þetta sýnir, að unnt er að halda uppi skemmtanalífi, sem samboðið er menningarþjóð, ef vilji

er fyrir hendi. Það er því ærin ástæða til að gera þá kröfu til allra þeirra, er mannfundum stjórna, að þeir geri sitt ítrasta í því að halda þar uppi reglu.

Kröfur manna um lögregluaðstoð á opinberum samkomum vegna ölvunar fara sívaxandi. Hefur hið opinbera hlaupið þar undir bagga og veitt slíka löggæzlu á ýmsum stöðum. En fjölmörg héruð eru þannig sett, að ekkert lögreglulið er til í nágrenni skemmtistaðar, og verður þess vegna ekki um neina löggæzlu að ræða þar. Þó getur verið, að þörfin sé þar engu minni en annars staðar, þar sem löggæzla getur komið til. Það er því ekki að nauðsynjalausu, að hér er lagt til, að þeir, sem mannfagnaði ráða, beri hér nokkra ábyrgð.

Í samræmi við það, sem hér hefur verið sagt, er að því stefnt með frumvarpi þessu að draga úr áfengisneyzlu innan skemmtanalífs þjóðarinnar með því að:

1. leyfa ekki dvöl manna undir áhrifum áfengis á þeim stöðum, þar sem áfengisneyzla er nú bönnuð;
2. fella niður heimild lögreglustjóra til að veita félögum leyfi til vínveitinga á samkomum sínum;
3. gera stjórnendum mannfunda skylt að vinna gegn áfengisneyzlu á samkomum;
4. þyngja refsingar fyrir ákveðin brot á áfengislögunum, sérstaklega fyrir að veita unglingum áfengi.

Sþ. 44. Tillaga til þingsályktunar [43. mál]

um endurskoðun varnarsamningsins.

Flm.: Bjarni Benediktsson, Björn Ólafsson, Friðjón Þórðarson, Gunnar Thoroddsen, Ingólfur Jónsson, Jóhann Hafstein, Jóhann Jósefsson, Jón Kjartansson, Jón Pálmason, Jón Sigurðsson, Kjartan J. Jóhannsson, Magnús Jónsson, Ólafur Björnsson, Ólafur Thors, Pétur Ottesen, Ragnhildur Helgadóttir, Sigurður Ágústsson, Sigurður Bjarnason, Sigurður Ó. Ólafsson.

Alþingi ályktar, að vegna hinna ógnþrungnu atburða, sem sýna, að enginn er lengur öruggur, og kalla á endurmat þjóðarinnar á alþjóðasamskiptum, skuli fyrirhuguð endurskoðun varnarsamningsins framkvæmd með það fyrir augum, að nauðsynlegar varnir landsins séu tryggðar, jafnframt því sem bætt sé úr göllum þeim, er fram hafa komið á samningnum.

Greinargerð.

Flestir Íslendingar munu taka undir með Tímanum hinn 6. nóv., að „hin grimmúðlega og svívirðilega ofbeldisárás Rússa á Ungverja“ hafi „breytt ásýnd heimsins“ og að „það, sem nú hafi gerzt, kalli á endurmat á viðhorfi allra þjóða á alþjóðasamskiptum“. Ummæli þessi eru því athyglisverðari sem blaðið hafði lengi áður spáð batnandi horfum í alþjóðamálum, en þó játað hinn 2. nóv., að „það mundi auka viðsjár“, ef Rússar gripu til þess ráðs að herða tökin á fylgiríkjum sínum. Ummæli Tímans hinn 6. nóv. eru þess vegna bersýnilega sögð að vel íhuguðu máli.

Tíminn er og ekki einn meðal málgagna ríkisstjórnarinnar um þessa skoðun, því að hinn 6. nóv. segir Alþýðublaðið, að „öllum sé ljóst, að enginn er öruggur. Allar verstu fullyrðingarnar um ætlun og tilgang skrímslisins eru sannaðar sem staðreyndir“.

Samvinna lýðræðisflokkanna um utanríkismál kom mörgu góðu til leiðar, meðan hún stóð. Sjálfstæðisflokkurinn metur meira að koma nú á þjóðhollu samstarfi um þessi mál en sakast um orðinn hlut, og er tillaga þessi því flutt af flokksins hálfu í því skyni að freista þess að endurnýja samstarfið um nauðsynlegar varnir Íslands.

Þetta er því mikilsverðara sem einn af stuðningsflokkum ríkisstjórnarinnar hefur dregið gagnólíkar ályktanir af þessum geigvænlegu atburðum. Í yfirlýsingu sinni frá 5. nóv. herðir Aþýðubandalagið mjög á fyrri samþykktum sínum um, að Ísland skuli gert varnarlaust, og segir, að Atlantshafssamningurinn sé „í raun réttri úr gildi fallinn". Að óreyndu verður því ekki trúað, að nokkur lýðræðissinni á Íslandi vilji láta lausn varnarmálanna vera komna undir atkvæðum þeirra, er slíku halda fram.

Sþ. 45. Tillaga til þingsályktunar [44. mál]

um kosningu manna til að semja um endurskoðun varnarsamningsins.

Flm.: Bjarni Benediktsson, Björn Ólafsson, Friðjón Þórðarson, Gunnar Thoroddsen, Ingólfur Jónsson, Jóhann Hafstein, Jóhann Jósefsson, Jón Kjartansson, Jón Pálmason, Jón Sigurðsson, Kjartan J. Jóhannsson, Magnús Jónsson, Ólafur Björnsson, Ólafur Thors, Pétur Ottesen, Ragnhildur Helgadóttir, Sigurður Ágústsson, Sigurður Bjarnason, Sigurður Ó. Ólafsson.

Alþingi ályktar að kjósa með hlutfallskosningu í sameinuðu þingi fimm menn til þess undir forustu utanríkisráðherra að semja af Íslands hálfu um endurskoðun á varnarsamningnum við Bandaríkin.

Greinargerð.

Þegar varnarsamningurinn var gerður 1951, voru til þeirrar samningsgerðar kvaddir fulltrúar allra lýðræðisflokkanna, einnig Alþýðuflokksins, sem þá var í stjórnarandstöðu. Sá háttur, sem þá var á hafður, leiddi til meiri einingar lýðræðismanna um þessi mál en fyrr og síðar hefur náðst.

Enn hefur eigi heyrzt, hverjum eigi að fela samningana um endurskoðun varnarsamningsins að þessu sinni, en allir játa, að þeir geta orðið afdrifaríkir.

Sjálfstæðismenn eru nú í stjórnarandstöðu, eins og Alþýðuflokkurinn var 1951. Ekki virðist geta horft til góðs að útiloka nú stærsta flokk þjóðarinnar, sem hefur yfir 42% af kjörfylgi, frá því að taka þátt í samningsgerðinni. Ef svo yrði, mundi mjög brugðið frá því, sem var 1951 og núverandi utanríkisráðherra, Guðmundur Í. Guðmundsson, átti verulegan hlut að.

Samningsgerðin hlýtur auðvitað að verða undir forustu utanríkisráðherra, en mjög mundi það styrkja aðstöðu hans, ef hann nyti samvinnu sterkasta lýðræðisaflsins með þjóðinni.

Tillaga þessi er flutt í því skyni að bjóða fram þá samvinnu af hálfu Sjálfstæðisflokksins.

Nd. 46. Nefndarálit [8. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til togarakaupa fyrir Bæjarútgerð Reykjavíkur.

Frá fjárhagsnefnd.

Frv. þetta er flutt til staðfestingar á bráðabirgðalögum, sem út voru gefin 18. júní s. l. Nefndin mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt. Einn nefndarmanna, Jóh. Hafstein, var fjarverandi, er málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 9. nóv. 1956.

Skúli Guðmundsson, form., frsm.	Emil Jónsson, fundaskr.	Einar Olgeirsson.	Ólafur Björnsson.

Nd. 47. Nefndarálit [11. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til skipakaupa, lántöku og sérstakra ráðstafana í útgerðarmálum til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með frumvarpinu. Ólafur Björnsson áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. Jóh. Hafstein var fjarverandi, er málið var afgreitt.

Alþingi, 9. nóv. 1956.

Skúli Guðmundsson, form.	Emil Jónsson, fundaskr., frsm.	Einar Olgeirsson.	Ólafur Björnsson.

Sþ. 48. Breytingartillögur [41. mál]

við till. til þál. um fyrirgreiðslu og ríkisábyrgð vegna byggingar hraðfrystihúsa.

Frá Sveinbirni Högnasyni og Ágúst Þorvaldssyni.

1. Á eftir orðunum „að fullgera þau hraðfrystihús“ í fyrri málsgr. tillögunnar komi: og mjólkurbú.
2. Á eftir orðunum „af kostnaðarmatsverði hraðfrystihúsa“ í síðari málsgr. tillögunnar komi: og mjólkurbúa.
3. Við fyrirsögn tillögunnar bætist: og mjólkurbúa.

Sþ. 49. Tillaga til þingsályktunar [45. mál]

um framlag til Ungverjalandssöfnunar Rauða krossins.

Flm.: Gunnar Thoroddsen, Pétur Ottesen, Jón Pálmason, Ragnhildur Helgadóttir, Jóhann Jósefsson, Jón Kjartansson, Sigurður Bjarnason, Kjartan J. Jóhannsson.

Alþingi ályktar að leggja fram 250 þúsund krónur til Ungverjalandssöfnunar Rauða krossins.

Greinargerð.

Alþjóða Rauði krossinn hefur efnt til fjársöfnunar til líknar Ungverjum í þeim hörmungum, sem ganga yfir þá þjóð. Rétt þykir og sjálfsagt, að Alþingi Íslendinga leggi fram nokkurn skerf til þess að lina þrautir Ungverja í sárum þeirra og svelti, er þeir berjast í örvæntingu fyrir frelsi sínu.

Nd. 50. Frumvarp til laga [46. mál]

um breyting á lögum nr. 18 28. maí 1941, um sandgræðslu og heftingu sandfoks.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Halldór Ásgrímsson.

1. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Nú vill maður fá girt uppblásturssvæði, sand, mel eða annað gróðurlaust land í landareign sinni, og sendir hann þá Búnaðarfélagi Íslands beiðni um það og lætur fylgja ýtarlegar skýrslur um aðstæður allar. Lætur þá félagið sandgræðslustjóra athuga landið og gera tillögur um framkvæmd verksins, áætlun um kostnað og annað, sem að því lýtur, og tekur það síðan, að framförnu mati á landsvæðinu, ákvörðun um málið. Kostnaður af girðingu, græðslu og viðhaldi svæðisins skal að ⅔ greiddur úr ríkissjóði, en ⅓ af landeiganda, og skal fullnægjandi trygging, að dómi Búnaðarfélags Íslands, sett fyrir því, að landeigendur greiði sinn hluta kostnaðar. Arður af sandgræðslusvæðinu skal ganga upp í kostnað við sandgræðsluna, þar til afhending hefur farið fram samkvæmt 10. gr., enda hafi hvorki landeigandi né ábúandi umráðarétt eða afnota af landinu.

2. gr.

Í stað „foksvæðið“ í 9. gr. laganna komi: sandgræðslusvæðið.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á Alþingi 1954 var af hálfu flutningsmanna borið fram frv. um breyt. á sandgræðslulögum, og var það samhljóða þessu frv., en var þá ekki lögfest. Frv. fylgdi þá greinargerð svo hljóðandi:

„Ræktun landsins er eitt af hinum mikilvægustu þjóðmálum, enda ofarlega á baugi með þjóðinni. Með ræktun er bætt aðstaða þeirra, er búskap stunda, og aukin ræktun er undirstaða að fjölgun býla í samræmi við vaxandi fólksfjölda í landinu.

Sandgræðsla er merkilegur og mikilvægur þáttur í ræktunarstarfinu. Fátt er ánægjulegra en að sjá sandauðn breytast í grænar grundir. Stækkun landsins á þann hátt er starf, sem komandi kynslóðir eiga að njóta ávaxta af.

Á sviði sandgræðslunnar hefur verið unnið stórvirki að undanförnu í sumum héruðum landsins með því að koma í veg fyrir uppblástur og græða gömul sár. Þekking manna vex og reynsla í starfi og árangurinn á þessu sviði að sama skapi. Á síðustu árum hafa íslenzkir menn lært að hagnýta í þessu skyni erlendar jurtir, sem ætla má að reynist mjög gagnlegar við að auka gróður landsins og geta jafnvel orkað því að beina straumlitlum vötnum í vissa farvegi.

Lög þau, er nú gilda um sandgræðslu og heftingu sandfoks, mæla einungis fyrir um það, að unnið sé að sandgræðslu á vegum ríkisins á svæðum, þar sem uppblástur lands á sér stað, til þess að koma í veg fyrir hann og græða foksvæðin.

Það nýmæli felst í frumvarpi þessu, að starfsemi sandgræðslu ríkisins er ætlað víðara svið en verið hefur. Samkvæmt frumvarpinu skal sandgræðslunni heimilt að girða og græða sanda, mela eða annað gróðurlaust land, ef þess er óskað af landeiganda, þótt þar sé ekki hætta á uppblæstri og gróðurleysið stafi ekki af sandfoki, heldur öðrum ástæðum.

Í sumum héruðum landsins eru stór svæði sanda og mela, sem telja má víst að auðvelt sé að breyta í gróðurlendi.

Með frumvarpi þessu er að því stefnt, að sandgræðsla ríkisins hafi aðstöðu

til að færast enn meira í fang en verið hefur við hið gagnlega starf að auka gróður landsins.“

Í frv. þessu er hlutfalli um greiðslu kostnaðar af hálfu ríkissjóðs og landeiganda vegna framkvæmda samkvæmt 8. gr. ekki breytt frá því, sem er. Það hlutfall um framlög í þessu skyni er svo hagstætt landeiganda, að eðlilegt er, að hann njóti ekki ríkisframlags samkvæmt jarðræktarlögum vegna framkvæmda, sem gerðar eru í landi hans af sandgræðslu ríkisins.

Nd. 51. Breytingartillögur [11. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til skipakaupa, lántöku og sérstakra ráðstafana í útgerðarmálum til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Frá Pétri Ottesen.

1. Við 3. gr. Síðari málsl. orðist svo: Ríkissjóði er, þrátt fyrir ákvæði 2. gr., heimilt að endurlána allt að 90% af verði hvers skips, sem keypt er til bæjar eða kauptúns, þar sem brýn þörf er á að auka atvinnu á staðnum.
2. Við 4. gr. Fyrri málsl. orðist svo: Ríkisstjórninni er, að fengnum tillögum atvinnutækjanefndar, heimilt að setja á stofn sérstaka ríkisútgerð togara í því skyni, að lagður verði á land afli þeirra í þeim bæjum eða kauptúnum, þar sem ekki eru fyrir hendi fjárhagslegir möguleikar til þess að kaupa og reka togara, enda sé skortur á nægri atvinnu á staðnum og atvinnuleysi hamli eðlilegum vexti hans.

Sþ. 52. Tillaga til þingsályktunar [47. mál]

um samtök til aðstoðar öryrkjum.

Flm.: Pétur Pétursson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að Samband íslenzkra berklasjúklinga, Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra, Blindrafélag Reykjavíkur og Blindravinafélag Íslands taki höndum saman um að koma á fót og reka vinnuhæli og bæta á annan hátt aðstöðu öryrkja þeirra, sem þessi félög vinna fyrir.

Greinargerð.

Það er fyrir löngu viðurkennt, að þau félagasamtök, sem nefnd eru í þessari þingsályktunartillögu, hafa á undanförnum árum unnið ómetanlegt gagn til aðstoðar því fólki, sem orðið hefur fyrir þeirri óhamingju að fá berkla, lamast, fatlast eða missa sjónina, og er full ástæða fyrir Alþingi og ríkisstjórn að athuga, hvort ekki sé möguleiki á því að auka eða bæta starfsskilyrði þessara aðila á einhvern hátt.

Hafa nokkur þessara félagasamtaka komið sér upp myndarlegum vinnuhælum, til þess að þessir öryrkjar geti undir læknisefirliti stundað vinnu við þeirra hæfi. Sérstaklega er stórkostlegt það afrek, sem Samband íslenzkra berklasjúklinga hefur unnið að Reykjalundi með byggingu vinnuheimilis þar.

Það hefur þegar tekizt að draga mjög úr útbreiðslu berklaveikinnar hér á landi. Vonandi verður, áður en langt um líður, náð enn betri árangri í baráttunni gegn berklaveikinni, og þess vegna er vonandi, að vinnukraftur verði minnkandi á Reykjalundi af þeim ástæðum, þótt þar sé nú fullsetið af berklasjúklingum.

Starfsemi hinna félagasamtakanna er einnig rekin af miklum myndarbrag, og þeirri starfsemi þyrfti að fá möguleika til aukningar.

Ég get ekki betur séð en að samstillt átak ofannefndra félagasamtaka ætti að geta orðið þeim öllum til verulegs framgangs. Það verður að teljast eðlilegt, að ríkisstjórnin hafi forgöngu um athugun á því, hvort tiltækilegt sé að hrinda þessu máli í framkvæmd.

Sþ. 53. Tillaga til þingsályktunar [48. mál]

um athugun á hafnarstæðum.

Flm.: Ásgeir Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara á sumri komanda athugun á hafnarstæðum á eftirtöldum stöðum: á Papaósi austan Vestra-Horns, í Njarðvík á Borgarfirði eystra, á Lóninu inn af Nýpsfirði við norðanverðan Vopnafjörð, í Eiðisvík á Langanesi, á Fjallahöfn við vestanverðan Axarfjörð, við Höfðavatn innan Þórðarhöfða í Skagafirði.

Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að miklar hafnleysur eru víða á landi voru og að hafna er brýn þörf til þess að tryggja afkomu fólksins, sem úti á landsbyggðinni býr og á við örðugleika að etja í þessu efni. Yrði of langt mál að fara frekar út í það í greinargerð með tillögu þessari. Verða einstök atriði málsins nánar skýrð í framsögu.

Sþ. 54. Tillaga til þingsályktunar [49. mál]

um hafnargerðir.

Flm.: Ásgeir Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga, hvort eigi sé hagkvæmara fyrir ríkið og alla aðila, sem hlut eiga að máli, og hvort eigi verði við komið, að hafnir séu fullgerðar í einu átaki.

Greinargerð.

Siglingar eru nauðsyn, en til þess að geta haldið uppi siglingum, þótt á góðum skipum sé, þarf góðar hafnir. Ekkert öryggi er ella um samgöngur við staðina úti á landsbyggðinni, þegar vetrarstormarnir hefjast. Allvíða er unnið að hafnargerðum í senn, en af þeim sökum miðar of hægt á hverjum stað, og hafnarmannvirkin liggja undir skemmdum af ágangi sjávar o. fl., þegar sjór tekur að ókyrrast og vetur gengur í garð. Því ber að athuga, hvort eigi sé kleift að gera í þessu efni mikið átak, bæði öryggisins vegna og af hagsmunaástæðum, og taka til þess lán, innlent eða erlent, svo að um muni.

Nd. **55. Frumvarp til laga** [50. mál]

um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Flm.: Karl Guðjónsson.

1. gr.

2. og 3. málsgr. 8. gr. laganna orðist svo:

Utan Reykjavíkur skal Tryggingastofnun ríkisins fela bæjarfógetum og sýslumönnum innheimtu tryggingariðgjalda, hverjum í sínu umdæmi. Aðra afgreiðslu getur Tryggingastofnunin falið sjúkrasamlögum, sveitarstjórnum eða þeim aðilum, sem iðgjaldainnheimtuna annast. Þóknun fyrir önnur umboðsstörf en innheimtu skulu ákveðin með samningi viðkomandi umboðs og Tryggingastofnunarinnar.

Ráðherra ákveður greiðslur Tryggingastofnunarinnar til sýslumanna og bæjarfógeta vegna innheimtukostnaðar iðgjalda.

2. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Þeir aðilar, sem við gildistöku laga þessara annast umboðsstörf fyrir Tryggingastofnunina, skulu eiga þess kost að halda þeim störfum áfram.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar samþykkt voru ný lög um almannatryggingar á síðasta þingi, var þar ákveðið, að bæjarfógetar og sýslumenn skyldu hafa á hendi allt umboð almannatrygginganna. Þetta ákvæði boðaði þá breytingu frá því, sem verið hefur og er, að sjúkrasamlög í nokkrum kaupstöðum skulu sleppa þeim umboðum, sem þau nú annast, og ekki koma til greina framvegis sem umboðsaðilar trygginganna, þótt þau hafi frá upphafi annazt útborgun og aðra afgreiðslu trygginganna að iðgjaldainnheimtu undanskilinni. Þetta ákvæði laganna er enn ekki komið til framkvæmda, en fyrirhugað er, að um næstu áramót gangi það í gildi.

Sjúkrasamlög, sem óumdeilanlega eru þær stofnanir, sem almannatryggingunum eru skyldastar, hafa víða byggt upp starfsemi sína með algeru tilliti til þeirra umboðsstarfa, sem þau hafa haft á hendi fyrir Tryggingastofnunina. Húsnæði, starfsmannahald, skrifstofuáhöld o. s. frv. hefur verið við þetta miðað, og umboðssviptingin, sem lögin ráðgera til handa samlögum þessum, hlýtur því að torvelda rekstur samlaganna og gera hann dýrari en ástæða er til. Á hinn bóginn eru ekki minnstu líkur til, að umboðsbreytingin verði Tryggingastofnuninni til sparnaðar. Þvert á móti er fyrirsjáanlegt, að breytingin muni valda hækkun á umboðslaunum.

Með því að sú breyting, sem fyrirhuguð er á framkvæmd almannatrygginganna um næstu áramót, er að því leyti, sem hér hefur verið rakið, í senn til að auka rekstrarkostnað trygginganna og torvelda viðkomandi sjúkrasamlögum eðlilegan og þegar uppbyggðan rekstur, en breytingin auk þess alls ólíkleg til að bæta í neinu þá þjónustu, sem tryggingarnar veita, er hér lagt til, að þessu ákvæði sé breytt á þá lund, að auk fógeta og sýslumanna séu sjúkrasamlög og sveitarstjórnir talin koma til greina sem umboðsaðilar trygginganna, að því er varðar úrskurði og útborganir, og enn fremur, að engan þann aðila, sem nú annast slík umboð, skuli svipta þeirri aðstöðu, ef hann óskar að halda umboðinu áfram.

Nd. **56. Frumvarp til laga** **[51. mál]**

um búfjárrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

I. KAFLI

Um starfsemi búfjárræktardeilda búnaðarsambanda og störf héraðsráðunauta í búfjárrækt.

1. gr.

Búnaðarsambandi er heimilt að setja sér samþykkt um að vinna að hvers konar umbótum í búfjárrækt á sambandssvæðinu. Samþykktir þessar má gera fyrir eina eða fleiri búfjártegundir. Þær skulu gerðar eftir fyrirmynd frá Búnaðarfélagi Íslands og staðfestar af stjórn þess.

2. gr.

Búnaðarsamband, sem setur sér búfjárræktarsamþykkt, sem um getur í 1. gr., skal hafa í þjónustu sinni ráðunaut, er annast leiðbeiningar í búfjárrækt. Laun hans skulu vera samkvæmt VII. launaflokki og greiðast að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu af viðkomandi búnaðarsambandi.

Sé búnaðarsambandssvæði það lítið að dómi Búnaðarsambands Íslands, að einn ráðunautur geti annazt ráðunautsstörf í búfjárrækt og jarðrækt, skal ráðunauturinn ráðinn með tilliti til þess. Þá er og heimilt að ráða fleiri en einn ráðunaut í búfjárrækt, ef búnaðarsambandssvæðið er það stórt að dómi Búnaðarfélags Íslands, að einn ráðunautur geti ekki innt af höndum þau störf, sem um getur í 3. gr.

3. gr.

Verkefni héraðsráðunauta í búfjárrækt skal vera sem hér segir:

1. Vinna að því, að ákvæðum búfjárræktarlaganna sé framfylgt, stuðla að því, að búnaðarfélögin geri búfjárræktina samhliða jarðræktinni að aðalverkefni sínu, eða að stofnuð verði sérstök búfjárræktarfélög, þar sem þau eru ekki, ef það er líklegra til árangurs, hafa eftirlit með þessum félögum og sjá um uppgjör á skýrslum þeirra.
2. Ferðast um meðal bænda, eftir því sem við verður komið, skoða búfé þeirra og leiðbeina þeim um kynbætur, fóðrun og hirðingu þess. Þeir skulu enn fremur leiðbeina og aðstoða við kaup og sölu kynbótagripa.
3. Hafa umsjón með sæðingarstöðvum, afkvæmarannsóknarstöðvum og uppeldisstöðvum kynbótadýra.
4. Mæta árlega á fundum hreppabúnaðarfélaga og búfjárræktarfélaga, eftir því sem við verður komið, til að flytja þar fyrirlestra um búfjárrækt og félagsstarfsemi á því sviði.
5. Vinna í samvinnu við ráðunauta Búnaðarfélags Íslands í búfjárrækt að kynbótastarfsemi, framkvæmd búfjársýninga o. fl.

4. gr.

Ekki mega búnaðarsambönd ráða aðra en búfræðikandidata til þessara starfa. Búnaðarfélag Íslands samþykkir ráðningu þeirra.

5. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal annast greiðslu á fjártillagi ríkissjóðs til búnaðarsambanda samkvæmt kafla þessum.

II. KAFLI
Um nautgriparækt.

6. gr.

Kjósa skal þriggja manna nautgripakynbótanefnd í hverjum hreppi eða bæjarfélagi, þar sem hlutaðeigandi búnaðarfélag hefur ekki sett sér nautgriparæktarsamþykkt samkvæmt lögum þessum og ekki er heldur starfandi nautgriparæktarfélag, sem hefur fengið lög sín staðfest af Búnaðarfélagi Íslands.

Um kosningu í nefndina fer eftir sömu reglum og um kosningu í hreppsnefnd. Í bæjum skal kynbótanefnd kosin af bæjarstjórn. Þar, sem starfandi er nautgriparæktarfélag, sem í er meiri hluti kýreigenda, er stjórn þess sjálfkjörin nautgripakynbótanefnd.

Nú setur búnaðarfélag sér nautgriparæktarsamþykkt, eftir að kosin hefur verið nautgripakynbótanefnd, eða stofnað er sérstakt nautgriparæktarfélag, sem í er meiri hluti kýreigenda, og fellur þá starf nefndarinnar niður, en við tekur stjórn þess félags, er sett hafði samþykktina, eða þeir menn, er félagið hafði kosið til þess sérstaklega.

7. gr.

Kynbótanefnd skal sjá um, að jafnan séu til hæfilega mörg kyngóð og efnileg naut til afnota í hreppnum. Naut þau, er kynbótanefnd velur, skal hún, eftir því sem við verður komið, velja fyrir fardaga ár hvert og tilkynna hreppsbúum, hver þau séu.

Heimilt er kynbótanefnd að kaupa naut eða taka á leigu eða semja um það á annan hátt, eftir því sem henni þykir bezt við eiga.

Heimilt er kynbótanefndum tveggja eða fleiri hreppa að vinna saman að kynbótum, t. d. með því að nota sömu kynbótanaut, sömu girðingar, hafa sama eftirlitsmann o. fl.

Leyft getur kynbótanefnd einstökum mönnum, sem vegna aðstöðu sinnar eiga óhægt með að nota kynbótanautin eða taka annan þátt í starfinu, að vera utan við það. Allir, sem ekki fá slíka undanþágu, eru skyldir til að taka sameiginlegan þátt í öllum kostnaði, sem leiðir af nautahaldinu, að réttri tiltölu við tölu kúa í ársbyrjun.

8. gr.

Bannað er að láta naut eldri en 7 mánaða ganga laus í afréttum eða heimahögum. Þó getur kynbótanefnd leyft, að kynbótanaut gangi laus, ef öruggt þykir, að þau geti engan skaða gert. Sé um leigunaut að ræða og það er í vörzlu eiganda, ber hann ábyrgð á, ef tjón hlýzt af, en sé um leigunaut að ræða, sem kynbótanefnd sér um haga fyrir, ber hún ábyrgðina.

9. gr.

Öll naut, sem eru 7 mánaða eða eldri og ekki eru valin af kynbótanefnd til að vera notuð til undaneldis í hreppnum, skal gelda, gefa inni eða hafa í öruggri vörzlu yfir beitartíma kúnna. Brot gegn þessu varða sektum og skaðabótum, ef tjón hlýzt af, eftir nánari fyrirmælum, sem skulu sett í reglugerð. Taka má slík naut utan heimahaga eiganda, ef þau eru ekki í öruggri vörzlu, og fara með þau sem óskilafénað og selja án innlausnarfrests.

10. gr.

Nú hittist naut, sem kynbótanefnd hefur auglýst, að notað skuli til undaneldis, gæzlulaust eða utan öruggrar vörzlu, og skal þá taka það í trygga geymslu og á hús og hey, ef þörf krefur.

Sá, sem tekur nautið, skal tafarlaust gera kynbótanefnd aðvart, og skal hún þá svo fljótt sem við verður komið taka nautið og greiða áfallinn kostnað. Hafi

naut ekki verið í geymslu á ábyrgð kynbótanefndar, á nefndin rétt á endurgreiðslu frá þeim, er bar ábyrgð á geymslu þess. Hafi kynbótanefndin ekki vitjað nautsins innan hálfs mánaðar, skal sá, sem tók nautið í hald, afhenda það hreppstjóra, sem þá selur það með mánaðar innlausnarfresti.

11. gr.

Öllum árlegum kostnaði við nautahaldið, svo sem landleigu fyrir sumarhaga, vetrarfóðri, kostnaði við nautagirðingu, vöxtum og afborgunum af lánum o. s. frv., jafnar kynbótanefnd niður á allar kýr í hreppnum, sem til eru í ársbyrjun, að undanskildum kúm þeirra manna, sem hafa fengið undanþágu frá að taka þátt í sameiginlegum kostnaði við nautahaldið, sbr. 7. gr. Hið niðurjafnaða gjald má taka lögtaki. Heimilt er nautgriparæktarfélagi að taka hærri nautstoll af utanfélagsmönnum.

Þóknun til kynbótanefndar ákveður hreppsnefnd, ef um er að ræða, og telst hún með öðrum árlegum kostnaði.

Heimilt er kynbótanefnd, ef það er samþykkt með meiri hluta atkvæða allra kýreigenda, að láta menn greiða nautstolla með fóðrun eða heyi að nokkru eða öllu leyti, enda gangi það hlutfallslega jafnt yfir alla kýreigendur.

12. gr.

Kynbótanefnd skal bóka gerðir sínar, reikninga, bréf og annað. Á fundum nefndarinnar ræður afl atkvæða. Nefndarfundir eru löglegir og ályktunarfærir, þó að einn nefndarmann vanti, ef hinir tveir eru sammála.

Eftir hver áramót skal formaður nefndarinnar gera reikning yfir tekjur og gjöld nautahaldsins (sbr. 11. gr.), og skal reikningurinn endurskoðaður af endurskoðendum hreppsreikninga.

13. gr.

Búnaðarfélagi er heimilt að setja sér samþykkt um að vinna að kynbótum nautpenings í hreppnum, enda sé þar ekki starfandi nautgriparæktarfélag, sem í er meiri hluti kýreigenda. Nú hefur búnaðarfélag ekki sett sér nautgriparæktarsamþykkt, og er þá minnst 6 bændum í hreppi heimilt að stofna með sér félag til þess að vinna að þessum kynbótum. Félög þessi nefnast nautgriparæktarfélög. Samþykktir búnaðarfélaga og nautgriparæktarfélaga skulu sniðnar eftir fyrirmynd, er Búnaðarfélag Íslands lætur þeim í té. Þegar búnaðarfélag eða nautgriparæktarfélag hefur sett sér samþykkt, sendir það hana stjórn Búnaðarfélags Íslands til staðfestingar.

14. gr.

Búnaðarfélag eða nautgriparæktarfélag, sem fengið hefur samþykkt sína staðfesta af stjórn Búnaðarfélags Íslands, getur fengið styrk til starfsemi sinnar, eins og hér greinir, á hverja reiknaða árskú, en tala slíkra kúa á hverju búi fæst með því að leggja saman fóður- og mjólkurskýrsludaga allra kúnna og deila í þá útkomu með 365:

1. Kr. 1.00, ef ekki eru gerðar fitumælingar eða þær gerðar sjaldnar en þrisvar á ári.
2. Kr. 1.80, sé fitumagn mjólkurinnar úr hverri kú rannsakað minnst þrisvar á ári.
3. Kr. 2.50, sé fitumagn mjólkurinnar úr hverri kú rannsakað minnst sex sinnum á ári.
4. Kr. 3.50, sé fitumagn mjólkurinnar úr hverri kú rannsakað minnst 10 sinnum á ári.

Styrkurinn greiðist eftir á, þegar félagið hefur sent Búnaðarfélagi Íslands skýrslur í því formi, er það krefst og nánar skal kveða á um í reglugerð.

15. gr.

Búnaðarfélög og nautgriparæktarfélög geta fengið, auk styrks þess, sem um ræðir í 14. gr., styrk til nautahaldsins, ef þau nota naut, sem eru að minnsta kosti tveggja ára gömul og hafa hlotið I. og II. verðlaun á nautgripasýningum eða hafa verið viðurkennd þess verðug af nautgriparæktarráðunaut. Styrkur þessi er kr. 75.00 á naut frá tveggja til fjögurra ára, en á eldri naut kr. 150.00, hafi þau hlotið II. verðlaun, en kr. 300.00 á I. verðlauna naut. Styrkurinn greiðist árlega, á meðan nautin njóta þessara viðurkenninga. Heimilt er þó að greiða allt að 25% hærri fóðurstyrk á naut, sem óhjákvæmilegt er að ala inni yfir sumarið.

Þau félög, sem að dómi nautgriparæktarráðunautar hafa aðstöðu til að fá flestar kýr sínar sæddar frá starfandi sæðingarstöð, fá ekki fóðurstyrk á naut sín.

16. gr.

Hafi búnaðarsamband ekki sett sér búfjárræktarsamþykkt, þar á meðal í nautgriparækt, er nautgriparæktarfélögum á sambandssvæðinu heimilt að stofna með sér nautgriparæktarsamband, ef þau hafa minnst 1000 kýr innan félaganna. Nautgriparæktarsamböndum þessum er heimilt að ráða sér ráðunaut með sömu kjörum og um ræðir í 2. gr. og njóta sama framlags úr ríkissjóði til þess. Skulu þau þá setja sér samþykktir og starfsreglur, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir. Í þessum samþykktum sé meðal annars ákveðið um sameiginlegt eftirlit félaganna, ættbókarfærslu beztu kýrstofnanna, framkvæmd fitumælinga, er eigi skulu vera sjaldnar en annan hvern mánuð, og spjaldbókarfærslu þeirra kúa, sem gefa yfir 13000 fitueiningar árlega. Nú setur búnaðarsamband á svæði, þar sem nautgriparæktarsamband er starfandi, sér búfjárræktarsamþykkt, og skal þá nautgriparæktarsambandið leggjast niður sem sjálfstæð stofnun og gerast aðili í búfjárræktardeild búnaðarsambandsins.

Heimilt er búnaðarsamböndum og samböndum nautgriparæktarfélaga að setja á stofn nautauppeldisstöðvar eða sæðingarstöðvar, en samþykkja skal Búnaðarfélag Íslands reglur um þessa starfsemi þeirra, sbr. VI. kafla.

17. gr.

Búnaðarsambönd þau, sem sett hafa sér búfjárræktarsamþykkt, svo og nautgriparæktarsambönd, sem um ræðir í 16. gr., njóta framlags úr ríkissjóði sem hér greinir:

1. Kr. 2.00 á ári á hverja reiknaða árskú, sem skýrslur eru sendar um til Búnaðarfélags Íslands, enda hafi viðkomandi samband ráðunaut, sbr. 2. gr. og 16. gr.
2. Til nautauppeldisstöðva fá samböndin framlag, sem nemur kr. 75.00 á hvern nautkálf, er þau hafa á eldi, enda séu kálfarnir valdir í samráði við ráðunaut Búnaðarfélags Íslands í nautgriparækt og seldir við því verði, sem hann samþykkir.
3. Sæðingarstöðvar fá fóðurstyrk á öll naut á stöðinni, I. og II. verðlauna naut samkvæmt ákvæðum 15. gr., en ung naut, sem verið er að reyna, fá sama fóðurstyrk og II. verðlauna naut samkv. 15. gr., enda séu þau valin í samráði við nautgriparæktarráðunaut.

18. gr.

Að tilhlutan Búnaðarfélags Íslands skal halda nautgripasýningu fjórða hvert ár í hverju búnaðarfélagi, sem hefur sett sér nautgriparæktarsamþykkt, og nautgriparæktarfélagi. Landinu skal skipt í 4 sýningarsvæði, og skal halda sýningar í þeim til skiptis. Til verðlauna á sýningum þessum leggur ríkissjóður fram kr. 0.50 fyrir hvern framtalinn nautgrip, gegn jöfnu framlagi annars staðar að. Skal fé þessu varið til verðlauna á kýr. I. og II. verðlaun á naut greiðast eingöngu úr ríkissjóði, og eru I. verðlaun 150.00 kr. og II. verðlaun 50.00 kr.Fyrstu verðlaun geta þau naut ein hlotið, sem eiga afkvæmi á sýningunni, sem tvímælalaust eru ágætir gripir. Kúm

skal veita I., II. og III. verðlaun, og skal hæð þeirra ákveðin með reglugerð. Enn fremur er heimilt að veita einstökum kúm heiðursverðlaun, ef afkvæmi þeirra sýna, að þær hafa verulega kynbætandi áhrif á nautgripastofninn. Verðlaun þessi eru kr. 100.00 og greiðast úr ríkissjóði. Nautgriparæktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands er formaður dómnefnda á sýningum, sér um fyrirkomulag sýninga og úthlutar verðlaunum. Stjórnir nautgriparæktarfélaganna tilnefna meðdómendur á sýningar og greiða kostnað við framkvæmd þeirra.

Skylt er Búnaðarfélagi Íslands að halda aukasýningu á nautum árið mitt á milli hinna reglulegu sýninga, sé þess óskað, enda verði sýndar með hverju nauti eigi færri en 12 skýrslufærðar dætur þess, sem borið hafa fyrir næstu áramót á undan.

19. gr.

Nú kemur búnaðarfélag, sem hefur sett sér nautgriparæktarsamþykkt, eða nautgriparæktarfélag sér upp girðingu til að geyma naut sín í sumarlangt, og skal þá greiða úr ríkissjóði allt að kr. 400.00 til hverrar girðingar, þó aldrei meira en nemur efniskaupum. Ekki má styrkja fleiri en þrjár girðingar í sama hreppsfélagi, nema fjöldi kúnna í hreppnum sé yfir 300, enda samþykki nautgriparæktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands fleiri girðingar.

20. gr.

Álíti nautgriparæktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands nauðsyn bera til, að aukaeftirlit sé haft með einstökum kúabúum vegna þess, að þar séu sérstaklega álitlegar nautamæður eða kýrnar á búinu í heild sýni svo mikil afköst, að ástæða sé til að ætla, að skýrsluhaldið verði tortryggt, þá er heimilt að koma á slíku eftirliti, sem sé í því fólgið, að eftirlitsmaður komi að minnsta kosti 6 sinnum á ári á viðkomandi bú, sé viðstaddur mjaltir kvölds og morguns, vegi mjólk úr hverri kú og taki sýnishorn af mjólk til feitirannsóknar.

Ríkissjóður veitir framlag til slíks aukaeftirlits á allt að 50 búum á ári, allt að kr. 100.00 á bú, en þó eigi yfir helming kostnaðar.

III. KAFLI

Um sauðfjárrækt.

21. gr.

Búnaðarfélagi, þar sem ekki er starfandi sauðfjárræktarfélag, er heimilt að setja sér samþykkt um að vinna að kynbótum sauðfjár á félagssvæðinu, enda séu aldrei færri en 6 félagsmenn, er uppfylla þau skilyrði, er samþykktin áskilur.

Nú hefur búnaðarfélag ekki sett sér sauðfjárræktarsamþykkt, og er þá 6 mönnum eða fleirum í hreppi heimilt að stofna með sér félagsskap til að vinna að sauðfjárkynbótum, og kallast slík félög sauðfjárræktarfélög. Heimilt er að veita mönnum úr öðrum hreppi inngöngu í félagið, ef þar er ekki starfandi sauðfjárræktarfélagsskapur.

Lágmarkstala kynbótafjár hjá hverjum þátttakanda skal vera 8 ær, og enginn einn félagsmaður má eiga meira en helming kynbótafjárins.

Í samþykktum þeim, er hér um ræðir, skal tekið fram eftirfarandi:

1. Að halda skuli fóður-, afurða- og vigtarskýrslur fyrir kynbótafé.
2. Að halda skuli ættbók fyrir kynbótafé og merkja skuli hvern einstakling þess með einstaklingsmerki.
3. Ákveðið, hvernig haga skuli skýrsluhaldi til að fá sem öruggasta vissu um erfðaeðli einstaklinganna.
4. Önnur atriði, er varða félagsskapinn.

Samþykktir, sem settar eru samkvæmt þessari grein, skal sníða eftir fyrirmynd, er Búnaðarfélag Íslands lætur félögunum í té. Þegar slík samþykkt hefur verið sett, skal hún send Búnaðarfélagi Íslands til staðfestingar.

22. gr.

Félög þau, sem um ræðir í 21. gr., geta árlega fengið styrk úr ríkissjóði, eftir að þau hafa fengið samþykktir sínar viðurkenndar af Búnaðarfélagi Íslands. Styrkurinn rennur í félagssjóð og greiðist eftir á, þegar félagið hefur sent skýrslur um starf sitt til Búnaðarfélags Íslands. Hinn árlegi styrkur er kr. 50.00 fyrir hvern I. verðlauna hrút og allt að 50 aurum á hverja kynbótaá, sem félagsmenn eiga og skýrslur eru haldnar um og sendar til Búnaðarfélags Íslands.

Sæðingarstöðvar, sem eru stofnaðar og starfræktar samkv. VI. kafla þessara laga, fá árlega styrk úr ríkissjóði, sem nemur kr. 50.00 fyrir hvern hrút, sem notaður er þar og sauðfjárræktarráðunautur hefur samþykkt.

23. gr.

Auk þess, sem um getur í 22. gr., er heimilt að styrkja úr ríkissjóði allt að 8 sauðfjárræktarbú, tvö í hverjum landsfjórðungi, eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands, með allt að kr. 600.00 hvert, þó ekki yfir ⅔ hluta móti hlutaðeigandi búnaðarsambandi eða framlagi annarra aðila. Auk þessa leggur ríkissjóður fram kr. 2000.00 árlega til að verðlauna þessi bú, eftir því sem nánar skal mælt fyrir um í starfsreglum, er viðurkenndar skulu af Búnaðarfélagi Íslands.

Fjárræktarbú þessi skulu fullnægja þeim skilyrðum, sem um ræðir í 1., 2. og 3. lið 21. gr., og öðrum ákvæðum, sem sett kunna að verða. Ef styrkþegi hættir að reka búið, hefur Búnaðarfélag Íslands rétt til að ráðstafa kynbótafénu og skal ákveða, hvar búið skuli starfa áfram, í samráði við þá aðila, sem einnig hafa styrkt búið. Greiða skal fyrir fé búsins með matsverði dómkvaddra manna.

24. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal hafa yfirumsjón með sauðfjárræktarbúum, og skulu þau haga skýrslugerð eftir fyrirmælum þess. Skylt er sauðfjárræktarbúunum að senda Búnaðarfélagi Íslands árlega skýrslu um störf sín, en það skal birta útdrátt úr þeim.

25. gr.

Bannað er að láta hrúta ganga lausa frá 5. nóvember til 20. apríl ár hvert. Heimilt er þó einstökum fjáreigendum að láta hrúta sína ganga með ám eftir 20. desember, ef tryggt er að dómi hlutaðeigandi hreppstjóra, að hrútar þessir geti ekki valdið öðrum fjáreigendum tjóni. Verði þó tjón af þessum hrútum, eru eigendur þeirra skaðabótaskyldir.

26. gr.

Nú hittist gæzlulaus hrútur á tímabilinu, sem um ræðir í 25. gr., og er þá þeim, sem hrútinn sér, skylt að tilkynna það landeiganda, sem skal taka hann í vörzlu, og ef hann á ekki hrútinn, skal hann gera eiganda hans viðvart eins fljótt og við verður komið. Eigandi skal vitja hrútsins eða ráðstafa honum innan viku frá því að hann fékk tilkynninguna, en að þeim tíma liðnum skal farið með hrútinn eins og óskilafé.

27. gr.

Hrútasýningar skal halda í einstökum hreppum fjórða hvert ár, þar sem þess er óskað. Skal landinu skipt í fjögur sýningarumdæmi, og skal halda sýningar í þeim til skiptis.

Til verðlauna á sýningum þessum veitir ríkissjóður 2 aura á hverja framtalda kind í hreppnum, gegn jöfnu framlagi annars staðar að. Búnaðarfélag Íslands setur reglur um sýningarnar, og er ráðunautur þess í sauðfjárrækt sjálfkjörinn formaður sýningarnefndar, en hreppsnefnd kýs tvo meðdómendur og annast undirbúning sýninganna.

Þegar tvö ár eru liðin frá reglulegum hrútasýningum, geta fjárræktarfélög, sem þess óska, fengið að halda sýningu á hrútum í félaginu til þess að fá úr því skorið,

hverjir þeirra séu I. verðlauna verðir. Á þessum sýningum skulu 2 dómnefndarmenn tilnefndir af stjórn félagsins, en viðkomandi búnaðarsamband tilnefnir og kostar oddamann dómnefndar, enda samþykki sauðfjárræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands val hans.

28. gr.

Heimilt er Búnaðarfélagi Íslands að láta halda afkvæmasýningar fyrir hrúta og ær annað hvert ár, eftir því sem við verður komið. Á þessum sýningum má aðeins sýna hrúta og ær frá þeim bændum, sem halda fullkomnar ættartölubækur og afurðaskýrslur að dómi sauðfjárræktarráðunautar.

Til verðlauna á sýningum þessum greiðir ríkissjóður allt að:

a.	fyrir fyrstu	verðlauna	hrút	kr.	50.00
b.	— annarra	—	—	—	25.00
c.	— þriðju	—	—	—	12.50
d.	— fyrstu	—	á	—	10.00
e.	— annarra	—	—	—	5.00
f.	— þriðju	—	—	—	2.50

Enn fremur má veita fyrstu heiðursverðlaun, allt að kr. 100.00 á hrút.

Framlag ríkissjóðs samkv. þessari grein er bundið því skilyrði, að hlutaðeigandi búnaðarsamband eða sýslusjóður leggi fram jafnt framlagi ríkissjóðs.

Um skilyrði fyrir verðlaunaveitingum og um fyrirkomulag afkvæmasýninga skal ákveða með reglugerð.

29. gr.

Búnaðarfélögum, er sett hafa sér samþykkt um sauðfjárrækt, og sauðfjárræktarfélögum á svæði, þar sem búnaðarsamband hefur sett sér samþykkt um búfjárrækt, er heimilt að mynda með sér sambönd, er skulu vera aðilar að búfjárræktardeild viðkomandi búnaðarsambands.

30. gr.

Sauðfjárræktarsamböndin skulu setja sér samþykktir og starfsreglur, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir. Í samþykktum þessum skal ákveðið um verksvið, sem meðal annars skal fólgið í því að gera samanburð á systrahópum undan álitlegustu hrútum félaganna á sambandssvæðinu, gera yfirlitsskýrslur sauðfjárræktarfélaganna, færa ættarskrár og afurðaskýrslur beztu einstaklinganna o. fl. Búfjárræktarráðunautur viðkomandi búnaðarsambands hefur umsjón með starfseminni og vinnur úr skýrslum fjárræktarfélaganna.

31. gr.

Sauðfjárræktarfélög þau, sem mynda sauðfjárræktarsamband, skulu árlega greiða til búfjárræktardeildar viðkomandi búnaðarsambands 20% af framlagi því, er þau fá úr ríkissjóði samkvæmt 22. gr.

32. gr.

Nú myndar sauðfjárræktarsamband sér aðstöðu á sérstöku búi til þess að gera samanburð á systrahópum, 10 eða fleiri, undan einhverjum hrút, á sama aldri, þar sem samanburðarhóparnir eru fóðraðir allir eins samkv. fyrirframgerðri áætlun ár eftir ár og hver hópur hafður minnst 3 ár í í rannsókn, og skal þá ríkissjóður leggja fram til starfseminnar kr. 8.00 á ári fyrir hverja kind, sem er í slíkri samanburðarrannsókn. Annar kostnaður við samanburðarrannsóknir þessar greiðist af viðkomandi fjárræktarfélagi, fjárræktarsambandi og eigendum hrútanna eftir nánari ákvæðum, sem sett verða í reglugerð.

Framlag ríkissjóðs skal því aðeins greitt, að skýrslur um starfsemina hafi borizt Búnaðarfélagi Íslands og sauðfjárræktarráðunautur þess hafi viðurkennt þær fullgildar.

IV. KAFLI
Um hrossarækt.

33. gr.

Kjósa skal þriggja manna hrossakynbótanefnd í hverjum hreppi, þar sem hlutaðeigandi búnaðarfélag hefur ekki sett sér hrossaræktarsamþykkt samkvæmt lögum þessum og ekki er heldur starfandi hrossaræktarfélag með þátttöku meiri hluta hrossaeigenda, sem hefur fengið lög sín staðfest af Búnaðarfélagi Íslands. Um kosningu í nefndina fer eftir sömu reglum og um kosningu í hreppsnefnd.

Nú setur búnaðarfélag sér hrossaræktarsamþykkt eða stofnað er sérstakt hrossaræktarfélag með þátttöku meiri hluta hrossaeigenda, sem jörð hafa til ábúðar í hreppnum, eftir að kosning hrossakynbótanefndar hefur farið fram, og fellur þá starf nefndarinnar niður, en við því tekur stjórn þess félags, er sett hefur samþykktina, eða þeir menn, er félagið felur það sérstaklega.

Hrossakynbótanefnd skal annast þau störf, sem stjórn búnaðarfélags eða hrossaræktarfélags eru ætluð í lögum þessum. Farist kosning hrossakynbótanefndar fyrir, ber hreppsnefnd að annast störf hennar.

Í lögum þessum merkir orðið „stóðhestur“ ógeltan hest, 1½ árs eða eldri.

34. gr.

Stjórn búnaðarfélags, hrossaræktarfélags eða kynbótanefnd, sbr. 33. gr., skal sjá um, að árlega séu nógu margir og góðir stóðhestar, sem samþykktir eru af hrossaræktarráðunaut, til afnota fyrir hrossaeigendur. Stjórnin skal enn fremur útvega girðingar fyrir þá, koma þeim í fóður og sjá um annan kostnað, er af starfseminni leiðir. Þegar um er að ræða kaup á kynbótahesti eða að reisa nýja girðingu, þarf stjórnin samþykki lögmæts hreppsfundar, og er þá hreppssjóði skylt að greiða að minnsta kosti helming kostnaðar. Öðrum kostnaði, sem leiðir af kynbótastarfseminni innan hreppsins, skal árlega jafnað niður með hliðsjón af tölu fæddra folalda, og eru gjöld þessi lögtakskræf.

35. gr.

Sé enginn stóðhestur til í hreppi, geta hrossaeigendur, er þess óska, krafizt þess, að þeim séu tryggð afnot stóðhests í öðrum hreppi eða leyft að hafa stóðhest til notkunar.

36. gr.

Óheimilt er að láta stóðhest ganga lausan í heimahögum eða á afréttum, nema heimild felist til þess í lögum þessum.

Verði vart við slíkan hest, ber að handsama hann og flytja til hreppstjóra, er skal taka hann í gæzlu og standa skil á sanngjarnri greiðslu vegna fyrirhafnar og kostnaðar við handsömun. Sömu ákvæði gilda fyrir hesta, sem ekki er hægt að gelda vegna skapnaðargalla.

37. gr.

Finnist stóðhestur utan vörzlu, sem er merktur með bókstöfunum K eða LK á hægri lend, skal eiganda hans þegar gert viðvart. Finnist eigandi ekki innan viku, skal nálægum sýslumönnum tilkynnt um hestinn og hvaða mark sé á honum. Er þeim þá skylt að tilkynna markeiganda um hestinn. Jafnframt skal hesturinn auglýstur í útvarpi með marki, merki og einkennum. Gefi eigandi sig fram innan hálfs mánaðar frá auglýsingardegi, er heimilt að afhenda honum hestinn gegn greiðslu á áföllnum kostnaði, geti hann sannað heimild sína til að merkja hestinn með kynbótahestsmerki.

Finnist ómerktur stóðhestur eða merktur kynbótahestsmerki samkvæmt 38. og 39. gr. án heimildar, skal hreppstjóri selja hann á opinberu uppboði. Vitji eigandi andvirðisins innan 6 mánaða frá söludegi, skal honum greitt það að frádregnum

öllum áföllnum kostnaði, annars rennur afgangur andvirðisins í sjóð búnaðarfélags þess hrepps, þar sem hesturinn var handsamaður. Sömu ákvæði gilda um merkta stóðhesta, sem ekki er vitjað á tilsettum tíma frá auglýsingardegi, sbr. fyrri málsgr. þessarar greinar.

38. gr.

Þegar stóðhestar hafa hlotið I. eða II. verðlaun á héraðssýningum eða afkvæmasýningum, skal hrossaræktarráðunautur gefa eigendum þeirra skriflega heimild til þess að merkja þá með kynbótahestsmerki, sem er K á hægri lend. Komi í ljós, að merktur stóðhestur er ekki til kynbóta að dómi hrossaræktarráðunautar, skal hann afnema heimildina. Hrossakynbótanefndir geta veitt leyfi til að merkja aðra stóðhesta með kynbótahestsmerki, ef ástæða er til og að fengnu leyfi hrossaræktarráðunautar.

Verði einhver uppvís að því að merkja stóðhest heimildarlaust með kynbótahestsmerkjum K eða LK (sbr. 39. gr.) á hægri lend, skal hann látinn sæta sektum samkvæmt 86. gr. þessara laga.

39. gr.

Heimilt er Búnaðarfélagi Íslands að veita hreppsfélögum, einu eða fleiri sameiginlega, undanþágu frá ákvæðum um einangrun stóðhesta á tímabilinu frá 1. maí til 1. október, ef það telur, að beitilönd þau, sem um er að ræða, séu svo einangruð, að öruggt megi teljast. Undanþágu þessa getur Búnaðarfélagið numið úr gildi með eins árs fyrirvara.

Til þess að undanþága þessi verði veitt, skal liggja fyrir umsókn um hana frá hlutaðeigandi hreppsnefndum. Fyrst skal málið hafa verið rætt á almennum sveitarfundi og verið samþykkt þar af ⅔ hlutum greiddra atkvæða hrossaeigenda og skal síðan hafa hlotið samþykki sýslunefnda þeirra, sem hlut eiga að máli.

Enn fremur skal fullnægja eftirtöldum skilyrðum, ef undanþága þessi er veitt: Stóðhestar þeir, sem sleppt er, mega ekki vera yngri en þriggja vetra, og skulu eigendur þeirra fá leyfi fyrir hvern hest. Skal hesturinn þá merktur greinilega með stöfunum LK á hægri lend og með númeri, sem ráðunauturinn ákveður, á þá vinstri.

40. gr.

Valdi stóðhestar, sem ganga lausir eða sleppa úr vörzlu, tjóni á búfé eða öðrum eignum annarra, er eigandi þeirra skaðabótaskyldur eftir mati dómkvaddra manna, ef ekki næst samkomulag um skaðabætur. Er hlutaðeigandi sveitarsjóður skyldur að annast greiðslur þessara skaðabóta, ef þess er krafizt.

41. gr.

Við smölun og réttun að haustinu skulu gangnaforingjar og réttarstjórar hafa strangt eftirlit með því, að stóðhestar sleppi ekki úr stóðrekstrum, og séu þeir merktir, geta þeir krafizt skriflegra heimilda fyrir merkingu þeirra.

42. gr.

Búnaðarfélagi er heimilt að setja sér samþykkt um að vinna að kynbótum hrossa í hreppnum, enda sé þar ekki starfandi hrossaræktarfélag. Nú hefur búnaðarfélag ekki sett sér hrossaræktarsamþykkt, og er þá minnst 6 bændum í hreppi heimilt að stofna með sér félag til þess að vinna að þessum kynbótum. Félög þessi nefnast hrossaræktarfélög. Samþykktir búnaðarfélaga og hrossaræktarfélaga skulu sniðnar eftir fyrirmynd, er Búnaðarfélag Íslands lætur þeim í té. Þegar búnaðarfélag eða hrossaræktarfélag hefur sett sér samþykkt, sendir það hana stjórn Búnaðarfélags Íslands til staðfestingar.

43. gr.

Búnaðarfélag eða hrossaræktarfélag, er hefur fengið samþykkt sína staðfesta af Búnaðarfélagi Íslands, getur fengið styrk til kaupa á tveggja eða þriggja vetra kynbótahestum undan I. verðlauna hryssum, sem hér segir:

Styrkur til kaupa á þriggja vetra stóðhesti er þessi:

200 kr., ef stóðhesturinn er undan hesti, sem fengið hefur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi.

150 kr., ef stóðhesturinn er undan hesti, sem fengið hefur I. verðlaun fyrir afkvæmi.

125 kr., ef stóðhesturinn er undan hesti, sem fengið hefur heiðursverðlaun á héraðssýningu.

100 kr., ef stóðhesturinn er undan hesti, sem fengið hefur I. verðlaun á héraðssýningu.

Styrkur til kaupa á tveggja vetra hesti er 50 kr. lægri í hverjum flokki en á þriggja vetra hesti.

Styrkurinn er enn fremur bundinn því skilyrði, að þriggja vetra hesturinn hafi hlotið I. verðlaun, en tveggja vetra hesturinn II. verðlaun á héraðssýningu eða viðurkenningu hrossaræktarráðunautar um að vera slíkra verðlauna verður.

Samkvæmt þessari grein skal ekki veita styrk nema einu sinni til kaupa á sama hesti.

44. gr.

Búnaðarfélög og hrossaræktarfélög geta fengið auk styrks þess, sem um ræðir í 43. gr., fóðurstyrk til stóðhestahalds, ef þau nota stóðhest, sem hlotið hefur heiðursverðlaun eða I. eða II. verðlaun á afkvæmasýningu. Styrkur þessi er 150 kr. á heiðursverðlaunahest, 100 kr. á I. verðlauna hest og 50 kr. á II. verðlauna hest.

Styrkur þessi greiðist árlega, meðan hesturinn er notaður og nýtur þessarar viðurkenningar.

45. gr.

Búnaðarfélög, hrossaræktarfélög eða hreppsfélög, er láta reisa girðingu fyrir hrossakynbótastarfsemi, fá allt að 400 kr. styrk úr ríkissjóði á hverja girðingu að verkinu loknu, þó aldrei meira en nemur efniskaupum, enda sé fullnægt eftirtöldum skilyrðum:

1. Að hrossaræktarráðunautur hafi viðurkennt nauðsyn girðingarinnar.
2. Að land það, sem girt er, sé eign þess aðila, er styrksins nýtur, eða honum tryggð full afnot af landinu með leigusamningi, er gildi eigi skemmri tíma en 15 ár.
3. Að landið sé vel fallið til hrossabeitar að dómi hrossaræktarráðunautar eða trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.
4. Að girðingin sé minnst 5 gaddavírsstrengir eða úr öðru jafngildu efni, t. d. rafmagnsgirðing, og ekki lægri en 135 cm.
5. Að styrkþegi hafi skuldbundið sig með skriflegri yfirlýsingu að halda girðingunni við í að minnsta kosti 15 ár.

46. gr.

Heimilt er hrossaræktarfélögum að mynda með sér samband til þess sameiginlega að vinna að hrossakynbótum á sambandssvæðinu, ef eftirtalin skilyrði eru fyrir hendi:

1. Að sambandið nái yfir minnst 10 hreppa og þátttakendur eigi minnst 1000 hryssur.
2. Að sambandið hafi sett sér lög um starfsemi sína og fengið þau samþykkt af stjórn Búnaðarfélags Íslands.

Búnaðarsambönd eða hrossaræktarsambönd, sem mynduð verða samkvæmt lögum þessum, geta árlega notið aukastyrks á hvern stóðhest, sem þau eiga og nota eða hafa á leigu, að upphæð kr. 250.00 á hvern. Styrkur þessi skal lagður í sérstakan sjóð, er stjórn sambandsins ávaxtar og notar aðeins til kaupa á kynbótahestum í stað hinna eldri, sem felldir eru eða seldir, og skal andvirði þeirra einnig renna óskipt í sjóðinn.

Stjórn sambandsins ákvarðar í hvert sinn, hvort ástæða sé til að skipta um hest eða fjölga hestum, enda liggi hvort tveggja fyrir, að grundvölluð ástæða hafi verið til að fella hestinn (hestana) og sá hestur (hestar), sem kaupa skal, sé taminn og helzt reyndur kynbótahestur að dómi ráðunautar Búnaðarfélags Íslands í hrossarækt og samþykki hans fyrir skiptunum liggi fyrir.

Aldrei skal veita styrk á fleiri stóðhesta en svo, að minnst 100 hryssur, fjögurra vetra og eldri, verði um hvern.

Ársreikningar sambanda þeirra, sem hér um ræðir, skulu sendir Búnaðarfélagi Íslands til endurskoðunar og samþykktar.

47. gr.

Þegar minni hluti af hreppi er í hrossaræktarfélagi og utanfélagsmenn vilja ekki vera í samvinnu við hann um kynbótastarfið, þá er þeim, sem í félaginu eru, ekki skylt að taka þátt í kostnaði af kynbótastarfi þeirra, sem utan félagsins eru.

48. gr.

Stjórnir hrossaræktarfélaga eða kynbótanefndir skulu halda gerðabók, þar sem ritaðar eru allar ályktanir, reikningar, bréf og aðrar gerðir.

Reikningar kynbótastarfsins skulu árlega lagðir fram á aðalfundi og skulu endurskoðaðir með hreppsreikningum.

49. gr.

Hrossaræktarráðunautur skal, eftir því sem við verður komið, ferðast um meðal bænda á vorin og sumrin og leiðbeina þeim um val á stóðhestum og hryssum til undaneldis. Hann skal mæta á þeim sveitasýningum, sem hross eru sýnd á og búnaðarsamböndin efna til, komi fram ósk um það og verði því við komið. Hrossaræktarráðunautur er formaður dómnefnda á öllum sýningum, sem haldnar eru samkvæmt þessum kafla laganna. Í forföllum ráðunautar tilnefnir stjórn Búnaðarfélags Íslands mann í hans stað. Meðdómendur á hrossasýningum geta ekki veitt hrossi verðlaun gegn atkvæði ráðunautar, hann getur ekki heldur veitt hrossi verðlaun, nema helmingur meðdómenda sé því samþykkur.

50. gr.

Skipta skal landinu í fjögur sýningarsvæði, og hrossasýningar haldnar á þeim fjórða hvert ár. Heimilt er að sameina fjórðungsmót Landssambands hestamannafélaga héraðssýningum, og annast þá hlutaðeigandi búnaðarsamband eða sambönd um þann þátt, sem varðar sýningu kynbótagripa, í samráði við stjórn landssambandsins.

51. gr.

Til verðlauna á sýningum þeim, er um ræðir í 50. gr., leggur ríkissjóður fram 10 aura á hvert framtalið hross, gegn jöfnu framlagi frá hlutaðeigandi búnaðarsamböndum eða öðrum aðilum, þar sem sýningar eru haldnar. Skal verja fé þessu til að verðlauna hryssur og enn fremur stóðhesta, er hljóta III. verðlaun á héraðssýningum. Mega þau ekki vera hærri en hér greinir:

Heiðursverðlaun á hryssu kr. 80.00.
I. verðlaun á hryssu kr. 25.00.
II. verðlaun á hryssu kr. 15.00.
III. verðlaun á hryssu kr. 7.00.
III. verðlaun á stóðhest kr. 30.00.

Verðlaun á aðra stóðhesta greiðast úr ríkissjóði, og eru heiðursverðlaun kr. 200.00, I. verðlaun kr. 100.00 og II. verðlaun kr. 60.00. Heiðursverðlaun má aðeins veita hrossum, sem afkvæmi eru sýnd með. Hryssum skulu fylgja 2 afkvæmi, en stóðhestum 4, og skulu þau vera yngst tveggja vetra.

52. gr.

Heimilt er að halda afkvæmasýningu fyrir stóðhesta, ef óskir koma fram um það og Búnaðarfélag Íslands samþykkir.

Sýna skal undan hverjum stóðhesti ekki færri en 12 afkvæmi þriggja vetra og eldri og mæður þeirra, sem fylgja þeim á sýninguna. Verðlaun fyrir afkvæmi greiðast úr ríkissjóði, og eru þau þessi:

Heiðursverðlaun kr. 180.00.
I. verðlaun kr. 100.00.
II. verðlaun kr. 60.00.
III. verðlaun kr. 40.00.

Eigi má greiða heiðursverðlaun fyrir afkvæmi, nema helmingur þeirra sé taminn og sýni verðmæta kosti.

Heimilt er að endurtaka afkvæmasýningu einu sinni að 4 árum liðnum fyrir þá stóðhesta, er hafa hlotið II. verðlaun.

Umsóknir um afkvæmasýningar skulu komnar til Búnaðarfélags Íslands fyrir 15. maí.

Stjórn hlutaðeigandi búnaðarsambands kýs 2 meðdómendur á afkvæmasýningu og greiðir þeim fyrir störf þeirra, en eigandi stóðhestsins leggur til sýningarstaðinn.

Ráðunautur Búnaðarfélags Íslands getur metið stóðhesta til afkvæmaverðlauna, ef aðstæður torvelda eða útiloka sýningahald, en þó aðeins hesta, sem eru í eigu búnaðarsambanda eða hrossaræktarsambanda.

53. gr.

Samtökum hestamannafélaga er heimilt að halda landssýningu 4. hvert ár, að fengnu samþykki Búnaðarfélags Íslands, þar á meðal fyrir sýningarstað og hvernig sýningunni skuli hagað. Verðlaun á þessum sýningum greiðast að hálfu úr ríkissjóði gegn jöfnu framlagi annars staðar að. Um upphæð verðlauna og önnur skilyrði fer samkvæmt ákvæðum 51. og 52. gr., eftir því sem við getur átt.

Umsókn um sýningarleyfi ásamt fullnægjandi upplýsingum skal vera komin til Búnaðarfélags Íslands fyrir 15. maí næstan áður en sýningin á að fara fram.

Samtök hestamannafélaga þeirra, er hafa á hendi forgöngu og stjórn þessara sýninga, skulu tilnefna 2 meðdómendur á sýningarnar.

Skrá skal sérstaka ættbók fyrir þau reiðhross, sem hljóta verðlaun á landssýningum þessum.

54. gr.

Hrossakynbótabúi ríkisins á Hólum í Hjaltadal er heimilt, með samþykki Búnaðarfélags Íslands, að kaupa úrvals kynbótahross handa búinu. Hross þessi mega ekki vera yngri en 8 vetra og öruggt, að þau búi yfir verðmætum kostum, sem erfast. Heimilt er að verja úr ríkissjóði í þessu skyni kr. 4000.00 annað hvert ár.

V. KAFLI

Um svínarækt og alifuglarækt.

55. gr.

Þegar Búnaðarfélag Íslands hefur ráðið til sín ráðunaut í svínarækt og alifuglarækt, er landbúnaðarráðherra heimilt að láta setja á stofn kynbótabú í þessum greinum á bændaskólabúi eða öðru ríkisbúi, eftir því sem henta þykir að dómi Búnaðarfélags Íslands.

56. gr.

Á kynbótabúinu skal hreinrækta þau hænsnakyn og svínakyn, sem ráðunauturinn telur rétt að rækta hér á landi. Á búinu skal vera útungunarstöð til að framleiða kynbótahænsni til sölu.

57. gr.

Færa skal ættarskýrslur og afurðaskýrslur yfir svín og alifugla á kynbótabúinu undir eftirliti ráðunautarins, og gera skal samanburðartilraunir með fóðurþörf og afurðagetu hinna ýmsu kynja.

58. gr.

Eftir að bú þetta hefur verið stofnsett, hefur það rétt til að flytja útungunaregg til landsins til kynbóta eða tilrauna, enda sjái ráðunauturinn um, að búið fullnægi óskum alifuglaeigenda um að hafa til sölu fugla af þeim kynjum, sem óskað er eftir og reynsla hefur sýnt, að hentug séu til ræktunar hér á landi.

59. gr.

Heimilt er að halda einstaklinga- og afkvæmasýningar fyrir alifugla og svín, þar sem verðlaun eru greidd úr ríkissjóði, eftir nánari fyrirmælum, sem landbúnaðarráðherra setur í reglugerð eftir tillögum frá Búnaðarfélagi Íslands.

VI. KAFLI

Um sæðingu búfjár.

60. gr.

Búnaðarsambönd, sem vinna að kynbótum búfjár með sæðisflutningum, svo og nautgriparæktarsambönd í þeim héruðum, þar sem búnaðarsambönd sinna ekki þessu verkefni, fá styrk úr ríkissjóði til þessarar starfsemi sem hér segir:

1. Stofnstyrk í eitt skipti fyrir öll, sem er ⅓ byggingarkostnaðar sæðingarstöðvar, þar með talin verkfæri og allur útbúnaður, þó ekki yfir 30 þús. kr. á stöð.
2. Rekstrarstyrk, ⅓ árslauna sérfræðings í búfjársæðingu, er starfar við sæðingarstöð, og tekur laun samkvæmt VIII. flokki launalaga, enda annist stöðin sæðingu nautgripa og starfi allt árið; enn fremur kr. 3.00 á hverja sædda kú, er fang fær og 50 aura á hverja á, sem sædd er. Styrkur skal þó eigi veittur, nema notuð séu naut, sem nautgriparæktarráðunautur mælir með. Fyrir sæðingu áa skal þessi styrkur því aðeins greiddur, að notaðir séu hrútar, sem sauðfjárræktarráðunautur mælir með.

   Vinni sæðingarstöð jafnframt að sæðingu fleiri búfjártegunda, er ríkissjóði heimilt að greiða styrk til þess, sem ákveðinn skal af landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

61. gr.

Stofn- og rekstrarstyrkur til sæðingarstöðva verður ekki veittur, nema Búnaðarfélag Íslands hafi fallizt á nauðsyn þess, að stöðinni sé komið á stofn, og samþykki starfstilhögun hennar.

Stofnstyrk má aðeins veita einni sæðingarstöð í sýslu, nema Búnaðarfélag Íslands mæli með því og samþykki landbúnaðarráðherra komi til hverju sinni.

VIII. KAFLI

Um ræktun erlendra búfjárkynja og blöndun þeirra við innlent búfé.

62. gr.

Búnaðarfélögum, búfjárræktarfélögum, tilraunabúum og einstökum bændum, sem færa sönnur á, að þau eða þeir haldi fullkomnar ættartölubækur yfir búfé sitt, er heimilt, að fengnu leyfi stjórnar Búnaðarfélags Íslands, að gera tilraunir með myndun nýrra búfjárkynja, með blöndun við innlend og erlend búfjárkyn, sem til eru í landinu eða verða flutt til landsins með sæðisflutningum eða á annan hátt.

Tilraunir þessar skulu gerðar undir eftirliti og í samráði við ráðunauta Búnaðarfélags Íslands í búfjárrækt, er heldur sérstaka skrá yfir leyfisveitingar þessar og árangur tilraunanna á hverjum stað. Búnaðarfélag Íslands getur svipt leyfishafa fengnu leyfi, ef hann fullnægir ekki að dómi viðkomandi ráðunautar þeim fyrirmælum, er sett verða um þessa starfsemi.

63. gr.

Leiði ýtarlegar og margra ára endurteknar tilraunir með blöndun erlendra búfjárkynja við íslenzkt búfé í ljós, að æskilegt muni vera að mynda ný kyn með framhaldsræktun kynblendinganna, skal hlutaðeigandi ráðunautur setja reglur um, hvernig haga skuli ræktuninni og sölu gripa af hinu nýja kyni.

Ekkert undaneldisdýr af nýjum kynjum má selja, nema það sé ættbókarfært og viðurkennt af hlutaðeigandi ráðunaut hjá Búnaðarfélagi Íslands eða fulltrúa hans.

64. gr.

Heimilt er bændum að framleiða einblendinga til slátrunar og til ásetnings án þess að halda ættartölubækur, en þeim er óheimilt að selja, gefa eða afhenda á annan hátt slíka kynblendinga til ásetnings.

65. gr.

Brot gegn því að verzla með eða afhenda óleyfilega kynblendinga af erlendum kynjum varða sektum, sem aldrei nemi minni upphæð en almennu gangverði hins selda eða afhenta fénaðar. Kynblendinga, sem seldir hafa verið eða afhentir í óleyfi, skal kaupandinn afhenda sýslumanni eða hreppstjóra, sem síðan ráðstafar þeim samkvæmt tillögum Búnaðarfélags Íslands.

VIII. KAFLI

Um fóðagæzlu og fóðurbirgðafélög.

66. gr.

Í hverjum hreppi, þar sem ekki er starfandi fóðurbirgðafélag, skulu vera fóðagæzlumenn, einn eða fleiri, til þess að hafa gát á fóðurbirgðum hreppsbúa og meðferð þeirra á búpeningi. — Sýslunefnd ákveður tölu fóðagæzlumanna í hverjum hreppi eftir tillögu hreppsnefndar. Ef þeir eru fleiri en einn, getur hreppsnefndin skipt hreppnum í jafnmörg fóðagæzluumdæmi, og hefur þá hver fóðagæzlumaður sitt svæði til umsjónar.

67. gr.

Kjósa skal fóðagæzlumenn og jafnmarga varamenn til 4 ára í senn, þegar hreppsnefndarkosningar fara fram. Gilda um kosningu þessa sömu reglur og um hreppsnefndarkosningar.

68. gr.

Skylt er fóðagæzlumanni eða eftirlitsmanni fóðurbirgðafélaga að fara minnst tvisvar um sveitina á hverjum vetri. Fyrri ferðinni skal vera lokið fyrir 15. nóvember, en þeirri síðari fyrir 20. apríl. Í hvorri ferð skal fóðagæzlumaður athuga vandlega fóðurbirgðir hjá bændum, fóðrun búfjárins og hvort sæmileg hús séu til yfir fénaðinn.

Ef fóðagæzlumaður telur, að einhvern búfjáreiganda skorti fóðurbirgðir eða hús yfir búfénað sinn, vanfóðri hann eða vanhirði, skal hann tilkynna það hreppsnefnd. Skylt er þá hreppsnefnd að aðvara þegar hlutaðeigandi búfjáreiganda og gefa honum hálfs mánaðar frest til úrbóta. Hafi hann að þeim tíma liðnum ekki gert þær ráðstafanir, sem hreppsnefnd og fóðagæzlumaður telja fullnægjandi, er hreppsnefnd heimilt að útvega honum fóður, ráðstafa fénaði hans til fóðrunar eða láta slátra búfénaði hans, ef henta þykir.

Búfjáreigandi, sem hlut á að máli, ber allan kostnað af þessum ráðstöfunum. Skylt er viðkomandi sýslumanni að veita hreppsnefndum stuðning við þessar framkvæmdir, ef með þarf.

Forðagæzlumenn skulu gera skýrslu á þar til gerð eyðublöð um það, er lýtur að fóðurásetningi búfjáreigenda, svo sem um fóðurbirgðir, tölu búpenings, skepnuhöld og fyrningar. Skýrslu þessa skal forðagæzlumaður senda sýslumanni upp úr fardögum fyrir það fardagaár, sem þá er að enda, en sýslumaður leggur skýrslurnar fyrir næsta sýslufund til athugunar. Skýrslurnar skal að því búnu senda Búnaðarfélagi Íslands, sem vinnur úr þeim í samstarfi við Hagstofu Íslands.

Fyrir starf sitt skulu forðagæzlumenn fá borgun eftir samkomlagi við hreppsnefndina, og greiðist hún úr sveitarsjóði.

69. gr.

Heimilt er sveitar- og bæjarfélögum að stofna fóðurbirgðafélög, og takmarkast félögin ætíð af hreppamörkum. Þegar slíkt félag er stofnað og tekið til starfa, er forðagæzlumaður leystur frá starfi sínu.

70. gr.

Verksvið fóðurbirgðafélaga er að tryggja það, að á hverju hausti sé til fóður fyrir búfé félagsmanna, sem nægi í harðasta vetri, og að rannsaka, hvernig bændur eigi að fóðra búfé sitt, svo að það gefi sem mestan arð, miðað við tilkostnað.

Stjórn fóðurbirgðafélags skal sjá um, að fóðurskoðanir eigi sér stað eins oft og þurfa þykir. Skal sú fyrsta ætíð fara fram fyrir 15. nóvember.

71. gr.

Þegar menn vilja koma á fóðurbirgðafélagi í hreppi eða kaupstað, skal sveitarstjórn boða til almenns sveitarfundar með nægum fyrirvara og leggja fyrir hann uppkast að samþykkt fyrir félagið. Atkvæðisrétt á þeim fundi hafa allir þeir, sem búfénað hafa á fóðrum í sveitinni. Sé fundur lögmætur og nái uppkastið samþykki ⅔ hluta atkvæðisbærra fundarmanna, skal stofna félagið, og er þá uppkastið bindandi fyrir alla sveitarbúa, enda hafi verið tekið fram í fundarboði, að um þetta mál yrði rætt og greidd atkvæði um það. Samþykkt sveitarfundarins skal leggja fyrir næsta hlutaðeigandi sýslufund til samþykktar.

Samþykki sýslufundur samþykktaruppkast fóðurbirgðafélagsins óbreytt, skal sýslumaður senda það landbúnaðarráðuneytinu til staðfestingar. Breyti sýslufundur samþykktinni, skal bera hana með áorðnum breytingum undir atkvæði lögmæts hreppsfundar á sama hátt og í fyrra skiptið. Fallist sveitarfundur á breytingartillögur sýslufundar, skal uppkastið endursent sýslumanni, sem sendir það síðan áfram til ráðuneytisins. Að öðrum kosti er samþykktin fallin, nema gerðar séu á henni breytingar, og skal þá leggja hana fyrir sýslufund að nýju og aftur með fara á sama hátt og ný samþykkt væri.

Virðist landbúnaðarráðuneytinu samþykkt, sem því hefur verið send til staðfestingar, koma í bága við grundvallarreglur laga eða rétt manna, endursendir það hana án staðfestingar ásamt synjunarástæðum. Að öðrum kosti staðfestir ráðuneytið samþykktina, skipar fyrir um birtingu hennar og tiltekur, hvenær hún öðlist gildi. Gildir hún upp frá því fyrir alla þá, sem í þeim hreppi eða kaupstað búa, sem hún er gerð fyrir. Samþykkt, sem ráðuneytið hefur staðfest, má ekki breyta á annan hátt en hún var stofnuð.

72. gr.

Fóðurbirgðafélagi stýrir þriggja manna stjórn, og eru tveir þeirra kosnir á aðalfundi félagsins til fjögurra ára í senn, en þann þriðja kýs hreppsnefnd til sama tíma, og er hann formaður félagsins. Stjórn félagsins sér um allar fjárreiður þess og framkvæmdir, og eru skuldbindingar hennar bindandi fyrir félagið.

73. gr.

Hvert það fóðurbirgðafélag, sem stofnað er samkvæmt lögum þessum og fullnægir fyrirmælum þeirra, nýtur árlegs styrks úr ríkissjóði, kr. 10.00 fyrir hvern bónda, sem í félaginu er. Enn fremur skal hlutaðeigandi sveitarsjóður leggja fram kr. 50.00 fyrir hvern félagsmann, og greiðir sveitarsjóður það á ekki lengri tíma en 10 árum með jöfnum greiðslum. Enn fremur skulu búfjáreigendur greiða árlegt gjald til félagsins eftir búfjárfjölda:

a. fyrir hvern nautgrip ..... 40 aura
b. fyrir hvert hross ..... 20 —
c. fyrir hverja sauðkind .... 4 —

Gjöld þessi eru lögtakskræf samkv. lögum nr. 29 16. des. 1885.

74. gr.

Skylt er fóðurbirgðafélagi að stofna sjóð og leggja í hann tekjuafgang hvers árs. Stjórn félagsins lánar úr sjóðnum til fóðurkaupa fyrir félagsmenn.

75. gr.

Komi í ljós að lokinni skoðun, sbr. 70. gr., að búfjáreigendur skorti fóður, getur stjórn félagsins lánað fé úr sjóðnum til fóðurkaupa, sbr. 74. gr. Nægi sjóður félagsins ekki til fóðurkaupa, er félaginu heimilt lán úr bjargráðasjóði til þess, er á vantar, þó ekki meira en nemur hluta hreppsins í sjóðsmynduninni, gegn 5% ársvöxtum og endurgreiðslu innan 5 ára.

Skylt er hreppsnefnd að ábyrgjast bráðabirgðalán og rekstrarlán fyrir félagið.

Til tryggingar láni, er stjórn félagsins eða hreppsnefnd veitir félagsmönnum eða hreppsbúum til að bjarga bústofni þeirra frá yfirvofandi felli, er bústofninn að lögveði fyrir láninu, þar til það er að fullu greitt, þó ekki lengur en 2 ár frá lántökudegi. Lánþegi má ekki selja né ráðstafa á annan hátt bústofninum úr eigu sinni frekar en svo, að jafnan sé næg trygging í eftirstöðvum hans með vöxtum og kostnaði. Lögveð þetta gengur fyrir öllum öðrum veðböndum.

76. gr.

Gjalddagi iðgjalda er 1. desember. Reikningsár félagsins er almanaksár. Skýrsluárið er frá 1. október til jafnlengdar næsta ár.

77. gr.

Þegar sjóður fóðurbirgðafélagsins er orðinn svo stór, að hann nemur kr. 800.00 á hvern félagsmann, er félaginu heimilt með aðalfundarsamþykkt að létta af iðgjöldum samkvæmt 73. gr. að nokkru eða öllu leyti.

78. gr.

Stjórn fóðurbirgðafélags skal senda Búnaðarfélagi Íslands skýrslu um starfsemi sína, eftir því sem Búnaðarfélag Íslands ákveður og tekið er fram í samþykkt félagsins.

Skýrsla þessi skal send til Búnaðarfélags Íslands fyrir júlílok, eftir að skýrsluárinu lauk. Styrkur ríkissjóðs til fóðurbirgðafélaga greiðist, þegar skýrslur og reikningar þeirra hafa borizt til félagsins.

79. gr.

Ráðherra er heimilt, hvenær sem hann telur þess þörf, að krefjast skýrslu frá fordagæzlumönnum um það, hverjar horfur séu á fóðuröflun eða fóðurbirgðum í umdæmi þeirra.

80. gr.

Sýni búfjáreigandi mótþróa gegn ráðstöfunum fordagæzlumanns, hreppsnefndar eða stjórnar fóðurbirgðafélags honum til hjálpar eða hefur þær að engu, en fénaður

hans líður eða fellur úr hor sökum fóðurskorts, hirðuleysis eða harðýðgi þess, er hafði hann undir hendi, að áliti forðagæzlumanns eða stjórnar fóðurbirgðafélags, er þessum aðilum skylt að tilkynna það tafarlaust sýslumanni ásamt öllum málavöxtum, eða hreppstjóra og hann tilkynni það aftur sýslumanni.

81. gr.

Sá, er sekur verður um illa meðferð á skepnum samkv. 80. gr., skal sæta sektum frá 500 til 5000 kr. eða einföldu fangelsi allt að 6 mánuðum. Vanræki forðagæzlumaður, hreppsnefnd eða stjórn fóðurbirgðafélags að gera sýslumanni eða hreppstjóra viðvart um ómannúðlega meðferð á skepnum, sem þeim er kunnugt um innan þess hrepps, varðar það sektum.

IX. KAFLI
Almenn ákvæði.

82. gr.

Heimilt er að halda héraðssýningar fyrir annað búfé en hross, þegar hlutaðeigandi héraðsstjórnir óska þess, þó ekki oftar en fjórða hvert ár, að fengnu samþykki Búnaðarfélags Íslands. Fleiri sýslur en ein eða sýsluhlutar geta verið saman um sýningar þessar.

Styrkja skal slíkar sýningar að ⅔ hlutum úr ríkissjóði og að ⅓ hluta úr hlutaðeigandi sýslusjóðum, er hvort tveggja gangi til gripaverðlauna. Auk þess styrks, sem sýslusjóður veitir til gripaverðlauna, ber sýslunefnd að annast undirbúning sýninganna. Búnaðarfélag Íslands setur um tilhögun héraðssýninga reglur, er landbúnaðarráðherra staðfestir.

83. gr.

Allar greiðslur, sem um ræðir í lögum þessum, skulu greiddar að viðbættri fullri vísitöluuppbót frá 1939, og skal, þar sem því verður við komið, miða við meðalvísitölu ársins á undan.

84. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð í samráði við Búnaðarfélag Íslands, er ákveður nánar um framkvæmd laga þessara.

85. gr.

Verði ágreiningur um skilning á ákvæðum þessara laga, sker landbúnaðarráðherra úr, og er það fullnaðarúrskurður.

86. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá kr. 100.00 til kr. 5000.00, nema þyngri refsing liggi við að lögum. Sektarfé skal renna í sjóð þess búnaðarfélags, þar sem brotið er framið, ella í sveitarsjóð.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

87. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 19 frá 22. marz 1948, um búfjárrækt, og allar síðari breytingar, sem gerðar hafa verið á þeim lögum.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir beiðni Búnaðarfélags Íslands. Landbúnaðarnefnd og einstakir nefndarmenn áskilja sér óbundinn rétt um afstöðu til málsins og einstakra atriða þess. Frumvarpinu fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Um I. kafla.

Þegar fyrstu búfjárræktarlögin voru samþykkt, höfðu búnaðarsamböndin enga ráðunauta í þjónustu sinni og unnu því lítið sem ekkert að búfjárræktarmálum. En búfjárræktarfélög einstakra sveita urðu brautryðjendur í búfjárræktinni undir leiðsögn ráðunauta Búnaðarfélags Íslands.

Uppbygging búfjárræktarlaganna frá 1931 grundvallast á þessu viðhorfi.

Með fjölgun búfjárræktarfélaga og vaxandi starfi þeirra samhliða manneklu í sveitum varð nauðsynlegt að ráða héraðsráðunauta í búfjárrækt til þess að leiðbeina bændum og annast að meira eða minna leyti eftirlit með búfjárræktarfélögum og samböndum þeirra.

Þessi þróun var viðurkennd með búfjárræktarlögunum frá 1948, þar sem sett voru ákvæði í VIII. kafla um héraðsráðunauta í búfjárrækt. Síðan hefur þróunin orðið ör í þá átt, að búnaðarsamböndin réðu til sín ráðunauta í búfjárrækt, sem hafa unnið ötullega að myndun búfjárræktarfélaga og verið leiðandi í búfjárræktinni hver í sínu umdæmi í samráði og samvinnu við ráðunauta Búnaðarfélags Íslands í búfjárrækt.

Sá galli er á gildandi búfjárræktarlögum, að í vissum tilfellum eru nautgriparæktarsambönd réttbærri aðilar en búnaðarsambönd varðandi ráðningu héraðsráðunauta í búfjárrækt, en þó ekki gert ráð fyrir, að ráðunautar nautgriparæktarsambanda leiðbeini um ræktun annarra búfjártegunda en nautgripa. Búnaðarsambandi er t. d. samkvæmt 11. gr. núgildandi búfjárræktarlaga því aðeins heimilt að ráða sér ráðunaut í búfjárrækt, að ekki sé þar starfandi nautgriparæktarsamband, er hafi ráðunaut í þjónustu sinni.

Eðlilegt er, að búnaðarsamböndin hafi forustu í búfjárræktarmálum og þá jafnt í öllum búgreinum, en því aðeins heimila nautgriparæktarsamböndum að ráða sér sérstakan ráðunaut, ef viðkomandi búnaðarsamband sinnir ekki búfjárræktarmálum.

Af framangreindum ástæðum þykir rétt að hafa I. kafla búfjárræktarlaganna um búfjárræktarsamþykktir búnaðarsambanda og starfsemi héraðsráðunauta í búfjárrækt. Einstakar greinar kaflans þurfa eigi skýringa við að öðru leyti en því, er varðar framlag ríkisins til ráðunautastarfseminnar, sem er hækkað úr ⅖ í ½ árslauna, sem er í samræmi við breytingu, sem hefur verið gerð á jarðræktarlögunum um laun héraðsráðunauta í jarðrækt. Auk þess er lagt til, að ráðunautarnir skuli framvegis fá laun samkvæmt VII. flokki launalaga í stað VIII. flokks. Slík breyting er eðlileg, miðað við breytingar, sem gerðar hafa verið á launakjörum annarra búfræðimenntaðra manna, sem vinna í þjónustu landbúnaðarins.

Um II. kafla.

Kafli þessi um nautgriparækt er að mestu leyti óbreyttur frá gildandi lögum. Þær breytingar, sem verulegu máli skipta, eru:

1. Við 14. gr. frumvarpsins, sem svarar til 9. gr. núgildandi laga, bætist liður nr. 4 um aukið framlag til nautgriparæktarfélaga, sem láta rannsaka fitumagn mjólkur úr einstökum kúm minnst 10 sinnum á ári.

2. Á næstu grein eru gerðar þær breytingar, að fóðurstyrkur er tvöfaldaður á naut eldri en 4 ára. Slíkt mun ekki kosta mikið fé, því að tiltölulega fá naut eru gerð eldri en það og tala I. verðlauna nauta verður alltaf mjög takmörkuð. Hins vegar er það eitt mikilvægasta atriði í nautgriparæktinni, að naut, sem líkleg eru til kynbóta, séu látin lifa, unz dætur þeirra sýna, hvaða kynbótagildi þau hafa, en þá eru þau 4½—6 ára. Sannist, að naut hafi mikið kynbótagildi, er eftir það hægt að hafa mjög mikil not af því til kynbóta með því að hafa það á sæðingarstöð. Er því vel varið nokkru fé til þess að stuðla að því, að slík reynsla fáist, en bændur eru mjög tregir til þess að gera naut gömul vegna aukins fóðurkostnaðar og hve erfið þau verða í allri meðferð.

3. 16. gr. frumvarpsins er breytt frá gildandi lögum í samræmi við I. kafla þess.

4. Í 17 gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir, að framlag ríkisins á hverja skýrslufærða kú á svæði, þar sem héraðsráðunautur í búfjárrækt starfar, hækki um kr. 1.00 á ári. Þetta er nauðsynlegt vegna þess, hve búnaðarsamböndin og nautgriparæktarsamböndin þurfa að kosta miklu til eftirlits, skýrslugerðar, spjaldskrárfærslu o. s. frv.

5. Í lok kaflans er ný grein um framlag til aukaeftirlits, og skýrir hún sig sjálf. Miðað við núverandi starfsemi nautgriparæktarinnar lætur nærri, að útgjaldaaukning ríkissjóðs vegna breytinga á þessum kafla nemi um 21 þús. kr. í grunn á ári.

6. Í 18. gr. um sýningar er lagt til, að lögfest verði að halda afkvæmasýningar á nautum árið mitt á milli reglulegra sýninga, sé þess óskað. Undanfarin ár hafa slíkar sýningar verið haldnar samkvæmt ósk búnaðarþings 1953.

Um III. kafla.

Þessi kafli, sem fjallar um sauðfjárræktina, er óbreyttur frá gildandi lögum að öðru leyti en því, að við 27. gr. frumvarpsins, sem svarar til 21. gr. gildandi laga, bætist ákvæði um, að fjárræktarfélög geti fengið að halda sýningu á hrútum, þegar tvö ár eru liðin frá reglulegum hrútasýningum, og gert er ráð fyrir, að viðkomandi búnaðarsamband tilnefni og kosti oddamann dómnefndar á þessum sýningum. Slíkar sýningar eru nauðsynlegar vegna starfsemi fjárræktarfélaganna og hafa að undanförnu verið haldnar eftir samkomulagi við Búnaðarfélag Íslands og ýmist verið kostaðar af því að öllu leyti eða aðeins að nokkru leyti, en viðkomandi búnaðarsamband þá annazt hinn hluta kostnaðarins.

Þá er bætt við kaflann fjórum nýjum greinum, er fela í sér heimild fyrir sauðfjárræktarfélög á svæðum, þar sem búnaðarsambönd hafa sett sér búfjárræktarsamþykkt, að stofna með sér sauðfjárræktarsambönd, er hafi það markmið að vinna að samanburði á systrahópum undan álitlegustu hrútum félaganna, semji yfirlitsskýrslur fjárræktarfélaganna og færi spjaldskrár um ættir og afurðir beztu einstaklinganna. Gert er ráð fyrir, að sauðfjárræktarsambönd þessi fái 20% af framlagi því úr ríkissjóði, sem sauðfjárræktarfélögunum ber samkv. gildandi lögum, til þess að standa straum af þeim kostnaði, sem þessi verkefni hafa í för með sér. Þetta ætti að verða hagur fyrir fjárræktarfélögin, því að héraðsráðunauturinn kemur til með að létta af stjórnum félaganna verulegum hluta af þeirri vinnu, sem þeim ber að leysa af hendi samkv. gildandi lögum fyrir það framlag, sem ríkið veitir. Þetta auðveldar jafnframt búnaðarsamböndunum að taka búfjárræktarráðunauta í þjónustu sína.

Þá er gert ráð fyrir í 32. gr. frumvarpsins, að myndi sauðfjárræktarfélög sér aðstöðu til þess að gera samanburð á systrahópum við sömu skilyrði, þ. e. stofni afkvæmarannsóknarstöðvar í sauðfjárrækt, þá veiti ríkið framlag, er nemi kr. 8.00 á ári á þær kindur, sem eru í slíkum afkvæmarannsóknum, en sauðfjárræktarfélögin, eigendur hrútanna og sauðfjárræktarsamböndin kosti þessar afkvæmarannsóknir að öðru leyti. Gert er ráð fyrir, að systrahóparnir séu teknir á stöðina haustlömb og hafðir þar til þriggja ára aldurs.

Breytingar á þessum kafla hafa í svipinn enga útgjaldaaukningu í för með sér fyrir ríkissjóð, en gera má ráð fyrir, að innan fárra ára muni einhverjir nota heimildina til að bera saman systrahópa á afkvæmarannsóknarstöðvum, og mun það hafa nokkur útgjöld í för með sér, en þó varla mikil, vegna þess að líkur eru fyrir því, að bændur muni sjálfir þurfa að leggja mikið af mörkum til viðbótar ríkisframlaginu til að framkvæma slíkar rannsóknir. Samanburðarrannsóknir sem þessar eru mikilvægar, því að þær eru eini fullgildi mælikvarðinn á kynbótagildi hrúta.

Um IV. kafla.

Þessi kafli, er fjallar um hrossarækt, er næstum því óbreyttur frá gildandi lögum. Smávægilegar breytingar eru gerðar við 39., 40., 42. og 44. gr. gildandi laga, sem

nú verða 50., 51., 52. og 54. gr. Niður fellur 41. gr. gildandi laga, en efni hennar bætist við 51. gr. frumvarpsins. Þessar breytingar eru allar smávægilegar og kosta ekki ríkissjóð aukin útgjöld nema ákvæði 54. gr., þar sem gert er ráð fyrir, að hrossakynbótabúið á Hólum fái 4000 kr. í framlag 2. hvert ár í stað 4. hvers árs í gildandi lögum.

Um V. kafla.

Þessi kafli, sem svarar til IV. kafla gildandi laga, er óbreyttur.

Um VI. kafla.

Þessi kafli, sem fjallar um sæðingu búfjár, breytist allverulega frá gildandi lögum. Gert er ráð fyrir að hækka hámarksákvæði á framlagi ríkisins til stofnunar sæðingarstöðva úr 15. þús. kr. í 30 þús. kr. Þetta ákvæði hefur þó eigi mikla útgjaldaaukningu í för með sér fyrir ríkissjóð, vegna þess að fjöldi sæðingarstöðva verður ávallt mjög takmarkaður.

Gert er enn fremur ráð fyrir, að ríkið greiði ⅓ árslauna eins sérfræðings í búfjársæðingum á hverri sæðingarstöð, sem starfar árið um kring. Þær 3 sæðingarstöðvar, sem nú eru starfandi, hafa í rauninni notið hærra framlags úr ríkissjóði en hér er gert ráð fyrir, því að aðalsæðingarmenn þessara stöðva hafa verið nautgriparæktarráðunautar viðkomandi sambands, sem fengið hafa ⅖ hluta launa úr ríkissjóði. Af þessum sökum hafa starfskraftar þessara manna aðeins að nokkru leyti notazt við leiðbeiningastarfsemina. Breytingar þær, sem gert er ráð fyrir í I. kafla frumvarpsins, hafa það í för með sér, að búfjárræktarráðunautarnir sinni fyrst og fremst leiðbeiningastarfinu í öllum búgreinum, en vinni ekki fyrst og fremst að búfjársæðingum. Verður því að gera ráð fyrir sérstökum sæðingarmönnum. Reynsla undanfarinna ára hefur hins vegar sýnt, að ekki hefði verið kleift að starfrækja sæðingarstöðvarnar, ef þær hefðu ekki notið ráðunautanna sem aðalsæðingarmanna.

Þá er einnig gert ráð fyrir 35 aura hækkun á framlagi ríkisins fyrir hverja sædda á. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir, að ríkið taki þátt í launagreiðslu til þeirra, sem vinna að sauðfjársæðingum, sem aðeins geta staðið yfir stuttan tíma ár hvert.

Um VII. kafla.

Þessi kafli, sem svarar til VI. kafla gildandi laga, er óbreyttur, nema í 62. gr. frumvarpsins koma orðin „viðkomandi ráðunautar“ í stað sauðfjárræktarráðunautar.

Um VIII. kafla.

Þessi kafli, sem svarar til VII. kafla gildandi laga um fóðurbirgðafélög, er óbreyttur nema fyrri hluti 68. gr. frumvarpsins, sem svarar til 59. gr. gildandi laga.

Breyting á þessari grein er gerð vegna þess, að komið hefur í ljós, að ákvæðin um fóðagæzlu voru haldlaus hreppsnefndum gagnvart þeim búfjáreigendum, sem sýna vildu þrjózku eða kæruleysi gagnvart fyrirmælum hreppsnefndar varðandi ásetning og meðferð fénaðar. T. d. vildi það til s. l. haust, að búfjáreigandi nokkur neitaði þverlega að farga nokkurri skepnu af bústofni sínum, þótt hann ætti hvorki hey né hús og hefði enga möguleika til að annast búfénaðinn, þótt honum hefði verið útvegað hvort tveggja. Viðkomandi sýslumaður stóð ráðþrota, svo að hreppsnefnd varð að grípa til róttækra ráðstafana á eigin ábyrgð.

VIII. kafli í gildandi lögum fellur niður, en er efnislega tekinn upp í I. kafla.

Um IX. kafla.

Engar efnisbreytingar eru gerðar við þennan kafla, sem fjallar um almenn ákvæði.

Ed. 57. Frumvarp til laga [52. mál]

um breyting á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyting á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Flm.: Sigurður Bjarnason.

1. gr.

2. gr. laganna breytist þannig:

a. Við B. 87 bætist: með álmum að Laugalandi og Skjaldfönn.
b. Á eftir B. 88 komi nýr liður:
Grunnavíkurvegur: Frá Sandeyri um Snæfjallaheiði að Sætúni í Grunnavík.
c. Á eftir B. 89 komi nýr liður:
Laugardalsvegur: Af Ögurvegi hjá Laugardalsárbrú fram Laugardal að Efstadal.
d. Á eftir B 93 komi tveir nýir liðir:
1. *Reiðhjallavegur:* Af Bolungavíkurvegi í mynni Syðridals að Reiðhjallavirkjun.
2. *Skálavíkurvegur:* Frá Bolungavík um Skálavík ytri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frv. þessu er lagt til, að nokkrir vegir í Norður-Ísafjarðarsýslu verði teknir í þjóðvegatölu. Brestur enn þá mikið á, að sveitir héraðsins séu komnar í vegasamband. Veldur það bændum og markaðssvæði þeirra í sjávarþorpunum og Ísafjarðarkaupstað miklu óhagræði. Greiðar samgöngur eru hyrningarsteinn atvinnulífsins, ekki síst í sveitunum.

Frv. þetta er flutt samkvæmt ósk hreppsnefnda í ýmsum hreppum Norður-Ísafjarðarsýslu.

Nánar í framsögu.

Nd. 58. Breytingartillaga [11. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til skipakaupa, lántöku og sérstakra ráðstafana í útgerðarmálum til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Frá Birni Ólafssyni.

4. gr. fellur niður, og breytist greinatala samkvæmt því.

Ed. 59. Breytingartillögur [52. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Bernharð Stefánssyni.

Við 1. gr. bætist:

1. Fyrir „Urðum“ í C. 51 komi: Skallá.
2. Á eftir C. 52 komi nýr liður:
Skíðadalsvegur: Af Hrísavegi vestan brúar á Skíðadalsá inn Skíðadal að vestan að innri brú á Skíðadalsá.

Ed. 60. Breytingartillaga [52. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Friðjóni Skarphéðinssyni og Bernharð Stefánssyni.

Aftan við 1. gr. bætist:
Við C. 54 bætist: með álmu að gamalmennahælinu í Skjaldarvík.

Sþ. 61. Tillaga til þingsályktunar [53. mál]

um tilraunir með ný samgöngutæki á eyðisöndum Skaftafellssýslu.

Flm.: Páll Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta í samráði við vegamálastjóra athuga nýjar tegundir samgöngutækja til samgangna um torfærur á landi með hliðsjón af reynslu, sem fengin er af slíkum tækjum erlendis. Síðan skal gera tilraunir með ný samgöngutæki á eyðisöndum Skaftafellssýslu, ef ætla má að athugun lokinni, að þau muni reynast hæf til samgöngubóta þar.

Kostnaður, sem leiðir af athugun þessari og tilraunum með ný samgöngutæki, greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Samgöngur eru lífæð hverrar byggðar. Atvinnulífið á hverjum stað og aðstaða manna í lífsbaráttunni er háð samgönguskilyrðum. Á hverju ári er varið háum fjárhæðum af hálfu ríkisins til samgöngumála, og hefur það í för með sér miklar framkvæmdir og örar til að bæta samgöngur á landi, sjó og í lofti. Fjárframlög nægðu þó ekki til framfara á þessu sviði, ef gerð samgöngutækja stæði í stað. Það hefur valdið miklu um framfarir í samgöngumálum, að ný samgöngutæki og fullkomnari en hin eldri ryðja sér til rúms. Er það nauðsynlegur þáttur í framförum og við lausn erfiðra viðfangsefna í samgöngumálum að athuga sem bezt nýjungar, sem eiga sér stað í gerð samgöngutækja, og hagnýta þá reynslu, er þannig fæst. Kostað er kapps um að gera þjóðvegina sem bezt úr garði og spenna vegakerfið um landið. Akfært er orðið, þegar snjólaust er, af Suðurlandi og umhverfis landið norðan og austan til Hornafjarðar. En eyðisandar Skaftafellssýslu reynast þröskuldur, sem erfitt er yfir að stíga, á leiðinni umhverfis landið. Þó er kleift að ryðja hindruninni úr vegi á Breiðamerkursandi með því að ráðast þar í brúargerðir. En litlar líkur eru til þess, að byggðar verði brýr yfir Skeiðará og Núpsvötn, þar sem ekki verður séð, að brýr gætu staðizt hamfarir jökulhlaupanna, sem brjótast fram Skeiðarársand að jafnaði á fimm til tíu ára fresti. Því fremur ber nauðsyn til, að haft sé vakandi auga á því, hvort ný tæki ryðja sér til rúms erlendis, sem ætla má að séu hæf til öruggra ferða yfir eyðisanda Skaftafellssýslu, og að tilraunir verði þá gerðar með slík tæki.

Frá því hefur verið skýrt í tímaritum, að í Bandaríkjunum séu nú smíðuð ökutæki af nýrri gerð, og eru þau í Ameríku nefnd rolligon. Þetta er talin merkileg nýjung í samgöngutækni. Ökutæki þessi munu vera svipuð að gerð og vöruflutningabifreiðar, en hjól þeirra þó vera mjög frábrugðin bifreiðahjólum og beltum dráttarvéla. Hjólin munu líkjast belgjum og hafa mjög stórt yfirborð í hlutfalli við þyngd ökutækisins. Reynsla mun fengin fyrir því erlendis, að aka má þessum tækjum eftir lausum snjó, blautum sandi og fenjamýrum.

Með tillögu þessari er að því stefnt, að þetta farartæki verði athugað, jafnframt öðrum nýjungum í gerð samgöngutækja, með sérstöku tilliti til samgangna í Skaftafellssýslu.

Sþ. 62. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [44. mál]

í málinu: Till. til þál. um kosningu manna til að semja um endurskoðun varnarsamningsins.

Frá utanríkisráðherra.

Með því að það hefur verið venja og þótt eðlilegt, að tilnefning nefnda sem þessarar væri í höndum ríkisstjórnarinnar, sér Alþingi ekki ástæðu til frekari afskipta af málinu og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Sþ. 63. Tillaga til þingsályktunar [54. mál]

um eftirlitsbát á Breiðafirði.

Flm.: Sigurður Ágústsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til að fá hentugt skip, er annist landhelgisgæzlu við Breiðafjörð á vetrarvertíðum, eða á tímabilinu frá janúarbyrjun til miðs maímánaðar ár hvert. Jafnframt aðstoði báturinn, ef með þarf, fiskiskip, sem stunda veiðar beggja vegna Öndverðarness.

Greinargerð.

Útgerð vélskipa hefur aukizt verulega frá verstöðvum við Breiðafjörð á undanförnum árum. Gera má ráð fyrir, að um 40 fiskibátar verði gerðir út frá fjórum verstöðvum á komandi vetrarvertíð, auk þess sem nokkrir útilegubátar frá Faxaflóahöfnum sækja afla sinn á sömu mið og Breiðafjarðarbátarnir.

Það verður því að teljast full nauðsyn á því, að gæzlubátur sé að staðaldri um vetrarvertíðina á Breiðafirði og á öðrum þeim fiskislóðum, sem fiskibátar úr verstöðvum við Breiðafjörð sækja afla sinn á. Það er mikið hagsmuna- og öryggismál fyrir sjómenn og útgerðarmenn, að við Breiðafjörð sé staðsett skip, er hafi það verkefni, sem tillaga þessi greinir.

Nánar í framsögu.

Sþ. 64. Tillaga til þingsályktunar [55. mál]

um fiskirannsóknir á Breiðafirði.

Flm.: Sigurður Ágústsson, Friðjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta framkvæma fiskirannsóknir á Breiðafirði og á innfjörðum hans. Rannsóknir þessar fari fram í samráði við vélbátaformenn á útgerðarstöðum við Breiðafjörð. Landssambandi ísl. útvegsmanna skal tilkynnt um árangur rannsóknanna, þegar hann er fyrir hendi.

Greinargerð.

Mikill áhugi ríkir meðal útgerðarmanna, sjómanna og annarra einstaklinga í Breiðafjarðarbyggðum um rannsókn á fiskigöngum og uppeldisstöðvum góðfisks í Breiðafirði og þeim mörgu fjörðum, sem skerast inn úr honum.

Allar slíkar rannsóknir og fiskileitir hafa mikinn kostnað í för með sér, og er í flestum tilfellum ofviða útgerðarmönnum eða útgerðarfyrirtækjum að standa straum af þeim. Það má telja öruggt, að Breiðafjörður og innfirðir hans séu miklar uppeldisstöðvar margs konar góðfisks, og að sjálfsögðu er nauðsynlegt, að af hendi þess opinbera fari fram kerfisbundnar rannsóknir, eins og framkvæmdir hafa verið við Faxaflóa.

Kolamiðin á Breiðafirði eru talin ein þau aflasælustu hér við land, enda voru dragnótaveiðar stundaðar þar af miklum dugnaði og með góðum árangri, meðan þær voru leyfðar. Enn lifa sjómenn og útgerðarmenn við Breiðafjörð í þeirri von, að dragnótaveiðar verði leyfðar á ný, þótt ekki væri nema 2—3 mánuði árlega.

Lítils háttar hefur verið reynt með rækjuveiðar í innfjörðum Breiðafjarðar, og það helzt í innfjörðunum norðanvert í Breiðafirði. Í flestum þessara innfjarða virtust rækjumið vera fyrir hendi, og spáir það góðu um aflabrögð. En allt krefst þetta rannsókna, sem telja verður nauðsynlegt og sjálfsagt að verði látnar fara fram fyrir atbeina þess opinbera.

Flm. hafa beint fyrirspurnum sínum til forstjóra fiskideildar atvinnudeildar háskólans, hr. Jóns Jónssonar, um möguleika á aukinni hagnýtingu fiskstofna í Breiðafirði. Hefur forstjórinn látið flm. í té umsögn sína í bréfi, dags. 8. þ. m., og fylgir hún hér með.

Nánar í framsögu.

Fylgiskjal.

ATVINNUDEILD HÁSKÓLANS, FISKIDEILD

Reykjavík, 8. nóv. 1956.

Fiskideildinni hefur borizt fyrirspurn frá alþingismönnunum Friðjóni Þórðarsyni og Sigurði Ágústssyni um möguleika á aukinni hagnýtingu fiskstofna í Breiðafirði.

Litlar fiskirannsóknir hafa verið gerðar á Breiðafirði, miðað við aðra landshluta, einna helzt á þekktum fiskislóðum á utanverðu Snæfellsnesi, en ekkert í innfjörðum Breiðafjarðar.

Sennilega er Breiðifjörður mikil uppeldisstöð ungfisks, og er æskilegt, að á því væru gerðar kerfisbundnar rannsóknir á líkan hátt og í Faxaflóa. Æskilegt væri og að vita, hvaða þýðingu Breiðifjörður hefur sem uppeldisstöð fyrir íslenzka fiskstofna almennt, og mundu merkingar geta skorið úr um það. Togtilraunir á völdum stöðum gefa okkur nokkra hugmynd um magn af fiski, og væri nauðsynlegt að fá á þann hátt mynd af fiskstofnum Breiðafjarðar og framleiðslugetu hans.

Jón Jónsson,
forstjóri fiskideildar.

Nd. 65. Frumvarp til laga [56. mál]

um heimild handa ríkisstjórninni til að kaupa eyðijörðina Grjótlæk í Stokkseyrarhreppi.

Flm.: Ágúst Þorvaldsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa eyðijörðina Grjótlæk í Stokkseyrarhreppi og skipta landi hennar milli ríkisjarðanna Eystri- og Vestari-Grundar í sama hreppi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Jarðirnar Eystri- og Vestari-Grund eru báðar mjög landlitlar, og getur búskapur tæplega þrifizt á jörðum þessum vegna landþrengsla. Eini möguleikinn til að auka landrýmið er sá, að ríkið, sem er eigandi Grundanna, eignist eyðibýlið Grjótlæk, en lönd Grunda og Grjótlækjar liggja saman, og væri því hægt um hönd að skipta Grjótlæknum upp milli þeirra. Við slíka sameiningu mundi aðstaða til búskapar hjá Grundabændum batna verulega.

Ef Grundirnar fengju þannig aukið landrými, væri tryggt, að þær héldust áfram í byggð, en það verður að teljast hagkvæmara fyrir ríkissjóð, að jarðeignir hans séu nytjaðar og jarðarleiga greidd, heldur en að hafa þær í eyði og verða þó eigi að síður að standa straum af ýmsum óhjákvæmilegum gjöldum, sem af jörðum þarf að greiða til sveitarfélaga þeirra, sem þær eru í.

Frumvarp þetta er flutt að ósk bændanna á báðum Grundabæjum, og segjast þeir ekki sjá fram á að geta haldið búum sínum, hvað þá að geta stækkað þau, ef þeir missi aðstöðu til beitar fyrir búfé sitt á Grjótlækjarlandi, en undanfarin ár hefur eigandi Grjótlækjar leyft þeim beitarafnot þar.

Fyrir nokkru sendu bændurnir beiðni til jarðeignadeildar ríkisins ásamt meðmælum oddvita og hreppstjóra um, að ríkið keypti beitarland handa þeim frá Grjótlæknum. Fól þá hlutaðeigandi ráðuneyti Pálma Einarssyni landnámsstjóra að skoða Grjótlækinn, og er álitsgerð hans um þetta mál prentuð hér með.

Fylgiskjal.

LANDNÁMSSTJÓRI

Reykjavík, 9. okt. 1956.

Jarðeignadeild ríkisins, Ingólfsstræti 5, Reykjavík.

Samkvæmt beiðni hins háa ráðuneytis hef ég hinn 6. þ. m. skoðað jörðina Grjótlæk í Stokkseyrarhreppi, en jörð þessi, sem nú er í eyði, er aðliggjandi Stokkseyrartorfunni, sem er ríkiseign. Næstar henni að vestan liggja tvær ríkisjarðir, Eystri- og Vestari-Grund. Báðar þessar jarðir búa við landþrengsli mikil. Árið 1948 reyndi ráðuneytið að bæta úr því með því að láta þær hafa engjastykki af landi Stokkseyrartorfunnar, en báðar jarðirnar skortir tilfinnanlega beitiland og aukna ræktunaraðstöðu.

Það er álit mitt, þar sem jarðir þessar eru allvel hýstar, en búendur þeirra hafa þörf fyrir að auka bú sín, að nauðsynlegt sé, að ábúendur þeirra fái aukin landumráð. Lægi það vel við, ef eyðibýlið Grjótlækur fengist keypt, að sameina það þessum jörðum, sem þá mætti telja örugg ábýli til frambúðar.

Jörðin Grjótlækur er að stærð 38 hektarar. Af því eru engjar 9.6 ha, tún 6.0 ha, annað land 22.4 ha, þ. e. beitiland og ræktanlegt land. Aðstaða til garðræktar er góð á jörðinni, og mætti hafa þar allmikla kartöflurækt. Túnið 6 ha er sá hluti túnsins, sem enn er í góðri rækt, en þess utan er slétt land innan túngirðingar, sem aðeins þarf góðan áburð á til þess að komast í rækt. Aðstaða er til ræktunar ofan túns í heiðalandinu, en samfellt fæst ekki meira en 3—4 ha. Möguleikar til túnauka eru þeir samtals, að hægt væri að fá heyfóður með góðri hirðingu landsins sem svaraði 10—12 kýrfóðrum, hins vegar er beitiland á jörðinni fyrir 20—25 nautgripi.

Hús eru gömul á jörðinni og vart hæf til annars en niðurrifs. Nothæft járn og viður er í byggingunum.

Ég tel, að jörðin í því ástandi, sem hún er, væri kaupandi fyrir allt að kr. 68000.00, og er þá lagt til grundvallar, að ræktað land og girðingar séu kr. 45000.00, engjar kr. 19000.00 og beitiland kr. 4000.00. Hús jarðar mundu gera lítið meira en að borga kostnað við niðurrif. Ég álít, að mjög hagstætt væri að leysa landþörf Grundabænda með því að sameina jörð þessa jörðum þeirra.

Virðingarfyllst,

Pálmi Einarsson.

Sþ. 66. Breytingartillaga [41. mál]

við till. til þál. um fyrirgreiðslu og ríkisábyrgð vegna byggingar hraðfrystihúsa.

Frá Sigurði Ágústssyni.

Aftan við fyrri málsgr. till. bætist: og til mikilvægra endurbóta og endurbygginga eldri hraðfrystihúsa.

Ed. 67. Breytingartillögur [52. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Sigurvin Einarssyni.

Aftan við 1. gr. bætist:

1. Við B. 111 bætist: með álmu frá Trostansfirði til Langabotns í Geirþjófsfirði.
2. Við B. 115 bætist: með álmu frá Bjarngötudalsá að Melanesi.
3. Fyrir orðin „að Gjögri“ í B. 116 komi: um Gjögra og Hænuvík að Láganúpi í Kollsvík.

Ed. 68. Breytingartillögur [52. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Björgvin Jónssyni.

Aftan við 1. gr. bætist:

1. D. 15 orðist svo:
   Fjarðarheiðarvegur: Af Fagradalsbraut hjá Egilsstöðum um Fjarðarheiði á Seyðisfjarðarveg nyrðri.
2. D. 16 orðist svo:
   Seyðisfjarðarvegur syðri: Frá Skálanesi á Fjarðarheiðarveg.

Ed. 69. Breytingartillögur [52. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Jóni Kjartanssyni.

Framan við 1. gr. bætist:

1. Á eftir A. 59 komi nýr liður:
   Péturseyjarvegur: Af Suðurlandsvegi austan við Pétursey, með byggðinni sunnan Péturseyjar á Suðurlandsveg vestan við eyna.
2. Á eftir A. 65 komi nýr liður:
   Meðallandsvegur syðri: Af Meðallandsvegi austan við Efri-Ey um Bakkakot, Sandhól, Háu-Kotey, Lágu-Kotey, Strönd á Meðallandsveg ofan Strandar.

Ed. 70. Nefndarálit [8. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til togarakaupa fyrir Bæjarútgerð Reykjavíkur.

Frá fjárhagsnefnd.

Reykjavíkurbær hefur ákveðið að láta smíða nýjan togara í stað togarans Jóns Baldvinssonar, sem fórst á s. l. ári. Fór bærinn fram á ríkisábyrgð fyrir láni allt að 5.1 millj. kr. vegna togarakaupanna. Voru gefin út bráðabirgðalög 18. júní s. l. um heimild til þessarar ríkisábyrgðar. Frv. þetta er flutt til staðfestingar á þeim bráðabirgðalögum.

Fjárhagsnefnd leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 20. nóv. 1956.

Bernh. Stefánsson, form.	Björn Jónsson, fundaskr.	Gunnar Thoroddsen, frsm.	H. Guðmundsson.

Jóhann Jósefsson.

Ed. 71. Frumvarp til laga [57. mál]

um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1956.)

1. gr.

2. gr. 1. mgr. orðist svo:

Stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs skipa 7 menn, tveir tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, einn tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands og 4 kosnir af sameinuðu Alþingi með hlutfallskosningu. Varamenn skulu vera jafnmargir og aðalmenn og valdir með sama hætti og þeir. Skipun stjórnarinnar fer fram að loknum hverjum almennum alþingiskosningum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Sú ein breyting felst í þessu frumvarpi frá gildandi lögum, að Alþýðusamband Íslands skuli eiga tvo af sjö stjórnarmönnum atvinnuleysistryggingganna og að stjórnmálaflokkarnir fái með hlutfallskosningu á Alþingi fjóra fulltrúa í stað fimm áður.

Þetta verður að teljast sjálfsagt réttlætismál, því að vissulega eru atvinnuleysistryggingar umfram allt mál verkafólksins, og getur þannig ekki talizt viðunandi, að heildarsamtök þessi eigi aðeins einn fulltrúa í sjö manna stjórn trygginganna.

Lögin um atvinnuleysistryggingar voru líka sett með þeim hætti, að fulltrúar verkamanna felldu niður verulegan hluta af sanngjörnum kaupkröfum sínum gegn því, að myndaðir yrðu með iðgjaldagreiðslum atvinnuleysistryggingasjóðir. Samkvæmt eðli málsins væri því sanngjarnt, að verkalýðssamtökin fengju meiri hluta í stjórn atvinnuleysistrygginganna. Hér er þó aðeins farið fram á, að þau eigi tvo menn í sjö manna stjórn trygginganna.

Nd. 72. Breytingartillögur [11. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til skipakaupa, lántöku og sérstakra ráðstafana í útgerðarmálum til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Tillögur atvinnutækjanefndar skulu gerðar með sérstöku tilliti til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Ríkissjóði er, þrátt fyrir ákvæði 2. gr., heimilt að endurlána allt að 90% af verði skips, sem keypt er til bæjar eða kauptúns, þar sem brýn þörf er á að auka atvinnu á staðnum, og skal það einkum gert til kaupa á togurum, sem skráðir verða og gerðir út á Vestur-, Norður- og Austurlandi.
2. Við 4. gr. Fyrri málsl. orðist svo:
   Ríkisstjórninni er, að fengnum tillögum atvinnutækjanefndar, heimilt að setja á stofn ríkisútgerð togara í því skyni, að þeir leggi afla sinn á land í þeim bæjum og kauptúnum, einkum á Vestur-, Norður- og Austurlandi, þar sem ekki eru fyrir hendi fjárhagslegir möguleikar til þess að kaupa og reka togara, enda sé talið, að skortur á atvinnu á þeim stöðum hamli eðlilegum vexti þeirra.

Ed. 73. Breytingartillögur [52. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Aftan við 1. gr. bætist:

1. Á eftir D. 3 komi nýr liður:
   Selárdalsvegur: Af Strandavegi norðan Selárbrúar inn Selárdal að Fagurhól.
2. D. 7 orðist svo:
   Sunnudalsvegur í Vopnafirði: Af Strandavegi nálægt Syðri-Vík um Borgir, Sírekksstaði og að Vopnafjarðarvegi innan við Hof.

3. D. 9 orðist svo:
Jökuldalsvegur eystri: Af Austurlandsvegi í Dimmadal í Heiðarenda inn Jökuldal, yfir Hákonarstaðabrú og að Jökuldalsvegi hjá Hákonarstöðum.
4. Í stað orðanna „að Hóli í Fljótsdal“ í D. 13 komi: að Kleif í Fljótsdal.
5. D. 17 orðist svo:
Loðmundarfjarðarvegur: Frá Vestdalseyri um Brimnes, Stakkahlíð að Selaklöpp í Loðmundarfirði.
6. D. 19 orðist svo:
Húsavíkurvegur: Frá Bakkagerði inn Borgarfjörð, um Hvannstóð og Húsavíkurheiði að Húsavík.

Ed. 74. Breytingartillögur [52. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Sigurði Ó. Ólafssyni.

Framan við a-lið 1. gr. bætist nýir stafliðir:
1. A. 21 orðist svo:
Sólheimavegur: Af Biskupstungnabraut hjá Minni-Borg, um Sólheima, Kringlu og Bjarnastaði, á Biskupstungnabraut austan Svínavatns.
2. Á eftir A. 30 kemur nýr liður:
Skarðsvegur: Frá Gnúpverjavegi sunnan Geldingaholts, um Ásbrekku og Skarð á Skeiða- og Hreppaveg hjá Laxárholti.

Ed. 75. Frumvarp til laga [58. mál]

um breyting á lögum nr. 46 25. maí 1949, um iðnfræðslu.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1956.)

1. gr.

16. gr. laganna orðist svo:
Sumarleyfi iðnnema skal vera 18 dagar virkir, með fullu kaupi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta, sem miðar að því, að orlofstími iðnnema lengist úr 12 dögum í 18 daga, er efnislega samhljóða frumvarpi því, er nú liggur fyrir Alþingi, um breytingu á lögum nr. 16 26. febrúar 1943, um orlof, en þar er lagt til, að orlofstíminn verði almennt lengdur úr 12 dögum í 18 daga.

Þegar lögin um iðnfræðslu voru sett, var sumarleyfistími iðnnema miðaður við hina almennu reglu orlofslaganna. Þykir því rétt, að sama gildi nú og er þetta frumvarp lagt fram til að lögfesta, að sumarleyfistími iðnnema verði jafn hinum almenna orlofstíma.

Sþ. 76. Fyrirspurn [59. mál]

til sjávarútvegsmálaráðherra um innflutning á olíum og benzíni.

Frá Birni Ólafssyni.

1. Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til að tryggja nægilega flutninga á olíum og benzíni til landsins?
2. Hvaða innkaupsverð og flutningsgjald er nú á brennsluolíum þeim, sem útvegurinn notar, og hvaða verð er gert ráð fyrir að gildi hér næstu vertíð á þessum olíum?

Ed. 77. Breytingartillögur [77. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Friðjóni Þórðarsyni.

Framan við a-lið 1. gr. bætist:

1. Á eftir B. 69 komi nýr liður:
   Neðribyggðarvegur: Af þjóðveginum hjá Knarrarhöfn um „Neðribyggð", fyrir Skorravíkurmúla, á þjóðveginn hjá Hellu.
2. Á eftir B. 70 komi nýr liður:
   Dagverðarnesvegur: Af þjóðveginum við Fábeinsá að Dagverðarnesi.
3. B. 73 orðist svo:
   Hjarðarholtsvegur: Af Vesturlandsvegi innan Búðardals um Hjarðarholt, norðan Laxár í Dölum að Sámsstöðum.

Ed. 78. Breytingartillaga [30. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 2 frá 10. febr. 1888, um Söfnunarsjóð Íslands.

Frá Jóhanni Jósefssyni og Gunnari Thoroddsen.

Við 1. gr. Síðasti málsliður falli niður.

Nd. 79. Frumvarp til laga [60. mál]

um breyting á lögum nr. 46 1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Björn Ólafsson, Jón Pálmason, Sigurður Ágústsson.

1. gr.

Við 9. gr. laganna bætist nýr liður, er verður h-liður, svo hljóðandi:
Veltuútsvar og eignarútsvar, sem greitt hefur verið á árinu.

2. gr.

Við b-lið 10. gr. laganna bætist:
Félög og einstaklingar, sem hafa sjávarútveg eða vinnslu sjávarafurða að aðalatvinnu, mega draga rekstrartap frá skattskyldum tekjum, unz það er að fullu greitt.

Greinargerð.

Um 1. gr.

Lagt hefur verið fram frv. til l. um breyting á lögum um útsvör, nr. 66 1945, þess efnis, að veltuútsvar og eignarútsvar skuli dregið frá hreinum tekjum gjaldþegns, áður en útsvar er á lagt. Vísast til greinargerðar með því frumvarpi. Sjálfsagt þykir, að útsvör þessi skuli einnig dregin frá hreinum tekjum, áður en tekjuskattur er á lagður.

Um 2. gr.

Nú er heimilað í lögum, að rekstrartap megi flytja á milli ára um tvenn áramót og draga frá skattskyldum tekjum, þar til það er að fullu greitt.

Þessi heimild fyrir félög og einstaklinga til þess að vinna upp tap á atvinnurekstri hefur reynzt ófullnægjandi fyrir þá, sem hafa sjávarútveg eða vinnslu sjávarafurða að aðalatvinnu. Undanfarið hefur taprekstur verið mikill í þessum atvinnugreinum ár eftir ár, og kemur því að litlu gagni, þótt heimilað sé að flytja tap milli ára um tvenn áramót. Er því brýn nauðsyn og fullkomin sanngirniskrafa, að þessir atvinnurekendur megi draga tap frá skattskyldum tekjum, unz það er að fullu greitt, án tillits til þess árafjölda, sem þarf til að vinna upp tapið.

Nd. 80. Frumvarp til laga [61. mál]

um breyting á lögum nr. 66 1945, um útsvör.

Flm.: Björn Ólafsson, Jón Pálmason, Sigurður Ágústsson.

1. gr.

Við 4. gr. laganna bætist:

Draga skal frá hreinum tekjum gjaldþegns, áður en útsvar er á lagt, veltuútsvar og eignarútsvar, sem greitt hefur verið á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Milliþinganefnd í skattamálum var starfandi árin 1953—1956. Nefndin skilaði tillögum, er teknar voru í lög árið 1954, um breytingar á I. kafla skattalaganna, er varðaði persónulega skattgreiðendur. Nefndin vann einnig að tillögum um breytingu á kaflanum, er varðaði skattgreiðslu félaga, en samkomulag náðist ekki milli stjórnarflokkanna um þær breytingar, og lauk svo síðasta þingi, að engar tillögur voru lagðar fram.

En þrátt fyrir það, þótt ekkert samkomulag næðist um breytingar á félagakafla laganna, voru menn yfirleitt sammála um, að mikil nauðsyn væri á endurskoðun þessa kafla.

Skattstigi félaga, eins og hann er nú, var settur með lögum nr. 6 1935 og hefur verið óbreyttur síðan, eða um 20 ár. Á þessu tímabili hefur stórkostleg röskun orðið á peningagildi í landinu. Er talið, að frá 1939 hafi verðlag innanlands yfirleitt tugfaldazt og gildi krónunnar rýrnað í hlutfalli við hækkun verðlagsins.

Strax í byrjun stríðsins var persónulegum skattgreiðendum bætt upp verðrýrnun krónunnar með því að reikna niður skattstigann í réttu hlutfalli við hækkun vísitölunnar á hverju ári. En félögin fengu enga leiðréttingu á sínum skattstiga, þótt hann væri í öndverðu hinn sami og skattstigi persónulegra gjaldenda.

Þessu til skýringar má benda á, að skattgreiðandi (félag), sem hafði fyrir stríð 10000 kr. nettótekjur, þurfti að greiða í tekjuskatt af þeim 550 kr. Nú eru þær tekjur taldar samsvara 80 til 100 þús. kr. tekjum. Af 100 þús. kr. tekjum er tekjuskattur nú 18950 kr. eða meira en þrefaldur á móts við það, sem hann var fyrir stríð. Auk þess er nú stríðsgróðaskattur, sem staðið hefur síðan 1942, 3850 kr. af 100 þús. kr., sem fer svo stighækkandi, þangað til stríðsgróðaskattur og tekjuskattur eru orðnir 90% af tekjum, sem eru yfir 200 þús. kr.

200 þús. kr. samsvara nú 20 þús. kr. fyrir stríð. Er augljóst, að gildandi skattstigi heimilar nú raunverulega ekki hærri tekjur. Það, sem fram yfir er, fer 90% í ríkisskatta.

Eins og nú er skattstigi félaga hér á landi, er allur stærri rekstur dauðadæmdur. Félögin geta ekki safnað neinum sjóðum til að tryggja eða auka rekstur sinn. Varasjóðir flestra félaga standa í stað árum saman. Hjá sumum ganga skattgreiðslurnar á höfuðstólinn.

Slík skattheimta hefnir sín, þegar til lengdar lætur. Atvinnurekendur berjast í bökkum og standa í sífelldu hraki með rekstrarfé. Þeir geta því ekki eins og skyldi sinnt því hlutverki, sem þjóðfélagið ætlar þeim, að halda uppi stöðugri atvinnu, hverjum á sínu sviði.

En þó að ríkisskattarnir hvíli á félögunum með óeðlilegum þunga, eru þau samt ekki eins hart leikin af neinum opinberum gjöldum og veltuútsvari bæjar- og sveitarfélaga. Veltuútsvarið er nú lagt á félög og einstaklinga, sem einhverja fjárveltu hafa, og er það lagt á eftir fjárhæð og tegund veltunnar án tillits til nettótekna gjaldandans.

Það má segja, að sveitarfélögunum sé nokkur vorkunn að hafa farið inn á þessa braut, enda hafa flest þeirra lagt inn á hana af neyðarástæðum. Ríkisvaldið hefur á undanförnum árum hlaðið ýmiss konar útgjöldum á bæjarfélögin án þess að spyrja um þol þeirra til að standa undir gjöldunum. Kvörtunum þeirra og tillögum hefur ekki verið sinnt. Þau hafa því orðið að grípa til slíkra örþrifaráða sem veltuútsvarsins til þess að sjá sér borgið.

Við nánari athugun á veltuútsvörunum kemur í ljós, að þau hirða ekki aðeins bróðurpartinn af tekjum félaganna, heldur fara þau í mörgum tilfellum svo út í öfgar, að þau nema meiru en allar nettótekjur og ofbjóða gersamlega gjaldþoli skattgreiðanda.

Eins og við er að búast, koma veltuútsvörin mjög misjafnlega niður á gjaldendur. Þeir, sem hafa mikla veltu og eru sanngjarnir í kröfum sínum um hagnaðarhluta af veltunni, verða verst úti. Það þekkist, að félagi, sem talið er hafa 337 þús. kr. nettótekjur, er gert að greiða 676 þús. kr. í veltuútsvar. Félag, sem hefur 73 þús. kr. nettótekjur, verður að greiða 85 þús. kr. veltuútsvar. Og félag, sem hefur 135 þús. kr. tekjur, þarf að greiða 248 þús. kr. veltuútsvar. Til viðbótar veltuútsvarinu verða þessir skattgreiðendur að sjálfsögðu að greiða hið venjulega útsvar og skatta til ríkissjóðs.

Slík skattheimta getur ekki haldizt til frambúðar, og sveitarfélögin hljóta að gera sér ljóst, áður en það er orðið um seinan, að með þessu er verið að svíða þá jörð, sem uppskeruna á að gefa. Það er því ekki síður í þeirra þágu en skattþegnanna, að horfið sé frá þessari óviturlegu og ranglátu skattheimtu, áður en varanlegt tjón hefur hlotizt af.

Flm. þessa frv. gerðu sér ljóst, að ýtarleg endurskoðun á félagakafla skattalaganna mundi varla ná samþykki á þessu þingi. Þess vegna hafa þeir talið rétt að bera aðeins fram breytingu til að leiðrétta að nokkru leyti þá skattlagningu, sem nú er að verða óbærileg fyrir félög og einstaklinga, veltuútsvarið.

Er aðeins lagt til, að það verði dregið frá nettótekjum gjaldenda, áður en skattar og útsvar er á lagt. Þetta er gert til þess að létta gjaldendum byrðina, þangað til sú sjálfsagða endurskoðun fer fram á skattalögunum, sem mikill fjöldi

skattgreiðenda í landinu hefur beðið eftir í mörg ár og á siðferðislega heimtingu á að fá.

Flm. er ljóst, að þessi breyting mundi fyrst í stað valda nokkurri tekjuskerðingu hjá sveitarfélögunum. En þessi vandi verður ekki leystur með því að láta ranglætið halda áfram. Alþingi ber skylda til að hlaupa hér undir bagga, svo að bæjarfélögin geti í framtíðinni byggt tekjuöflun sína á réttlátari og öruggari grundvelli en nú er gert. Ríkisvaldið getur ekki lengur látið undir höfuð leggjast að afhenda bæjar- og sveitarfélögum sanngjarnan hluta af söluskattinum, sem telja verður eðlilegan skattstofn þeirra.

Ed. 81. Frumvarp til laga [62. mál]

um embættisbústaði héraðsdýralækna.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal, þar til fullnægt er húsnæðisþörf héraðsdýralækna, láta byggja, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum, íbúðarhús handa héraðsdýralæknum.

Heimilt er ríkisstjórninni að kaupa íbúðarhús til þessara nota, þar sem slíkt þykir hagkvæmara. Höfð skulu samráð við yfirdýralækni um kaup á húsum og byggingu húsa, samkvæmt þessari grein.

Þar skal fyrst byggt, sem þörfin er talin brýnust að dómi landbúnaðarráðherra.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra ákveður, hvar í umdæmi héraðsdýralæknis embættisbústaður skuli staðsettur, að fengnum tillögum yfirdýralæknis.

3. gr.

Byggingar skulu gerðar eftir teikningum og kostnaðaráætlun, sem ráðherra hefur samþykkt, og skal trúnaðarmaður ráðherra hafa eftirlit með byggingarframkvæmdum. Vandað skal eftir föngum til bygginganna og þess gætt, að þar sé rúm fyrir vinnustofu, lyfjageymslu o. s. frv., eftir því sem henta þykir.

4. gr.

Um viðhald embættisbústaðar, vátryggingu, úttekt við embættaskipti o. fl. fer eftir reglum, er ráðherra setur.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir ósk landbúnaðarráðherra, og hafa allir nefndarmenn óbundnar hendur um það og breytingar, er fram kunna að koma. Frá ráðuneytinu fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Frumvarp þetta er samið samkvæmt ósk yfirdýralæknis og formanns Dýralæknafélags Íslands. Frumvarpið er sniðið eftir lögum um embættisbústaði dómara, nr. 96 5. júní 1947. Um greinargerð fyrir frumvarpinu vísast til bréfs yfirdýralæknis og formanns Dýralæknafélags Íslands til landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis, dags. 19. október s. l., sem prentað er hér á eftir sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

Keldum, 19. október 1956.

Við undirritaðir leyfum okkur hér með að gera stutta grein fyrir uppkasti að lögum um embættisbústaði héraðsdýralækna, sem við höfum sent yður til vinsamlegrar athugunar og fyrirgreiðslu.

Eins og kunnugt er, hefur embættum héraðsdýralækna nýlega verið fjölgað, þannig að landinu er nú skipt í 12 umdæmi eða héruð. Enn hafa þó ekki fengizt menn til þess að gegna öllum þessum embættum, en fyrirsjáanlegt er, að á næstu árum ljúka svo margir Íslendingar dýralæknisprófi, að öll embætti ættu að verða setin.

Til þessa hafa ekki verið til í lögum nein ákvæði um embættisbústaði héraðsdýralækna, eins og verið hefur um bústaði t. d. presta, dómara og lækna. Þess vegna hefur eigi skapazt nein föst regla í þessum málum. Í einu héraði hefur ríkið látið byggja hús yfir dýralækni (Egilsstaðir), í öðru héraði hefur ríkið keypt hús til afnota fyrir dýralækni (Borgarnes), en í öllum öðrum héruðum hafa dýralæknar sjálfir séð sér fyrir húsnæði.

Nú er þannig háttað með sum hin nýju héruð, að þar er ekki til viðunandi húsnæði, hvorki til leigu né kaups, á þeim stöðum, þar sem heppilegast væri að dýralæknir hefði aðsetur, t. d. Dalasýslu- og Laugarásumdæmi.

Dýralæknir, sem settur verður til að gegna störfum í þessum héruðum, verður því að byrja á því að byggja yfir sig hús, en slíkt er, eins og málum er nú háttað, ofvaxið fjárhagsgetu ungra manna, sem nýkomnir eru frá löngu og kostnaðarsömu námi, oft með námsskuldir á baki, því að jafnframt þurfa þessir ungu menn, um leið og þeir hefja starf, að ráðast í verulega fjárfestingu vegna kaupa á áhöldum, lyfjabirgðum og bifreið. Ef eigi verður bætt aðstaða í þessum efnum með hjálp ríkissjóðs til byggingar embættisbústaða, má búast við, að erfitt verði að fá dýralækna til að gegna störfum í þessum héruðum enn um skeið.

Í nokkrum héruðum er að vísu unnt að fá húsnæði til leigu eða kaups í hinum stærri bæjum. En venjulegar íbúðir henta oftast illa starfandi dýralæknum, þar sem þeir þurfa hentuga aðstöðu til lyfjageymslu og afgreiðslu, geymslu og sótthreinsunar á áhöldum o. s. frv., sem yfirleitt er ekki fyrir hendi í venjulegum íbúðum. Þarf því oftast að breyta slíku húsnæði allverulega, til þess að það henti starfsemi dýralæknis. Eru slíkar breytingar að sjálfsögðu ærið kostnaðarsamar og húseigendur oft tregir til að leggja í slíkar breytingar, sem eingöngu væru sniðnar fyrir afnot dýralæknis, en kæmu ekki að notum fyrir aðra leigjendur húsnæðisins.

Af þessum sökum eiga dýralæknar erfiðara en flestir aðrir með að finna heppilegt húsnæði á hinum venjulega leigu- og sölumarkaði húsnæðis.

Við teljum því þörf fyrir embættisbústað dýralækna einnig mikla á þeim stöðum, þar sem hús ganga kaupum og sölum og þótt völ sé þar á leiguhúsnæði öðru hverju.

Þá virðist okkur óeðlilegt, að ríkið eigi embættisbústaði fyrir héraðsdýralækna í sumum héruðum, en ekki í öðrum, eins og nú á sér stað, því að í því felst verulegt misræmi milli héraða.

Einnig teljum við ósanngjarnt, að ríkið leggi fram fjármagn til þess að byggja yfir suma embættismenn sína, t. d. prestinn, dómarann og lækninn, en héraðsdýralæknirinn á sama stað sé settur skör lægra og verði að búa í óhentugu leiguhúsnæði og greiða margfalt hærri húsaleigu en hinir, þó að hann sé starfsmaður ríkisins og gegni þjónustu og embættisstörfum til jafns við hina.

Eins og skýrt er frá hér að framan, er tilgangurinn með frumvarpi þessu tvíþættur: annars vegar að reyna að koma í veg fyrir, að héruð verði dýralæknislaus, vegna þess að þar er ekkert húsnæði fyrir hendi á hentugum stað, hins vegar að draga úr því misrétti, sem við teljum vera milli embættismanna innbyrðis á sama stað og milli þeirra héraðsdýralæknisumdæma, þar sem ríkið á nú bústaði, og hinna, þar sem slíkur bústaður er ekki fyrir hendi.

Við leyfum okkur því að senda yður frumvarpsuppkast þetta í trausti þess, að háttvirt landbúnaðarnefnd sjái sér fært að ljá máli þessu stuðning og flytja frumvarp þetta á Alþingi því, er nú situr.

Virðingarfyllst,

Jón Pálsson, form. Dýralæknafélags Íslands.

Páll A. Pálsson, yfirdýralæknir.

Til landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis.

Ed. 82. Breytingartillaga [30. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 2 frá 10. febr. 1888, um Söfnunarsjóð Íslands.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Við 1. gr. Síðasti málsliður orðist svo:
Óheimilt er að segja upp lánum, breyta lánssamningum né hækka vexti af lánum, er veitt hafa verið fyrir gildistöku þessara laga, enda hafi lántaki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart sjóðnum.

Ed. 83. Breytingartillaga [57. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

Frá Gunnari Thoroddsen.

Við 1. gr. Í stað orðanna: „og 4 kosnir af sameinuðu Alþingi“ komi: einn tilnefndur af Sambandi íslenzkra sveitarfélaga og 3 kosnir af sameinuðu Alþingi.

Nd. 84. Breytingartillaga [11. mál]

við brtt. á þskj. 72 [Skipakaup o. fl.].

Frá Magnúsi Jónssyni.

Við 2. tölul. Aftan við málsl. bætist: og ekki verði úr bætt á hagkvæmari hátt með öðrum úrræðum.

Ed. 85. Frumvarp til laga [11. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til skipakaupa, lántöku og sérstakra ráðstafana í útgerðarmálum til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera fyrir hönd ríkissjóðs samninga um kaup og smíði allt að 15 togara og selja þá við kostnaðarverði eða ráðstafa til útgerðar að fengnum tillögum atvinnutækjanefndar, er skipuð var með bréfi ríkisstjórnarinnar 5. sept. 1956, og eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum.

2. gr.

Til togarakaupa samkvæmt 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt að taka fyrir hönd ríkissjóðs lán allt að kr. 150 000 000.00 — eitt hundrað og fimmtíu milljónum króna — í erlendum gjaldeyri og endurlána það kaupendum togaranna með sömu kjörum og lánið er tekið með erlendis. Má endurlána allt að 85% — áttatíu og fimm af hundraði — af andvirði hvers skips gegn 1. veðrétti í skipinu, sbr. þó 3. gr.

Heimilt er að bjóða út smíði 1—2 þessara togara innanlands og láta smíða þá í landinu, ef byggingarkostnaður þeirra telst viðunandi.

3. gr.

Tillögur atvinnutækjanefndar skulu gerðar með sérstöku tilliti til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Ríkissjóði er, þrátt fyrir ákvæði 2. gr., heimilt að endurlána allt að 90% af verði skips, sem keypt er til bæjar eða kauptúns, þar sem brýn þörf er á að auka atvinnu á staðnum, og skal það einkum gert til kaupa á togurum, sem skráðir verða og gerðir út á Vestur-, Norður- og Austurlandi.

4. gr.

Ríkisstjórninni er, að fengnum tillögum atvinnutækjanefndar, heimilt að setja á stofn ríkisútgerð togara í því skyni, að þeir leggi afla sinn á land í þeim bæjum og kauptúnum, einkum á Vestur-, Norður- og Austurlandi, þar sem ekki eru fyrir hendi fjárhagslegir möguleikar til þess að kaupa og reka togara, enda sé talið, að skortur á atvinnu á þeim stöðum hamli eðlilegum vexti þeirra. Um ríkisútgerðina fer að öðru leyti eftir lögum um ríkisútgerð togara.

5. gr.

Auk þeirra 15 togara, sem kveðið er á um í 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt að gera fyrir hönd ríkissjóðs samninga um kaup og smíði allt að sex 150—250 tonna fiskiskipa og taka til þess lán fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 15 000 000.00 — fimmtán milljónum króna. Um fiskiskip samkvæmt þessari grein gilda ákvæði þessara laga, eftir því sem við á. Heimilt er að endurlána allt að 80% — áttatíu af hundraði — af andvirði hvers skips.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. **86. Tillaga til þingsályktunar** [63. mál]

um íslenzka óperu.

Flm.: Ragnhildur Helgadóttir, Magnús Jónsson, Sigurður Bjarnason, Gunnar Thoroddsen, Friðjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að ráðnir verði að Þjóðleikhúsinu 5—10 einsöngvarar og að þar verði síðan fluttir 3—4 söngleikar á hverju leikári.

Greinargerð.

Á síðustu áratugum — og þó mest á síðustu árum — hafa allmargir Íslendingar ráðizt til söngnáms og búið sig undir að gerast söngvarar að atvinnu. Til skamms tíma hefur þó vegna skorts á verkefnum verið nær ógerlegt fyrir þá að dveljast hér á landi að námi loknu og stunda list sína. Mikil vakning hefur að sönnu verið í íslenzku hljómlistarlífi á síðasta aldarfjórðungi, áhugi manna og skilningur á gildi góðrar tónlistar hefur aukizt að mun, og söngvarar okkar hafa notið þar nokkurs góðs af. Þess vegna hafa allmargir þeirra setzt að hér heima, en reynslan hefur sýnt, að þeir hafa ekki notið sín sem skyldi. Þeir hafa orðið að taka að sér lýjandi, en lítt þroskavænleg verkefni, en átt þess of lítinn kost að reyna sig við hin meiri verk söngbókmenntanna. Hefur þó merkum áfanga verið náð með söngleikaflutningi Þjóðleikhússins og annarra aðila.

Íslendingar eiga nú álitlegum hópi einsöngvara á að skipa, hvort sem litið er á stærð hans eða hæfni. Ætla má, að ýmsa þeirra, er ytra dveljast, fýsi heim, ef að einhverju er að hverfa. Vafalaust mætti auðveldlega koma upp 5—10 manna flokki góðra söngvara, en fyrir slíkan hóp er gnægð verkefna meðal hinna beztu söngleika.

Á það má og benda, að hér eru þegar starfandi ágætir kórar, m. a. í sambandi við Þjóðleikhúsið. Sinfóníuhljómsveit Íslands er nú væntanlega svo á legg komin, að framtíð hennar verður tryggð með einhverjum hætti. Með tíðari söngleikaflutningi fengju hljóðfæraleikarar hennar aukin verkefni, og ætti það að efla hag hljómsveitarinnar. Loks virðist ekki ástæða til að óttast, að skortur verði á hæfum mönnum til að annast söng- og leikstjórn. Verður því að telja, að frá listrænu sjónarmiði séu skilyrði fyrir hendi til að auka flutning söngleika og koma þar á svo föstu skipulagi, að með sanni megi tala um íslenzka óperu.

Í lögum um Þjóðleikhús, nr. 86/1947, segir m. a. í 2. gr.: „... Höfuðhlutverk leikhússins skal vera að: 1. flytja íslenzka og erlenda sjónleiki og enn fremur söngleiki og leikdansa eftir því, sem við verður komið ...“ Til að koma upp þeirri starfsemi, sem tillaga þessi fjallar um, þarf ekki að gera breytingu á Þjóðleikhúslögunum. Því hefur sá kostur verið tekinn að flytja þingsályktunartillögu um að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir framgangi málsins.

Ekki verður séð, að annar aðili en Þjóðleikhúsið sé líklegri eða heppilegri til að annast þá starfsemi, sem hér um ræðir. Leikhúsið hefur unnið að þessum málum, síðan það tók til starfa. Á það má og benda, að það þarf oft á söngfólki að halda, þótt ekki sé um söngleikasýningar að ræða. Þeir söngleikar, sem Þjóðleikhúsið hefur sýnt til þessa, hafa verið vel sóttir og sízt ofþyngt fjárhag þess. Er því þess að vænta, að íslenzk ópera yrði Þjóðleikhúsinu til styrktar, almenningi til ánægju og íslenzkri tón- og leikmennt til eflingar.

Sþ. 87. Tillaga til þingsályktunar [64. mál]

um fjárveitingu til jarðborana í Vestmannaeyjum.

Flm.: Jóhann Jósefsson, Karl Guðjónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að afla sér heimildar fyrir 500 þúsund króna fjárveitingu til að standast kostnað við jarðboranir á næsta ári til öflunar neyzluvatns í Vestmannaeyjum.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hafa verið gerðar nokkrar tilraunir til þess að bora eftir neyzluvatni í Vestmannaeyjum með þeim tækjum, er fyrir hendi voru, en árangur eigi orðið sá, er skyldi. Má ætla, að þurft hefði miklu betri tæki til þessara borana en völ hefur verið á fram að þessu. Það, sem forráðamenn jarðborana ríkisins kalla „djúpborun", hefur eigi enn verið reynt að framkvæma í Eyjum, en slíka borun er nauðsynlegt að fá framkvæmda nú, þegar svo er komið, að tæki eru til hér á landi til slíks.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur falið flm. þessarar till. að flytja mál þetta, og fylgir hér með útdráttur úr fundargerð bæjarstjórnarinnar frá 4. október þ. á. um málið og skýringar þær, sem bæjarstjóri Vestmannaeyjakaupstaðar hefur sent varðandi þetta mál.

Fylgiskjal I.

Útskrift úr gerðabók bæjarstjórnar Vestmannaeyja.

Ár 1956, fimmtudaginn 4. okt., var haldinn almennur fundur í bæjarstjórn Vestmannaeyja, og hófst hann kl. 2 e. h. Fundurinn var haldinn í samkomuhúsi Vestmannaeyja hér, og hafði verið boðað til hans með uppfestum auglýsingum og með því að senda fulltrúum dagskrár.

Mættir voru: Páll Þorbjörnsson (varam.), Ársæll Sveinsson, Páll Scheving, Hrólfur Ingólfsson, Sveinn Guðmundsson, Tryggvi Gunnarsson, Guðlaugur Gíslason bæjarstjóri og Torfi Jóhannsson bæjarfógeti (varam.).

Fyrir var tekið:

— — —

Svo hljóðandi tillaga kom fram frá meiri hluta bæjarstjórnar:

Bæjarstjórn samþykkir að skora á þingmann kjördæmisins og Karl Guðjónsson, 2. landsk. þm., að beita sér fyrir, að tekið verði inn á fjárlög ríkisins næsta ár kr. 500 þúsund til greiðslu kostnaðar við jarðborun til öflunar neyzluvatns hér í Eyjum.

Samþykkt með 8 samhljóða atkvæðum.

— — —

Fleira var ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Páll Scheving, Hrólfur Ingólfsson, Tryggvi Gunnarsson, Páll Þorbjörnsson, Sveinn Guðmundsson, Ársæll Sveinsson, Torfi Jóhannsson, Guðlaugur Gíslason.

Rétta útskrift staðfestir: pr. bæjarstj. í Vestmannaeyjum,

Kristjana Ólad.

Fylgiskjal II.

Í sambandi við tillögu bæjarstjórnar um ríkisframlag til öflunar neyzluvatns vill bæjarstjóri taka fram það, er hér segir:

Mál þetta hefur verið rætt við forráðamenn jarðborunar ríkisins, og hefur við þær umræður komið í ljós, að ef gera á úrslitatilraun, ef til vill með því, sem þeir kalla „djúpborun", til að kanna endanlega, hvort möguleiki er á að afla hér neyzluvatns með jarðborun, þá kann að það að kosta svo mikið fé, að bænum er það algerlega ofvaxið án aðstoðar ríkisins. En tilraun þessa verður að gera hér fyrr en síðar. Vatnsveita verður að koma hér, ef þess er nokkur kostur. Þörfin fyrir meira vatn eykst með hverju árinu, sem líður. Vatnssalerni og önnur hreinlætistæki eru nú komin í allflest hús hér. Hefur bæjarsjóður í mörgum tilfellum greitt götu manna í þessu sambandi, og er stefnt að því, að þessi mál verði komin í fullkomið lag fyrir lok næsta árs. Útheimtir þetta að sjálfsögðu meira vatn til almennrar notkunar. Auk þess krefst fiskiðnaðurinn síaukins vatns. Hafa fiskiðjuverin skrifað bæjarstjórn og krafizt úrbóta í sambandi við sín mál. Hafa þau bent á, að þau séu nú öll að kaupa mjög dýrar vélar (flökunarvélar), sem þvo verði upp úr rennandi vatni, en ekki sjó, eins og þau nota nú á aðrar vélar hjá sér. Auk þess stefna þau að auknu hreinlæti á öllum sviðum í sambandi við framleiðslu sína, en slíkt útheimtir að sjálfsögðu óhjákvæmilega aukið vatnsmagn.

Er af öllu þessu ljóst, að stefna verður að því að koma hér upp vatnsveitu, en slíkt verður ekki gert, svo að gagni komi, ef ekki tekst að ná hér vatni með jarðborun. Úrslitatilraun í því sambandi verður því að gera og það fyrr en síðar.

Nd. 88. Frumvarp til laga [65. mál]

um breyting á lögum nr. 36 14. maí 1955, um breyting á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Flm.: Jón Sigurðsson, Steingrímur Steinþórsson.

1. gr.

2. gr. laganna breytist þannig:

1. C. 30 orðist svo:
   Sæmundarhliðarvegur: Af Sauðárkróksbraut hjá Geitagerði á Norðurlandsveg austan Vatnsskarðs.
2. Á eftir C. 32 komi nýr liður:
   Héraðsdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi við Svartárbrú, hjá Reykjum, um Héraðsdal á Skagafjarðarveg við fyrirhugaða brú á Héraðsvötnum hjá Flatatungu.
3. C. 34 orðist svo:
   Austurdalsvegur: Af Vesturdalsvegi hjá Goðdölum, yfir Jökulsárbrú vestri að Skatastöðum og þaðan yfir væntanlega brú á Jökulsá eystri að Merkigili.
4. Á eftir C. 34 komi nýr liður:
   Kjálkavegur: Af Skagafjarðarvegi hjá Flatatungu að Gilsbakka.
5. Á eftir C. 37 komi nýr liður:
   Hegranesvegur vestri: Af Hofsósvegi hjá Hellulandi að Keldudal.
6. Á eftir C. 38 komi nýr liður:
   Hjaltadalsvegur: Af Hólavegi í Kjarvalsstaðanesi, vestan Hjaltadalsár að Hrafnhóli.
7. Aftan við C. 39 bætist: með álmu um Unadal að Hrauni.

8. Á eftir C. 39 komi nýr liður:
   Sléttuhlíðarvegur: Af Siglufjarðarvegi við Hrollaugsdalsárbrú, austan Sléttuhlíðarvatns á Siglufjarðarveg hjá Keldum.
9. Á eftir C. 40. komi nýr liður:
   Sléttuvegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Sléttu að Skeiði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, byggist mjólkurframleiðsla meðal annars á því, að vegir séu þannig, að unnt sé að halda uppi daglegum mjólkurflutningum allt árið. Þrátt fyrir þessa nauðsyn á enn langt í land, að vegamál Skagafjarðarsýslu komist í það horf, er mjólkurframleiðslan og aðrir framleiðsluhættir krefjast. Aðeins nokkur hluti bænda í héraðinu getur flutt mjólk að staðaldri til mjólkursamlagsins sökum vegleysis eða ófullnægjandi samgangna. Stafar þetta að nokkru af því, að tregða hefur ávallt verið á, að ríkissjóður legði sýsluvegasjóðum fé, svo sem þurft hefði til móts við framlög héraðsbúa til að standa undir kostnaði við nýlagningu og viðhald sýsluvega. Lagning sýsluvega miðar því víðast mjög lítið, og vegirnir verða ófærir, strax og tíð spillist. Mjólkurframleiðendur, sem búa við þessa vegi, verða árlega af þessum sökum fyrir þungum búsifjum. En aðrir treystast ekki til að snúa sér að mjólkurframleiðslu sökum erfiðleika við flutninga. Til þess að ráða bót á þessu, hefur Alþingi horfið að því ráði á undanförnum árum að taka sýsluvegi upp í þjóðvegatölu og létta þannig nokkuð á sýsluvegasjóðunum. Þrátt fyrir þessa viðleitni og með skírskotun til fjárskorts sýsluvegajóðs og nauðsynjar mjólkurframleiðenda teljum við flutningsmenn nauðsyn til bera, að framangreindir vegir og vegakaflar verði teknir í tölu þjóðvega. Eftir verða samt mikil verkefni fyrir sýsluvegasjóð Skagafjarðarsýslu, ef sinna á svo vel sé, vegaþörf héraðsbúa.

Ed. 89. Lög [8. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til togarakaupa fyrir Bæjarútgerð Reykjavíkur.

(Afgreidd frá Ed. 26. nóv.)

Samhljóða þskj. 8.

Nd. 90. Nefndarálit [12. mál]

um frv. til laga um festingu verðlags og kaupgjalds.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað málið, og eru nefndarmenn sammála um að mæla með því, að frv. verði samþykkt.

Ólafur Björnsson og Jóhann Hafstein taka fram eftirfarandi:

„Meginefni frv. þessa er annars vegar ákvæði um almennt bann við verðhækkunum, hins vegar ákvæði um það, að eigi skuli greidd hærri dýrtíðaruppbót á kaup en nemur 78% grunnlauna og verð landbúnaðarafurða ákveðið í samræmi við það.

Ákvæði frv. um verðfestingu eru að því leyti óþörf, að full heimild er til slíkra ráðstafana í eldri lögum, sbr. l. nr. 35 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm. Megintilgangur frv. virðist því sá að koma í veg fyrir áframhaldandi verðhækkanir með því að ákveða með lögum, að greitt skuli lægra kaup en launþegum ber samkvæmt gildandi samningum við atvinnurekendur og lækka verð landbúnaðarvara í samræmi við það.

Hér er vissulega um gagngera og örlagaríka breytingu að ræða frá núverandi skipan þessara mála, sem grundvallast á frjálsum samningsrétti launþegasamtakanna um kaup og gjör meðlima sinna. Við teljum varhugavert, að þeirri skipan verði breytt, nema alveg óvenjulegar kringumstæður séu fyrir hendi.

Að áliti ríkisstjórnarinnar eru ráðstafanir þessar óhjákvæmilegur undirbúningur síðari aðgerða til úrlausnar efnahagsvandamálunum. Hvort svo sé, verður eigi um dæmt fyrr en vitað er, hverjar ráðstafanir eru fyrirhugaðar í því efni.

En meðan eftir því er beðið, teljum við eftir atvikum rétt, að Alþingi staðfesti þessar bráðabirgðaráðstafanir, þótt við teljum meðferð málsins af hálfu ríkisstjórnarinnar mjög gallaða. Það er og í fullu samræmi við fyrri afstöðu sjálfstæðismanna, að unnið sé gegn verðbólgu með hverjum þeim úrræðum, er tiltækileg eru."

Í tilefni af framanritaðri athugsemd tveggja nefndarmanna, ÓB og JóH, vill meiri hluti nefndarinnar, EmJ, EOl og SkG, taka þetta fram:

„Bráðabirgðalögin frá 28. ágúst s. l. voru sett til þess að koma í veg fyrir áframhaldandi hækkun verðlags og kaupgjalds, á meðan athugun færi fram á varanlegri lausn efnahagsvandamálanna. Lögin voru sett í samráði við fulltrúa verkalýðssamtakanna og bændastéttarinnar og með þeirra samþykki. Á nýafstöðnu þingi Alþýðusambands Íslands var samþykkt ályktun, þar sem lýst var fullum stuðningi við þá ákvörðun sambandsstjórnarinnar að stuðla með samþykki sínu að útgáfu bráðabirgðalaganna um festingu vísitölu og verðlags, og enn fremur lýsti Alþýðusambandsþingið yfir því áliti sínu, að með þeirri ráðstöfun hafi ekki verið rýrður kaupmáttur vinnulauna.

Með ákvæði í 4. gr. bráðabirgðalaganna var bannað til ársloka 1956 að hækka söluverð innanlands á öllum vörum í heildsölu og smásölu svo og á hvers konar verðmæti og þjónustu frá því, sem var 15. ágúst 1956. Við lítum svo á, að ný lagafyrirmæli hafi verið nauðsynleg til þess að banna verðhækkanir eins og hér er gert, því að heimild til þess hafi ekki verið í eldri lögum. Til stuðnings þessari skoðun má benda á, að í 4. gr. laga nr. 35/1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm, eru fyrirmæli um, að allar verðlagsákvarðanir skuli miða við þörf þeirra fyrirtækja, er hafa vel skipulagðan og hagkvæman rekstur. Með verðhækkunarbanninu er þetta lagaákvæði raunverulega numið úr gildi um nokkurra mánaða skeið, en til þess þurfti ný lög.

Við teljum og, að rétt hafi verið að gefa út bráðabirgðalögin á þann hátt, sem gert var."

Alþingi, 26. nóv. 1956.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Emil Jónsson, fundaskr. Einar Olgeirsson.

Ólafur Björnsson. Jóhann Hafstein.

Nd. 91. Frumvarp til laga [66. mál]

um tímabundið afnám aðflutningsgjalda af fiskflökunarvélum.

Flm.: Björn Ólafsson, Sigurður Ágústsson.

1. gr.

Á árunum 1956 og 1957 skal fella niður verðtoll, söluskatt og framleiðslusjóðsgjald af fiskflökunarvélum, sem fluttar eru inn af eigendum frystihúsa með aðstoð Framkvæmdabanka Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Vegna sívaxandi samkeppni á erlendum mörkuðum um sölu á frystum fiski og ört hækkandi vinnslukostnaðar hér er mönnum nú orðið ljóst, að örðugt verður að standast samkeppni annarra þjóða í þessari framleiðslugrein, nema frystihúsin geti tekið nýjustu vélatækni í sína þjónustu.

Þess vegna var í það ráðizt á þessu ári af einstaklingum og félögum, sem annast rekstur frystihúsa, að festa kaup á fiskflökunarvélum í Þýzkalandi fyrir milligöngu Framkvæmdabanka Íslands. Vélar þessar eru mjög stórvirkar og spara mikinn vinnslukostnað. Vélarnar eru af þremur gerðum, og er innkaupsverð hverrar vélar cif. sem hér segir:

I.	.....	kr. 728346.00
II.	.....	— 468323.00
III.	.....	— 435739.00

Þetta eru afar dýr tæki, sem frystihúsin neyðast til að kaupa til að standast samkeppnina. Nú þegar hafa verið pantaðar 56 vélar, og má búast við, að með því sé þörfinni ekki fullnægt. Kaupendum hefur verið gert fært að kaupa þessar vélar með því, að þeir fá á þeim gjaldfrest fyrir milligöngu Framkvæmdabankans.

En til viðbótar hinu háa verði vélanna verða frystihúsin að greiða gífurlega háa aðflutningstolla, svo sem hér segir, á hverja vél:

I.	.....	kr. 251637.00
II.	.....	— 161887.00
III.	.....	— 150555.00

Hér er ekki meðtalinn vörumagnstollur. Af þessu má sjá, að tollar af vélunum nema rúmlega þriðjungi vélaverðs hér á höfn (cif.).

Andvirði þeirra véla, sem nú hafa verið pantaðar, er rúmlega 30 millj. kr., en tollar til ríkissjóðs nema til viðbótar 10½ millj. kr.

Þegar verið er með aðstoð hins opinbera að gera stórátak, með fjármagn af skornum skammti, til að gera eina aðalútflutningsframleiðslugrein landsins samkeppnishæfa, sýnist ekki eðlilegt, að ríkissjóður skattleggi slíka framkvæmd og sízt jafngífurlega og hér hefur verið sýnt. Slíkan toll á nauðsynlega vélvæðingu útflutningsframleiðslunnar er ekki hægt að verja.

Þessi innflutningur er óvenjulegur, og rýrna því ekkert hinar venjulegu tolltekjur ríkissjóðs, þótt tollar af flökunarvélunum verði látnir falla niður. Flestum frystihúsunum mun verða nógu þungt í skauti að standa í skilum með kaupverð vélanna, þótt þau þurfi ekki að stofna skuldir til þess að greiða ríkissjóði stórfé fyrir að mega flytja þær inn.

Þess vegna er lagt til með frv. þessu, að aðflutningsgjöldin verði felld niður.

Ed. **92. Frumvarp til laga** [67. mál]

um Tunnuverksmiðjur ríkisins.

Flm.: Friðjón Skarphéðinsson, Björn Jónsson, Bernharð Stefánsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin starfrækir tvær tunnuverksmiðjur, aðra á Akureyri, hina á Siglufirði. Nafn fyrirtækisins er Tunnuverksmiðjur ríkisins.

2. gr.

Verkefni Tunnuverksmiðja ríkisins er að annast smíði á tunnum fyrir saltsíldarframleiðslu, saltkjötsframleiðslu og aðrar framleiðsluvörur, eftir því sem henta þykir.

3. gr.

Stefnt skal að því, að allar tunnur, sem síldarframleiðslan þarfnast, séu smíðaðar í Tunnuverksmiðjum ríkisins, að svo miklu leyti sem það brýtur ekki í bága við milliríkjasamninga. Leitast skal við að vanda framleiðslu verksmiðjanna og gera hana samkeppnisfæra við erlenda framleiðslu um verð og gæði.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að endurbæta verksmiðjurnar og búa þær húsa- og vélakosti, svo að fullnægt verði ákvæðum 3. gr. Nær heimild þessi til þess að byggja tunnugeymsluskýli við verksmiðjuna á Akureyri, er rúmi allt að 50 þús. tunnum, og einnig til þess að gera nauðsynlegar endurbætur á verksmiðjuhúsinu.

5. gr.

Til greiðslu kostnaðar, er leiðir af ákvæðum 4. gr., heimilast ríkisstjórninni að taka lán, allt að 2 milljónum króna.

6. gr.

Síldarútvegsnefnd, sbr. lög nr. 74 29. des. 1934, annast allar framkvæmdir samkvæmt lögum þessum og hefur á hendi stjórn verksmiðjanna.

7. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara skulu, ef þurfa þykir, sett með reglugerð.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 33 23. apríl 1946, um tunnusmíði, og lög nr. 41 9. maí 1947, um breyting á þeim lögum.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lög nr. 33 23. apríl 1946, um tunnusmíði, eru úrelt orðin og því tímabært að setja nýja löggjöf um Tunnuverksmiðjur ríkisins, svo sem til er ætlazt með frumvarpi þessu.

Nýmæli í frumvarpi þessu er það, að ríkisstjórninni sé heimilt að byggja tunnugeymsluskýli við verksmiðjuna á Akureyri og endurbæta þá verksmiðju að öðru leyti og taka til þess lán. Slíkt geymsluhús er við tunnuverksmiðjuna á Siglufirði, en vantar algerlega á Akureyri. Tunnur hafa hingað til verið geymdar þar undir berum himni, og hefur það oft valdið tjóni, þar sem tunnur skemmast eðlilega við

margs konar veðrabrigði sumar og vetur, séu þær ekki geymdar í skýli. Einnig getur þetta valdið skemmdum á þeirri dýrmætu vöru, sem tunnunum er ætlað að geyma. Oft kemur það fyrir, þegar síldveiði er treg, að geyma þarf tunnubirgðir frá ári til árs, og eykst þá hætta á skemmdum. Af því leiðir, að þeir, sem framleiðslunni stýra, eru tregari en ella væri til þess að auka tunnuframleiðsluna eðlilega og tryggja þannig, að jafnan séu til nægar tunnubirgðir í landinu. Afleiðing af slíku getur orðið háskalegt tjón fyrir þjóðarbúið. Er þess skemmst að minnast, er við sjálft lá, að síldarsöltun á Norðurlandi stöðvaðist með öllu á s. l. sumri vegna tunnuskorts.

Flm. eru þess fullvissir, að stefna beri að því, að framleiddar verði í landinu allar síldartunnur, sem þörf er fyrir, og telja, að þær endurbætur á Akureyrarverksmiðjunni, sem frv. gerir ráð fyrir, séu nokkurt spor í þá átt.

Nd. 93. Frumvarp til laga [68. mál]

um afnám aðflutningsgjalda af dráttarvélum og vélum í fiskiskip.

Flm.: Pétur Ottesen, Ólafur Thors, Sigurður Ágústsson.

1. gr.

Dráttarvélar og vélar í fiskiskip skulu undanþegnar öllum aðflutningsgjöldum. Í lögum þessum merkir aðflutningsgjald verðtoll, vörumagnstoll, söluskatt og framleiðslusjóðsgjald.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Aðflutningsgjöld af bátavélum eru nú orðin svo há, að engan veginn er viðhlítandi. Verðtollur með álagi er 12.9%, söluskattur er 7.7%, framleiðslusjóðsgjald 9.9%. Auk þess er vörumagnstollur af vélum þessum 24.5 aurar á kg.

Þessi miklu aðflutningsgjöld af vélunum hafa leitt til þess, að algengt er, að útgerðarmenn sendi báta til útlanda, þegar skipta þarf um vélar í þeim, og fái verkið unnið þar til þess að losna við aðflutningsgjöldin, því að af nýjum vélum, sem settar hafa verið í bátana og til landsins fluttar með þeim hætti, eru engin aðflutningsgjöld greidd.

Er með þessu ýtt undir öfugþróun í atvinnurekstri landsmanna, því að öll skilyrði eru fyrir hendi hér á landi til þess að inna þetta verk af hendi jafnvel og örugglega og erlendis. Þá hefur það komið í ljós, að þessi hásköttun vélanna hefur leitt til þess, að teflt er löngum á tæpt vað með því að senda báta með lélegum og úrsérgengnum vélum til útlanda, og er þess ekki langt að minnast, að allar líkur benda til, að þetta hafi orðið að tjóni.

Er með frumvarpi þessu lagt til, að felld verði niður aðflutningsgjöld af vélum þessum. Enn fremur er lagt til, að hið sama gildi um dráttarvélar, en þær eru aðallega notaðar við landbúnað. Aðflutningsgjöldin af þeim eru hin sömu að öðru leyti en því, að vörumagnstollurinn er litlu lægri á þeim en bátavélunum.

Nd. 94. Frumvarp til laga [69. mál]

um breyting á sjúkrahúsalögum nr. 93 31. des. 1953.

Flm.: Steingrímur Steinþórsson, Jón Sigurðsson.

1. gr.

1. málsgr. 10. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður greiðir bæjarfélögum, sem hafa 1500 íbúa eða fleiri, allt að tveim fimmtu kostnaðar, en öðrum bæjarfélögum og sveitarfélögum allt að tveim þriðju kostnaðar af að reisa almenn sjúkrahús, sjúkraskýli eða læknisbústaði, sem reistir verða samkvæmt ákvæðum laga þessara, enda fallist ráðherra á þörf þeirra framkvæmda og meti þær við hæfi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í gildandi lögum um sjúkrahús eru ákvæði, er mæla svo fyrir, að bæjarfélög, hversu lítil sem þau eru, beri mun þyngri byrðar við byggingu sjúkrahúsa og læknisbústaða en hreppsfélög. Nú hagar svo til, sem kunnugt er, að ekki allfá hreppsfélög eru mun fjölmennari en t. d. minnsta bæjarfélagið. Þessi hreppsfélög hafa enn fremur eins mikið og meira fjárhagslegt bolmagn en lítil bæjarfélög til að standa straum af dýrum framkvæmdum, eins og t. d. sjúkrahúsbyggingum. Þrátt fyrir þetta er þessum bæjarfélögum ætlað að bera mun þyngri útgjöld.

Með frv. þessu er lagt til, að þetta misrétti verði leiðrétt þannig, að þau bæjarfélög, sem hafa innan við 1500 íbúa, njóti sama réttar til styrks úr ríkissjóði til sjúkrahúsbygginga og sveitarfélög.

Ed. 95. Breytingartillögur [67. mál]

við frv. til l. um Tunnuverksmiðjur ríkisins.

Frá Björgvin Jónssyni og Páli Zóphóníassyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórnin starfrækir þrjár tunnuverksmiðjur, eina á Akureyri, aðra á Siglufirði og þá þriðju á Austurlandi á þeim stað, sem síldarútvegsnefnd telur heppilegastan.
2. Við 4. gr. 1. málsl. orðist svo:
   Ríkisstjórninni er heimilt að byggja tunnuverksmiðju á Austurlandi, endurbæta verksmiðjurnar á Akureyri og Siglufirði og búa þær allar að húsum og vélum, svo að unnt verði að ná því marki, sem getið er um í 3. gr.
3. Við 5. gr. Fyrir orðin „2 milljónum króna“ komi: 5 milljónum króna.

Nd. 96. Breytingartillögur [65. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Jóni Pálmasyni.

Framan við 1. lið 1. gr. frumvarpsins bætist:

1. Á eftir C. 16 komi nýr liður:
   Hagavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Sveinsstöðum að Þingeyrum.
2. C. 21 orðist svo:
   Blöndudalsvegur: Af Svínvetningabraut austan Blöndubrúar að Bollastöðum.
3. Aftan við C. 22 (Svínadalsvegur) bætist: með hliðarálmu frá Grund að Rútsstöðum.
4. C. 23 orðist svo:
   Svartárdalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Bólstaðarhlíð fram Svartárdal að Fossum.
5. Fyrir orðin „að Skrapatungu“ í C. 25 (Laxárdalsvegur) komi: og Skrapatungu að Núpi.

Nd. 97. Breytingartillögur [65. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Aftan við 1. gr. bætast nýir liðir, svo hljóðandi:

1. C. 74 orðist svo:
   Sandsvegur: Af Kópaskersvegi nálægt Skinnastöðum vestur yfir Sandárbrú að Ærlækjarseli.
2. Á eftir C. 75 kemur nýr liður:
   Innbæjavegur: Af Þistilfjarðarvegi hjá Svalbarði um Svalbarðssel og Fjallalækjarsel að Kúðá.

Ed. 98. Frumvarp til laga [70. mál]

um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 80 7. sept. 1942.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1956.)

1. gr.

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla við alþingiskosningar þær, er fram eiga að fara sunnudaginn 24. júní 1956, skal eigi hefjast fyrr en þriðjudaginn 29. maí 1956.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 80 7. sept 1942.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Dómsmálaráðherra hefur tjáð mér, að þar sem upp hafi komið ágreiningur um gildi framlagðra landslista við alþingiskosningar 24. júní n. k. og fyrirsjáanlegt sé, að landskjörstjórn muni ekki fella úrskurð um þennan ágreining fyrr en 28. þ. m., beri brýna nauðsyn til að breyta kosningalögum nr. 80 7. sept. 1942 á þá leið, að utankjörfundaratkvæðagreiðsla við kosningar þessar skuli eigi hefjast fyrr en landskjörstjórn hefur unnizt tími til að úrskurða um gildi landslista og merkja lista bókstöfum.

Fellst ég því á, með skírskotun til 28. gr. stjórnarskrárinnar, að gefa út svofelld bráðabirgðalög:

1. gr.

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla við alþingiskosningar þær, er fram eiga að fara sunnudaginn 24. júní n. k., skal eigi hefjast fyrr en þriðjudaginn 29. þessa mánaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 26. maí 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

Ed. 99. Frumvarp til laga [71. mál]

um breyting á lögum nr. 13 4. marz 1949, um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenzkra berkasjúklinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1956.)

1. gr.

a-liður 1. gr. laganna orðist svo:

Hlutatalan má ekki fara fram úr sextíu og fimm þúsundum. Draga skal í 12 flokkum á ári hverju, og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk 10. janúar ár hvert og síðan 5. dag hvers mánaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi 1. gr. laga nr. 76 26. nóv. 1952.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í 1. gr. laga nr. 76/1952 er svo ákveðið, að hlutatala í Vöruhappdrætti Sambands ísl. berklasjúklinga megi ekki fara fram úr fimmtíu þúsundum. Frumvarpið gerir ráð fyrir, að hlutatalan megi vera sextíu og fimm þúsundir.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni stjórnar S. Í. B. S. Sambandið skortir fé til þess að koma upp nauðsynlegum mannvirkjum, sem eftir er að reisa að Reykja-

lundi. Stjórn þess telur hins vegar að unnt sé að afla aukins fjár með því að selja fleiri hluti en leyfðir eru samkv. gildandi lögum, og er því lagt til, að leyft verði að hækka hlutatöluna eins og að framan segir.

Ed. 100. Nefndarálit [11. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til skipakaupa, lántöku og sérstakra ráðstafana í útgerðarmálum til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv., og með tilvísun til greinargerðar þeirrar, sem því fylgdi, þegar það var lagt fram, mælir nefndin með, að frv. verði samþykkt. Einn nefndarm. (JJós) áskilur sér rétt til að bera fram brtt. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma, og skrifar því undir nál. með fyrirvara. Annar nm. (GTh) var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 30. nóv. 1956.

Bernh. Stefánsson, form., frsm.	Björn Jónsson, fundaskr.	Jóhann Þ. Jósefsson, með fyrirvara.
	H. Guðmundsson.	

Nd. 101. Nefndarálit [35. mál]

um frv. til laga um að banna hnefaleika.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað málið, og eru nefndarmenn sammála um að leggja til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 27. nóv. 1956.

Steingr. Steinþórsson, form.	Gunnar Jóhannsson, fundaskr.	Kjartan J. Jóhannsson, frsm.
Benedikt Gröndal.	Ragnhildur Helgadóttir.	

Nd. 102. Breytingartillögur [65. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Pétri Ottesen.

Á undan 1. tölul. koma nýir liðir, svo hljóðandi:

1. Á eftir B. 10 kemur nýr liður:
   Botnsdalsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Botnsárbrú um Litlabotn að Stórabotni.
2. Á eftir B. 11 kemur nýr liður:
   Grafardalsvegur: Af Draghálsvegi hjá Geldingadraga um Dragháls að Grafardal.

3. Á eftir B. 12 koma nýir liðir:
   a. *Vatnshamravegur:* Af Skorradalsvegi neðan Miðfossa um Vatnshamra, Kvígsstaði og Heggsstaði á þjóðveginn hjá Skjólborg.
   b. *Sarpsvegur:* Af Skorradalsvegi hjá Fitjárbrú um Sarp og Efstabæ á Uxahryggjaveg fyrir framan Gilstreymi.
4. Á eftir B. 16 koma nýir liðir:
   a. *Katanesvegur:* Af Akrafjallsvegi hjá Klafastöðum um Katanes á Vesturlandsveg fyrir ofan Kalastaðakot.
   b. *Reynisvegur:* Af Akrafjallsvegi hjá Heynesi að Eystri- og Vestri-Reyni.
   c. *Hvítanesvegur:* Af Akrafjallsvegi um Hvítanes að Vallanesi.
5. Á eftir B. 21. koma nýir liðir:
   a. *Eyrarvegur:* Af Bæjarsveitarvegi hjá Varmalæk um Múlastaði og Eyri á Flókadalsveg hjá Skógum.
   b. *Bæjarvegur:* Af Bæjarsveitarvegi hjá Brún um Bæ og Nýjabæ að Laugarholti.
   c. *Stórakroppsvegur:* Af Bæjarsveitarvegi hjá flugvellinum á Kálfanesmelum, yfir Geirsá, um Runna og Stóra-Kropp á Bæjarsveitarveg fyrir vestan Hamra.
6. Fyrir orðin „að Auðsstöðum“ í B. 23 (Reykdælavegur) kemur: um Auðsstaði á Reykdælaveg hjá Uppsölum.
7. Á eftir B. 23 koma nýir liðir:
   a. *Hálsasveitarvegur:* Af Reykdælavegi hjá Giljum á Borgarfjarðarbraut í Hálsasveit framanverðri.
   b. *Skáneyjarvegur:* Af Reykdælavegi hjá Nesi um Birkihlíð að Skáney.

Ed. 103. Breytingartillögur [52. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Karli Kristjánssyni.

Aftan við 1. gr. bætist:
Á eftir C. 65 komi nýir liðir:

a. *Hvammavegur:* Af Reykjahverfisvegi hjá Laxárvirkjun um Hvamma að Yztahvammi.
b. *Sandsbæjavegur:* Af Þingeyjarsýslubraut nálægt Knútsstöðum um Hraunkot að Sandi.

Nd. 104. Frumvarp til laga [72. mál]

um breyting á girðingalögum, nr. 24 1. febr. 1952.

Flm.: Sveinbjörn Högnason, Halldór E. Sigurðsson.

1. gr.

1. gr. laganna hljóði svo:
Girðingar í lögum þessum eru:

I. Fullgildar girðingar.
   a) Gaddavírsgirðing 5 strengja, einn metri á hæð frá jafnsléttu og ekki lengra milli jarðfastra staura hennar en 5 metrar, eða vírnetsgirðing, er jafngildi henni að vörzlunotum.

b) Skurður eigi grynnri en 1.50 m, eigi mjórri en 3 m að ofan og með 2 gaddavírsstrengjum á öðrum hvorum bakkanum, eða jafngildi gaddavírsins af vírneti. Bil milli jarðfastra girðingarstaura sé eigi meira en 5 m.

Nú leyfir aðstaðan ekki dýpri skurð eða skurðkafla en 1 metra, eða uppundir 1.50 m, og skal þá 3 strengja gaddavírsgirðing, eða jafngildi hennar af vírneti, koma á skurðbakkann.

II. Stórgripagirðingar.

a) Gaddavírsgirðingar með 2 strengjum og sé eigi minna en 65 cm frá jörðu upp að neðri vírstreng.

b) Skurður eigi grynnri en 2 m og eigi mjórri en 3.70 m að ofan.

2. gr.

Á eftir 1. málsgr. 10. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú verður ágreiningur um landamerkjagirðingu, á hvern hátt eða úr hvaða efni hún skuli gerð, og skulu aðilar þá hlíta úrskurði úttektarmanna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Svo sem kunnugt er, fer það mjög í vöxt, að skurðir séu notaðir til vörzlu í sambandi við þurrkun lands. Hafa því ýmsir bændur látið þá ósk í ljós, að slíkar vörzlur yrðu teknar inn í ákvæði girðingalaga og yrðu settar samhliða öðrum girðingum, sem gerðar eru með vír eða neti. — Þetta virðist einnig eðlilegt, eins og nú er komið. Grafnir skurðir eru ágæt varzla og varanlegri en girðingar aðrar. enda séu ákvæði sett um það, hversu frá þeim skuli gengið, til þess að fullgild varzla geti talizt. Flutningsmenn hafa leitað álits og tillagna ráðunauts Búnaðarfélags Íslands, hr. Ásgeirs L. Jónssonar, um þessi efni, og er frumvarpið að mestu í samræmi við tillögur hans.

Nd. 105. Breytingartillögur [65. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Halldóri E. Sigurðssyni.

Á undan 1. tölul. 1. gr. koma nýir liðir, svo hljóðandi:

a. Á eftir B. 25 kemur nýr liður:

Gufuárvegur: Af Borgarnesbraut við Gufuá um Staðarhús að Laxholti.

b. Á eftir B. 28 kemur nýr liður:

Neðranesvegur: Af Borgarfjarðarbraut á Lundabörðum um Kaðalstaði að Neðranesi.

c. Á eftir B. 29 koma þrír nýir liðir:

1. *Ásbjarnarstaðavegur:* Af Þverárhlíðarvegi í Kleifum um Sleggjulæk að Selhaga.
2. *Hlíðarvegur:* Af Þverárhlíðarvegi um Karlsbrekku, Grjót og Sigmundarstaði á Þverárhlíðarveg hjá Hermundarstöðum.
3. *Veiðilækjarvegur:* Af Þverárhlíðarvegi hjá Lindarhvoli um Höll og Svartagil á Glitstaðaveg.

d. B. 32 orðist svo:

Króksvegur: Af Norðurlandsvegi nálægt Króki, um Hárekssstaði og Skarðshamra, á Glitstaðaveg.

c. Á eftir B. 32 kemur nýr liður:
Hreðavatnsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Bifröst, um Hreðavatn, Jafnaskarð og Stóruskóga, á Vesturlandsveg á Kolás.
f. B. 36 orðist svo:
Grímsstaðavegur: Af Stykkishólmsvegi hjá Urriðaárbrú um Grímsstaði, Syðri-Hraundal á Staðarhraunsveg hjá Svarfhóli.
g. Á eftir B. 40 kemur nýr liður:
Hítárvegur: Af Stykkishólmsvegi hjá Brúarfossi um Lækjarbug að Skiphyl.

Nd. 106. Frumvarp til laga [73. mál]

um breyting á lögum nr. 82 5. júní 1947, um Matsveina- og veitingaþjónaskóla.

Flm.: Bjarni Benediktsson.

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:
Yfirstjórn skólans hefur menntamálaráðuneytið.
Ráðherra skipar til fjögurra ára í senn fimm manna skólanefnd, er hefur á hendi yfirumsjón skólans. Skal nefndin skipuð einum matreiðslumanni, einum framreiðslumanni, einum veitingamanni og einum fiskiskipsmatsveini, og skulu þessir menn skipaðir eftir tilnefningu hlutaðeigandi stéttarsamtaka, en fimmti nefndarmaðurinn án tilnefningar. Ráðherra skipar einn nefndarmannanna formann. Ráðherra skipar skólastjóra og kennara skólans, að fengnum tillögum skólanefndar. Skólastjóri skal jafnframt vera bryti skólans.
Með reglugerð skulu sett nánari ákvæði um starfsemi skólans, kennslutíma, námsefni og kennaralið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 83 8. desember 1952.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi sem stjórnarfrv., en var fellt, væntanlega vegna þess, að þingmenn höfðu ekki áttað sig á því, að hagkvæmast er að hafa yfirstjórn skóla þessa í því ráðuneyti, sem vanast er meðferð slíkra mála, sem sé menntamálaráðuneytinu. Breytingin er ekki síður hagkvæm nú eftir stjórnarskiptin en áður var, og er frv. flutt í trausti þess, að þingmenn vilji að athuguðu máli hafa þann háttinn á, sem heppilegastur er.

Nd. 107. Frumvarp til laga [74. mál]

um breyting á lögum nr. 5 14. marz 1955, um stýrimannaskólann í Reykjavík.

Flm.: Bjarni Benediktsson.

1. gr.

Í stað orðsins „samgöngumálaráðuneytinu“ í 9. gr. laganna komi: menntamálaráðuneytinu.

2. gr.

15. gr. laganna orðist þannig:
Yfirstjórn skólans hefur menntamálaráðuneytið.

3. gr.

Í stað orðsins „samgöngumálaráðuneytið“ í 1. mgr. 17. gr. laganna komi: menntamálaráðuneytið.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi sem stjórnarfrv., en var fellt, væntanlega vegna þess, að þingmenn höfðu ekki áttað sig á því, að hagkvæmast er að hafa yfirstjórn skóla þessa í því ráðuneyti, sem vanast er meðferð slíkra mála, sem sé menntamálaráðuneytinu. Breytingin er ekki síður hagkvæm nú eftir stjórnarskiptin en áður var, og er frv. flutt í trausti þess, að þingmenn vilji að athuguðu máli hafa þann háttinn á, sem heppilegastur er.

Nd. 108. Breytingartillögur [65. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Ingólfi Jónssyni og Sveinbirni Högnasyni.

Framan við 1. tölul. 1. gr. bætist:

1. Á eftir A. 37 kemur nýr liður:
   Háfsósabraut: Af þjóðveginum hjá Fífilbrekku um Kálfholt, hjá Sauðholti á þjóðveginn hjá Sandhólaferju.
2. Á eftir A. 41 koma tveir nýir liðir:
   a. *Útkróksvegur:* Af Landvegi að Hjallanesi, Flagbjarnarholti og Vindási.
   b. *Lækjarvegur*: Frá þjóðvegi við Stúfholt um Læk að Akbraut.
3. Á eftir A. 46 kemur nýr liður:
   Keldnavegur: Frá þjóðveginum austan við Reyðarvatn um Keldur að Reynifelli.
4. Á eftir A. 47 kemur nýr liður:
   Árgilsstaðavegur: Frá þjóðveginum við Völl að Árgilsstöðum.
5. Á eftir A. 49 kemur nýr liður:
   Sigluvíkurvegur: Frá þjóðveginum við Fljótsveg um Sigluvík að Skúmsstöðum.
6. Á eftir A. 50 koma tveir nýir liðir:
   a. *Krossvegur:* Frá þjóðveginum vestan við Skíðbakka að Krossi.
   b. *Affallsvegur:* Af þjóðveginum hjá Voðmúlastöðum um Kanastaði á þjóðveginn hjá Úlfsstaðahverfi.
7. Á eftir A. 53 koma tveir nýir liðir:
   a. *Vatnsdalsvegur:* Frá þjóðveginum við Torfastaðagróf um Tumastaði og Tungu að Vatnsdal.
   b. *Markarfljótsvegur:* Frá Markarfljótsbrú vestan Dímonar á Fljótshlíðarveg hjá Árkvörn.
8. Á eftir A. 55 kemur nýr liður:
   Hólmabæjavegur í Vestur-Eyjafjallahreppi: Frá þjóðveginum austan Steinmóðarbæjarhólma að Dalseli, um Borgareyrar og Vatnahjáleigu á þjóðveginn ofan Miðeyjar.
9. Á eftir A. 57 kemur nýr liður:
   Leirnavegur: Frá þjóðveginum vestan Hlíðar um Berjanes, Leirnahverfi og Miðbælishverfi, um Klömbru, Hólakot að Eyvindarhólum og á þjóðveginn vestan við Hrútafell.

Nd. 109. Breytingartillögur [65. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Sigurði Ágústssyni og Pétri Péturssyni.

Framan við efnisliði 1. gr. koma nýir liðir:

a. Á eftir B. 41 komi fjórir nýir liðir:
   1. *Snorrastaðavegur:* Af Stykkishólmsvegi sunnan Kaldár að Snorrastöðum.
   2. *Syðri-Rauðamelsvegur:* Af Hnappadalsvegi neðan Mýrdalsréttar um Rauðhálsa að Syðri-Rauðamel.
   3. *Stórahraunsvegur:* Af Stykkishólmsvegi sunnan Haffjarðarár að Stórahrauni.
   4. *Höfðavegur:* Af Stykkishólmsvegi sunnan Gerðubergslækjar um Gerðuberg, Ytri-Rauðamel að Höfða.

b. B. 46 orðist svo:
   Skógarnesvegur: Af Stykkishólmsvegi vestan Stóru-Þúfu, um Miklaholt, Ytra- og Syðra-Skógarnes, Hausthús og Hömluholt á Stykkishólmsveg hjá Hömluholtsmel.

c. B. 49 orðist svo:
   Ölkelduvegur: Af Ólafsvíkurvegi við Ölkeldu að Álftavatni, Efra-Hóli, Slitvindastöðum, Haga og á Ólafsvíkurveg við Hoftún.

d. Á eftir B. 53 kemur nýr liður:
   Miðhúsavegur: Af Útnesvegi vestan Ytri-Tungu að Miðhúsum.

e. Á eftir B. 60 kemur nýr liður:
   Hofstaðavegur: Af Stykkishólmsvegi við Hofstaðavog, að Hofstöðum, Jónsnesi, Ögri og á Stykkishólmsveg við Nesvog.

Nd. 110. Frumvarp til laga [75. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja þjóðjörðina Hrafnkelsstaði í Eyrarsveit.

Flm.: Sigurður Ágústsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimild að selja hreppsnefnd Eyrarsveitar í Snæfellsnessýslu eyðijörðina Hrafnkelsstaði í sömu sveit fyrir það verð, sem dómkvaddir menn meta.

2. gr.

Gunnar Stefánsson, annar ábúandi jarðarinnar Eiðis í Eyrarsveit, sem nokkur undanfarin ár hefur haft afnot af nefndri eyðijörð og ræktað að nýju nokkurn hluta af túni jarðarinnar, skal hafa rétt til að fá á leigu með vægu verði þá landsspildu, sem hann og erfingjar hans telja sig hafa þörf fyrir úr landi heimajarðarinnar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Oddviti hreppsnefndar Eyrarsveitar hefur með bréfi, dags. 16. nóv. 1956, til Alþingis og í samræmi við ákvörðun hreppsnefndar Eyrarsveitar á fundi hennar 3. nóv. 1956 óskað eftir að fá keypta eyðijörðina Hrafnkelsstaði í sömu sveit til

afnota fyrir bændur í Eyrarsveit með það í huga að nota land jarðarinnar til upprekstrar.

Jörð þessi fór í eyði um síðustu aldamót, eftir því sem oddviti sveitarinnar upplýsir í bréfi sínu, sem fylgir hér með. Land jarðarinnar verður að teljast nauðsynlegt til upprekstrar fyrir bændur í Eyrarsveit, enda er hreppsnefndin sammála um þá þörf. Jörðin á mikið fjalllendi, og er því eðlilegt, að Eyrarsveit eignist jörðina til þeirra nota, sem hér er rætt um.

Jörð þessi hefur verið í leigu hjá ýmsum aðilum, síðan hún fór í eyði. Gunnar bóndi á Eiði í Eyrarsveit hefur nú um nokkur ár haft afnot hennar. Hefur Gunnar hafizt handa með ræktun á nokkrum hluta hins gamla túns, svo að telja verður sjálfsagt, að hann og erfingjar hans fái á leigu heimaland jarðarinnar fyrir vægt verð frá hreppsnefndinni, ef frumv. þetta verður að lögum. Tel ég rétt, að þessi réttur Gunnars og erfingja hans sé ákveðinn í löggjöfinni.

Fylgiskjal.

Oddviti Eyrarsveitar.

16. nóvember 1956.

Eftir áskorun margra bænda í Eyrarsveit og samkvæmt fundarákvörðun hreppsnefndarinnar í Eyrarsveit 3. dag nóvember þ. á. eru það eindregin tilmæli nefndarinnar til hins háa Alþingis, að sveitin fái keypta eyðijörðina Hrafnkelsstaði hér í sveit sem upprekstrarland.

Þesi jörð hefur verið í eyði síðan um aldamót 1900, og ýmsir hafa hana á leigu sem upprekstrarland. Lengi framan af hafði Eyrarsveit hana á leigu, en var sagt upp leigu vegna misskilnings þáverandi hreppsnefndar. Nú er það sameiginlegur vilji bænda hér í sveit, að hreppurinn kaupi landið, svo að það falli ekki í einstaklingshendur.

Virðingarfyllst,

Bárður Þorsteinsson.

Til Alþings Íslands.

Ed. 111. Frumvarp til laga [76. mál]

um framlenging á eignarskattsviðauka.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1956.)

1. gr.

Ákvæði 67. gr. laga nr. 46/1954 um álag á eignarskatt skulu gilda við álagningu og inheimtu eignarskatts árið 1957.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Undanfarin ár hefur eignarskattur verið innheimtur með 50% álagi. Ákvæði þetta hefur einungis gilt í 1 ár í senn. Með frumvarpi þessu er lagt til, að ákvæðið verði framlengt fyrir árið 1957.

Ed. 112. Breytingartillögur [11. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til skipakaupa, lántöku og sérstakra ráðstafana í útgerðarmálum til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Frá Jóhanni Jósefssyni.

1. Við 3. gr. Síðari málsl. orðist svo: Ríkissjóði er, þrátt fyrir ákvæði 2. gr., heimilt að endurlána allt að 90% af verði hvers skips, sem keypt er til bæjar eða kauptúns, þar sem brýn þörf er á að auka atvinnu á staðnum.
2. Við 4. gr. Fyrri málsl. orðist svo: Ríkisstjórninni er, að fengnum tillögum atvinnutækjanefndar, heimilt að setja á stofn sérstaka ríkisútgerð togara í því skyni, að lagður verði á land afli þeirra í þeim bæjum eða kauptúnum, þar sem ekki eru fyrir hendi fjárhagslegir möguleikar til þess að kaupa og reka togara, enda sé skortur á nægri atvinnu á staðnum og atvinnuleysi hamli eðlilegum vexti hans.

Ed. 113. Frumvarp til laga [77. mál]

um breyting á lögum nr. 115 29. des. 1951, um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 56/1927, um skemmtanaskatt, þjóðleikhús, o. fl.

Flm.: Jón Kjartansson.

1. gr.

1. gr. laganna breytist þannig:

1. Fyrir orðin „42% skattsins renni í rekstrarsjóð þjóðleikhússins“ í a-lið kemur: 27% skattsins renni í rekstrarsjóð þjóðleikhússins.
2. Fyrir orðin „35% skattsins renni í félagsheimilasjóð“ í c-lið kemur: 50% skattsins renni í félagsheimilasjóð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. samhljóða þessu var flutt á síðasta Alþingi, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Með frv. þessu er lagt til, að félagsheimilin fái aftur þann hluta skemmtanaskattsins, er þau nutu til ársloka 1952, eða 50% skattsins.

Eitt af frumskilyrðum þess, að unga fólkið fáist til þess að dvelja í sveitum landsins, er, að unnt sé að halda þar uppi heilbrigðu félagslífi. En til þess að menningarbragur sé á skemmtana- og félagsstarfinu, þarf góð og vistleg húsakynni. En þessu er einmitt mjög ábótavant, einkum í sveitunum. Úr þessu hafa félagsheimilin bætt nokkuð, en þeim miðar allt of skammt áfram, og veldur þar mestu fjárskortur. Hér er lagt til, að ofur lítil bót verði á þessu ráðin með því að láta félagsheimilin fá aftur 50% skemmtanaskattsins í stað 35%, sem til þeirra rennur nú.“

Ed. 114. Nefndarálit [4. mál]

um frv. til l. um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 68/1949, um bifreiðaskatt o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta og mælir með, að það verði samþykkt óbreytt. — Einn nefndarmanna (HG) var fjarstaddur vegna veikinda, þegar nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 4. des. 1956.

Bernh. Stefánsson, form., frsm. Björn Jónsson, fundaskr. Gunnar Thoroddsen.
Jóhann Þ. Jósefsson.

Ed. 115. Nefndarálit [5. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1957 með viðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta og mælir með, að það verði samþykkt óbreytt. — Einn nefndarmanna (HG) var fjarstaddur vegna veikinda, þegar nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 4. des. 1956.

Bernh. Stefánsson, form. Björn Jónsson, fundaskr., frsm. Gunnar Thoroddsen.
Jóhann Þ. Jósefsson.

Nd. 116. Nefndarálit [3. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 55/1955, um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hluti nefndarinnar mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Minni hluti nefndarinnar (KJJ og RH) mælir gegn frumvarpinu og mun skila séráliti.

Alþingi, 4. des. 1956.

Steingr. Steinþórsson, form. Gunnar Jóhannsson, fundaskr., frsm. Benedikt Gröndal.

Nd. 117. Frumvarp til laga [78. mál]

um breyting á lögum nr. 34/1946, um fræðslu barna.

Flm.: Bjarni Benediktsson.

1. gr.

53. gr. orðist þannig:

Heimilt er fræðslumálastjórn, að fengnum meðmælum hlutaðeigandi fræðsluráðs, að löggilda barnaskóla, sem kostaðir eru af einstökum mönnum eða stofnunum, ef þeir starfa samkvæmt reglugerð, er hún samþykkir, enda hlíti slíkir skólar sama eftirliti og sömu reglum og aðrir barnaskólar. Kennarar við skóla þessa verða að fullnægja öllum settum skilyrðum um rétt til kennslu í barnaskólum. Fyrir börn, sem þessa einkaskóla sækja, þarf ekki undanþágu samkvæmt 5. gr., en forstöðumaður skal í byrjun hvers skólaárs senda hlutaðeigandi skólanefnd skrá yfir skólabörnin og tilkynna henni allar breytingar, jafnóðum og þær verða.

Heimilt er að greiða laun fastra kennara við skóla þessa úr ríkissjóði, enda verði þeir þá ráðnir og launaðir eftir sömu reglum og kennarar barnaskóla. Að öðru leyti ber ríkissjóður engan kostnað af þessu skólahaldi.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1957.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta Alþingi, og fylgdi því þá svo hljóðandi grg. af hálfu mennmálaráðuneytisins:

„Í frumvarpi þessu eru tvær breytingar frá núgildandi lögum, þ. e.: 1) gert er ráð fyrir því, að til stofnunar einkaskóla þurfi meðmæli hlutaðeigandi fræðsluráðs, og 2) fastir kennarar við skóla þessa fái greidd laun úr ríkissjóði eftir sömu reglum og kennarar annarra barnaskóla.

Um fyrra atriðið skal tekið fram, að réttmætt virðist, að ekki sé löggiltur einkaskóli án meðmæla eða samþykkis fræðsluráðs, en fræðsluráð á að hafa umsjón með skólaþörf fræðsluhéraðsins.

Um síðara atriðið skal þetta sagt:

1. Landakotsskólinn í Reykjavík og aðrir hliðstæðir barnaskólar — þ. e. St. Jósefsskólinn í Hafnarfirði og Aðventistaskólarnir í Reykjavík og Vestmannaeyjum — hafa ekki fengið styrk úr ríkissjóði, hvorki vegna stofnkostnaðar né rekstrar. Ákvæði 53. gr. núgildandi laga um fræðslu barna eru hliðstæð ákvæðum 17. gr. fræðslulaga frá 1926 og 19. gr. fræðslulaga frá 1936. Þessi ákvæði voru sett til þess að tryggja réttindi barna þeirra, er slíka skóla sóttu. Um leið styrkist aðstaða þessara skóla í skólakerfi landsins. Hins vegar mun ekki hafa þótt ástæða til þess að ýta undir stofnun einkaskóla með því að veita þeim styrk af almannafé.

2. Ef börn þau, sem nú sækja áðurgreinda einkaskóla, færu öll í barnaskóla hlutaðeigandi staða, mundi víðast þurfa að fjölga föstum kennurum við barnaskólana þar í hlutfalli við nemendafjöldann, sem við bættist. Og ríkissjóður greiðir mestan hluta af launum fastra kennara. Einkaskólar, sem annast hliðstæða fræðslu og aðrir barnaskólar, létta því undir með sveitarfélögum og ríkissjóði um skólahúsnæði og skólarekstur. Vitanlegt er, að einkaskólar eiga nú í erfiðleikum með að halda áfram starfsemi sinni vegna dýrtíðar o. fl. Það virðist því sanngirnismál, að komið sé til móts við þessa skóla þannig, að heimild verði veitt til þess að greiða laun fastra kennara úr ríkissjóði eftir sömu reglum og gilda um aðra barnaskóla. Um ráðningu þeirra gildi þá hliðstæð ákvæði og um ráðningu kennara við einkaskóla þá, er greinir í 54. gr. núgildandi laga um fræðslu barna.“

Þessi greinargerð stendur enn óhögguð, en frv. var fellt, að því er virðist vegna ótta þingmanna um, að um of yrði ýtt undir einkaskóla, ef frv. næði fram að ganga.

Slíkt er þó fullkominn misskilningur. Margs konar aukakostnaður mundi þrátt fyrir samþykkt þessa frv. lenda á þeim, er einkaskólum halda uppi. Engin hætta er því á, að skólakerfið mundi rofna af þessum sökum eða einkaskólar verða um of algengir. Hitt mundi leiða til meiri fábreytni og ekki verða neinum til góðs, ef einkaskólarnir legðust alveg niður vegna fjárskorts.

Ed. 118. Breytingartillögur [11. mál]

við frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til skipakaupa, lántöku og sérstakra ráðstafana í útgerðarmálum til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Frá Sigurði Bjarnasyni og Jóhanni Jósefssyni.

1. Við 1. gr. Fyrir „allt að 15 togara“ komi: allt að 20 togara af fullkomnustu gerð.
2. Við 2. gr. Fyrir „allt að kr. 150 000 000.00 — eitt hundrað og fimmtíu“ komi: allt að kr. 200 000 000.00 — tvö hundruð.
3. Við 5. gr. Fyrir „15 togara“ komi: 20 togara.

Ed. 119. Nefndarálit [70. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um kosningar til Alþingis, nr. 80 7. sept. 1942.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað málið, og eru nefndarmenn sammála um að leggja til, að það verði samþykkt.

Einn nefndarmanna, Alfreð Gíslason, var fjarstaddur.

Alþingi, 5. des. 1956.

Friðjón Skarphéðinsson, form., frsm. Jón Kjartansson. Páll Zóphóníasson.

Friðjón Þórðarson.

Ed. 120. Nefndarálit [6. mál]

um frv. til l. um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 90/1954, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins í aðalatriðum, en tveir nefndarmanna (GTh og JÞJ) lýsa sig andstæða síðustu málsgr. 1. gr. Einn nefndarmanna (BjörnJ) áskilur sér rétt til að fylgja breytingartillögum.

Einn nefndarmanna (HG) var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 5. des. 1956.

Bernh. Stefánsson, form., frsm. Björn Jónsson, fundaskr. Jóhann Þ. Jósefsson.

Gunnar Thoroddsen.

Ed. 121. Nefndarálit [71. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 13 16. marz 1949, um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga.

Frá fjárhagsnefnd.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir hækkun á hlutatölu í vöruhappdrætti S. Í. B. S. um 15 þúsund, og verður hámark hluta 65 þúsund, ef það verður að lögum.

Nefndin hefur athugað frv. og fallizt á rökstuðning þann, er því fylgir. Leggur hún til, að það verði samþ. óbreytt. Einn nefndarmanna (HG) var ekki á fundi, er málið var afgreitt.

Alþingi, 5. des. 1956.

Bernh. Stefánsson, form. Björn Jónsson, fundaskr. Jóhann Þ. Jósefsson, frsm.

Gunnar Thoroddsen.

Nd. 122. Nefndarálit [62. mál]

um frv. til l. um embættisbústaði héraðsdýralækna.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 5. des. 1956.

Ásgeir Bjarnason, form., frsm. Jón Sigurðsson, fundaskr. Jón Pálmason. Ágúst Þorvaldsson.

Gunnar Jóhannsson.

Ed. 123. Nefndarálit [16. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. gr. orðist svo:

a. Aftan við 2. tölulið D-liðar 34. gr. laganna komi:

Á hverju þilfarsskipi skal þó, auk annarra björgunartækja, sem ákveðin eru í lögum eða reglugerðum, vera gúmbjörgunarbátur, einn eða fleiri, og sé stærð þeirra miðuð við, að þeir rúmi þá, sem á skipi eru. Ráðherra setur í reglugerð fyrirmæli um gerð þeirra og búnað. Skipaskoðunarstjóri veitir þeim, sem hafa ekki þegar aflað sér gúmbáta í skip sín, hæfilegan frest til öflunar þeirra.

b. Síðasti málsliður 4. töluliðs D-liðar 34. gr. laganna falli niður.

Tveir nefndarmenn, Björgvin Jónsson og Sigurður Bjarnason, voru fjarstaddir, er málið var afgreitt. Jóhann Jósefsson áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 5. des. 1956.

Björn Jónsson, form.	Friðjón Skarphéðinsson, fundaskr., frsm.	Jóhann Þ. Jósefsson.

Ed. 124. Frumvarp til laga [79. mál]

um hluta sveitarfélaga af söluskatti.

Flm.: Gunnar Thoroddsen.

1. gr.

Meðan innheimtur er söluskattur til ríkissjóðs samkvæmt lögum nr. 100/1948 og síðari breytingum á þeim eða annar skattur samsvarandi, skal fjórðungur skattsins renna til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og skiptast þaðan milli bæjar- og hreppssjóða eftir þeim reglum, sem í lögum þessum segir:

2. gr.

Tekjum Jöfnunarsjóðs af söluskatti skal skipt milli bæjar- og hreppsfélaga eftir fólksfjölda, eins og hann var samkvæmt manntali næstliðins árs, þó þannig, að ekkert bæjar- eða hreppsfélag fær meiri greiðslu en sem nemur 50% af álögðum útsvörum næsta árs á undan.

3. gr.

Nú falla ábyrgðarskuldbindingar á ríkissjóð vegna sveitarfélags, og er félagsmálaráðherra þá heimilt að ákveða, að hluti sveitarfélagsins af söluskattinum gangi til greiðslu á slíkum kröfum.

4. gr.

Ríkissjóður greiðir Jöfnunarsjóði þann hluta af söluskatti, sem honum ber, eigi síðar en einum mánuði eftir að innheimtumenn skattsins hafa gert fjármálaráðuneytinu ársfjórðungsskil.

Félagsmálaráðuneytið framkvæmir skiptingu fjárins milli sveitarfélaganna tvisvar á ári, 1. apríl og 1. október, og sér um, að greiðslur þær, sem í 3. gr. getur, séu inntar af hendi.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1957.

Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, hversu erfiður fjárhagur ýmissa sveitarfélaga hefur verið allmörg undanfarin ár. Hefur hvort tveggja verið, að tekjustofnar sveitarfélaga hafa brugðizt og útgjöldum verið hlaðið á þau. Jafnframt þessu hefur ríkið svo vanrækt að greiða lögboðinn hluta sinn af kostnaði ýmiss konar framkvæmda, sem sveitarfélögum er lögskylt að láta vinna.

Sveitarfélögin og samtök þeirra hafa hvað eftir annað varað við þessari stefnu og bent á, hvern háska stefnt er í. Þessir aðilar hafa sýnt fram á það með ljósum rökum, að brýna nauðsyn ber til, að annaðhvort verði létt af sveitarfélögunum verulegum útgjöldum, til dæmis og sérstaklega kostnaði við löggæzlu, menntamál og almannatryggingar, eða sveitarfélögunum verði tryggðir nýir, öruggir tekjustofnar.

Alþingi verður að koma til móts við eðlilegar og sanngjarnar óskir sveitarfélaganna og láta þeim í té nýja tekjustofna.

Með þessu frumvarpi er lagt til, að sveitarfélög fái fjórðung söluskattsins. Árið 1954 var söluskattur áætlaður 95.5 millj., en varð 117.6 millj. króna, þ. e. fór 23% fram úr áætlun. Árið 1955 var hann áætlaður 112.0 millj., en varð 132.7 millj. króna, þ. e. fór 18.5% fram úr áætlun.

Ed. 125. Breytingartillaga [6. mál]

við frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 90/1954, um tollskrá o. fl.

Frá Jóhanni Jósefssyni og Gunnari Thoroddsen.

Síðari málsgrein 1. gr. falli niður.

Sþ. 126. Tillaga til þingsályktunar [80. mál]

um lán til íbúðabygginga.

Flm.: Jóhann Hafstein, Sigurður Bjarnason, Ragnhildur Helgadóttir, Kjartan J. Jóhannsson, Gunnar Thoroddsen.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því, að veðdeild Landsbanka Íslands taki allt að 100 milljón króna erlent lán, sbr. 3. og 5. gr. laga nr. 55/1955, er varið verði til útlána á vegum hins almenna veðlánakerfis til íbúðabygginga.

Jafnframt ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að veita öðrum aðilum, sem þess kynnu að óska, leyfi eða fyrirgreiðslu til erlendrar lántöku til íbúðabygginga, sé um lántökur að ræða með eðlilegum kjörum.

Greinargerð.

Eins og nú standa sakir, er langveigamesta ráðstöfunin til þess að bæta skjótlega úr húsnæðisskortinum að gera þeim mörgu einstaklingum og öðrum aðilum, sem nú eiga hús í smíðum, kleift að ljúka þeim sem fyrst. Til þess að svo megi verða, þarf mikið viðbótarlánsfé fram yfir það, sem varið hefur verið til íbúðabygginga. Sá vandi verður ekki leystur nema með erlendri lántöku í þessu skyni, en jafnframt er þá séð fyrir erlendum gjaldeyri til kaupa á byggingarefni og öðrum nauðsynjum til íbúðabygginga. Þegar lögin um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða voru sett, var veitt heimild til erlendrar lántöku og gert ráð fyrir erlendu lánsfé til útlána á vegum hins almenna veðlánakerfis. Bráð nauðsyn er nú á því að hagnýta þessa heimild, og er tillaga þessi því flutt. Jafnframt vísast til tillagna þeirra, sem fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í húsnæðismálastjórn hafa flutt um sama efni.

Fylgiskjal.

Tillögur fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í húsnæðismálastjórn:

Við setningu laga nr. 55/1955, um húsnæðismálastjórn o. fl., var tryggt fjármagn til framkvæmda laganna á árunum 1955 og 1956 með samkomulagi, sem fyrrverandi ríkisstjórn gerði við Landsbanka Íslands. Með því að nú líður að lokum þess

tímabils, sem samið var fyrir, og alger óvissa ríkir um framhaldið, telur húsnæðismálastjórn brýna nauðsyn bera til, að hafnir séu nú þegar í stað samningar við bankana um ráðstafanir til fjáröflunar vegna húsnæðismálanna framvegis.

Telur húsnæðismálastjórn, að við þá samninga beri að leggja áherzlu á eftirfarandi:

1. Tryggt sé, að minnst 150 millj. kr. verði ráðstafað af sparifé landsmanna til útlána til íbúðabygginga í kaupstöðum og kauptúnum árið 1957.
2. Tekin verði erlend lán að minnsta kosti 100 millj. kr., sem auk framangreinds fjármagns verði varið til útlána til íbúðabygginga 1957 til þess að fullnægja eftirspurninni eftir íbúðalánum og koma í veg fyrir okurlánastarfsemi.
3. Kappkostað verði, að útlán ársins 1957 hefjist strax í ársbyrjun til þess að bæta úr lánsfjárskortinum og stuðla að því, að fokheldar íbúðir megi verða fullgerðar yfir vetrarmánuðina og komist sem fyrst í notkun.

Ed. 127. Nefndarálit [12. mál]

um frv. til laga um festingu verðlags og kaupgjalds.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess.

JJós tekur fram eftirfarandi:

1. Nú er stofnun félags löglega undirbúin samkvæmt 64. gr., og skulu þá frumkvöðlar félagsstofnunar boða til fundar um málið.

2. Nú er ráðgert að stofna félag við vatn, sem veiði er í, og skal þá kveðja til fundar ábúendur allra jarða á hinu fyrirhugaða félagssvæði. Ef félag á eða hefur til afnota land, sem veiðiréttur fylgir, skal boða formann félags. Nú hefur veiðiréttur verið skilinn frá landareign, og skal boða notanda veiðiréttar.

3. Nú er ráðgert að stofna veiðifélag við vatn, sem verið hefur veiðilaust, og skal þá boða til fundar ábúendur allra þeirra jarða, sem lönd eiga að vatni á hinu fyrirhugaða félagssvæði.

4. Fund skal boða skriflega og eigi síðar en 14 dögum fyrir fundardag og auk þess með auglýsingu í Ríkisútvarpinu tvo daga í röð eigi síðar en viku fyrir fundardag.

66. gr.

1. Á fundi þeim, sem boðaður hefur verið samkvæmt 65. gr., skal leggja fram leyfi veiðimálastjóra til félagsstofnunar ásamt öðrum skjölum, sem fram hafa komið um málið. Á fundinum skal ræða um stofnun félags og verkefni og bóka fundargerð.

2. Á þeim fundi og öðrum fer um atkvæðisrétt eins og hér segir: Ábúandi hvers lögbýlis, sem metið var til verðs í fasteignamati 1942 eða í eldra mati, skal hafa eitt atkvæði. Nú býr maður á fleiri en einni jörð, og hefur hann þá eitt atkvæði. Nú er jörð í eyði, og hefur eigandi hennar eitt atkvæði. Nú eru ábúendur lögbýlis eða eigendur eyðijarðar fleiri en einn, og skulu þeir gera með sér skriflegan samning um, hver fari með atkvæðisrétt jarðarinnar. Fela má öðrum að fara með atkvæði, enda sé umboðið skriflegt og þess getið í fundarbók.

3. Ef ⅔ þeirra, sem boðaðir eru til fundar samkvæmt 65. gr. og atkvæðisbærir eru samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar, sækja fund, má stofna félag þegar á þeim fundi, enda samþykki ¾ fundarmanna félagsstofnun.

67. gr.

1. Nú verður félag eigi stofnað á þessum fundi, og getur þá meiri hluti fundarmanna kosið nefnd, er undirbýr annan fund. Nefndin semur frumvarp til samþykktar fyrir félag samkvæmt 69. gr., leitar álits sérfróðra manna, ef þurfa þykir, og aflar þeirra gagna annarra, sem fundarmenn æskja eða nauðsynleg þykja.

2. Þá er nefndin hefur samið frumvarp til samþykktar, skal leggja það fram á hentugum stað ásamt öðrum skjölum, sem félagsstofnun varða, til sýnis væntanlegum félagsmönnum. Framlagningu skjala skal auglýsa með þeim hætti, er þar tíðkast í héraði um birtingu auglýsinga, sem almenning varða, svo og í Ríkisútvarpinu. Skjölin skulu liggja frammi til sýnis eigi skemmri tíma en 3 vikur.

68. gr.

Þá er lokið er undirbúningi samkvæmt 67. gr., skal nefndin boða til annars fundar með þeim hætti, er segir í 65. gr. Á þeim fundi skal enn ræða félagsstofnun og taka ákvörðun um hana. Nú samþykkja ⅔ fundarmanna félagsstofnun, og er þá öllum öðrum, sem fundur var boðaður, skylt að gerast félagar.

69. gr.

1. Nú er stofnun félags löglega ákveðin, og skal þá setja félaginu samþykkt á stofnfundi eða öðrum fundi, sem boðaður er á sama hátt sem stofnfundur. Um samþykkt og önnur félagsmálefni ræður afl atkvæða.

2. Í samþykkt félags skulu vera ákvæði um:

a. Nafn félags, heimilisfang og varnarþing.
b. Félagssvæði. Skulu þar taldar, svo að eigi verði um villzt, allar þær jarðir, sem eru á félagssvæðinu.
c. Verkefni félags.
d. Skipun og starfssvið félagsstjórnar.
e. Reikninga félags og endurskoðun.
f. Meðferð á afla félags eða arði og greiðslu kostnaðar af starfsemi félags.

3. Í samþykkt má ákveða, að veiðifélag starfi í deildum, enda taki hver deild yfir tiltekið veiðivatn eða hluta vatns samkvæmt c-lið 1. mgr. 63. gr. Hver deild ráðstafar veiði í sínu umdæmi með þeim takmörkunum, sem aðalfundur setur.

70. gr.

1. Á stofnfundi eða öðrum fundi, boðuðum á sama hátt, skal gera skrá, er sýni hluta þann af veiði eða arði af veiði, sem koma á í hlut hverrar jarðar eða jarðarhluta, er veiðiréttur fylgir í vatni á félagssvæði. Við niðurjöfnun veiði eða arðs af henni skal taka tillit til aðstöðu við netjaveiði og stangarveiði, landlengdar að veiðivatni, til hrygningarskilyrða og uppeldisskilyrða fisks.

2. Arðskrá skal leggja undir úrskurð fundarmanna, og þarf hún ⅔ atkvæða félagsmanna. Greiða má atkvæði skriflega, enda sé þess getið í fundarbók.

3. Nú telur félagsmaður gengið á hluta sinn með arðskrá, og getur hann þá krafizt mats samkvæmt 106. gr.

71. gr.

Kostnað af starfsemi veiðifélags skulu félagsmenn greiða í sama hlutfalli sem þeir taka arð.

72. gr.

Félagsstjórn skal senda ráðherra samþykkt og arðskrá til staðfestingar. Nú þykja samþykkt og arðskrá eigi þannig úr garði gerðar, að staðfesta megi, og sendir ráðherra þær aftur til félagsstjórnar með athugasemdum um það, er ábótavant þykir. Annars kostar staðfestir hann þær, eða þá er lagfært hefur verið það, er ábótavant þykir, enda mæli veiðimálastjóri og veiðimálanefnd með staðfestingu. Aldrei má samþykkt brjóta í bág við réttarákvæði, almennar grundvallarreglur laga né réttindi einstakra manna.

73. gr.

Nú hefur veiðifélag verið stofnað samkvæmt 65.—68. gr., og getur þá sá, sem telur félagið ólöglega stofnað, vefengt félagsstofnun fyrir ráðherra, áður en þrjú ár eru liðin frá staðfestingu félagssamþykktar. Vefengingu, sem síðar berst, skal eigi taka til greina. Nú telur ráðherra, að vefenging sé á rökum reist, og ber honum að fella samþykkt félagsins úr gildi. Nú hefur vefenging fyrir ráðherra verið borin fram á lögmætum tíma, en hann eigi tekið hana til greina, og er rétt að skjóta málinu til dómstóla, áður en eitt ár er liðið frá dagsetningu úrskurðar ráðherra.

74. gr.

Nú hefst veiði fyrir landi jarðar, er liggur að fiskihverfi veiðifélags, en utan félagssvæðis, og skal leggja þá jörð við það félagssvæði. Er ábúanda hennar skylt að gerast félagi, ef félagsfundur samþykkir. Boða skal ábúanda slíkrar jarðar fund, og á hann þar atkvæði um málið.

75. gr.

Skylt er stjórn veiðifélags að gefa veiðimálastjóra árlega skýrslu um starfsemi félagsins og þær skýrslur aðrar, er veiðimálastjóri kann að æskja.

76. gr.

1. Aðalfund skal halda árlega og aukafund, þá er félagsstjórn telur ástæðu til eða ¼ félagsmanna æskir og tilgreinir fundarefni. Nú lætur félagsstjórn undir höfuð leggjast að boða fund í tvo mánuði, og er þeim, er fund vilja halda, rétt að boða hann.

2. Fund skal boða með auglýsingu í Ríkisútvarpinu tvo daga í röð eigi síðar en viku fyrir fundardag. Þó má boða fund í félagi, sem hefur færri en 30 félagsmenn, með símtölum eða á annan þann hátt, sem tíðkast um boðun funda í því héraði.

3. Á fundi skal liggja frammi skrá um atkvæðisbæra félagsmenn.

4. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum. Þó verður breyting á samþykkt eða arðskrá að hljóta samþykki ⅔ félagsmanna. Nú verður breyting á samþykkt eða gjaldskrá eigi afgreidd vegna ónógrar fundarsóknar, og má þá boða til annars fundar. Á þeim fundi ræður afl atkvæða. Nú er ráðgert að breyta samþykkt eða arðskrá, og skal þess getið í fundarboði. Greiða má atkvæði skriflega, enda sé þess getið í fundarbók.

77. gr.

1. Þá er veiðifélag hefur verið stofnað með löglegum hætti, skal hverjum manni óheimilt að veiða í vatni á félagssvæðinu, nema hann hafi samþykki félagsstjórnar.

2. Í samþykkt félags má setja ákvæði, er banna félagsmanni og öðrum þeim, sem á félagssvæði búa, að hafa undir hendi ádráttarnet, nema sannað geti, að net eigi að nota til veiði í vatni utan félagssvæðis.

3. Ákvæði 1. mgr. tekur eigi til þess manns, sem fengið hefur veiðiskírteini samkvæmt 22. gr.

78. gr.

Ráðherra er rétt eftir tillögum veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar að veita veiðifélagi undanþágu frá ákvæði 1. mgr. 34. gr. laga þessara um lengd fastra veiðivéla út í vatn og binda undanþágu þeim skilyrðum, sem þurfa þykir.

79. gr.

1. Nú verða ábúendaskipti á jörð á félagssvæði, og er þá hinum nýja ábúanda skylt að gerast félagi og taka á sig skuldbindingar félagsmanns.

2. Skylt er félagi, þá er ábúandi fer frá jörð á félagssvæði, að greiða honum hluta hans í eignum félagsins.

3. Nú semur eigi um skuldbindingar eða eignarhluta samkvæmt 1. og 2. mgr., og sker þá mat úr.

80. gr.

Nú vill fiskræktarfélag taka upp félagsveiði, og er það rétt, enda sé fullnægt skilyrðum laga þessara um stofnun veiðifélags.

81. gr.

Veiðifélagi má slíta, þá er ⅔ félagsmanna samþykkja á félagsfundi, sem boðaður er með sama hætti sem stofnfundur. Nú er félagsfundur eigi lögmætur eða nægur meiri hluti félagsmanna er eigi á fundi, og má boða til annars fundar á sama hátt. Er þá rétt að slíta félagi, enda samþykki ⅔ atkvæðisbærra fundarmanna félagsslit.

X. KAFLI

Um klak- og eldisstöðvar ríkisins og fiskeldi.

82. gr.

Rétt er ráðherra að koma upp klak- og eldisstöð, einni eða fleiri, þegar fé er veitt á fjárlögum. Rétt er, að slík stöð sé reist og rekin af félagi, er bæði ríkissjóður og aðrir aðilar standa að. Veiðimálastjóri hefur umsjón með stöðvum þessum.

83. gr.

Klak- og eldisstöðvar ríkisins afla seiða til fiskræktar og gera tilraunir um klak og eldi fisks. Þær skulu og veita fræðslu um meðferð klaks og um fiskeldi, eftir því sem við verður komið.

84. gr.

Klak- og eldisstöðvum þeim, er getur í 82. og 83. gr., skal heimilt, að fengnu leyfi ráðherra, sbr. 22. gr., að afla stofnfisks til klaks í hvaða veiðivatni sem er, enda séu svo mörg seiði sett í vatn í staðinn, að því sé að dómi veiðimálastjóra að fullu bættur skaðinn.

85. gr.

Þeir, sem rækta vilja fisk í veiðilausu vatni, skulu ganga fyrir öðrum um kaup á seiðum.

86. gr.

Nú tekur maður upp fiskeldi, og skal hann þá tilkynna veiðimálastjóra það. Tilkynningu skulu fylgja skilríki um vatnsafnot og uppdrættir af ráðgerðum mannvirkjum.

87. gr.

1. Nú er vatn tekið úr veiðivatni til afnota í eldisstöð, og skal búa svo um vatnsleiðslur að eldistjörn og frá, að fiskur gangi eigi úr veiðivatni í leiðslur. Umbúnaður slíkra vatnsleiðslna skal háður samþykki veiðimálastjóra.

2. Nú er straumvatn stíflað vegna eldisstöðvar, og fer um gerð stíflu samkvæmt 42. gr.

88. gr.

Nú truflar vatnstaka til eldisstöðvar göngu fiska í veiðivatni, og skal þá haga vatnstöku svo, að hún valdi sem minnstri truflun. Tilhögun vatnsveitu skal háð samþykki veiðimálastjóra.

89. gr.

Ákvæði 21., 27., 28., og 38. gr. taka eigi yfir fisk í eldisstöðvum.

90. gr.

Forráðendur eldisstöðvar skulu gefa veiðimálastjóra árlega skýrslu um starfsemi stöðvarinnar.

91. gr.

Nú veldur eldisstöð rýrnun á veiði í vatni, og skal bæta tjónið eftir mati, ef eigi semur.

XI. KAFLI
Um innflutning á lifandi fiski og hrognum.

92. gr.

Eigi má flytja til landsins lifandi laxfisk eða annan fisk, er lifir í ósöltu vatni, eða lifandi hrogn slíkra fiska, nema ráðherra, sem fer með veiðimál, leyfi og veiðimálastjóri mæli með því.

93. gr.

1. Sótthreinsa skal fisk, hrogn, ílát og umbúðir um fisk eða hrogn, sem flutt eru til landsins samkvæmt 92. gr. Veiðimálastjóri gefur fyrirmæli um sótthreinsun og hefur eftirlit með henni.

2. Nú er fiskur fluttur milli landa með viðkomu á Íslandi, og skal sá flutningur háður fyrirmælum veiðimálastjóra.

94. gr.

Rétt er ráðherra að fengnum tillögum veiðimálastjóra að kveða á um sótthreinsun á fiski og hrognum í klak- og eldisstöðvum, enda þyki hætta á sýkingu, þá er fiskur er fluttur þaðan. Með sama skilorði er ráðherra rétt að fyrirskipa sótthreinsun á fiski og hrognum, sem flutt eru lifandi frá veiðivatni, ef grunur leikur á sýkingarhættu.

95. gr.

Nú kemur upp næmur sjúkdómur í veiðivatni eða í klak- og eldisstöð eða grunsamlegt þykir, að næmur sjúkdómur leynist í fiski á slíkum stöðum, og er ráðherra þá rétt að fengnum tillögum veiðimálastjóra og veiðimálanefndar að gera hvers konar ráðstafanir, sem taldar eru nauðsynlegar til að hefta útbreiðslu sjúkdómsins.

XII. KAFLI
Um ófriðun sels.

96. gr.

1. Hverjum manni er rétt að skjóta eða styggja sel í veiðivatni og í ósi þess eða ósasvæði, enda sé eigi öðruvísi mælt í lögum.

2. Á Hvammsfirði skal svæði, er liggur fyrir innan línu úr ytri enda Skoravíkurmúla í Hólmlátursborgir, vera undanþegið banni gegn selaskotum og uppidrápi.

97. gr.

1. Nú eru friðlýst selalátur eða selalagnir í veiðivatni eða nær ósi vatns, er lax eða göngusilungur fer um, en 7 km, og skulu þau þá ófriðuð, enda sýni mat, að arður af laxveiði eða göngusilungs í ánni sé meiri en arður af selveiði.

2. Nú eru friðlýst selalátur eða selalagnir í veiðivatni eða svo nærri ósi vatns sem segir í 1. mgr., en lax- og silungsveiði í vatninu er metin minna virði en selveiðin, og er ráðherra rétt eftir tillögum veiðimálastjóra að ófriða þau, enda hafi fiskrækt verið stunduð við vatnið svo lengi og með þeim árangri, að mat þyki sýna, að laxveiði eða göngusilungs í vatninu verði arðsamari en selveiðin.

98. gr.

1. Fyrir missi selveiðinytja þeirra, er getur í 97. gr., skulu koma fullar bætur.

2. Bætur greiða eigendur laxveiði eða göngusilungs í því fiskihverfi, er í hlut á. Skulu þær vera árgjald og ákveðnar í eitt skipti fyrir öll, sbr. þó 3. mgr. Bætur skulu ákveðnar með mati, ef eigi semur, og greiða veiðieigendur þær að tiltölu við veiði sína síðasta ár. Sýslumaður jafnar niður gjaldi og innheimtir á manntalsþingi. Fylgir því lögtaksréttur. Nú er veiðiréttur leigður samkvæmt 2. eða 60. gr., og greiðir þá leigutaki bætur í stað leigusala.

3. Nú eykst eftir ófriðun sels lax- eða göngusilungsveiði jarðar, er bætur hlýtur samkvæmt 2. mgr., og skal sá hagsauki þá dreginn frá bótum, enda krefjist mats einhver, sem bætur skal greiða. Nú sýnir mat, að arður af lax- eða silungsveiði jarðar hefur aukizt sem nemur arði af selveiði, og skulu bætur fyrir hana niður falla.

XIII. KAFLI
Um stjórn veiðimála og eftirlit.

99. gr.

1. Ráðherra hefur yfirstjórn allra veiðimála.
2. Til aðstoðar ráðherra um stjórn veiðimála eru veiðimálastjóri og veiðimálanefnd.

100. gr.

1. Veiðimálastjóri skal vera kunnáttumaður um vatnalíffræði og veiðimál. Ráðherra skipar veiðimálastjóra, og tekur hann laun úr ríkissjóði.
2. Veiðimálastjóri hefur með höndum þessi störf:

a. Hann annast rannsókn vatna og fiska og sér um skrásetningu veiðivatna.
b. Hann safnar skýrslum um veiði og fiskrækt.
c. Hann gerir eða lætur gera uppdrætti að klakstöðvum, eldisstöðvum og fiskvegum og hefur umsjón með gerð slíkra mannvirkja.
d. Hann gerir tillögur um reglugerðir og önnur ákvæði, sem sett eru samkvæmt lögum um friðun eða veiði.
e. Hann veitir leiðbeiningar um veiðimál og er ráðherra til aðstoðar um allt, sem að þeim lýtur.

101. gr.

1. Í veiðimálanefnd eiga sæti þrír menn. Ráðherra skipar nefndina, einn nefndarmanna að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, en annan að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands. Nú verður stofnað samband íslenzkra fiskræktarfélaga eða veiðifélaga, og skulu þá tveir nefndarmanna skipaðir að fengnum tillögum þessara sambanda í stað Búnaðarfélagsins og Fiskifélagsins.
2. Veiðimálanefnd er ráðherra til aðstoðar um veiðimál. Getur hún gert tillögur um allt, er að þeim málum lýtur. Samþykkis veiðimálanefndar skal leita um setningu reglugerða og annarra ákvæða um friðun eða veiði.

102. gr.

1. Ráðherra skipar eftirlitsmenn með veiði, þar sem þurfa þykir. Um tölu þeirra og skipun skal leita tillagna veiðimálastjóra.
2. Eftirlitsmenn skulu hafa nákvæmar gætur á því, að veiði í umdæmi þeirra sé stunduð með löglegum hætti. Þeir safna veiðiskýrslum, hver í sínu umdæmi, og gefa veiðimálastjóra þær skýrslur um veiði og vötn, er hann kann að æskja. Þeir skulu gera skrár um veiðivélar, lagnir og drætti í umdæmum sínum og sjá um merkingu veiðarfæra. Nánari fyrirmæli um starfsemi eftirlitsmanna setur veiðimálastjóri í erindisbréfi.
3. Veiðimálastjóri gefur út skilríki handa eftirlitsmönnum.
4. Eftirlitsmenn skulu eiga frjálsa för um veiðivatn og meðfram því, eftir því sem þörf krefur. Þeir hafa vald til að taka upp úr veiðivatni ólögleg veiðitæki eða veiðitæki, sem notuð eru á óleyfilegum tíma eða óleyfilegum stað.

103. gr.

1. Ráðherra ákveður kaup eftirlitsmanna, að fengnum tillögum veiðimálastjóra. Greiðist það að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr sýslusjóði eða sýslusjóðum. Rétt er sýslunefnd að kveða svo á, að veiðieigendur endurgreiði sýslusjóði hluta hans að

tiltölu við veiði hvers þeirra um sig næstliðið ár. Sýslumaður jafnar niður gjaldi, og má taka það lögtaki.

2. Rétt er ráðherra að skipa eftirlitsmann með veiði, þar sem sérstaklega stendur á, enda æski þess eigendur eða notendur veiði og greiði kostnað af eftirliti.

XIV. KAFLI
Um styrkveitingar til fiskræktar.

104. gr.

Styrk skal veita úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt á fjárlögum, til framkvæmda, er lúta að fiskrækt eða fiskeldi, enda samþykki veiðimálastjóri tilhögun framkvæmda, þær séu gerðar undir eftirliti hans og hann mæli með styrkveitingu.

Þessar framkvæmdir njóta styrks, er nemi allt að ⅓ af áætluðum kostnaði:

1. Fiskvegir og önnur meiri háttar mannvirki, er stefna að því að auka fiskför um vatn.
2. Klakhús og eldisstöðvar, enda hafi fiskur verið alinn þar eigi skemur en 3 ár.

Rétt er ráðherra að ákveða, hvaða mannvirki skuli styrkja.

105. gr.

Veita skal lán úr Ræktunarsjóði samkvæmt lögum nr. 66 31. maí 1947 til framkvæmda þeirra, sem getur í 104. gr. Lán skulu og veitt til að reisa íbúðarhús við eldisstöðvar samkvæmt lögum nr. 20 31. jan. 1952, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum, þegar fiskur hefur verið alinn þar í 3 ár og skilyrði til eldis hafa reynzt hagkvæm. Lán til íbúðarhúsa við eldisstöðvar skulu hlíta sömu reglum sem lán til íbúðarhúsa á nýbýlum.

XV. KAFLI
Um matsgerðir og skaðabætur.

106. gr.

1. Nú greinir menn á, hvar um sé að tefla sjó, straumvatn, stöðuvatn, á, ós, ósasvæði, kvísl, ál, takmörk fiskihverfis, vatns eða hluta af vatni, svo sem ós, ósasvæði, kvísl, ál, foss, lögn eða veiðistað, legu aðalstraumlínu eða önnur slík efni, sem getur í lögum þessum, og skal þá skera úr ágreiningi með mati.

2. Mat samkvæmt 1. mgr. og annað mat, sem getur í lögum þessum, skulu framkvæma tveir menn dómkvaddir af héraðsdómara, þar sem er vatn það, er meta skal. Héraðsdómari skal að jafnaði dómkveðja menn búsetta í öðru lögsagnarumdæmi, en ráðfæra skal hann sig við veiðimálastjóra, áður en hann framkvæmir dómkvaðningu. Nú varðar mat merkivatn milli lögsagnarumdæma, og ákveður þá ráðherra, hvaða héraðsdómari dómkveður matsmenn.

3. Mati má skjóta til yfirmats, áður en liðnar eru 8 vikur frá birtingu mats. Í yfirmati eiga sæti 3 menn, er ráðherra skipar, einn meðal dómara Hæstaréttar, en annan eftir tillögu veiðimálanefndar.

4. Rétt er að skjóta ágreiningi, er getur í 1. mgr., beint til yfirmatsmanna, enda séu aðilar ásáttir um það.

5. Matsmenn ákveða kostnað af mati og skiptingu hans á aðila.

6. Rétt er matsmönnum að kveðja kunnáttumenn sér til aðstoðar, ef þörf þykir, og telst kostnaður af því til matskostnaðar.

107. gr.

1. Nú hefur veiðieigandi, er veiði átti áður en lög þessi komu til framkvæmda, misst hana með öllu fyrir þá sök, að lögin fyrirmuna honum að nota þá veiðiaðferð, er hann áður mátti einni við koma, og á hann þá kröfu til skaðabóta eftir mati, sbr. 106. gr.

2. Matsmenn samkvæmt 1. mgr. skulu leita umsagnar veiðimálastjóra og veiðimálanefndar. Skaðabætur greiðast að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr sjóði sýslu þeirrar eða sýslna, sem í hlut eiga.

108. gr.

Um fjárhæð og greiðslu bóta eða endurgjald, er greinir í lögum þessum, fer eftir lögum um framkvæmd eignarnáms.

XVI. KAFLI
Refsiákvæði og réttarfars.

109. gr.

1. Nú veiðir maður ólofað í vatni annars manns, og varðar það sektum, allt að 15000 kr. Sá, er misgert var við, skal fá allt veiðifang eða andvirði þess auk bóta fyrir annað tjón, sem hann kann að hafa orðið fyrir.

2. Nú hittist maður með veiðarfæri við veiðivatn annars manns fyrir utan venjulega vegi, og skal þá sekta hann sem væri hann sekur um ólöglega veiði, nema sannað sé, að hann hafi haft þar lögmætt erindi.

110. gr.

Það varðar mann sektum, 1000—15000 krónum, ef

a. hann veiðir á tíma, þegar veiði er bönnuð, eða á stöðum, þar sem veiði er bönnuð;
b. hann notar veiðitæki eða veiðiaðferðir, sem bannað er að nota, sbr. þó 111. gr., eða fylgir eigi reglum um tilhögun veiðitækja eða um veiðiaðferð;
c. hann veiðir fisk, sem er minni en leyft sé að veiða, eða sleppir eigi í vatn veiddum fiski, er sleppa skal;
d. hann brýtur ákvæði 23. eða 38. gr.;
e. hann spillir fiskvegi eða tálmar á ólögmætan hátt fiskför um vatn;
f. hann brýtur reglur, sem settar eru samkvæmt lögum þessum um þau efni, er greinir í stafliðum a—e.

111. gr.

Nú notar maður sprengiefni, skotvopn, rafmagn, eitruð efni eða deyfandi eða veitir vatni af fiski við veiði, og skal hann þá sæta sektum, eigi lægri en 8000 krónum, eða varðhaldi.

112. gr.

Önnur brot gegn lögum þessum eða reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, varða sektum allt að 5000 krónum. Sömu sektum varða brot á lögmætum samþykktum fiskræktarfélaga og samþykktum veiðifélaga.

113. gr.

Brot þau, er getur í a—b-liðum 110. gr. og 111. gr., teljast fullframin, jafnskjótt og veiðarfæri er komið að veiðistað, nema sannað sé, að það hafi verið flutt þangað í lögmætum tilgangi.

114. gr.

Ólögleg veiðitæki og veiðitæki, sem notuð eru með ólöglegum hætti, skulu upptæk ger. Eins fer um ólöglegt veiðifang.

115. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum og andvirði upptækra veiðitækja renna í ríkissjóð.

XVII. KAFLI
Niðurlagsákvæði.

116. gr.

Fiskræktarfélag, veiðifélag og fiskræktar- og veiðifélag, sem löglega hafa verið stofnuð samkvæmt eldri lögum, skulu haldast, en breyta skulu þau á löglegum aðalfundi samþykktum sínum til samræmis ákvæðum þessara laga, áður en tvö ár eru liðin frá gildistöku þeirra.

117. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin:

Lög nr. 36 13. júní 1937, um klaksjóð, heimild fyrir ríkisstjórnina til að reisa klakstöðvar og til leigunáms í því skyni.

Lög nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.

Lög nr. 40 30. júní 1942, um breyting á lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.

Lög nr. 94 16. des. 1943, um breyting á lögum nr. 40 30. júní 1942, um breyting á lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.

Lög nr. 8 11. marz 1946, um breyting á lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.

Lög nr. 22 22. marz 1949, um breyting á lögum nr. 112/1941, um lax- og silungsveiði.

Lög nr. 98 18. des. 1950, um breyting á lögum nr. 40 1942, um breyting á lögum nr. 112 1941, um lax- og silungsveiði.

Lög nr. 101 23. des. 1952, um breyting á lögum nr. 112 1941, um lax- og silungsveiði.

Lög nr. 27 16. febr. 1953, um breyting á lögum nr. 36 13. júní 1937, um klaksjóð, heimild fyrir ríkisstjórnina til að reisa klakstöðvar og til leigunáms í því skyni.

Önnur ákvæði laga, er fara í bág við lög þessi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt beiðni landbúnaðarráðherra. Nefndin og einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur og fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma. Frumvarpinu fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Samhljóða frumvarp var lagt fyrir síðasta Alþingi, en varð ekki útrætt. Meiri hluti landbúnaðarnefndar efri deildar skilaði þá nefndaráliti um frumvarpið á þingskjali 544 og bar fram nokkrar breytingartillögur við frumvarpið á þingskjali 545.

Um greinargerð fyrir frumvarpinu vísast til athugasemda þeirra, sem fylgdu frumvarpinu, þegar það var lagt fyrir síðasta þing.“

Ed. 134. Frumvarp til laga [84. mál]

um breytingu á framfærslulögum, nr. 80 5. júní 1947.

Flm.: Björn Jónsson, Alfreð Gíslason.

1. gr.

Við 37. gr. laganna bætist:

Þó skulu bótaþegar elli- eða örorkulífeyris ætíð fá 25% af bótagreiðslum Tryggingastofnunar ríkisins til eigin ráðstöfunar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 37. gr. framfærslulaga, nr. 80 5. júní 1947, er svo fyrir mælt, að Tryggingastofnun ríkisins beri að greiða elli- og örorkubætur styrkþega, sem sveitarstjórn kemur fyrir til dvalar á hæli eða annars staðar, til viðkomandi sveitarstjórnar, ef hún greiðir eða ábyrgist dvalarkostnað styrkþegans þar.

Af þessu lagaákvæði leiðir í framkvæmd, að bótaþegar elli- eða örorkulífeyris, sem ekki eiga að framfærsluskylda vandamenn og engar eignir eiga, eru algerlega sviptir ráðstöfunarrétti á öllum bótum sínum. Verða þeir því að sækja fé til smæstu einkaþarfa sinna undir sveitarstjórnir sem framfærslustyrk, þar sem mikið skortir á, að elli- og örorkubætur nægi bæði til greiðslu dvalarkostnaðar, fatnaðar og annarra minni háttar þarfa, sem tæpast verður úr bætt, nema viðkomandi hafi einhver fjárráð.

Flm. telja, að núverandi skipan þessara mála sé ekki viðunandi frá sjónarmiði mannúðar og virðingar fyrir tilfinningum þess fólks, sem oft og tíðum á lengstan starfsdag að baki í þjóðfélaginu, og leggja því til, að hinu einstæða aldraða eða örkumla fólki verði veittur réttur til að verja hluta af tryggingabótum að eigin geðþótta í samræmi við þarfir sínar og hugðarefni.

Nd. 135. Frumvarp til laga [85. mál]

um heimili fyrir öryrkja vegna geð- og taugasjúkdóma.

Flm.: Ragnhildur Helgadóttir, Kjartan J. Jóhannsson.

1. gr.

Nú ákveður Geðverndarfélag Íslands að koma á fót heimili fyrir öryrkja vegna geð- og taugasjúkdóma, og skal ríkissjóður þá lána allt að einni milljón króna til kaupa á húseign í þessu skyni.

2. gr.

Lán ríkissjóðs skal tryggt með veði í eignum heimilisins, og skal lánið vera vaxtalaust. Ef ráðherra telur, að góður árangur hafi orðið af starfsemi heimilisins að tíu árum liðnum frá stofnun þess, verður lánið óafturkræft.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðari árum hefur verið æ betur félagslega búið að öryrkjum á landi hér og stefnt að vinnuþjálfun þeirra, nýtingu og endurnýjun starfskrafta þeirra. Er þar einna glæsilegast fordæmi S. Í. B. S. Það félag og önnur félög hafa aflað fjár til þessa með aðferðum, sem óhjákvæmilega verða alláberandi. Nauðsynlegt er, að stofnun eins og um getur í frv. geti farið af stað sem allra hávaðaminnst, þar eð hlédrægni og nokkur ótti við augu almennings háir mörgu því fólki, sem haldið hefur verið geð- og taugasjúkdómum.

Fyrir fáum árum var hér stofnað Geðverndarfélag Íslands í þeim megintilgangi að auka skilning almennings og stjórnvalda á þýðingu geðheilsu og andlegrar heilsuverndar eða geðverndar fyrir einstaklinga og þjóðfélagið. Félagi þessu er m. a. ætlað að vera bakhjarl geð- og taugaveiklaðs fólk, og er það heppilegur aðili til að standa að stofnun heimila eins og um ræðir í frumvarpinu. Nefnd hefur starfað á vegum félagsins að undirbúningi málsins og lagt fram ákveðnar tillögur, en fjárskortur

stendur þessari bráðaðkallandi framkvæmd fyrir þrifum. Þess vegna er frumvarp þetta fram komið, samkvæmt eindregnum tilmælum aðalfundar félagsins, sem haldinn var nú fyrir skömmu.

Nauðsyn þess að koma á fót heimilum sem því, er um ræðir í þessu frumvarpi, er margþætt. Annars vegar eru þeir þættir, sem vita að öryrkjunum sjálfum, nauðsyn þess, að sú heilsa, sem fólk þetta hefur fengið, oft og tíðum eftir langvinn veikindi, sé varðveitt og starfsorka sú, sem það hefur við hæfileg verkefni, betur hagnýtt sjálfu því til hamingju og aukinnar heilbrigði. Margt þetta fólk hefur að lokinni spítalavist hvergi höfði sínu að halla, en er tæpast nógu sterkt heilsufarslega og fjárhagslega til að fóta sig í almennu, daglegu lífi. Þrá þess er að geta lifað venjulegu heimilislífi og finna, að það sé nýtir borgarar. Með aðstoð til stofnunar smáheimila, þar sem fólk þetta gæti stundað vinnu sína eða utan þeirra, er líklegt, að leyst yrði úr þessum vanda.

Hins vegar eru svo þeir þættir, sem að hinu opinbera vita. Allmargt fólk, sem á slíkum heimilum mundi verða, dvelst nú í sjúkrahúsum, svo að þar mundi rýmkast, ef þessir einstaklingar fengju annan samastað, en sem kunnugt er, er tilfinnanlegur skortur á sjúkrahúsrými fyrir geð- og taugaveiklað fólk. Í annan stað væri það þjóðfélaginu til hagsbóta, ef nýta mætti starfsorku þá, sem fólk þetta hefur að meira eða minna leyti á fleiri eða færri sviðum. Líkur eru til, að það verði, þegar til lengdar lætur, kostnaðarminna fyrir hið opinbera að búa öryrkjum þessum dvalarstað á þennan hátt heldur en nú er með greiðslu fyrir þá á sjúkrahúsum og upptöku rýmis þar fyrir þeim, sem verr eru haldnir.

Nd. 136. Breytingartillaga [2. mál]

við frv. til laga um afnot íbúðarhúsa í kaupstöðum.

Frá Kjartani J. Jóhannssyni og Ragnhildi Helgadóttur.

Við 3. gr. bætist:

Einnig er félagsmálaráðherra heimilt að veita undanþágu frá lögum þessum um húsnæði, sem hagkvæmara þykir að nota sem atvinnuhúsnæði en til íbúðar, ef fyrir liggur umsókn eigenda og meðmæli hlutaðeigandi bæjarstjórnar.

Nd. 137. Nefndarálit [50. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 24. 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd hefur enn ekki fengizt til að afgreiða frumvarpið, og hafa nefndarmenn borið ýmsu við.

Hins vegar er ég undirritaður meðmæltur fram komnu frumvarpi og mæli eindregið með því, að það verði samþykkt.

Alþingi, 13. des. 1956.

Gunnar Jóhannsson,
fundaskr.

Ed. 138. Lög [12. mál]

um festingu verðlags og kaupgjalds.

(Afgreidd frá Ed. 13. des.)

Samhljóða þskj. 12.

Nd. 139. Nefndarálit [2. mál]

um frv. til laga um afnot íbúðarhúsa í kaupstöðum.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á nokkrum fundum og ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Einn nefndarmanna (GJóh) er samþykkur frumvarpinu eins og það liggur fyrir og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Aðrir nefndarmenn skrifa undir nefndarálitið með fyrirvara, og tveir þeirra (RH og KJJ) munu flytja breytingartillögu við frumvarpið.

Alþingi, 13. des. 1956.

Steingr. Steinþórsson, form., með fyrirvara. Gunnar Jóhannsson, fundaskr., frsm. Ragnhildur Helgadóttir, með fyrirvara.

Benedikt Gröndal, með fyrirvara. Kjartan J. Jóhannsson, með fyrirvara.

Nd. 140. Nefndarálit [4. mál]

um frv. til l. um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 68/1949, um bifreiðaskatt o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta og mælir með, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 14. des. 1956.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Emil Jónsson, fundaskr. Jóhann Hafstein.

Ólafur Björnsson. Einar Olgeirsson.

Nd. 141. Nefndarálit [5. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1957 með viðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta og mælir með, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 14. des. 1956.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Emil Jónsson, fundaskr. Jóhann Hafstein.

Ólafur Björnsson. Einar Olgeirsson.

Nd. 142. Nefndarálit [71. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 13 16. marz 1949, um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og orðið ásátt um að mæla með samþykkt þess.

Alþingi, 14. des. 1956.

Skúli Guðmundsson, form. Emil Jónsson, fundaskr. Ólafur Björnsson, frsm.
Jóhann Hafstein. Einar Olgeirsson.

Nd. 143. Nefndarálit [76. mál]

um frv. til laga um framlenging á eignarskattsviðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 14. des. 1956.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Emil Jónsson, fundaskr. Jóhann Hafstein.
Ólafur Björnsson. Einar Olgeirsson.

Ed. 144. Nefndarálit [35. mál]

um frv. til laga um að banna hnefaleika.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað málið, og eru nefndarmenn sammála um að leggja til, að það verði samþykkt óbreytt.
Einn nefndarmanna (KK) var ekki á fundi, er málið var afgreitt.

Alþingi, 13. des. 1956.

Alfreð Gíslason, form., frsm. Friðjón Þórðarson. Haraldur Guðmundsson.
Sigurður Ó. Ólafsson.

Ed. 145. Frumvarp til laga [86. mál]

um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1957.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1956.)

1. gr.

Til 31. janúar 1957 er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði til bráðabirgða, í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1956, öll venjuleg rekstrargjöld ríkisins og önnur gjöld, er talizt geta til fastra greiðslna þess, þótt ákveðin séu og heimiluð til eins árs í senn.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1957.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þar eð nú liggur fyrir, að Alþingi samþykki ekki fjárlög fyrir árið 1957 fyrir næstu áramót, er nauðsynlegt, að ríkisstjórninni verði veitt heimild sú, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Ed. 146. Frumvarp til laga [87. mál]

um breyting á lögum nr. 66 27. júní 1921, um fasteignaskatt.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. gr.

Upphaf 1. gr. laganna orðist svo:

Af öllum fasteignum á landinu, sem eru ekki sérstaklega undanþegnar, skal heimilt að innheimta árlega af fasteignamatsverði skatt í sveitarsjóð, þar sem fasteignirnar eru, svo sem hér segir.

2. gr.

Fyrir orðið „lögreglustjóra“ í 4. gr. laganna komi: oddvita eða bæjarstjóra.

3. gr.

5. gr. laganna breytist þannig:

a. Fyrir orðið „lögsagnarumdæmi“ í 1. málsl. komi: sveitarfélagi.
b. Fyrir orðið „lögreglustjóri“ í 3. málsl. komi: oddviti eða bæjarstjóri.

4. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Skatt þennan skal innheimta með öðrum sveitargjöldum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felld úr gildi lög nr. 66 24. apríl 1954.

Greinargerð.

Meiri hl. nefndarinnar flytur frv. þetta samkvæmt ósk ríkisstjórnarinnar. Frv. var flutt á síðasta þingi, og fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

Nú, þegar hraðvirkar bókhaldsvélar hafa verið teknar til aðstoðar innheimtumönnum ríkissjóðs við útreikning og innheimtu manntalsbókargjalda, verður fast-

eignaskatturinn og önnur þau gjöld, sem innheimt hafa verið með manntalsbókargjöldum og miðast við fasteignamat og eru tiltölulega lág, til tafar afgreiðslu annarra manntalsbókargjalda. Viðunandi árangur næst ekki af starfi vélanna, nema létt verði af innheimtumönnum ríkissjóðs innheimtu fasteignaskattsins og sýsluvegasjóðsgjaldsins, sem innheimtumenn ríkissjóðs hafa innheimt vegna sveitarsjóða. Ljóst er, að innheimta þeirra með öðrum fasteignagjöldum, sem sveitarfélög hafa heimild til að leggja á, er miklu kostnaðarminni en sérinnheimta þessara gjalda verður hjá innheimtumönnum ríkissjóðs, eins og nú er komið.

Öll ákvæði þessa frumvarps eru miðuð við þetta.

Ed. 147. Frumvarp til laga [88. mál]

um breyting á lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

1. málsgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Í sýsluvegasjóð skal árlega greiða vegaskatt af öllum skattskyldum fasteignum innan sýslu. Skatt þennan innheimta oddvitar af ábúanda hverrar jarðar, en af eiganda hverrar lóðar og húseignar í kauptúnum. Sýslunefnd ákveður jafnan fyrir eitt ár í senn, hve hár skuli vera það ár vegaskattur af löndum og lóðum, en hann má ekki vera lægri en 2 af hverju þúsundi virðingarverðs samkvæmt fasteignamati og ekki hærri en 12 af þúsundi, nema samþykki samgöngumálaráðherra komi til í hvert sinn. Vegaskattur af húseignum skal jafnan vera helmingi lægri að hlutfallstölu en ákveðið hefur verið af löndum og lóðum.

2. gr.

Orðin „og sé tilkynning þar um komin til sýslumanns fyrir 1. apríl“ í 4. gr. laganna falli niður.

3. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Nú er á einu ári varið meira fé úr sýsluvegasjóði og með framlagi samkvæmt síðari málsgr. 6. gr. en svarar 2‰ af fasteignaverði lands og lóða og 1‰ af fasteignaverði húsa, og skal þá ríkissjóður greiða á móti því, sem umfram er, sem hér segir: Móts við það framlag, sem svarar til 2‰—4‰ af land- og lóðaverði og 1‰—2‰ af húsaverði, greiðist jafnmikið framlag úr ríkissjóði, móti framlagi, er nemur 4‰—10‰ af land- og lóðaverði og 2‰—5‰ af húsaverði, greiðist tvöfalt framlag úr ríkissjóði, en þrefalt á móti því, sem umfram er.

4. gr.

Aftan við lögin komi svo hljóðandi:

Bráðabirgðaákvæði:

Heimilt er sýslunefndum, þar til nýtt fasteignamat hefur farið fram, að ákveða fyrir eitt ár í senn að innheimta vegaskatt til sýsluvegasjóða með allt að 70% álagi. Framlag ríkissjóðs til sjóðanna hækkar í sömu hlutföllum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 50 17. maí 1947 og lög nr. 41 4. apríl 1956.

Greinargerð.

Nefndin flytur frv. þetta samkvæmt beiðni ríkisstjórnarinnar. Frv. var flutt á síðasta þingi, og fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

Vegaskattur, eða sýsluvegasjóðsgjald, eins og sá skattur er oft nefndur, er víða innheimtur af sýslumönnum sem ákveðinn hundraðshluti af fasteignamatsverði, en sums staðar er skatturinn greiddur úr hreppssjóði, og aflar hreppssjóður sér þá tekna til þeirra gjalda í niðurjöfnun útsvara.

Síðarnefnda innheimtuaðferðin er ódýrari og brotaminni, en það er á valdi sveitarfélaganna sjálfra, hvort þau hafa hana.

Innheimt eru í hreppssjóð útsvör og sums staðar bein fasteignagjöld, og má heita, að það sé ekki teljandi kostnaðarauki fyrir hreppssjóðinn að bæta við sig álagningu vegaskatts, annaðhvort sem viðbót við fasteignagjald, sem væntanlega er einnig hundraðshluti af fasteignamatsverði, sbr. lög nr. 67/1945; og mætti þá innheimta hvort tveggja í einu gjaldi eða innifela gjaldið í útsvarinu.

Ástæðan fyrir því, að þetta frumvarp er borið fram nú, er greind í greinargerð með frumvarpi til breytingar á lögum nr. 66 27. júní 1921, um fasteignaskatt, sem lagt er fyrir Alþingi samtímis þessu frumvarpi.

Þær breytingar, sem gerðar voru á lögunum nr. 102 1933 með lögum nr. 50 17. maí 1947 og lögum nr. 10 9. febr. 1953, eru teknar upp í þetta frumvarp, og því er í 5. gr. frumvarpsins gert ráð fyrir, að þau falli úr gildi.

Ed. 148. Frumvarp til laga [89. mál]

um breyting á lögum nr. 7 3. febr. 1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Síðari málsgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Hreppstjóri í hverjum hreppi, en skattstjóri í hverjum kaupstað, skulu gera í tvíriti skrá yfir hunda þá, sem í sveitarfélaginu eru, og afhenda annað eintakið oddvita eða bæjarstjóra í aprílmánuði ár hvert og hitt hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta.

2. gr.

Síðari málsgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Skatturinn rennur í sveitarsjóð og innheimtist með öðrum sveitargjöldum.

3. gr.

Síðari málsgr. 5. gr. laganna orðist svo:

Kostnaður greiðist úr sveitarsjóði.

4. gr.

Síðari málsl. 7. gr. laganna orðist svo:

Sektirnar renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nefndin flytur frv. þetta samkvæmt beiðni ríkisstjórnarinnar. Frv. var flutt á síðasta þingi, og fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

Með tilliti til þess, að hundaskattur er á lagður vegna kostnaðar við hundalækningar, sem sveitarfélögin annast, en innheimta hans í höndum innheimtumanna ríkisins mun verða tiltölulega kostnaðarmeiri en í höndum oddvita, einkum vegna þess, að skatturinn getur ekki, svo að vel fari, fylgt öðrum manntalsbókargjöldum til útreiknings í hinum hraðvirku bókhaldsvélum, sem nú er tekið að nota, er hér lagt til, að innheimta hans verði framvegis með öðrum sveitargjöldum og renni í sveitarsjóðina, sem jafnframt greiði þá milliliðalaust hver um sig kostnaðinn af hundalækningum, eins og lengst af hefur verið. Í samræmi við þetta gerir frumvarpið einnig ráð fyrir, að sektir fyrir brot á lögum um hundahald renni í sveitarsjóð.

Ed. 149. Frumvarp til laga [90. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1957.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1956.)

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal árið 1957 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álaginu, svo og sýningar á íslenzkum kvikmyndum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lög sama efnis og frumvarp þetta hafa gilt um langt árabil, og mæla sömu rök og fyrr með því, að þau verði látin gilda áfram, því að fjárþörf þeirra, er skattsins eiga að njóta, er eigi minni en áður.

Sþ. 150. Tillaga til þingsályktunar [91. mál]

um innflutning véla í fiskibáta.

Flm.: Pétur Pétursson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara athugun á því, á hvern hátt sé unnt að skipuleggja innflutning á vélum í fiskibáta þannig, að aukin trygging fáist fyrir því, að keyptar séu hentugar og góðar vélar, bæði um stærð og endingu, og að tryggt sé, að ávallt séu til í landinu nægar birgðir af varahlutum í vélarnar.

Þessi athugun skal gerð í samráði við skipaskoðunarstjóra ríkisins, Fiskifélag Íslands og Landssamband íslenzkra útvegsmanna.

Greinargerð.

Fjölmargir þeirra útgerðarmanna, sem á undanförnum árum hafa keypt vélar í báta sína, hvort sem hefur verið í gamla báta eða nýja, haft oft lengi áður velt því fyrir sér, hvaða vélategund væri heppilegast að kaupa. Þess eru mörg dæmi, að

útgerðarmenn og sjómenn hafi orðið að þola mikið tjón og óþægindi af þeim sökum, að upplýsingar þær, sem þeir hafa fengið hjá umboðsmönnum vélanna, hafa ekki reynzt réttar. Skortur á varahlutum hefur einnig valdið verulegu tjóni. Kæruleysi eða athugunarleysi umboðsmanna hefur stundum haft í för með sér, að útgerðarmenn hafa orðið að bíða eftir því, að algengustu varahlutir væru fengnir frá útlöndum.

Það orkar ekki tvímælis, að skipulagsleysi í þessum málum er öllum, er hlut eiga að máli, til tjóns og engum til gagns.

Það virðist hagkvæmt að efla upplýsingastarfsemi um þessi mál, þar sem útgerðarmaður gæti fengið vitneskju um, hve stór vél þyrfti að vera, hvaða gerð hentaði bezt og hvaða innflytjendur væru þekktir að því að hafa ávallt fyrirliggjandi alla algenga varahluti í vélarnar.

Þá er rétt að hafa í huga þá hættu, sem því getur verið samfara að setja mjög stóra og aflmikla vél í gamlan bát. Þess munu vera allmörg dæmi, að þessa hefur ekki verið gætt sem skyldi.

Tilgangurinn með flutningi þessarar þingsályktunartillögu er sá einn að fá þá aðila, sem bezt þekkja til þessara mála, til að athuga alvarlega möguleika á því að koma betra skipulagi á þau en nú er.

Ed. 151. Nefndarálit [90. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1957.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og er sammála um að leggja til, að það verði samþykkt óbreytt. — Tveir nefndarmanna (JJós og GTh) voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. des. 1956.

Bernh. Stefánsson, form.	Björn Jónsson, fundaskr., frsm.	Friðjón Skarphéðinsson.

Nd. 152. Lög [4. mál]

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 68/1949, um bifreiðaskatt o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 18. des.)

Samhljóða þskj. 4.

Nd. 153. Lög [5. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1957 með viðauka.

(Afgreidd frá Nd. 18. des.)

Samhljóða þskj. 5.

Nd. 154. Lög [76. mál]

um framlenging á eignarskattsviðauka.

(Afgreidd frá Nd. 18. des.)

Samhljóða þskj. 111.

Nd. 155. Lög [71. mál]

um breyting á lögum nr. 13 16. marz 1949, um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga.

(Afgreidd frá Nd. 18. des.)

Samhljóða þskj. 99.

Ed. 156. Lög [11. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til skipakaupa, lántöku og sérstakra ráðstafana í útgerðarmálum til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

(Afgreidd frá Ed. 18. des.)

Samhljóða þskj. 85.

Nd. 157. Nefndarálit [7. mál]

um frv. til laga um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá fjárhagsnefnd.

Með frv. þessu er lagt til, að ákvæði um söluskatt, sem nú eru í lögum, verði framlengd fyrir árið 1957. En eftir að málið var lagt fyrir þingið, hefur ríkisstjórnin ákveðið að leggja til, að sú breyting verði gerð á frumvarpinu, að úr því verði felld ákvæðin um 2% söluskatt af smásölu. Hafa nefndinni borizt breytingartillögur um þetta atriði frá ríkisstjórninni með tilmælum um að taka þær til flutnings.

Með skírskotun til framanritaðs leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Síðasti málsl. falli niður.
2. Við 3. gr. Upphaf greinarinnar verði þannig:
   22. gr. laganna orðist þannig:
   Af sölu og annarri veltu atvinnufyrirtækja og annarra skattskyldra aðila skal greiða söluskatt samkvæmt eftirfarandi reglum:
   a. Af sölu eða afhendingu smásala eða smásölufyrirtækja, þar með talin pöntunarfélög, skal ekki greiða söluskatt, enda hafi aðilar þessir eða aðilar í félagi eða í sambandi við þá ekki framleitt eða unnið að vörum þeim, sem þeir selja eða láta af hendi.
   b. Greiða skal 3% söluskatt af annarri sölu eða veltu, o. s. frv.

Nefndin bendir á, að verði tillögur um framlengingu söluskatts lagðar fyrir næsta þing, ætti frumvarp um það að vera í öðru formi, þannig að í það yrðu tekin öll

ákvæði um söluskattinn, í stað þess að framlengja gildi III. kafla laga nr. 100 frá 1948.

Einn nefndarmanna (JóhH) var fjarverandi, er málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 18. des. 1956.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Emil Jónsson, fundaskr. Ólafur Björnsson.
Einar Olgeirsson.

Ed. 158. Breytingartillaga [86. mál]

við frv. til l. um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1957.

Frá fjármálaráðherra.

Við 1. gr. Fyrir „31. janúar 1957“ komi: 28. febrúar 1957.

Nd. 159. Frumvarp til laga [92. mál]

um útflutningssjóð o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1956.)

I. KAFLI

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist útflutningssjóður.

Gjöld þau, er innheimta skal samkvæmt III. kafla laga þessara, renna í sjóð þennan, svo sem fyrir er mælt í 31. gr.

Fé útflutningssjóðs skal geyma í sérstökum reikningi í seðlabankanum.

2. gr.

Ríkisstjórnin skipar 5 menn í stjórn útflutningssjóðs og jafnmarga til vara. Skal einn stjórnarmaður skipaður eftir tilnefningu Stéttarsambands bænda, annar eftir tilnefningu Landssambands íslenzkra útgerðarmanna og þrír án tilnefningar. Sömu reglum skal fylgt um skipun varamanna. Ríkisstjórnin skipar formann sjóðsstjórnar.

Kostnað við stjórn og rekstur sjóðsins svo og annan kostnað, sem leiðir af framkvæmd laga þessara, skal greiða af fé sjóðsins.

II. KAFLI

3. gr.

Fé útflutningssjóðs skal varið til að verðbæta útflutningsafurðir og styðja útflutningsatvinnuvegi landsmanna á þann hátt, er greinir í 4. til 13. gr. laga þessara.

4. gr.

Fastar daggreiðslur til togara, sem byggðir eru eftir 1946, skulu vera fyrir hvern dag, sem skipinu sannanlega er haldið til veiða, sem hér segir:

1. Á saltfiskveiðum kr. 6000.00 á dag.
2. Á ísfiskveiðum fyrir innanlandsmarkað kr. 5000.00 á dag.
3. Á ísfiskveiðum þegar landað er erlendis kr. 3500.00 á dag.

Þessu til viðbótar skal greiða togurum þeim, sem komu til landsins eftir 1949, kr. 600.00 fyrir hvern dag, sem skipinu er haldið til veiða.

5. gr.

Veita skal eins árs greiðslufrest á afborgun lána, er stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands hefur veitt til kaupa á togurum, og lánstíminn lengjast samkvæmt því. Fresturinn telst frá gjalddaga hverrar afborgunar, einnig þó að um áfallnar, en ógreiddar afborganir lána þessara sé að ræða.

Sama gildir um afborganir af lánum, er ríkissjóður hefur veitt til kaupa á togurum, sem komu til landsins eftir 1949.

6. gr.

Frá 1. jan. 1957 skal greiða vátryggingariðgjöld fiskibáta þannig:

Sé úthaldstími til fiskveiða, miðað við eitt ár, 9 mánuðir eða lengri, skal greiða heilt ársiðgjald, en sé úthaldstíminn skemmri, lækkar iðgjaldsgreiðslan hlutfallslega.

7. gr.

Greiða skal bátaútvegsmönnum úr útflutningssjóði útflutningsuppbætur, sem nema 24.45 af hundraði af fob.-verði freðfisks, saltfisks og skreiðar, sem framleitt er eftir 1. jan. 1957.

Enn fremur skal greiða bátaútvegsmönnum 14.18 af hundraði af fob.-verði útfluttra hrogna, sem framleidd eru eftir 1. jan. 1957.

8. gr.

Frá 1. jan. 1957 skulu fiskvinnslustöðvum (hraðfrystihúsum, framleiðendum saltfisks og skreiðar, niðursuðuverksmiðjum svo og fiskimjölsverksmiðjum) greiddar verðuppbætur úr útflutningssjóði, sem hér segir:

1. Greiða skal bætur úr framleiðslusjóði á allan smáfisk af bátum, sem tekinn er til vinnslu til útflutnings, þorsk, ýsu og steinbít undir 57 cm að stærð, mælt eftir miðlínu fisksins frá trjónu að sporðblöðkuenda. Verðbætur þessar skulu nema 34 aurum á hvert kg miðað við slægðan fisk með haus. Skilyrði fyrir þessari greiðslu er það, að vinnslustöðvarnar greiði sama verð fyrir smáfisk og stórfisk.
2. Af útfluttum bátafiski, að undanskilinni ýsu og steinbít, 19.37% af fob.-verði.
3. Af útfluttum togarafiski:
   a. af karfa 21.76% af fob.-verði.
   b. af öðrum fiski 15.82% af fob.-verði.
4. Af útfluttri ýsu úr togurum og bátum 37.07% af fob.-verði.
5. Af útfluttum steinbít úr togurum og bátum 34.03% af fob.-verði.
6. Af útfluttum þunnildum, fiskimjöli og fiskroði úr bátafiski 27.74% af fob.-verði.
7. Af útfluttum hrognum 17.33% af fob.-verði.
8. Af saltfiski, fluttum af togurum til sölu erlendis, skal greiða þeim úr útflutningssjóði 15.82% af fob.-verði.

Það skilyrði er sett fyrir greiðslum útflutningssjóðs samkvæmt þessari grein, að fiskvinnslustöðvar greiði útvegsmönnum báta ekki lægra verð en kr. 1.15 fyrir hvert kg af þorski, slægðum með haus, og tilsvarandi fyrir aðrar fisktegundir, og útgerðarmönnum togara kr. 1.07 fyrir þorsk, slægðan með haus, kr. 0.98 fyrir karfa, óslægðan, og kr. 0.82 fyrir ufsa, slægðan með haus. Enn fremur að vinnslustöðvarnar greiði sama verð fyrir ýsu úr togurum og bátum.

Enn fremur er það skilyrði sett fyrir greiðslum útflutningsuppbóta til fiskimjölsverksmiðja, að samningar hafi tekizt við fiskframleiðendur um verð á fiskúrgangi til mjölvinnslu, eða ef slíkir samningar hafa ekki tekizt, þá hlíti verksmiðjurnar þeim ákvörðunum, sem stjórn útflutningssjóðs setur um verð á fiskúrgangi.

9. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að greiða megi úr útflutningssjóði uppbætur á aðrar útfluttar bátaafurðir og togaraafurðir en þær, sem tilgreindar eru í 7. og 8. gr. og framleiddar eru eftir 1. janúar 1957, og skulu útflutningsuppbæturnar nema tilteknum hundraðshluta af fob.-verði varanna.

10. gr.

Við gildistöku þessara laga fellur úr gildi reglugerð um innflutningsréttindi bátaútvegsmanna, nr. 15/1954. Þó skal Landsbanki Íslands halda áfram að gefa út A-skírteini fyrir framleiðslu ársins 1956 og áranna þar á undan eftir sömu reglum og gilt hafa. Sjóðurinn kaupir síðan með venjulegu álagi B-skírteini útgefin samkvæmt slíkum A-skírteinum. Sami háttur skal hafður á um ónotuð A-skírteini útgefin fyrir gildistöku laganna.

B-skírteini gilda ekki eftir gildistöku laganna sem innflutningsheimild. Ónotuð B-skírteini, að nokkru eða öllu leyti, skulu að ósk skírteinishafa innleyst af sjóðnum þannig, að álagsupphæðin endurgreiðist, að svo miklu leyti sem B-skírteinið hefur ekki verið notað til tollafgreiðslu.

Útflutningssjóði skal þó eigi skylt að greiða skuldbindingar þessar örar en gera má ráð fyrir, að sala B-skírteina hefði gengið.

11. gr.

Úr útflutningssjóði er heimilt að greiða hluta af verði brennsluolíu til báta, togara og fiskvinnslustöðva.

12. gr.

Að svo miklu leyti, sem tekjur framleiðslusjóðs samkvæmt lögum nr. 4/1956 hrökkva ekki til að greiða þær skuldbindingar, sem á sjóðinn hafa verið lagðar, skal greiða þær af fé útflutningssjóðs.

13. gr.

Greiða skal framleiðsluráði landbúnaðarins uppbætur á fob.-verð útfluttra landbúnaðarafurða, sem séu sambærilegar við beztu kjör, sem sjávarútvegurinn fær, þ. e. heildaruppbætur bátaafurðanna af þorskveiðum. Hagstofan skal reikna uppbæturnar og framleiðsluráðið nota fé þetta til verðuppbóta á þær landbúnaðarvörur, sem reiknaðar eru í verðlagsgrundvelli landbúnaðarins og seljast við lægra verði á erlendum markaði en nemur söluverði þeirra innanlands. Ákvæði þessi ná til þeirra landbúnaðarvara, sem framleiddar eru frá byrjun verðlagsársins 1956—57.

14. gr.

Ríkisstjórnin getur sett nánari fyrirmæli um allt, er lýtur að framkvæmd 1.—13. gr. laga þessara, þar á meðal um sönnunargögn fyrir gjaldkræfum greiðslum úr útflutningssjóði, valdsvið sjóðsstjórnarinnar og endurskoðun reikninga sjóðsins. Þá getur ríkisstjórnin falið samtökum útvegsmanna og/eða útflytjenda að annast um ákveðna þætti í sambandi við framkvæmd laganna.

III. KAFLI

15. gr.

Bankar þeir, er selja erlendan gjaldeyri, skulu leggja 16% yfirfærslugjald á allan erlendan gjaldeyri, sem þeir láta af hendi eða nota til eigin þarfa.

Landsbanki Íslands skal sjá um framkvæmd þessarar gjaldheimtu og hafa eftirlit með því, að gjaldið sé greitt svo sem fyrir er mælt í lögum þessum og reglugerð, er sett kann að verða samkvæmt þeim. Enn fremur skal gjaldeyriseftirlit Landsbankans sjá um, að yfirfærslugjald samkv. 1. mgr. sé greitt af þeim greiðslum til útlanda, sem eigi fara beint um hendur bankanna, nema þær falli undir a- eða b-lið 16. greinar.

Landsbankinn skal gefa mánaðarlega skýrslu til ríkisstjórnarinnar um gjaldeyrissölu bankanna og greiðslu yfirfærslugjalds af henni.

16. gr.

Undanþegnar yfirfærslugjaldi samkv. 15. gr. eru eftirtaldar gjaldeyrisgreiðslur:

a. Til kaupa á vörum þeim, sem teljast til eftirfarandi kafla og nr. í tollskrá:
Nr. 4—6 í 10. kafla, nr. 6, 12, 22 og 23 í 11. kafla, lucernemjöl í nr. 5 í 12. kafla, nr. 12 í 23. kafla, nr. 10 í 25. kafla, nr. 1—2, 14, flugvélabenzín í nr. 15 og 17—18 í 27. kafla, nr. 1—10 í 35. kafla, nautshúðir í botnvörpur í nr. 1 í 36. kafla, nr. 2 í 39A. kafla, gúmmíbjörgunarbátar í nr. 19a í 39B. kafla, fisktrönuspírur í nr. 7 í 40. kafla, tunnuefni í nr. 21 í 40. kafla, síldartunnur í nr. 28 í 40. kafla, og nr. 47 í 40. kafla, nr. 6 í 41. kafla, nr. 11, 17 og 33 í 44. kafla, óspunnir nylonþræðir til netjagerðar í nr. 1 í 46B. kafla, einlitt netjagarn úr nylon í nr. 5 í 46B. kafla, nr. 6 í 48. kafla, nr. 2, 5, 8, 9 og 22 í 49. kafla, nr. 12, 13, 18, 19—19a og 21—22 í 50. kafla, nr. 28 og stórir jútupokar undir fiskimjöl o. þ. h. í nr. 30 í 52. kafla, nr. 15 í 60. kafla, nr. 11, 27, 85 og 92 í 63. kafla, nr. 13 í 64. kafla, nr. 6 í 66. kafla, nr. 5 í 67. kafla, málmþynnur, um útflutningsvörur, í nr. 25 í 71. kafla, nr. 3 í 75. kafla, flugvélar, sem flugfélög flytja inn til áætlunarflugs í nr. 1 í 76. kafla, fiskiskip í nr. 2—3 í 76. kafla og nr. 9 í 84. kafla.

b. Til greiðslu á námskostnaði, sjúkrakostnaði, vinnulaunum, skipaleigum og tryggingariðgjöldum. Enn fremur skulu undanþegnar yfirfærslugjaldi færslur og vextir vegna gjaldeyrisreikninga bankanna, svo og yfirfærslur á frjálsum innstæðum erlendra aðilja í íslenzkum bönkum. Sama gildir um yfirfærslur, sem tryggt er fyrir fram að verði endurgreiddar í erlendum gjaldeyri. Ríkisstjórnin skal, í samráði við Landsbankann, kveða nánar á um framkvæmd þessara atriða.

17. gr.

Bankar þeir, sem selja erlendan gjaldeyri, skulu greiða 50% af gengismun og þóknun (provision) þeirri, er þeir taka af viðskiptamönnum sínum fyrir þjónustu við yfirfærslu fjár til útlanda eða aðrar greiðslur erlendis. Gildir einu, hvort greiðslur þessar fara fram með ábyrgðum, innheimtum eða á annan hátt.

18. gr.

Af lánum, sem bankar eða ríkissjóður hafa veitt á þann hátt, að lántakandi skal greiða afborgun og vexti miðað við sölugengi erlends gjaldeyris, skal lántakandi greiða yfirfærslugjald samkv. 15. gr. laga þessara. Sama gildir, ef ríkissjóður er í ábyrgð fyrir erlendu láni og verður að taka á sig greiðslur vegna vanskila lántakanda.

19. gr.

Nú á aðili eign í erlendum gjaldeyri, og má hann þá eigi nema með leyfi Innflutningsskrifstofu ráðstafa henni til vörukaupa eða annarra greiðslna, sem háðar eru yfirfærslugjaldi, séu þær yfirfærðar um hendur banka. Hlutaðeigandi skal greiða 16% yfirfærslugjald af gjaldeyrisupphæð þeirri, sem honum er heimilað að ráðstafa á þann hátt, enda sé greiðslan háð yfirfærslugjaldi samkv. 15. gr. Yfirfærslugjaldið skal greitt Innflutningsskrifstofunni um leið og leyfi er afhent, og skal síðan afhenda leyfið tollyfirvaldi, þegar vara kemur til tollafgreiðslu, ef um vöruinnflutning er að ræða.

Ráðstöfun gjaldeyris með leyfi Innflutningsskrifstofunnar samkv. 1. mgr. þessarar greinar er undanþegin yfirfærslugjaldi, ef um er að ræða gjaldeyri, sem íslenzkur banki hefur selt eftir gildistöku laga þessara, enda hafi tilskilið yfirfærslugjald verið innt af hendi þegar yfirfærsla fór fram.

20. gr.

Af sölu þeirri og veltu, sem skattskyld er samkvæmt b-lið 22. gr. III. kafla laga nr. 100/1948, sbr. lög nr. 79/1955 eða önnur lög, er í stað þeirra koma, skal greiða sérstakt gjald, er nemi 6% af umræddri sölu og veltu.

Undanþegnar gjaldi þessu eru vörur þær og velta, sem talið er í 23. gr. III. kafla laga nr. 100/1948. Skulu og ákvæði III. kafla laga nr. 100/1948 með síðari breytingum, sem í gildi eru, gilda um álagningu, innheimtu, greiðslu, viðurlög og öll önnur atriði gjalds þessa, þar með talin heimildin til stöðvunar atvinnurekstrar vegna vanskila.

21. gr.

Leggja skal sérstakt gjald á sölu farmiða til og frá útlöndum, sem greiddir eru í íslenzkum krónum. Skal gjald þetta vera 10% af andvirði farmiðanna, enda skal slík farmiðasala vera undanþegin gjaldi samkv. 20. gr.

Um álagningu og innheimtu gjalds þessa skulu að öllu leyti gilda ákvæði 20. gr. hér að framan.

22. gr.

Greiða skal sérstakt gjald af iðgjöldum vátryggingarsamninga þeirra, er lög nr. 20/1954, um vátryggingarsamninga, taka til. Gjaldið skal nema 10% af iðgjaldsfjárhæðinni og greiðast af iðgjöldum, er gjaldkræf verða eftir gildistöku laga þessara.

Iðgjöld af eftirtöldum tryggingum eru undanþegin gjaldi því, sem um ræðir í þessari grein:

a. líftryggingum, sbr. III. kafla laga nr. 20 1954;
b. brunatryggingum á húsum;
c. tryggingum skipa og flugvéla ásamt venjulegum búnaði, munum skipverja og afla fiskiskipa;
d. búfjártryggingum.

Um álagningu og innheimtu gjalds þessa skulu að öllu leyti gilda reglur 20. gr. hér að framan.

23. gr.

Gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60/1939, eins og það er nú með viðaukum, sem felast í d-lið 1. gr. laga nr. 91/1955 eða öðrum lögum, sem í stað þeirra koma, skal innheimta með 80% álagi.

24. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta sérstakt gjald af innfluttum bifreiðum og bifhjólum. Má gjald þetta nema allt að 125% af fob.-verði hverrar bifreiðar eða bifhjóls, og innheimtir Innflutningsskrifstofan það.

Ef fob.-verð er ekki tiltekið, miðast gjaldið við tollmat farartækjanna, að frádregnu flutningsgjaldi og vátryggingargjaldi.

Ríkisstjórnin úrskurðar, hvaða bifreiðar skulu gjaldskyldar.

25. gr.

Auk þess gjalds, sem innheimt er samkvæmt 5. gr. laga nr. 112 1950, a-lið, sbr. 1. gr. laga nr. 79 1955 eða önnur lög, er í stað þeirra koma, skal Innflutningsskrifstofan innheimta sérstakt gjald af gjaldeyrisleyfum til utanferða, öðrum en leyfum til námsmanna og sjúklinga. Gjald þetta skal nema 15% af leyfisfjárhæð.

26. gr.

Af vörum þeim, sem taldar eru í 27. gr., A—E-liðum, skal greiða sérstakt innflutningsgjald þegar þær eru fluttar til landsins, svo sem segir í þeirri grein. Gjaldið miðast við tollverð vöru að viðbættu yfirfærslugjaldi, aðflutningsgjöldum og 10% áætlaðri álagningu.

Innheimtumenn ríkissjóðs heimta gjaldið um leið og aðflutningsgjöld. Skal gjald þetta njóta sömu lögverndar og aðflutningsgjöld samkvæmt tollskrá og sömu reglur gilda um innheimtu þess, að því leyti sem ekki er öðruvísi fyrir mælt í lögum þessum.

27. gr.

A. Af vörum þeim, sem teljast til eftirfarandi kafla og nr. í tollskrá, skal greiða 80% innflutningsgjald:

Nr. 8 í 6. kafla, nr. 5 og 7—8 í 7. kafla, nr. 4—16 og 17 í 9. kafla, nr. 2 í 16. kafla, nr. 7 í 17. kafla, nr. 3—6 í 19. kafla, nr. 1—4 og 11—12 í 20. kafla, nr. 3—5 í 21. kafla, nr. 3 í 42. kafla, nr. 6 í 46A. kafla, nr. 7 í 46B. kafla, nr. 7—9 í 47. kafla, nr. 9—11 í 48. kafla, nr. 12—15 í 49. kafla, nr. 8 í 51. kafla, nr. 22—26 í 72. kafla, nr. 37—45, 55—58, 59—62, innanhúsljósatæki í nr. 64 og útvarpstæki í nr. 84 í 73. kafla, nr. 13—14 í 75. kafla og nr. 1, 2 og 4 í 78. kafla.

Af ávöxtum, hnetum og hnetumjöli, sem teljast til nr. 1—36 í 8. kafla tollskrár, skal greiða 70% innflutningsgjald.

B. Af vörum þeim, sem taldar eru hér á eftir, greiðist 55% innflutningsgjald:

1. Vörum, sem taldar eru í 7. gr. reglugerðar nr. 15 11. febrúar 1954, um innflutningsréttindi bátaútvegsmanna, og síðari breytingum á henni, þó ekki vörum, sem taldar eru í A-lið þessarar greinar, og ekki vélum þeim í nr. 49 og 53 í 72. kafla, sem eru gjaldskyldar samkv. E-lið þessarar greinar.
2. Vörum, sem teljast til eftirfarandi kafla og nr. í tollskrá:

Nr. 9 í 4. kafla, nr. 5 og 14 í 5. kafla, nr. 3 í 7. kafla, nr. 19 í 11. kafla, nr. 1 í 12. kafla, nr. 2 í 19. kafla, nr. 6—8 í 21. kafla, nr. 22, 28, 39—41 í 30. kafla, nr. 1—14 og 15a í 31. kafla, nr. 45 í 40. kafla, nr. 3 í 41. kafla, nr. 6 í 42. kafla, nr. 1, 3—6, 8, 8a, 10, 10a, 12, 13—15, 20—22, 24, 26—29, 31—32, 34—36, 37—41 og 43 í 44. kafla, nr. 14, 16 og 20—22 í 45. kafla, nr. 1—5 í 56. kafla, nr. 1—3 í 57. kafla, nr. 18—19 í 60. kafla, nr. 48, 50 og 101 í 63. kafla, nr. 15 og 20 í 64. kafla, nr. 3—5, 9—10, 16—20, 22 og 24 í 71. kafla, nr. 2 og rjómaísgerðarvélar í nr. 63 í 72. kafla, nr. 67 og 69—72 í 73. kafla, nr. 1—8, 13 og 26—27 í 77. kafla, nr. 14 í 79. kafla og nr. 1 og 3 í 85. kafla.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja tilteknar vörur, sem taldar eru undir A- og B-liðum hér að framan, á sérstakan innflutningslista. Af vöru, sem á þennan lista er sett, skal greiða 55% innflutningsgjald, ef hún fellur undir A-lið, en 35% innflutningsgjald, ef hún telst til B-liðs.

C. Af vörum þeim, sem teljast til eftirfarandi kafla og nr. í tollskrá, skal greiða 35% innflutningsgjald:

1. Búsáhöld, sem í tollskrá teljast til nr. 58 í 40. kafla, nr. 44 í 44. kafla, nr. 29 í 58. kafla, nr. 9 og 12 í 59. kafla, nr. 20 og 21 í 60. kafla, nr. 83 í 63. kafla, nr. 23 í 64. kafla, nr. 5 í 65. kafla, nr. 9 í 66. kafla, nr. 7 í 67. kafla, nr. 6 í 68. kafla, nr. 6 í 69. kafla, nr. 3 í 70. kafla, nr. 2, 2a og 7 í 71. kafla og nr. 6—7 í 72. kafla.
2. Smíðatól og verkfæri, sem í tollskrá teljast til nr. 33 og 35 í 40. kafla, nr. 9—13 í 58. kafla, nr. 67 og 71—80 í 63. kafla, nr. 21—22 í 64. kafla, nr. 11 í 66. kafla og nr. 6 í 71. kafla.

D. Af vörum þeim, sem teljast til eftirfarandi kafla og nr. í tollskrá, skal greiða 8% innflutningsgjald:

Nr. 17 í 25. kafla, nr. 1—4 í 40. kafla, nr. 15—18 í 48. kafla, nr. 6—8 í 54. kafla, nr. 6 í 63. kafla og miðstöðvarofnar og miðstöðvarkatlar í nr. 57—58 í 63. kafla.

E. Af öðrum innfluttum vörum skal greiða 11% innflutningsgjald. Undanþegnar gjaldi samkvæmt þessum staflið eru:
1. Vörur, sem taldar eru í A—D-liðum hér á undan.
2. Vörur, sem undanþegnar eru yfirfærslugjaldi samkvæmt a-lið 16. gr.
3. Vörur, sem teljast til eftirfarandi kafla og nr. í tollskrá:
Nr. 1 og 2 í 9. kafla, nr. 1—3 í 10. kafla, nr. 1—5, 7—12, 15 og 20 í 11. kafla, nr. 10 í 12. kafla, nr. 10, 14, 15 og 17 í 15. kafla, nr. 1—2 í 17. kafla, nr. 6 í 32. kafla, nr. 5 í 42. kafla, nr. 3 í 45. kafla, nr. 26a í 63. kafla, nr. 10—21 í 72. kafla, nr. 78 í 73. kafla, aðrar flugvélar en áætlunarflugvélar flugfélaga í nr. 1 í 76. kafla, nr. 4 í 76. kafla og radartæki, dýptarmælar og fisksjár í nr. 16 í 77. kafla.
4. Vörur þær, sem taldar eru í 2. gr. tollskrárlaga.

Af vélum, sem settar eru í íslenzk skip erlendis, skal greiða jafnhá gjöld og af sams konar innfluttum vélum, enda sé ekki um nýbyggingu að ræða. Endurgreiða má þó yfirfærslugjald af slíkum vélum svo sem segir í 28. gr.

28. gr.

Endurgreiða skal yfirfærslugjald samkv. 15. gr. af vélum í fiskibáta, sem teljast til nr. 30 í 72. kafla tollskrár. Sama gildir um vélar til rafstöðva á sveitabæjum, sem teljast til sama tollskrárákvæðis. Ef um bátavél er að ræða, skal fylgja endurgreiðslubeiðni vottorð Fiskifélags Íslands um, að vélin hafi verið sett í fiskibát. Endurgreiðslubeiðni um aflvél til rafstöðvar skal fylgja vottorð Rafmagnseftirlits ríkisins um, að vélin hafi verið notuð sem aflvél við raflýsingu á sveitabæ.

Auk þess, sem hér að framan greinir, er heimilt að endurgreiða yfirfærslugjald samkv. 15. gr. og innflutningsgjald í þeim tilvikum, sem heimilt er að endurgreiða aðflutningsgjöld samkv. lögum um tollskrá.

29. gr.

Gjald samkv. 27. gr. skal greiða af öllum vörum, sem tollafgreiddar eru eftir gildistöku laganna. Nú stendur svo á sem segir í 1. tölulið 2. mgr. 19. gr. tollskrárlaga, og skal þá eigi innheimta gjöld samkvæmt þessum lögum, ef vara er tollafgreidd og aðflutningsgjöld greidd innan 6 virkra daga frá því að lög þessi öðlast gildi.

Ef tollyfirvald hefur, áður en lög þessi öðlast gildi, afhent eða leyft að afhenda vöru til viðtakanda gegn tryggingu, sbr. 15. gr. tollskrárlaga, skal eigi heimta gjöld samkv. lögum þessum af þeim vörum. Skylt er tollyfirvaldi að senda verðlagsstjóra skrá um slíkar vörur.

30. gr.

Nú koma til tollafgreiðslu eftir gildistöku laganna vörur, sem háðar eru yfirfærslugjaldi samkv. 15. gr., en vörur þessar eru greiddar áður en lög þessi öðlast gildi, og skal þá innheimta 16% yfirfærslugjald af fob.-verði þeirra, þegar þær eru tollafgreiddar. Þetta á þó eigi við um þær vörur, sem undanþágu njóta samkv. næstu grein hér á undan.

31. gr.

Af gjöldum þeim, sem innheimt eru samkv. þessum kafla laganna, skulu 80% renna til útflutningssjóðs og 20% til ríkissjóðs.

Skulu aðiljar þeir, er innheimta gjöldin, skila þeim mánaðarlega til útflutningssjóðs og ríkissjóðs, svo sem kveðið er á í 1. mgr. þessarar greinar.

32. gr.

Nú rís ágreiningur um það, hvort vara sé gjaldskyld samkv. ákvæðum 27. gr. eða í hvern gjaldflokk hún skuli koma, og sker þá ríkisstjórnin úr. Er sá úrskurður fullnaðarúrskurður í málinu.

Sama gildir, ef ágreiningur verður um greiðslu yfirfærslugjalds samkv. 15. gr.

IV. KAFLI

33. gr.

Eigi mega heildsöluverzlanir, smásöluverzlanir eða iðnfyrirtæki hækka söluverð á vörum, sem fluttar hafa verið til landsins áður en ákvæði laga þessara koma til framkvæmda. Enn fremur er bannað að hækka verð á vörum, sem framleiddar hafa verið innanlands fyrir gildistöku laganna. Aðrar vörur og þjónusta má eigi hækka í verði næstu 3 mánuði eftir gildistöku laganna, nema samþykki Innflutningsskrifstofunnar komi til. Ákvæði síðasta málsl. taka ekki til vörutegunda, sem verðlagðar eru eftir sérstökum lögum, né vöru, sem seld er úr landi, eða launa fyrir verk, sem ákveðin hafa verið með samningum stéttarfélaga.

34. gr.

Í stað verðgæzlustjóra, sem skipaður er samkvæmt lögum nr. 35/1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm, skipar ráðherra sá, sem fer með verðlagsmál, verðlagsstjóra. Jafnframt er lögð niður nefnd sú, sem skipuð var samkvæmt 2. gr. laganna. En verðlagsstjóri skal leita samvinnu við verkalýðsfélög eða önnur hagsmunasamtök neytenda víðs vegar um landið til að tryggja sem raunhæfast verðlagseftirlit.

Verðlagsstjóri og þeir aðrir aðilar, sem fara með verðlagsákvarðanir og verðlagseftirlit, mega ekki hafa persónulegra hagsmuna að gæta á neinum þeim sviðum viðskipta eða þjónustu, er háð er verðlagseftirliti.

35. gr.

Stjórn Innflutningsskrifstofunnar fer með verðlagsákvarðanir að fengnum tillögum verðlagsstjóra. Innflutningsskrifstofan getur fyrirskipað að verðmerkja vörur, festa upp verðskrár í verzlunum og verkstæðum og annað slíkt, sem hún telur auðvelda viðskipti og eftirlit með verðlagi.

Dómsmálaráðherra skipar meðdómendur í verðlagsdóm að fengnum tillögum þriggja manna, tilnefndra af stjórnum Alþýðusambands Íslands, Stéttarsambands bænda og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

Að öðru leyti halda ákvæði laga nr. 35/1950 með áorðnum breytingum gildi sínu.

V. KAFLI

36. gr.

Á tímabilinu 1. janúar til 28. febrúar 1957 skal greiða verðlagsuppbót á kaupgjald og laun samkvæmt kaupgjaldsvísitölu 168 að viðbættum 10 stigum. Eftir það skal ákveða vísitölu þá, sem verðlagsuppbót er greidd eftir, á þann hátt, er nú skal greina, fyrir 3 mánuði í senn: Á tímabilinu 1. marz til 31. maí 1957 skal greiða verðlagsuppbót eftir vísitölu 178 að viðbættri eða frádreginni þeirri stigatölu, sem vísitala framfærslukostnaðar 1. febrúar 1957 er hærri eða lægri en 186 stig. Frá 1. júní, 1. september og 1. desember 1957, og framvegis, skal á sama hátt greiða verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu 178 að viðbættri eða frádreginni þeirri stigatölu, sem vísitala framfærslukostnaðar 1. maí, 1. ágúst og 1. nóvember, og framvegis, er hærri eða lægri en 186 stig. Sömu verðlagsuppbót skal greiða á allar aðrar greiðslur, er fylgja kaupgreiðsluvísitölu.

Verðgrundvöllur landbúnaðarvara fyrir tímabilið 1. september til 31. desember 1956 (sbr. 2. gr. laga nr. 64/1956, um festingu verðlags og kaupgjalds, og II. kafla laga nr. 94/1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.) skal gilda til 31. ágúst 1957.

37. gr.

Þar sem talað er um ríkisstjórnina í lögum þessum, er átt við ríkisstjórnina í heild.

38. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga með reglugerð eða á annan hátt.

39. gr.

Brot gegn lögum þessum svo og reglugerðum og öðrum fyrirmælum, sem sett kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að 500000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal vera heimil.

40. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru numin úr gildi lög nr. 4 1956, um framleiðslusjóð. Ákvæði þeirra laga gilda þó um vörur, sem tollafgreiddar eru samkvæmt 2. málsl. 1. málsgr. 29. gr. þessara laga.

Enn fremur gilda ákvæði laga um framleiðslusjóð til 1. jan. 1957 um gjöld þau, sem ákveðin eru í 2. tölul. 13. gr. þeirra laga og 16. gr. sömu laga. Koma því ákvæði 20. gr. og 23. gr. þessara laga eigi til framkvæmda fyrr en 1. jan. 1957.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Mörg undanfarin ár hafa við hver áramót verið gerðar sérstakar ráðstafanir til þess að tryggja rekstur útflutningsatvinnuveganna á komandi ári, og hafa verið farnar til þess ýmsar leiðir. Þessar aðgerðir hafa jafnan reynzt bráðabirgðaráðstafanir. Meginástæðan hefur verið sú, að aðgerðirnar hafa hverju sinni ekki verið gerðar í samráði við launþegasamtökin. Þau hafa yfirleitt talið þær andstæðar hagsmunum sínum og snúizt gegn þeim. Þessi staðreynd, sem og hitt, að látið hefur verið undir höfuð leggjast að gera jafnframt sérstakar ráðstafanir til þess að hefta þá verðbólguþróun, sem verið hefur höfuðeinkenni íslenzkra efnahagsmála nú um langt skeið, hefur valdið því, að verðbólgan hefur haldið áfram að magnast. Þess vegna hefur hagur útflutningsframleiðslunnar og gjaldeyrisaðstaðan gagnvart útlöndum yfirleitt fljótlega tekið að versna aftur tiltölulega skömmu eftir að ráðstafanir voru gerðar til úrbóta, þannig að stjórnarvöldin hafa við hver áramót þurft að taka málefni útflutningsatvinnuveganna til meðferðar að nýju til þess að koma í veg fyrir, að framleiðslan stöðvaðist.

Þegar núverandi stjórnarflokkar gengu til samstarfs á síðast liðnu sumri, var það megintilgangur þeirra að gera alvarlega tilraun til þess að binda endi á þessa þróun, sem öllum má vera ljóst, að hlýtur að leiða til ófarnaðar. Stjórnarflokkunum var og er ljóst, að forsenda þess, að verðbólguþróunin verði stöðvuð og þjóðinni forðað frá hinum óheillavænlegu afleiðingum hennar, er, að náin samvinna sé milli ríkisvaldsins annars vegar og launþega, bænda og annarra vinnandi framleiðenda hins vegar, og að milli þessara aðila ríki gagnkvæmt traust. Þess vegna hefur ríkisstjórnin lagt á það höfuðáherzlu að hafa samráð við stéttasamtökin um ráðstafanir sínar í efnahagsmálum og gætt þess að móta stefnuna með þeim hætti, að þau teldu hana samrýmast hagsmunum sínum og sjónarmiðum.

Árangur þessarar viðleitni ríkisstjórnarinnar birtist fyrst í því, að samkomulag varð um það á síðast liðnu hausti, að bæði launþegar og bændur féllu frá samnings- og lögbundinni hækkun á kaupgjaldi og afurðaverði, en hún átti að nema sem svaraði 6 vísitölustigum. Jafnframt voru gerðar ráðstafanir til þess, að verðlag almennt hækkaði ekki til áramóta, þannig að kaupmáttur launa rýrnaði ekki, meðan leitað væri lausnar á efnahagsvandamálunum. Verðlag hefur ekki hækkað á því tímabili, sem liðið er, síðan ráðstafanir þessar voru gerðar. Mun það nú allra manna mál, að þær hafi verið hinar heillaríkustu og öllum til gagns. Ef þær hefðu ekki verið gerðar, en bæði afurðaverð og kaupgjald hækkað, hefðu vandamál útflutningsframleiðslunnar nú reynzt miklu torleystari en raun hefur orðið á. Í frum-

varpi þessu er gert ráð fyrir því, að skipan sú, sem tekin var upp með samkomulagi þessu, haldist.

Þessar aðgerðir voru þó aðeins upphaf þess, sem gera þurfti. Öllum mátti vera það ljóst, þegar á miðju þessu ári, að við næstu áramót yrði enn að gera stórfelldar ráðstafanir til styrktar útflutningsatvinnuvegunum, ef ekki ætti að koma til rekstrarstöðvunar. Það var augljóst, að tekjur þær, sem aflað hafði verið í byrjun ársins til þess að greiða nauðsynlegar útflutningsuppbætur, dugðu hvergi nærri til þess að mæta óhjákvæmilegum skuldbindingum. Auk þess hafði framleiðslukostnaður í landinu hækkað, svo að aukning uppbótanna hlaut að vera nauðsynleg. Þetta var ljóst, þegar fyrir myndun núverandi ríkisstjórnar, og bein afleiðing þess, sem gerzt hafði eða gert hafði verið, áður en hún var mynduð. Ríkisstjórnin hlaut að sjálfsögðu að takast á hendur að leysa þann vanda, sem fyrrverandi stjórn hvarf frá óleystum, en hún setti sér jafnframt það mark að hafa náin samráð við stéttasamtökin í því skyni, að það yrði nú í fyrsta sinn gert með þeim hætti, að ekki þyrfti enn á ný að grípa til nýrra ráðstafana á næsta ári. Frumvarp þetta miðar að því, að svo geti orðið. Skal nú farið nokkrum almennum orðum um meginefni frumvarpsins.

Vegna hækkandi framleiðslukostnaðar við sjávarsíðuna á þessu ári er nauðsynlegt að hækka útflutningsuppbætur til sjávarútvegsins sem hér segir:

1. Til bátaútvegsins	38.6	millj. kr.
2. — togara	38.0	— —
3. — fiskvinnslustöðva	9.2	— —
	85.8	millj. kr.

Þá þarf enn fremur að afla nýrra tekna til að greiða halla framleiðslusjóðs á árinu 1956, að upphæð 21 millj. kr. Óhjákvæmilegt er og að greiða niður olíuverð og kaupa B-skírteini í sambandi við afnám bátagjaldeyriskerfisins. Nemur nauðsynleg tekjuöflun vegna þessa 37.5 millj. kr.

Til samræmis við auknar tekjur þeirra, sem í landi vinna, er enn fremur nauðsynlegt að hækka skiptaverð til hlutasjómanna um 8 aura á kíló.

Gert er ráð fyrir að breyta tilhögun útflutningsuppbótanna verulega frá því, sem verið hefur, og eru aðalatriðin þessi:

Bátagjaldeyriskerfið, sem bátaútvegurinn hefur notið, er lagt niður. Í stað þess fær bátaútvegurinn útflutningsuppbætur greiddar úr útflutningssjóði, miðað við hundraðstölu af útflutningsverði framleiðsluvöru bátanna. Þá er gert ráð fyrir misháum daggreiðslum á hvern rekstrardag togara eftir því, hvaða veiðar skipið stundar. En auk þess er fiskverð innanlands til togara hækkað um 22 aura á kíló af þorski og ufsa og um 23 aura á kíló af karfa. Fiskvinnslustöðvum er ætlað að fá útflutningsuppbætur úr útflutningssjóði í stað þeirra hlunninda, sem þær hafa notið af bátagjaldeyriskerfinu. Þessi greiðsla verður einnig hundraðstala af útflutningsverðmæti afurðanna.

Á þessu ári var nokkuð flutt út af landbúnaðarafurðum, og voru greiddar vegna þeirra útflutningsuppbætur, sem samsvöruðu bátagjaldeyrisálagi á bátafisk. Nú mun útflutningur landbúnaðarafurða aukast verulega á næsta ári. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir því að auka uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir, þannig að á þær verði greiddar uppbætur, er séu hliðstæðar stuðningi þeim, sem bátaútveginum er ætlaður í frv. þessu í útflutningsuppbótum og á annan hátt. Nemur aukning þessara uppbóta 20 millj. kr. Vegna framleiðslunnar þarf því alls að afla 164.3 millj. kr.

Niðurgreiðsla sú á innlendum afurðum, sem ákveðin var síðast liðið haust, mun á næsta ári nema 24 millj. kr. og er nauðsynlegt að afla tekna til að mæta því. Í sambandi við afgreiðslu fjárlaga er og nauðsynlegt að afla tekna til atvinnuaukningar á ýmsum stöðum, raforkuframkvæmda og annarra aðkallandi þarfa, auk þess

sem gert er ráð fyrir þriðjungslækkun á tekjuskatti hjá hjónum, sem hafa allt að 45000 kr. hreinar tekjur, og einstaklingum, sem hafa allt að 35000 kr. hreinar tekjur. Enn fremur er gert ráð fyrir því, að söluskattur í smásölu falli niður. Af framangreindum ástæðum er ríkissjóði ætlaður ⅕ hluti þess fjár, sem aflað er samkvæmt ákvæðum III. kafla frv.

Ríkisstjórnin hefur talið rétt að gera víðtækar breytingar á því tekjuöflunarkerfi, sem smám saman hefur verið komið á undanfarin ár í sambandi við greiðslu uppbóta til framleiðslunnar. Í frv. er þess vegna gert ráð fyrir því, að bátagjaldeyriskerfið verði afnumið. Sömuleiðis verði framleiðslusjóðsgjald af innfluttum vörum afnumið. Þá er söluskattur í smásölu felldur niður. Hins vegar er lagt á eitt innflutningsgjald, sem tollstjórar innheimta af innfluttum vörum, mishátt eftir vörutegundum, og gert ráð fyrir nokkurri hækkun á núverandi gjöldum af innlendri iðnaðarframleiðslu og þjónustu. Hinni nýju tekjuþörf er fyrst og fremst mætt með því að hækka gjöld á ýmsum vörutegundum, sem geta ekki talizt til brýnna nauðsynja, hækka leyfisgjöld af innfluttum bifreiðum og ferðakostnaði erlendis og gjald af innlendum tollvörutegundum, með því að leggja gjald á sölu farmiða til og frá útlöndum og ýmis tryggingariðgjöld og hækka nokkuð gjald af innlendri framleiðslu og þjónustu. Gjaldeyrisbankarnir munu greiða helming tekna sinna af yfirfærsluþóknun og gengismun. Enn fremur er gert ráð fyrir því að leggja á stóreignaskatt, sem innheimtur mun verða á næstu árum. Þess fjár, sem þá vantar, er aflað með yfirfærslugjaldi, sem gert er ráð fyrir, að bankarnir innheimti af seldum gjaldeyri fyrir vörum og ýmsum duldum greiðslum. Gjald þetta mun nema 16% af yfirfærðri upphæð. Undanþegnar þessu gjaldi eru helztu rekstrarvörur sjávarútvegs og landbúnaðar, náms- og sjúkrakostnaður erlendis og ýmsar duldar greiðslur. Til þess þó að koma í veg fyrir, að gjald þetta leggist með fullum þunga á allar vörur, hefur jafnhátt gjald á ýmsa liði innflutningsins ýmist verið fellt niður eða gjöld lækkuð frá því, sem verið hefur. Samsvarar þessi lækkun öllu yfirfærslugjaldinu á ýmsar vörutegundir, en lækkun þess í 8% og 12% á aðrar.

Á innflutning brýnustu nauðsynja og helztu rekstrarvörutegunda útflutningsatvinnuveganna eru engin ný gjöld lögð. Er hér um að ræða innflutning að upphæð 421 millj. kr. cif miðað við árið 1955 eða 36% innflutningsins. Upphæð þeirra duldu greiðslna, sem yfirfærslugjald skal greitt af, nemur 214 millj. kr.

Gjöldin, sem ætlað er að standa undir hinni nýju tekjuþörf, sundurliðast sem hér segir:

1.	Hækkun innflutningsgjalds af öðrum vörum en brýnum nauðsynjum og helztu rekstrarvörum sjávarútvegs og landbúnaðar og yfirfærslugjald af sömu vörum	154.5 millj. kr.
2.	Gjald af ýmsum duldum greiðslum o. fl.	30.7 — —
3.	Gjald af innlendri framleiðslu og þjónustu	19.9 — —
4.	Gjöld af bifreiðum og ferðakostnaði erlendis	11.7 — —
5.	Gjald af innlendum tollvörutegundum	5.5 — —
6.	Greiðsla frá gjaldeyrisbönkunum	10.0 — —
		232.3 millj. kr.

Hluti af fyrirhuguðum stóreignaskatti mun renna til húsbygginga og nema 15 millj. kr.

Til þess að koma í veg fyrir, að ónauðsynleg verðhækkun hljótist af ráðstöfunum þessum, og stuðla að því, að þegar í stað verði gerðar ráðstafanir til verulegrar lækkunar álagningar hjá milliliðunum, eru ákvæði um allsherjar verðlagseftirlit í IV. kafla frv.

Ríkisstjórnin lítur svo á, að eins og nú háttar í íslenzkum efnahagsmálum, sé brýn nauðsyn á ströngu verðlagseftirliti, og telur, að það geti, ef vel tekst um framkvæmd þess, orðið liðtækur bandamaður í átökunum við dýrtíð og verðbólgu og jafnframt orðið neytendum nokkur trygging gegn óhóflegu vöruverði.

Nokkur reynsla er fengin fyrir verðlagsákvæðum og verðlagseftirliti hér á landi. Um margra ára skeið hafa ýmist flestar vörutegundir og þjónusta eða þá einstakir vöruflokkar verið háðir slíkum ákvæðum og eftirliti. Þótt játa verði, að framkvæmdin hafi verið misjöfn, mun enginn kunnugur neita því, að gagn hafi orðið og stundum mikið.

Á nokkrum síðustu árum hefur þjóðin einnig fengið reynslu af verðlagsmyndun án verðlagsákvæða, og séu staðreyndir frá þessu tímabili kallaðar til vitnis, mun dómur hins almenna neytanda verða sá, að verðlagseftirlit sé nauðsynlegt, eins og málum er nú háttað.

Í frv. er gert ráð fyrir því, að ráðherra sá, sem fer með verðlagsmál, skipi verðlagsstjóra án tilnefningar annarra aðila. Það er nýmæli, að gert er ráð fyrir því, að verðlagsstjóri leiti samvinnu við verkalýðsfélög og önnur hagsmunasamtök neytenda víðs vegar um land til þess að tryggja sem raunhæfast verðlagseftirlit. Verðlagsstjóri og aðrir starfsmenn verðlagseftirlitsins mega ekki hafa persónulegra hagsmuna að gæta í sambandi við framkvæmd verðlagseftirlitsins. Er þetta nýmæli í samræmi við það, sem tíðkast í öðrum löndum.

Jafnhliða því, sem ríkisstjórnin ákvað að beita sér fyrir ráðstöfunum þeim, sem felast í frv. þessu, samþykkti hún að hafa frumkvæði að eftirtöldum ráðstöfunum, sem miða skulu að því að styðja þessar aðgerðir og stuðla að því, að þær nái tilgangi sínum:

a. Frv. um eftirtalin efni munu verða lögð fyrir Alþingi:
   1. Skatt á stóreignamyndun. Innstæður í lánsstofnunum og innlánsdeildum sem og opinber verðbréf verða undanþegin skattinum. Skattálagningin miðist við, að skatturinn nemi a. m. k. 80 millj. kr., sem greiðist að nokkru við álagningu, en að öðru leyti á nokkrum árum.
   2. Lækkun tekjuskatts af lágum tekjum.
   3. Aukinn skattfrádrátt fyrir fiskimenn.
   4. Endurskipulagning fisksölunnar til útlanda.
   5. Endurskipulagning bankamálanna.
   6. Húsaleigu.
b. Álagning milliliða verður lækkuð verulega.
c. Byggingarsjóði verkamanna verður tryggt aukið fé.
d. Hækkuð verða ræktunarframlög til þeirra bænda, sem ekki hafa náð tiltekinni túnastærð og aukinn stuðningur við nýbýlastofnun frumbýlinga.

Ríkisstjórnin hefur rætt ráðstafanir þær, sem felast í frv. þessu, við stjórn Alþýðusambands Íslands og efnahagsmálanefnd þá, sem síðasta Alþýðusambandsþing kaus, stjórn Stéttarsambands bænda, stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og efnahagsmálanefnd þá, sem ríkisstjórnin skipaði á síðast liðnu sumri og í eiga sæti fulltrúar frá stéttarsamtökum og ríkisstjórn.

Fylgiskjal I.

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands og efnahagsnefnd sú, er síðasta þing A. S. Í. kaus, hafa átt þess kost að kynna sér og hafa áhrif á ráðstafanir þær, er ríkisstjórnin nú hyggst gera í efnahagsmálunum til þess að tryggja áframhaldandi rekstur framleiðsluatvinnuveganna og nauðsynlegar verklegar framkvæmdir. Jafnframt hefur miðstjórnin og efnahagsmálanefndin gengið úr skugga um þá staðreynd, að efnahagsmál þjóðarinnar voru komin í slíkt öngþveiti þegar núverandi ríkisstjórn tók við völdum, að fyrirsjáanleg var stöðvun framleiðsluatvinnuveganna um næstkomandi áramót, ef ekki yrði gengið til róttækra ráðstafana. Með hliðsjón af þessu er miðstjórn og efnahagsmálanefndinni ljóst, að óhjákvæmilegt er að gera ráðstafanir til þess að tryggja atvinnuöryggi og leggja grundvöll að varanlegum kjarabótum vinnandi fólks í framtíðinni. Jafnframt leggur miðstjórnin og efnahagsmálanefnd

A. S. Í. áherzlu á nauðsyn þess, að ráðstöfunum þeim, sem ríkisstjórnin hefur heitið að gera til þess að koma í veg fyrir ónauðsynlegar verðhækkanir, draga úr milliliðagróða og stuðla að auðjöfnun meðal þegnanna, verði fylgt eftir af fullri röggsemi.

Í trausti þess, að vel takist með framkvæmd þessara ráðstafana, og með tilliti til þess höfuðmarkmiðs að tryggja næga atvinnu, telur miðstjórnin og efnahagsmálanefndin, að veita beri núverandi ríkisstjórn starfsfrið, þar til úr því fæst skorið, hvernig framkvæmdin tekst.

Fylgiskjal II.

FRAMLEIÐSLURÁÐ LANDBÚNAÐARINS

10. fundur framleiðsluráðs landbúnaðarins var haldinn föstudaginn 14. des. 1956. Var hann haldinn í framhaldi af tveim stjórnarfundum í Stéttarsambandi bænda, sem haldnir voru 12. þ. m., þar sem sömu menn voru mættir.

Mættir voru: Sverrir Gíslason, Jón Sigurðsson, Einar Ólafsson, Bjarni Bjarnason, Helgi Pétursson, Pétur Ottesen og Sveinbjörn Högnason. Einnig Sveinn Tryggvason og Sæmundur Friðriksson.

Þetta var gert:

Rætt var um úrræði í efnahagsmálum og útflutningsuppbætur á landbúnaðarafurðir.

Fram var lögð eftirfarandi ályktun:

„Greiða skal framleiðsluráði landbúnaðarins uppbætur á fob.-verð útfluttra landbúnaðarafurða á verðlagsárinu 1956—1957, sem séu sambærilegar við beztu kjör, sem sjávarútvegurinn fær (bátaútgerðin) samkvæmt útreikningi Hagstofunnar, og skal framleiðsluráðið nota fé þetta til verðuppbóta á þær landbúnaðarvörur, sem reiknaðar eru í verðlagsgrundvelli landbúnaðarins og seljast við lægra verði á erlendum markaði en nemur söluverði þeirra innanlands."

Samþykkt með öllum atkvæðum.

Önnur ályktun var lögð fram svo hljóðandi:

„Vegna erfiðleika þeirra, sem nú ríkja í efnahagsmálum þjóðarinnar, geta stjórn Stéttarsambands bænda og Framleiðsluráð landbúnaðarins í aðalatriðum fallizt á úrræði, sem ríkisstjórnin hyggst grípa til í þessum málum, eftir þeim upplýsingum, sem forsætisráðherra hefur látið í té á fundi þessara aðila þann 12. þ. m.

Gengið var út frá eftirfarandi:

1. Að landbúnaðarafurðir, útfluttar á verðlagsárinu 1956—1957, njóti sambærilegra kjara í útflutningsuppbótum og sú tegund sjávarútvegs, sem beztra kjara nýtur (bátaútvegurinn) í uppbótum og fríðindum, samkvæmt útreikningi Hagstofunnar.
2. Að ekki verði lagðir skattar á rekstrarvörur landbúnaðarins fremur en rekstrarvörur sjávarútvegsins, þó aldrei á tilbúinn áburð og fóðurbæti.
3. Að gerðar verði öruggar ráðstafanir til að koma í veg fyrir áframhaldandi verðbólgu."

Ályktun þessi var samþykkt með 5 atkv. gegn tveimur.

Einar Ólafsson lét þess getið, að atkvæði sitt væri eingöngu bundið þeim atriðum ályktunarinnar, sem snerta landbúnað.

Þeir Pétur Ottesen og Jón Sigurðsson, er mótatkvæði greiddu, gerðu grein fyrir atkvæði sínu sem hér segir:

Þar sem hér hefur aðeins verið lauslega skýrt frá tillögum þeim til tekjuöflunar, sem ríkisstjórnin hyggst leggja fyrir Alþingi í sambandi við lausn efna-

hagsmálanna, og okkur ekki gefizt tækifæri til að kynna okkur þær og ganga úr skugga um, hvernig þær eru í einstökum atriðum, t. d. hvort í þeim sé ákvæði um kaupbindingu einhvern ákveðinn tíma, þá hljótum við á þessu stigi að greiða atkvæði gegn ályktunartillögu um þetta efni.

Varðandi útflutningsuppbætur á landbúnaðarfurðir á verðlagsárinu 1956—1957 og með tilliti til þeirra upplýsinga, sem fyrir liggja, skírskotum við til sérstakrar samþykktar fundarins um það efni, sem við erum út af fyrir sig samþykkir.

Fleira ekki tekið fyrir.
Fundi slitið.

Ed. 160. Nefndarálit [57. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og rætt það á nokkrum fundum. Undirritaður meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt, einn maður meiri hlutans (KK) þó með fyrirvara.

Alþingi, 19. des. 1956.

Alfreð Gíslason, form., frsm.	Karl Kristjánsson, fundaskr. með fyrirvara.	Friðjón Skarphéðinsson.

Nd. 161. Frumvarp til laga [86. mál]

um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1957.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Til 28. febrúar 1957 er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði til bráðabirgða, í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1956, öll venjuleg rekstrargjöld ríkisins og önnur gjöld, er talizt geta til fastra greiðslna þess, þótt ákveðin séu og heimiluð til eins árs í senn.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1957.

Ed. 162. Lög [35. mál]

um að banna hnefaleika.

(Afgreidd frá Ed. 19. des.)

Samhljóða þskj. 35.

Ed. 163. Nefndarálit [57. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd hefur haft þetta frv. til meðferðar, en ekki orðið á eitt sátt um afgreiðslu þess. Meiri hlutinn (AG, KK, FS) leggur til, að það verði samþykkt óbreytt, en undirritaðir eru mótfallnir frv.

Stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs er nú skipuð sjö mönnum. Einn er tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, annar af Vinnuveitendasambandi Íslands og fimm kosnir af sameinuðu Alþingi.

Breyting sú, sem frv. þetta felur í sér, er sú, að Alþýðusamband Íslands tilnefni tvo menn í stað eins nú og sameinað Alþingi kjósi fjóra í stað fimm nú. Mundi þessi breyting því rýra vald Alþingis að þessu leyti og fá það í hendur Alþýðusambandi Íslands.

Nú hafa Alþýðusambandið og Vinnuveitendasambandið sinn manninn hvort í sjóðsstjórninni. En verði þetta frv. samþykkt, raskast þessi hlutföll Vinnuveitendasambandinu í óhag. Hefur það skrifað nefndinni bréf, þar sem það mótmælir þessu harðlega og krefst þess að hafa áfram jafnmarga menn í stjórn sjóðsins og Alþýðusambandið.

Þá skal bent á, að í lögum um atvinnuleysistryggingar er svo fyrir mælt, að heildarendurskoðun skuli fara fram á lögunum að tveim árum liðnum frá gildistöku þeirra. Virðist því rétt að álykta, að þegar lögin voru sett, hafi verið til þess ætlazt, að þeim yrði ekki breytt þennan tíma, heldur látið sjá, hvernig þau reyndust í framkvæmd og hverju þyrfti að breyta að þessum tíma liðnum.

Með skírskotun til ofanritaðs leggjum við til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem endurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar á árinu 1958 er ákveðin í lögunum sjálfum, sér deildin ekki ástæðu til að samþykkja breytingu á þeim nú og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Til vara leggjum við til, að frv. og breytingartillaga á þskj. 83 verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Fyrir orðin „einn tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands“ komi: tveir tilnefndir af Vinnuveitendasambandi Íslands.
2. Við brtt. á þskj. 83. Fyrir orðin „þrír kosnir af sameinuðu Alþingi“ komi: tveir kosnir af sameinuðu Alþingi.

Alþingi, 19. des. 1956.

Sigurður Ó. Ólafsson, frsm. Friðjón Þórðarson.

Nd. 164. Frumvarp til laga [7. mál]

um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Ákvæðin um tekjuöflun, sem sett eru í III. kafla laga nr. 100/1948 og 2.—5. gr. laga nr. 112/1950, skulu gilda til 31. des. 1957 með þeim breytingum, sem greinir í 2. og 3. gr. hér á eftir.

2. gr.

Í stað 2. og 3. málsl. 1. málsgr. 21. gr. laga nr. 100/1948 komi: Heildsala er undanþegin söluskatti samkv. 22. gr., en til heildsölu telst ekki sala eða afhending fyrirtækja á eigin framleiðslu. Einnig er undanþegin söluskatti samkv. 22. gr. umboðsþóknun fyrir að útvega vörur frá útlöndum.

3. gr.

22. gr. laganna orðist þannig:

Af sölu og annarri veltu atvinnufyrirtækja og annarra skattskyldra aðila skal greiða söluskatt samkvæmt eftirfarandi reglum:

a. Af sölu eða afhendingu smásala eða smásölufyrirtækja, þar með talin pöntunarfélög, skal ekki greiða söluskatt, enda hafi aðilar þessir eða aðilar í félagi eða í sambandi við þá ekki framleitt eða unnið að vörum þeim, sem þeir selja eða láta af hendi.

b. Greiða skal 3% söluskatt af annarri sölu eða veltu, þar með talin umboðssala, sala eða afhending, vinna og þjónusta látin í té af iðnaðarmönnum og iðnfyrirtækjum, matsölu, veitinga- og gistihúsum, sýningar í kvikmyndahúsum, leikhúsum, flutningastarfsemi, lausafjárleiga og þess háttar.

Af sölu bóksala á bókum í umboðssölu skal þó aðeins greiða skattinn af umboðsþóknun hans. Í öðrum umboðssöluviðskiptum skal smásali eða annar umboðssali greiða söluskatt af öllu heildarandvirði varanna frá sér.

Nú kaupir innlendur iðnaðarmaður eða framleiðandi eða fær afhenta vöru til framleiðslu sinnar frá öðrum innlendum iðnaðarmanni eða framleiðanda, sem búið hefur vöruna til eða unnið að henni, og í viðskiptum þeirra er söluskatti bætt við verð eða verðmæti vörunnar, og skal þá endurgreiða söluskattinn vegna þessara viðskipta eftir nánari reglum, settum af fjármálaráðherra. Sama gildir um aðvinnslu á vörum, sem innlendur iðnaðarmaður eða framleiðandi fær annan innlendan iðnaðarmann eða framleiðanda til að gera á framleiðsluvöru sinni.

Söluskattur vegna viðskipta miðast við heildarandvirði vöru án frádráttar nokkurs annars kostnaðar en söluskatts þess, er verið er að leggja á, greiða og halda eftir, og án tillits til þess, í hverju greiðsla er fólgin, og þótt um sé að ræða skipti gegn vöru eða þjónustu. Sé um að ræða skipti á vörum og þjónustu, afhendingu vara án endurgjalds, úttekt eiganda úr eigin fyrirtæki eða ef greitt er í vörum eða í þjónustu, skal miða við almennt gangverð í sams konar viðskiptum. Komi upp ágreiningur um það, hvað sé almennt gangverð í viðskiptum af þessu tagi eða hvort um sams konar viðskipti sé að ræða, sker ríkisskattanefnd úr þeim ágreiningi til fullnaðar.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1957.

Nd. 165. Breytingartillögur [92. mál]

við frv. til l. um útflutningssjóð o. fl.

Frá Pétri Ottesen og Jóni Sigurðssyni.

1. Við 16. gr. Á eftir orðunum „í 71. kafla“ í a-lið kemur: dráttarvélar í nr. 12 í 72. kafla.
2. Við 27. gr. Í stað orðanna „nr. 10—21 í 72. kafla“ í E-lið kemur: nr. 10—21 og bátavélar í nr. 30 í 72. kafla.

Ed. 166. Nefndarálit [3. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 55/1955, um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Leggur undirritaður meiri hluti nefndarinnar til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Tveir nefndarmanna (FÞ og SÓÓ) eru mótfallnir frv. og munu skila séráliti.

Alþingi, 20. des. 1956.

Alfreð Gíslason, form., frsm. Karl Kristjánsson, fundaskr. Friðjón Skarphéðinsson.

Nd. 167. Lög [86. mál]

um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1957.

(Afgreidd frá Nd. 20. des.)

Samhljóða þskj. 161.

Nd. 168. Nefndarálit [92. mál]

um frv. til laga um útflutningssjóð o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur rætt um málið, og leggja undirritaðir til, að frv. verði samþykkt með nokkrum breytingum. Eru breytingartillögurnar fluttar á sérstöku þingskjali. — Tveir nefndarmanna, Jóh. Hafstein og Ólafur Björnsson, lýstu sig andvíga frumvarpinu og munu skila sérstöku áliti.

Alþingi, 20. des. 1956.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Emil Jónsson, fundaskr. Einar Olgeirsson.

Nd. 169. Breytingartillögur [92. mál]

við frv. til laga um útflutningssjóð o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. Við 2. gr. Í stað „útgerðarmanna“ í 1. málsgr. komi: útvegsmanna.
2. Við 4. gr. Í stað „kr. 3500.00“ í 3. tölul. komi: kr. 4000.00.
3. Við 7. gr.
   a. Á eftir orðinu „bátaútvegsmönnum“ í 1. málsgr. bætist inn í orðin: í heild.
   b. Í stað „14.18“ í síðari málsgr. komi: 24.45.
4. Við 8. gr.
   a. Í stað „framleiðslusjóði“ í 1. tölul. komi: útflutningssjóði.
   b. Í stað „21.76“ í 3. tölul. komi: 22.5.
   c. Í stað „37.07“ í 4. tölul. komi: 40.07.
   d. Í stað „17.33“ í 7. tölul. komi: 20.33.
5. Við 15. gr. Við 2. málsgr. bætist nýr málsliður, þannig:
   Ríkisstjórnin getur þó undanþegið yfirfærslugjaldi nauðsynleg skipagjöld erlendis að nokkru eða öllu leyti og sett þau skilyrði um það, er þurfa þykir.
6. Við 18. gr. Í stað „yfirfærslugjald“ komi: yfirfærslugjaldið.
7. Við 19. gr. Orðin „séu þær yfirfærðar um hendur banka“ í 1. málsl. 1. málsgr. falli niður.
8. Við 28. gr. Við greinina bætist:
   Enn fremur er heimilt að endurgreiða innflutningsgjald samkv. þessum lögum, að einhverju eða öllu leyti, af pappa, er telst til nr. 8 og 10a í 44. kafla tollskrár, ef hann er notaður í umbúðir um nauðsynjavörur, sem og af umbúðum um slíkar vörur, sbr. nr. 28 og 29 í 44. kafla tollskrár. Ríkisstjórninni er einnig heimilt að fella niður innflutningsgjald af ilmefnum til sápugerðar, sem teljast til nr. 13b í 31. kafla tollskrár.

Nd. 170. Nefndarálit [6. mál]

um frv. til l. um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 90/1954, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins í aðalatriðum, en tveir nefndarmanna (JóhH og ÓB) lýsa sig andstæða síðustu málsgr. 1. gr.

Alþingi, 20. des. 1956.

Skúli Guðmundsson, form. Emil Jónsson, fundaskr., frsm. Jóhann Hafstein.
Ól. Björnsson. Einar Olgeirsson.

Nd. 171. Nefndarálit [90. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1957.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og er sammála um það að mæla með samþykkt þess.

Alþingi, 20. des. 1956.

Skúli Guðmundsson, form. Emil Jónsson, fundaskr. Ólafur Björnsson, frsm.
Einar Olgeirsson. Jóhann Hafstein.

Nd. 172. Nefndarálit [92. mál]

um frv. til l. um útflutningssjóð o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Loksins, eftir að Alþingi hefur setið í 70 daga, eru hin margumtöluðu „varanlegu“ úrræði hæstv. ríkisstjórnar í efnahagsmálunum lögð fyrir þingið með frv. til laga um útflutningssjóð o. fl.

Hæstv. ríkisstjórn ætlast til, að málið sé afgreitt á 2—3 dögum.

Fjárhagsnefnd hefur í dag haft frv. til meðferðar og ekki orðið ásátt um afgreiðslu þess. Minni hluti nefndarinnar (JóhH og ÓB) er algerlega andvígur allri meðferð málsins. Ekki er að finna í greinargerð frv. neinn rökstuðning fyrir því, að formbreytingar á tekjuöflun til stuðnings útflutningsframleiðslunni frá því, sem verið hefur, séu til bóta, né heldur neinn rökstuðning fyrir nauðsyn þeirra nýju, gífurlegu fjárhagsbyrða, sem með frv. er ætlað að leggja á allan almenning í landinu, eða 240 millj. kr. Enn fremur vantar allan samanburð við aðrar leiðir, sem til greina kæmu til úrlausnar efnahagsvandamálunum, þannig að engin rök eru leidd að því, að álögur í þessari mynd séu þær, er hafi minnsta kjaraskerðingu í för með sér fyrir almenning.

Þó að minni hluti nefndarinnar viðurkenni fyllilega og afdráttarlaust höfuðnauðsyn þess að tryggja afkomu útflutningsframleiðslunnar, eins og fyrri afstaða sjálfstæðismanna á Alþingi vitnar um, er honum ekki með þessu frv. og málsmeðferð þess gefin nein aðstaða til að sannreyna réttmæti hinnar gífurlegu skattaálagningar á almenning. Jafnframt er minni hluti nefndarinnar algerlega andvígur einstökum atriðum frv. Færð skulu nánari rök að því, sem að framan greinir.

Það er á allra vitorði, að undanfarnar tvær vikur hefur ríkisstjórnin talið sig vera komna það langt áleiðis að koma þessu frv. saman, að haldnir hafa verið fundir með ýmsum félagasamtökum um efni þess. Stjórnarandstaðan, langstærsti stjórnmálaflokkur þjóðarinnar, hefur hins vegar engar upplýsingar fengið um efni málsins fyrr en nú, að krafizt er afgreiðslu þess á þingi fyrirvaralaust og án tafar. Ákvæði þess eru hins vegar svo óljós og svo ófullkomin greinargerð frv., að þess er enginn kostur án langs tíma og útreikninga að kryfja innihaldið til mergjar. Slík málsmeðferð er óverjandi.

Í þessu sambandi er einnig rétt að vekja athygli á, að slík mál ættu að afgreiðast innan fjárlaga ríkisins eða í sambandi við þau, enda er ríkissjóði beinlínis ætlaður stór hluti þeirra tekna, sem aflað er, eða um 100 millj. króna. Fjárveitinganefnd

hefur fjárlagafrv. til meðferðar mánuðum saman, en hér eru eins konar aukafjárlög, sem nema hundruðum milljóna í skattlagningu á almenning, — og ekkert tóm er gefið til afgreiðslu málsins.

Í greinargerð frv. segir, að frv. þetta miði að því, að ekki þurfi á ný að grípa til nýrra ráðstafana á næsta ári. Þetta á að líkindum að vera í samræmi við loforð stjórnarflokkanna um varanleg úrræði í efnahagsmálunum. En það er alveg augljóst, að verðbólguþróunin heldur áfram fullum fetum, beinlínis í samræmi við efni frv. Hvernig er hægt að leggja töluvert á þriðja hundrað milljóna ný gjöld á aðfluttar vörur, þjónustu og nauðsynjar öðruvísi en stórkostleg verðhækkun eigi sér stað og þar af leiðandi vaxandi dýrtíð?

Að vísu ber frv. með sér, enda viðurkennt af hálfu ríkisstjórnarinnar við 1. umræðu málsins, að leitazt hefur verið við að hlífa vörum þeim og þjónustu, sem mikilvægar eru við útreikning vísitölu framfærslukostnaðar. Þar sem vitað er, að grundvöllur sá, sem byggt er á við útreikning þessarar vísitölu, er löngu úreltur, er hér bersýnilega verið að framkvæma stórkostlega fölsun vísitölunnar og svíkja þannig launþega og aðra, sem fá tekjur sínar greiddar samkvæmt vísitölu. En í frv. þessu er ráðgert, að vísitölubindingin frá því í september verði afnumin.

Þegar hliðstæðar ráðstafanir voru lögfestar um síðastliðin áramót til stuðnings útveginum, var þessi höfuðástæða tilgreind:

„Framleiðslukostnaðurinn hækkaði mikið á árinu sem afleiðing af hækkun hins almenna kaupgjalds. Sú hækkun nam tæplega 22% frá 1. desember 1954 til 1. desember 1955. Vinnulaun eru langsamlega stærsti liður alls framleiðslukostnaðar. Fyrst eru vinnulaun þeirra verkamanna, sem að framleiðslunni vinna, fiskveiðum og fiskvinnslu, þá alls konar þjónusta, sem kaupa þarf, eins og akstur og viðhald tækja. Þegar kaupgjald hækkar, hækka í rauninni allar vörur og þjónusta meira og minna í verði, nema það, sem er innflutt. Fyrir sjávarútveginn eru þessar hækkanir sérstaklega alvarlegar, þar sem hann framleiðir nær eingöngu fyrir erlenda markaði. Hækkun hins almenna kaupgjalds hækkar rekstrarkostnað skipanna og vinnslukostnað fisksins í landi. Verður hækkunin í flestum tilfellum jafnmikil og hækkun kaupgjaldsins, þótt hún komi ekki fram jafnfljótt á öllum liðum."

Hér var um að ræða afleiðingar hins geysilanga verkfalls á öndverðu ári 1955 með kauphækkunum þeim, sem þá voru knúnar fram.

Um þetta sagði hæstv. fjármálaráðherra hér á Alþingi þann 11. maí 1955: „Enginn mannlegur máttur getur þó breytt þeirri staðreynd, að nú hefur verið brotið blað í efnahags- og verðlagsmálum landsins." Og þegar aðstoðin við útgerðina var rædd hér á Alþingi um mánaðamótin jan.—febr. s. l. (lögin um framleiðslusjóð), sagði hæstv. fjármálaráðherra: „Á því leikur enginn vafi, að hækkanir á framleiðslukostnaði útflutningsframleiðslunnar í heild vegna kauphækkananna frá í vor nema á annað hundrað millj. kr., því að kauphækkun sú, sem í upphafi var 11—12%, er nú orðin á milli 21 og 22% vegna víxlhækkana innanlands, sem af henni hefur leitt."

Á þessu ári hefur ekki verið „brotið neitt blað" í efnahags- og verðlagsmálum landsins. Samkomulag fékkst að vísu ekki við Framsóknarflokkinn í tíð fyrrverandi ríkisstjórnar um að hefta verðbólguna með niðurgreiðslum, eins og sjálfstæðismenn lögðu til. Verðbólguþróunin, sem stofnað var til eins og hæstv. fjármálaráðherra lýsti, hefur því lengst af haldið áfram. Kaupgjaldsvísitalan hefur þó ekki hækkað á árinu nema um 7 stig. Eru því miklu óljósari ástæðurnar nú fyrir hinum gífurlegu álögum en voru um s. l. áramót. Vitað er, að hæstv. ríkisstjórn hefur haft erlenda og innlenda hagfræðinga í þjónustu sinni til þess að kryfja efnahags- og verðlagsmálin til mergjar. En ekkert hefur hún birt um rannsókn þessara manna, og engin grein er gerð fyrir henni við meðferð málsins í þinginu.

Því er haldið fram, að nú hafi verið leitað samkomulags við launþega, bændur og útvegsmenn um úrræði ríkisstjórnarinnar, og látið í veðri vaka, að um einhverja nýlundu sé að ræða. Vissulega hefur bæði fyrr og síðar verið leitað slíks samkomu-

lags af öðrum ríkisstjórnum, enda þótt árangurinn hafi verið misjafn. Og hvers konar samkomulagi hefur hæstv. ríkisstjórn náð? Í greinargerð frv. kemur fram, að framleiðsluráð landbúnaðarins er klofið um málið, 4 með, 2 á móti, en einn tók ekki afstöðu til málsins í heild. Var málið aðeins lauslega skýrt fyrir þessum 7 mönnum.

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands og efnahagsnefnd sú, er þing A. S. Í. kaus, ályktaði, „að veita beri ríkisstjórninni starfsfrið, þar til úr því fæst skorið, hvernig framkvæmdin tekst", eftir því sem fram kemur í greinargerð frv. Þar sem málið var skýrt á fundum verkalýðsfélaga og fulltrúaráðs þeirra í Reykjavík, mun engra samþykkta hafa verið leitað og lítil hrifning margra. Gerð var tilraun við 1. umræðu málsins í þinginu af hv. þm. G-K. til að fá nánari upplýsingar um veigamikil atriði í samkomulagi ríkisstjórnarinnar við útvegsmenn, en ýmist fengust loðin svör eða engin. Málið hvílir því að þessu leyti á veikum grunni.

Loks er á það að líta, að þetta frv. er með fádæmum óljóst og flókið. Er það þeim mun furðulegra sem um er að ræða tekjuöflunarfrumvarp allt að 500 milljónum króna, en þar af eru nýjar álögur um 240 millj., eða nærri jafnmiklar og eldri álögur, sem enn standa í þessu frv., aðeins í breyttri mynd, svo sem bæði bátagjaldeyrisgjöld og framleiðslusjóðsgjöld.

Aðaltekjuöflun frv. felst í innflutningsgjaldi af vörum (26. gr.) og 16% yfirfærslugjaldi á allan erlendan gjaldeyri, sem bankarnir láta af hendi (15. gr.). Er áætlað, að þessi gjöld nemi nærri 200 millj. kr. Í 16. gr. eru undantekningarákvæði frá yfirfærslugjaldi og talinn upp fjöldi tollskrárnúmera, en engin nánari skýring. Í 27. gr. er vöruflokkun eftir tollskrárnúmerum, þar sem mismunandi innflutningsgjald er lagt á, frá 11% upp í 80%. Það er útilokað að átta sig á þessari framsetningu án mikillar yfirvegunar og fráleitt, að nokkrir þingmanna geti raunverulega markað afstöðu sína til þessara atriða, eins og málið er fyrir lagt, án þess að frekari tími gefist til nánari athugana.

Má gera ráð fyrir, að margt komi fram við framkvæmd málsins, sem ekki hefur verið séð fyrir áður, og bersýnilegt er, að framkvæmd þess verður bæði mjög umsvifamikil og kostnaðarsöm, — og er ekki ólíklegt, að sum atriði séu beinlínis óframkvæmanleg og þurfi að lagfærast fljótlega.

Eftir þá athugun, sem hægt hefur verið að gera á málinu í fjárhagsnefnd, verður að draga mjög í efa, að standast muni áætlanir þær, sem gerðar eru í greinargerð frv. um tekjuöflun þess.

Að öllu þessu athuguðu er minni hluti fjárhagsnefndar andvígur frv. Mun hann greiða atkvæði á móti málinu í heild, en freista þess að koma á lagfæringum á einstökum atriðum undir meðferð málsins.

Alþingi, 20. des. 1956.

Jóhann Hafstein, frsm. Ólafur Björnsson.

Ed. 173. Lög [7. mál]

um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

(Afgreidd frá Ed. 20. des.)

Samhljóða þskj. 164.

Nd. 174. Breytingartillaga [92. mál]

við frv. til l. um útflutningssjóð o. fl.

Frá Jóhanni Hafstein.

Við 17. gr. Greinin orðist svo:
Bankarnir skulu greiða 10 millj. kr. af árshagnaði sínum, og skiptist upphæðin milli bankanna í hlutfalli við hagnað þeirra.

Nd. 175. Frumvarp til laga [92. mál]

um útflutningssjóð o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

2. gr. hljóðar svo:
Ríkisstjórnin skipar 5 menn í stjórn útflutningssjóðs og jafnmarga til vara. Skal einn stjórnarmaður skipaður eftir tilnefningu Stéttarsambands bænda, annar eftir tilnefningu Landssambands íslenzkra útvegsmanna og þrír án tilnefningar. Sömu reglum skal fylgt um skipun varamanna. Ríkisstjórnin skipar formann sjóðsstjórnar.
Kostnað við stjórn og rekstur sjóðsins svo og annan kostnað, sem leiðir af framkvæmd laga þessara, skal greiða af fé sjóðsins.

4. gr. hljóðar svo:
Fastar daggreiðslur til togara, sem byggðir eru eftir 1946, skulu vera fyrir hvern dag, sem skipinu sannanlega er haldið til veiða, sem hér segir:
1. Á saltfiskveiðum kr. 6000.00 á dag.
2. Á ísfiskveiðum fyrir innanlandsmarkað kr. 5000.00 á dag.
3. Á ísfiskveiðum þegar landað er erlendis kr. 4000.00 á dag.

Þessu til viðbótar skal greiða togurum þeim, sem komu til landsins eftir 1949, kr. 600.00 fyrir hvern dag, sem skipinu er haldið til veiða.

7. gr. hljóðar svo:
Greiða skal bátaútvegsmönnum í heild úr útflutningssjóði útflutningsuppbætur, sem nema 24.45 af hundraði af fob.-verði freðfisks, saltfisks og skreiðar, sem framleitt er eftir 1. jan. 1957.
Enn fremur skal greiða bátaútvegsmönnum 24.45 af hundraði af fob.-verði útfluttra hrogna, sem framleidd eru eftir 1. jan. 1957.

8. gr. hljóðar svo:
Frá 1. jan. 1957 skulu fiskvinnslustöðvum (hraðfrystihúsum, framleiðendum saltfisks og skreiðar, niðursuðuverksmiðjum svo og fiskimjölsverksmiðjum) greiddar verðuppbætur úr útflutningssjóði, sem hér segir:
1. Greiða skal bætur úr útflutningssjóði á allan smáfisk af bátum, sem tekinn er til vinnslu til útflutnings, þorsk, ýsu og steinbít undir 57 cm að stærð, mælt eftir miðlínu fisksins frá trjónu að sporðblöðkuenda. Verðbætur þessar skulu nema 34 aurum á hvert kg miðað við slægðan fisk með haus. Skilyrði fyrir þessari greiðslu er það, að vinnslustöðvarnar greiði sama verð fyrir smáfisk og stórfisk.
2. Af útfluttum bátafiski, að undanskilinni ýsu og steinbít, 19.37% af fob.-verði.

3. Af útfluttum togarafiski:
   a. af karfa 22.5% af fob.-verði.
   b. af öðrum fiski 15.82% af fob.-verði.
4. Af útfluttri ýsu úr togurum og bátum 40.07% af fob.-verði.
5. Af útfluttum steinbít úr togurum og bátum 34.03% af fob.-verði.
6. Af útfluttum þunnildum, fiskimjöli og fiskroði úr bátafiski 27.74% af fob.-verði.
7. Af útfluttum hrognum 20.33% af fob.-verði.
8. Af saltfiski, fluttum af togurum til sölu erlendis, skal greiða þeim úr útflutningssjóði 15.82% af fob.-verði.

Það skilyrði er sett fyrir greiðslum útflutningssjóðs samkvæmt þessari grein, að fiskvinnslustöðvar greiði útvegsmönnum báta ekki lægra verð en kr. 1.15 fyrir hvert kg af þorski, slægðum með haus, og tilsvarandi fyrir aðrar fisktegundir, og útgerðarmönnum togara kr. 1.07 fyrir þorsk, slægðan með haus, kr. 0.98 fyrir karfa, óslægðan, og kr. 0.82 fyrir ufsa, slægðan með haus. Enn fremur að vinnslustöðvarnar greiði sama verð fyrir ýsu úr togurum og bátum.

Enn fremur er það skilyrði sett fyrir greiðslum útflutningsuppbóta til fiskimjölsverksmiðja, að samningar hafi tekizt við fiskframleiðendur um verð á fiskúrgangi til mjölvinnslu, eða ef slíkir samningar hafa ekki tekizt, þá hliti verksmiðjurnar þeim ákvörðunum, sem stjórn útflutningssjóðs setur um verð á fiskúrgangi.

15. gr. hljóðar svo:

Bankar þeir, er selja erlendan gjaldeyri, skulu leggja 16% yfirfærslugjald á allan erlendan gjaldeyri, sem þeir láta af hendi eða nota til eigin þarfa.

Landsbanki Íslands skal sjá um framkvæmd þessarar gjaldheimtu og hafa eftirlit með því, að gjaldið sé greitt svo sem fyrir er mælt í lögum þessum og reglugerð, er sett kann að verða samkvæmt þeim. Enn fremur skal gjaldeyriseftirlit Landsbankans sjá um, að yfirfærslugjald samkv. 1. mgr. sé greitt af þeim greiðslum til útlanda, sem eigi fara beint um hendur bankanna, nema þær falli undir a- eða b-lið 16. greinar. Ríkisstjórnin getur þó undanþegið yfirfærslugjaldi nauðsynleg skipagjöld erlendis að nokkru eða öllu leyti og sett þau skilyrði um það, er þurfa þykir.

Landsbankinn skal gefa mánaðarlega skýrslu til ríkisstjórnarinnar um gjaldeyrissölu bankanna og greiðslu yfirfærslugjalds af henni.

18. gr. hljóðar svo:

Af lánum, sem bankar eða ríkissjóður hafa veitt á þann hátt, að lántakandi skal greiða afborgun og vexti miðað við sölugengi erlends gjaldeyris, skal lántakandi greiða yfirfærslugjaldið samkv. 15. gr. laga þessara. Sama gildir, ef ríkissjóður er í ábyrgð fyrir erlendu láni og verður að taka á sig greiðslur vegna vanskila lántakanda.

19. gr. hljóðar svo:

Nú á aðili eign í erlendum gjaldeyri, og má hann þá eigi nema með leyfi Innflutningsskrifstofu ráðstafa henni til vörukaupa eða annarra greiðslna, sem háðar eru yfirfærslugjaldi. Hlutaðeigandi skal greiða 16% yfirfærslugjald af gjaldeyrisupphæð þeirri, sem honum er heimilað að ráðstafa á þann hátt, enda sé greiðslan háð yfirfærslugjaldi samkv. 15. gr. Yfirfærslugjaldið skal greitt Innflutningsskrifstofunni um leið og leyfi er afhent, og skal síðan afhenda leyfið tollyfirvaldi, þegar vara kemur til tollafgreiðslu, ef um vöruinnflutning er að ræða.

Ráðstöfun gjaldeyris með leyfi Innflutningsskrifstofunnar samkv. 1. mgr. þessarar greinar er undanþegin yfirfærslugjaldi, ef um er að ræða gjaldeyri, sem íslenzkur banki hefur selt eftir gildistöku laga þessara, enda hafi tilskilið yfirfærslugjald verið innt af hendi þegar yfirfærsla fór fram.

28. gr. hljóðar svo:

Endurgreiða skal yfirfærslugjald samkv. 15. gr. af vélum í fiskibáta, sem teljast til nr. 30 í 72. kafla tollskrár. Sama gildir um vélar til rafstöðva á sveitabæjum, sem teljast til sama tollskrárákvæðis. Ef um bátavél er að ræða, skal fylgja endurgreiðslubeiðni vottorð Fiskifélags Íslands um, að vélin hafi verið sett í fiskibát. Endurgreiðslubeiðni um aflvél til rafstöðvar skal fylgja vottorð Rafmagnseftirlits ríkisins um, að vélin hafi verið notuð sem aflvél við raflýsingu á sveitabæ.

Auk þess, sem hér að framan greinir, er heimilt að endurgreiða yfirfærslugjald samkv. 15. gr. og innflutningsgjald í þeim tilvikum, sem heimilt er að endurgreiða aðflutningsgjöld samkv. lögum um tollskrá. Enn fremur er heimilt að endurgreiða innflutningsgjald samkv. þessum lögum, að einhverju eða öllu leyti, af pappa, er telst til nr. 8 og 10a í 44. kafla tollskrár, ef hann er notaður í umbúðir um nauðsynjavörur, sem og af umbúðum um slíkar vörur, sbr. nr. 28 og 29 í 44. kafla tollskrár. Ríkisstjórninni er einnig heimilt að fella niður innflutningsgjald af ilmefnum til sápugerðar, sem teljast til nr. 13b í 31. kafla tollskrár.

Nd. 176. Lög [90. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1957.

(Afgreidd frá Nd. 21. des.)

Samhljóða þskj. 149.

Nd. 177. Breytingartillaga [92. mál]

við frv. til l. um útflutningssjóð o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 15. gr. Á eftir orðunum „nauðsynleg skipagjöld“ í síðasta málslið 2. málsgr. bætist inn í: og flugvélagjöld.

Nd. 178. Breytingartillaga [92. mál]

við frv. til l. um útflutningssjóð o. fl.

Frá Jóhanni Hafstein.

Við 16. gr. Við a-lið bætist: Nr. 17 í 25. kafla (sement), nr. 1—4 í 40. kafla (plankar, bitar og borð úr furu og greni, þar með talinn hemlockviður), nr. 6 í 63. kafla (bárujárn), nr. 57—58 í 63. kafla (miðstöðvarofnar og miðstöðvarkatlar).

Ed. 179. Frumvarp til laga [92. mál]

um útflutningssjóð o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

Samhljóða þskj. 159 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Ríkisstjórnin skipar 5 menn í stjórn útflutningssjóðs og jafnmarga til vara. Skal einn stjórnarmaður skipaður eftir tilnefningu Stéttarsambands bænda, annar eftir tilnefningu Landssambands íslenzkra útvegsmanna og þrír án tilnefningar. Sömu reglum skal fylgt um skipun varamanna. Ríkisstjórnin skipar formann sjóðsstjórnar.

Kostnað við stjórn og rekstur sjóðsins svo og annan kostnað, sem leiðir af framkvæmd laga þessara, skal greiða af fé sjóðsins.

4. gr. hljóðar svo:

Fastar daggreiðslur til togara, sem byggðir eru eftir 1946, skulu vera fyrir hvern dag, sem skipinu sannanlega er haldið til veiða, sem hér segir:

1. Á saltfiskveiðum kr. 6000.00 á dag.
2. Á ísfiskveiðum fyrir innanlandsmarkað kr. 5000.00 á dag.
3. Á ísfiskveiðum þegar landað er erlendis kr. 4000.00 á dag.

Þessu til viðbótar skal greiða togurum þeim, sem komu til landsins eftir 1949, kr. 600.00 fyrir hvern dag, sem skipinu er haldið til veiða.

7. gr. hljóðar svo:

Greiða skal bátaútvegsmönnum í heild úr útflutningssjóði útflutningsuppbætur, sem nema 24.45 af hundraði af fob.-verði freðfisks, saltfisks og skreiðar, sem framleitt er eftir 1. jan. 1957.

Enn fremur skal greiða bátaútvegsmönnum 24.45 af hundraði af fob.-verði útfluttra hrogna, sem framleidd eru eftir 1. jan. 1957.

8. gr. hljóðar svo:

Frá 1. jan. 1957 skulu fiskvinnslustöðvum (hraðfrystihúsum, framleiðendum saltfisks og skreiðar, niðursuðuverksmiðjum svo og fiskimjölsverksmiðjum) greiddar verðuppbætur úr útflutningssjóði, sem hér segir:

1. Greiða skal bætur úr útflutningssjóði á allan smáfisk af bátum, sem tekinn er til vinnslu til útflutnings, þorsk, ýsu og steinbít undir 57 cm að stærð, mælt eftir miðlínu fisksins frá trjónu að sporðblöðkuenda. Verðbætur þessar skulu nema 34 aurum á hvert kg miðað við slægðan fisk með haus. Skilyrði fyrir þessari greiðslu er það, að vinnslustöðvarnar greiði sama verð fyrir smáfisk og stórfisk.
2. Af útfluttum bátafiski, að undanskilinni ýsu og steinbít, 19.37% af fob.-verði.
3. Af útfluttum togarafiski:
   a. af karfa 22.5% af fob.-verði.
   b. af öðrum fiski 15.82% af fob.-verði.
4. Af útfluttri ýsu úr togurum og bátum 40.07% af fob.-verði.
5. Af útfluttum steinbít úr togurum og bátum 34.03% af fob.-verði.
6. Af útfluttum þunnildum, fiskmjöli og fiskroði úr bátafiski 27.74% af fob.-verði.
7. Af útfluttum hrognum 20.33% af fob.-verði.
8. Af saltfiski, fluttum af togurum til sölu erlendis, skal greiða þeim úr útflutningssjóði 15.82% af fob.-verði.

Það skilyrði er sett fyrir greiðslum útflutningssjóðs samkvæmt þessari grein, að fiskvinnslustöðvar greiði útvegsmönnum báta ekki lægra verð en kr. 1.15 fyrir hvert kg af þorski, slægðum með haus, og tilsvarandi fyrir aðrar fisktegundir, og útgerðarmönnum togara kr. 1.07 fyrir þorsk, slægðan með haus, kr. 0.98 fyrir karfa, óslægðan, og kr. 0.82 fyrir ufsa, slægðan með haus. Enn fremur að vinnslustöðvarnar greiði sama verð fyrir ýsu úr togurum og bátum.

Enn fremur er það skilyrði sett fyrir greiðslum útflutningsuppbóta til fiskimjölsverksmiðja, að samningar hafi tekizt við fiskframleiðendur um verð á fiskúrgangi til mjölvinnslu, eða ef slíkir samningar hafa ekki tekizt, þá hlíti verksmiðjurnar þeim ákvörðunum, sem stjórn útflutningssjóðs setur um verð á fiskúrgangi.

15. gr. hljóðar svo:

Bankar þeir, er selja erlendan gjaldeyri, skulu leggja 16% yfirfærslugjald á allan erlendan gjaldeyri, sem þeir láta af hendi eða nota til eigin þarfa.

Landsbanki Íslands skal sjá um framkvæmd þessarar gjaldheimtu og hafa eftirlit með því, að gjaldið sé greitt svo sem fyrir er mælt í lögum þessum og reglugerð, er sett kann að verða samkvæmt þeim. Enn fremur skal gjaldeyriseftirlit Landsbankans sjá um, að yfirfærslugjald samkv. 1. mgr. sé greitt af þeim greiðslum til útlanda, sem eigi fara beint um hendur bankanna, nema þær falli undir a- eða b-lið 16. greinar. Ríkisstjórnin getur þó undanþegið yfirfærslugjaldi nauðsynleg skipagjöld og flugvélagjöld erlendis að nokkru eða öllu leyti og sett þau skilyrði um það, er þurfa þykir.

Landsbankinn skal gefa mánaðarlega skýrslu til ríkisstjórnarinnar um gjaldeyrissölu bankanna og greiðslu yfirfærslugjalds af henni.

18. gr. hljóðar svo:

Af lánum, sem bankar eða ríkissjóður hafa veitt á þann hátt, að lántakandi skal greiða afborgun og vexti miðað við sölugengi erlends gjaldeyris, skal lántakandi greiða yfirfærslugjaldið samkv. 15. gr. laga þessara. Sama gildir, ef ríkissjóður er í ábyrgð fyrir erlendu láni og verður að taka á sig greiðslur vegna vanskila lántakanda.

19. gr. hljóðar svo:

Nú á aðili eign í erlendum gjaldeyri, og má hann þá eigi nema með leyfi Innflutningsskrifstofu ráðstafa henni til vörukaupa eða annarra greiðslna, sem háðar eru yfirfærslugjaldi. Hlutaðeigandi skal greiða 16% yfirfærslugjald af gjaldeyrisupphæð þeirri, sem honum er heimilað að ráðstafa á þann hátt, enda sé greiðslan háð yfirfærslugjaldi samkv. 15. gr. Yfirfærslugjaldið skal greitt Innflutningsskrifstofunni um leið og leyfi er afhent, og skal síðan afhenda leyfið tollyfirvaldi, þegar vara kemur til tollafgreiðslu, ef um vöruinnflutning er að ræða.

Ráðstöfun gjaldeyris með leyfi Innflutningsskrifstofunnar samkv. 1. mgr. þessarar greinar er undanþegin yfirfærslugjaldi, ef um er að ræða gjaldeyri, sem íslenzkur banki hefur selt eftir gildistöku laga þessara, enda hafi tilskilið yfirfærslugjald verið innt af hendi þegar yfirfærsla fór fram.

28. gr. hljóðar svo:

Endurgreiða skal yfirfærslugjald samkv. 15. gr. af vélum í fiskibáta, sem teljast til nr. 30 í 72. kafla tollskrár. Sama gildir um vélar til rafstöðva á sveitabæjum, sem teljast til sama tollskrárákvæðis. Ef um bátavél er að ræða, skal fylgja endurgreiðslubeiðni vottorð Fiskifélags Íslands um, að vélin hafi verið sett í fiskibát. Endurgreiðslubeiðni um aflvél til rafstöðvar skal fylgja vottorð Rafmagnseftirlits ríkisins um, að vélin hafi verið notuð sem aflvél við raflýsingu á sveitabæ.

Auk þess, sem hér að framan greinir, er heimilt að endurgreiða yfirfærslugjald samkv. 15. gr. og innflutningsgjald í þeim tilvikum, sem heimilt er að endurgreiða

aðflutningsgjöld samkv. lögum um tollskrá. Enn fremur er heimilt að endurgreiða innflutningsgjald samkv. þessum lögum, að einhverju eða öllu leyti, af pappa, er telst til nr. 8 og 10a í 44. kafla tollskrár, ef hann er notaður í umbúðir um nauðsynjavörur, sem og af umbúðum um slíkar vörur, sbr. nr. 28 og 29 í 44. kafla tollskrár. Ríkisstjórninni er einnig heimilt að fella niður innflutningsgjald af ilmefnum til sápugerðar, sem teljast til nr. 13b í 31. kafla tollskrár.

Nd. 180. Breytingartillaga [6. mál]

við frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 90/1954, um tollskrá o. fl.

Frá Bjarna Benediktssyni.

Aftan við 1. gr. bætist:
Enn fremur skal innheimt jafnhátt gjald til lögreglustöðva.

Nd. 181. Lög [6. mál]

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 90/1954, um tollskrá o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 21. des.)

Samhljóða þskj. 6.

Ed. 182. Frumvarp til laga [93. mál]

um kirkjuþing og kirkjuráð íslenzku þjóðkirkjunnar.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Kirkjuþing íslenzku þjóðkirkjunnar skal halda í Reykjavík annað hvert ár, að jafnaði í októbermánuði. Það skal ekki eiga lengri setu en tvær vikur.

2. gr.

Kjörnir eru 15 kirkjuþingsmenn, 14 í 7 kjördæmum og 1 af guðfræðideild Háskóla Íslands. Enn fremur eiga sæti á kirkjuþingi biskup og kirkjumálaráðherra.

Kjördæmin eru þessi:

1. Reykjavíkurprófastsdæmi.
2. Kjalarness-, Mýra-, Borgarfjarðar- og Snæfellsnessprófastsdæmi.
3. Dala-, Barðastrandar-, Vestur-Ísafjarðar- og Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi.
4. Stranda-, Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi.
5. Eyjafjarðar-, Suður-Þingeyjar- og Norður-Þingeyjarprófastsdæmi.
6. Norður-Múla-, Suður-Múla- og Austur-Skaftafellsprófastsdæmi.
7. Vestur-Skaftafells-, Rangárvalla- og Árnesprófastsdæmi.

3. gr.

Í hverju þessara kjördæma eru kosnir tveir kirkjuþingsmenn, prestur og leikmaður.

4. gr.

Prófastar og prestar, sem ábyrgð hafa á prestakalli, innan hvers kjördæmis, kjósa úr sínum hópi einn kirkjuþingsmann fyrir kjördæmið og tvo varamenn. Kennarar guðfræðideildar háskólans kjósa úr sínum hópi einn kirkjuþingsmann og einn til vara.

5. gr.

Sóknarnefndarmenn og safnaðarfulltrúar hvers kjördæmis kjósa úr sínum hópi einn kirkjuþingsmann fyrir kjördæmið og tvo varamenn.

6. gr.

Kjörstjórn skipa: biskup, og er hann formaður hennar, einn maður tilnefndur af kirkjuráði, og lögfræðingur tilnefndur af kirkjumálaráðherra.

7. gr.

Kjörstjórn sendir í 1. viku aprílmánaðar þeim, er kosningarrétt hafa, nauðsynleg kjörgögn: auðan kjörseðil, óutanáritað umslag, eyðublað fyrir yfirlýsingu kjósanda um það, að hann hafi kosið, og umslag með utanáskrift kjörstjórnar. Kjósandi ritar nafn þess, sem hann vill kjósa, svo og nöfn 1. og 2. varamanns, á seðilinn, setur hann í óutanáritaða umslagið og lokar því, útfyllir eyðublaðið og undirritar og sendir síðan allt í áprentaða umslaginu til kjörstjórnar í ábyrgðarpósti.

Kjörgögn til presta og leikmanna skulu vera sín með hvorum lit. Leiðbeining fylgi um það, hvernig kosningin skuli framkvæmd.

Talning atkvæða fer fram í 1. viku ágústmánaðar.

8. gr.

Kjörstjórn úrskurðar, hverjir eiga kosningarrétt.

9. gr.

Kjörstjórn telur atkvæði og úrskurðar kosningarnar. Réttkjörnir við báðar kosningarnar eru þeir, sem flest fá atkvæði. Hljóti tveir eða fleiri jöfn atkvæði, sker hlutkesti úr. Fái sami maður flest atkvæði, bæði sem aðalmaður og varamaður, tekur hann sæti aðalmanns.

Kjörstjórn sendir kirkjuþingsmönnum kjörbréf og varamönnum skírteini um það, að þeir séu 1. og 2. varamaður í því kjördæmi.

10. gr.

Kjörtímabil er 6 ár. Ef kirkjuþingsmaður andast á tímabilinu eða getur ekki sótt kirkjuþing, taka varamenn þess kjördæmis við eftir röð.

11. gr.

Kærur út af kosningu til kirkjuþings skulu sendar kjörstjórn eigi síðar en svo, að komnar séu í hendur henni áður en kirkjuþing kemur næst saman. Leggur hún þær fyrir kirkjuþing á fyrsta fundi þess. Kirkjuþing úrskurðar með atkvæðagreiðslu, hvort kosning skuli tekin gild, og skal úrskurði lokið eigi síðar en á 3. fundi þess.

12. gr.

Biskup er forseti kirkjuþings. Auk þess kýs þingið sér þegar í upphafi fyrsta fundar 1. og 2. varaforseta og tvo skrifara.

13. gr.

Kirkjuþingsmenn fá greidda dagpeninga og ferðakostnað. Kýs kirkjuþingið þriggja manna þingfararkaupsnefnd, er úrskurðar reikninga kirkjuþingsmanna. Kirkjumálaráðherra ákveður upphæð dagpeninga hverju sinni.

14. gr.

Kirkjuþing hefur ráðgjafaratkvæði og tillögurétt um öll þau mál, er kirkju, klerkastétt og söfnuði landsins varða og heyra undir verksvið löggjafarvaldsins eða sæta forsetaúrskurði. Það hefur og rétt til þess að gera samþykktir um innri málefni kirkjunnar, guðsþjónustu, helgisiði, fermingar, veitingu sakramenta og önnur slík. Þær samþykktir eru þó eigi bindandi, fyrr en þær hafa hlotið samþykki kirkjuráðs, prestastefnu og biskups.

15. gr.

Kirkjuráð skipa 5 menn, biskup landsins og 4 menn kjörnir af kirkjuþingi, og skulu tveir þeirra a. m. k. vera guðfræðingar. Það kýs og jafnmarga varamenn. Kjörtímabil kirkjuráðsmanna er hið sama og kirkjuþingsmanna. Kosning í kirkjuráð fer jafnan fram, er hið fyrsta kirkjuþing að afstöðnum kosningum kemur saman.

16. gr.

Verkefni kirkjuráðs er að vinna að eflingu íslenzkrar kristni og styðja að trúar- og menningaráhrifum þjóðkirkjunnar. Það skal vera biskupi til aðstoðar og fulltingis um að koma fram þeim málum, er kirkjuþing hefur samþykkt.

Kirkjuráð annast undirbúning þeirra mála, er það kýs að leggja fyrir kirkjuþing hverju sinni. Hafa og kirkjuráðsmenn rétt til að sækja fundi kirkjuþings og taka þar til máls, en hafa eigi atkvæðisrétt, nema þeir séu jafnframt þingfulltrúar.

Kirkjuráð hefur ráðstöfunarvald yfir prestakallasjóði, svo og því fé öðru, sem veitt er til frjálsrar kirkjulegrar starfsemi, samkvæmt þeim ákvæðum, sem fjárveitingavaldið setur hvert sinn, enn fremur því fé, er kirkjuráði kann að vera falin ráðstöfun á af kirkjuþingi eða öðrum aðilum.

17. gr.

Biskup er sjálfkjörinn forseti kirkjuráðs. Hann kallar kirkjuráð saman til funda, þegar þurfa þykir eða þegar tveir kirkjuráðsmenn óska þess, og eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

Kirkjuráðsmenn fá greiddan framlagðan kostnað og aðstoð eftir reikningi, er kirkjumálaráðuneytið úrskurðar.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru þá jafnframt numin úr gildi lög um kirkjuráð frá 6. júlí 1931.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt beiðni kirkjumálaráðherra. Nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur og fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Frumvarpið var flutt sem stjórnarfrv. á síðasta þingi, og fylgdu því þá svo hljóðandi athugasemdir:

Kirkjuþing fyrir hina íslenzku þjóðkirkju hefur verið áhugamál prestastéttarinnar um hálfrar aldar skeið.

Skömmu eftir síðustu aldamót samdi meiri hluti þáv. kirkjumálanefndar, þeir séra Árni Jónsson á Skútustöðum, séra Eirikur Briem og séra Jón Helgason síðar biskup, frumvarp um þetta efni, sem þó ekki náði fram að ganga, þrátt fyrir atfylgi ágætra manna.

Málinu var þó haldið vakandi, og fyrir allmörgum árum bar prófessor Magnús Jónsson fram á Alþingi frumvarp til laga um kirkjuþing. Frumvarpinu var yfirleitt vel tekið, en náði þó ekki afgreiðslu.

Fyrir prestastefnu 1948 var að tilhlutan biskups lagt frumvarp til laga um kirkjuþing. Var málinu vel tekið og kjörin 5 manna nefnd til þess að athuga frum-

varpið nánar. Lauk nefndin því starfi haustið eftir, og sendi síðan öllum prestum landsins til athugunar og umsagnar frumvarpið með þeim breytingum, er hún hafði á því gert.

Um gagnsemi þessa frumvarps fyrir kirkjuna ætti ekki að þurfa að fara mörgum orðum. Það liggur í augum uppi. Kirkjuþing er kirkjunnar mönnum ekki síður nauðsynlegt en t. d. bændum og sjávarútvegsmönnum fyrir sitt leyti þeirra þing. Mætti fastlega gera ráð fyrir því, að þegar fengin væri reynsla af starfi kirkjuþinga, mundu menn engan veginn vilja án þess vera, enda er þess að vænta, að með líðandi árum mundi vaxa festa og þróttur í starfi þess.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal það tekið fram, er hér segir:

Um 1. gr.

Októbermánuður mun einna heppilegastur tími til þinghaldsins. Mestu sumarannir eru þá afstaðnar og bílvegir venjulega enn færir. Einnig má gera ráð fyrir setu Alþingis um sama leyti, og getur það verið mikill kostur. Tíminn til þinghaldsins er ekki ákveðinn lengri með tilliti til þess, að kostnaður við það verði sem minnstur, enda ætti hann að nægja, ef mál væru vel og rækilega undirbúin.

Um 2. gr.

Tala kjördæma og kirkjuþingsmanna er einnig höfð svo lág í sparnaðarskyni.

Um takmörk kjördæma getur alltaf orðið álitamál, en rétt þykir að miða við prófastsdæmi. Til þess að gera nánar grein fyrir skiptingu í kjördæmi er hér skýrt frá tölu þjóðkirkjupresta að lögum, sókna, sóknarnefndarmanna og safnaðarfulltrúa.

	Tala presta	Tala sókna	Tala sóknarn. og sfltr.
1. kjördæmi	9	8	48
2. kjördæmi	20	52	212
3. kjördæmi	19	44	181
4. kjördæmi	17	52	208
5. kjördæmi	18	45	185
6. kjördæmi	16	36	148
7. kjördæmi	17	49	205
Samtals	116	286	1187
Meðaltal	16.6	40.9	169.6

Um 3. gr.

Greinin tryggir ákveðið hlutfall milli tölu presta og leikmanna samkvæmt því, er mönnum hefur litizt bæði á prestastefnum og almennum kirkjufundum.

Um 4. og 5. gr.

Almennar kosningar mundu verða of kostnaðarsamar, en sóknarnefndarmenn og safnaðarfulltrúar eru á hinn bóginn almennt kosnir og því ágætir kjörmenn, enda má vænta, að til þessara starfa veljist áhugamennirnir í hverri sókn. Og um kjörgengið liggur beint við, að einmitt þessir sömu menn, sem allar sóknir landsins hafa kosið úr leikmannahópi til þess að fara með mál sín, verði einir kjörgengir til kirkjuþings. Þetta mundi einnig auka áhugann á sóknarnefnda- og safnaðarfulltrúakosningum, og væru þessir trúnaðarmenn safnaðanna vel að því komnir að vera einir kjörgengir til kirkjuþings. Hér ætti ei í hlut þröngur hópur, heldur nokkuð á 2. þúsund manna. Hvert kjördæmi verður að eiga sína varamenn, enda er kjörtímabilið áætlað í lengra lagi, 6 ár.

Um 15. til 17. gr.

Þar er sú breyting frá gildandi lögum, að kirkjuþingið skal kjósa kirkjuráð, en áður var það kjörið af prestum og héraðsfundum. Þessi breyting á kosningu

kirkjuráðsins mun stuðla að nánu samstarfi milli kirkjuráðs og kirkjuþings, er verður að teljast mjög æskilegt og nauðsynlegt. Kirkjuráði eru ætluð hin sömu verkefni og áður, sbr. l. nr. 21 6. júlí 1931, og innbyrðis skipan þess er óbreytt. Hins vegar er kjörtímabil kirkjuráðsmanna lengt úr 5 árum í 6 ár og verður hið sama og kirkjuþingsmanna.

Kirkjunni hafa borizt ýmsar gjafir frá einstökum mönnum, ætlaðar til kirkjuþarfa. Liggur beint við, að gefendur feli kirkjuráði ráðstöfun slíkra gjafa.

Ed. 183. Nefndarálit [92. mál]

um frv. til laga um útflutningssjóð o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Samkomulag varð um, að fjárhagsnefndir beggja deilda ynnu saman að athugun málsins. Héldu þær tvo fundi sameiginlega, lásu frumvarpið yfir og fengu síðan ýmsar upplýsingar hjá einstökum ráðherrum o. fl.

Einnig hefur nefndin á sérstökum fundi í dag athugað frumvarpið eins og það nú liggur fyrir.

Leggja undirritaðir nefndarmenn til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Tveir nefndarmenn (JJós og GTh) munu skila sérálíti.

Alþingi, 21. des. 1956.

Bernh. Stefánsson, form., frsm.	Björn Jónsson, fundaskr.	Friðjón Skarphéðinsson.

Ed. 184. Nefndarálit [92. mál]

um frv. til l. um útflutningssjóð o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd þessarar deildar hefur haft frv. þetta til skoðunar þann stutta tíma, sem þinginu hefur verið skammtaður til að kynna sér þetta mál, sem lengi hefur verið beðið eftir, og birtast í því úrræði þau, sem hv. ríkisstjórn hefur lagt fram til viðreisnar í atvinnumálum landsmanna.

Eftir fyrri yfirlýsingum stjórnarinnar að dæma hefði mátt búast við veigameiri tillögum frá hendi hennar en þeim, sem í frv. birtast. Sýnt er, að stjórnin hefur eftir allar fyrri fullyrðingar sínar um þessi mál horfið að því ráði að halda áfram á þeirri braut, sem flokkar þeir, er að henni standa, hafa áður fordæmt, og að auki er með því ýtt undir vaxandi verðbólgu, en engar tryggingar fyrir því gefnar, að með frv. verði úr henni dregið.

Að því er snertir þann stuðning, sem sjávarútveginum er ætlaður með frv., er rétt að geta þess, að fyrir hann álítur minni hlutinn vera fulla þörf og að hann sé samkvæmt því sízt meiri en sjávarútvegurinn og fiskiðnaðurinn þarfnast, eins og nú er komið.

Stjórnarflokkarnir sýna með frv., að þær byrðar, sem á þennan atvinnuveg hafa verið lagðar á undanförnum árum, eru orðnar svo þungar, að hann þarfnast nú miklu meiri stuðnings frá hinu opinbera en hann hefur áður þurft. Þessi viðurkenn-

ing núverandi ríkisstjórnar er þeim mun eftirtektarverðari, þegar þess er gætt, að hún kemur frá sumum þeim flokkum, sem árum saman hafa staðið fyrir kröfum á hendur atvinnuvegum landsmanna og orðið þess valdandi, að tilkostnaður við framleiðsluna hefur sífellt farið vaxandi.

Auðsætt er, að þeim, sem mestu hafa hér um ráðið, er skyldast að rétta við hlut þess atvinnuvegar — sjávarútvegsins, er harðast hefur orðið úti vegna aðgerða þessara flokka, er gerðar hafa verið hér undanfarið af pólitískum ástæðum til að koma af stað öngþveiti í efnahagsmálum þjóðarinnar.

Frv. felur í sér, að því er talið er, 500 millj. króna skattlagningu á þjóðina, og af þeirri upphæð eru um 240 millj. nýjar álögur.

Minni hlutinn vill ekki vefengja, ef staðið verður við þau fyrirheit um stuðning við sjávarútveginn, sem í frv. felast, að þörf verði þess fjár, er áætlað er að innheimta af þjóðinni á þennan hátt. Hins vegar er frv. mjög óljóst, og álögurnar koma í ýmsum greinum mjög þungt niður á framleiðslunni, jafnvel þeirri, er því er ætlað að styrkja, svo og iðnaði og byggingarstarfsemi.

Þá er þess og að geta, að í greinargerð frv. eru boðuð ný afskipti ríkisvaldsins af sölusamtökum sjávarútvegsins, sem virðast eiga að vera fylgihnöttur þeirra bjargráða fyrir þennan atvinnuveg, sem frv. að öðru leyti boðar.

Frv. er sýnilega bráðabirgðafyrirbæri, að því er snertir stuðning við sjávarútveginn, og fjáröflun samkvæmt því töluvert laus í reipunum í ýmsum atriðum, og getur verið eftir geðþótta stjórnarvaldanna, hversu framkvæmd fer úr hendi.

Mjög hefur verið um það deilt að vonum, hversu réttlátt þær álögur koma niður á landsfólkið, sem í frv. felast, en sökum þess, hve naumur tími þinginu er ætlaður til þess að athuga þetta stórmál, hefur langt frá því nokkur kostur verið til þess fyrir þingmenn að athuga frv. svo sem skyldi með breytingar fyrir augum.

Eins og áður segir, er minni hlutinn samþykkur því, að útvegurinn þurfi ekki minni stuðnings við en frv. gerir ráð fyrir, en þar sem frv. er mjög gallað að öðru leyti og býður nýrri verðbólguöldu heim, jafnframt því sem lýst er yfir í greinargerð þess fyrirætlunum um ný ríkisafskipti af sölusamtökum útvegsmanna, sem þeim eru mjög andstæð, getur minni hlutinn ekki fallizt á frv. eins og það liggur fyrir og mun greiða atkvæði samkvæmt því.

Alþingi, 21. des. 1956.

Jóhann Þ. Jósefsson, frsm. Gunnar Thoroddsen.

Sþ. 185. Tillaga til þingsályktunar [94. mál]

um þingrof og nýjar kosningar.

Flm.: Ólafur Thors, Bjarni Benediktsson.

Alþingi ályktar að skora á forsætisráðherra að leggja til við forseta Íslands, að Alþingi verði rofið og efnt til nýrra almennra þingkosninga svo fljótt sem við verður komið og eigi síðar en í júnímánuði næstkomandi.

Greinargerð.

Á tæpum 5 mánuðum, sem núverandi ríkisstjórn hefur farið með völdin, hefur hún í meginefnum þverbrotið þau fyrirheit, sem stuðningsflokkar hennar gáfu þjóðinni fyrir síðustu alþingiskosningar. Nægir því til sönnunar að minna á þau tvö höfuðstefnumál stjórnarflokkanna að tryggja varanlega lausn efnahagsvanda-

mála þjóðarinnar eftir nýjum leiðum og að segja upp varnarsamningnum í því skyni, að varnarliðið hyrfi úr landi svo skjótt sem ákvæði varnarsamningsins við Bandaríkin heimiluðu.

Án efa hefur verulegur hluti kjósenda frambjóðenda stjórnarflokkanna treyst þessum fyrirheitum og haft áhuga fyrir, að þeim yrði hrundið í framkvæmd, öðru hvoru eða báðum, og beinlínis kosið þessa frambjóðendur af þeim ástæðum.

Fyrir því þykir nauðsyn, að kjósendum gefist nú kostur á að kveða upp dóm sinn að nýju, svo að úr því fáist skorið, hvort þeir vilja fela þeim mönnum að fara áfram með umboð sitt á Alþingi, sem svo herfilega hafa brugðizt gefnum fyrirheitum í þessum meginstefnumálum, sem raunar flestum öðrum loforðum, sem þeir gáfu fyrir síðustu alþingiskosningar.

Ed. 186. Breytingartillögur [92. mál]

við frv. til laga um útflutningssjóð o. fl.

Frá Jóhanni Jósefssyni.

1. Við 8. gr. Orðin „af bátum“ undir 1. tölulið falla niður.
2. Við 22. gr. Á eftir d-lið komi tveir nýir liðir, er svo hljóði:
   e. Öllum afurða- og rekstrarvörutryggingum sjávarútvegsins, hvort sem um er að ræða birgðatryggingar í landi eða sjótryggingar í landi eða sjótryggingar vegna útflutnings sjávarafurða eða innflutnings á rekstrarvörum fyrir sjávarútveginn.
   f. Tryggingum á vélum, áhöldum o. s. frv. í fiskvinnslustöðvum, þ. e. tryggingum, sem ekki eru þegar undanskildar samkvæmt b-lið þessarar greinar.

Ed. 187. Lög [92. mál]

um útflutningssjóð o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 22. des.)

Samhljóða þskj. 179 (sbr. 159).

Sþ. 188. Tillaga til þingsályktunar [95. mál]

um ferðamannagjaldeyri.

Flm.: Ólafur Björnsson.

Alþingi ályktar að skipa þriggja manna nefnd, kosna af sameinuðu Alþingi, er undirbúi ráðstafanir til þess, að hér verði komið á sérstökum ferðamannagjaldeyri. Skal að því stefnt, að nefndin hafi tillögur sínar tilbúnar í tæka tíð, til þess að málið geti fengið afgreiðslu á Alþingi því, er nú situr.

Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að kjör þau, sem erlendum ferðamönnum, er koma hingað til lands, eru búin með því að skylda þá til þess að selja gjaldeyri sinn í íslenzkum bönkum á skráðu gengi, eru þeim mjög óhagstæð. Mun láta

nærri, að kaupmáttur gjaldmiðils nágrannalanda okkar rýrni um helming, ef honum er breytt í íslenzkan gjaldmiðil á skráðu gengi. Afleiðing þessa verður sú, að þorri erlendra ferðamanna, er til landsins kemur, sér sig tilneyddan til þess að selja gjaldeyri sinn á svörtum markaði. Eru slík viðskipti þjóðinni til mikils vansa og álitshnekkis.

Tillaga sú, er hér liggur fyrir, felur það í sér, að gerðar verði þegar ráðstafanir til þess að bæta úr þessu. Þótt komið væri hér á ferðamannagjaldeyri, væri slíkt, miðað við núverandi aðstæður, ekki skref í áttina til gengislækkunar. Aðeins lítill hluti gjaldeyrisverzlunarinnar fer nú fram á skráðu gengi, þannig að auðvelt er að selja þann gjaldeyri, er inn kemur á vegum erlendra ferðamanna, til einhverra þeirra nota, að ekki mundi hafa í för með sér frekari verðhækkanir en þegar hlýtur óhjákvæmilega að leiða að þeim ráðstöfunum, er nýverið hafa verið gerðar í efnahagsmálum. Að öðru leyti verður það hlutverk nefndar þeirrar, er hér er lagt til að skipuð verði, að gera um það tillögur, hversu þessu verði haganlegast fyrir komið.

Sþ. 189. Fyrirspurnir. [96. mál]

I. Til utanríkisráðherra um útfærslu fiskveiðitakmarka.

Frá Sigurði Bjarnasyni.

1. Hvaða ráðstafanir hyggst ríkisstjórnin gera til frekari útfærslu fiskveiðitakmarkanna?
2. Hvenær má vænta slíkra ráðstafana?
3. Telur ríkisstjórnin ekki tímabært að gefa þingi og þjóð skýrslu um þær umræður, sem fram hafa farið á alþjóðavettvangi undanfarið um landhelgismál og yfirráðaréttinn yfir auðæfum hafsins?

II. Til ríkisstjórnarinnar um framleiðsluhag.

Frá Jóni Pálmasyni.

Þar sem upplýst hefur verið, að erlendir og innlendir fjármálasérfræðingar, sem til voru kallaðir, hafi komizt að þeirri niðurstöðu, að framleiðsluna hér á landi vantaði 500 milljónir króna til að geta starfað hallalaust, er spurt um eftirgreind atriði:

1. Er þetta miðað við árlegar tekjur?
2. Á þetta eingöngu við landbúnað og sjávarútveg, og hvernig skiptist upphæðin milli þeirra atvinnuvega?
3. Byggist þetta ekki á óbreyttum skipastól og óbreyttu framleiðslumagni landbúnaðarins?
4. Er ekki þarna byggt á því, að kaupgjald og opinber gjöld séu óbreytt eins og var, þegar álitið var gefið?
5. Er byggt á óbreyttu afurðaverði innanlands og á útfluttum afurðum?
6. Eru ekki teknar þarna með þær fjárhæðir, sem fara til að greiða niður vísitöluna?

Nd. 190. Nefndarálit [57. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og rætt það. Undirritaður meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarmanna, Kjartan J. Jóhannsson, er ekki mættur til þings og hefur af þeim ástæðum ekki getað mætt á fundum nefndarinnar, þegar málið var afgreitt.

Ragnhildur Helgadóttir mun skila sérálíti.

Alþingi, 23. jan. 1957.

Steingr. Steinþórsson, form. | Gunnar Jóhannsson, fundaskr., frsm. | Benedikt Gröndal.

Ed. 191. Frumvarp til laga [97. mál]

um breyting á lögum nr. 30 7. maí 1928, um þinglýsing skjala og aflýsing.

Flm.: Friðjón Skarphéðinsson, Jón Kjartansson, Karl Kristjánsson.

1. gr.

1. málsgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Þinglýsing skjala fer fram á þann hátt, að dómari les upp á bæjarþingi í kaupstöðum, en á manntalsþingi í hreppum skrá um þau skjöl, sem honum hafa borizt í þessu skyni, síðan síðasta bæjarþing í þeirri þinghá eða síðasta manntalsþing var háð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar lög nr. 30 7. maí 1928 voru sett, var hvergi háð bæjarþing hér á landi nema í Reykjavík. Á þessu varð breyting, þegar lög nr. 85 1936, um meðferð einkamála í héraði, voru sett. Þar er svo ákveðið, að í kaupstöðum skuli halda bæjarþing einu sinni í viku eða oftar. Í ýmsum kaupstöðum landsins var þá sá háttur tekinn upp að láta þinglýsingu skjala fara fram á bæjarþingum, og hefur þetta nú tíðkazt um 20 ára skeið. Þetta er heppilegt í framkvæmd og sömu rök fyrir slíkri þinglýsingaraðferð í öðrum kaupstöðum landsins sem í Reykjavík.

Lagaheimild fyrir þessu er þó vægast sagt hæpin, þótt ekki hafi enn komið að sök, svo að flutningsmönnum sé kunnugt.

Frumvarp þetta er flutt í því skyni, að lögfest verði venja sú, sem þegar hefur myndazt í ýmsum kaupstöðum um þann þátt þinglýsingar skjala, sem frv. fjallar um.

Ed. 192. Frumvarp til laga [98. mál]

um breyting á lögum nr. 18 4. nóv. 1887, um veð.

Flm.: Friðjón Skarphéðinsson, Jón Kjartansson, Karl Kristjánsson.

1. gr.

2., 3., 4. og 5. málsgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Eigi veðsali heimili í Reykjavík eða öðrum kaupstöðum, skal þinglýsa veðbréfinu á fyrsta, öðru eða þriðja bæjarþingi, eftir að það er dagsett, og fær bréfið, ef út af er brugðið, eigi veðgildi frá þinglýsingardegi, þótt síðar verði lýst.

Eigi veðsali heima utan kaupstaða, skal lýsa veðbréfinu á manntalsþingi hinu næsta eftir að það er dagsett, og fer um það sem áður segir, ef út af er brugðið. Hafi því verið þinglýst á réttum tíma, en áður sýnt, til þess að það verði ritað fyrir fram í afsals- og veðmálabókina, svo sem segir í l. nr. 30 7. maí 1928, nær það veðgildi frá þeim degi, er það var sýnt.

Nú flytur veðsali í aðra þinghá, og skal þá þinglýsa bréfinu að nýju á þingi þar og eigi síðar en áður segir frá þeim degi, er hann kom þangað.

Svo skal og þinglýsa öllum veðskuldbindingum, sem þegar hafa verið gefnar fyrir almennu sjálfsvörzluveði í lausafé eða sjálfsvörzluveði í einstökum munum, ella eru þær ógildar. Skal það gera innan sama frests og að framan greinir, eftir að lög þessi ná gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Flutningsmenn þessa frv. hafa flutt frv. á þingskjali 191 um breyting á l. nr. 30 7. maí 1928, um þinglýsing skjala og aflýsing. Breyting sú, er það frv. gerir ráð fyrir, er í því fólgin, að þinglýsing skjala skuli fara fram á bæjarþingi í kaupstöðum landsins, einnig utan Reykjavíkur. Verði það frv. að lögum, er nauðsynlegt að breyta l. nr. 18 4. nóv. 1887, um veð, til samræmis í þá átt, sem frumvarp það, er hér liggur fyrir, ráðgerir. Einnig er í frv. þessu gert ráð fyrir, að frestur til þinglýsingar lausafjárveðskjala sé dálítið lengdur, þar sem reynslan sýnir, að frestur sá, er nú gildir, er fullstuttur. Að öðru leyti felur frv. þetta ekki í sér efnisbreytingar á veðlögunum.

Nd. 193. Frumvarp til laga [99. mál]

um sölu og útflutning sjávarafurða o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1957.)

1. gr.

Ráðherra sá, er fer með sjávarútvegsmál, skipar þriggja manna nefnd, sem nefnist útflutningsnefnd sjávarafurða. Jafnframt skal skipa varamenn.

Ráðherra skipar formann nefndarinnar.

Með samþykki ráðherra getur útflutningsnefnd sjávarafurða ráðið sér fulltrúa til þess að annast dagleg störf svo og aðstoðarfólk, eftir því sem nauðsyn krefur.

2. gr.

Útflutningsnefnd sjávarafurða skal hafa með höndum eftirgreind störf:

1. Vera ráðherra til ráðuneytis um sölu og útflutning sjávarafurða.
2. Veita útflutningsleyfi fyrir sjávarafurðum.

Engar sjávarafurðir má bjóða til sölu, selja eða flytja til útlanda nema að fengnu leyfi nefndarinnar. Útflutningsleyfi getur nefndin bundið skilyrðum, er nauðsynleg þykja, þar á meðal um verðjöfnun innbyrðis milli sömu vörutegunda sömu gæða og að hver fiskeigandi skuli bera fjárhagsábyrgð á vöru sinni vegna galla.

3. Hafa forgöngu um markaðsleit og tilraunir til að selja sjávarafurðir á nýja markaði og auka sölu þeirra á eldri mörkuðum og annað það, er lýtur að útflutningi sjávarafurða.

3. gr.

Útflytjendur eru skyldir að gefa útflutningsnefnd sjávarafurða allar upplýsingar, sem hún óskar, um allt, sem varðar sölu og útflutning sjávarafurða, og hefur nefndin frjálsan aðgang að verzlunarbókum og skjölum þeirra hér að lútandi.

Nefndarmenn og starfsmenn eru bundnir þagnarheiti um viðskiptamál útflytjanda, er þeir verða áskynja um á þennan hátt.

4. gr.

Ríkisstjórnin getur ákveðið, að aðrar vörur en sjávarafurðir megi ekki bjóða til sölu, selja eða flytja til útlanda nema að fengnu leyfi hennar og með þeim skilyrðum, er hún setur.

5. gr.

Með reglugerð er heimilt að skipa nánar fyrir um allt, sem við kemur framkvæmd laga þessara, svo sem um löggildingu útflytjanda og um greiðslu kostnaðar við framkvæmdina.

6. gr.

Brot á lögum þessum, reglugerðum eða öðrum ákvæðum, sem sett kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að 200000 krónum eða fangelsi, ef miklar sakir eru, og skal farið með mál út af slíkum brotum að hætti opinberra mála.

7. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 11 12. febrúar 1940.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Nú um nokkurt skeið hafa heyrzt mjög háværar raddir um, að breytinga væri þörf á því fyrirkomulagi, sem gilt hefur um sölu og útflutning sjávarafurða. Bera þær greinilega vott um allmikla óánægju, er skapazt hefur um ýmsa þætti í framkvæmd þessara mála, enda því nær eingöngu komnar frá þeim framleiðendum sjávarafurða, er mestra hagsmuna hafa að gæta í sambandi við þessi viðskipti.

Í aðalatriðum er núgildandi skipulag á þessa leið:

1. Einn aðili (Söluband ísl. fiskframleiðenda) hefur einkaútflutning á saltfiski, og aðrir hafa ekki komið þar til greina.
2. Einn aðili (síldarútvegsnefnd) hefur haft með höndum allan útflutning á saltsíld.
3. Þrír aðilar (Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Samband ísl. samvinnufélaga og Fiskiðjuver ríkisins) annast allan útflutning á frosnum fiski.
4. Útflutningur á skreið, fiskimjöli, lýsi og nokkrum fleiri vörum er í höndum allmargra aðila (samlaga og einstaklinga).
5. Útflutningur þeirra vara, sem nefndar eru í 3. og 4. lið, er háður eftirliti ríkisins, sem hefur veitt útflutningsleyfi og ráðið verðlagi. Einn maður hefur farið með þetta eftirlit í umboði ráðherra.

Þetta fyrirkomulag hefur, eins og fyrr er sagt, ekki þótt gefast vel. Með þessu frumvarpi er því gengið inn á nýja braut. Það skipulag, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er að nokkru sniðið eftir dæmi Norðmanna, þó með fyllsta tilliti til sérástæðna okkar Íslendinga. Aðalatriði þessa nýja skipulags eru í stuttu máli þessi:

1. Allur útflutningur sjávarafurða skal vera undir nákvæmu eftirliti sérstakrar útflutningsnefndar, er ráðherra skipar, og er hlutverk hennar ákveðið í 2. gr. frumvarpsins.
2. Allir útflytjendur skulu sækja um útflutningsleyfi til nefndarinnar og fá samþykki hennar fyrir útboðum og sölum.
3. Nefndin fær allvíðtækt vald til að fylgjast með starfi útflytjenda. Hún skal einnig kynna sér markaðsmál og hafa forgöngu um öflun markaða.

Þetta skipulag mun því tryggja sterkari stjórn afurðasölumálanna í heild, eyða þeirri skaðlegu tortryggni, sem fyrr er á minnzt, og tryggja, að misnotkun geti ekki átt sér stað af hendi einstakra útflytjenda. Samkvæmt þessu fyrirkomulagi fær enginn útflytjandi einkarétt á útflutningi neinnar vörutegundar, en hverjum sem vill gefst kostur á að sýna hæfni sína og möguleika þá, sem fyrir hendi eru. Að sjálfsögðu munu núverandi sölustofnanir halda áfram starfsemi sinni, en með þessu verður sköpuð samkeppni milli þeirra og annarra aðila, sem við útflutning vilja fást, um sem beztan árangur.

Nefndin hefur að sjálfsögðu fullt vald til að hindra, að óeðlileg undirboð geti komið til greina.

Ljóst er, hversu mikilsvert það er fyrir þjóðarhag, að vel takist til um sölu sjávarafurðanna, og koma þar mörg sjónarmið til greina, verðlagið, nýting vöruskiptamarkaða, öflun frjáls gjaldeyris o. fl. Af þessum sökum er gert ráð fyrir nefndarskipun þeirri, er um ræðir í 1. gr. Aðalhlutverk nefndarinnar verður að veita útflutningsleyfi og kynna sér allar aðstæður í sambandi við það, setja skilyrði fyrir leyfisveitingum, sem athuganir hennar leiða í ljós, að nauðsynleg séu, svo sem um verðjöfnun sömu vörutegunda sömu gæða og að einstakir framleiðendur, sem selja vörur sínar fyrir milligöngu sölusamtaka, beri ábyrgð á vöru sinni, þannig að ef óhjákvæmilegt reynist að veita afslátt frá kaupverði vörunnar vegna galla, þá beri hlutaðeigandi framleiðandi fjárhagsábyrgðina.

Nauðsyn ber til, að eftirlit sé einnig haft með sölu og útflutningi annarra vara en sjávarafurða, og er ríkisstjórninni því veitt heimild í 4. gr. frumvarpsins til þess að ákveða, að sala og útflutningur þessara vara sé háður leyfisveitingum. Hér er fyrst og fremst átt við landbúnaðarafurðir og vörur af erlendum uppruna, og er frumvarpsgreinin staðfesting á eldri reglu.

Í 5. gr. frumvarpsins er heimild til að skipa fyrir um allt, er við kemur framkvæmd laganna, þar á meðal um greiðslu kostnaðar við framkvæmd. Í 5. gr. gildandi reglugerðar, nr. 109 6. september 1948, er leyfisgjald ákveðið 1‰ af útflutningsverðmætinu.

Ed. 194. Nefndarálit [3. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 55/1955, um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu þessa frv. Meiri hlutinn leggur til, að það verði samþ. óbreytt. Undirritaðir líta svo á, að engin nauðsyn hafi verið

á að fjölga mönnum í húsnæðismálastjórn, en það er aðalatriði frv. Við leggjum því til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 24. jan. 1956.

Sigurður Ó. Ólafsson, frsm. Friðjón Þórðarson.

Nd. 195. Nefndarálit [57. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin er ósammála um frv. Meiri hlutinn (StgrSt, BG, GJóh) mælir með frv., en undirrituð geta hins vegar ekki fallizt á það.

Frumvarp þetta, ef að lögum verður, mun auka vald Alþýðusambandsins á kostnað Alþingis, en Alþýðusambandið á samkv. frv. að fá 2 fulltrúa í stað eins áður í stjórn sjóðsins. Vinnuveitendasamband Íslands á einn fulltrúa í stjórn sjóðsins, og gerir frv. ekki ráð fyrir breytingu þar á.

Minni hluti nefndarinnar telur breytinguna, sem í frv. felst, rangláta og til þess eins gerða að fá þeim pólitíska flokki, sem hefur á hendi stjórn Alþýðusambandsins, frekari völd.

Auk þess skal á það bent, að í sjálfum lögunum um atvinnuleysistryggingar er kveðið á um endurskoðun þeirra árið 1958. Þess vegna teljum við breytinguna ótímabæra, andmælum efni hennar og leggjum til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 25. jan. 1957.

Ragnhildur Helgadóttir, frsm. Kjartan J. Jóhannsson.

Sþ. 196. Tillaga til þingsályktunar [100. mál]

um fullgildingu á alþjóðasamþykkt um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf.

(Lögð fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1957.)

Alþingi ályktar að veita ríkisstjórninni heimild til þess fyrir Íslands hönd að fullgilda samþykkt nr. 100, um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf, sem gerð var á 34. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í Genf 1951, eins og hún liggur fyrir á fylgiskjalinu, sem prentað er með ályktun þessari.

Fylgiskjal.

SAMÞYKKT

nr. 100 um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem stjórn Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar hefur kvatt til funda í Genf og kom saman til þrítugustu og

CONVENTION

(no. 100) concerning Equal Remuneration for Men and Women Workers for Work of Equal Value.

The General Conference of the International Labour Organisation,

Having been convened at Geneva by the Governing Body of the Interna-

fjórðu þingsetu sinnar 6. júní 1951, og hefur ákveðið að gera ákveðnar tillögur varðandi regluna um jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf, sem er sjöunda málið á dagskrá þingsins, og hefur ákveðið, að þessar tillögur skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar, gerir í dag, tuttugasta og níunda júní árið nítján hundruð fimmtíu og eitt, eftirfarandi samþykkt, sem nefna má Jafnlaunasamþykktina frá 1951:

1. gr.

Í þessari samþykkt —

(a) tekur orðið „laun" yfir hið venjulega grunn- eða lágmarkskaup og hvers konar frekari þóknun, sem greidd er beint eða óbeint, hvort heldur í fé eða fríðu, og vinnuveitandinn greiðir starfsmanninum fyrir vinnu hans;

(b) eiga orðin „jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf" við launataxta, sem settir eru án þess að gerður sé greinarmunur á kynjum.

2. gr.

1. Með þeim ráðum, er hæfa þeim aðferðum, sem hafðar eru við ákvörðun launataxta, skal hvert aðildarríki stuðla að því að tryggja það, að svo miklu leyti sem það samrýmist þessum aðferðum, að reglan um jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf taki til alls starfsfólks.

2. Þessari reglu skal komið til framkvæmda með:

(a) landslögum eða reglugerðum;

(b) ráðstöfunum, sem komið er á eða viðurkenndar eru með lögum, til ákvörðunar á launum;

(c) heildarsamningum milli vinnuveitenda og verkamanna, eða

(d) með þessum mismunandi aðferðum sameiginlega.

tional Labour Office, and having met in its Thirty-fourth Session on 6 June 1951, and

Having decided upon the adoption of certain proposals with regard to the principle of equal remuneration for men and women workers for work of equal value, which is the seventh item on the agenda of the session, and

Having determined that these proposals shall take the form of an international Convention,

adopts this twenty-ninth day of June of the year one thousand nine hundred and fifty-one the following Convention, which may be cited as the Equal Remuneration Convention, 1951:

Article 1

For the purpose of this Convention—

(a) the term "remuneration" includes the ordinary, basic or minimum wage or salary and any additional emoluments whatsoever payable directly or indirectly, whether in cash or in kind, by the employer to the worker and arising out of the worker's employment;

(b) the term "equal remuneration for men and women workers for work of equal value" refers to rates of remuneration established without discrimination based on sex.

Article 2

1. Each Member shall, by means appropriate to the methods in operation for determining rates of remuneration, promote and, in so far as is consistent with such methods, ensure the application to all workers of the principle of equal remuneration for men and women workers for work of equal value.

2. This principle may be applied by means of—

(a) national laws or regulations;

(b) legally established or recognised machinery for wage determination;

(c) collective agreements between employers and workers; or

(d) a combination of these various means.

3. gr.

1. Þar, sem slíkt mundi greiða fyrir því að ákvæðum samþykktarinnar sé framfylgt, skal gera ráðstafanir til þess að koma á óvilhöllu mati á störfum, sem byggist á því að metin sé sú vinna, sem inna skal af hendi.

2. Reglur þær, sem fara ber eftir við þetta mat, geta stjórnvöld þau, sem hafa með höndum ákvörðun launataxta, ákveðið, en þegar taxtarnir eru ákveðnir með heildarsamningum, geta aðilar þeirra ákveðið þær.

3. Mismunur á launatöxtum, er samsvarar mismun, sem ákveðinn er með slíku óhlutdrægu mati á vinnu þeirri, sem leysa ber af hendi, skal ekki talinn fara í bága við regluna um jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf, enda sé ekki greint á milli kynja.

4. gr.

Eftir því sem við á ætti hvert aðildarríki að hafa samvinnu við hlutaðeigandi vinnuveitenda- og verkalýðsfélög með það fyrir augum að koma ákvæðum þessarar samþykktar í framkvæmd.

5. gr.

Formlegar fullgildingar á samþykkt þessari skal senda framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

6. gr.

1. Þessi samþykkt skal einungis bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem hafa látið skrá fullgildingar sínar hjá framkvæmdastjóranum.

2. Hún gengur í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá framkvæmdastjóranum.

3. Síðan gengur þessi samþykkt í gildi, að því er snertir hvert aðildarríki, tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

7. gr.

1. Yfirlýsingar þær, sem sendar eru framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumála-

Article 3

1. Where such action will assist in giving effect to the provisions of this Convention measures shall be taken to promote objective appraisal of jobs on the basis of the work to be performed.

2. The methods to be followed in this appraisal may be dicided upon by the authorities responsible for the determination of rates of remuneration, or, where such rates are determined by collective agreements, by the parties thereto.

3. Differential rates between workers which correspond, without regard to sex, to differences, as determined by such objective appraisal, in the work to be performed shall not be considered as being contrary to the principle of equal remuneration for men and women workers for work of equal value.

Article 4

Each Member shall co-operate as appropriate with the employers' and workers' organisation concerned for the purpose of giving effect to the provisions of this Convention.

Article 5

The formal ratifications of this Convention shall be communicated to the Director-General of the International Labour Office for registration.

Article 6

1. This Convention shall be binding only upon those Members of the International Labour Organisation whose ratifications have been registered with the Director-General.

2. It shall come into force twelve months after the date on which the ratifications of two Members have been registered with the Director-General.

3. Thereafter, this Convention shall come into force for any Member twelve months after the date on which its ratification has been registered.

Article 7

1. Declarations communicated to the Director-General of the International La-

skrifstofunnar í samræmi við 2. málsgrein 35. greinar stjórnarskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, skulu greina:

(a) landsvæði, þar sem hlutaðeigandi aðildarríki undirgengst, að ákvæðum samþykktarinnar skuli beitt án takmarkana;

(b) landsvæði, þar sem það undirgengst að beita ákvæðum samþykktarinnar með takmörkunum ásamt upplýsingum um þær takmarkanir;

(c) landsvæði, sem samþykktin tekur ekki til og ástæður til þess;

(d) landsvæði, sem það áskilur sér rétt til að taka ákvörðun um að lokinni nánari athugun á aðstæðum.

2. Yfirlýsingar þær, sem nefndar eru í stafliðum *(a)* og *(b)* í 1. tölulið þessarar greinar, ber að skoða sem óskiptan hluta fullgildingarinnar og hafa sama gildi og hún.

3. Sérhvert aðildarríki getur hvenær sem er ógilt að öllu eða nokkru leyti með síðari yfirlýsingu fyrirvara þá, sem það hefur gert í upprunalegri yfirlýsingu sinni í samræmi við stafliðina *(b)*, *(c)* eða *(d)* í 1. tölulið þessarar greinar.

4. Í hvert skipti, sem segja má samþykkt þessari upp í samræmi við ákvæði 10. gr., getur sérhvert aðildarríki sent framkvæmdastjóranum yfirlýsingu um hvers konar aðrar breytingar, er dragi úr ákvæðum fyrri yfirlýsinga þess, enda lýsi það því ástandi, sem þá ríkir á landsvæðum þeim, sem það kann að tiltaka.

bour Office in accordance with paragraph 2 of Article 35 of the Constitution of the International Labour Organisation shall indicate—

(a) the territories in respect of which the Member concerned undertakes that the provisions of the Convention shall be applied without modification;

(b) the territories in respect of which it undertakes that the provisions of the Convention shall be applied subject to modifications, together with details of the said modifications;

(c) the territories in respect of which the Convention is inapplicable and in such cases the grounds on which it is inapplicable;

(d) the territories in respect of which it reserves its decisions pending further consideration of the position.

2. The undertakings referred to in subparagraphs *(a)* and *(b)* of paragraph 1 of this Article shall be deemed to be an integral part of the ratification and shall have the force of ratification.

3. Any Member may at any time by a subsequent declaration cancel in whole or in part any reservation in its original declaration in virtue of subparagraphs *(b)*, *(c)* or *(d)* of paragraph 1 of this Article.

4. Any Member may, at any time at which the Convention is subject to denunciation in accordance with the provisions of Article 9, communicate to the Director-General a declaration modifying in any other respect the terms of any former declaration and stating the present position in respect of such territories as it may specify.

8. gr.

1. Í yfirlýsingum þeim, sem sendar eru framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, skal fram tekið, hvort ákvæðum samþykktarinnar verði beitt til fullnustu eða með takmörkunum á landsvæði því, sem um er að ræða. Þegar yfirlýsing ber með sér, að samþykktinni skuli beitt með slíkum tak-

Article 8

1. Declarations communicated to the Director-General of the International Labour Office in accordance with paragraph 4 or 5 of Article 35 of the Constitution of the International Labour Organisation shall indicate whether the provisions of the Convention will be applied in the territory concerned with-

mörkunum, skulu þær greindar í einstökum atriðum.

2. Aðildarríki, eitt eða fleiri, eða fjölþjóðleg stjórnvöld, sem hlut eiga að máli, geta hvenær sem er með síðari yfirlýsingu ógilt að öllu eða nokkru leyti áskilin réttindi til takmarkana, sem fyrri yfirlýsing tiltók.

3. Jafnan þegar hægt er að segja samþykkt þessari upp í samræmi við ákvæði 10. gr., geta aðildarríki þau, eitt eða fleiri, eða fjölþjóðleg stjórnvöld, sem í hlut eiga, sent aðalframkvæmdarstjóranum yfirlýsingu þess efnis, að þau dragi að einhverju öðru leyti úr ákvæðum sinna fyrri yfirlýsinga, enda lýsi þau jafnframt hvernig þá er ástatt um framkvæmd samþykktarinnar.

9. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að 10 árum liðnum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en að ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.

2. Hvert það aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri málsgrein, rétt þann til uppsagnar, sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni um annað tíu ára tímabil og upp frá því getur það sagt þessari samþykkt upp að liðnu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

10. gr.

1. Framkvæmdastjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum skráningu allra fullgildinga, yfirlýsinga og uppsagna, sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.

out modification or subject to modifications; when the declaration indicates that the provisions of the Convention will be applied subject to modifications, it shall give details of the said modifications.

2. The Member, Members or international authority concerned may at any time by a subsequent declaration renounce in whole or in part the right to have recourse to any modification indicated in any former declaration.

3. The Member, Members or international authority concerned may, at any time at which this Convention is subject to denunciation in accordance with the provisions of Article 9, communicate to the Director-General a declaration modifying in any other respect the terms of any former declaration and stating the present position in respect of the application of the Convention.

Article 9

1. A Member which has ratified this Convention may denounce it after the expiration of ten years from the date on which the Convention first comes into force, by an act communicated to the Director-General of the International Labour Office for registration. Such denunciation shall not take effect until one year after the date on which it is registered.

2. Each Member which has ratified this Convention and which does not, within the year following the expiration of the period of ten years mentioned in the preceding paragraph, exercise the right of denunciation provided for in this Article, will be bound for another period of ten years and, thereafter, may denounce this Convention at the expiration of each period of ten years under the terms provided for in this Article.

Article 10

1. The Director-General of the International Labour Office shall notify all Members of the International Labour Organisation of the registration of all ratifications, declarations and denunciations communicated to him by the Members of the Organisation.

2. Þegar framkvæmdastjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingar, sem honum er send, skal hann vekja athygli þeirra á, hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

11. gr.

Framkvæmdastjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna, til skrásetningar samkvæmt 102. gr. stofnskrár Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar, yfirlýsingar og uppsagnir, sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

12. gr.

Þegar stjórn Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt, skal hún leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd samþykktar þessarar og athuga jafnframt, hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins umræður um breytingar á henni allri eða hluta hennar.

13. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt allri eða hluta hennar, skal:

(a) fullgilding aðildarríkis á hinni nýju breytinga-samþykkt *ipso jure* hafa í för með sér tafarlausa uppsögn á þessari samþykkt, hvað sem ákvæðum 9. gr. hér að framan líður, ef hin nýja breytinga-samþykkt öðlast gildi, og þá frá þeim tíma, er það gerðist;

(b) aðildarríkjunum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt eftir að hin nýja breytinga-samþykkt gekk í gildi;

enda sé ekki öðruvísi ákveðið í hinni nýju samþykkt.

2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, vera áfram í gildi eins og hún er nú að formi til og efni, hvað snertir þau aðildarríki, sem hafa fullgilt hana, en ekki hafa fullgilt breytinga-samþykktina.

2. When notifying the Members of the Organisation of the second ratification communicated to him, the Director-General shall draw the attention of the Members of the Organisation to the date upon which the Convention will come into force.

Article 11

The Director-General of the International Labour Office shall communicate to the Secretary-General of the United Nations for registration in accordance with Article 102 of the Charter of the United Nations full particulars of all ratifications, declarations and acts of denunciation registered by him in accordance with the provisions of the preceding articles.

Article 12

At such times as it may consider necessary the Governing Body of the International Labour Office shall present to the General Conference a report on the working of this Convention and shall examine the desirability of placing on the agenda of the Conference the question of its revision in whole or in part.

Article 13

1. Should the Conference adopt a new Convention revising this Convention in whole or in part, then, unless the new Convention otherwise provides—

(a) the ratification by a Member of the new revising Convention shall *ipso jure* involve the immediate denunciation of this Convention, notwithstanding the provisions of Article 9 above, if and when the new revising Convention shall have come into force;

(b) as from the date when the new revising Convention comes into force this Convention shall cease to be open to ratification by the Members.

2. This Convention shall in any case remain in force in its actual form and content for those Members which have ratified it but have not ratified the revising Convention.

14. gr.	*Article 14*
Hinn enski og franski texti þessarar samþykktar eru jafngildir.	The Engilsh and French versions of the text of this Convention are equally authoritative.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Samþykkt þessi, sem venjulega er nefnd Jafnlaunasamþykktin, var gerð á 34. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í Genf 1951. Höfðu undirbúningsumræður um þetta mál farið fram á þinginu næsta á undan.

Frá upphafi var nokkur andstaða gegn því, að um þetta efni yrði gerð samþykkt, og vildu ýmsir fremur hafa þann hátt á, að samþykkja einungis um það tilmæli til ríkisstjórna aðildarríkjanna, og báru ríkisstjórnarfulltrúar Ástralíu, Bretlands, Danmerkur, Indlands og Svíþjóðar fram breytingartillögu í þá átt við lokaafgreiðslu málsins. Sú breytingartillaga var felld með 103 atkvæðum gegn 68.

Við lokaatkvæðagreiðslu um samþykktina greiddu 105 fulltrúar atkvæði með henni, 33 á móti og 40 sátu hjá.

Samþykktin gekk í gildi 23. maí 1953, og hafa nú samtals 18 ríki fullgilt hana, en þau eru þessi: Argentína, Austurríki, Belgía, Búlgaría, Dominikanska lýðveldið, Filipseyjar, Frakkland, Honduras, Ítalía, Júgóslavía, Kúba, Mexikó, Pólland, Sovétlýðveldin (U. S. S. R.), Sovétlýðveldið Hvítarússland, Sovétlýðveldið Ukraina, Ungverjaland og Sambandslýðveldið Vestur-Þýzkaland.

Ríki þau, sem fullgilda þessa samþykkt, skuldbinda sig til þess að stuðla að því, að við hvers konar vinnu séu konum greidd sömu laun og körlum fyrir jafnverðmæt störf, og skulu þau tryggja framkvæmd þessarar reglu, að svo miklu leyti sem unnt er, með tilliti til þeirra aðferða, sem hafðar eru við ákvörðun launa í hverju einstöku ríki. Með launum er hér átt við hvers konar greiðslur fyrir vinnu, hvort sem þær eru inntar af hendi í reiðufé eða öðrum verðmætum. Í sambandi við þetta atriði má geta þess, að í umræðum um samþykktarfrumvarpið komu fram tillögur frá atvinnurekendum um það, að sérstök skilgreining yrði gerð á orðunum „jafnverðmæt störf", þannig að miðað yrði við jöfn afköst og að mismunur á launatöxtum karla og kvenna, sem byggðist á öðru en kynferði, skyldi ekki talinn brjóta í bág við ákvæði samþykktarinnar. Þessar tillögur náðu ekki fram að ganga.

Samþykktin kveður á um mismunandi aðferðir til þess að koma grundvallarreglu hennar í framkvæmd, en þær byggjast á lagasetningu og/eða heildarsamningum atvinnurekenda og verkamanna. Þá gerir samþykktin ráð fyrir, að þar sem það þykir henta, verði látið fara fram mat á hinum ýmsu störfum og það lagt til grundvallar við ákvörðun á kauptöxtum. Mismunur á kauptöxtum, sem er í samræmi við þetta mat, telst ekki fara í bág við ákvæði samþykktarinnar.

Í 7. gr. laga nr. 38 14. apríl 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, segir, að konur og karlar hafi jafnan rétt til opinberra starfa og til sömu launa fyrir sömu störf. Með þessu ákvæði er starfsmönnum ríkisins, konum og körlum, tryggður sami réttur til launa fyrir sömu vinnu.

Sams konar reglur munu gilda almennt hjá bæjarfélögum. Þá fá konur, sem lokið hafa iðnnámi, sama kaup og karlar í þeirri iðngrein, sem þær hafa lært.

Á síðari árum hefur það mjög farið í vöxt, að konur fái sama kaup og karlar við margvísleg störf, einkum þau, sem karlmenn hafa aðallega unnið áður. Má í því sambandi nefna, að í samningum atvinnurekenda og verkalýðsfélaga eru allmörg störf á hinum almenna vinnumarkaði nú greidd með sama kaupi, hvort sem þau eru unnin af körlum eða konum.

Hér á landi er kaup almennt ákveðið með samningum milli atvinnurekenda og launþega og hefur ríkisstjórnin ekki bein afskipti af ákvörðun kauptaxta.

Ríkisstjórnin getur þó á ýmsan hátt stuðlað að því að koma á reglunni um sömu laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf og fullnægt þannig skyldum

þeim, sem samþykktin leggur henni á herðar, því að skyldur hennar miðast við þær reglur, sem hér gilda um afskipti ríkisvaldsins af ákvörðun kaupgjalds.

Af skýrslum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er ljóst, að ríkisstjórnir fullnægja skyldum sínum samkvæmt samþykktinni á mjög mismunandi hátt.

Í einstökum ríkjum hefur verið látið nægja að hvetja samtök atvinnurekenda og launþega til þess að fylgja reglunni um sömu laun til karla og kvenna. Annars staðar hafa ríkisstjórnir haft frumkvæði að því, að stofnaðar hafa verið nefndir, skipaðar fulltrúum atvinnurekenda og verkamanna, til þess að vinna sameiginlega að þessu máli.

Áður en samþykkt þessi var gerð tjáði ríkisstjórn Íslands sig fylgjandi því, að gerði yrði alþjóðasamþykkt um sömu laun til karla og kvenna fyrir sömu störf, og í samræmi við þá afstöðu stjórnarinnar er áðurnefnt ákvæði laganna um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Þá gerði Alþingi ályktun 1954, þar sem skorað var á ríkisstjórnina að undirbúa nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að hægt væri að fullgilda samþykkt þessa hér á landi.

Alþýðusamband Íslands og félagssamtök kvenna hafa þetta mál einnig á stefnuskrá sinni.

Það virðist því vera vakandi almennur áhugi fyrir því að koma á hér á landi jafnrétti karla og kvenna í launamálum, og vill ríkisstjórnin leggja því máli lið með fullgildingu þessarar samþykktar og þeim ráðstöfunum, sem hún telur við eiga á hverjum tíma.

Sþ. 197. Tillaga til þingsályktunar [101. mál]

um fullgildingu á alþjóðasamþykkt um nauðungarvinnu eða skylduvinnu.

(Lögð fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1957.)

Alþingi ályktar að veita ríkisstjórninni heimild til þess fyrir Íslands hönd að fullgilda samþykkt nr. 29, um nauðungarvinnu eða skylduvinnu, sem gerð var á fjórtánda þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í Genf 28. júní 1930, eins og hún liggur fyrir á fylgiskjalinu, sem prentað er með ályktun þessari.

Fylgiskjal.

SAMÞYKKT
nr. 29 um nauðungarvinnu eða skylduvinnu.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, saman komið til 14. þingsetu sinnar í Genf 10. júní 1930, eftir kvaðningu Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, hefur ákveðið að samþykkja ákveðnar tillögur varðandi nauðungarvinnu eða skylduvinnu, sem er þáttur í fyrsta dagskrármáli þessa þings, og þar sem það hefur ákveðið, að þessar tillögur skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar, gerir þingið í dag, hinn 28. júní 1930, eftirfarandi samþykkt, sem nefna

CONVENTION
(no. 29) concerning forced or compulsory Labour.

The General Conference of the International Labour Organisation,

Having been convened at Geneva by the Governing Body of the International Labour Office, and having met in its Fourteenth Session on 10 June 1930, and

Having decided upon the adoption of certain proposals with regard to forced or compulsory labour, which is included in the first item on the agenda of the Session, and

má Nauðungarvinnusamþykktina 1930, til þess að aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar megi fullgilda hana í samræmi við ákvæði stjórnarskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar:

1. gr.

1. Hvert það aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem fullgildir samþykkt þessa, skuldbindur sig til þess að útrýma hvers konar nauðungarvinnu eða skylduvinnu á eins skömmum tíma og unnt er.

2. Með þessa fullkomnu útrýmingu fyrir augum, má nota nauðungar- eða skylduvinnu meðan ástandið er að breytast, en einungis í opinberum tilgangi og sem undantekning, og með þeim skilyrðum og tryggingu, sem greinir hér á eftir.

3. Að loknum fimm árum frá gildistöku samþykktar þessarar og þegar stjórn Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar semur skýrslu þá, sem um ræðir í 31. gr. hér á eftir, skal nefnd stjórn kanna möguleikana á útrýmingu hvers konar nauðungar- eða skylduvinnu án frekari frests til umskiptanna og einnig hvort æskilegt sé að taka þetta mál á dagskrá þingsins.

2. gr.

1. Að því er tekur til þessarar samþykktar skal hugtakið „nauðungar- eða skylduvinna“ merkja alla vinnu eða þjónustu sem krafizt er af manni með hótun um einhvers konar refsingu og hann hefur ekki gefið sig sjálfviljugur fram til þess að inna af hendi.

2. Þó skal hugtakið „nauðungar- eða skylduvinna“, að því er tekur til þessarar samþykktar, ekki fela í sér:

(a) neins konar vinnu eða þjónustu, sem krafizt er samkvæmt lögum um her-

Having determined that these proposals shall take the form of an international Convention,

adopts this twenty-eighth day of June of the year one thousand nine hundred and thirty the following Convention, which may be cited as the Forced Labour Convention, 1930, for ratification by the Members of the International Labour Organisation in accordance with the provisions of the Constitution of the International Labour Organisation:

Article 1

1. Each Member of the International Labour Organisation which ratifies this Convention undertakes to suppress the use of forced or compulsory labour in all its forms within the shortest possible period.

2. With a view to this complete suppression, recourse to forced or compulsory labour may be had, during the transitional period for public purpose only and as an exceptional measure, subject to the conditions and guarantees hereinafter provided.

3. At the expiration of a period of five years after the coming into force of this Convention, and when the Governing Body of the International Labour Office prepares the report provided for in Article 31 below, the said Governing Body shall consider the possibility of the suppression of forced or compulsory labour in all its forms without a further transitional period and the desirability of placing this question on the agenda of the Conference.

Article 2

1. For the purposes of this Convention the term "forced or compusory labour" shall mean all work or service which is exacted from any person under the menace of any penalty and for which the said person has not offered himself voluntarily.

2. Nevertheless, for the purposes of this Convention, the term "forced or compulsory labour" shall not include—

(a) any work or service exacted in virtue of compulsory military service

skylduþjónustu, að því er tekur til starfa, sem eru algerlega hernaðarlegs eðlis;

(b) neins konar vinnu eða þjónustu, sem er þáttur í borgaralegum skyldum borgara í algerlega sjálfstæðu landi;

(c) neins konar vinnu eða þjónustu, sem krafizt er af manni á grundvelli dóms uppkveðnum í rétti, enda sé nefnd vinna eða þjónusta framkvæmd undir eftirliti og stjórn opinbers stjórnvalds og umræddur maður sé ekki leigður eða afhentur til umráða einstaklingum, fyrirtækjum eða félögum;

(d) neins konar vinnu eða þjónustu, sem krafizt er í neyðartilfellum, þ. e. a. s. þegar um er að ræða styrjaldir, voða eða ógn um voða svo sem eldsvoða, flóð, hungursneyð, jarðskjálfta, svæsnar farsóttir í mönnum eða málleysingjum, innrásir dýra, skordýra eða jurtasjúkdóma og yfirleitt sérhvert atvik, sem mundi stofna í hættu lífi eða velferð þjóðarinnar allrar eða hluta hennar;

(e) minni háttar störf í þágu sveitarfélaga, þ. e. a. s. þau störf, sem meðlimir sveitarfélags vinna beint í þágu þess og má því líta á sem venjulega borgaraskyldu meðlima sveitarfélagsins, enda eigi íbúar sveitarfélagsins eða beinir fulltrúar þeirra rétt á því, að álits þeirra sé leitað um þörfina fyrir slík störf.

3. gr.

Að því er tekur til þessarar samþykktar skal hugtakið „hlutaðeigandi stjórnvald“ tákna annað hvort stjórnvald í móðurlandinu eða æðsta stjórnvald á hlutaðeigandi landsvæði.

4. gr.

1. Hlutaðeigandi stjórnvald má ekki leggja á eða leyfa að lögð sé á nauðungar- eða skylduvinna í þágu einstaklinga, stofnana eða félaga.

laws for work of a purely military character;

(b) any work or service which forms part of the normal civic obligations of the citizens of a fully self-governing country;

(c) any work or service exacted from any person as a consequence of a conviction in a court of law, provided that the said work or service is carried out under the supervision and control of a public authority and that the said person is not hired to or placed at the disposal of private individuals, companies or associations;

(d) any work or service exacted in cases of emergency, that is to say, in the event of war or of a calamity or threatened calamity, such as fire, flood, famine, earthquake, violent epidemic or epizootic diseases, invasion by animal, insect or vegetable pests, and in general any circumstance that would endanger the existence or the well-being of the whole or part of the population;

(e) minor communal service of a kind which, being performed by the members of the community in the direct interest of the said community, can therefore be considered as normal civic obligation incumbent upon the members of the community, provided that the members of the community or their direct representatives shall have the right to be consulted in regard to the need for such services.

Article 3

For the purposes of this Convention the term "competent authority" shall mean either an authority of the metropolitan country or the highest central authority in the territory concerned.

Article 4

1. The competent authority shall not impose or permit the imposition of forced or compulsory labour for the benefit of private individuals, companies or associations.

2. Þar sem slík nauðungar- eða skylduvinna í þágu einstaklinga, stofnana eða félaga viðgengst á þeim tíma er framkvæmdastjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skráir fullgildingu aðildarríkis á samþykkt þessari, skal aðildarríkið að fullu útiloka slíka nauðungar- eða skylduvinnu frá þeim degi er samþykkt þessi gengur í gildi fyrir það aðildarríki.

5. gr.

1. Ekkert sérleyfi veitt einstaklingum, stofnunum eða félögum skal hafa í för með sér neins konar nauðungar- eða skylduvinnu við að framleiða eða safna saman vörum, sem slíkir einstaklingar, stofnanir eða félög nota eða verzla með.

2. Þar sem til eru sérleyfi, sem innihalda ákvæði, er hafa í för með sér þess háttar nauðungar- eða skylduvinnu, skulu slík ákvæði afnumin eins fljótt og unnt er, til þess að fullnægt verði ákvæðum 1. greinar þessarar samþykktar.

6. gr.

Jafnvel þar sem embættismönnum er skylt að hvetja íbúa, sem eru undir þeirra stjórn, til þess að ráða sig í einhverja vinnu, skulu þeir ekki þvinga þessa íbúa eða einstaka þeirra til þess að vinna fyrir einstaklinga, stofnanir eða félög.

7. gr.

1. Höfðingjum, sem ekki hafa stjórnarstörf með höndum, skal ekki heimilt að færa sér nauðungar- eða skylduvinnu í nyt.

2. Höfðingjum, sem hafa stjórnarstörf með höndum, skal heimilt að færa sér í nyt nauðungar- eða skylduvinnu, að fenginni skýlausri heimild hlutaðeigandi stjórnvalds, enda sé farið eftir ákvæðum 10. greinar.

3. Höfðingjar, sem eru tilhlýðilega viðurkenndir og fá ekki hæfileg laun í öðru formi, mega njóta persónulegrar þjónustu, enda sé þá farið eftir viðeigandi reglugerðum og gerðar séu allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir misbeitingu.

2. Where such forced or compulsory labour for the benefit of private individuals, companies or associations exists at the date on which a Member's ratification of this Convention is registered by the Director-General of the International Labour Office, the Member shall completely suppress such forced or compulsory labour from the date on which this Convention comes into force for that Member.

Article 5

1. No concession granted to private individuals, companies or associations shall involve any form of forced or compulsory labour for the production or the collection of products which such private individuals, companies or associations utilise or in which they trade.

2. Where concessions exist containing provisions involving such forced or compulsory labour, such provisions shall be rescinded as soon as possible, in order to comply with Article 1 of this Convention.

Article 6

Officials of the administration, even when they have the duty of encouraging the populations under their charge to engage in some form of labour, shall not put constraint upon the said populations or upon any individual members thereof to work for private individuals, companies or associations.

Article 7

1. Chiefs who do not exercise administrative functions shall not have recourse to forced or compulsory labour.

2. Chiefs who exercise administrative functions may, with the express permission of the competent authority, have recourse to forced or compulsory labour, subject to the provisions of Article 10 of this Convention.

3. Chiefs who are duly recognised and who do not receive adequate remuneration in other forms may have the enjoyment of personal services, subject to due regulation and provided that all necessary measures are taken to prevent abuses.

8. gr.

1. Ábyrgðin á sérhverri ákvörðun um að nota nauðungar- eða skylduvinnu, hvílir á æðsta borgaralegu stjórnvaldi á hlutaðeigandi landsvæði.

2. Þó má það stjórnvald gefa æðstu héraðsstjórnum umboð til þess að krefjast nauðungar- eða skylduvinnu, ef það hefur ekki í för með sér að verkamennirnir séu fluttir frá heimkynnum sínum. Fyrrnefnt stjórnvald getur einnig um tíma og með þeim skilyrðum, sem sett kunna að verða í reglugerðum samkvæmt 23. grein þessarar samþykktar gefið æðstu héraðsstjórnum umboð til þess að krefjast nauðungar- eða skylduvinnu, sem hefur í för með sér flutning á verkamönnum frá heimkynnum þeirra, enda sé það gert til þess að greiða fyrir flutningi embættismanna stjórnarinnar þegar þeir eru að skyldustörfum og til flutnings á vörum stjórnarinnar.

9. gr.

Með þeim undantekningum, sem greinir í 10. gr. þessarar samþykktar, skal hvert það stjórnvald, sem er bært til þess að krefjast nauðungar- eða skylduvinnu, áður en það ákveður að notfæra slíka vinnu fullvissa sig um:

(a) að vinna sú eða þjónusta, sem látin skal í té, sé í beinar og brýnar þarfir þess samfélags, sem hennar er krafizt af;

(b) að vinnunnar eða þjónustunnar sé bráð eða yfirvofandi nauðsyn;

(c) að ekki hafi verið unnt að fá frjálst vinnuafl til þess að inna af hendi vinnuna eða þjónustuna með því að bjóða kaup eða vinnukjör, sem eigi séu lakari en þau, sem tíðkast á hlutaðeigandi landsvæði fyrir slíka vinnu eða þjónustu; og

(d) að vinnan eða þjónustan muni ekki leggja of þunga byrði á íbúana með tilliti til þess vinnuafls, sem tiltækt er, og möguleika þeirra til þess að taka að sér vinnuna.

10. gr.

1. Smátt og smátt skal útrýma nauðungar- eða skylduvinnu, sem krafizt er

Article 8

1. The responsibility for every decision to have recourse to forced or compulsory labour shall rest with the highest civil authority in the territory concerned.

2. Nevertheless, that authority may delegate powers to the highest local authorities to exact forced or compulsory labour which does not involve the removal of the workers from their place of habitual residence. That authority may also delegate, for such periods and subject to such conditions as may be laid down in the regulations provided for in Article 23 of this Convention, powers to the highest local authorities to exact forced or compulsory labour which involves the removal of the workers from their place of habitual residence for the purpose of facilitating the movement of officials of the administration, when on duty, and for the transport of Government stores.

Article 9

Except as otherwise provided for in Article 10 of this Convention, any authority competent to exact forced or compulsory labour shall, before deciding to have recourse to such labour, satisfy itself—

(a) that the work to be done or the service to be rendered is of important direct interest for the community called upon to do the work or render the service;

(b) that the work or service is of present or imminent necessity;

(c) that it has been impossible to obtain voluntary labour for carrying out the work or rendering the service by the offer of rates of wages and conditions of labour not less favourable than those prevailing in the area concerned for similar work or service; and

(d) that the work or service will not lay too heavy a burden upon the present population, having regard to the labour available and its capacity to undertake the work.

Article 10

1. Forced or compulsory labour exacted as a tax and forced or compulsory

sem skattgreiðslu, og nauðungar- eða skylduvinnu, sem höfðingjar, er hafa stjórnarstörf með höndum, notfæra sér við framkvæmd starfa í þágu almennings.

2. Þar sem nauðungar- eða skylduvinnu er krafizt sem skattgreiðslu og höfðingjar, er hafa stjórnarstörf með höndum notfæra sér nauðungar- eða skylduvinnu við framkvæmd starfa í almenningsþágu, skal hlutaðeigandi stjórnvald fyrst fullvissa sig um:

(a) að vinna sú eða þjónusta, sem látin skal í té, sé í beinar og brýnar þarfir þess samfélags, sem hennar er krafizt af;

(b) að vinnunnar eða þjónustunnar sé bráð eða yfirvofandi nauðsyn;

(c) að vinnan eða þjónustan muni ekki leggja of þunga byrði á íbúana með tilliti til þess vinnuafls, sem tiltækt er, og möguleika þeirra til þess að taka að sér vinnuna;

(d) að vinnan eða þjónustan hafi ekki í för með sér flutning verkamannanna frá heimkynnum þeirra;

(e) að framkvæmd vinnunnar eða þjónustunnar sé stjórnað eftir kröfum trúarbragða, félagslífs og landbúnaðar.

11. gr.

1. Til nauðungar- eða skylduvinnu má einungis kalla fullfæra karlmenn, sem augljóst er að séu ekki yngri en 18 ára og ekki eldri en 45 ára. Að undanskildum þeim tegundum vinnu, sem greinir í 10. grein þessarar samþykktar skulu eftirfarandi takmarkanir og skilyrði gilda:

(a) Þegar því verður við komið skal læknir tilnefndur af stjórnvöldunum fyrirfram úrskurða hvort hlutaðeigandi menn séu ekki haldnir neinum smitandi sjúkdómi og að þeir séu líkamlega færir til þeirrar vinnu, sem þeim er ætluð, við þau skilyrði, sem hún fer fram við;

(b) undanskildir eru kennarar, nemendur og starfsmenn stjórnarinnar yfirleitt.

labour to which recourse is had for the execution of public work by chiefs who exercise administrative functions shall be progressively abolished.

2. Meanwhile, where forced or compulsory labour is exacted as a tax, and where recourse is had to forced or compulsory labour for the execution of public works by chiefs who exercise administrative functions, the authority concerned shall first satisfy itself—

(a) that the work to be done or the service to be rendered is of important direct interest for the community called upon to do the work or render the service;

(b) that the work or the service is of present or imminent necessity;

(c) that the work or service will not lay too heavy a burden upon the present population, having regard to the labour available and its capacity to undertake the work;

(d) that the work or service will not entail the removal of the workers from their place of habitual residence;

(e) that the execution of the work or the rendering of the service will be directed in accordance with the exigencies of religion, social life and agriculture.

Article 11

1. Only adult able-bodied males who are of an apparent age of not less than 18 and not more than 45 years may be called upon for forced or compulsory labour. Except in respect of the kinds of labour provided for in Article 10 of this Convention, the following limitations and conditions shall apply:

(a) whenever possible prior determination by a medical officer appointed by the administration that the persons concerned are not suffering from any infectious or contagious disease and that they are physically fit for the work required and for the conditions under which it is to be carried out;

(b) exemption of school teachers and pupils and of officials of the administration in general;

(c) í hverju samfélagi skal haldið eftir eins mörgum fullfærum karlmönnum og ómissandi eru fjölskyldu- og félagslífi;

(d) virða skal hjúskapar- og fjölskyldutengsl.

2. Með tilliti til stafliðs c í undanförnum tölulið, skulu reglugerðir þær, sem um ræðir í 23. grein þessarar samþykktar, ákveða hve mikinn hluta fullorðinna vinnufærra karla megi á hverjum tíma taka til nauðungar- eða skylduvinnu, þó má þessi hluti aldrei vera meiri en 25%. Við ákvörðun þessa hlutfalls, skal hlutaðeigandi stjórnvald taka tillit til þess hve fólkið býr þétt, hversu það er þroskað félagslega og líkamlega, árstíða, og þeirrar vinnu, sem hlutaðeigandi fólk verður að framkvæma sjálfs sín vegna í heimahéraði sínu og yfirleitt skal hafa í huga efnahagslegar og félagslegar nauðsynjar fyrir eðlilegt líf hlutaðeigandi samfélags.

12. gr.

1. Hámarkstími sá, sem taka má mann til nauðungar- eða skylduvinnu, hverrar tegundar sem er, á hverju tólf mánaða tímabili, skal ekki fara fram úr sextíu dögum að meðtöldum þeim tíma, sem fer til ferða til og frá vinnustað.

2. Hver sá, sem krafinn er nauðungar- eða skylduvinnu, skal fá í hendur skírteini, er greini þau tímabil er hann hefur innt af hendi slíka vinnu eða þjónustu.

13. gr.

1. Venjulegur vinnutími sérhvers manns, sem vinnur nauðungar- eða skylduvinnu, skal vera hinn sami og tíðkast í frjálsri vinnu og fyrir vinnu fram yfir þann tíma skal greiða eftir sama taxta og greitt er eftir fyrir yfirvinnu í frjálsri vinnu.

2. Allir þeir, sem vinna einhvers konar skylduvinnu, skulu fá vikulegan hvíldardag og skal hann, ef mögulegt er, vera sá sami og venjulegur fridagur á hlutaðeigandi landsvæði.

(c) the maintenance in each community of the number of adult able-bodied men indispensable for family and social life;

(d) respect for conjugal and family ties.

2. For the purposes of sub-paragraph *(c)* of the preceding paragraph, the regulations provided for in Article 23 of this Convention shall fix the proportion of the resident adult ablebodied males who may be taken at any one time for forced or compulsory labour, provided always that this proportion shall in no case exceed 25 per cent. In fixing this proportion the competent authority shall take account of the density of the population, of its social and physical development, of the seasons, and of the work which must be done by the persons concerned on their own behalf in their locality, and, generally, shall have regard to the economic and social necessities of the normal life of the community concerned.

Article 12

1. The maximum period for which any person may be taken for forced or compulsory labour of all kinds in any one period of twelve months shall not exceed sixty days, including the time spent in going to and from the place of work.

2. Every person from whom forced or compulsory labour is exacted shall be furnished with a certificate indicating the periods of such labour which he has completed.

Article 13

1. The normal working hours of any person from whom forced or compulsory labour is exacted shall be the same as those prevailing in the case of voluntary labour, and the hours worked in excess of the normal working hours shall be remunerated at the rates prevailing in the case of overtime for voluntary labour.

2. A weekly day of rest shall be granted to all persons from whom forced or compulsory labour of any kind is exacted and this day shall coincide as far as possible with the day fixed by tradition or custom in the territories or regions concerned.

14. gr.

1. Að undantekinni þeirri nauðungar- eða skylduvinnu, sem um ræðir í 10. grein þessarar samþykktar, skal greiða fyrir hvers konar nauðungar- eða skylduvinnu í reiðu fé og ekki eftir lægri taxta en greitt er eftir fyrir sams konar vinnu, annað hvort þar sem unnið er eða þar sem vinnuaflið er frá, eftir því hvor er hærri.

2. Að því er tekur til vinnu, sem höfðingjar notfæra sér við framkvæmd stjórnarstarfa, skal komið á launagreiðslum í samræmi við ákvæði undanfarandi töluliðs eins fljótt og unnt er.

3. Launin skulu greidd hverjum einstökum verkamanni fyrir sig, en ekki höfðingja kynflokks hans eða neinu öðru stjórnvaldi.

4. Við útreikning launa skulu dagar þeir, sem fara í ferðir til og frá vinnustað, teljast vinnudagar.

5. Ekkert í þessari grein skal vera því til fyrirstöðu að venjulegt fæði sé látið upp í kaup, en slíkt fæði skal vera a. m. k. jafn mikið að verðgildi og það er reiknað, en ekki má draga frá kaupi til greiðslu á sköttum eða fyrir sérstöku fæði, fatnaði eða húsnæði, sem verkamanninum er látið í té til þess að halda honum hæfum til að stunda vinnu sína við sérstakar aðstæður í einhverju starfi, eigi heldur fyrir verkfærum.

Article 14

1. With the exeption of the forced or compulsory labour provided for in Article 10 of this Convention, forced or compulsory labour of all kinds shall be remunerated in cash at rates not less than those prevailing for similar kinds of work either in the district in which the labour is employed or in the district from which the labour is recruited, whichever may be the higher.

2. In the case of labour to which recourse is had by chiefs in the exercise of their administrative functions, payment of wages in accordance with the provisions of the preceding paragraph shall be introduced as soon as possible.

3. The wages shall be paid to each worker individually and not to his tribal chief or to any other authority.

4. For the purpose of payment of wages the days spent in travelling to and from the place of work shall be counted as working days.

5. Nothing in this Article shall prevent ordinary rations being given as a part of wages, such rations to be at least equivalent in value to the money payment they are taken to represent, but deductions from wages shall not be made either for the payment of taxes or for special food, clothing or accommodation supplied to a worker for the purpose of maintaining him in a fit condition to carry on his work under the special conditions of any employment, or for the supply of tools.

15. gr.

1. Sérhver lög eða reglugerðir varðandi bætur verkamanns fyrir slys eða sjúkdóm, sem stafar af vinnu hans og sérhver lög eða reglugerðir, er kveða á um bætur til skylduliðs látinna eða slasaðra verkamanna eða öryrkja, sem eru eða skulu vera í gildi á hlutaðeigandi landsvæði skulu taka jafnt til þeirra, sem vinna nauðungar- eða skylduvinnu og frjálsra verkamanna.

2. Jafnan skal það skylda sérhvers stjórnvalds, sem hefur í þjónustu sinni verkamann í nauðungar- eða skyldu-

Article 15

1. Any laws or regulations relating to workmen's compensation for accidents or sickness arising out of the employment of the worker and any laws or regulations providing compensation for the dependants of deceased or incapacitated workers which are or shall be in force in the territory concerned shall be equally applicable to persons from whom forced or compulsory labour is exacted and to voluntary workers.

2. In any case it shall be an obligation on any authority employing any worker on forced or compulsory labour to ensure

vinnu að tryggja framfærslu sérhvers slíks verkamanns, sem vegna slyss eða sjúkdóms, er stafar af vinnu hans, er algerlega eða að nokkru leyti ófær til þess að sjá fyrir sér sjálfur, svo og að gera ráðstafanir til þess að tryggja framfærslu sérhvers manns, sem er raunverulega á framfæri slíks verkamanns, ef vinna hans veldur honum örorku eða dauða.

16. gr.

1. Eigi skulu menn, sem vinna nauðungar- eða skylduvinnu fluttir til staða, þar sem fæði og loftslag er svo frábrugðið því, sem þeir hafa átt að venjast, að heilsu þeirra stafi hætta af, nema þegar sérstök brýn nauðsyn krefur.

2. Aldrei skal leyfa flutning slíkra verkamanna án þess að hægt sé að gera allar þær ráðstafanir varðandi heilbrigði og húsnæði, sem nauðsynlegar eru til þess að aðhæfa slíka verkamenn aðstæðunum og vernda heilsu þeirra.

3. Þegar ekki er hægt að komast hjá slíkum flutningum skulu gerðar ráðstafanir eftir ráði þar til bærs læknis til þess að venja verkamennina smátt og smátt við hið nýja fæði og loftslag.

4. Þegar verkamenn, sem hér um ræðir, eru látnir vinna reglulega vinnu, sem þeir eru ekki vanir, skulu gerðar ráðstafanir til þess að venja þá við hana, einkum að því er varðar þjálfun þeirra smátt og smátt, vinnutíma og veitingu hvíldartíma svo og hvers konar aukningu eða bót á fæði eftir því sem nauðsynlegt kann að vera.

17. gr.

Áður en leyft er að nota nauðungar- eða skylduvinnuafl við byggingar eða viðhald, sem hefur það í för með sér að verkamennirnir verða að dvelja á vinnustað um lengri tíma, skal hlutaðeigandi stjórnvald fullvissa sig um:

(1) að gerðar séu allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að vernda heilsu verkamanna og tryggja nauðsynlega læknishjálp og sérstaklega: a) að verkamennirnir gangi undir læknisskoðun áður en þeir hefja vinnu og á vissum fresti á starfstímanum,

the subsistence of any such worker who, by accident or sickness arising out of his employment, is rendered wholly or partially incapable of providing for himself, and to take measures to ensure the maintenance of any persons actually dependent upon such a worker in the event of his incapacity or decease arising out of his employment.

Article 16

1. Except in cases of special necessity, persons from whom forced or compulsory labour is exacted shall not be transferred to districts where the food and climate differ so considerably from those to which they have been accustomed as to endanger their health.

2. In no case shall the transfer of such workers be permitted unless all measures relating to hygiene and accommodation which are necessary to adapt such workers to the conditions and to safeguard their health can be strictly applied.

3. When such transfer cannot be avoided, measures of gradual habituation to the new conditions of diet and of climate shall be adopted on competent medical advice.

4. In cases where such workers are required to perform regular work to which they are not accustomed, measures shall be taken to ensure their habituation to it, especially as regards progressive training, the hours of work and the provisions of rest intervals, and any increase or amelioration of diet which may be necessary.

Article 17

Before permitting recourse to forced or compulsory labour for works of construction or maintenance which entail the workers remaining at the workplaces for considerable periods, the competent authority shall satisfy itself—

(1) that all necessary measures are taken to safeguard the health of the workers and to guarantee the necessary medical care, and, in particular, *(a)* that the workers are medically examined before commencing the work and at fixed intervals during the period of service,

b) að við hendina sé nægilegt læknalið, lyfjabúðir, sjúkrahús og útbúnaður, sem nauðsynlegt er til þess að fullnægja öllum þörfum og c) að hollustuhættir á vinnustöðunum, drykkjarvatn, matur, eldsneyti og eldunartæki svo og húsnæði og klæðnaður, þar sem það á við, séu fullnægjandi;

(2) að tilteknar ráðstafanir séu gerðar til þess að tryggja framfærslu fjölskyldna verkamannanna, sérstaklega með því að greiða fyrir sendingu hluta kaupsins á tryggan hátt til fjölskyldunnar eftir beiðni verkamannsins eða með samþykki hans;

(3) að ferðir verkamannanna til og frá vinnustað séu á kostnað og ábyrgð stjórnarinnar, sem skal greiða fyrir þessum flutningum með því að færa sér fullkomlega í nyt alla möguleika til flutnings;

(4) að þegar verkamaður veikist eða verður fyrir slysi, sem veldur vanhæfi til vinnu um tiltekinn tíma, sé hann fluttur heim til sín á kostnað stjórnarinar;

(5) að sérhverjum verkamanni, sem kann að óska þess að halda áfram vinnu sem frjáls verkamaður að loknum nauðungar- eða skyldu-vinnutíma sínum, sé það heimilt án þess að hann missi rétt til heimsendingar sér að kostnaðarlausu um tveggja ára skeið.

(b) that there is an adequate medical staff, provided with the dispensaries, infirmaries, hospitals and equipment necessary to meet all requirements, and *(c)* that the sanitary conditions of the workplaces, the supply of drinking water, food, fuel, and cooking utensils, and, where necessary, of housing and clothing, are satisfactory;

(2) that definite arrangements are made to ensure the subsistence of the families of the workers, in particular by facilitating the remittance, by a safe method, of part of the wages to the family, at the request or with the consent of the workers;

(3) that the journeys of the workers to and from the workplaces are made at the expense and under the responsibility of the administration, which shall facilitate such journeys by making the fullest use of all available means of transport;

(4) that, in case of illness or accident cousing incapacity to work of a certain duration, the worker is repatriated at the expense of the administration;

(5) that any worker who may wish to remain as a voluntary worker at the end of his period of forced or compulsory labour is permitted to do so without, for a period of two years, losing his right to repatriation free of expense to himself.

18. gr.

1. Útrýma skal eins fljótt og unnt er nauðungar- eða skylduvinnu við flutning á mönnum eða vörum svo sem vinnu burðarkarla eða ferjumanna. Á meðan á þessari útrýmingu stendur skal hlutaðeigandi stjórnvald setja reglugerð, sem meðal annars kveði á um: a) að slíkt vinnuafl skuli einungis nota til þess að greiða fyrir flutningum starfsmanna stjórnarinnar, þegar þeir eru að skyldustörfum eða flutningum á vörum stjórnarinnar eða flutningum á öðrum embættismönnum þegar mjög brýna nauðsyn ber til, b) að verkamennirnir, sem eru í slíkri vinnu, hafi læknisvottorð um að þeir séu líkamlega hæfir til hennar, þegar því verður við komið, en þegar svo er

Article 18

1. Forced or compulsory labour for the transport of persons or goods, such as the labour of porters or boatmen, shall be abolished within the shortest possible period. Meanwhile the competent authority shall promulgate regulations determining, *inter alia, (a)* that such labour shall only be employed for the purpose of facilitating the movement of officials of the administration, when on duty, or for the transport of Government stores, or, in cases of very urgent necessity, the transport of persons other than officials, *(b)* that the workers so employed shall be medically certified to be physically fit, where medical examination is possible, and that where such

ekki skal vinnuveitandi þeirra vera ábyrgur fyrir því að þeir séu líkamlega færir til starfa og þjáist ekki af neinum smitandi sjúkdómi, c) hámarksbyrði, sem þessir verkamenn mega bera, d) hversu langt frá heimilum þeirra megi í mesta lagi flytja þá, e) hámarks dagafjölda á hverjum mánuði eða öðru tímabili, sem halda megi þeim í vinnu, þar með taldir dagar, er fara til heimferðar þeirra, og f) hvaða menn hafi heimild til þess að krefjast þessarar tegundar nauðungar- eða skylduvinnu og hve langt sú heimild nær.

2. Við ákvörðun þess hámarks, sem greinir í stafliðunum c), d) og e) í fyrirfarandi tölulið, skal hlutaðeigandi stjórnvald taka tillit til allra atriða, sem máli skipta, þ. á m. líkamlegs þroska landsmanna þar sem verkamennirnir eru teknir, náttúru landsins, sem þeir verða að ferðast yfir og loftslags.

3. Hlutaðeigandi stjórnvald skal enn fremur sjá um að venjulegar dagleiðir slíkra verkamanna séu ekki lengri en svo að samsvari að meðaltali átta stunda vinnudegi og sé þá undirskilið að ekki sé einungis tekið tillit til þeirra byrða, sem bera þarf og vegalengdarinnar, heldur einnig þess, hvernig vegurinn er, árstíðarinnar og allra annarra atriða, er máli skipta, svo og að þegar menn eru á ferð fram yfir venjulegan tíma á dag, skuli greitt fyrir þann tíma eftir hærri taxta en hinum venjulega.

19. gr.

1. Hlutaðeigandi stjórnvald skal því aðeins leyfa notkun nauðungarvinnu við jarðrækt, að um sé að ræða varúðarráðstafanir gegn hungursneyð eða matvælaskorti og aðeins með því skilyrði að matvælin eða framleiðslan verði eign einstaklinganna eða samfélagsins, sem framleiðir þau.

2. Þessa grein má ekki skýra á þann veg að hún afnemi skyldu meðlima samfélags til að inna af höndum störf, sem samfélagið krefst af þeim samkvæmt lögum eða venju, þegar framleiðslan er

medical examination is not practicable the person employing such workers shall be held responsible for ensuring that they are physically fit and not suffering from any infectious or contagious disease, *(c)* the maximum load which these workers may carry, *(d)* the maximum distance from their homes to which they may be taken, *(e)* the maximum number of days per month or other period for which they may be taken, including the days spent in returning to their homes, and *(f)* the persons entitled to demand this form of forced or compulsory labour and the extent to which they are entitled to demand it.

2. In fixing the maxima referred to under *(c)*, *(d)* and *(e)* in the foregoing paragraph, the competent authority shall have regard to all relevant factors, including the physical development of the population from which the workers are recruited, the nature of the country through which they must travel and the climatic conditions.

3. The competent authority shall further provide that the normal daily journey of such workers shall not exceed a distance corresponding to an average working day of eight hours, it being understood that account shall be taken not only of the weight to be carried and the distance to be covered, but also of the nature of the road, the season and all other relevant factors, and that, where hours of journey in excess of the normal daily journey are exacted, they shall be remunerated at rates higher than the normal rates.

Article 19

1. The competent authority shall only authorise recourse to compulsory cultivation as a method of precaution against famine or a deficiency of food supplies and always under the condition that the food or produce shall remain the property of the individuals or the community producing it.

2. Nothing in this Article shall be construed as abrogating the obligation on members of a community, where production is organised on a communal basis by virtue of law or custom and where the produce or any profit accruing from the

skipulögð á félagslegum grundvelli í samræmi við lög eða venju og framleiðslan eða ágóði af sölu hennar verður eign samfélagsins.

20. gr.

Lög um fjöldarefsingar, samkvæmt hverjum er hægt að refsa samfélagi fyrir afbrot, sem einhver meðlima þess hefur framið, skulu ekki hafa að geyma ákvæði um að nauðungar- eða skylduvinna sé sé lögð á samfélagið sem refsing.

21. gr.

Eigi má nota nauðungar- eða skylduvinnu neðanjarðar í námum.

22. gr.

Ársskýrslur þær, sem aðildarríki, er fullgilda þessa samþykkt, undirgangast að senda Alþjóðavinnumálaskrifstofunni í samræmi við 22. grein stjórnarskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um ráðstafanir, sem þau hafa gert til þess að framfylgja ákvæðum þessarar samþykktar, skulu hafa að geyma eins fullkomnar upplýsingar og mögulegt er, að því er tekur til hvers einstaks hlutaðeigandi landsvæðis, um það hversu mikið nauðungar- eða skylduvinnuafl hafi verið hagnýtt á landsvæðinu, til hvers það hafi verið notað, sjúkra- og dánartöla, vinnutíma, greiðslumáta launa og kauptaxta og hverjar aðrar upplýsingar, sem máli skipta.

23. gr.

1. Til þess að framfylgja ákvæðum þessarar samþykktar, skal hlutaðeigandi stjórnvald gefa út nákvæmar reglugerðir um notkun nauðungar- eða skylduvinnu.

2. Þessar reglugerðir skulu meðal annars hafa að geyma reglur, er heimili sérhverjum manni, sem krafinn er nauðungar- eða skylduvinnu að bera fram við stjórnvöldin kvartanir varðandi vinnuskilyrði og tryggi það að slíkar kvartanir séu rannsakaðar og teknar til athugunar.

24. gr.

Í öllum tilfellum skulu gerðar viðeigandi ráðstafanir til tryggingar því að

sale thereof remain the property of the community, to perform the work demanded by the community by virtue of law or custom.

Article 20

Collective punishment laws under which a community may be punished for crimes committed by any of its members shall not contain provisions for forced or compulsory labour by the community as one of the methods of punishment.

Article 21

Forced or compulsory labour shall not be used for work underground in mines.

Article 22

The annual reports that Members which ratify this Convention agree to make to the International Labour Office, pursuant to the provisions of Article 22 of the Constitution of the International Labour Organisation, on the measures they have taken to give effect to the provisions of this Convention, shall contain as full information as possible, in respect of each territory concerned, regarding the extent to which recourse has been had to forced or compulsory labour in that territory, the purposes for which it has been employed, the sickness and death rates, hours of work, methods of payment of wages and rates of wages, and any other relevant information.

Article 23

1. To give effect to the provisions of this Convention the competent authority shall issue complete and precise regulations governing the use of forced or compulsory labour.

2. These regulations shall contain, *inter alia,* rules permitting any person from whom forced or compulsory labour is exacted to forward all complaints relative to the conditions of labour to the authorities and ensuring that such complaints will be examined and taken into consideration.

Article 24

Adequate measures shall in all cases be taken to ensure that the regulations

reglugerðunum um notkun nauðungar- eða skylduvinnu sé stranglega framfylgt, annað hvort með því að láta það vinnueftirlit, sem hefur með höndum eftirlit með frjálsri vinnu, einnig ná til nauðungar- og skylduvinnu eða á annan hátt, sem við á. Ráðstafanir skulu einnig gerðar til tryggingar því að reglugerðirnar komi til vitundar þeirra, sem slíka vinnu láta í té.

governing the employment of forced or compulsory labour are strictly applied, either by extending the duties of any existing labour inspectorate which has been established for the inspection of voluntary labour to cover the inspection of forced or compulsory labour or in some other appropriate manner. Measures shall also be taken to ensure that the regulations are brought to the knowledge of persons from whom such labour is exacted.

25. gr.

Ólögleg notkun nauðungar- eða skylduvinnu skal vera refsiverð og það skal vera skylda sérhvers aðildarríkis, sem fullgildir samþykktina, að tryggja það, að refsing sú, sem lög ákveða, sé fullnægjandi og stranglega beitt.

Article 25

The illegal exaction of forced or compulsory labour shall be punishable as a penal offence, and it shall be an obligation on any Member ratifying this Convention to ensure that the penalties imposed by law are really adequate and are strictly enforced.

26. gr.

1. Hvert það aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem fullgildir þessa samþykkt, skuldbindur sig til þess að láta hana taka til landsvæða, sem eru undir yfirráðum þess, lögsögu, vernd, lénsdæmi, eftirliti eða stjórn að svo miklu leyti sem það hefur rétt til þess að taka á sig skyldur varðandi réttarskipun innanlands. Ef slíkt aðildarríki kann að óska þess að færa sér í nyt ákvæði 35. greinar stjórnarskár Alþjóðvinnumálastofnunarinnar skal það þó láta fullgildingarskjali sínu fylgja yfirlýsingu, er greini:

(1) landsvæði þau, sem það ætlar sér að láta ákvæði þessarar samþykktar ná til án takmarkana;

(2) landsvæði þau, sem það ætlar að láta ákvæði samþykktarinnar ná til með takmörkunum og hverjar þær takmarkanir séu;

(3) landsvæði, sem það áskilur sér rétt til að taka ákvörðun um síðar.

2. Framangreinda yfirlýsingu ber að skoða sem óskiptan hluta fullgildingarinnar og skal hafa sama gildi og hún. Sérhvert aðildarríki getur með síðari yfirlýsingu ógilt að nokkru eða öllu leyti fyrirvara þá, sem gerðir eru í upprunalegu yfirlýsingunni í samræmi við 2. og 3. tölulið þessarar greinar.

Article 26

1. Each Member of the International Labour Organisation which ratifies this Convention undertakes to apply it to the territories placed under its sovereignty, jurisdiction, protection, suzerainty, tutelage or authority, so far as it has the right to accept obligations affecting matters of internal jurisdiction; provided that, if such Member may desire to take advantage of the provisions of Article 35 of the Constitution of the International Labour Organisation, it shall append to its ratification a declaration stating—

(1) the territories to which it intends to apply the provisions of this Convention without modification;

(2) the territories to which it intends to apply the provisions of this Convention without modifications, together with details of the said modifications;

(3) the territories in respect of which it reserves its decision.

2. The aforesaid declaration shall be deemed to be an integral part of the ratification and shall have the force of ratification. It shall be open to any Member, by a subsequent declaration, to cancel in whole or in part the reservations made, in pursuance of the provisions of subparagraph (2) and (3) of this Article, in the original declaration.

27. gr.

Formlegar fullgildingar á samþykkt þessari samkvæmt þeim skilyrðum, sem sett eru í stjórnarskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, skulu sendar framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

28. gr.

1. Þessi samþykkt skal einungis bindandi fyrir aðildarríki er fullgildingar þeirra hafa verið skráðar hjá Alþjóðavinnumálaskrifstofunni.

2. Hún gengur í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hafa verið skráðar hjá framkvæmdastjóranum.

3. Síðan gengur samþykkt þessi í gildi, að því er snertir hvert einstakt aðildarríki, tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

29. gr.

Um leið og fullgildingar tveggja aðildarríkja Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hafa verið skráðar hjá Alþjóðavinnumálaskrifstofunni, skal framkvæmdastjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar tilkynna það öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

30. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að tíu árum liðnum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Þess háttar uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en að ári liðnu frá skrásetningu hennar hjá Alþjóðavinnumálaskrifstofunni.

2. Hvert það aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar, sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í fimm ára tímabil og síðan getur það sagt þess-

Article 27

The formel ratifications of this Convention under the conditions set forth in the Constitution of the International Labour Organisation shall be communicated to the Director-General of the International Labour Office for registration.

Article 28

1. This Convention shall be binding only upon those Members whose ratifications have been registered with the International Labour Office.

2. It shall come into force twelve months after the date on which the ratifications of two Members of the International Labour Organisation have been registered with the Director-General.

3. Thereafter, this Convention shall come into force for any Member twelve months after the date on which the ratification has been registered.

Article 29

As soon as the ratifications of two Members of the International Labour Organisation have been registered with the International Labour Office, the Director-General of the International Labour Office shall so notify all the Members of the International Labour Organisation. He shall likewise notify them of the registration of ratifications which may be communicated subsequently by other Members of the Organisation.

Article 30

1. A Member which has ratified this Convention may denounce it after the expiration of ten years from the date on which the Convention first comes into force, by an act communicated to the Director-General of the International Labour Office for registration. Such denunciation shall not take effect until one year after the date on which it is registered with the International Labour Office.

2. Each Member which has ratified this Convention and which does not, within the year following the expiration of the period of ten years mentioned in the preceding paragraph, exercise the right of denunciation provided for in this Article, will be bound for another period

ari samþykkt upp að liðnu hverju fimm ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

31. gr.

Að loknu sérhverju fimm ára tímabili frá gildistöku samþykktar þessarar, skal stjórn Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar gefa allsherjarþinginu skýrslu um áhrif þessarar samþykktar og athuga hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins breytingar á henni allri eða hluta hennar.

32. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt allri eða hluta hennar, skal fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt ipso jure hafa í för með sér uppsögn þessarar samþykktar án tafar, hvað sem ákvæðum 30. greinar hér að framan líður, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi, og þá frá þeim tíma er það gerðist.

2. Eftir gildistöku hinnar nýju samþykktar, skal aðildarríkjunum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt.

3. Þessi samþykkt skal þó gilda áfram fyrir þau aðildarríki, sem hafa fullgilt hana en ekki hina nýju samþykkt.

33. gr.

Hinn enski og franski texti þessarar samþykktar skulu báðir vera fullgildir.

of five years and, thereafter, may denounce this Convention at the expiration of each period of five years under the terms provided for in this Article.

Article 31

At the expiration of each period of five years after the coming into force of this Convention, the Governing Body of the International Labour Office shall present to the General Conference a report on the working of this Convention and shall consider the desirability of placing on the agenda of the Conference the question of its revision in whole or in part.

Article 32

1. Should the Conference adopt a new Convention revising this Convention in whole or in part, the ratification by a Member of the new revising Convention shall *ipso jure* involve denunciation of this Convention without any requirement of delay, notwithstanding the provisions of Article 30 above, if and when the new revising Convention shall have come into force.

2. As from the date of the coming into force of the new revising Convention, the present Convention shall cease to be open to ratification by the Members.

3. Nevertheless, this Convention shall remain in force in its actual form and content for those Members which have ratified it but have not ratified the revising Convention.

Article 33

The French and English texts of this Convention shall both be authentic.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Samþykkt þessi hefur hlotið 31 fullgildingu, þ. á m. Norðurlandanna allra nema Íslands. Hún gekk í gildi 1932.

Ríki þau, sem fullgilda samþykktina skuldbinda sig til þess að útrýma nauðungarvinnu, en með henni er átt við vinnu eða þjónustu, sem látin er í té vegna hótana um refsingu og maður vinnur ekki af fúsum vilja.

Til nauðungar- eða skylduvinnu samkvæmt samþykktinni telst ekki herþjónusta eða venjuleg og eðlileg þegnskyldustörf borgara í sjálfstæðu ríki. Sama máli gegnir um vinnu, sem framkvæmd er samkvæmt dómi, enda fari hún fram undir opinberu eftirliti og hinn dæmdi sé ekki látinn í hendur einstaklinga eða fyrirtækja til þess að vinna fyrir þau. Þá skal samþykktin ekki taka til vinnu, sem framkvæmd er vegna

neyðarástands, svo sem þegar um er að ræða styrjaldir, slys, náttúruhamfarir, drepsóttir o. fl.

Samþykktin kveður svo nánar á um ýmiss konar nauðungar- eða skylduvinnu, hversu henni skuli útrýmt og eftir hvaða reglum hún skuli framkvæmd meðan henni er ekki útrýmt.

Nauðungar- eða skylduvinna þekkist ekki á Íslandi, að öðru leyti en því að föngum er skylt að vinnna, en fá nokkur laun fyrir. Einnig er heimild í framfærslulögunum frá 1947 fyrir sveitarstjórnir til að afla sér úrskurðar valdsmanns um að styrkþega, sem er vinnufær og ekki aflar sér sjálfur atvinnu, sé skylt að gegna þeirri vinnu, sem sveitarstjórn vísar honum á og tilhlýðileg er eftir högum hans og honum ekki um megn. Slíkri ákvörðun valdsmanns má skjóta til ráðherra. Þá er og í sömu lögum heimild til handa sveitarstjórn til þess að fá úrskurð valdsmanns um að styrkþega, sem hefur ekki fyrir heimili að sjá, skuli skylt að vinna af sér á vinnuhæli meðlag eða barnalífeyri, sem sveitarsjóður hefur orðið að greiða með barni hans, skilgetnu eða óskilgetnu, enda þótt hann hafi verið til þess fær. Ákveður hlutaðeigandi valdsmaður hve lengi vinnan skuli standa. Skal vinnutíminn miðaður við það, að styrkþeginn hafi kaup, er sé eigi lægra en greitt er fyrir almenna verkamannavinnu í heimilissveit hans.

Þessi ákvæði, sem nú hafa verið nefnd, virðast falla undir undantekingarákvæði þau, sem í samþykktinni greinir, og mun því ekki vera í gildi nein lög eða reglugerðir hér á landi er fari í bága við ákvæði samþykktarinnar og eigi heldur um að ræða neina venju í þá átt.

Það verður ekki séð, að neitt sé því til fyrirstöðu að Ísland geti fullgilt samþykkt þessa og skuldbindi sig þar með til þess að sjá um að nauðungarvinnu eða skylduvinnu, sem samþykktin leggur bann við, verði ekki komið á hér á landi, en Alþjóðavinnumálastofnunin hefur beint þeim tilmælum til aðildarríkjanna að þau fullgildi þessa samþykkt eins fljótt og unnt er.

Ed. 198. Nefndarálit [2. mál]

um frv. til laga um afnot íbúðarhúsa í kaupstöðum.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Samkomulag varð ekki í nefndinni um afstöðu til þessa máls.

Undirritaður meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frumvarpið verði samþykkt eins og það liggur fyrir.

Minni hlutinn (FÞ og SÓÓ) féllst ekki á þetta og skilar væntanlega séráliti.

Alþingi, 29. jan. 1957.

Alfreð Gíslason, form.	Karl Kristjánsson, fundaskr., frsm.	Friðjón Skarphéðinsson.

Nd. 199. Nefndarálit [56. mál]

um frv. til laga um heimild handa ríkisstjórninni til að kaupa eyðijörðina Grjótlæk í Stokkseyrarhreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta og er sammála um að mæla með því, að það nái fram að ganga. Hér með fylgja til skýringar gögn, sem nefndinni hafa verið send.

Alþingi, 28. jan. 1957.

Ásgeir Bjarnason, form. Jón Sigurðsson, fundaskr. Ágúst Þorvaldsson, frsm.

Gunnar Jóhannsson. Jón Pálmason.

Fylgiskjal I.

Stokkseyri, 15. des. 1956.

Við undirritaðir bændur á Grund í Stokkseyrarhreppi viljum hér með fara þess á leit við hið háa ráðuneyti, að það hlutist til um, að ríkið kaupi jörðina Grjótlæk í Stokkseyrarhreppi í því augnamiði, að hún verði svo sameinuð Grundunum.

Fyrst og fremst eru Grundirnar of landlitlar og í öðru lagi skiptir Grjótlækjarland Grundarlandi í þrjá hluta, og má það öllum ljóst vera, hve mikið óhagræði er að því. Það er því eindregin ósk okkar, að jarðirnar verði sameinaðar, svo að við þurfum ekki að fara frá þeim sökum landþrengsla.

Virðingarfyllst,

Jón Guðjónsson. Ástmundur Sæmundsson.

Til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

Sem kunnugir menn vottum við undirritaðir, að bændurnir á Eystri- og Vestri-Grund í Stokkseyrarhreppi búa við landþrengsli og hafa fyllstu þörf fyrir að bæta við sig landi. Er einkar hentugt að sameina Grjótlækinn og Grundirnar, og mælum við með því, að svo verði gert.

Holti, 17. des. 1956.

Oddvitinn í Stokkseyrarhreppi, Sigurgrímur Jónsson.

Hreppstjórinn í Stokkseyrarhrepppi, Árni Tómasson.

Ed. 200. Nefndarálit [97. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 30 7. maí 1928, um þinglýsing skjala og aflýsing.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Á eftir orðunum „í kaupstöðum“ í 1. gr. bætist: utan Reykjavíkur.

Alþingi, 29. jan. 1957.

Friðjón Skarphéðinsson, form. Alfreð Gíslason, fundaskr. Jón Kjartansson, frsm.
Páll Zóphóníasson. Friðjón Þórðarson.

Ed. 201. Nefndarálit [98. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 18 4. nóv. 1887, um veð.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 29. jan. 1957.

Friðjón Skarphéðinsson, form., frsm. Alfreð Gíslason, fundaskr. Jón Kjartansson.
Páll Zóphóníasson. Friðjón Þórðarson.

Nd. 202. Lög [71. mál]

um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

(Afgreidd frá Nd. 29. jan.)

Samhljóða þskj. 71.

Ed. 203. Nefndarálit [32. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 16 26. febr. 1943, um orlof.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess, tveir nefndarmanna (FÞ og SÓÓ) þó með fyrirvara.

Alþingi, 29. jan. 1957.

Alfreð Gíslason, form. Karl Kristjánsson, fundaskr. Friðjón Skarphéðinsson, frsm.
Sigurður Ó. Ólafsson, með fyrirvara. Friðjón Þórðarson, með fyrirvara.

Nd. 204. Frumvarp til laga [102. mál]

um breytingu á heilsuverndarlögum, nr. 44/1955.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1957.)

1. gr.

Á eftir 4. gr. komi ný grein, er verði 5. gr., svo hljóðandi:

Ráðherra skipar fasta lækna heilsuverndarstöðva og greiðast laun þeirra úr ríkissjóði.

2. gr.

5. gr. verði 6. gr. og 6. gr. verði 7. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þetta frumvarp lá fyrir síðasta Alþingi og hafði hlotið einróma afgreiðslu í nefnd, en endanlegri afgreiðslu þess varð þó ekki lokið, og er nauðsynlegt, að það verði nú aftur lagt fyrir Alþingi.

Frumvarpinu fylgdu svo hljóðandi athugasemdir:

Nefnd sú, sem unnið hefur að endurskoðun almannatryggingalaganna, hefur gert frumvarp þetta. Frumvarpið er samið í samræmi við frumvarp það til almannatryggingalaga, sem nefndin hefur undirbúið. Í því frumvarpi er felldur niður III. kafli almannatryggingalaga nr. 50/1946, um heilsugæzlu. Í þeim kafla er svo fyrir mælt, að ráðherra skipi fasta lækna heilsuverndarstöðva og að laun þeirra greiðist úr ríkissjóði. Verði frumvarp nefndarinnar, um almannatryggingar, lögfest, er nauðsynlegt að setja lög um skipun lækna við heilsuverndarstöðvar og launagreiðslur til þeirra. Nefndinni virðist eðlilegast, að ákvæði um þetta yrði bætt inn í hin nýju heilsuverndarlög. Það er aðeins þetta, sem felst í frumvarpi því, er hér liggur fyrir. Einstakar greinar þarfnast ekki skýringa.

Ed. 205. Frumvarp til laga [103. mál]

um breyting á lögum nr. 16 12. marz 1947, um menntun kennara.

Flm.: Friðjón Skarphéðinsson, Björn Jónsson.

1. gr.

1. málsl. 38. gr. laganna orðist svo:

Húsmæðrakennaraskóli skal starfa þar, sem ráðherra ákveður.

2. gr.

39. gr. laganna orðist svo:

Þegar skólinn fær eigið húsnæði, skal þar vera heimavist fyrir nemendur, er búa sig undir kennarastörf við húsmæðraskóla.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis og þetta var flutt á Alþingi 1953 og 1954, en náði þá ekki fram að ganga. Fylgdi því svofelld greinargerð:

„Síðan húsmæðrakennaraskóli Íslands tók til starfa á árinu 1942, hefur hann verið til húsa í háskólakjallaranum. Nú bendir allt til þess, að háskólinn þurfi sjálfur á þessu húsnæði að halda strax á næsta ári. Kemst húsmæðrakennaraskólinn þá ekki hjá því að víkja og verða sér úti um annan húsakost.

Húsmæðrakennaraskólinn hefur merku hlutverki að gegna og því nauðsynlegt, að hann búi við sem bezt starfsskilyrði. Allt frá því er skólinn tók til starfa, mun hafa verið gert ráð fyrir því, að hann fengi eigið húsnæði eins og aðrar menntastofnanir landsins. Af ýmsum ástæðum hefur þó dregizt að byggja yfir skólann.

Á árinu 1943 var byggður húsmæðraskóli á Akureyri. Þar sem enn hefur ekki verið reist heimavist fyrir skólann, hefur mjög dregið úr aðsókn að honum nú síðari árin. Skólahúsið er vandað, búið fullkomnustu eldhústækjum og í alla staði vel úr garði gert. Skólanum fylgir stór lóð og góð aðstaða til garðræktar.

Í desembermánuði s. l. sendi skólanefnd húsmæðraskóla Akureyrar menntamálaráðuneytinu eftirfarandi fundarsamþykkt:

„Verði áframhald á því, að ekki verði hægt að halda uppi húsmæðrakennslu við skólann sökum nemendafæðar, skorar nefndin á ráðuneytið að flytja húsmæðrakennaraskólann til Akureyrar, og fái hann húsnæði skólans til afnota, enda verði um það samið og gerður samningur milli hlutaðeigandi aðila.“

Yrði horfið að því ráði að flytja húsmæðrakennaraskólann til Akureyrar í húsakynni húsmæðraskólans, sparaðist kostnaður af nýrri byggingu. Þá yrði á skömmum tíma og með hægu móti unnt að leysa, að minnsta kosti í bili, húsnæðisvandræði bæði húsmæðrakennaraskólans og háskólans. Á húsi húsmæðraskóla Akureyrar þyrfti aðeins að gera lítils háttar innanhússbreytingar til þess að fullnægja þörfum húsmæðrakennaraskólans.

VI. kafli laga nr. 16 frá 12. marz 1947 fjallar um húsmæðrakennaraskóla. Þar er tekið fram, að húsmæðrakennaraskóli skuli starfa í Reykjavík. Með frumvarpi þessu er lagt til að fella þetta ákvæði niður, svo að fræðslumálastjórnin geti ákveðið skólanum stað utan Reykjavíkur og nágrennis, ef æskilegt teldist. Eins og nú er háttað, virðist engin ástæða til þess að binda skólahaldið við Reykjavík, sízt af öllu, ef unnt er svo til þegar í stað að leysa húsnæðisvandræði stofnunarinnar á viðhlítandi hátt með því að leita út fyrir höfuðstaðinn.“

Við þetta má bæta því, að nú er komið fram það, sem þá varð séð fyrir, að húsmæðrakennaraskólinn hefur misst afnot af húsnæði því í háskólanum, sem hann hafði, og skólastarfinu hefur ekki verið unnt að halda uppi í vetur vegna húsnæðisleysis skólans.

Á hinn bóginn hefur húsmæðraskóli Akureyrar ekki starfað um nokkurra ára skeið vegna nemendafæðar, og eru því líkur til, að húsmæðrakennaraskóli Íslands geti fengið til afnota hið myndarlega skólahús húsmæðraskólans á Akureyri, ef henta þætti.

Sþ. 206. Fyrirspurn [104. mál]

til utanríkisráðherra um olíu frá varnarliðinu.

Frá Jóhanni Jósefssyni.

1. Við hvaða verði og skilmálum verður Íslendingum látin í té olía af birgðum varnarliðsins í Hvalfirði?
2. Hvaða tegundir olíu er hér um að ræða?
3. Hversu mikið magn af olíu er talið að muni fást á þennan hátt?

Nd. 207. Frumvarp til laga [105. mál]

um lækkun tekjuskatts af lágtekjum.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1957.)

1. gr.

Við ákvörðun tekjuskatts árið 1957, af tekjum ársins 1956, skal veita þeim, er taldir eru í 2. grein þessara laga, sérstaka lækkun á tekjuskatti. Skattlækkunin ákveðst þannig, að tekjuskattur hjóna með 47 500.00 króna hreinar árstekjur og eitt barn á framfæri, skal lækkaður um 33⅓ af hundraði. Tekjuskattur allra annarra gjaldenda, sem lög þessi ná til, skal lækkaður um sömu hundraðstölu, ef tekjuskattur þeirra er jafn hár eða lægri en tekjuskattur áðurgreindra hjóna, ef þau nytu eigi skattlækkunarinnar.

2. gr.

Skattlækkunarinnar njóta aðeins þeir, er greiða tekjuskatt skv. skattstigum a og b í I. lið 6. gr. laga nr. 46/1954 um tekjuskatt og eignarskatt, þ. e. innlendir og erlendir einstaklingar og hjón, og skal skattlækkun þessi einnig gilda við ákvörðun gjaldársskatta á þessa gjaldendur árið 1957.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í desember s. l., þegar gengið var frá frumvarpi um útflutningssjóð og öðrum ráðstöfunum í efnahagsmálum í því sambandi, ákvað ríkisstjórnin að beita sér fyrir lækkun tekjuskatts á lágtekjum, á þann hátt sem gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu.

Nd. 208. Frumvarp til laga [106. mál]

um aukinn skattfrádrátt til handa skipverjum á fiskiskipum.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1957.)

1. gr.

Við ákvörðun tekjuskatts skal hlífðarfatakostnaður sá, er um ræðir í h-lið 10. gr. laga nr. 46 frá 1954, hækkaður hjá togarasjómönnum um kr. 300.00 fyrir hvern lögskráningarmánuð, en kr. 200.00 hjá öðrum fiskimönnum. Auk þeirra, sem taldir eru í h-lið 10. gr. nr. 46/1954, skulu matsveinar og aðstoðarmenn í vélarúmi á togurum, njóta frádráttar samkvæmt þessari grein.

2. gr.

Öllum skipverjum, sem verið hafa lögskráðir á íslenzk fiskiskip í 3 mánuði eða lengur á viðkomandi skattári skal, við ákvörðun tekjuskatts, veittur sérstakur frádráttur, kr. 500.00 fyrir hvern lögskráningarmánuð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ástæða þykir til að hækka frádrátt til handa fiskimönnum vegna hlífðarfatakostnaðar, og er gert ráð fyrir að hækkunarinnar njóti allir þeir, sem taldir eru í h.-lið 10. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, en auk þess skulu matsveinar og aðstoðarmenn í vélarúmi á togurum, njóta þessa viðbótarfrádráttar.

Þá þykir sanngjarnt vegna sérstöðu þeirrar, er fiskimenn hafa á ýmsa lund, að lögfesta sérstakan frádrátt þeim til handa.

Sþ. 209. Nefndarálit [23. mál]

um till. til þál. um framtíðarskipan Reykholts.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og orðið sammála um að mæla með samþykkt hennar með svofelldri

BREYTINGU:

Á eftir orðinu „gera“ í tillögugr. bætist: í samráði við hlutaðeigandi skólanefnd og sýslunefndir.

Alþingi, 30. jan. 1957.

Benedikt Gröndal, form., frsm. Eiríkur Þorsteinsson, fundaskr. Ásgeir Bjarnason.

Björn Jónsson. Björn Ólafsson. Jón Sigurðsson. Steingr. Steinþórsson.

Sþ. 210. Nefndarálit [31. mál]

um till. til þál. um endurskoðun hjúkrunarkvennalaga og laga um Hjúkrunarkvennaskóla Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað þingsályktunartillöguna og vill eftir atvikum mæla með samþykkt hennar. — Einn nefndarmanna (StgrSt) var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 30. jan. 1957.

Benedikt Gröndal, form. Eiríkur Þorsteinsson, fundaskr. Björn Jónsson, frsm. Björn Ólafsson.

Ásgeir Bjarnason. Jón Sigurðsson.

Ed. 211. Nefndarálit [2. mál]

um frv. til laga um afnot íbúðarhúsa í kaupstöðum.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur haft frv. þetta til meðferðar, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Leggur meiri hlutinn (AG, KK, FS) til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt,

en á það geta undirritaðir ekki fallizt. Við flytjum því á sérstöku þingskjali breytingartillögu við frv., sem miðar að því að draga úr mestu ágöllum þess.

Alþingi, 30. jan. 1957.

Sigurður Ó. Ólafsson, frsm. Friðjón Þórðarson.

Ed. 212. Breytingartillaga [2. mál]

við frv. til laga um afnot íbúðarhúsa í kaupstöðum.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Við 3. gr. Aftan við greinina bætist:
Einnig er félagsmálaráðherra heimilt að veita undanþágu frá lögum þessum um húsnæði, sem hagkvæmara þykir að nota sem atvinnuhúsnæði en til íbúðar, ef fyrir liggur umsókn eiganda og meðmæli hlutaðeigandi bæjarstjórnar.

Ed. 213. Breytingartillaga [3. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 55/1955, um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða.

Frá Gunnari Thoroddsen.

Á eftir 2. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Orðin „allt að 3 millj. kr. á ári næstu 5 árin“ í 13. gr. l. nr. 55/1955 falli burt.

Ed. 214. Frumvarp til laga [97. mál]

um breyting á lögum nr. 30 7. maí 1928, um þinglýsing skjala og aflýsing.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

1. málsgr. 7. gr. laganna orðist svo:
Þinglýsing skjala fer fram á þann hátt, að dómari les upp á bæjarþingi í kaupstöðum utan Reykjavíkur, en á manntalsþingi í hreppum skrá um þau skjöl, sem honum hafa borizt í þessu skyni, síðan síðasta bæjarþing í þeirri þinghá eða síðasta manntalsþing var háð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 215. Lög [3. mál]

um breyting á lögum nr. 55/1955, um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða.

(Afgreidd frá Ed. 31. jan.)

Samhljóða þskj. 3.

Ed. **216. Lög** [32. mál]

um breyting á lögum nr. 16 26. febr. 1943, um orlof.

(Afgreidd frá Ed. 4. febr.)

Samhljóða þskj. 32.

Ed. **217. Lög** [2. mál]

um afnot íbúðarhúsa í kaupstöðum.

(Afgreidd frá Ed. 5. febr.)

Samhljóða þskj. 2.

Sþ. **218. Þingsályktun** [23. mál]

um framtíðarskipan Reykholts.

(Afgreidd frá Sþ. 6. febr.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera í samráði við hlutaðeigandi skólanefnd og sýslunefndir framtíðaráætlun um skipan Reykholts og endurbætur þar í samræmi við söguhelgi staðarins.

Sþ. **219. Þingsályktun** [31. mál]

um endurskoðun hjúkrunarkvennalaga og laga um Hjúkrunarkvennaskóla Íslands.

(Afgreidd frá Sþ. 6. febr.)

Samhljóða þskj. 31.

Ed. **220. Frumvarp til laga** [107. mál]

um breyting á lögum nr. 14 25. jan. 1934, um lögreglustjóra í Bolungavík.

Flm.: Sigurður Bjarnason.

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Lögreglustjóri tekur laun úr ríkissjóði eftir IX. flokki launalaga, hafi hann á hendi störf þau, er 2. gr. tiltekur, enda fái hann að auki laun fyrir þau úr sveitarsjóði samkvæmt samningi milli ríkisstjórnar og hreppsnefndar. Óski hreppsnefnd ekki eftir því, að lögreglustjórinn hafi þau störf með höndum, sem 2. gr. tiltekur, tekur hann laun samkvæmt VI. fl. launalaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir breytingu á 3. gr. laga nr. 14 frá 1934, um lögreglustjóra í Bolungavík. Samkvæmt 2. gr. þeirra laga er embættismaður þessi skyldur að gegna jafnframt störfum hreppsnefndaroddvita, ef hreppsnefnd óskar þess.

Á síðastliðnu ári óskaði meiri hluti hreppsnefndar eftir því, að lögreglustjóri hætti að gegna oddvitastarfi, og hafði nefndin í huga að stofna til sérstaks sveitarstjórastarfs í Bolungavík. Frá miðju s. l. ári hafa því laun þessa embættismanns rýrnað verulega vegna þessa, og er frumvarpi þessu ætlað að bæta þar úr.

Lögreglustjóri tekur nú laun samkvæmt IX. flokki launalaga, eða lægri laun en fulltrúar hliðstæðra embættismanna og fulltrúar í ráðuneytum. Störfin við embættið hafa hins vegar vaxið, og má t. d. geta þess, að með lögum nr. 27/1951, um meðferð opinberra mála, er lögreglustjóra fengið dómsvald í öllum þeim málum, en hafði áður aðeins dómsvald í minni háttar lögreglumálum. Ber hann því nú sömu dómaraábyrgð og aðrir sýslumenn og bæjarfógetar að þessu leyti.

Auk þess má geta þess, að í frumvarpi til laga um meðferð einkamála í héraði, sem fram kom á Alþingi 1955, var gert ráð fyrir, að þau mál bættust við embættið.

Þar sem augljóst er, að ábyrgð þessa embættismanns er söm og annarra sýslumanna og bæjarfógeta, þykir ekki rétt, að hann einn þessara embættismanna sé settur í lægri launaflokk, og gerir frumvarpið því ráð fyrir, að lögreglustjóri í Bolungavík taki laun eftir VI. flokki launalaga, þegar, eins og nú er, hreppsnefnd Hólshrepps óskar ekki eftir, að hann gegni jafnframt störfum hreppsnefndaroddvita.

Þess má geta, að stjórn Félags íslenzkra héraðsdómara er hlynnt því, að frumvarp þetta nái fram að ganga.

Nd. 221. Lög [62. mál]

um embættisbústaði héraðsdýralækna.

(Afgreidd frá Nd. 7. febr.)

Samhljóða þskj. 81.

Nd. 222. Nefndarálit [70. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um kosningar til Alþingis, nr. 80 7. sept. 1942.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta er borið fram til staðfestingar bráðabirgðalögum, sem gefin voru út 26. maí 1956 um frestun á atkvæðagreiðslu utan kjörfundar. Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt. — Tveir nefndarmenn (BÓ og GJóh) voru fjarverandi, er málið var afgreitt.

Alþingi, 7. febr. 1957.

Pétur Pétursson, form.	Gísli Guðmundsson, fundaskr., frsm.	Bjarni Benediktsson.

Nd. 223. Nefndarálit [97. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 30 7. maí 1928, um þinglýsing skjala og aflýsing.

Frá allsherjarnefnd.

Sýslumaðurinn í Norður-Ísafjarðarsýslu hefur farið þess á leit, að samþykkt verði breyting eða viðauki við frv. Nefndin hefur athugað frv. og erindi sýslumannsins og er samþykk hvoru tveggja. Hún leggur því til, að frv. verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Aftan við 1. gr. bætist:

Aftan við sömu lagagrein bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Þó skal þinglýsing og aflýsing skjala fyrir hreppa, sem farnir eru í eyði, en ekki hafa verið sameinaðir öðru hreppsfélagi, fara fram í aukadómþingi, sem háð skal í sýsluskrifstofu, eftir því sem þörf krefur.

Þegar málið var afgreitt, voru þeir Björn Ólafsson og Gunnar Jóhannsson fjarstaddir.

Alþingi, 7. febr. 1957.

Pétur Pétursson, form.	Gísli Guðmundsson, fundaskr.	Bjarni Benediktsson, frsm.

Nd. 224. Nefndarálit [98. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 18 4. nóv. 1887, um veð.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með, að það verði samþykkt óbreytt. — Björn Ólafsson og Gunnar Jóhannsson voru fjarstaddir, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 7. febr. 1957.

Pétur Pétursson, form.	Gísli Guðmundsson, fundaskr.	Bjarni Benediktsson, frsm.

Nd. 225. Nefndarálit [10. mál]

um frv. til laga um dýravernd.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþykkt með nokkrum breytingum. Breytingartillögur nefndarinnar eru prentaðar á sérstöku þingskjali. — Einn nefndarmanna, Ben. Gröndal, var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 7. febr. 1957.

Páll Þorsteinsson, form., frsm.	Einar Olgeirsson.	Kjartan J. Jóhannsson.

Ragnhildur Helgadóttir.

Nd. 226. Breytingartillögur [10. mál]

við frv. til laga um dýravernd.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 3. gr.
   a. Orðin „um nauðsyn fram..... eðlilegrar hvíldar“ í 2. tölul. falli burt.
   b. 4. tölul. falli burt.
2. Við 4. gr.
   a. 1. málsgr. orðist svo:
      Óheimilt er að temja dýr eða aga í því skyni að sýna þau almenningi eða til þess að taka af þeim kvikmyndir, ef tamning dýra í þessu skyni veldur þeim miklum sársauka.
   b. 3. málsl. 2. málsgr. orðist svo:
      Ákvæði þessarar málgreinar taka ekki til búfjársýninga.
3. Við 9. gr. Greinin falli burt.
4. Við 11. gr. Orðin „og 10.“ falli burt.
5. Við 13. gr. Í stað „12. gr.“ komi: 11. gr.
6. Við 15. gr. Greinin orðist svo:
   Nú er embættisdýralæknir eða löggiltur dýralæknir kvaddur til dýrs, sem sem er sjúkt eða lemstrað, og rannsókn hans leiðir í ljós, að dýrið sé ekki lífvænlegt, og er honum þá skylt að hlutast til um, að það sé deytt, enda sé dýrið haldið miklum kvölum. Deyðing fer fram á kostnað eiganda (umráðamanns) dýrs. Löggæzlumönnum er skylt að aðstoða við deyðingu dýrs samkvæmt lögmætri ákvörðun dýralæknis, eftir því sem hann mælir fyrir um.
   Dýralæknir á kröfu á ríkissjóð samkvæmt 1. málsgr., en ríkissjóður á bakkröfu á hendur eiganda dýrs eða umráðamanni, og er sú krafa lögtakskræf.
7. Við 17. gr. Greinin orðist svo:
   Menntamálaráðuneyti hefur yfirstjórn allra mála, er varða dýravernd.
   Tillagna Dýraverndunarfélags Íslands, Búnaðarfélags Íslands, Dýralæknafélags Íslands og Hins íslenzka náttúrufræðifélags skal leitað, eftir því sem við á, við setningu reglugerða eða annarra stjórnvaldsreglna um dýravernd.
8. Við 18. gr. Í stað orðanna „15. gr.“ komi: 14. gr.
9. Við 21. gr. Í stað orðanna „12. gr.“ komi: 11. gr.
10. Við 23. gr. 3. tölul. falli burt.

Nd. 227. Frumvarp til laga [10. mál]

um dýravernd.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

I. KAFLI
Um meðferð dýra.

1. gr.

Skylt er að fara vel með dýr, svo að þau þjáist ekki að nauðsynjalausu.

2. gr.

Öllum þeim, sem eiga dýr eða ráða yfir þeim að öðru leyti eða hafa umsjá með dýrum fyrir eiganda þeirra eða annan rétthafa, er skylt að sjá svo um, að dýrin fái nægilegt vatn og fóður við þeirra hæfi og viðhlítandi umhirðu. Eiganda

eða öðrum rétthafa er skylt að sjá dýrum fyrir hæfilegum vistarverum (geymslustað, vörzlustað), skjólgóðum og rúmgóðum, enda er skylt að ræsta slíka staði með viðunandi hætti.

3. gr.

Óheimilt er:

1. Að beita bareflum á dýr, ef hætt er við, að slíkt spilli heilsu dýra eða valdi þeim miklum sársauka.
2. Að tjóðra dýr eða hefta frelsi þeirra með öðrum hætti, svo að það valdi dýrum kvölum.
3. Að ofbjóða þoli dýra við vinnu eða rekstur eða með öðrum hætti.
4. Að svíða hár eða húð dýra í stað þess að klippa þau eða í því skyni að eyða lús eða öðrum óhreinindum.

4. gr.

Óheimilt er að temja dýr eða aga í því skyni að sýna þau almenningi eða til þess að taka af þeim kvikmyndir, ef tamning dýra í þessu skyni veldur þeim miklum sársauka.

Óheimilt er að hafa dýr til sýnis hér á landi, nema leyfi lögreglustjóra þar á vettvangi, sem sýning á að fara fram, komi til. Menntamálaráðuneyti er rétt að setja sérstakar reglur um eftirlit með starfsemi þeirra manna, sem hafa dýr til sýnis, svo sem um búr, geymslu dýra og heilbrigðisráðstafanir. Ákvæði þessarar málsgreinar taka ekki til búfjársýninga.

Óheimilt er að setja á stofn dýragarða eða koma upp annars konar söfnum lifandi dýra, nema samþykki lögreglustjóra komi til. Menntamálaráðuneyti er heimilt að setja reglugerð um eftirlit með slíkum stofnunum og um aðbúnað að dýrum.

5. gr.

Nú eru dýr eignarmörkuð, og er þá skylt að gæta þess, að mörkunin sé dýrinu jafnkvalalítil og kostur er. Óheimilt er að eyrnamarka fé svo, að meira en helmingur eyrans sé numinn brott.

6. gr.

Nú sýkist dýr eða lemstrast, og er þá eiganda (umráðamanni) skylt að sjá dýrinu fyrir hæfilegri umönnun, en deyða það, ef dýr er helsjúkt eða lemstur banvæn.

7. gr.

Við flutning á dýrum skal þess sérstaklega gætt, að notað sé viðhlítandi farartæki í þessu skyni og dýr njóti hæfilegs aðbúnaðar, meðan á flutningi stendur.

II. KAFLI

Um deyðingu dýra og aðgerðir á dýrum.

8. gr.

Þegar dýr eru deydd, ber að gæta þess, að deyðing fari fram með jafnhröðum og sársaukalitlum hætti og frekast er völ á.

Menntamálaráðherra setur nánari ákvæði um þetta í reglugerð.

9. gr.

Óheimilt er að stertstýfa hross, nema það sé gert af heilbrigðisástæðum og að ráði dýralæknis. Dýralæknum einum er heimilt að framkvæma þá aðgerð, og skal deyfa dýrið við aðgerðina. Ákvæði þessi eiga einnig við um skurð á hala á kúm eða á eyrum og rófum á hundum. Þó er heimilt að stýfa rófu á hvolpum, vikugömlum eða yngri.

10. gr.

Löggiltum dýralæknum einum er heimilt að framkvæma læknisaðgerðir á dýrum í öðrum tilvikum en þeim, sem getur í 9. gr., ef ætla verður, að aðgerð muni baka dýri verulega þjáningu. Nú er miklum örðugleikum bundið að ná til dýralæknis eða mjög kostnaðarsamt að kveðja dýralækni á vettvang, og skal þá reyna eftir föngum að leita læknisráða hjá dýralækni um framkvæmd aðgerðar. Hinu sama gegnir, ef vinda þarf svo bráðan bug að aðgerð, að ekki er gerlegt að kveðja dýralækni á vettvang.

III. KAFLI

Um notkun dýra í vísindalegum tilgangi.

11. gr.

Óheimilt er án leyfis yfirdýralæknis að nota dýr við vísindalegar rannsóknir eða tilraunir eða í sambandi við kennslu, ef samfara þessu eru sérstakar aðgerðir á dýrinu, blóðtaka eða dæling efna í dýrið eða yfirleitt, ef meðferð á dýri í þessu skyni vekur dýrinu sérstakan ótta eða þjáningu. Sama gegnir, ef dýr eru notuð við framleiðslu lyfja eða til svipaðra þarfa.

Menntamálaráðuneyti er rétt að setja nánari reglur um efni þau, sem greinir í 1. málsgrein.

Úrlausn yfirdýralæknis samkvæmt 1. málsgrein má skjóta til menntamálaráðuneytis, er úrskurðar mál til þrautar.

12. gr.

Við tilraunir eða aðgerðir á dýrum samkv. 11. gr. ber að gæta þess að baka dýrum ekki meiri þjáningu en óhjákvæmilegt er og nota deyfingu, þar sem við verður komið. Nú verður að ætla, að dýr kveljist, vegna tilrauna eða aðgerðar, til langframa, og skal þá deyða það, er tilraun eða aðgerð er um garð gengin.

IV. KAFLI

Um eftirlit með framkvæmd laganna o. fl.

13. gr.

Löggæzlumenn skulu hafa vakandi auga með því, að lögum þessum sé hlýtt.

Nú kemst löggæzlumaður að því, að aðbúnaði að dýri er ábótavant, eða verður áskynja um annars konar brot á lögum þessum, og skal hann þá gera lögreglustjóra viðvart, ef ekki verður ráðin bót á þessu þegar í stað. Skal lögreglustjóri leggja fyrir aðilja að bæta úr fyrirvaralaust eða innan tiltekins tíma, eftir atvikum. Heimilt er lögreglustjóra að leggja við dagsektir allt að 200 krónum, er renni í ríkissjóð, ef aðili skeytir ekki fyrirmælum. Lögreglustjóri getur meðal annars mælt svo fyrir, að umráðamaður dýrs skuli flytja dýr á hæfilegan geymslustað, ræsta geymslurúm dýrs, annast um sæmilegan hita í geymslurúmi dýrs, afla nægilegs fóðurs og drykkjar eða jafnvel fækka gripum, ef ekki er annars úrkosta. Lögreglustjóri skal hafa samráð við embættisdýralækni eða löggiltan dýralækni um þessi fyrirmæli, ef föng eru á því.

Nú skipast aðili ekki eftir fyrirmælum lögreglustjóra, og hlutast lögreglustjóri þá til um framkvæmd á fyrirmælum á kostnað eiganda dýra eða annars rétthafa. Ekki er þó heimilt að farga skepnum eða taka þær frá aðilja eða neyta annarra þeirra úrræða, sem valdið geta aðilja miklum fjárútlátum eða miklu fjártjóni, nema héraðsdýralæknir — eða yfirdýralæknir, þar sem ekki er völ á héraðsdýralæknum — hafi lýst sig samþykkan slíkum aðgerðum. Veita skal aðilja færi á að tjá sig um slíkar aðgerðir, áður en til þeirra er gripið. Ef annar er umráðamaður dýrs en eigandi, skal einnig veita eiganda tækifæri á að lýsa afstöðu sinni til máls.

Endurgreiðslukröfur lögreglustjórnar á hendur aðilja samkv. þessari grein eru lögtakskræfar.

14. gr.

Nú er embættisdýralæknir eða löggiltur dýralæknir kvaddur til dýrs, sem er sjúkt eða lemstrað, og rannsókn hans leiðir í ljós, að dýrið sé ekki lífvænlegt, og er honum þá skylt að hlutast til um, að það sé deytt, enda sé dýrið haldið miklum kvölum. Deyðing fer fram á kostnað eiganda (umráðamanns) dýrs. Löggæzlumönnum er skylt að aðstoða við deyðingu dýrs samkvæmt lögmætri ákvörðun dýralæknis, eftir því sem hann mælir fyrir um.

Dýralæknir á kröfu á ríkissjóð samkvæmt 1. málsgr., en ríkissjóður á bakkröfu á hendur eiganda dýrs eða umráðamanni, og er sú krafa lögtakskræf.

15. gr.

Nú verður maður var við dýr, sem er sjúkt, lemstrað eða bjargarvana að öðru leyti, og er honum þá skylt að veita því umönnun eftir föngum og gera eiganda (umráðamanni), löggæzlumönnum eða dýralækni viðvart án ástæðulausrar tafar. Ef högum dýrs er þannig farið, að telja verður sjúkdóm dýrs eða lemstur tvímælalaust banvæn, er þeim, sem sér dýrið, heimilt eða jafnvel skylt að deyða það, ef dýrið er mjög kvalið og ekki er unnt að ná til eiganda (umráðamanns), löggæzlumanns eða dýralæknis með hröðum hætti. Þeim, sem deyðir dýr samkvæmt þessu ákvæði, er skylt að skýra löggæzlumanni frá því jafnskjótt og föng eru á.

V. KAFLI

Stjórn dýraverndarmála.

16. gr.

Menntamálaráðuneyti hefur yfirstjórn allra mála, er varða dýravernd.

Tillagna Dýraverndunarfélags Íslands, Búnaðarfélags Íslands, Dýralæknafélags Íslands og Hins íslenzka náttúrufræðifélags skal leitað, eftir því sem við á, við setningu reglugerða eða annarra stjórnvaldsreglna um dýravernd.

VI. KAFLI

Um refsingu og önnur viðurlög.

17. gr.

Brot á lögum þessum eða á reglum eða reglugerð, sem sett er með stoð í þeim, varðar sektum allt að 10 þús. kr. eða varðhaldi allt að 1 ári. Ef brot er stórfellt eða ítrekað, má beita fangelsisrefsingu allt að 2 árum.

Brot dýralæknis á ákvæðum 14. gr. 1. málsgr. varðar sektum.

Hlutdeild í brotum á lögum þessum og tilraun til brota er refsiverð, sbr. III. kafla almennra hegningarlaga.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð.

18. gr.

Nú hefur maður gerzt sekur um stórfellt eða ítrekað brot á lögum þessum eða eldri refsiákvæðum, er varða dýravernd, og er þá unnt að svipta hann heimild til að eiga dýr, nota þau eða hafa í umráðum sínum, verzla með þau, slátra þeim eða sýsla um þau með öðrum hætti. Heimildarsvipting þessi getur lotið að dýrum almennt eða einstökum dýrategundum, og má ýmist svipta menn þessum heimildum um tiltekið tímabil eða ævilangt. Heimildarsviptingu má beita gagnvart ósakhæfum manni. Ákæruvald getur haft uppi kröfu um heimildarsviptingu í refsimáli eða sérstöku máli á hendur sakborningi.

Aðili, sem sviptur er heimild samkv. 1. málsgr. og skeytir ekki þessu ákvæði dóms, skal sæta sektum. Sá maður, sem veit af slíku dómsákvæði og fær allt að einu dómfellda dýr til umráða andstætt dómsákvæði, skal sæta sektum.

19. gr.

Foreldrum eða öðrum forráðamönnum barna yngri en 15 ára er skylt að stuðla að því, að þau hlýðnist fyrirmælum þessara laga. Nú fremur barn á ofangreindum aldri brot á lögum þessum og brotið er framið með vitund foreldra eða forráðamanna, og skal þeim þá refsað fyrir brotið, ef sannað er, að þeir hafi vanrækt að koma í veg fyrir brotið.

VII. KAFLI

Almenn ákvæði, gildistaka laga og brottfallin lög.

20. gr.

Menntamálaráðuneyti setur reglugerð um slátrun búpenings og um rekstur búfjár til slátrunar og annan flutning búfjár innanlands og um flutning á húsdýrum öðrum en hrossum til útflutnings. Einnig er ráðuneytinu heimilt að setja fyllri reglur í reglugerð um efni þau, sem um ræðir í lögum þessum, auk þeirra atriða, sem greinir í 4., 8. og 11. gr.

Stjórnvaldsreglur um dýravernd, sem settar hafa verið fyrir gildistöku laga þessara, halda gildi sínu, unz nýjar reglur eru settar.

21. gr.

Um rannsókn og meðferð mála út af brotum á lögum þessum fer að hætti laga nr. 27 5. marz 1951, um meðferð opinberra mála.

Kostnaður við framkvæmd laganna telst til almenns löggæzlukostnaðar, nema annars sé getið.

22. gr.

Lög þessi öðlast gildi þremur almanaksmánuðum eftir að þau hafa verið birt. Frá sama tíma eru numin úr gildi þessi lög og lagaákvæði:

1. 179. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.
2. Lög um dýraverndun, nr. 34 3. nóv. 1915, 2. og 3. gr., ásamt breytingarlögum nr. 31 19. júní 1922.

Lög þessi raska hvorki gildi VII. kafla laga nr. 18 22. marz 1948, um forðagæzlu og fóðurbirgðafélög, né laga nr. 50 23. júní 1932, um útflutning hrossa.

Nd. 228. Frumvarp til laga [97. mál]

um breyting á lögum nr. 30 7. maí 1928, um þinglýsing skjala og aflýsing.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

1. málsgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Þinglýsing skjala fer fram á þann hátt, að dómari les upp á bæjarþingi í kaupstöðum utan Reykjavíkur, en á manntalsþingi í hreppum skrá um þau skjöl, sem honum hafa borizt í þessu skyni, síðan síðasta bæjarþing í þeirri þinghá eða síðasta manntalsþing var háð.

Aftan við sömu lagagr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Þó skal þinglýsing og aflýsing skjala fyrir hreppa, sem farnir eru í eyði, en ekki hafa verið sameinaðir öðru hreppsfélagi, fara fram í aukadómþingi, sem háð skal í sýsluskrifstofu, eftir því sem þörf krefur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 229. Tillaga til þingsályktunar [108. mál]

um kjörbréf varaþingmanns.

Frá forsætisráðherra.

Alþingi ályktar, að Alþýðuflokknum beri að fá kjörbréf fyrir varaþingmann sinn í Reykjavík.

Þar sem fyrir liggur, að þriðji maður á lista flokksins hefur hafnað rétti varamanns til þingsetu, telur Alþingi, að yfirkjörstjórn beri að gefa út kjörbréf til handa Eggerti Þorsteinssyni.

Greinargerð.

Í umræðum um mál þetta á Alþingi, greinargerðum fyrir atkvæðum og í atkvæðagreiðslunni sjálfri kom fram meirihlutavilji fyrir efni þingsályktunartillögunnar eins og hún liggur nú fyrir. En rétt þykir að fá þennan vilja formlega staðfestan til þess að yfirkjörstjórn geti gefið út kjörbréf til handa Eggerti Þorsteinssyni.

Nd. 230. Breytingartillaga [65. mál]

við frv. til l. um breyt á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Ólafi Thors.

Á undan 1. tölul. 1. gr. kemur nýr liður, svo hljóðandi:

Á eftir B.7 kemur nýr liður:

Brautarholtsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Grundarholti um Arnarholt að Brautarholti.

Nd. 231. Frumvarp til laga [109. mál]

um breyting á lögum nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1957.)

1. gr.

1. málsgr. 144. gr. laganna orðist svo:

Varamenn þingmanna í kjördæmi, þar sem kosið er hlutbundnum kosningum, taka þingsæti eftir þeirri röð, sem þeir eru kosnir, þegar þingmenn þess lista, sem þeir eru kosnir á, falla frá eða forfallast, og án tillits til þess, hver þingmaður listans það er. Segi varamaður af sér, missi kjörgengi eða falli frá, tekur sá varamannssæti, sem næstur er á listanum og ekki var áður varamaður. Varamenn landskjörinna þingmanna taka sæti eftir hliðstæðri reglu.

2. gr.

Varamenn fyrir þá alþingismenn, er kjörnir voru í alþingiskosningunum 24. júní 1956, skulu taka sæti á Alþingi samkvæmt reglum 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Stjórnarskrá og kosningalög, sem nú eru í gildi, gera hvarvetna ráð fyrir því, að Alþingi sé að jafnaði fullskipað. Er reynt að tryggja það með þeim hætti, að falli þingmaður frá í einmenningskjördæmi eða segi af sér þingmennsku, fer fram kosning nýs þingmanns svo fljótt, sem við verður komið (31. gr. stjskr., 135. gr., sbr. 143. gr. kosningalaga). Losni hins vegar sæti þingmanns, sem kosinn er hlutbundinni kosningu, eða landskjörins þingmanns, tekur varamaður sæti hans (144. gr. kosningal.). Sé kosning þingmanns úrskurðuð ógild eða þingmaður missir kjörgengi, skal skiptamarkaða, öflun frjáls gjaldeyris o. fl. Af þessum sökum er gert ráð fyrir nefndarskipun þeirri, er um ræðir í 1. gr. Aðalhlutverk nefndarinnar verður að veita útskurðuð ógild, skal kosningin endurtekin (143. gr. kosningal.). Verði þingmannssæti af öðrum ástæðum laust, áður en kjörtímabil er á enda, fer fram uppkosning (135. gr. kosningal.).

Í 31. gr. stjskr., sbr. 117. og 129. gr. kosningal. segir, að varamenn skuli vera jafnmargir og kjörnir þingmenn af hverjum framboðslista eða landslista. Hvergi er sagt berum orðum, hvernig með skuli fara, ef varaþingmaður fellur frá, segir af sér eða missir kjörgengi. Er þá hægt að hugsa sér þrjár leiðir. Í fyrsta lagi, að enginn taki sæti varamanns. Gæti það orðið til þess, að þingmönnum fækkaði. Slíkt væri óeðlilegt og gæti haft í för með sér óheppilegar afleiðingar og bryti auk þess í bága við bókstaf og tilgang stjórnarskrár og kosningalaga. Í öðru lagi mætti hugsa sér að uppkosning færi fram. Slíkt væri þó einungis hugsanlegt, ef um væri að ræða kjördæmakosna þingmenn, en ekki landskjörna.

Er þá eftir þriðji möguleikinn, sá, að næsti maður á viðkomandi framboðslista eða landslista taki sæti sem varamaður. Með þeim hætti er tryggt svo sem verða má, að ekki verði autt þingsæti, og eðlileg og sanngjörn túlkun framangreindra lagaákvæða sýnist og leiða til þess að sá háttur skuli hafður í þessum efnum.

Hlýtur sá að hafa verið tilgangur stjórnarskrár og kosningalaga.

Rétt þykir þó að slíkt sé berum orðum fram tekið í kosningalögum og er þetta frumvarp því fram borið til þess að staðfesta þennan skilning.

Sþ. 232. Nefndarálit [26. mál]

um till. til þál. um undirbúning að byggingu leirverksmiðju að Búðardal í Dalasýslu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og auk þess sent hana til umsagnar Iðnaðarmálastofnunar Íslands og rannsóknaráðs ríkisins. Álit þeirra eru birt sem fylgiskjöl hér með. Nefndin mælir með því, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Fyrir orðin „að Búðardal í Dalasýslu“ í tillgr. komi: í Dalasýslu, og jafnframt gera athugun á því, hvar leirlög séu í landinu, sem bezt henta til leiriðnaðar í stórum stíl.

2. Fyrirsögn orðist svo:
Tillaga til þingsályktunar um undirbúning leirverksmiðju í Dalasýslu o. fl.

Alþingi, 8. febr. 1957.

Benedikt Gröndal, form.	Eiríkur Þorsteinsson, fundaskr.	Ásgeir Bjarnason, frsm.
Björn Ólafsson.	Steingr. Steinþórsson.	Björn Jónsson.
	Jón Sigurðsson.	

Fylgiskjal I.

IÐNAÐARMÁLASTOFNUN ÍSLANDS

28. desember 1956.

Vér höfum haft til umsagnar bréf allsherjarnefndar frá 6. desember, þar sem beiðzt er umsagnar Iðnaðarmálastofnunarinnar um tillögu til þingsályktunar um „að láta nú þegar fullrannsaka, hvort hagkvæmt muni vera að reka leirverksmiðju að Búðardal í Dalasýslu".

Svo virðist, sem Íslendingar hafi haft mjög takmarkaðan áhuga á að hagnýta leir sinn á liðnum áratugum, enda hefur varla um annan iðnað verið að ræða á þessu sviði en listiðnað.

Teljum vér tímabært, að Íslendingar hefjist handa um að hagnýta þau verðmæti, sem fólgin eru í leirnum, í stærri stíl en verið hefur og framleiða m. a. ýmsar vörur til bygginga, sé slíkt arðvænlegt. Þótt ýmsar rannsóknir hafi verið gerðar á leirlögum hér og tilraunir verið gerðar með framleiðslu úr íslenzkum leir síðustu þrjá áratugi, virðast ekki liggja fyrir niðurstöður, sem unnt væri að byggja á nú að öllu leyti, og teljum vér því æskilegt, að efnt sé til sérstakrar athugunar, eins og gert er ráð fyrir í till. til þál.

Hr. Guðmundur Einarsson frá Miðdal hefur greint oss frá ýmsum athugunum og aðgerðum síðustu þrjátíu ár, sem hafa miðað að því að stofna til aukinnar leirvinnslu hér á landi. Teljum vér æskilegt, að þeim aðila, sem yrði falið að gera athugun vegna leirverksmiðju í Búðardal, yrði einnig falið að safna saman þeim fróðleik, sem til er um fyrri rannsóknir, og gefa síðan út bók eða rit um efnið, ef ástæða þætti til.

Virðingarfyllst,

Iðnaðarmálastofnun Íslands,

Sveinn Björnsson, framkvstj.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis, Alþingishúsinu, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

RANNSÓKNARÁÐ RÍKISINS

Reykjavík, 18. desember 1956.

Í tilefni af bréfi yðar, dags. 6. þ. m., hefur rannsóknaráð tekið til athugunar tillögu til þingsályktunar um undirbúning að byggingu leirverksmiðju að Búðardal í Dalasýslu.

Rannsóknaráð hefur leitað álits sérfróðra manna um málið, og fylgir hér með greinargerð frá Tómasi Tryggvasyni jarðfræðingi.

Svo virðist sem leirinn við Búðardal sé hæfur í grófan leiriðnað, svo sem múrsteina, pípur og þakhellur. Hins vegar er engan veginn öruggt, að hægt sé að finna hagrænan grundvöll fyrir slíkan iðnað.

Oss virðist því ekki tímabært að hefja alhliða undirbúningsrannsóknir fyrir leirverksmiðju í Búðardal, en sem undirbúningsathugun mætti fá þar til hæfan mann til þess að gera kostnaðaráætlun fyrir stofnun og rekstur leirverksmiðju í Búðardal, og væri þá gengið út frá, að nægar birgðir af nothæfu hráefni væru fyrir hendi. Yrði sérstaklega að taka til athugunar flutningskostnað og orkuþörf. Einnig væri rétt að fá samanburð við rekstur verksmiðju, sem staðsett væri nær aðalnotendasvæðinu fyrir framleiðslu verksmiðjunnar.

Virðingarfyllst,

Rannsóknaráð ríkisins,

Þorbjörn Sigurgeirsson.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis.

ATVINNUDEILD HÁSKÓLANS, IÐNAÐARDEILD

Verksvið: Jarðfræði.

Reykjavík, 13. desember 1956.

Vegna bréfs allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis, dags. 6. des. 1956, hefur rannsóknaráð ríkisins æskt umsagnar undirritaðs um þskj. 26 1956, tillögu til þingsályktunar um undirbúning að byggingu leirverksmiðju að Búðardal í Dalasýslu.

Íslenzkur leir er yfirleitt járnríkur og hentar þess vegna bezt sem hráefni í grófar og ódýrar iðnaðarvörur, þar sem litlar kröfur eru gerðar til hráefnisins. Má þar nefna múrsteina til bygginga, pípur í holræsi og ef til vill þakhellur. Árleg þörf okkar á leirmunum til skrauts, heimilisþarfa og fyrir rafmagnsiðnað er svo lítil, að litlu máli skiptir, hvort hráefnið er sótt til útlanda eða tekið í landinu sjálfu.

Steinar úr brenndum leir eru að vísu ágætt byggingarefni og hafa löngum verið notaðir umfram steinsteypu víða erlendis í venjulegar byggingar. Þróuninni miðar samt í þá átt, að steinsteypan vinnur jafnt og þétt á í samkeppninni við brenndu múrsteinana.

Vegna hins háa flutningskostnaðar í strjálbýlinu á Íslandi er þess sízt að vænta, að brenndur múrsteinn gæti orðið ódýrara byggingarefni en steinsteypa á Íslandi.

Þakhellur úr brenndum leir eru dýrari vara en brenndur múrsteinn og mundu þess vegna fremur þola flutninga en múrsteinninn. Á hinn bóginn er ekki fullkunnugt um það, hversu heppileg þakklæðning þær eru í íslenzku tíðarfari.

Súrt jarðvatn tærir steinsteypu, en hefur lítil áhrif á brenndan leir. Væri þess vegna æskilegt, að unnt væri að nota pípur úr brenndum leir fremur en steinsteypu í hvers konar pípuræsi, svo sem skolplagnir, lokaða framræsluskurði o. s. frv.

Hér á landi er þörfin fyrir slík pípuræsi langsamlega mest við sunnanverðan Faxaflóa og á Suðurlandsundirlendinu. Mjög yrði dýrt og úrgangssamt að flytja svo þungan og brothættan varning sem brenndar leirpípur frá Búðardal til Reykjavíkur, og hníga öll hagræn rök á móti slíkum flutningi, þar eð nothæf hráefni munu vera fyrir hendi nær áfangastaðnum.

Virðingarfyllst,

Atvinnudeild háskólans, iðnaðardeild,

Tómas Tryggvason.

Til rannsóknaráðs ríkisins.

Ed. 233. Nefndarálit [93. mál]

um frv. til l. um kirkjuþing og kirkjuráð íslenzku þjóðkirkjunnar.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað málið og leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 7. gr. Aftan við 2. mgr. bætist:
   Kjörgögnum til leikmanna fylgi kjörskrá.
2. 13. gr. orðist svo:
   Kirkjuþingsmenn fá greidda úr ríkissjóði dagpeninga og ferðakostnað. Kýs kirkjuþingið þriggja manna þingfararkaupsnefnd, sem endurskoðar reikninga kirkjuþingsmanna, en kirkjumálaráðherra úrskurðar þá og ákveður upphæð dagpeninga.

Einn nefndarmanna, Geir Gunnarsson, var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. febr. 1957.

Sigurvin Einarsson, form., frsm. Friðjón Skarphéðinsson, fundaskr. Gunnar Thoroddsen.
Sigurður Ó. Ólafsson.

Sþ. 234. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [108. mál]

í málinu: Till. til þál. um kjörbréf varaþingmanns.

Frá Bjarna Benediktssyni.

Yfirkjörstjórn hefur þegar neitað að veita Eggert G. Þorsteinssyni kjörbréf sem varaþingmanni Alþýðuflokksins í Reykjavík, og Alþingi hefur samkvæmt 46. gr. stjórnarskrárinnar fellt að taka hann gildan sem réttkjörinn varaþingmann, enda mundi þingseta hans bersýnilega brjóta gegn 31. gr. stjórnarskrárinnar. Alþingi telur því tillögu þessa óþinglega og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Sþ. 235. Þingsályktun [108. mál]

um kjörbréf varaþingmanns.

(Afgreidd frá Sþ. 11. febr.)

Samhljóða þskj. 229.

Nd. 236. Nefndarálit [69. mál]

um frv. til l. um breyt. á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið allrækilega og orðið ásátt um að mæla með, að það verði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarmanna (GJóh) mætti ekki á fundi nefndarinnar.

Alþingi, 12. febr. 1957.

Steingr. Steinþórsson, form., frsm. Ragnhildur Helgadóttir. Benedikt Gröndal.

Kjartan J. Jóhannsson.

Sþ. 237. Fyrirspurn [110. mál]

til ríkisstjórnarinnar um aukna fræðslu fyrir almenning í þjóðfélags- og þjóðhagsfræðum.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Hvað líður störfum nefndar þeirrar, sem skipa átti samkvæmt ályktun Alþingis 22. marz 1956 til þess að kanna, hversu bezt yrði komið við aukinni fræðslu fyrir almenning í þjóðfélags- og þjóðhagsfræðum?

Nd. 238. Breytingartillaga [98. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 18 4. nóv. 1887, um veð.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Við 1. gr. Upphaf 1. meginmálsgr. orðist svo:

Eigi veðsali heimili í Reykjavík, skal afhenda skjalið til innritunar í veðmálaskrár innan þriggja vikna frá dagsetningu þess, en í öðrum kaupstöðum skal þinglýsa því á fyrsta, öðru eða þriðja bæjarþingi o. s. frv.

Nd. 239. Frumvarp til laga [111. mál]

um breyting á lögum nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Ragnhildur Helgadóttir, Magnús Jónsson, Benedikt Gröndal, Jóhann Hafstein, Pétur Pétursson.

1. gr.

Liðurinn I, b í 6. gr. laganna (skattgjald hjóna) falli niður.

2. gr.

1. málsgr. 11. gr. laganna orðist svo:

Samanlögðum skattskyldum tekjum hjóna, sem samvistum eru, skal skipta til helminga og reikna skatt af hvorum helming um sig.

3. gr.

a. Í stað orðanna „fyrir hjón kr. 12000.00 (6 þús. fyrir hvort)“ í 12. gr. laganna komi: Fyrir hjón kr. 10400.00 (5200 kr. fyrir hvort).

b. Á eftir 4. málsgr. sömu lagagreinar komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Einstæðum mæðrum eða feðrum með börn innan 16 ára aldurs á framfæri skal veitast persónufrádráttur að upphæð kr. 11000.00 fyrir eitt barn, en fyrir hvert barn þar umfram kr. 9000.00.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Flestum er ljóst, að sú meginregla, sem fylgt er við ákvörðun á skatti hjóna, er óréttlát. Á það hefur oft verið bent, bæði á Alþingi og annars staðar, að réttara væri að líta á hjón sem tvo sjálfstæða skattþegna. Einkum þykir núverandi skipan koma ranglátlega niður á hjónum, sem bæði afla beinna tekna. Við síðustu endurskoðun skattalaga fékkst nokkur leiðrétting, þótt hún væri ekki fullnægjandi.

Ýmsar leiðir til úrbóta hafa verið ræddar, m. a. á Alþingi. Gætir þar tveggja höfuðsjónarmiða: Annars vegar að skattleggja hvort í sínu lagi hjón, sem bæði afla beinna tekna. Stendur þá oftast þannig á, að húsmóðirin vinnur utan heimilis. Hins vegar er svo það sjónarmið, sem ræður í þessu frumvarpi, að skattleggja hvort í sínu lagi öll hjón, hvort sem bæði afla beinna tekna eða ekki, — hvort sem konan vinnur á heimilinu eða einnig utan þess.

Á síðustu árum hafa komið fram á Alþingi nokkur frv., sem byggjast á sömu meginreglu og þetta frv. Eru það frumvörp Gylfa Þ. Gíslasonar og Kristínar Sigurðardóttur árið 1951 og 1952 og frv. Jóhann Hafsteins og Magnúsar Jónssonar 1952, sem raunar fól í sér ýmsar fleiri breytingar á skattalögum.

Þótt ýmsar leiðir í þessum efnum séu til bóta, er sú, sem í frumvarpinu felst, hin réttlátasta. Hún tekur fullt tillit til þess, að vinna konu við umönnun heimilis og uppeldi barna er sízt minna virði en vinna konu utan heimilis. Jafnframt léttir hún skattbyrði þeirra hjóna, sem bæði afla beinna tekna fyrir heimili sitt, en það er algengt og oft nauðsynlegt, sérstaklega á fyrstu búskaparárum hjóna.

Vegna mikilla skatta á hjónum eru nokkur brögð að því, að fólk búi saman ógift, enda þarf það samkvæmt núgildandi lögum að bera þyngri skattabyrði eftir hjúskaparstofnun, þótt tekjur þess séu óbreyttar.

Til þess að vega á móti þeim mun, sem skapast mundi milli skattgjalds hjóna og einstaklinga, og vegna þess að yfirleitt má telja framfærslukostnað tveggja saman hlutfallslega lægri en framfærslukostnað einhleypings, er lagt til í a-lið 3. gr. frv., að persónufrádráttur hjóna lækki nokkuð frá því, sem nú er. Hliðsjón er hér höfð af því hlutfalli, sem 13. gr. laga um almannatryggingar, nr. 24/1956, ákveður milli ellilífeyris hjóna og einhleyps fólks.

Þar eð frumvarp þetta fer fram á réttarbætur fyrir hjón, sem samvistum eru, þykir réttlátt, að einstæðir foreldrar með börn á framfæri hljóti aukin fríðindi, eins og b-liður 3. gr. frv. fjallar um, enda hafa þeir mun erfiðari aðstöðu en foreldrar, sem samvistum eru.

Nd. 240. Frumvarp til laga [112. mál]

um samkomudag reglulegs Alþingis 1957.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1957.)

Reglulegt Alþingi 1957 skal koma saman 10. dag októbermánaðar, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Verði eigi annað ákveðið með lögum, skal reglulegt Alþingi 1957 koma saman eigi síðar en 15. febrúar. Þar sem sýnt er, að þingi því, er nú situr, verður eigi lokið fyrir þann tíma, ber nauðsyn til að ákveða annan samkomudag. Er lagt til, að Alþingi komi saman í síðasta lagi fimmtudaginn 10. október 1957.

Ed. 241. Nefndarálit [56. mál]

um frv. til l. um heimild handa ríkisstjórninni til að kaupa eyðijörðina Grjótlæk í Stokkseyrarhreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur haft frv. þetta til athugunar og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 13. febr. 1957.

Páll Zóphóníasson, form. Sigurvin Einarsson, fundaskr. Sigurður Ó. Ólafsson, frsm.
Friðjón Þórðarson. Geir Gunnarsson.

Sþ. 242. Þingsályktun [26. mál]

um undirbúning leirverksmiðju í Dalasýslu o. fl.

(Afgreidd frá Sþ. 13. febr.).

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar fullrannsaka, hvort hagkvæmt muni vera að reka leirverksmiðju í Dalasýslu, og jafnframt gera athugun á því, hvar leirlög séu í landinu, sem bezt henta til leiriðnaðar í stórum stíl.

Sþ. 243. Breytingartillaga [100. mál]

við till. til þál. um fullgildingu á alþjóðasamþykkt um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf.

Frá Ragnhildi Helgadóttur.

Við tillgr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Jafnframt ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að gera hið fyrsta ráðstafanir til, að samþykktin komist í framkvæmd hér á landi.

Sþ. 244. Tillaga til þingsályktunar [113. mál]

um verndun fiskimiða umhverfis Ísland.

Flm.: Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að lýsa yfir þeim vilja sínum, að sjávarútvegsmálaráðherra setji, eigi síðar en að loknu yfirstandandi þingi Sameinuðu þjóðanna, nýja reglugerð um verndun fiskimiða umhverfis Ísland og verði þar ákveðið, að botnvörpu- og dragnótaveiðar skuli bannaðar umhverfis allt landið innan línu, sem dregin er 12 sjómílur frá yztu annesjum, eyjum og skerjum.

Greinargerð.

Með hverju árinu sem líður eykst og margfaldast hagnýting nýrrar tækni á öllum sviðum atvinnulífsins.

Iðnaðarframleiðslunni fleygir fram risaskrefum í vinnslu náttúrlegra efna. Upp eru fundin ýmiss konar gerviefni, en framleiðsla þeirra er orðin mjög fyrirferðarmikill þáttur í iðnaðinum.

Landbúnaðurinn er enginn eftirbátur í því að tileinka sér nýjungar á þessu sviði. Þar eru á brautum nýrrar tækni unnin stórvirki í verndun og aukningu gróðurríkisins og hagnýtingu þeirra náttúrugæða.

Þá hefur beiting nýrrar tækni ekki farið fyrir ofan garð og neðan hjá sjávarútveginum. Tekur það jöfnum höndum til fisköflunarinnar og hagnýtingar fisksins.

Stórfelldastar eru þó framfarirnar í fiskveiðunum. Að því er til þorskveiðanna tekur, er þáttur botnvörpuveiðanna stærstur, t. d. í Norður-Atlantshafinu. Aukning sú, sem orðin er á fiskveiðum með þessum hætti, tekur flestu eða öllu fram. Skipin, sem þessar veiðar stunda, eru alltaf byggð stærri og stærri, og vaxa veiðiafköstin að sama skapi. Þessi stóru skip geta verið að veiðum í flestum veðrum. Aflvélar þeirra eru svo kraftmiklar, að þau geta dregið vörpuna á því dýpi, þar sem annars er fisks að vænta. Opvídd vörpunnar er því meiri, sem skipið er stærra. Þessari veiðiaðferð er beitt gegn öllu, sem kvikt er í sjónum, nema stórhvelum. Botnvarpan sogar í sig, þar sem hún fer um, fisk á öllum aldursskeiðum, frá hinu minnsta seiði til þess fisks, sem náð hefur fullum þroska. Á sumum svæðum er dráp og eyðing ungfisksins, sem engum kemur að gagni og mokað er aftur í sjóinn, miklu stórfelldara að tölunni til en nytjafisksins. Og nú er sums staðar mikið um það rætt og þegar hafnar tilraunir í þá átt að senda frá veiðiskipunum rafmagnsstraum niður í sjóinn í því skyni að geta með þeim hætti aukið veiðiafköstin, og enn fleira af því tagi er á prjónum í sambandi við botnvörpuveiðarnar.

Eins og botnvörpuveiðarnar eru nú reknar, er efnt til svo skefjalausrar rányrkju í sjónum, að öllum hugsandi mönnum hlýtur að hrjósa hugur við. Og það er ekki að ófyrirsynju, þó að menn spyrji, hvar þetta lendi. Segja mætti, að það væri sök sér að hlíta enn um skeið, án þess að breytingar yrðu gerðar á fiskveiðalandhelginni, rányrkju af þessu tagi, ef á vegum hinnar nýju tækni væru tiltæk ráð til þess að forða uppfæðingnum frá því að lenda í botnvörpunni, og veit þó enginn nema botnvörpuveiðarnar, þó að þeim væri beint að nytjafiskunum einum saman, gætu orðið svo tilþrifamiklar og aðgangsharðar, að til ofveiði drægi samt. En hér er engu slíku til að dreifa. Engin tæknileg ráð, er hér koma að haldi, hafa enn sem komið er fundizt. Hér skyldi því allrar varúðar gætt, og það er vissulega tímabært, að að því sé hugað.

Það er að því vikið í upphafi þessarar greinargerðar, að í iðnaðinum og þá ekki síður í landbúnaðinum sé tækninni fyrst og fremst beitt til uppbyggingar, bættra og aukinna lífsskilyrða í heiminum. Í sjávarútveginum stefnir þróunin í

veigamiklum atriðum í gagnstæða átt. Það er með botnvörpuveiðunum verið að rífa niður í stað þess að byggja upp.

Engin þjóð í veröldinni er jafnmikið háð fiskveiðunum og Íslendingar. Meginhlutinn af útflutningsverðmætum þjóðarinnar er tengdur við þennan atvinnuveg. Íslendingar þurfa á miklum gjaldeyri að halda til kaupa á nauðsynjum frá öðrum löndum. Það er ekki langt til alið um varanlega uppbyggingu atvinnuveganna í landi voru.

Það hefur að langsamlega mestu leyti fallið í skaut þeirrar kynslóðar, sem hér hefur lifað og starfað það sem af er þessari öld, að inna þessa uppbyggingu af hendi. Íslendingar hafa í þessu efni færzt mikið í fang hin síðari ár. Og þeir eru staðráðnir í að beina að því orku sinni og manndómi að sækja þar fast fram. En eins og að líkum lætur, er ekki enn, þrátt fyrir þróttmikið starf hina síðustu áratugi, hálfsótt haf, að því er til þess tekur að hagnýta náttúrugæði lands vors. En framkvæmd áforma Íslendinga í þessu efni er að sjálfsögðu mjög háð því, hversu gjöful fiskimiðin við strendur landsins reynast þeim. En þar eru óneitanlega dökkar blikur í lofti.

Á fiskimiðin umhverfis Ísland sækir frá sjö þjóðlöndum árlega mikill fjöldi erlendra botnvörpuskipa. Tala þeirra vex með hverju árinu sem líður. En þar með er sagan ekki öll sögð. Stærð þessara skipa og veiðiafköst vaxa hröðum skrefum.

Ástæðan til þess, hve mikilli örtröð erlendir togarar valda á fiskimiðunum hér við land, er sú, að fiskafli á heimamiðum þeirra þjóða, sem gera út skipin, hefur þorrið sökum ofveiði þeirrar, sem þau hafa valdið þar. Er því siglingu þessara skipa beint á þau fiskimið, sem enn gefa nokkuð í aðra hönd.

Það er nú að verða lýðum ljóst, að fiskimiðin við Ísland þola ekki þessa áníðslu til lengdar. Hér stefnir að því jafnt og þétt, ef ekkert verður að gert, að meira og meira dragi úr aflabrögðum og að Íslendingar standi andspænis þeim afleiðingum, sem óhjákvæmilega sigla í kjölfar ofveiðinnar.

Reynslan frá stríðsárunum sýndi bezt, hver áhrif það hafði á fiskveiðar Íslendinga, að niður lögðust með öllu að heita mátti siglingar erlendra botnvörpuskipa hingað. Á þessum árum óx fiskimagnið á miðunum stórkostlega. En eigi leið á löngu eftir síðara stríðið t. d., að það færi að draga úr aflabrögðunum. Friðunin, sem kom til framkvæmda 1952, sýndi nokkurn árangur, sem kom fram í því, að bátaflotinn fékk nokkru rýmra svæði til athafna sinna en áður var. En með stöðugt aukinni ásókn erlendra togara á miðin hefur komið í ljós, að sú friðun nær harla skammt. Tvö síðustu ár hefur veiðunum hrakað, miðað við það tímabil, sem við bjuggum að aukningu fiskjarins á stríðsárunum. Tvö síðastliðin ár hafa bátaveiðarnar minnkað og þó alveg sérstaklega á árinu 1956. Þá var aflinn í Faxaflóa að meðaltali í hverjum róðri rúmlega einni smálest minni en árið 1948, þrátt fyrir það þótt bátarnir hafi stækkað og veiðarfæranotkun allt að því tvöfaldazt frá því, sem var árið 1948. Á Vestfjörðum er munurinn þó enn meiri, þar hefur aflinn minnkað allt að þremur smálestum í róðri. Afli togara á heimamiðum hefur einnig minnkað á tveimur s. l. árum.

Það er mjög athyglis- og íhugunarvert dæmi um áhrif botnvörpunnar, hversu farið hefur um karfaveiðarnar. Hér við land hafa á síðustu árum fundizt allvíðáttumikil karfamið. Þessi mið reyndust í upphafi mjög aflasæl. Var þar í byrjun miklu skjótteknari veiði en nokkur dæmi voru til um aðrar fiskveiðar á sama tíma. En þetta stóð ekki nema um skamma hríð. Aflinn þvarr brátt, og eyðing karfastofnsins á þessum miðum virðist svo alger, að þar hefur ekki á síðustu árum orðið vart við karfa. Það veit enginn, hvað langan tíma það tekur, að karfinn komi aftur á miðin. Og einu gildir, hvar við strendur landsins finnast ný karfamið, alls staðar sækir í sama horfið. Að sama brunni ber á þeim karfamiðum, sem fundizt hafa við Grænland. Þau hafa einnig verið uppurin á skömmum tíma.

Það hefur orðið hlutskipti íslenzkra togara í seinni tíð vegna vaxandi aflabrests

á heimamiðum að leita á Grænlandsmið. Þetta gaf í fyrstu allgóða raun, einkum meðan karfaveiðin hélzt. En eftir að sú veiði brást, hefur mjög dregið úr siglingum þangað, og hafa þær nú að mestu lagzt niður. Á miðin við Grænland hefur að undanförnu sótt mikill fjöldi botnvörpuskipa víðs vegar að. En þrátt fyrir það þótt á þessum slóðum séu geysilega víðáttumikil fiskisvæði og að þorskurinn hefur á síðustu 20—30 árum hrygnt á norðlægari breiddargráðum en áður var, eru botnvörpuveiðarnar farnar að segja þar til sín víðar en á karfamiðunum. — Það má gjarnan skjóta því hér inn í sambandi við fiskveiðar Íslendinga við Grænland, að það er býsna hart, að þeir skuli vera þar engu betur settir en óviðkomandi þjóðir, þrátt fyrir það þótt þeir eigi sögulegan og lagalegan rétt til landsins og hagnýtingar á náttúrugæðum þess til lands og sjávar.

Eins og nú er að verða ástatt um fiskimiðin við Ísland og veiðihorfur á þeim, er ekki nema um tvennt að velja fyrir Íslendinga, að stækka friðunarsvæðið verulega eða horfa fram á það, að útgerðin kvoðni niður og veslist upp vegna aflabrests. Þetta eru þau alvarlegu fyrirbæri, sem vér nú stöndum frammi fyrir, og þetta eru svo augljós sannindi, að þar verða ekki brigður á bornar. Það er Íslendingum því lífsnauðsyn, að friðunarsvæðið við strendur landsins verði stækkað. Þetta þarf að gera, áður en allt er komið í kalda kol, áður en uppbyggingarstarf þjóðarinnar og framtakssemi hefur vegna aflabrests beðið mikinn og alvarlegan hnekki. Hér er því í þessari þingsályktunartillögu lagt til, að Alþingi láti í ljós þann vilja sinn, að sjávarútvegsmálaráðherra, þegar fullnægt er yfirlýsingu utanríkisráðherra, sem tengd er við lok yfirstandandi þings Sameinuðu þjóðanna, setji nýja reglugerð um verndun fiskimiða umhverfis Ísland og verði þar ákveðið, að botnvörpu- og dragnótaveiðar skuli bannaðar umhverfis allt landið innan línu, sem dregin er 12 sjómílur frá yztu annesjum, eyjum eða skerjum. Í þingsályktunartillögu þessari er gert ráð fyrir því, að friðunarsvæði það, sem hér um ræðir, verði ákveðið með sama hætti og gert var 1952.

Engin algild regla er til um stærð slíkra friðunarsvæða í heiminum. Þjóðirnar hafa mismunandi reglur um þetta. Í Suður-Ameríku er landhelgislínan almennt 200 sjómílur. Ástralía hefur ákveðið mjög stórt friðunarsvæði hjá sér. Rússar og Júgóslavar hafa 12 mílna landhelgi, sömuleiðis Austur-Þýzkaland og Pólland. Norður-Evrópuríkin fylgja enn 3—4 mílna landhelgi, en rætt er um aukna friðun í ýmsu formi, þar á meðal alfriðun vissra svæða utan línunnar o. fl. Bandaríkin hafa áskilið sér rétt yfir öllu landgrunninu, en hafa gagnvart fiskveiðum þriggja mílna landhelgi, hafa þó áskilið sér rétt til að gera frekari friðunarráðstafanir til verndar fiskstofninum. Þótt Kanadamenn hafi enn hjá sér þriggja mílna landhelgi, hafa þeir lýst yfir fylgi sínu við 12 mílna landhelgi. Þróunin í þessum málum er stækkun friðunarsvæða, sem er eina ráðið til þess að draga úr áhrifum af rányrkju þeirri, sem af botnvörpuveiðunum hlýzt.

Rýmkun sú á friðunarsvæðinu, sem ákveðin var með reglugerðum árin 1950 og 1952 og vikið er að hér að framan, hefur borið árangur, einkum á svæðinu fyrir Suðvesturlandi, Faxaflóa og Breiðafirði. Það hefur komið mjög skýrt í ljós, að ýsu-, lúðu- og skarkolastofninn, sem var mjög til þurrðar genginn á þessum slóðum, hefur vaxið mjög ört, síðan friðunin tók gildi. En árangur af þessari friðun nær harla skammt til þess að hamla upp á móti og bægja frá þeirri vá, sem hér er fyrir dyrum. Þar þarf miklu meira til.

Þeir stórfurðulegu atburðir gerðust, svo sem kunnugt er, í sambandi við fyrrgreinda ákvörðun, að nokkrum hópi útgerðarmanna í gömlu viðskiptalandi Íslendinga tókst að brjóta sér leið að því að koma á þar í landi sölubanni á fiski frá Íslandi. Hélzt þeim uppi um nokkurt árabil að beita Íslendinga þessum ójafnaði. Þessi ofbeldisaðferð gagnvart lítilli þjóð, sem berst harðri baráttu fyrir lífi sínu og tilveru, mæltist að vonum hvarvetna mjög illa fyrir. En nú er þetta hjá liðið og viðskiptin milli landanna runnin í fornan farveg. Báðar þjóðirnar, þeir ekki síður

en vér, fagna því, að á grundvelli sátta og samlyndis verði nú aftur treyst margra alda gömul viðskipta- og vináttubönd.

Að sjálfsögðu ber íslenzkum stjórnarvöldum að gera þeim erlendu þjóðum, er kynnu að telja sig hafa hagsmuna að gæta í sambandi við þessa ákvörðun vora, skýra og ljósa grein fyrir því, hver lífsnauðsyn það er fyrir Íslendinga að stækka friðunarsvæðið við strendur landsins. Þessar þjóðir þekkja af eigin raun áhrif botnvörpuveiðanna á heimamiðum sínum, sem þær hafa orðið að yfirgefa vegna ofveiði. Þær hafa og alla aðstöðu til þess að gera sér þess ljósa grein, að þess verði ekki æðilangt að bíða, að sömu örlög bíði fiskimiðanna við Ísland og að hér verði ekki feitan gölt að flá fyrir þá, þegar nokkuð líður frá. Skilgóðir menn á sviði fiskveiðanna vita, að líkt hagar til hér á stórum svæðum og í Norðursjónum til dæmis að taka, að mikill grúi ungviðis er á sömu svæðum og nytjafiskurinn og fær sömu afdrif og hann, en þar eru botnvörpuveiðarnar háskalegastar, og þar segir ofveiðin fyrst til sín. Þetta er sú hliðin, sem snýr að hinum erlendu þjóðum, er hér stunda botnvörpuveiðar.

En hver verður úrkostur Íslendinga, er slíku vindur fram sem hér er lýst? Hvert eiga þeir að flýja, og hvar eiga þeir skjóls að leita, þegar fiskimiðin eru uppurin?

Með því samstarfi, sem nú er þjóða í milli og Íslendingar eru þátttakendur í, er þetta engan veginn málefni Íslendinga einna, þótt ógæfan, sem af þessu hlýzt, knýi fastast á þeirra dyr. Stórþjóðir þær, sem Íslendingar eru í samstarfi við, hafa tekið að sér það göfuga hlutverk að vernda rétt smáþjóðanna og stuðla að því á allan hátt, að þær geti lifað frjálsar og óháðar í landi sínu og búið að þeim gæðum lands og sjávar, sem þær að guðs og manna lögum eru eigendur að og eiga alla lífsafkomu sína undir því, að eigi sé af öðrum gengið á þennan rétt.

Þetta samstarf á því að vera Íslendingum sverð og skjöldur í máli þessu. Það á að veita Íslendingum tryggingu og öryggi fyrir því, að engri erlendri þjóð haldist það uppi stundinni lengur að ganga í berhögg við og brjóta niður ráðstafanir, sem Íslendingum er lífsnauðsyn að gerðar verði og framtíð þeirra byggist á. Íslendingar ættu því ekki að þurfa að bera neinn kvíðboga fyrir því, að ekki yrði litið á þessa nauðsyn vora með velvild og skilningi.

Ed. 245. Lög [97. mál]

um breyting á lögum nr. 30 7. maí 1928, um þinglýsing skjala og aflýsing.

(Afgreidd frá Ed. 14. febr.)

Samhljóða þskj. 228.

Ed. 246. Lög [112. mál]

um samkomudag reglulegs Alþingis 1957.

(Afgreidd frá Ed. 14. febr.)

Samhljóða þskj. 240.

Nd. 247. Frumvarp til laga [114. mál]

um breyting á lögum nr. 112 1935, um hæstarétt.

Flm.: Ólafur Björnsson.

1. gr.

a. Á eftir 4. tölulið 6. gr. laganna bætist:
5. Engum má veita dómaraembætti í hæstarétti, ef hann hefur verið í framboði við síðustu almennar alþingiskosningar, er fram hafa farið, áður en embættið var veitt, eða aukakosningar til Alþingis, er fram hafa farið síðar.

b. Niðurlagsmálsgr. sömu lagagr. hljóði svo:
Áður en dómaraembætti í hæstarétti er veitt, skal dómsmálaráðuneytið skipa þriggja manna nefnd til þess að dæma um hæfni umsækjenda. Sé einn nefndarmanna skipaður samkvæmt tilnefningu hæstaréttar, annar samkvæmt tilnefningu lögfræðiprófessora við Háskóla Íslands og sá þriðji án tilnefningar. Nefndin skal láta í té umsögn um hæfni umsækjenda til þess að gegna embætti hæstaréttardómara og raða umsækjendum með tilliti til hæfni þeirra. Engan má skipa í embættið, nema meiri hluti nefndarmanna hafi látið það álit í ljós, að umsækjandi sé hæfur til þess að gegna embættinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangur frv. þessa, ef að lögum verður, er að tryggja það betur en nú er gert, að í embætti hæstaréttardómara veljist menn, er hlutlausir séu í stjórnmálum. Felur frv. annars vegar í sér takmörkun á veitingarvaldi dómsmálaráðherra, er embætti í hæstarétti losnar, hins vegar ákvæði um það, að menn þeir, er um embætti hæstaréttardómara sækja, séu ekki á oddi í stjórnmálabaráttunni. Að áliti mínu mundi hér vera um að ræða spor í áttina til aukins réttaröryggis í landinu.

Ég tel, að sú framvinda efnahagsmála þjóðarinnar, er nú má telja líklegasta, valdi aukinni nauðsyn þess, að réttaröryggið sé betur tryggt. Reynsla síðustu áratuga hefur sýnt það, að jafnhliða aukinni opinberri stjórn efnahagsmálanna hefur þróazt réttarfar, sem byggist fyrst og fremst á pólitískum dómstólum og er þannig óskylt lýðræðislegum réttarfarshugmyndum. Má í því sambandi vitna jöfnum höndum til réttarfars fasistaríkjanna og kommúnistaríkjanna. Hér á landi hefur opinber stjórn efnahagsmálanna farið mjög í vöxt síðustu áratugi. Fyrir og eftir síðari heimsstyrjöldina ríkti hér, sem kunnugt er, mjög víðtækur haftabúskapur. Á árunum 1950—1955 var hins vegar gert mikið átak til þess að aflétta haftabúskapnum, en nú er sýnt, að sækja muni aftur í fyrra horf, sennilega í ríkara mæli en nokkru sinni fyrr. Enda þótt ég telji, að færa megi veigamikil rök fyrir því, að haftabúskapur sé óframkvæmanlegur án atbeina pólitískra dómstóla, þá er víst, að það réttarfar brýtur í bág við réttarfarskennd almennings hér á landi. Er því að mínu áliti fyllsta ástæða til þess að sporna við slíkri þróun, og því er frv. þetta borið fram.

Ed. 248. Breytingartillaga [93. mál]

við frv. til l. um kirkjuþing og kirkjuráð íslenzku þjóðkirkjunnar.

Frá Alfreð Gíslasyni.

13. gr. falli niður, og breytist greinatala í samræmi við það.

Nd. 249. Nefndarálit [9. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með frv. Það er stjórnarfrumvarp, og í samráði við ríkisstjórnina ber nefndin fram eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGU:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

1., 2. og 3. málsliður 1. málsgr. 16. gr. laganna orðist þannig:

Starfsmenn skulu árlega fá orlof í 18 virka daga og einskis í missa af föstum launum. Ef sérstaklega stendur á, má orlof þó vera allt að 21 virkum degi. Starfsmönnum, er verið hafa í þjónustu ríkisins lengur en 15 ár, má veita orlof allt að 27 virkum dögum.

Alþingi, 15. febr. 1957.

Skúli Guðmundsson, form. Pétur Pétursson, fundaskr. Ólafur Björnsson, frsm.
Jóhann Hafstein. Eðvarð Sigurðsson.

Nd. 250. Nefndarálit [87. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 66 27. júní 1921, um fasteignaskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv., og mæla fjórir nefndarmenn með því, að það verði samþykkt. Einn nefndarmanna, JóhH, tekur ekki afstöðu til málsins að svo stöddu.

Alþingi, 15. febr. 1957.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Pétur Pétursson, fundaskr. Ólafur Björnsson.
Jóhann Hafstein. Eðvarð Sigurðsson.

Nd. 251. Nefndarálit [105. mál]

um frv. til laga um lækkun tekjuskatts af lágtekjum.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með því, að það verði samþykkt, en tveir nefndarmenn, JóhH og ÓB, áskilja sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Alþingi, 15. febr. 1957.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Pétur Pétursson, fundaskr. Ólafur Björnsson.
Jóhann Hafstein. Eðvarð Sigurðsson.

Sþ. **252. Breytingartillögur** [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1957.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 3. gr. A. Sundurliðun 1. II. (Póstsjóður, gjöld).
a. Við 1. (Póststjórnarkostnaður).
Fyrir „685 000“ kemur 870 000
b. Við 2. (Pósthúsið í Reykjavík).
Fyrir „7 750 000“ kemur 8 396 000
c. Við 3. (Önnur pósthús).
Fyrir „4 400 000“ kemur 4 500 000
d. Við 4. (Póstflutningar).
Fyrir „4 200 000“ kemur 4 400 000
e. Við 5. (Önnur gjöld).
Fyrir „950 000“ kemur 1 100 000

2. — 3. — A. Sundurliðun 2. II. (Landssíminn, gjöld).
Liðurinn orðist svo:
Gjöld:
a. Til starfrækslu landssímans m. m.:

1. Kostn. við aðalskrifstofu landssímans	2 680 000	
2. Ritsímastöðin í Reykjavík	7 100 000	
3. Loftskeytastöðin í Reykjavík	695 000	
4. Stuttbylgjustöðin í Reykjavík	1 495 000	
5. Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnarfirði	17 300 000	
6. Birgðahúsið	850 000	
7. Ritsímastöðin á Akureyri	1 755 000	
8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði	845 000	
9. Ritsímastöðin á Ísafirði	1 112 000	
10. Ritsímastöðin í Hrútafirði	566 000	
11. Ritsímastöðin í Vestmannaeyjum ...	1 135 000	
12. Ritsímastöðin á Siglufirði	1 026 000	
13. Til annarra símastöðva og eftirlitsstöðva	10 400 000	
		46 959 000

b. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m. 1 330 000
c. Viðbót og viðhald stöðva 3 500 000
d. Viðhald landssímanna 10 230 000
e. Framhaldsgjald 300 000
f. Ýmis gjöld 700 000
g. Fyrning á húsum og áhöldum 670 000
h. Vextir af lánum 1 428 000
i. Almannatryggingar 580 000
j. Atvinnuleysistryggingasjóður 123 000

3. — 3. — A. Sundurliðun 11. a. 2. (Ríkisbúið á Bessastöðum, gjöld).
Liðurinn orðist svo:
Gjöld 533 000
Þar af 60 þús. kr. til endurbóta á raflögnum.

4. — 7. —
a. Við 2. (Lán í dönskum krónum).
Fyrir „68 293“ kemur 79 220

b. Við 3. (Lán í dollurum).
Fyrir „22 032“ kemur 25 557

5. Við 10. gr. I. 2. k. (Ráðuneytin, símakostnaður og burðargjöld).
Fyrir „600 000“ kemur 720 000

6. — 10. — I. 4. (Stjórnarráðið, ýmis kostnaður).
a. Við a. (Ríkisreikningar).
Fyrir „100 000“ kemur 130 000
b. Við b. (Stjórnartíðindi).
Fyrir „225 000“ kemur 290 000

7. — 10. — III. 1. (Sendiráðið í Kaupmannahöfn).
a. Við a. (Laun samkv. launalögum).
Fyrir „325 655“ kemur 377 760
b. Við b. (Laun utan launalaga).
Fyrir „52 568“ kemur 60 979
c. Við c. (Annar kostnaður).
Fyrir „50 000“ kemur 58 000

8. — 10. — III. 2. (Sendiráðið í Stokkhólmi).
a. Við a. (Laun samkv. launalögum).
Fyrir „326 818“ kemur 379 109
b. Við b. (Laun annarra starfsmanna).
Fyrir „39 730“ kemur 46 086
c. Við c. (Annar kostnaður).
Fyrir „96 860“ kemur 112 357

9. — 10. — III. 3. (Sendiráðið í London).
a. Við a. (Laun samkv. launalögum).
Fyrir „401 056“ kemur 465 225
b. Við b. (Laun annarra starfsmanna).
Fyrir „130 460“ kemur 151 333
c. Við c. (Annar kostnaður).
Fyrir „140 000“ kemur 162 400

10. — 10. — III. 4. (Sendiráðið í Washington).
a. Við a. (Laun samkv. launalögum).
Fyrir „470 056“ kemur 545 265
b. Við b. (Laun annarra starfsmanna).
Fyrir „165 500“ kemur 191 980
c. Við c. (Annar kostnaður).
Fyrir „97 300“ kemur 112 868

11. — 10. — III. 5. (Sendiráðið í París).
a. Við a. (Laun samkv. launalögum).
Fyrir „689 682“ kemur 898 675
b. Við b. (Laun annarra starfsmanna).
Fyrir „122 700“ kemur 158 131
c. Við c. (Annar kostnaður).
Fyrir „164 769“ kemur 259 095

12. — 10. — III. 6. (Sendiráðið í Osló).
a. Við a. (Laun samkv. launalögum).
Fyrir „332 260“ kemur 385 421
b. Við b. (Laun annarra starfsmanna).
Fyrir „12 795“ kemur 14 842
c. Við c. (Annar kostnaður).
Fyrir „64 895“ kemur 75 278

13. — 10. — III. 7. (Sendiráðið í Bonn).
a. Við a. (Laun samkv. launalögum).
Fyrir „482 340“ kemur 559 514

	b. Við b. (Laun annarra starfsmanna).	
	Fyrir „22 540“ kemur	26 146
	c. Við c. (Annar kostnaður).	
	Fyrir „75 130“ kemur	87 150
14. Við 10. gr.	III. 8. (Sendiráðið í Moskva).	
	a. Við a. (Laun samkv. launalögum).	
	Fyrir „660 960“ kemur	766 713
	b. Við b. (Laun annarra starfsmanna).	
	Fyrir „181 970“ kemur	211 085
	c. Við c. (Annar kostnaður).	
	Fyrir „314 970“ kemur	365 365
15. — 10. —	III. 9. (Aðalræðismannsskrifstofan í New York).	
	a. Við a. (Laun samkv. launalögum).	
	Fyrir „59 400“ kemur	68 904
	b. Við b. (Annar kostnaður).	
	Fyrir „44 720“ kemur	51 875
16. — 10. —	III. 10. (Ræðismannsskrifstofa í Hamborg).	
	Fyrir „80 000“ kemur	92 800
17. — 10. —	III. 11. (Fulltrúi Íslands hjá NATO).	
	a. Við a. (Laun samkv. launalögum).	
	Fyrir „323 800“ kemur	375 608
	b. Við b. (Annar kostnaður).	
	Fyrir „140 800“ kemur	163 328
18. — 10. —	III. 12. (Ferðakostnaður).	
	Fyrir „150 000“ kemur	174 000
19. — 10. —	III. 13. (Samningar við erlend ríki á vegum utanrrn.).	
	Fyrir „550 000“ kemur	638 000
20. — 10. —	III. 14. (Þátttaka í alþjóðaráðstefnum á vegum utanrrn.).	
	Fyrir „750 000“ kemur	870 000
21. — 10. —	III. 15. (Upplýsinga- og kynningarstarfsemi).	
	Fyrir „120 000“ kemur	139 000
22. — 10. —	III. 16. (Kaup á kvikmynd til landkynningar).	
	a. Fyrir „kvikmynd“ kemur: kvikmyndum.	
	b. Fyrir „35 000“ kemur	40 600
23. — 10. —	III. 17. (Kjörræðismenn).	
	Fyrir „17 400“ kemur	20 000
24. — 10. —	III. 18. (Alþjóðaráðstefnur á vegum annarra en utanrrn.).	
	Fyrir „300 000“ kemur	348 000
25. — 11. —	A. 5. e. (Lögreglustjóraembættið í Rvík, ljós, hiti o. fl.).	
	Fyrir „230 000“ kemur	250 000
26. — 11. —	A. 7. e. (Einkennisbúningar héraðsdómara).	
	Fyrir „150 000“ kemur	250 000
27. — 11. —	A. 10. (Landhelgisgæzla).	
	Fyrir „13 500 000“ kemur	14 900 000
28. — 11. —	A. 11. d. (Fangaklefar lögreglustöðvarinnar í Rvík).	
	Fyrir „60 000“ kemur	73 000
29. — 11. —	B. 7. a. (Fiskmat).	
	a. Við 1. a. (Grunnlaun).	
	Fyrir „404 700“ kemur	470 700
	b. Við 1. b. (Verðlagsuppbót).	
	Fyrir „310 050“ kemur	361 530
	c. Við 6. (Ferðakostnaður).	
	Fyrir „295 000“ kemur	367 520

30. Við 11. gr. B. 7. b. 3. (Síldarmat, annar kostnaður).
Fyrir „35 000“ kemur 185 000

31. — 11. — D. (Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur).
Fyrir „750 000“ kemur 900 000

32. — 12. — VI. (Ríkisframfærsla sjúkra manna og örkumla).
Fyrir „13 313 408“ kemur 13 750 000

33. — 12. — XII. Nýr liður:
Til Hveragerðishrepps til leirbaða (stofnkostnaður) 50 000

34. — 12. — XIV. c. (Embætti skólayfirlæknis, annar kostnaður).
Fyrir „5 000“ kemur 31 000

35. — 12. — XVI. b. (Bólusetning gegn mænusótt).
Fyrir „500 000“ kemur 600 000

36. — 13. — A. II. a. Liðurinn orðist svo:
Til nýrra akvega:

Nefna má sem dæmi: Launalögin frá síðasta þingi, sem óhjákvæmilega valda hækkun fjárlaganna. Lög um greiðslu kostnaðar skólabygginga, sem skuldbinda til hækkunar, o. s. frv. Þá er kostnaðurinn við stöðvun á hækkun kaupgjalds og verðlags, niðurgreiðslurnar til þess að stöðva verðbólguna. Á það ber einnig að líta, að ríkissjóðurinn er látinn í stórum stíl vera til efnahagsjöfnunar. Þar eru framkvæmdar millifærslur á tekjum þjóðfélagsþegnanna til þess að jafna hag manna. Útgjöld ríkissjóðs í þeim efnum eru ekki eyðsla, en þurfa að vera því meiri, sem meira þarf að leiðrétta í skiptingu teknanna.

Nefndin miðar tillögur sínar við það, að sinnt verði allverulega óskum landsmanna um fjárveitingar til framfara og menningarmála. Að sjálfsögðu er þó aldrei hægt að sinna öllu slíku, sízt í einu. Er alltaf vandi úr að skera um það, hvað á í fyrirrúmi að sitja, hverju fresta og hverju synja. Óskhyggjan má þar ekki ráða, enda hefur nefndin mörgu slegið á frest og synjað, sem vissulega hefði verið æskilegt að geta lagt lið í þessum fjárlögum. Vafalaust verða margir óánægðir við nefndina fyrir sitt leyti.

Áður en frv. til fjárlaga fyrir 1958 verður samið, þarf ríkisstjórnin að taka til rækilegrar athugunar, hvað þjóðfélagið má leyfa sér í útgjöldum, ef nást á efnahagsjafnvægi og full lækning verðbólgu.

Á fjárlagaárinu, sem nú er að hefjast, má ætla að verði ráðrúm og aðstaða til að sannreyna, hvort þær aðgerðir (útflutningssjóður o. fl.), sem nú þegar hafa verið ákveðnar eða fyrirhugað að gera, duga til frambúðar eða hvort gera verður róttækari ráðstafanir og sársaukameiri, til þess að þjóðin komi fótum fyrir sig.

Ef lækka verður gjöld ríkissjóðs, svo að um muni frá því, sem nú eru þau, þarf að endurskoða lagaákvæði þau, er skuldbinda ríkissjóð til útgjalda.

Ríkisstjórnin hefur nú þegar skipað þriggja manna nefnd sér til aðstoðar við athugun á því, hvað hægt er helzt að spara við setningu fjárlaga fyrir 1958. Vitanlega verður ríkisstjórn, sem studd er af flokkum hinna vinnandi stétta, að gera allt, sem hægt er, til þess að skapa heilbrigt efnahagslíf og traustan atvinnugrundvöll, jafnvel þótt það í bili kunni að kosta einhvern sársauka. Sú hlýtur að vera aðalósk og krafa hinna vinnandi stétta.

Á þetta leyfir meiri hl. fjárveitinganefndar sér að leggja mikla áherzlu, þó að hann við afgreiðslu þessara fyrstu fjárlaga á samstarfstíma núverandi stjórnarflokka taki tillit til lögmálsins, sem gildir, þegar yfirgefinn er vagn á hraðri ferð, — í þessu efni dýrtíðarvagninn.

Meiri hl. n. flytur engar brtt. við tekjuhlið fjárlagafrumvarpsins við þessa umræðu. Ríkissjóður á að fá allmiklar nýjar tekjur samkv. lögunum um útflutningssjóð o. fl. Enn fremur hafa verið gerðar ráðstafanir til að auka tekjur hans af einkasölum. Hins vegar skerðast tekjur ríkissjóðsins vegna niðurfellingar söluskatts í smásölu, lækkunar skatts af lágum tekjum og aukins frádráttar í skattframtölum fiskimanna. Nefndin hefur enn ekki lokið athugun sinni í þessum efnum. En meiri hlutinn lýsir því yfir, að hann mun að sjálfsögðu miða brtt. sínar í heild við það, að fjárlögin verði afgreidd hallalaus.

Um einstakar útgjaldatillögur nefndarinnar á þskj. 252 verður rætt hverja fyrir sig, eftir því, sem ástæða þykir til, í þáttum hér á eftir um frumvarpsgreinarnar.

Um 3. gr.

Pósturinn hefur að undanförnu verið rekinn með halla, og miðað við óbreytta gjaldskrá mundi enn svo verða og í vaxandi mæli, þannig, að áætluð gjöld hans umfram tekjur nema nú 1 460 000 kr.

Síminn hefur hins vegar haft nokkurn rekstrarafgang á áætlun sinni undanfarandi ár, þótt sá hagnaður hafi hrokkið skammt fyrir eignaaukningunni og ríkissjóður því orðið að greiða fjárfestingu símans að mestu leyti. En samkvæmt nýrri rekstraráætlun símamálastjórnarinnar er nú að óbreyttri gjaldskrá ekki einasta vonlaust um rekstrarhagnað hjá landssímanum, heldur fyrirsjáanlegur taprekstur, er nema mundi 6 370 000 kr.

Þegar tillit er tekið til rekstrarhallans svo og þess, að landssíminn áformar fjárfestingu, er nemur meiru en milljónatug, er augljóst, að breyta verður gjaldskrám pósts og síma, þannig að ekki verði um rekstrarhalla að ræða hjá þessum stofnunum, og verður sú hlið málsins athuguð, áður en afgreiðslu fjárlaga lýkur. Þá verður og endurskoðuð tekjuáætlun áfengisverzlunarinnar og tóbakseinkasölunnar með tilliti til verðbreytinga, sem ákveðnar hafa verið á söluvarningi þeirra stofnana.

Gjaldaáætlun ríkisbúsins á Bessastöðum er hækkuð um 60 þús. kr. vegna óhjákvæmilegrar endurnýjunar á raflögnum.

Um 7. gr.

Vextir af erlendum lánum ríkissjóðs hækka um 14 452 kr. vegna yfirfærslugjalds, sem á þær greiðslur fellur vegna laganna um útflutningssjóð.

Um 10. gr.

Gert er ráð fyrir nokkurri hækkun á kostnaði ráðuneytanna. Er þar einkum um að ræða símakostnað, burðargjöld og pappírskostnað. Einnig er gert ráð fyrir auknum kostnaði við útgáfu stjórnartíðinda.

Kostnaður við utanríkisþjónustuna og þátttöku í alþjóðasamtökum hækkar verulega, og stafar sú hækkun aðallega af yfirfærslugjaldinu, sem kemur á allan erlendan kostnað, en einnig liggur fyrir ný áætlun um kostnað við sendiráðið í París, og felur hún í sér verulega hækkun frá því, sem fjárlagafrumvarpið gerði ráð fyrir, og er sú hækkun tekin upp í breytingartillögur nefndarinnar.

Um 11. gr.

Vegna þess að kostnaður við viðgerð lögreglustöðvarhússins í Reykjavík reyndist meiri en áætlað hafði verið, er lögð til hækkun á húskostnaðaráætlun þess embættis.

Lagt er til, að greiðslur vegna einkennisbúninga héraðsdómara hækki um 100 þús. kr. Ástæðan til þessa er sú, að hjá klæðskerafyrirtæki því, sem annast þessa fatagerð, hafði safnazt mikil skuld, sem óhjákvæmilegt þykir að greiða á þessu ári.

Lagt er til, að greiðslur til landhelgisgæzlunnar hækki um 1.4 millj. kr. frá því, sem frumvarpið gerði ráð fyrir. Veldur þar mestu um flokkunarviðgerð, sem nú hefur fram farið á v/s Ægi og reyndist mun dýrari en ætlað var, ný reglugerð um gúmmíbjörgunarbáta, er kaupa verður á varðskipin, o. fl.

Kostnaður við mat á afurðum hefur reynzt hærri en svo, að líklegt sé, að áætlanir frumvarpsins varðandi þann lið fái staðizt, og því hefur þótt ástæða til að breyta áætlunargreiðslum frumvarpsins um þetta efni til raunhæfara horfs.

Áætlanir um sameiginlegan kostnað við embættisrekstur hafa og verið endurskoðaðar, og er lögð til nokkur hækkun á þeim lið.

Um 12. gr.

Óhjákvæmilegt þótti að leggja til hækkun framlags til ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla. Sú hækkun útgjalda, sem þar er fyrirsjáanleg, er að stærstum hluta afleiðing mænuveikifaraldurs þess, er yfir gekk í Reykjavík og víðar á s. l. vetri, en einnig þyngir það nokkuð á ríkisframfærslunni, að Tryggingastofnunin greiðir nú hluta af því, sem áður rann í framfærslukostnað sjúklingunum sjálfum til persónulegra þarfa.

Hveragerðishreppur hefur að undanförnu notið nokkurs styrks til að byggja upp aðstöðu til leirbaða þeirra, sem hann hefur að undanförnu starfrækt við ófullkomin skilyrði, og leggur nefndin til, að sá stofnstyrkur haldist í ár óbreyttur frá fyrra ári.

Svo sem kunnugt er, fór fram almenn bólusetning barna gegn mænusótt á s. l. ári, og lagði ríkið fram bóluefnið, sem til þessa þurfti. Sá kostnaður hefur reynzt meiri en ráð var fyrir gert, og er því lögð til hækkun á þeim gjaldalið, 100 þús. kr.

Um 13. gr.

Varðandi vegi, brýr og hafnir, eru lagðar til miklar hækkanir. Orsakir þær, sem liggja að baki hækkunartillögunum um þessi efni, eru bæði aukinn kostnaður við gerð slíkra mannvirkja og almennar kröfur landsmanna um greiðar samgöngur á sjó og landi.

Hækkunartillögur nefndarinnar á þessum liðum nema:

a.	til nýbyggingar þjóðvega	4 920 000 kr.
b.	til brúargerða	3 340 000 —
c.	til hafnargerða	3 535 000 —

Auk þessa er lagt til, að 200 þús. kr. verði varið til nýbýlavega, svo sem gert var á s. l. ári.

Lagt er til, að fjárveiting til Skipaútgerðar ríkisins hækki um 2.3 millj. kr., og er það m.a. vegna kostnaðar, er leiðir af nýjum yfirfærslugjöldum, og tekjumissis og kostnaðar við bilun og viðgerð vélanna í v/s Esju, en mest dregur þó í hækkun þessari kaup gúmmíbjörgunarbáta á öll strandferðaskipin.

Í tillögum nefndarinnar lækkar framlag ríkissjóðs á liðnum „Flugmál". Kostnaður við rekstur flugþjónustunnar hækkar þó á flestum liðum, en það, sem veldur lækkuninni, er hagkvæmari samningur um alþjóðatillag en áður var í gildi.

Samkvæmt venju mun samvinnunefnd samgöngumála gera tillögur um styrki til flóabáta.

Um 14. gr.

Lagt er til, að tekinn verði upp nýr liður til styrktar kristilegri æskulýðsstarfsemi, 20 þús. kr.

Þá er lagt til, að veitt verði fé til utanfarar presta, svo sem lög um það efni gera ráð fyrir.

Tillaga er um, að hækkuð verði um 45 þús. kr. fjárveiting til kaupa á orgeli í Hóladómkirkju.

Varðandi háskólann eru tillögur um 85 þús. kr. hækkun. Er það að nokkru til samræmis við raunverulegan rekstrarkostnað, en að hinu leytinu vegna kostnaðar af tveim nýjum sendikennurum, sem ákveðið hefur verið að starfi á vegum háskólans.

Þá er gert ráð fyrir smávægilegri hækkun á framlögum til bókasafna í menntaskólanum í Reykjavík og á Akureyri.

Kostnaður við bændaskólana er talinn þurfa að hækka nokkuð, og er lögð til 51 þús. kr. hækkun til þeirra samtals.

Haustið 1955 var tekin upp ný skipan á listiðnaðardeild handíðaskólans og hún felld inn í iðnfræðsluna. Af þessu leiðir nokkrar breytingar til hækkunar á kostnaði

við iðnfræðsluna, en lækkunar á framlagi til handíðaskólans. Hækkunin nemur þó rúmum 90 þús. kr. umfram lækkunina.

Til framkvæmdar sundskyldu í barnaskólum gerir frumvarpið ráð fyrir 800 þús. kr. Nefndin telur raunhæfara að áætla þann kostnað 860 þús. kr. og leggur til, að svo verði gert.

Byggingarkostnaður barnaskóla og héraðs- og gagnfræðaskóla er eitt af hinum erfiðu viðfangsefnum ríkisins. Samkv. lögum, er þar að lúta, borgar ríkið hálfan kostnað við byggingu heimangönguskólahúsa og þrjá fjórðu kostnaðar við byggingu heimavistarskólahúsa.

Löng skólaskylda og áhugi fyrir byggingu myndarlegra skólahúsa kallar ört á framkvæmdir.

Frá árunum fyrir 1955 á ríkið vangoldið til skólahéraða vegna þessara framkvæmda rúmlega 11 millj. kr. Þær skuldir er verið að afborga, og eru til þess ætlaðar í frumvarpinu 2 millj. kr. Þessar skuldir eru frá þeim árum, er lög skylduðu ekki ríkið til að greiða sitt framlag nema eftir því, sem fé var til þess veitt á fjárlögum árlega í einni fúlgu, sem fræðslumálastjórn skipti milli þeirra héraða, sem í framkvæmdum stóðu. Var þess vegna héruðunum að mestu í sjálfsvald sett, hve þau stofnuðu til mikilla skulda af hálfu ríkisins, — og skuldirnar hlóðust upp til leiðinda og tjóns.

Til þess m. a. að reyna að ráða hér bót á voru sett lög 6. maí 1955 um greiðslu kostnaðar við skóla. Þau komu til fullra framkvæmda með árinu 1956. Ákveða þau, að ríkinu sé skylt að greiða sitt framlag til bygginganna á eigi skemmri tíma en 5 árum eftirleiðis, en jafnframt ákveða þau, að Alþingi skuli skipta fjárveitingum árlega til þeirra, er byggja, og að engum sé heimilt að hefja byggingarframkvæmdir, „fyrr en fyrsta fjárveiting er fyrir hendi".

Alþingi skipti þessum fjárveitingum í fyrsta sinn á fjárlögum 1956. Þá voru í smíðum 24 barnaskólar, sem rétt áttu til framlags. Við þá tölu bætti Alþingi 18 skólum. Einnig voru þá í smíðum 10 gagnfræða- og héraðsskólar. Við þá tölu bætti Alþingi 4 nýjum skólum. Alls urðu fjárveitingarnar þá til þessara skóla (ásamt tilheyrandi skólastjórabústöðum og hlutdeild skóla í íþróttahúsum) 8 950 000 kr.

Þegar fjárveitinganefnd nú fór að athuga sömu liði vegna fjárlagaafgreiðslunnar 1957, blasti við, að ef ekki átti að reisa ríkissjóði hurðarás um öxl eða stofna til öngþveitis, varð að takmarka mjög upptöku nýrra skóla, þótt margir óskuðu þess að fá byrjunarfjárveitingar. Sjá þarf betur fram úr með skuldbindingar fyrsta fimm ára tímabilsins áður en miklu er á hlaðið.

Enn fremur kom í ljós við athugun, að fæstir umsækjendur, sem vildu fá byrjunarfjárveitingu, höfðu lokið þeim undirbúningi, sem lögin taka fram að þeir skuli láta gera áður en til fjárveitingar kemur á Alþingi.

Tillögur fjárveitinganefndar eru í samræmi við framanritað þær, að Alþingi veiti að þessu sinni byrjunarframlag til fjögurra barnaskólabygginga, tveggja gagnfræðaskólabygginga og hlutdeildar í einu íþróttahúsi.

Þrátt fyrir þessa takmörkun verða þó veitingarnar til framkvæmdanna, þ. e. skóla í smíðum og nýrra skóla, 11 420 000 kr. eða 2 470 000 kr. hærri en á fjárl. 1956.

Meiri hl. fjárveitinganefndar leggur áherzlu á það, að eftirleiðis láti öll skólahéruð, sem sækja um byrjunarfjárveitingu, fylgja umsóknum sínum skilríki um, að kostnaðaráætlun og teikning bygginganna hafi hlotið samþykki menntamálaráðherra og húsameistara ríkisins. Lögin mæla svo fyrir, enda öllum aðilum fyrir beztu, að ekki sé hrapað að þessum framkvæmdum.

Lagt er til að áætla ráðskonukaup við heimavistarskólana 26 þús. kr. hærra en gert er í frumvarpinu, og er það til samræmis við raunverulegan kostnað.

Eiðaskóli er fimmtugur á þessu ári og ráðgerir að gefa út minningarrit í tilefni þess. Lagt er til, að 40 þús. kr. styrkur verði veittur til ritsins.

Íþróttasjóður er þess vanmegnugur sökum fjárskorts að fullnægja því hlutverki, sem honum er ætlað. Lagt er til, að framlag til hans verði aukið um 400 þús. kr.,

og ætti það að greiða nokkuð fyrir starfi hans, þótt því fari fjarri, að vandi hans sé þar með leystur.

Fyrirhugað er, að Íslendingar taki þátt í Evrópumeistaramóti í frjálsum íþróttum sumarið 1958 í Svíþjóð. Þótti nefndinni vert að sinna ósk íþróttamanna um fjárhagsaðstoð til þeirrar ferðar og leggur til, að 40 þús. kr. styrkur í þessu skyni verði tekinn á þessa árs fjárlög.

Þá er lagt til, að styrkur til Alþýðusambands Íslands verði hækkaður um 75 þús. kr. og upp tekinn 25 þús. kr. styrkur til Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

Um 15. gr.

Á áætlun um framlag til gamalla bæja í umsjá þjóðminjasafnsins er lögð til 10 þús. kr. hækkun til leiðréttingar. Þá hefur þjóðminjavörður bent á, að þak það, sem sett var á sínum tíma yfir rústirnar í Stöng í Þjórsárdal þeim til hlífðar, sé nú að falli komið, og óskar hann fjárveitingar til að endurnýja það. Nefndin gerir tillögu um, að orðið verði við þeim tilmælum þannig, að fjárveiting til þessa skiptist á tvö ár.

Lagt er til, að styrkur til náttúrugripasafnsins á Akureyri hækki um 10 þús. kr. og styrkur til Náttúrufræðifélagsins um 5 þús. kr. vegna útgáfu „Náttúrufræðingsins".

Raflagnir í safnahúsinu þykja ótryggar, og er endurnýjun þeirra talin nauðsynleg, enda mikils um vert að forðast eldhættu á þeim stað, og er lagt til, að gjöld vegna þeirrar endurnýjunar hækki um 100 þús. kr.

Smávægilegar hækkunartillögur eru um framlög til sjómannalesstofa.

Rímnafélagið undirbýr útgáfu á rímnaskrá og sækir um sérstaka fjárveitingu til þess verks. Er lagt til, að veittar verði til þess 25 þús. kr.

Dr. Jón Dúason hefur notið nokkurs styrks til fræðiiðkana og útgáfustarfsemi á undanförnum árum. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir styrk til hans, en nefndin leggur til, að hann njóti nokkurs styrks til útgáfu rita sinna.

Tillögur eru um tvo orðabókarstyrki, annars vegar 10 þús. kr. styrk til Ingvars G. Brynjólfssonar, sem vinnur að íslenzk-þýzkri og þýzk-íslenzkri vasaorðabók, og hins vegar 25 þús. kr. hækkun á styrk til hinnar miklu íslenzku orðabókar, sem unnið er að á vegum háskólans, og mun Sáttmálasjóður hækka sitt framlag til þessa verks um aðrar 25 þúsundir, að fenginni þeirri hækkun ríkisframlags, sem hér er gerð tillaga um.

Héraðsskjalasöfn, sem afla sér hjá þjóðskjalasafninu filmu-eftirrits af skjölum varðandi sitt umdæmi, hafa notið nokkurs styrks sum undanfarin ár. Nú er lagt til, að slíkur styrkur verði veittur héraðsskjalasafni Suður-Þingeyinga.

Laun til skálda, rithöfunda og listamanna eru í tillögum nefndarinnar hækkuð um rúmlega 200 þús. kr. eða rösklega 20 af hundraði og vísinda- og fræðimannastyrkur í hlutfalli við það um rösklega 30 þús. kr.

Íslenzkir myndlistarmenn hafa ráðið þátttöku sína í norrænni sýningu, sem fram á að fara í Gautaborg á sumri komanda. Lagt er til, að þeir njóti til þess 50 þús. kr. styrks.

Þá er lagt til, að styrkur til myndlistarskólans í Reykjavík hækki um 10 þús. kr. og að upp verði tekinn nýr styrkur, 10 þús. kr., til myndlistarskólans í Vestmannaeyjum.

Tillaga er um 20 þús. kr. hækkun á styrk til Leikfélags Reykjavíkur og 5 þús. kr. styrk til leikfélags í Kópavogi. Enn fremur er tillaga um, að rekstrarstyrkur Bandalags íslenzkra leikfélaga verði hækkaður um 25 þús. kr. og að því verði í ár veittur sérstakur styrkur til að standa straum af væntanlegri heimsókn og leiksýningum norskra leikara á ýmsum stöðum hérlendis.

Nýr tónlistarskóli hefur tekið til starfa á Hvolsvelli, og er lagt til, að hann verði styrktur á sama hátt og aðrir sambærilegir skólar.

Allmargar lúðrasveitir hafa að undanförnu notið styrks til hljóðfærakaupa. Lagt er til, að þessir styrkir verði framvegis ekki bundnir við hljóðfærakaup, en

verði almennir starfsstyrkir, bundnir skilyrði um mótframlag annars staðar að, og hækki úr 8 í 10 þús. kr. Þá er lagt til, að þrjár lúðrasveitir með slíka styrki bætist við þær, sem á frumvarpinu eru, svo og Samband íslenzkra lúðrasveita með 10 þús. kr. styrk.

Kvæðamannafélagið Iðunn hyggst taka upp á segulbönd raddir ýmissa kvæðamanna til að varðveita gömul kvæðalög frá glötun, og er lagt til, að það fái 10 þús. kr. styrk til þeirrar starfsemi.

Lagt er til, að Guðmunda Elíasdóttir söngkona fái 8 þús. kr. styrk á þessu ári.

Þá eru tillögur um tvo nýja styrki til fræðimanna úr alþýðustétt, Vilhjálms Ögmundssonar bónda á Narfeyri, sem iðkað hefur stærðfræðilegar athuganir um langt skeið og hlotið viðurkenningu hálærðra stærðfræðinga fyrir fræði sín, og Þorsteins Jónssonar í Laufási í Vestmannaeyjum, sem í löngu starfi sínu sem formaður á fiskibátum hefur haldið til haga margháttuðum fróðleik um fiskimiðin við Vestmannaeyjar og gert af þeim sérstaka uppdrætti, sem gefnir hafa verið út.

Tillaga er um smávægilega hækkun á framlagi til minningarlundar Þorsteins Erlingssonar að Hlíðarendakoti í Fljótshlíð.

Lagt er til, að bætt sé við sem svarar hálfum sérfræðingslaunum við landbúnaðardeild atvinnudeildar háskólans. Er það vegna væntanlegrar ráðningar sérfræðings í jarðrækt (jurtakynbótum), en maður til þeirra starfa er væntanlegur heim frá námi erlendis á miðju ári.

Rannsóknarstofa háskólans er talin þurfa að fá 55 þús. kr. hækkun á framlagi vegna nýju yfirfærslugjaldanna, og er sú breyting lögð til.

Í ráði er að koma upp sérstakri stöð fyrir mælingar á geislavirkum efnum, og er tillaga um 100 þús. kr. framlag í því skyni.

Endurskoðun á áætlunum veðurstofunnar hefur sýnt, að nauðsynlegt má teljast að hækka framlag til þeirrar stofnunar um 42 þús. kr., og er tillaga gerð um það.

Við það, að sjókortagerðin hefur nú flutzt inn í landið, er framlag til hennar, 200 þús. kr., talið nauðsynlegt.

Eftirlit við opinberar byggingar verður stöðugt umfangsmeira með hverju ári. Er nú lagt til, að veittar verði 85 þús. kr. til kaupa á bifreið vegna þeirrar starfsemi.

Um 16. gr.

Lagt er til, að framlag til starfsemi Búnaðarfélagsins hækki um 50 þús. kr. og til Fiskifélagsins um sömu upphæð. Hafa bæði þessi félög haft uppi óskir um meiri hækkanir en hér eru lagðar til.

Varðandi fyrirhleðslur í vötnum og varnargarða gegn sjávarágangi eru lagðar til miklar hækkanir, og er þó líklegt, að fyrir 3. umr. verði bætt við fleiri tillögum um sjóvarnargarða. Nema hækkunartillögur vegna fyrirhleðslna í vötnum 275 þús. kr., en tillögur vegna sjóvarnargarða 594 þús. kr.

Sandgræðslan glímir við stór verkefni og mikilsverð, og er lagt til, að framlög til hennar hækki um 170 þús. kr.

Varðandi skógræktina er lagt til, að henni verði veittar 50 þús. kr. til skjólbeltaræktar.

Lagt er til, að styrkur til Garyrkjufélagsins hækki um 8 þús. kr.

Í Laxá í Vindhælishreppi hefur verið gerður laxastigi, og ber samkvæmt lögum að taka þátt í kostnaði við hann.

Lög um iðnfræðsluráð hafa ekki verið framkvæmd nema að litlu leyti til þessa. Er nú ætlunin að auka framkvæmd þeirra laga nokkuð, og hefur það kostnað í för með sér. Gerð er tillaga um 110 þús. kr. hækkun á þeim lið.

Um 17. gr.

Greiðsluskylda ríkissjóðs vegna laga um atvinnuleysistryggingar reynist meiri en áætlað hafði verið, og er lagt til, að áætlunarframlagið til þeirra trygginga verði hækkað um 2 millj. kr.

Þá hefur komið í ljós, að ekki hefur verið gert ráð fyrir kostnaði ríkissjóðs af vinnumiðlun, sem þó er ákveðin í lögum nr. 52/1956, og er gerð tillaga um 150 þús. kr. fjárveitingu til að mæta þeirri skyldu.

Lagt er til, að elliheimilinu í Skjaldarvík verði veittur sérstaklega 20 þús. kr. styrkur til að lagfæra veginn af þjóðveginum heim að heimilinu.

Til væntanlegs orlofsheimilis verkalýðssamtakanna er lagt til að veitt verði 1 millj. kr.

Á fjárlögum s. l. árs var 50 þús. kr. fjárveiting til rafmagnsheimtaugar að barnaheimilinu Sólheimum í Grímsnesi. Lagt er til, að sama fjárveiting verði í ár í þessu skyni og sé það lokagreiðsla.

Blindravinafélagið hefur með höndum útgáfu bóka á blindraletri, og er lagt til, að sú starfsemi sé styrkt með 20 þús. kr. framlagi.

Lagt er til, að flugbjörgunarsveitin haldi sama styrk og á s. l. ári.

Vegna alveg sérstæðra áfalla, er konan Rósa A. Georgsdóttir hlaut fyrir nærri 10 árum, er lagt til, að henni verði veittar 150 þús. kr. bætur, er greiðist á 3 árum, þannig að á þessi fjárlög komi 50 þús. kr. greiðsla.

Lagt er til, að styrkur til Ungmennafélags Íslands og til starfsíþróttanna haldist óbreyttur frá fyrra ári.

Náttúrulækningafélag Íslands er sem kunnugt er komið vel á veg með að byggja upp myndarlegt hæli í Hveragerði. Hefur það notið til þessa nokkurs styrks úr ríkissjóði. Er lagt til, að því verði nú ákveðinn 100 þús. kr. styrkur til byggingarframkvæmdanna, og er það talið geta verið lokafjárveiting.

Lagt er til, að veittar verði 20 þús. kr. til endurbóta á gufuböðum að Laugarvatni.

Til Ungverjalandssöfnunar Rauðakross Íslands hefur nefndin áður samþykkt að mæla með 250 þús. kr. framlagi, og hefur það í samráði við nefndina þegar verið greitt. Er hér lagt til, að fjárveiting þessi verði tekin inn á fjárlög.

Tillög til alþjóðastofnana, sem Ísland er aðili að, verða nú að greiðast með yfirfærslugjaldi og hækka því um 16%. Tillögurnar um þau byggjast á þessu.

Um 19. gr.

Í þeirri viðleitni að halda dýrtíðinni í skefjum hafa verið sett lög um auknar niðurgreiðslur úr ríkissjóði, og þykir verða að áætla framlag til dýrtíðarráðstafana 24 millj. kr. hærra nú en frumvarpið gerir ráð fyrir.

Um 20. gr.

Afborganir ríkissjóðs af erlendum lánum hækka um 16% vegna yfirfærslugjalds. Er því lögð til 109 076 kr. hækkun til þessara þarfa.

Ríkissjóður verður stöðugt fyrir vaxandi útgjöldum vegna ríkisábyrgða, og þykir verða að hækka útgjaldaáætlunina af þeim sökum um 2 millj. kr.

Óhjákvæmilegt er talið að hefja byggingu skips, sem annist farþega- og vöruflutninga milli Vestmannaeyja og nálægra hafna, og er lagt til, að í því skyni verði lagðar fram 2 millj. kr.

Við flugvallagerð eru stór verkefni óleyst, og er framlag í því skyni samkvæmt tillögum nefndarinnar hækkað um álíka upphæð og hækkunin á alþjóðatillagi til rekstrar flugþjónustunnar nemur, eða um 650 þús. kr.

Lagt er til, að framlög vegna heimtaugagjalds á prestssetrum ríkisins og til útihúsabygginga á prestssetrum hækki samtals um 260 þús. kr.

Landssmiðjan býr við mikinn skort á rekstrarfé. Er því lagt til, að hún fái 900 þús. kr. rekstrarfjárframlag á fjárlögum.

Um 22. gr.

Lagt er til, að ábyrgðarheimild ríkisstjórnarinnar varðandi lán til byggingar frystihúsa, mjólkurbúa og fiskimjölsverksmiðja verði hækkuð úr 20 millj. kr. í 50 millj. kr.

Þá er lagt til, að ríkisstjórninni verði heimilað að veita ríkisábyrgð vegna kaupa á togaranum Gerpi, að upphæð 2 millj. kr. umfram það, sem áður var heimilað með sérstökum lögum, en þó ekki í heild yfir 90% af kostnaðarverði.

Að lokum er lagt til að auka nokkru við þá heimild, sem frumvarpið gerir ráð fyrir til breytinga á lánum ríkissjóðs í óafturkræf framlög. Eiga þar hlut að máli opinberar lánsstofnanir, er starfa í þágu alþjóðar, og er upphæð sú, er breytingartillagan tekur til, samtals 18 625 250 kr., allt lán af greiðsluafgangi ríkissjóðs eða stofnlán af ríkisfé.

YFIRLIT

Samkvæmt tillögum nefndarinnar hækka útgjöld á hinum einstöku greinum fjárlaganna um rúmlega 70 milljónir króna, svo sem eftirfarandi skrá ber með sér:

	Er skv.frv.	Yrði að samþ. till. nefndarinnar	Hækkun
3. gr.	76 796 000	85 619 000	8 823 000
7. —	90 325	104 777	14 452
10. —	8 917 134	10 592 892	1 675 758
11. —	15 734 750	17 757 750	2 023 000
12. —	13 818 408	14 431 000	612 592
13. —	67 726 283	82 710 763	14 984 480
14. —	10 996 946	16 394 108	5 397 162
15. —	6 346 262	7 904 723	1 558 461
16. —	7 217 000	8 648 000	1 431 000
17. —	20 490 370	24 511 178	4 020 808
19. —	59 500 000	83 500 000	24 000 000
20. —	22 881 731	28 800 807	5 919 076
	310 515 209	380 974 998	70 459 789

Rekstraryfirlit frumvarpsins sýnir 67 994 201 kr. rekstrarafgang. Að samþykktum tillögum nefndarinnar mundi sú upphæð lækka í 3 453 488 kr.

Sjóðsyfirlit frumvarpsins sýnir 714 491 kr. hagstæðan greiðslujöfnuð, en að samþykktum tillögum nefndarinnar og öðru óbreyttu mundi verða greiðsluhalli á frumvarpinu að upphæð 69 745 298 kr. að lokinni 2. umræðu fjárlaganna, en endurskoðun teknabálksins bíður 3. umræðu, svo sem áður er fram tekið.

Alþingi, 17. febr. 1957.

Karl Guðjónsson, form., frsm. — Halldór Ásgrímsson, fundaskr. — Halldór E. Sigurðsson.

Karl Kristjánsson. — Áki Jakobsson. — Sveinbjörn Högnason.

Sþ. **256. Nefndarálit** [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1957.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Þótt nefndin standi öll að breytingartillögum þeim, sem fluttar eru á þskj. 252 við fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1957, þá höfum við undirritaðir fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í nefndinni gert fyrirvara um afstöðu okkar til einstakra tillagna og flytjum á sérstökum þingskjölum tillögur, sem ekki hlutu stuðning meiri hluta nefndarinnar.

Það hefur valdið minni hl. nefndarinnar allmiklum erfiðleikum, að sú vinnuaðferð hefur verið höfð í nefndinni í þetta sinn að bera engin erindi upp til atkvæðagreiðslu fyrr en daginn áður en minni hl. n. var ætlað að skila tillögum sínum, að undanskildum ákvörðunum um skiptingu fjárveitinga til verklegra framkvæmda. Þar sem gengið var til atkvæða um tillögur meiri hlutans á sama fundi og þær voru bornar fram, höfðum við ekki tóm til að athuga þær sem skyldi og urðum því að sitja hjá við atkvæðagreiðslu um ýmsar tillögur, sem við efnislega vorum fylgjandi, enda ber aðild okkar að tillögum nefndarinnar allrar merki þess.

Minni hl. nefndarinnar telur, að afgreiðsla fjárlaga í þetta sinn hafi dregizt óhæfilega. Í fyrra voru fjárlög afgreidd í janúarlok, nokkurn veginn jafnhliða frumvörpum ríkisstjórnarinnar um fjáröflun til stuðnings útflutningsframleiðslunni og fjáröflun til að jafna halla á fjárlagafrumvarpinu, en 2. umr. fór fram þegar um miðjan desember 1955. Nú voru sams konar tekjuöflunarráðstafanir afgreiddar frá Alþingi fyrir jól, en fjárlögin hins vegar ekki fyrr en í lok febrúar. Eru þessi vinnubrögð lítt skiljanleg.

Jafnfurðulegt er það, að enn hefur fjármálaráðherra ekki talið sig geta gefið fjárveitinganefnd neinar upplýsingar um afkomu ríkissjóðs síðastliðið ár. Þótt hálfur annar mánuður sé liðinn af þessu ári og slíkar upplýsingar hafi allar legið fyrir í janúar í fyrra. Ekki hefur nefndin heldur fengið upplýsingar um tekjuhorfur ríkissjóðs vegna skatta þeirra og tolla, sem á voru lagðir fyrir jól. Verður því að afgreiða fjárlagafrv. við þessa umræðu með miklum greiðsluhalla, þótt fjámálaráðherra hljóti nú þegar að hafa gert sér grein fyrir tekjuhorfunum.

Vafalaust hafa ýmsir gert ráð fyrir því, að mikil stefnubreyting mundi nú verða í sambandi við afgreiðslu fjárlaga, þar sem þeir tveir flokkar eru nú orðnir aðilar að ríkisstjórn, sem mest hafa fordæmt fjármálastefnu fyrrverandi ríkisstjórna, og meira að segja formaður fjárveitinganefndar er úr öðrum þessum flokki. Jafnframt hefur fjármálaráðherrann oft kvartað yfir því, hversu erfitt hafi verið að stjórna fjármálum ríkisins í samvinnu við sjálfstæðismenn, og mátti því gera ráð fyrir sameiginlegum áhuga núverandi stjórnarflokka um nýsköpun í fjármálum ríkisins. Tveir núverandi hæstvirtir ráðherrar stóðu saman að nefndaráliti minni hl. fjárveitinganefndar við 2. umr. fjárlaga fyrir árið 1956. Fordæma þeir þar mjög ákveðið „vaxandi niðurgreiðslur", „sístækkandi embættisbákn", „skattpíningu einstaklinga" og „margföldun ríkisútgjalda", sem þeir telja „óheillastefnu", er sé „að þrotum komin".

Nú virðist fjármálaráðherranum hafa tekizt að sætta þessa meðstarfsráðherra sína svo vel við þessa „óheillastefnu", að niðurgreiðslur eru nú hækkaðar um 24 millj. kr., mörgum nýjum starfsmönnum er bætt við embættisbáknið og kostnaður við það stóraukinn, allir skattar eru framlengdir og 250—300 millj. bætt við í nýjum sköttum, og loks má gera ráð fyrir, að ríkisútgjöldin hækki um 130—140 millj. kr. frá fjárlögum síðastliðins árs. Ekki ein einasta tillaga til sparnaðar í ríkisrekstrinum er nú borin fram af þeim aðilum, sem kvörtuðu yfir því við afgreiðslu síðustu fjárlaga, að þeir hefðu þá talið tilgangslaust að hreyfa tillögum um sparnað, af því að þær yrðu felldar. Nú var aðstaða til að fá þær samþykktar.

Af hálfu fjármálaráðherra kom sú eina sparnaðartillaga fram í fjárlagafrv. að skera mjög verulega niður framlög til nýbyggingar vega, brúa, hafna og skóla. Við lögðum til í n., að í stað lækkunar yrðu þessar fjárveitingar hækkaðar að meðaltali um 20% frá fjárlögum síðastliðins árs og væri þó raunar ekki gert meira en að halda í horfinu um framkvæmdir. Sú tillaga okkar var felld í nefndinni, en að lokum hefur þó meiri hlutinn fallizt á að hækka framlög til brúa, hafna og skóla sem þessu nemur, en ekki er nema að litlu leyti komið til móts við tillögu okkar varðandi nýbyggingu vega, og gerum við því tillögu um að hækka þær fjárveitingar um 15%.

Aðrar tillögur, sem við flytjum nú við þessa umræðu, eru sem hér segir:

1. Að rekstrarstyrkur til St. Jósefsspítalanna í Reykjavík og Hafnarfirði hækki um helming, þ. e. úr kr. 5.00 í kr. 10.00 á legudag. Spítalar þessir leysa af höndum mjög mikilvæga þjónustu, sem ella mundi hvíla á ríkinu og umræddum bæjarfélögum og verða þá miklum mun kostnaðarsamari. Er því sjálfsagt að mæta sanngjörnum óskum þessara stofnana.

2. Að framlag ríkissjóðs til lánasjóðs stúdenta hækki um 100 þús. kr. Stúdentafjöldi fer mjög vaxandi og námskostnaður einnig, þannig að sjóðurinn hefur ekki bolmagn til að gegna að fullu hlutverki sínu.

3. Að framlag til íþróttasjóðs hækki um 800 þús. kr. Sjóður þessi á við mikla fjárhagsörðugleika að stríða, og fer því víðs fjarri, að sjóðurinn geti veitt þá aðstoð við að koma upp ýmis konar nauðsynlegum íþróttamannvirkjum, sem gert er ráð fyrir í lögum um sjóðinn. Hafa því safnazt fyrir miklar skuldir vegna þessara framkvæmda, bæði við hinn mikla íþróttaleikvang hér í Reykjavík og víðs vegar um land.

4. Að hækka framlag til iðnlánasjóðs á þessu ári í 1 millj. kr. Fyrir þinginu liggja tvö frumvörp um fjáröflun handa iðnlánasjóði, en þar sem þau geta ekki orðið afgreidd fyrir afgreiðslu fjárlaga, mun naumast að vænta framlaga eftir þeim lögum á þessu ári. Að minnsta kosti er nauðsynlegt að veita sjóðnum einhverja úrlausn í fjárlögum, sem mundi þá verða hluti þeirrar fjárhæðar, sem endanlega yrði ákveðin með lögum.

5. Að verja 2 millj. kr. til smíði nýs varðskips. Alþingi samþykkti í lok síðasta þings að hefja undirbúning að smíði nýs varðskips. Er nauðsynlegt að hefjast sem fyrst handa um það mál.

6. Að framlög til fjallvega, endurbyggingar þjóðvega, sjúkraflugvalla og endurbyggingar brúa hækki í samræmi við hækkun á öðrum liðum verklegra framkvæmda. Þá er lagt til að endurbyggingarfé brúa verði ekki aðeins miðað við stórbrýr, heldur yfirleitt við þær brýr, sem nauðsynlegt er að endurbyggja.

7. Að greiðsla vangoldinna framlaga vegna skólabygginga hækki um 800 þús. kr. Er þessi hækkun óumflýjanleg, ef unnt á að verða að greiða skuldir þessar með þeim hraða, sem gert var ráð fyrir, þegar lögin um fjármál skóla voru sett.

8. Þótt við séum ekki ánægðir með skiptingu fjárveitinga til verklegra framkvæmda í einstökum atriðum, berum við ekki fram breytingartillögur við þá skiptingu. Teljum við eðlilegast, að þingmenn beri fram slíkar breytingartillögur eftir því, sem þeim finnst ástæða til. Eina tillaga okkar um skiptingu þess fjár er sú, að í stað þess að verja 600 þús. kr. til brúar á Norðurá í Skagafirði, verði sömu upphæð varið til brúar á Hjaltadalsá. Byggist þessi tillaga okkar á því, að upplýst er, að nægilegt fé er geymt til þess að byggja brú á Norðurá, ef hún er byggð á þeim stað, sem vegamálastjórnin telur eðlilegast.

Skuldir ríkissjóðs vegna hafnargerða nema nú rúmum 10 millj. kr. Vegna erfiðleika á öflun lánsfjár veldur þessi skuldasöfnun miklum vandræðum. Við höfum því lagt til í nefndinni, að ríkisstjórninni yrði veitt heimild til lántöku til að greiða þessar skuldir. Er sú tillaga enn til athugunar í nefndinni.

Þá lögðum við til í nefndinni, að sjóðum Búnaðarbankans yrðu veitt sem óafturkræf framlög fleiri lán ríkissjóðs en lagt var til í frv. Var sú tillaga samþykkt í nefndinni.

Í tillögum nefndarinnar er lagt til að hækka ábyrgðarheimild vegna frystihúsa, mjólkurbúa og fiskimjölsverksmiðja upp í 50 millj. eftir ósk fjármálaráðherra. Hér er vafalaust um fulla nauðsyn að ræða, en telja verður þó óviðeigandi að láta nefndinni ekki í té áætlun þá, sem þessi tillaga hlýtur að byggjast á. Við töldum eðlilegast að hækka um leið hámark ábyrgðarfjárhæðarinnar úr 60% í 85%, svo sem lagt er til í þingsályktunartillögu, sem er til athugunar í nefndinni, en um það varð ekki samkomulag.

Enn eru mörg mikilvæg mál óafgreidd og bíða 3. umræðu. Eru meðal þeirra mála framlög til sjúkrahúsabygginga, raforkuframkvæmda og til atvinnujöfnunarsjóðs. Þá hefur ekki heldur verið tekin ákvörðun um, hvort ríkið taki að sér að greiða lán, sem útvegsmönnum hafa verið veitt vegna skemmda í skipum af völdum þurrafúa. Enn fremur koma til athugunar fyrir 3. umr. tillögur um aukið starfsfé stofnlánadeilda Búnaðarbankans og til nýbýla.

Ekki er hægt að komast hjá að átelja þau vinnubrögð fjármálaráðherra að senda nefndinni til flutnings tillögur um milljónaútgjöld, sem engin grein er gerð fyrir. Áður er getið um ábyrgðarheimild vegna frystihúsanna, en nefna má enn fremur tillögu um að hækka framlög til greiðslu ríkisábyrgðarlána um 2 millj. kr., framlag til atvinnuleysistrygginga um 2 millj. kr., framlag til niðurgreiðslna um 24 millj. kr. og loks að leggja fram 1 millj. kr. til væntanlegs orlofsheimilis verkalýðssamtakanna. Er óviðunandi fyrir minni hluta nefndarinnar að hafa ekki aðgang að rökstuðningi fyrir tillögum um svo mikil útgjöld úr ríkissjóði, þótt þau kunni að vera nauðsynleg. Ekkert erindi og engar áætlanir hafa legið fyrir nefndinni um orlofsheimili verkalýðssamtakanna, og er það óvenjuleg málsmeðferð, miðað við þær kröfur, sem gerðar eru til sveitarstjórna og annarra aðila um fullkomnar áætlanir og teikningar, áður en í byggingu sé ráðizt eða fé til hennar veitt.

Samkvæmt tillögum þeim, sem fluttar eru af nefndinni allri, hækka útgjöldin um 70.4 millj. kr. Af þeirri hækkun munu 12—14 millj. kr. að minnsta kosti stafa af hinum nýju sköttum ríkisstjórnarinnar fyrir áramótin, en án efa munu fjárlögin af þeim sökum hækka um 20—25 millj. kr., að niðurgreiðslunum undanskildum.

Tillögur okkar leiða til hækkunar, sem nemur 7 millj. 392 þús. kr.

Þar sem ekki liggja fyrir neinar upplýsingar um tekjuhorfurnar, er ekki hægt að gera sér grein fyrir afkomu ríkissjóðs, miðað við þessar útgjaldatillögur. Telja má þó fullvíst, að tekjur ríkissjóðs árið 1956 hafi orðið miklum mun hærri en áætlað var, og af hinum nýju álögum fyrir jólin var ríkissjóði ætluð væn fúlga. Er að minnsta kosti ljóst, að hækkunartillögur minni hl. nefndarinnar, sem er stillt miklu meira í hóf en áður hefur þekkzt hjá stjórnarandstöðuflokki, geta ekki út af fyrir sig orðið til þess að tefla afkomu ríkissjóðs í tvísýnu.

Við höfum áður lýst yfir þeirri skoðun okkar við afgreiðslu fjárlaga, að fjárveitinganefnd hafi mjög takmarkaða aðstöðu til þess að framkvæma niðurskurð á rekstrarliðum ríkisins, sem eru flestir í nokkuð föstum skorðum og stærstu útgjöldin bundin með löggjöf. Er jafnan á hverju þingi bætt nýjum pinklum á þann bagga, sem á ríkissjóði hvílir. Við leggjum hins vegar ríka áherzlu á nauðsyn þess, að fyllstu hagsýni sé gætt og forðazt svo sem við verður komið að greiða fé umfram heimild fjárlaga.

Það er enn sem fyrr stefna Sjálfstæðisflokksins, að afgreiða beri greiðsluhallalaus fjárlög, en tillögur fjárveitinganefndar við þessa umræðu og afstaða meiri hluta nefndarinnar staðfestir ótvírætt, að lítið ætlar að verða úr stórum orðum stjórnarflokkanna á þessu sviði sem öðrum.

Alþingi, 16. febr. 1957.

Magnús Jónsson, frsm. Pétur Ottesen. Jón Kjartansson.

Ed. 257. Frumvarp til laga [116. mál]

um breyting á lögum nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1957.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Með félagsheimilum er í lögum þessum átt við samkomuhús, sem ungmennafélög, verkalýðsfélög, íþróttafélög, lestrarfélög, bindindisfélög, skátafélög, kvenfélög, búnaðarfélög og hvers konar önnur menningarfélög, er standa almenningi opin án tillits til stjórnmálaskoðana, eiga og nota til fundahalda eða annarrar félagsstarfsemi. Sama gildir um samkomuhús sveitarfélaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu felst sú breyting frá núgildandi lögum, að við þau félög, sem nú njóta stuðnings við byggingu félagsheimila, er bætt verkalýðsfélögum og búnaðarfélögum. Þykir eðlilegt að þessi félög njóti sama réttar og þau, er talin eru í lögunum, þar sem þau eru fræðslu- og menningarsamtök þeirra, sem þau mynda, jafnframt því að vera hagsmunafélög.

Ed. 258. Frumvarp til umferðarlaga. [117. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1957.)

I. Inngangur.

1. gr.

Ákvæði laga þessara gilda um umferð á vegum.

Þar, sem vegir eru fyrir sérstaka umferð, gilda reglur laga þessara um þá, eftir því sem við á.

Ákvæði laganna gilda einnig, eftir því sem við á, um umferð ökutækja á lóðum, lendum, afréttum og almenningum.

2. gr.

Í lögum þessum merkir:

Vegur: Vegur, gata, götuslóði, torg, brú, húsasund, stígur eða þess háttar, sem notað er til almennrar umferðar.

Akbraut: Sá hluti vegar, sem ætlaður er ökutækjum.

Akreitir: Samhliða reitir, sem skipta má akbraut í að endilöngu, hæfilega breiðir, hver um sig, fyrir eina röð ökutækja.

Vegfarandi: Hver, sem fer um veg eða er staddur á vegi eða í ökutæki á vegi.

Vegamót: Þar, sem tveir eða fleiri vegir mætast.

Ökutæki: Tæki, sem aka má á hjólum, beltum, völtum eða meiðum og eigi rennur á spori.

Vélknúið ökutæki: Sérhvert ökutæki með aflvél til að knýja það áfram.

Bifreið: Vélknúið ökutæki, sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga, svo og til annarra nota, ef það er gert til hraðari aksturs en 30 km á klst. án verulegra breytinga á því.

Bifhjól: Vélknúið ökutæki með 2 hjólum. Einnig vélknúið ökutæki með 3 hjólum, ef eigin þungi þess er 400 kg eða minni.

Reiðhjól með hjálparvél: Sérhvert reiðhjól, sem í er aflvél, minni en 1 hestafl, þó ekki yfir 50 rúmsentimetra strokkrúmmál og ekki yfir 50 kg að þyngd.

Dráttarvél: Vélknúið ökutæki, sem aðallega er ætlað til að draga annað ökutæki eða vinnutæki og ekki er gert til hraðari aksturs en 30 km á klst. án verulegra breytinga á því.

Vinnuvél: Vélknúið ökutæki, sem aðallega er ætlað til nota sem vinnutæki og ekki er gert til hraðari aksturs en 30 km á klst. án verulegra breytinga á því. Einnig vélknúið ökutæki, sem gangandi maður stjórnar.

Tengivagn: Ökutæki, sem vélknúið ökutæki dregur og ætlað er til fólks- eða vöruflutninga, þó að undanteknum festivögnum.

Festivagn: Ökutæki, sem fest er við vélknúið ökutæki þannig, að ökutækið eða farmur þess hvílir að nokkru leyti á dráttartækinu, og ætlað er til fólks- eða vöruflutninga. Vélknúið ökutæki, sem annað ökutæki dregur, telst þó ekki tengi- eða festivagn.

Hliðarvagn: Ökutæki á einu hjóli, sem fest er á hlið bifhjóls og ætlað er til fólks- eða vöruflutninga.

Tengitæki: Önnur ökutæki, sem tengd eru eða fest við vélknúin ökutæki.

Eigin þyngd: Þyngd ökutækis, sem tilbúið er til notkunar, að meðtöldum öllum tækjum, sem nauðsynleg eru til notkunar þess. Þyngd eldsneytis, smurningsolíu og kælivatns, svo og ökumanns, telst ekki til eigin þyngdar ökutækis.

Heildarþyngd: Eigin þyngd ökutækis, að viðbættu eldsneyti, smurningsolíum og kælivatni, svo og ökumanni, farþegum og farmi.

Leyfð heildarþyngd: Heildarþyngd ökutækis, sem leyfð er við skráningu þess.

Öxulþungi: Sá hluti þyngdar ökutækis, með eða án farms, sem kemur á hvern öxul.

Ljósatími: Tíminn frá hálfri klukkustund eftir sólarlag til hálfrar klukkustundar fyrir sólarupprás. Ákvæði laganna um ljósatíma gilda einnig þótt á öðrum tíma sé, í þoku og við önnur svipuð birtuskilyrði.

3. gr.

Nú rís ágreiningur um það til hverrar tegundar, samkvæmt 2. gr., ökutæki skuli teljast og sker dómsmálaráðherra þá úr til fullnaðar.

Ef ágreiningsefnið varðar gjaldskyldu, skal leita álits fjármálaráðherra, áður en úrskurðað er.

II. Ákvæði um ökutæki.

A. *Gerð og búnaður ökutækja.*

4. gr.

Sérhvert ökutæki skal svo gert og haldið þannig við, að af notkun þess leiði hvorki óþarfa hættu né óþægindi, þar með talinn hávaði, reykur eða óþefur eða hætta á skemmdum á vegi.

Eigandi eða umráðamaður ber ábyrgð á, að ökutæki sé í lögmæltu ástandi. Sérstaklega skal þess gætt, að stjórntæki og hemlar verki vel og örugglega og að skráningarmerki og merkjatæki séu í lagi.

5. gr.

Í hverri bifreið skal vera:

a. Stýris- og hemlabúnaður.
b. Ljósker, er lýsi fram fyrir bifreiðina, a. m. k. eitt rautt ljós, er lýsi aftur fyrir hana, og ljósker til lýsingar á aftara skráningarmerki hennar. Enn fremur rauðlitað glampagler aftan á bifreiðinni.

c. Tæki til þess að gefa með hljóðmerki og stefnumerki.
d. Hraðamælir.
e. Búnaður, er tryggi nauðsynlega útsýn ökumanns.
f. Gúmbarðar á hjólum.
g. Ef hált er, skal hafa snjókeðjur á hjólum eða annan búnað, sem bifreiðaeftirlit ríkisins viðurkennir.
h. Búnaður til aksturs aftur á bak, sé eigin þyngd bifreiðar yfir 400 kg.
i. Merki, er sýni framleiðsluverksmiðju og framleiðslunúmer bifreiðarinnar.
j. Á útblásturspípum hreyfla skulu vera tæki, er dragi úr hávaða og reyk.

Í fólksbifreiðum, sem flytja mega yfir 30 farþega, og vörubifreiðum, sem flytja mega 5 smálestir eða meira, skal vera ökuriti, er sýni farna vegalengd og hraða bifreiðarinnar á hverjum tíma. Eiganda bifreiðar ber að geyma áritað eyðublöð tækisins í eitt ár, og er skylt að sýna þau lögreglumönnum, ef óskað er. Eigi má nota aðrar tegundir ökurita en þær, er bifreiðaeftirlit ríkisins viðurkennir.

Bifhjól skal búið sömu tækjum og bifreið, þó ekki tækjum til að gefa með stefnumerki.

6. gr.

Dráttarvélar skulu búnar tækjum þeim, er um getur í a.—e. og h.—j.-liðum 5. gr., svo og öruggum tengibúnaði. Með reglugerð má þó ákveða, að minni kröfur skuli gerðar til dráttarvéla, sem eingöngu eru notaðar utan vega.

7. gr.

Í hverri vinnuvél skal vera:
a. Stýris- og hemlabúnaður.
b. Rauðlitað glampagler aftan á vinnuvélinni og hvítt að framan, ef þar er ekki ljósker.
c. Ljósker, ef vinnuvélin er notuð á ljósatíma. Skal annað lýsa fram fyrir, en hitt aftur fyrir vélina.

8. gr.

Á hverju reiðhjóli skal vera:
a. Hæfilega traustur hemill.
b. Ljósker, er sýni hvítt eða daufgult ljós í hæfilegri fjarlægð framan frá, þegar reiðhjólið er notað á ljósatíma.
c. Rauðlitað glampagler eða ljósker aftan á reiðhjólinu.
d. Bjalla. Eigi má nota annað hjóðmerkjatæki á reiðhjóli.
e. Lás.

Ákvæði 1. mgr. gilda einnig um reiðhjól með hjálparvél með þeirri viðbót: *Að* á þeim skulu vera tveir hemlar, sem verka sjálfstætt, hvor um sig, og rafmagnsljós, tengt við rafal. Í stað bjöllu má nota eintóna horn.

9. gr.

Við notkun hestvagna skal örugglega búið um aktygi og festingar.

Aftan á hestvögnum, sem notaðir eru á ljósatíma á vegum, skal vera rauðlitað glampagler.

10. gr.

Dómsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um gerð ökutækja, búnað o. fl. Hann getur og veitt nauðsynlegar undanþágur fyrir ökutæki, sem ætluð eru til sérstakra nota og enn fremur kveðið á um áritanir og merki, sem nauðsynlegt er að setja á ökutæki til eftirlits.

B. *Skráning ökutækja og eftirlit með þeim.*

11. gr.

Eigindi eða umráðamaður bifreiðar, bifhjóls, dráttarvélar eða reiðhjóls með hjálparvél, skal senda lögreglustjóra þess umdæmis, sem hann er búsettur í, til-

kynningu um ökutæki sitt, áður en það er tekið í notkun. Sama er um tengivagna og festivagna, sem eru 500 kg að eigin þyngd eða meira.

Fullnægi ökutækið settum reglum, skráir lögreglustjóri það í ökutækjaskrá. Jafnframt skulu sett skráningarmerki framan og aftan á ökutækið.

Ef ökutæki er notað í atvinnuskyni í 6 mánuði eða lengur utan lögheimilis eiganda, skal það skráð þar sem það er notað.

Á hverjum ársfjórðungi ber forstöðumanni bifreiðastöðvar að senda hlutaðeigandi lögreglustjóra skrá um allar bifreiðar og bifreiðastjóra á stöðinni.

Lögreglustjóri gefur út skráningarskírteini ökutækis og skal það ávallt fylgja því.

12. gr.

Lögreglustjóri lætur í té skráningarmerki af þeirri gerð og gegn því gjaldi, sem dómsmálaráðherra ákveður. Merkin skulu ávallt vera vel læsileg, og má eigi hylja þau, þegar ökutækið er í noktun.

Nú glatast skráningarmerki eða verður ónothæft og skal það þegar tilkynnt lögreglustjóra í því umdæmi, sem ökutækið er skráð í, en ef það er í öðru umdæmi, þá jafnframt lögreglunni þar.

13. gr.

Lögreglustjóri getur, er sérstaklega stendur á, heimilað, samkvæmt reglum, sem dómsmálaráðherra setur, akstur skráningarskyldra ökutækja án skráningar. Skal í þessum reglum ákveða, að gjald komi fyrir leyfið.

14. gr.

Nú verða eigendaskipti að skráðu ökutæki og skal þá bæði hinn fyrri og hinn nýi eigandi tafarlaust tilkynna það lögreglustjóra í því umdæmi, sem ökutækið er skráð í. Ef nýi eigandinn er búsettur í öðru umdæmi, skal hann jafnframt tilkynna lögreglustjóra þar eigendaskiptin, og skal ökutækið þá skráð af nýju, en afskráð í umdæminu, sem það fluttist frá.

Nú flyzt eigandi ökutækis búferlum með ökutæki sitt í annað lögsagnarumdæmi og skal hann þá senda tilkynningu um flutninginn til lögreglustjóra beggja umdæmanna. Skal ökutækið þá afskráð í umdæmi því, er það fluttist frá, en skráð af nýju í umdæmi því, sem það flyzt í, og fá þar ný skráningarmerki. Ef aðeins er um að ræða 6 mánaða eða skemmri dvöl í öðru umdæmi, er umskráning ekki nauðsynleg.

Um leið og ökutæki er afskráð, skal afhenda lögreglustjóra skráningarmerkin endurgjaldslaust.

15. gr.

Sérstök stofnun, bifreiðaeftirlit ríkisins, er lýtur yfirstjórn dómsmálaráðherra, annast skoðun og eftirlit ökutækja.

Dómsmálaráðherra skipar eftirlitsmenn ökutækja, bifreiðaeftirlitsmenn, og er heimilt að veita þeim lögregluvald. Hann ákveður umdæmi þeirra og starfssvið. Eftirlitsmenn skulu vera sérfróðir um þau mál, er vélknúin ökutæki varða, gerð þeirra, akstur og aðra meðferð, svo og lög þau og reglur, er um þau gilda. Engan má skipa eftirlitsmann, nema hann hafi lokið prófi, er sýni, að hann sé þeim kostum búinn og hafi þá kunnáttu, sem nauðsynleg er til starfsins. Dómsmálaráðherra setur reglur um kennslu, prófkröfur og önnur hæfniskilyrði eftirlitsmanna, svo og reglur um starfsemi bifreiðaeftirlits ríkisins.

16. gr.

Innflytjendum skráningarskyldra, vélknúinna ökutækja er skylt að senda bifreiðaeftirliti ríkisins nákvæma lýsingu og myndir af nýjum gerðum vélknúinna ökutækja, sem þeir ætla að flytja til landsins. Tollstjórum er óheimilt að tollafgreiða skráningarskylt, vélknúið ökutæki, nema sú gerð ökutækja hafi hlotið viðurkenningu bifreiðaeftirlits ríkisins.

17. gr.

Þegar lögreglustjóri hefur fengið tilkynningu um ökutæki, samkvæmt 11. gr., lætur hann eftirlitsmann skoða það og sker hann úr um, hvort ökutækið fullnægi kröfum laga og reglugerða.

Eftirlitsmaður ákveður, hve marga farþega ökutækið má flytja, meðal annars, hve marga í sætum við hlið ökumanns. Hann ákveður og, hve mikla þyngd vörubifreið má flytja. Aldrei má hlaða ökutæki meira né flytja á því fleiri farþega en heimilað er. Leyfð farþegatala og farmsþyngd skal skráð í skráningarskírteini. Leyfð farmsþyngd og heildarþyngd vörubifreiðar skal einnig skráð á hliðar hennar.

Eftirlitsmaður ákveður, samkvæmt reglum, sem dómsmálaráðherra setur, hvort heimilt sé að nota vörubifreið til flutnings farþega á palli. Skal það skráð í skráningarskírteini.

18. gr.

Lögreglustjórar eða eftirlitsmenn geta, hvenær sem er, krafizt þess, að öll ökutæki, sem skráð eru eða notuð í umdæmi þeirra, séu færð til skoðunar á tiltekna staði í umdæminu, svo að ganga megi úr skugga um, hvort þau séu í lögmæltu ástandi. Dómsmálaráðherra ákveður, hve oft almenn skoðun skráningarskyldra ökutækja skuli fara fram. Hann getur ákveðið í reglugerð, að fengnum tillögum bifreiðaeftirlits ríkisins, að tilteknar gerðir ökutækja séu skoðaðar á skemmra fresti en almennt er boðið. Lögreglustjóri ákveður, hvenær og hvar í umdæmi hans skoðun ökutækja fer fram . Eftirlitsmenn rita vottorð um skoðun ökutækis í skráningarskírteini.

19. gr.

Lögreglustjóri eða bifreiðaeftirlitsmaður getur, hvenær sem er, krafizt þess, að skráningarskylt ökutæki, sem skráð er eða notað í umdæmi hans, sé fært til sérstakrar skoðunar á þann stað, er hann ákveður.

Eftirlitsmönnum og öðrum lögreglumönnum er heimilt, hvenær sem er, að stöðva ökutæki, skoða það samstundis og athuga ökuskírteini.

Ávallt skal skoða ökutæki, er umskráning þess fer fram.

Verði starfsmaður viðgerðaverkstæðis þess var, að öryggisbúnaði vélknúins ökutækis, sem þar er til viðgerðar eða breytinga, sé áfátt, skal hann skýra yfirmanni verkstæðisins frá því, en honum ber að gera bifreiðaeftirlitsmanni aðvart, ef ástæða er til. Má þá eigi afhenda ökutækið, fyrr en eftirlitsmaður hefur skoðað það eða bætt hefur verið úr því, sem ábótavant var.

20. gr.

XXV. Að verja öllu 10% álagi á skemmtanaskatt, sbr. 2. gr. laga nr. 115 29. des. 1951, til Sinfóníuhljómsveitar, enda verði samkomulag við aðra aðila um rekstur sveitarinnar og fjárframlög til hennar.

XXVI. Að leggja fram allt að 5 millj. kr. til stofnunar framkvæmdasjóðs til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, samkvæmt nánari ákvörðun Alþingis síðar.

XXVII. Að kaupa sæskeldýrasafn Ingimars Óskarssonar.

XXVIII. Að ábyrgjast fyrir Bæjarútgerð Akraness allt að 2 millj. kr. af kaupverði togarans Akureyjar gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar.

XXIX. Að ábyrgjast fyrir Austfirðing h.f. allt að 3.1 millj. kr. af kaupverði togarans Vattar gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar.

XXX. Að ábyrgjast fyrir bæjarsjóð Neskaupstaðar eða félag, sem stofnað verður í kaupstaðnum, allt að 2 millj. kr. lán til kaupa togarans Gerpis, enda fari samanlögð ábyrgðarfjárhæð ríkissjóðs vegna kaupa téðs skips ekki fram úr 90% af kostnaðarverði þess og fullnægt sé að öðru leyti þeim skilyrðum, sem ríkisstjórnin setur varðandi tryggingar og lánskjör.

XXXI. Að leyfa Tóbakseinkasölu ríkisins að setja merki Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra á eldspýtustokka og greiða félaginu allt að 10 aurum af hverjum stokki, er hún selur með merki félagsins. Verðhækkun á eldspýtum af þessum sökum skal vera undanþegin smásöluálagningu.

XXXII. Að lána raforkusjóði 4.5 millj. kr. af fé því, er um ræðir í lögum nr. 51 1955, 1. gr., 5. og 9. tölulið.

XXXIII. Að breyta í óafturkræf framlög eftirtöldum lánum, sem veitt hafa verið neðangreindum stofnunum:

a. Ræktunarsjóði 22 millj. kr. af greiðsluafgangi ríkissjóðs 1955 og 9 875 000 kr. stofnlán samkvæmt skuldabréfi, útgefnu 30. apríl 1951, og enn fremur 421 250 kr. viðbótarstofnlán samkvæmt skuldabréfi, dagsettu 30. des. 1953.

b. Veðdeild Búnaðarbanka Íslands 2 millj. kr. af greiðsluafgangi ríkissjóðs 1955 og 4 millj. kr. af greiðsluafgangi ríkissjóðs 1954.

c. Fiskveiðasjóði Íslands 10 millj. kr. af greiðsluafgangi ríkissjóðs 1955.

d. Til íbúðalána samkv. lögum nr. 55/1955 13 millj. kr. af greiðsluafgangi ríkissjóðs 1955.

e. Byggingarsjóði 4 329 000 kr. stofnlán samkvæmt skuldabréfi, útgefnu 21. apríl 1948.

23. gr.

Á árinu 1957 skal greiða 30% uppbót á lífeyri og eftirlaun, þó aldrei á hærri fjárhæð en 30 þús. kr. hverjum einstökum lífeyris- og eftirlaunaþega.

24. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1956 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Nd. 273. Frumvarp til laga [125. mál]

um breyting á lögum nr. 43 14. apríl 1954, um Kirkjubyggingasjóð.

Flm.: Sveinbjörn Högnason, Pétur Ottesen.

1. gr.

Í stað „ kr. 500000.00“ í 2. gr. laganna komi: kr. 1000000.00.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Því var almennt fagnað, þegar lögin um Kirkjubyggingasjóð voru sett, ekki sízt er litið var til þeirra fyrirheita, sem þau gáfu um lánveitingar til kirkjubygginga og til endurbóta kirkna, — eins og fram er tekið í 3. gr. þessara laga, — þar sem heitið er allt að 200 kr. á hvern rúmmetra í nýbyggingum og ⅔ kostnaðar af endurbótum. — Það kom þó þegar í ljós við fyrstu úthlutun lána úr sjóðnum, að umsóknir um þau voru svo margar og miklar, að enginn kostur var á að uppfylla þær að þessu marki með þeirri fjárveitingu, sem í 2. gr. laganna er ákveðin. Ákvað því stjórn sjóðsins við fyrstu úthlutun úr sjóðnum, að til að byrja með skyldi upphæð lána miðuð við aðeins helming þess, sem heimilað var í lögunum, og lánin veitt í tvennu lagi, hið fyrra, er kirkjan væri fokheld, og hið síðara, er hún væri fullgerð; og eftirstöðvar síðan eftir því, sem fé yrði fyrir hendi á næstu árum. En strax við næstu úthlutun kom í ljós, að jafnvel með þessu hafði verið of hátt stefnt. Og til að geta þá staðið nokkurn veginn við þau loforð, sem þannig voru gefin, varð að taka lán til sjóðsins, kr. 500000.00, sem prestakallasjóður veitti til bráðabirgða með ábyrgð ríkissjóðs. — Og þegar nú kemur til lánveitinga á þessu ári, stendur hagur sjóðsins eins og hér segir:

1. Eftirstöðvar lána þegar lofaðra	kr.	601000.00
2. Nýjar umsóknir um lán	—	454000.00
3. Afborganir og vaxtagreiðslur	—	232666.00
	Kr.	1287666.00

Er af þessu ljóst, að mikið skortir á, að sjóðurinn geti að þessu sinni staðið undir að veita þá aðstoð, sem í lögunum er ákveðin. Mun það algert einsdæmi um fjárveitingar samkv. sérstakri löggjöf. Virðist því ekki um annað að ræða en að breyta lögunum nú þegar, annaðhvort á þann hátt að lækka stórlega ákvæðin um lánaaðstoð í 3. gr. laganna eða hækka framlögin samkv. 2. gr., eins og hér er lagt til. Mun það algert lágmark, ef nokkra leiðréttingu á þar á að gera.

Ed. **274. Frumvarp til laga** [93. mál]

um kirkjuþing og kirkjuráð íslenzku þjóðkirkjunnar.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Kirkjuþing íslenzku þjóðkirkjunnar skal halda í Reykjavík annað hvert ár, að jafnaði í októbermánuði. Það skal ekki eiga lengri setu en tvær vikur.

2. gr.

Kjörnir eru 15 kirkjuþingsmenn, 14 í 7 kjördæmum og 1 af guðfræðideild Háskóla Íslands. Enn fremur eiga sæti á kirkjuþingi biskup og kirkjumálaráðherra.

Kjördæmin eru þessi:

1. Reykjavíkurprófastsdæmi.
2. Kjalarness-, Mýra-, Borgarfjarðar- og Snæfellsnessprófastsdæmi.
3. Dala-, Barðastrandar-, Vestur-Ísafjarðar- og Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi.
4. Stranda-, Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi.
5. Eyjafjarðar-, Suður-Þingeyjar- og Norður-Þingeyjarprófastsdæmi.
6. Norður-Múla-, Suður-Múla- og Austur-Skaftafellsprófastsdæmi.
7. Vestur-Skaftafells-, Rangárvalla- og Árnesprófastsdæmi.

3. gr.

Í hverju þessara kjördæma eru kosnir tveir kirkjuþingsmenn, prestur og leikmaður.

4. gr.

Prófastur og prestar, sem ábyrgð hafa á prestakalli, innan hvers kjördæmis, kjósa úr sínum hópi einn kirkjuþingsmann fyrir kjördæmið og tvo varamenn. Kennarar guðfræðideildar háskólans kjósa úr sínum hópi einn kirkjuþingsmann og einn til vara.

5. gr.

Sóknarnefndarmenn og safnaðarfulltrúar hvers kjördæmis kjósa úr sínum hópi einn kirkjuþingsmann fyrir kjördæmið og tvo varamenn.

6. gr.

Kjörstjórn skipa: biskup, og er hann formaður hennar, einn maður tilnefndur af kirkjuráði, og lögfræðingur tilnefndur af kirkjumálaráðherra.

7. gr.

Kjörstjórn sendir í 1. viku aprílmánaðar þeim, er kosningarrétt hafa, nauðsynleg kjörgögn: auðan kjörseðil, óutanáritað umslag, eyðublað fyrir yfirlýsingu kjósanda um það, að hann hafi kosið, og umslag með utanáskrift kjörstjórnar. Kjósandi ritar nafn þess, sem hann vill kjósa, svo og nöfn 1. og 2. varamanns, á seðilinn, setur hann í óutanáritaða umslagið og lokar því, útfyllir eyðublaðið og undirritar og sendir síðan allt í áprentaða umslaginu til kjörstjórnar í ábyrgðarpósti.

Kjörgögn til presta og leikmanna skulu vera sín með hvorum lit. Leiðbeining fylgi um það, hvernig kosningin skuli framkvæmd. Kjörgögnum til leikmanna fylgi kjörskrá.

Talning atkvæða fer fram í 1. viku ágústmánaðar.

8. gr.

Kjörstjórn úrskurðar, hverjir eiga kosningarrétt.

9. gr.

Kjörstjórn telur atkvæði og úrskurðar kosningarnar. Réttkjörnir við báðar kosningarnar eru þeir, sem flest fá atkvæði. Hljóti tveir eða fleiri jöfn atkvæði, sker hlutkesti úr. Fái sami maður flest atkvæði, bæði sem aðalmaður og varamaður, tekur hann sæti aðalmanns.

Kjörstjórn sendir kirkjuþingsmönnum kjörbréf og varamönnum skírteini um það, að þeir séu 1. og 2. varamaður í því kjördæmi.

10. gr.

Kjörtímabil er 6 ár. Ef kirkjuþingsmaður andast á tímabilinu eða getur ekki sótt kirkjuþing, taka varamenn þess kjördæmis við eftir röð.

11. gr.

Kærur út af kosningu til kirkjuþings skulu sendar kjörstjórn eigi síðar en svo, að komnar séu í hendur henni áður en kirkjuþing kemur næst saman. Leggur hún þær fyrir kirkjuþing á fyrsta fundi þess. Kirkjuþing úrskurðar með atkvæðagreiðslu, hvort kosning skuli tekin gild, og skal úrskurði lokið eigi síðar en á 3. fundi þess.

12. gr.

Biskup er forseti kirkjuþings. Auk þess kýs þingið sér þegar í upphafi fyrsta fundar 1. og 2. varaforseta og tvo skrifara.

13. gr.

Kirkjuþingsmenn fá greidda úr ríkissjóði dagpeninga og ferðakostnað. Kýs kirkjuþingið þriggja manna þingfararkaupsnefnd, sem endurskoðar reikninga kirkjuþingsmanna, en kirkjumálaráðherra úrskurðar þá og ákveður upphæð dagpeninga.

14. gr.

Kirkjuþing hefur ráðgjafaratkvæði og tillögurétt um öll þau mál, er kirkju, klerkastétt og söfnuði landsins varða og heyra undir verksvið löggjafarvaldsins eða sæta forsetaúrskurði. Það hefur og rétt til þess að gera samþykktir um innri málefni kirkjunnar, guðsþjónustu, helgisiði, fermingar, veitingu sakramenta og önnur slík. Þær samþykktir eru þó eigi bindandi, fyrr en þær hafa hlotið samþykki kirkjuráðs, prestastefnu og biskups.

15. gr.

Kirkjuráð skipa 5 menn, biskup landsins og 4 menn kjörnir af kirkjuþingi, og skulu tveir þeirra a. m. k. vera guðfræðingar. Það kýs og jafnmarga varamenn. Kjörtímabil kirkjuráðsmanna er hið sama og kirkjuþingsmanna. Kosning í kirkjuráð fer jafnan fram, er hið fyrsta kirkjuþing að afstöðnum kosningum kemur saman.

16. gr.

Verkefni kirkjuráðs er að vinna að eflingu íslenzkrar kristni og styðja að trúar- og menningaráhrifum þjóðkirkjunnar. Það skal vera biskupi til aðstoðar og fulltingis um að koma fram þeim málum, er kirkjuþing hefur samþykkt.

Kirkjuráð annast undirbúning þeirra mála, er það kýs að leggja fyrir kirkjuþing hverju sinni. Hafa og kirkjuráðsmenn rétt til að sækja fundi kirkjuþings og taka þar til máls, en hafa eigi atkvæðisrétt, nema þeir séu jafnframt þingfulltrúar.

Kirkjuráð hefur ráðstöfunarvald yfir prestakallasjóði, svo og því fé öðru, sem veitt er til frjálsrar kirkjulegrar starfsemi, samkvæmt þeim ákvæðum, sem fjárveitingarvaldið setur hvert sinn, enn fremur því fé, er kirkjuráði kann að vera falin ráðstöfun á af kirkjuþingi eða öðrum aðilum.

17. gr.

Biskup er sjálfkjörinn forseti kirkjuráðs. Hann kallar kirkjuráð saman til funda, þegar þurfa þykir eða þegar tveir kirkjuráðsmenn óska þess, og eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

Kirkjuráðsmenn fá greiddan framlagðan kostnað og aðstoð eftir reikningi, er kirkjumálaráðuneytið úrskurðar.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru þá jafnframt numin úr gildi lög um kirkjuráð frá 6. júlí 1931.

Sþ. 275. Nefndarálit [1. mál]

um styrk til flóabáta og vöruflutninga.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Samgöngumálanefndir beggja deilda hafa undirbúið sameiginlegar tillögur um styrki til flóabáta og vöruflutninga, eins og venja er. Samvinnunefndin hefur notið aðstoðar forstjóra Skipaútgerðar ríkisins við athugun á afkomu báta og undirbúning tillagna um styrki til þeirra á þessu ári.

Rekstrarkostnaður bátanna hefur farið hækkandi, og á eigendum sumra þeirra hvílir skuldabyrði vegna stofnkostnaðar. Hefur nefndin því ekki komizt hjá að leggja til, að styrkirnir verði hækkaðir.

Nefndin gerir ráð fyrir, að skipulag flóabátaferðanna verði á þessu ári svipað og verið hefur.

Um rekstur einstakra flóabáta og ferðir þeirra, skal þetta tekið fram:

Breiðafjarðarsamgöngur:

Lagt er til, að rekstrarstyrkur til Flateyjarbáts, sem annast ferðir um norðanverðan Breiðafjörð, hækki um 15 þús. kr. og að efnt verði fyrirheit, sem gefið var á síðasta ári um 30 þús. kr. styrk til vélakaupa.

M/b Baldur, sem siglir á Breiðafjarðarhafnir, hefur nýlega verið endurbættur að miklum mun. Skuldir vegna þess stofnkostnaðar hvíla þungt á rekstri bátsins, jafnframt því að annar kostnaður fer hækkandi. Nefndin telur óhjákvæmilegt, að styrkur til þessa báts verði hækkaður að miklum mun, og leggur til, að honum verði veittur 350 þús. kr. rekstrarstyrkur á þessu ári og að ríkisstjórninni verði auk þess heimilað að greiða allt að 50 þús. kr., ef þörf krefur vegna rekstrarhalla. Styrkur vegna vélakaupa, sem veittur var á síðasta ári, fellur niður.

Nefndin leggur til, að styrkur til Skógarstrandarbáts verði felldur niður, en í þess stað verði Langeyjarnesbát ætlað að fara ferðir til Skógarstrandar, eftir því, sem nauðsyn krefur, og að Langeyjarnesbát verði veittur 18 þús. kr. rekstrarstyrkur.

Ísafjarðarsamgöngur:

Á síðastliðnu ári fékk Djúpbáturinn 360 þús. kr. rekstrarstyrk og auk þess 40 þús. kr. styrk vegna viðgerðar og til kaupa á siglingatækjum. Lagt er til, að styrkur til þessa báts verði nú veittur í einu lagi og að styrkurinn í heild verði hækkaður um 60 þús. kr.

Norðurlandssamgöngur:

Nefndin leggur til, að Strandabátur fái sama styrk og síðastliðið ár.

Samkvæmt tillögum nefndarinnar hækkar styrkur til Haganesvíkurbáts um 1 þús. kr. og styrkur til Hríseyjarbáts um 2 þús. kr.

Framlag til vélakaupa í m/b Drang, sem siglir milli hafna á Norðurlandi, er fellt niður. En nefndin hefur komizt að þeirri niðurstöðu, að rekstrarstyrkur til þess báts þurfi að hækka. Er lagt til að hækka þá fjárhæð um 80 þús. kr. frá því á fyrra ári. Sú tillaga er gerð vegna aukins kostnaðar við útgerð bátsins og með sérstöku tilliti til þess, að nefndin ætlast til þess, að á þessu ári verði fjölgað að mun ferðum bátsins til Grímseyjar frá því, sem verið hefur, en um það liggja fyrir eindregnar óskir af hálfu Grímseyinga.

Íbúar Flateyjar á Skjálfanda njóta ekki þjónustu strandferðaskipa ríkisins nema að mjög takmörkuðu leyti, og þeir hafa ekki flugsamgöngur. Aðalsamgöngur þeirra eru með flóabátnum. Að því er stefnt, að hægt verði að fjölga ferðum bátsins milli Flateyjar og Húsavíkur frá því, sem verið hefur, og með sérstöku tilliti til þess leggur nefndin til, að styrkur til Flateyjarbáts verði hækkaður um 13 þús. kr.

Austfjarðasamgöngur:

Loðmundarfjörður er orðinn einhver einangraðasta byggð á landinu. Einu samgöngur þeirrar byggðar eru ferðir flóabáts frá Seyðisfirði. Lagt er til, að 25 þús. kr. verði veittar til Loðmundarfjarðarbáts. Er þar um að ræða 8 þús. kr. hækkun.

Mjóafjarðarbátur flytur m. a. búvörur bænda í Mjóafirði á markað á Norðfirði. Lagt er til, að rekstrarstyrkur Mjóafjarðarbáts verði 37 þús. kr. Er það 15 þús. kr. hærra en á síðasta ári. Enn fremur vill nefndin standa við fyrirheit, sem gefið var í fyrra um 30 þús. kr. vegna endurnýjunar á vél bátsins.

Suðurlandsskip og Vestmannaeyjasamgöngur:

Þar sem Vestur-Skaftafellssýsla hefur sérstöðu að því leyti að vera algerlega hafnlaust hérað og flutningar þangað eru mjög kostnaðarsamir, hefur að undanförnu verið veittur nokkur stuðningur við flutninga þangað. Nefndin leggur til, að sá flutningastyrkur hækki um 25 þús. kr.

Sömuleiðis er lagt til, að styrkur til bátaferða í Austur-Skaftafellssýslu og vöruflutninga til Öræfa hækki um 15 þús. kr.

Vestmannaeyjar fullnægja ekki nærri þörfum íbúanna um mjólkurframleiðslu, allra sízt á vertíðum, þegar margt fólk úr ýmsum héruðum safnast þangað í atvinnuleit. Kostað hefur verið kapps um að halda uppi daglegum ferðum milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar, einkum vegna mjólkurflutninga. Þeir flutningar eru kostnaðarsamir, og hefur rekstur bátsins orðið óhagstæður. Lagt er til, að veittar verði 350 þús. kr. til rekstrar Vestmannaeyjabáts. Enn fremur leggur nefndin til, að ríkisstjórninni verði heimilað að greiða allt að 50 þús. kr., ef þörf krefur vegna halla á rekstri bátsins.

Faxaflóasamgöngur:

Á síðasta ári fékk Skallagrímur h/f í Borgarnesi nýtt skip og vandað til ferða um Faxaflóa. Það er skipið Akraborg, sem siglir daglega frá Reykjavík til Akraness eða Borgarness. Lítil reynsla er fengin af rekstri skipsins, en Skallagrímur h/f þarf að standa straum af þungri skuldabyrði, sem stafar af stofnkostnaði Akraborgar og halla af rekstri leiguskipa, er notuð voru til þessara ferða, meðan Akraborg var í smíðum. Nefndin leggur til, að Skallagrími h/f verði veittar 450 þús. kr. til að halda uppi ferðum Akraborgar um Faxaflóa og að auk þess verði ríkisstjórninni veitt heimild til að greiða allt að 50 þús. kr. í sama skyni, ef óhjákvæmilegt reynist vegna rekstrarhalla.

Samkvæmt tillögum samvinnunefndar samgöngumála nema styrkir til flóabáta og vöruflutninga samtals kr. 2 791 600.00. Er það kr. 623 600.00 hærri fjárhæð en á síðastliðnu ári.

Nefndin leggur til, að fjárhæðin skiptist þannig:

Djúpbátur	kr.	460 000.00
Strandabátur	—	100 000.00
Norðurlandsbátur	—	450 000.00
Haganesvíkurbátur	—	7 000.00
Hríseyjarbátur	—	18 000.00
Flateyjarbátur á Skjálfanda	—	35 000.00
Loðmundarfjarðarbátur	—	25 000.00
Mjóafjarðarbátur	—	37 000.00
Sami, styrkur vegna vélakaupa	—	30 000.00

Suðurlandsskip	kr.	215 000.00
Mýrabátur í Faxaflóa	—	3 600.00
Flateyjarbátur á Breiðafirði	—	130 000.00
Sami, styrkur vegna vélakaupa	—	30 000.00
Stykkishólmsbátur	—	350 000.00
Langeyjarnesbátur	—	18 000.00
Patreksfjarðarbátur	—	3 000.00
Til bátaferða í Austur-Skaftafellssýslu og vöruflutninga til Öræfa	—	80 000.00
Vestmannaeyja- og Þorlákshafnarbátur	—	350 000.00
Til h/f Skallagríms vegna ferða um Faxaflóa	—	450 000.00
Samtals	kr.	2 791 600.00

Alþingi, 20. febr. 1957.

Páll Þorsteinsson, form. Nd.-nefndar, frsm.	Björgvin Jónsson, form. Ed.-nefndar.	Karl Guðjónsson, fundaskr. Nd.-nefndar.
Sigurvin Einarsson, fundaskr. Ed.-nefndar.	Friðjón Skarphéðinsson.	Eiríkur Þorsteinsson.
Jón Kjartansson.	Sigurður Ó. Ólafsson.	Ingólfur Jónsson.
	Jón Pálmason, með fyrirvara.	

Fylgiskjal.

SKIPAÚTGERÐ RÍKISINS

Samkvæmt ósk háttvirtrar samvinnunefndar samgöngumála í sambandi við undirbúning fjárlaga fyrir árið 1957, leyfir undirritaður sér hér með að leggja fram eftirfarandi yfirlitsgreinargerð varðandi rekstur flóabáta og styrkveitingar úr ríkissjóði í því sambandi:

Djúpbáturinn

m/b Fagranes, Ísafirði, 70 br.-tonn, aðalvél 250 hö.:

Sótt er um 440 þús. kr. rekstrarstyrk og 100 þús. kr. endurbótastyrk fyrir þennan bát á árinu 1957.

Undirritaður hefur athugað framlagða rekstrarreikninga bátsins fyrir árið 1955 og jan.—sept. 1956 og hefur komizt að þeirri niðurstöðu, að eins og horfir um reksturinn, þurfi útgerð bátsins að fá 440 þús. kr. rekstrarstyrk á árinu 1957.

Að því er snertir styrk til endurbóta á bátnum, þá skal á það bent, að slíkir styrkir til þessa báts hafa verið á fjárlögum undanfarin 3 ár sem hér greinir:

1954	kr.	20 000.00
1955	—	40 000.00
1956	—	40 000.00
	kr.	100 000.00

Útgerðin upplýsir, að fé þessu hafi verið ráðstafað sem hér greinir:

Greiddur gúmbjörgunarbátur	kr.	12 571.00
Greitt upp í dýptarmæli	—	8 000.00
— — - ratsjá	—	58 000.00
— — - ljósavél	—	20 000.00
	kr.	99 571.00

En sagðar eru ógreiddar 35—36 þús. kr. vegna þessara atriða. Annars var í upphafi gert ráð fyrir, að nefndar fjárveitingar færu til að endurnýja stýrishús bátsins og koma þar fyrir íbúð skipstjóra. Það verk hefur þó enn ekki komizt í framkvæmd, en er aðkallandi, og fer því útgerðin fram á áður nefnda fjárveitingu að upphæð 100 þús. kr. til endurbóta. Skal ekki dregið í efa, að útgerð bátsins þurfi að fá fé þetta einhvers staðar frá, en eins og undirritaður hefur áður bent á í álitsgerðum til Alþingis, má telja vafasamt að halda áfram á þeirri braut að veita beina styrki úr ríkissjóði til endurbóta á bátum, sem ríkið er ekki beinlínis eigandi að.

Þess skal getið, að komið hafa fram ítrekaðar kvartanir yfir því, að Djúpbáturinn komi aðeins á hálfsmánaðarfresti í Mjóafjörð yfir sumarið, meðan flestar aðrar byggðir við Djúpið njóta mun tíðari ferða bátsins, jafnvel fjórum sinnum í viku. Hefur verið farið fram á það við útgerðarstjórn bátsins að láta hann koma vikulega í Mjóafjörð, einnig yfir sumarið, en þessu hefur ekki verið sinnt. Getur þó undirritaður ekki betur séð en sanngirni mæli með nefndri málaleitun, og er það því til athugunar, hvort ekki sé rétt að setja skilyrði um þetta í sambandi við fjárveitingu fyrir árið 1957.

Stykkishólmsbátur

m/b „Baldur", 61. br.-tonn, aðalvélar 2× 132 hö.:

Sótt er um 400 þús. kr. rekstrarstyrk fyrir bát þennan á árinu 1957.

Hefur undirritaður kynnt sér rekstrar- og efnahagsreikning útgerðar bátsins fyrir árið 1955 svo og rekstraryfirlit fyrir jan.—sept. 1956 og telur, að útgerðinni veiti ekki af að fá hinn umbeðna styrk.

Bátur þessi var fenginn í þjónustuna seint á árinu 1954, og hafði þá miklu verið til hans kostað; settar í hann 2 nýjar vélar og miklar aðrar endurbætur gerðar, enda stóð báturinn þá í rúmlega 1.5 millj. kr. Hefur aldrei verið tekjuafgangur til afskrifta á þessu stofnverði bátsins, og þar sem það að mestu leyti er byggt á lánum, hálfu leyti skyndilánum, þá er slíkt að stöðva útgerð bátsins.

Gera má ráð fyrir, að báturinn þurfi á næsta ári 200 þús. kr. í hreinan rekstrarstyrk og a. m. k. aðrar 200 þús. kr. til afskrifta eða afborgana af stofnverði, en til athugunar kemur, hvort ekki væri rétt, að eitthvað af þeirri fjárhæð væri lagt fram sem aukið hlutafé frá ríkinu. Hlutafé í Flóabátnum Baldri h/f er nú 225 þús. kr. og þar af á ríkið 50 þús. kr., en þetta hlutafé hefur staðið óbreytt frá þeim tíma, þegar minni og ódýrari bátur var í umræddri þjónustu.

Eigin flutningsgjaldatekjur m/b Baldurs munu á s. l. ári hafa numið ca. 610 þús. kr.

Norðurlandsbátur

m/b „Drangur", Akureyri, 74 br.-tonn, aðalvél 200 hö.:

Steindór Jónsson útgerðarmaður þessa báts sendi í byrjun nóv. s. l. umsókn um 430 þús. kr. rekstrarstyrk fyrir bátinn á næsta ári (1957).

Undirritaður hefur athugað rekstrar- og efnahagsreikninga bátsins fyrir 1955 svo og rekstraryfirlit fyrir jan.—sept. 1956 og hefur komizt að þeirri niðurstöðu, að báturinn þurfi að fá allt að 450 þús. kr. rekstrarstyrk á þessu ári. Er það 20 þús. kr. meira en útgerðarmaðurinn sótti um í nóv. s. l. og munar sem næst áætluðum þegar fyrirsjáanlegum áhrifum af hækkun tolla og skatta, eftir að áður nefnd umsókn útgerðarmannsins var send. Einnig er tekið tillit til þess, að fjölga þarf ferðum til Grímseyjar, og er hér gert ráð fyrir hálfsmánaðarlegum ferðum allt árið, en að undanförnu hafa aðeins verið hálfsmánaðarferðir í júlí og ágúst, þriggja vikna ferðir endranær.

Á árunum 1955—56 var veittur vélakaupastyrkur til útgerðarmanns þessa báts 2×50 = 100 þús. kr., en af ýmsum ástæðum varð ekki af vélakaupunum, enda tók útgerðarmaðurinn ekki styrkinn og stendur hann enn inni í ríkissjóði.

Nú er nefndur útgerðarmaður kominn á þá skoðun, að m/b „Drangur" sé í heild orðinn svo út sér genginn, að ekki borgi sig að setja í hann nýja vél. Kveðst útgerð-

armaðurinn ekki treysta sér til að gera „Drang“ út sem flóabát lengur en þetta ár og muni hann þá hætta nefndri þjónustu, nema úrræði finnist til þess að útvega nýjan bát.

Um athuganir nefnds útgerðarmanns varðandi það að útvega nýjan flóabát segir svo í bréfi hans til undirritaðs, dags. 8. þ. m.:

„Eins og yður er kunnugt, þá þarf að fá nýjan bát á leið þá, er m/s Drangur siglir. Bátur þessi þarf að vera ca. 120 tn. að stærð með farþega-rými fyrir 30—40 farþega, ganghraði 10—11 mílur, og mun því þurfa í bátinn um 400 ha. vél.

Ég mundi athuga möguleika á byggingu á slíkum bát, ef ég gæti komizt að sömu kjörum og fiskibátar þeir fást með, sem ríkisstjórnin hefur samið um smíði á fjárlögum þetta ár. Ég vonast til þess, að þér sjáið yður fært að mæla með því við hæstvirta samgöngumálanefnd, að hún veiti mér þennan byggingarstyrk og geri sitt bezta til þess, að ég fái sömu lánskjör og umræddir bátar fást með.

Eins og yður er kunnugt, þá verður ekki hjá því komizt að hafa bát á þessari leið, og fari svo, að enginn einstaklingur eða félög, sem vildu taka þessar ferðir að sér, fá ekki nægа aðstoð til þess að byggja nýjan bát, þá verður Skipaútgerð ríkisins vitanlega sjálf að annast umgreindar samgöngur.“

Undirritaður telur það rétt, að nauðsynlegt sé að útvega nýjan flóabát í stað „Drangs“, og þarf að finna fjárhagsleg úrræði í þessu sambandi. Eðlilegast virðist að stofna hlutafélag til kaupa á bátnum og eigi hlutaðeigandi sýslu- og sveitarfélög meiri hluta hlutafjárins, en ríkið gæti einnig verið aðili.

Flateyjarbátur á Breiðafirði.

m/b Konráð, 18 br.-tonn, aðalvél 66 hö.:

Með bréfi, dags. 25. okt. 1956, hefur útgerð þessa báts, h/f Breiðafjarðarbáturinn Norðri, sótt um 120 þús. kr. rekstrarstyrk á árinu 1957, en fyrirheit var um sama vélakaupastyrk eins og á árinu 1956, 30 þús. kr.

Í fyrra var 115 þús. kr. rekstrarstyrkur veittur til bátsins, en af honum fóru 5 þús. kr. til endurgreiðslu á hluta af framlagi póststjórnarinnar til trillubáts, sem annazt hefur póstflutning til eyjanna í grennd við Flatey, þar sem oft er erfitt að sigla svo stórum báti sem m/b Konráð er.

Svo sem kunnugt er, ónýttist vélin í m/b Konráði í des. 1954, og var hann ekki búinn til þjónustu á ný fyrr en í ársbyrjun 1956, en gat sökum ísa ekki hafið siglingar fyrr en 11. febr. 1956.

Því miður liggur fyrir aðeins mjög ófullkomið reikningsuppgjör fyrir bátinn á árinu 1956, en þó má af því ráða, að rekstrarafkoma hefur verið slæm. Telur undirritaður rétt að hækka styrkinn upp í 130 þús. kr. á árinu 1957, en þar af renni kr. 5500.00 til póststjórnarinnar til endurgreiðslu á kostnaði við áður nefndar sérstakar póstferðir.

Rétt mun vera að bæta Króksfjarðarnesi og Reykhólum á áætlun bátsins yfir veturinn, þegar vegasamgöngur eru tepptar á því svæði, en væntanlega má í staðinn draga úr siglingum bátsins yfir sumarið.

Mjóafjarðarbátur.

m/b „Njörður“, 16. br.-tonn, aðalvél 88 hö.:

Sótt er um 37 þús. kr. rekstrarstyrk til báts þessa á árinu 1957, en auk þess er minnt á fyrirheit um sama vélakaupastyrk og í fyrra, 30 þús. kr.

Reiknað er með 50 föstum áætlunarferðum og 20 aukaferðum bátsins á árinu 1957. Flutningsgjaldatekjur bátsins eru áætlaðar 17 þús. kr., og er það nokkru minna en áður, enda hefur mjög fækkað fólki í Mjóafirði á undanförnum árum.

Af tekjum bátsins er bersýnilegt, að verkefni eru mjög lítil, og hefur undirritaður áður bent á á það í skýrslum til samvinnunefndar samgöngumála, að telja

mætti hæpna ráðstöfun að fá svo stóran flóabát fyrir Mjóafjörð sem m/b „Njörð“ í stað 7 tonna báts, er annazt hafði þjónustuna í mörg ár, fram til nóvember 1954.

M/b „Njörður“ var áður flóabátur fyrir Loðmundarfjörð, en fenginn var minni bátur (5—6 tonna) í þá þjónustu, af því að verkefni gátu ekki réttlætt að hafa svo stóran bát sem m/b „Njörð“ sem flóabát fyrir Loðmundarfjörð.

Þá skal á það bent, að hafskipabryggjan í Mjóafirði var stækkuð svo á árinu 1954, að öll strandferðaskip Skipaútgerðarinnar geta nú lagzt að henni í skaplegu veðri. Hafa þessi skip að undanförnu haft reglubundnar áætlunarviðkomur í Mjóafjörð rúmlega einu sinni í mánuði og aukaviðkomur samkvæmt beiðnum. Þannig voru viðkomur Heklu, Esju og Herðubreiðar á nefnda höfn á árinu 1956 17 á norðurleið og 21 á suðurleið, og greiddu skipin í þessum ferðum bryggjugjöld samtals að upphæð kr. 6725.00.

Til samanburðar skal þess getið, að áætlunarferðir strandferðaskipa ríkisins á Norðfjörð, aðalviðskiptahöfn Mjófirðinga, hafa að undanförnu verið þetta 37—39 á norðurleið og suðurleið. Eru því viðkomur strandferðaskipa Skipaútgerðarinnar á Mjóafjörð færri en vera mundi, ef flóabáturinn væri ekki.

Með fjárveitingu til kaupa vélar í m/b „Njörð“ á árinu 1956 og fyrirheiti um jafnháa fjárveitingu til sama á árinu 1957 má telja, að búið sé að festa nefndan bát til umræddrar þjónustu fyrst um sinn, og mun því jafnhliða ekki verða hjá því komizt að hækka rekstrarstyrkinn. En verði flutningsgjaldatekjur bátsins aðeins 17 þús. kr. og engar fiskveiðitekjur eða aðrar eigin tekjur, þá verður fráleit rekstrarafkoma á bátnum, hvort sem ríkisstyrkurinn til flóabátsþjónustunnar verður ákveðinn 22 þús. kr., eins og var á árinu 1956, eða hann verður hækkaður upp í 40 þús. kr., eins og umsókn felur í sér.

Að öðru leyti leyfir undirritaður sér í sambandi við bát þennan að benda á samanburð við Flateyjarbát á Skjálfanda. Vegalengd milli Mjóafjarðar og Norðfjarðar er 11 mílur. Strandferðaskip Skipaútgerðarinnar hafa engar fastar áætlunarviðkomur í Flatey á Skjálfanda og koma mjög sjaldan þangað, vegna þess að staðurinn er á milli venjulegra siglingaleiða „Herðubreiðar“ og „Skjaldbreiðar“, en stærri strandferðaskipin geta ekki lagzt þar að bryggju.

Flóabáturinn hefur haldið uppi hálfsmánaðarlegum ferðum milli Flateyjar og Húsavíkur árið um kring, og keppt er að því af hálfu Flateyinga að fá allt að því vikulegar ferðir. Ekki þykir öruggt að láta flóabát Flateyinga eiga heima í eyjunni yfir veturinn, og er það því bátur frá Húsavík, sem þá annast ferðirnar og er aðalflóabáturinn á þessari leið. En sá er galli á, að með heimili í Húsavík þarf Flateyjarflóabátur oft að fara tvisvar sinnum fram og til baka milli Húsavíkur og Flateyjar í hvert sinn. Þetta orsakast af því, að fyrst þarf báturinn að sækja Flateyinga til verzlunarerinda á Húsavík og því næst að flytja þá til baka. Loks þarf báturinn að sigla heim frá Flatey til Húsavíkur. Verður siglingaleiðin í slíkum ferðum $4 \times 14 = 56$ mílur.

Yfir sumarið spara Flateyingar á því að hafa 6 tonna heimabát (trillubát) í flóabátsþjónustunni, og er það til athugunar, hvort Mjófirðingar geta ekki sparað með líkum hætti.

Flateyjarbátur á Skjálfanda.

Yfir veturinn: m/b „Sæborg“, Húsavík, 17 br.-tonn, aðalvél 75 hö.
Yfir sumarið: m/b „Sævar“, Flatey, 6 tonna trillubátur.

Um bát þennan er nokkuð rætt í næsta kafla hér á undan (sjá Mjóafjarðarbát), og vísast til þess.

Með bréfi til undirritaðs, dags. 20. okt. 1956, sótti oddviti Flateyjar fyrir hönd hreppsnefndar um 24 þús. kr. styrk fyrir þennan bát á árinu 1957, en síðar hefur alþingismaður Suður-Þingeyinga lagt fram umsókn um 40 þús. kr. styrk. Miðar alþingismaðurinn þar við fjölgun ferða bátsins upp í a. m. k. 40 og helzt vikulegar ferðir allt árið.

Slík fjölgun ferða sem alþingismaðurinn fer fram á getur vart skoðazt bráðnauðsynleg vegna almennra vöruflutninga, og virðist því nefnd fjölgun ferðanna í reynd aðallega miðuð við póstflutning.

Ekki skal dregið úr því, að ánægjulegt er að hafa sem tíðastar póstsamgöngur, en með hinni tiltölulega góðu útvarps- og síma- og talstöðvaþjónustu, sem nú nær um land allt, hefur verið dregið stórkostlega úr fyrri einangrun allra byggða, þar á meðal byggðar í Flatey á Skjálfanda.

Má því telja vafasamt, að póstsamgöngur á vikufresti séu svo mikið menningaratriði, að hvergi beri að horfa í kostnað í því sambandi. Oft er það líka hyggileg stjórnarstefna að gera skipulagsbreytingar smátt og smátt, en ekki í stórum stökkum. Mundi undirritaður frá þessu sjónarmiði eftir atvikum telja sanngjarnt og viðunandi að hækka ríkisstyrkinn til þessa báts á árinu 1957 upp í 30 þús. kr. eða rúmlega það, enda var umsókn oddvita send áður en kunnugt var um hækkun tolla og skatta um síðustu áramót.

Loðmundarfjarðarbátur

m/b „Nakkur", 5 br.-tonn, aðalvél 22 hö.

Útgerðarmaður þessa báts, Eðvald Jónsson, Seyðisfirði, hefur í bréfi, dags. 30. okt. s. l., sótt um 20 þús. kr. ríkisstyrk fyrir bátinn til þess að halda uppi ferðum á árinu 1957 með svipuðum hætti og áður. Samningur var um 24 áætlunarferðir á árinu 1956, mismunandi þéttar eftir árstíma, milli Seyðisfjarðar og Loðmundarfjarðar, og nokkrar ferðir voru eins og áður til Húsavíkur. 13 aukaferðir höfðu verið farnar fram til loka október 1956.

Samkvæmt ábendingu undirritaðs í álitsgerð til Alþingis hinn 8. des. 1955 voru flutningsgjöld báts þessa hækkuð á árinu 1956, fargjöld úr 5 í 15 kr. fyrir manninn og farmgjöld úr 60 í 100 kr. á tonn. Gjald fyrir aukaferðir var hækkað úr 100—150 kr. í 200 kr. Eigin tekjur bátsins fram til 30. okt. eru taldar kr. 7600.00.

Styrkur til bátsins fyrir 1956 var hækkaður úr 12 þús. kr., 1955, í 17 þús. kr., og virðist því varla ástæða til að hækka styrkinn um 3 þús. kr. fyrir árið 1957.

Langeyjarnesbátur

m/b Gísli Gunnarsson, Stykkishólmi, 7½ br.-tonn, vél 56 hö.

Útgerðarmaður þessa báts, Eggert Björnsson, Stykkishólmi, sótti í nóv. s. l. um 15 þús. kr. rekstrarstyrk fyrir bátinn á árinu 1957. Skýrir útgerðarmaðurinn frá því, að báturinn hafi á s. l. ári farið 48 ferðir og flutt 650 farþega og 131 tonn varnings. Fargjöld voru samkvæmt tillögu undirritaðs í álitsgerð til samvinnunefndar samgöngumála, dags. 8. des. 1955, hækkuð úr 10 í 15 kr. fyrir manninn og farmgjöld úr 80 í 100 kr. á tonn. Eigin tekjur bátsins ættu samkvæmt því að hafa orðið tæplega 23 þús. kr.

Bátur þessi hefur erfiða siglingaleið, verður að sigla á mismunandi tímum sólarhringsins vegna sjávarfalla og lendir oft í ís yfir veturinn. Segir útgerðarmaðurinn, að báturinn hafi skemmzt verulega í ís síðastliðinn vetur, og talaði útgerðarmaðurinn í því sambandi meðal annars um 15 þús. kr. viðgerðarkostnað, sem bættur hafi verið með aðeins 2 þús. kr. frá vátryggjendum bátsins. Vátryggingariðgjald fyrir bátinn er sagt hafa verið kr. 6000 á síðastliðnu ári, en nú kr. 6500. Afnotagjald af talstöð er kr. 1300 á ári. Olía er sögð notuð fyrir aðeins kr. 1000, og virðist það furðulítil notkun.

Með tilliti til þess, sem nú hefur verið sagt, verður ekki betur séð en útgerðarmaður þessa báts búi við heldur þröngan kost, og vill því undirritaður mæla með því, að útgerðarmanninum verði veittur heldur ríflegri styrkur en hann hefur sótt um, eða allt að 18 þús. kr. á árinu 1957. Mætti þá einnig láta fylgja tilmæli um, að hann annist einnig Skógarstrandarflutninga samkvæmt því, sem fram kemur í næsta kafla.

Skógarstrandarbátur

m/b „Felix", Stykkishólmi, 6 tonna trillubátur:

Eggert Björnsson, útgerðarmaður Langeyjarnesbáts, hafði einnig áætlunarferðir til Skógarstrandar fram til 1954, en þá var komið vegarsamband um Ströndina til Stykkishólms, og benti E. Bj. á, að ekki væri lengur grundvöllur fyrir áætlunarferðir báts á þessari leið og styrkveitingu í því sambandi. Hins vegar bauðst E. Bj. til þess að fara aukaferðir til Skógarstrandar, ef nauðsynlegt þætti á kauptíðum eða þegar vegir tepptust og bændur drægju saman verkefni fyrir bát, enda væri símasamband um alla Ströndina.

Undirritaður gerði tillögur til samvinnunefndar samgöngumála á þessum grundvelli í sambandi við undirbúning fjárlaga fyrir 1955, en þá þótti afgreiðsla nefndarinnar með þeim hætti, að áætlunarferðir ættu að vera sem fyrr milli Stykkishólms og Skógarstrandar.

Kom þá stöðvun á samgöngurnar í bili, því að E. Bj. afsagði að halda uppi áætlunarferðum til Skógarstrandar. Bjóst hann þá jafnframt við að sleppa Langeyjarnesferðunum og bjó bát sinn til fiskveiða. Endaði þessi deila á þá leið fyrir milligöngu þingmanns Snæfellinga, eins og frá er skýrt í greinargerð undirritaðs til samvinnunefndar samgöngumála í fyrra, að umræddum flóabátsstyrk fyrir 1955 var skipt í tvennt, og fékk Sigurður Sörensson, eigandi m/b „Felix", hluta styrksins eða kr. 3000 fyrir árið 1955 og kr. 7000 fyrir árið 1956.

En undirrituðum skilst, að m/b „Felix" hafi aldrei farið neinar reglubundnar áætlunarferðir til Skógarstrandar, heldur hafi ferðirnar verið tækifærisferðir eftir verkefnum, líkt og E. Bj. gaf vilyrði um að fara án styrks, þegar fjárlög voru undirbúin fyrir 1955.

Á árinu 1955 tilgreinir útgerðarmaður m/b „Felix" að vísu 12 ferðir til Skógarstrandar, en verkefni virðast hafa verið mjög lítil. Mun útgerðarmaðurinn og hafa búizt við hærri ríkisstyrk en fékkst greiddur.

Samkvæmt skýrslu útgerðarmanns m/b „Felix", dags. 20. okt. s. l., tilgreinir hann 6 ferðir til Skógarstrandar á árinu 1956 (og fleiri munu ekki hafa verið farnar á árinu) með 11 farþega og 17 tonn af vörum, en af þessum 6 ferðum hefur undirrituðum nýlega verið tjáð, að E. Bj. útgerðarmaður Langeyjarnesbáts hafi farið 4 ferðir fyrir venjuleg flutningsgjöld án hlutdeildar í ríkisstyrknum.

Útgerðarmaður m/b „Felix" hefur í áður nefndri skýrslu sinni um flutningana á síðastliðnu ári óskað eftir ríflegri hækkun ríkisstyrks fyrir árið 1957 án þess að nefna ákveðna tölu, en eins og undirritaður hefur tvisvar áður í skýrslum til samvinnunefndar samgöngumála bent á, verður ekki séð, að grundvöllur sé fyrir þessa styrkveitingu.

Hríseyjarferjan

m/b „Sævar", 5 tonn, trillubátur, byggður 1938—39, 32 ha. vél frá des. 1953:

Með bréfi til Skipaútgerðar ríkisins, dags. 22. okt. s. l., sótti oddviti Hríseyjarhrepps um meðmæli frá Skipaútgerðinni með því, að veittur yrði 20 þús. kr. rekstrarstyrkur til Hríseyjarferju á árinu 1957, og litlu síðar kom oddvitinn að máli við undirritaðan og skýrði frá því, að í ráði væri að útvega nýjan ferjubát, er kosta mundi 150 þús. kr. Óskaði oddvitinn eftir því, að undirritaður mælti með sérstökum styrk úr ríkissjóði að upphæð 75 þús. kr. í þessu skyni.

Undirritaður hefur athugað rekstrarreikning ferjunnar fyrir árið 1955 og rekstraryfirlit frá 1/1—31/8 1956, og virðast þessi gögn sýna, að verkefni ferjunnar séu mjög svipuð og áður. Fargjöld voru hækkuð úr 9 í 12 kr. fyrir manninn á árinu 1955, en eru óbreytt síðan.

Auk styrks frá ríkinu hefur ferjan notið styrks úr sýslusjóði og Hríseyjarhreppi, samtals frá þessum aðilum kr. 7500.00 hvort ár, 1954 og 1955. Hins vegar hækkaði þá ríkisstyrkurinn úr 11 í 15 þús. kr. og í 16 þús. kr. 1956.

Útgerð þessa báts er lítið fyrirtæki, en þó mjög nauðsynlegt Hríseyingum. Telur undirritaður eftir atvikum hóflegt og sanngjarnt að mæla með því að hækka ríkisstyrkinn til bátsins upp í 17—18 þús. kr. á árinu 1957.

Að því er snertir umsókn um sérstakan styrk til kaupa á nýjum ferjubáti, þá leyfir undirritaður sér að benda á, að m/b „Sævar" er ekki tiltakanlega gamall og er auk þess með svo að segja nýja vél (frá des. 1953). Hefur undirritaður leitað upplýsinga um bátinn hjá Skipaskoðun ríkisins, sem upplýsir samkvæmt samtali við trúnaðarmann sinn nyrðra, að báturinn sé í prýðilegu standi. Virðist því að svo stöddu ekki grundvöllur fyrir að mæla með framlagi úr ríkissjóði til kaupa á nýjum ferjubáti, enda er undirrituðum ekki kunnugt, að ríkið hafi áður lagt fram fé til kaupa á trillubátum til flóaferða. Slíkt hefur verið álitið viðráðanlegt einstaklingum eða hlutaðeigandi sveitarfélögum.

Mýrabátur í Faxaflóa.

Hér er um að ræða styrk til bænda á 3 jörðum á Mýrum (Hjörtsey, Knarrarnesi og Straumfirði), sem þurfa að hafa flutninga með trillubátum. Sótt er um hækkun styrksins úr kr. 3300.00 í kr. 3500.00, og er mælt með þeirri umsókn.

Patreksfjarðarbátur.

Hér er um að ræða styrk til bænda við Patreksfjörð, aðallega vegna mjólkurflutninga yfir fjörðinn til Vatneyrar, en auðvitað verður báturinn um leið ferja fyrir fólk, póst o. fl.

Fyrir tveim árum var ráðgert, að þessi ferjuflutningur félli niður og samgöngurnar yrðu að mestu eða öllu leyti á landi, en breyting hefur orðið á þessari fyrirætlun. Snjóýtur hafa ekki verið til staðar til þess að halda vegum opnum yfir veturinn, og hefur því orðið að halda áfram útgerð trillubáts til flutninganna. Var í nóv. s. l. gerður samningur við eiganda trillubáts um daglegar ferðir fram til loka apríl, annan daginn til Örlygshafnar og hinn daginn til Hvalskers, og a. m. k. stundum í Skápadal og að Hlaðseyri, sem felur í sér verulega lengingu á siglingu bátsins frá því, sem var fyrir nokkrum árum, þegar viðkomustaðirnir voru aðeins Vatneyri, Örlygshöfn og Hvalsker.

Í otkóber 1953 hækkaði ferjugjaldið úr 60 í 100 kr. fyrir ferðina. En nú er umsamið gjald 150 kr. fyrir ferð. Óska því hlutaðeigendur hækkunar á ríkisstyrknum, og vill undirritaður mæla með hækkun upp í 3 þús. kr.

Vestmannaeyja- og Þorlákshafnarbátur

m/b Vonarstjarnan, 45 br.-tonn, aðalvél 132 hö.:

Sótt er um 400 þús. kr. ríkisstyrk til báts þessa á árinu 1957.

Undirritaður vísar til ýtarlegra álitsgerða sinna um rekstrarhorfur fyrir þennan bát í sambandi við undirbúning fjárlaga fyrir 1955 og 1956. Hefur það rætzt, sem undirritaður sagði fyrir um rekstrarhalla og úrföll frá þjónustu vegna tjóns og veðurhindrana.

Enn fremur spillti það tilætluðum árangri af þjónustu bátsins á síðastliðnu ári, að yfir há-vertíðina, þegar mjólkurþörfin í Eyjum var mest samkvæmt venju, fengust skipverjar ekki til starfa á bátnum, ef hann sigldi á hverjum virkum degi, þótt veður leyfði, og stafaði þetta af því, að önnur arðbærari vinna var til boða. En að allra dómi hefur útgerðarmaðurinn, sem jafnframt er skipstjóri á bátnum, sýnt mikinn dugnað og árvekni í starfi sínu.

Á síðastliðnu ári er báturinn sagður hafa flutt 590 þús. lítra mjólkur til Eyja og tæplega 100 tonn annarra mjólkurafurða, sem væntanlega hefði eins verið hægt að flytja á annan hátt.

Flutningsgjaldatekjur bátsins eru taldar sem hér greinir á árinu 1955:

Farþega- og vöruflutningar ýmiss konar	kr.	120 521.00
Mjólk og mjólkurafurðir (væntanlega 633½ tonn á 200.00)	—	126 705.00
	Kr.	247 226.00

Á tímabilinu ½—30/9 1956 eru flutningsgjaldatekjurnar taldar:

Fargjöld 852 farþ. á 50.00	kr.	42 600.00
Farmgjöld fyrir ýmsar vörur 198 625 kg á 200.00	—	39 725.00
Farmgjöld fyrir mjólk og mjólkurafurðir 497 426 kg á 200.00	—	99 485.00
	Kr.	181 710.00

Sýnast því flutningsgjaldatekjurnar á árinu 1956 vera mjög svipaðar og áður.

Jóhann Þ. Jósefsson alþingismaður hefur með umsókn um áður nefndan styrk lagt fram rekstraráætlun fyrir bát þennan á árinu 1957, og virðist undirrituðum áætlun þessi mjög nærri lagi, miðað við fyrri reynslu.

Telja má, að bátur þessi sé nær eingöngu styrktur með framlagi úr ríkissjóði vegna nýmjólkurflutninga, því að annað vörumagn mætti auðveldlega flytja með öðrum skipum án aukins kostnaðar fyrir ríkið, og sama er að segja um flutning farþega, enda getur umræddur bátur ekki talizt boðlegur til farþegaflutnings á þeirri leið, sem hér er um að ræða.

Svipmynd af rekstrarafkomu umrædds báts á árinu 1956 virðist undirrituðum verða nokkurn veginn sem hér greinir:

Fargjöld fyrir farþega og farmgjöld fyrir ýmsan varning	kr.	130 000.00
Farmgjöld fyrir ca. 600 tonn nýmjólkur á 200.00	—	120 000.00
Ríkisstyrkur vegna nýmjólkurflutninga á 500.00	—	300 000.00
Að auki virðist vanta tekjur fyrir rekstrarkostnaði og afskriftum sem svarar 166.70 á flutt tonn mjólkur eða samtals	—	100 000.00
Útgerðarkostnaður alls ca.	kr.	650 000.00

Það verður að teljast réttlátt og heilbrigt, að ríkið hlúi að hinni miklu fiskveiði- og athafnastöð í Vestmannaeyjum bæði um samgöngur og annað, en það er skoðun undirritaðs, að umræddur kostnaður við flutning mjólkur til Eyja sé með þeim ókjörum, að ekki verði við unað, fyrst og fremst vegna þess, að Vestmannaeyingar geti ekki haft meira almennt gagn af ferðum mjólkurflutningabátsins en raun ber vitni.

Strandabátur

m/b Guðrún, 17 br.-tonn, aðalvél 80 hö.:

Á síðastliðnu ári var veittur 100 þús. kr. styrkur til þessa báts, en þó varð það úr fyrir eindregna beiðni hreppsnefndar Árneshrepps, sem mest á undir þjónustu þessa báts, að 6 þús. kr. af styrknum voru veittar til 12 áætlunarflugferða milli Reykjavíkur og Gjögurs á hálfsmánaðarfresti, eftir því sem veður leyfði, í 6 mánuði. Gerði hreppsnefnd Árneshrepps með samþykki samgöngumálaráðuneytisins samning við Björn Pálsson um flugferðirnar, en ráðuneytið samdi sjálft við Gunnar Guðjónsson, Ingólfsfirði, um ferðir flóabátsins. Var samið um 24 ferðir alls milli Ingólfsfjarðar og Hólmavíkur fram og til baka á tímabilinu frá 15. maí til 30. sept. Voru þetta vikulegar ferðir nema frá 15. júlí til 15. ágúst, þá tvær ferðir í viku. Í 8 af ofangreindum ferðum fór báturinn samkvæmt samningnum aukalega til Reykjarfjarðar nyrðri, með viðkomu á Drangum.

Svo hljóðandi rekstrarreikningur, dags. 29. sept. 1956, liggur fyrir frá útgerðarmanni m/b „Guðrúnar“ yfir flóaferðir bátsins í 4½ mánuð sumarið 1956:

3 manna áhöfn, skipstjóri	5 740	pr. mánuð	kr.	25 830.00
vélstjóri	5 539	— —	—	24 925.50
háseti	3 500	— —	—	15 750.00
			Kr.	66 505.50
Fæði skipshafnar innifalið í kaupi.				
Olíur			kr.	13 500.00
Trygging á áhöfn			—	2 000.00
Viðhald á skipi og vél			—	12 000.00
Vátrygging á skipi			—	5 000.00
Leiga á skipi			—	22 000.00
Tekjur:				
Ríkisstyrkur		kr.	94 000.00	
Farmgjöld		—	5 000.00	
Fargjöld		—	11 000.00	
Rekstrarhalli		—	11 005.50	
	Samtals	kr.	121 005.50	kr. 121 005.50

Á það skal bent, að bátur þessi mun hafa verið keyptur til Ingólfsfjarðar fyrir 145 þús. kr. 1954, og er því ekki hægt að fallast á leiguupphæð þá, sem sett er á nefndan rekstrarreikning, og þar af leiðandi er heldur ekki hægt að fallast á tilfærðan rekstrarhalla.

Á það verður að benda, að eigin tekjur bátsins hafa orðið mjög litlar, og bendir það til, að verkefnin séu lítil, sérstaklega með tilliti til ríkisstyrksins. Má í þessu sambandi bera saman rekstur 3 annarra álíka stórra flóabáta, Flateyjarbáts á Skjálfanda, Flateyjarbáts á Breiðafirði og Mjóafjarðarbáts, sem eru í þjónustu allt árið.

Stranda-flóabátur hefur yfirleitt eytt 1 til 1½ sólarhring í hverja áður greinda ferð, og er skiljanlega óviðfelldinn blær á því að kosta 17 tonna bát með 3 skipverjum á fullu kaupi, eða sem næst því, ef þjónusta er ekki innt af hendi nema 1 til 2 daga í viku. Þarf helzt að finna einhverja aðra lausn á þessu, hliðstæða þeirri, sem virðist að einhverju leyti hafa fundizt í sambandi við ýmsa aðra flóabáta, sem hafa sundurslitinn þjónustutíma.

Þar sem það hefur lengi verið skoðun undirritaðs, að umræddur flóabátur væri gerður út með óeðlilega háum ríkisstyrk, var á árinu 1954 leitað opinberra tilboða í vikulegar ferðir milli Ingólfsfjarðar og Hólmavíkur frá byrjun júní til loka september ásamt 8 ferðum til Reykjarfjarðar nyrðri, og kom þá hagstæðast tilboð (65 þús. kr.) frá eigendum m/b „Guðrúnar“, sem annazt hefur ferðirnar í 3 ár undanfarin.

Nú eru það óskir hreppsnefndar Árneshrepps að fá að halda a. m. k. eins háum flóabátsstyrk eða samgöngustyrk og áður, með leyfi til að nota hluta af styrknum til þess að tryggja 20—24 áætlunarflugferðir til Gjögurs á árinu 1957. En reynt verði svo að fá eins mikla flóabátsþjónustu og hægt reynist, með útboðum eða samningum á annan hátt, út á mestan hluta styrksins. Hefur hreppsnefndin þegar haft samband við Björn Pálsson, flugmann, sem gerir ráð fyrir að þurfa nú að fá 650 kr. (500 kr. í fyrra) út á hverja áætlunarflugferð án tryggingar fyrir fullfermi farþega. Mundi þetta þýða það, að 13 til 15.6 þús. kr. af umræddum samgöngustyrk færu til flugþjónustunnar, ef samið væri um 20—24 áætlunarflugferðir á ári.

Þá er það tilætlun hreppsnefndar Árneshrepps að stytta framvegis ferðir flóabátsins og hafa endastöð að sunnan á Kaldrananesi, en þangað og til Drangsness er nú kominn vegur frá Hólmavík.

Hefur undirritaður gert eftirgreinda athugun á siglingaleið umræddrs flóabáts, miðað við fyrirkomulag 1956, og lauslega hugmynd hreppsnefndar Árneshrepps um fyrirkomulag 1957:

Ferðir bátsins 1956.

24	ferðir	× 63	mílur	× 2	= 3024	mílur
8	—	× 22	—	× 2	= 352	—
					3376	mílur.

Hugmynd um fyrirkomulag 1957.

22	ferðir (vikulega frá 15/5—15/10)	× 49.5	mílur	× 2	= 2178	mílur
10	ferðir til Reykjarfj. um Dranga	× 22	mílur	× 2	= 440	—
					2618	mílur.

Til leiðbeiningar skal á það bent, að m/s „Skjaldbreið“ á að fara 23 áætlunarferðir til Stranda og annarra norð-vesturlandshafna á árinu 1957, og á skipið jafnan að koma við á aðalhöfnum á Ströndum á bakaleið frá Akureyri, eftir 3—4 daga. Er aðgengilegt fyrir fólk á Ströndum að komast með skipinu í akvegasamband, þegar skipið er á austurleið, en á vesturleið er þetta erfiðara, þar eð skipið siglir venjulega beint frá Skagaströnd til Hólmavíkur og þaðan norður um Strandahafnir. En vitanlega er erfitt að haga ferðum skipsins á vesturleið þannig, að þær séu í samræmi við ferðir áætlunarbifreiða til Skagastrandar eða Hólmavíkur, enda siglir skipið á nótt sem degi, og oft raskast af ófyrirsjáanlegum atvikum löngu fyrir fram samin áætlun skipsins.

Rétt þykir að benda á það, að þrátt fyrir nefndar áætlunarferðir „Skjaldbreiðar“, býr fólk á Ströndum við minni strandferðasamgöngur á vegum Skipaútgerðarinnar en sambærilega sett fólk á Austfjörðum og Vestfjörðum, og er frá því sjónarmiði sanngjarnt, að fólk á Ströndum fái nokkurn aukafjárstyrk úr ríkissjóði til samgöngubóta.

Er því hér með lagt til, að 100 þús. kr. fjárveiting til samgöngubóta á Ströndum verði veitt á umræddum útgjaldalið fjárlaga fyrir árið 1957 og verði styrknum varið í samræmi við framanritað, svo sem ákjósanlegt má þykja fyrir hlutaðeigendur.

Haganesvíkurbátur.

Fyrir 2—3 árum var það á dagskrá, að fenginn yrði sérstakur bátur til ferða milli Haganesvíkur og Siglufjarðar, vegna þess að fólk í Haganesvík taldi sig ekki geta unað við það sökum kostnaðar að þurfa yfirleitt að afgreiða flóabátinn „Drang“ í næturvinnu. En þannig er háttað ferðum „Drangs“ til Haganesvíkur vegna sambands við ferðir áætlunarbifreiða o. fl., að báturinn er oftast á Haganesvík utan dagvinnutíma.

Mál þetta hefur samt verið leyst þannig að undanförnu, að ríkisstyrkur veittur til Haganesvíkurbáts hefur verið notaður til niðurgreiðslu á aukakostnaði við næturafgreiðslu „Drangs“.

Hefur skipaafgreiðslan á Haganesvík skýrt undirrituðum frá því, að á árinu 1955 hafi verið 12 þús. kr. tap af næturafgreiðslu strandferðaskipa, en að langmestu leyti vegna „Drangs“, og meira tap muni vera á síðastliðnu ári, þótt það sé ekki endanlega gert upp. Fer oddviti Haganesvíkurhrepps í þessu sambandi fram á það í símskeyti til undirritaðs, dags. 14. þ. m., að áður nefndur ríkisstyrkur verði hækkaður upp í 8 þús. kr. á árinu 1957.

Nú er það svo í sambandi við strandferðaskip almennt, að þau verður að afgreiða

á nótt sem degi, annars yrðu afköstin harla lítil, þar eð dagvinnutíminn nær ekki yfir nema þriðjung sólarhringsins og varla það, þegar helgarnar eru teknar með.

Hér er því um að ræða almennt vandamál, sem skipaafgreiðslur verða yfirleitt að mæta án ríkisstyrks. Verður skipaafgreiðslan á Haganesvík auðvitað að finna ráð til að mæta nokkrum aukakostnaði á þessu sviði eins og svo margar aðrar skipaafgreiðslur, en þó verður að fallast á, að umræddur kostnaður við afgreiðslu „Drangs" á Haganesvík sé það mikill, að sanngjarnt sé að láta nokkurn ríkisstyrk haldast, og vill undirritaður mæla með 7 þús. kr. fjárveitingu á árinu 1957.

Flutningastyrkur fyrir Vestur-Skaftafellssýslu.

Fyrir liggur umsókn frá alþingismanni Vestur-Skaftfellinga um 215 þús. kr. flutningastyrk úr ríkissjóði á árinu 1957.

Samkvæmt skýrslum sýsluskrifstofunnar í Vík var styrkur úr ríkissjóði á árunum 1954 og 1955 notaður til að borga hluta af flutningskostnaði fyrir eftirgreindar vörur: Matvörur, fóðurvörur, tilbúinn áburður, kol og koks. Niðurgreiðslurnar námu hvort ár 85 kr. á tonn vestan Mýrdalssands og 115 kr. á tonn austan Mýrdalssands.

Úthlutað var fyrir árið 1954 kr. 143 313.71, en fyrir árið 1955 kr. 155 927.12.

Virðist því vörumagn hafa verið nokkru meira síðara árið.

Úthlutun er ekki lokið fyrir árið 1956, en þá var flutningastyrkurinn 190 þús. kr. Virðast því hlutaðeigendur á því ári fá nærri 22% hækkun á flutningastyrknum miðað við 1955.

Eftir kaupdeilu varð almenn hækkun á kaupi verkamanna í lok apríl 1955, sem nam ca. 12%, með lengingu orlofs og atvinnuleysistryggingagjaldi. En kaupgjald hefur að öðru leyti hækkað af völdum breyttrar vísitölu, svo sem sjá má af eftirgreindum tölum:

Meðalvísitala	1955	162.25 stig.
—	1956	175.58 —
Bundin vísitala	jan./febr. 1957	178 —

Af áhrifum vísitölunnar hefur því kaupgjald að meðaltali hækkað um 8.2% frá 1955 til 1956 og um 9.7% frá meðaltali 1955 til þess, sem nú er.

Benzín hækkaði um 20.7% frá meðalverði 1955 til meðalverðs 1956 og um 24% frá meðalverði 1955 til núverandi verðs.

Seld vinna frá vélsmiðjum er sögð hafa hækkað um ca. 11% frá miðju ári 1955 til ársloka 1956. Stál er sagt hafa hækkað um 25% á sama tíma, og má því búast við, að innfluttir varahlutir úr stáli hafi hækkað mjög verulega í samræmi við verð efnisins.

Loks verður að benda á verðhækkun innfluttra vara til rekstrar bifreiða í sambandi við hækkun tolla og skatta um síðustu áramót.

Með hliðsjón af framanrituðu telur undirritaður, að haldið mundi vel í horfinu miðað við 1955 um niðurgreiðslustyrk til Vestur-Skaftfellinga vegna flutningskostnaðar, ef veittur yrði 200 þús. kr. flutningastyrkur til þeirra á næsta ári. Á það skal þó bent, að þetta er miðað við svipað vörumagn og áður. Ekkert skal heldur um það sagt, að umræddur styrkur 1955 hafi verið réttlátur og sanngjarn, því að ekkert allsherjar samræmi er í því, hvaða flutningskostnað fólk í hinum ýmsu byggðarlögum þarf að greiða fyrir nauðsynjar sínar. Er og vitað, að mikils misræmis gætir á þessu sviði.

Þess skal að lokum getið, að verzlunarfyrirtæki þau í Vík, sem annast að mestu vöruflutninga fyrir Vestur-Skaffellinga, hafa ekki breytt gjaldtöxtum sínum frá því 1953. Eru gjöldin 300—330 kr. á tonn milli Rvíkur og svæðisins vestan Mýrdalssands, en 400 kr. til svæðisins austan Mýrdalssands. En þar sem nefnd flutningafyrirtæki eru eign almennings á verzlunarsvæðinu, kemur auðvitað hækkaður rekstrarkostnaður bifreiðanna á almenning, þótt flutningsgjaldataxtar séu í orði kveðnu óbreyttir.

Bátaferðir í Austur-Skaftafellssýslu og vöruflutningar til Öræfa.

Alþingismaður Austur-Skaftfellinga sækir um 10 þús. kr. styrk til ferju á Hornafirði og 70 þús. kr. styrk vegna vöruflutninga til og frá Öræfum.

Samkvæmt skýrslum, sem alþingismaðurinn hefur lagt fram, var flutningastyrk á árinu 1955 ráðstafað til niðurgreiðslu á flutningskostnaði fyrir 107 tonn flutt með flugvélum og 136 tonn flutt með bifreiðum til og frá Öræfum.

Flutningsgjaldstaxti Flugfélagsins hélzt óbreyttur og helzt enn kr. 980.00 á tonn, en flutningsgjald með bifreiðum er sagt hafa verið reiknað kr. 600.00 á tonn. Niðurgreiðsla fyrir flutning með flugvélum var rúmlega 300 kr. á tonn og með bifreiðum 100 kr. á tonn, þannig að nettó-flutningskostnaður var rúmlega 600 kr. á tonn flutt með flugvélum og 500 kr. á tonn flutt með bifreiðum.

Á árinu 1956 er flutningur með flugvélum sagður álíka mikill og 1955, en meiri flutningur landveg. Fer því nokkuð af 5 þús. kr. hækkun flutningastyrks fyrir árið 1956 til þess að greiða niður flutningskostnað fyrir aukið vörumagn, en lítils háttar mun þó verða afgangs til þess að minnka hinn áður nefnda háa flutningskostnað, og má það væntanlega teljast sanngjarnt.

Undirritaður hefur átt tal við forstjóra Flugfélags Íslands og spurt, hvort flutningsgjald á Öræfaleiðinni mundi breytast á árinu 1957. Sagði forstjóri Flugfélagsins, að ákvörðun hefði enn ekki verið tekin um þetta. Hér væri aðallega um að ræða flutning á kauptíðum, og mundi því ákvörðun um breytingu umræddsstaxta bíða vorsins, en búast mætti við hækkun flutningsgjaldsins.

Verði umrætt flutningsgjald Flugfélagsins hækkað, má búast við, að hækkunin verði ekki minni en 10%, og mundi það, miðað við svipað flutningsmagn og áður flutt með flugvélum, valda auknum flutningskostnaði að upphæð 10—11 þús. kr. fyrir flugvarninginn einan.

Virðist því ekki óeðlilegt að taka áður nefnda umsókn um styrk til greina, enda er flutningskostnaður Öræfinga mjög hár.

Mælt er með óbreyttum styrk til Hornafjarðarferju.

Faxaflóaskip

m/s Akraborg, 358 br.-tonn, aðalvélar 2×500 hö.:

Fyrir liggur beiðni frá h/f Skallagrími, útgerð skips þessa, um 600 þús. kr. ríkissjóðsstyrk á næsta ári.

Leiguskip voru í þjónustunni frá ársbyrjun til loka marz 1956, en þá kom hið nýja skip „Akraborg".

Fullnaðarreikningsuppgjör liggur ekki fyrir um útgerð nefndra skipa á síðastliðnu ári, en undirritaður hefur fengið í hendur bráðabirgðarekstrarreikninga:

a. Fyrir leiguskip og „Akraborg" frá 1/1—30/9 1956.
b. Fyrir „Akraborg" í okt./nóv. 1956.
c. Fyrir „Akraborg" í des. 1956.

Reikningar þessir sýna tap á leiguskipum í byrjun ársins að upphæð 200 þús. kr., en hagnað á rekstri „Akraborgar" 58 þús. kr.; mismunur tap 142 þús. kr. Í þessari tapupphæð eru þó vextir, væntanlega allt að 100 þús. kr., sem vafasamt er að skylt sé að skuldfæra eða skuldfæra beri að svo stöddu. Þá vantar 10 þús. kr. upp á, að fastákveðinn ríkisstyrkur á árinu 1956 hafi verið færður til tekna. Einnig er ófærð 200 þús. kr. greiðsluheimild ríkissjóðs, enda er e. t. v. óákveðið, hvort hún verður notuð. Þá vantar að færa afskrift, sem varla mundi reiknuð minna en 5% af 6 millj. kr., í 8 mánuði 225 þús. kr. Loks eru talin ófærð á nefnda reikninga nokkur venjuleg rekstrargjöld og tekjur, og er því ekki hægt að segja nákvæmlega, hvernig endanleg reikningsútkoma verður.

Í ársbyrjun 1956 stóð efnahagur h/f Skallagríms nokkurn veginn þannig:

Eignir:

Akraborg í smíðum	2 788	þús. kr.
Lausafé, hús og áhöld	184	— —
Samansöfnuð töp	1 307	— —
	4 279	þús. kr.

Skuldir:

Lausaskuldir	459	þús. kr.
4% ábyrgðarlán í Sparisjóði Mýrasýslu	300	— —
Samþykktir víxlar (upphæðin nú orðin að forgangshlutafé)	550	— —
Forgangshlutafé	2 150	— —
Gamalt hlutafé	820	— —
	4 279	þús. kr.

Kaupverð Akraborgar er sagt alls d. kr. 2 604 000.00, með gengi 236.30 kr. 6 153 000.00. En í þessu kaupverði eru taldir forvextir af eftirgreindum víxilskuldum í Danmörku í sambandi við byggingu skipsins:

Víxill, gjalddagi:

1/7 '57	d. kr.	501 400.00
1/1 '59	— —	557 973.33
1/3 '60	— —	570 400.00
	d. kr.	1 629 773.33

með gengi 236.30 ísl. kr. 3 851 154.38.

Við ofangreint kaupverð Akraborgar er talið eftir að bæta leyfisgjaldi, stimpilgjaldi, byggingarumsjónarlaunum, vöxtum og ýmsum kostnaði 364 þús. kr., þannig að bókfært kaupverð skipsins verði alls með ofangreindum stofn- og fylgikostnaði 6 153 + 364 = 6 517 þús. kr.

Á móti þessu heildarverði kemur:

Ógreitt í Danmörk	3 851	þús. kr.
Forgangshlutafé	2 700	— —
	6 551	þús. kr.

Hefur því félagið fram til þessa haft fé beinlínis til þess að standa straum af skipakaupunum, en lausaskuldirnar frá fyrri tíma skapa auðvitað erfiðleika, og bersýnilegt er, að félagið skortir fé til innlausnar á víxli þeim í dönskum kr., sem fellur í gjalddaga hinn 1. júlí n. k.

Vonir standa til, að ekki verði verulegur halli á rekstri „Akraborgar“ í framtíðinni, nema rekstrarskilyrði breytist til óhagræðis. Telur því undirritaður óvíst, að veita þurfi félaginu mikinn beinan rekstrarstyrk framvegis, en vegna áður nefndrar fjárhagsaðstöðu nú við upphaf rekstrar „Akraborgar“ vill undirritaður mæla með því, að félaginu verði veittur 500 þús. kr. rekstrarstyrkur á árinu 1957, án tillits til þess, hvort félagið kann að þurfa á meiri opinberri fjárhagsaðstoð að halda til þess að standa við skuldbindingar sínar í sambandi við greiðslu á byggingarkostnaði hins nýja skips.

Reykjavík, 18. febrúar 1957.

Skipaútgerð ríkisins,

Guðjón F. Teitsson.

Til samvinnunefndar samgöngumála, Alþingi.

Sþ. 276. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1957.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

1. Við 13. gr. B. II. (Til flóabáta og vöruflutninga).
   Fyrir „2 168 000“ kemur ..... 2 791 600.
2. Við 22. gr. XI. Liðurinn orðist svo:
   Að greiða rekstrarhalla, ef óhjákvæmilegt reynist, vegna Vestmannaeyja- og Þorlákshafnarbáts, Stykkishólmsbáts og til h/f Skallagríms, allt að 50 þús. kr. til hvers — samtals allt að 150 þús. kr.

Nd. 277. Frumvarp til laga [9. mál]

um breyting á lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

1., 2. og 3. málsliður 1. málsgr. 16. gr. laganna orðist þannig:

Starfsmenn skulu árlega fá orlof í 18 virka daga og einskis í missa af föstum launum. Ef sérstaklega stendur á, má orlof þó vera allt að 21 virkum degi. Starfsmönnum, er verið hafa í þjónustu ríkisins lengur en 15 ár, má veita orlof allt að 27 virkum dögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 278. Frumvarp til laga [98. mál]

um breyting á lögum nr. 18 4. nóv. 1887, um veð.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

2., 3., 4. og 5. málsgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Eigi veðsali heimili í Reykjavík, skal afhenda skjalið til innritunar í veðmálaskrár innan þriggja vikna frá dagsetningu þess, en í öðrum kaupstöðum skal þinglýsa því á fyrsta, öðru eða þriðja bæjarþingi, eftir að það er dagsett, og fær bréfið, ef út af er brugðið, eigi veðgildi frá þinglýsingardegi, þótt síðar verði lýst.

Eigi veðsali heima utan kaupstaða, skal lýsa veðbréfinu á manntalsþingi hinu næsta eftir að það er dagsett, og fer um það sem áður segir, ef út af er brugðið. Hafi því verið þinglýst á réttum tíma, en áður sýnt, til þess að það verði ritað fyrir fram í afsals- og veðmálabókina, svo sem segir í l. nr. 30 7. maí 1928, nær það veðgildi frá þeim degi, er það var sýnt.

Nú flytur veðsali í aðra þinghá, og skal þá þinglýsa bréfinu að nýju á þingi þar og eigi síðar en áður segir frá þeim degi, er hann kom þangað.

Svo skal og þinglýsa öllum veðskuldbindingum, sem þegar hafa verið gefnar fyrir almennu sjálfsvörzluveði í lausafé eða sjálfsvörzluveði í einstökum munum,

ella eru þær ógildar. Skal það gera innan sama frests og að framan greinir, eftir að lög þessi ná gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 279. Frumvarp til laga [126. mál]

um landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1957.)

I. KAFLI

1. gr.

Tilgangur þessara laga er að efla og auka byggð í sveitum landsins með því að stuðla að fjölgun nýbýla, ræktun og byggingum í sveitum og þá m. a. að stækkun túna á þeim jörðum, þar sem ræktun er skemmst á veg komin.

Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi varða.

2. gr.

Nýbýlastjórn er skipuð fimm mönnum til fjögurra ára í senn. Skulu fjórir þeirra kosnir hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi. Varamenn skulu kosnir á sama hátt. Fimmta manninn, sem jafnframt er formaður nýbýlastjórnar, svo og varamann hans, skipar landbúnaðarráðherra.

Nýbýlastjórn ræður sér framkvæmdastjóra, er nefnist landnámsstjóri. Hann hefur sömu laun og búnaðarmálastjóri.

3. gr.

Landnámsstjóri annast framkvæmdir og dagleg störf samkvæmt lögum þessum eftir ákvörðun nýbýlastjórnar. Hann undirbýr tillögur og áætlanir um frumræktun lands til stofnunar einstakra nýbýla, byggðahverfa í sveitum og til nytja fyrir kauptún og kaupstaði. Einnig skal hann hafa yfirumsjón með þeim framkvæmdum, sem nýbýlastjórn hefur ákveðið að fengnu samþykki þeirra aðila, sem hlut eiga að máli.

Búnaðarfélag Íslands og Atvinnudeild Háskólans skulu veita nýbýlastjórn og landnámsstjóra þá sérfræðilega aðstoð, sem þeim er unnt.

II. KAFLI

Um landnám ríkisins.

4. gr.

Stofnun sú og starfsemi, er nýbýlastjórn og landnámsstjóri veita forstöðu, nefnist Landnám ríkisins.

5. gr.

Ríkisstjórnin lætur eftir tillögum nýbýlastjórnar undirbúa ræktun lands, þar sem stofna skal byggðahverfi í sveitum, nýbýli einstaklinga utan byggðahverfa eða hefja meiri háttar ræktunarframkvæmdir við kauptún og kaupstaði.

Til þessara framkvæmda greiðir ríkissjóður minnst 5 milljónir króna á ári næstu 25 ár, í fyrsta sinn 1957.

6. gr.

Landnámsstjóri skal, eftir því sem við verður komið, láta gera heildaruppdrætti af byggð landsins og á grundvelli þeirra, í samráði við hreppsnefndir og héraðsstjórnir, gera tillögur um skipulag byggðarinnar, hvernig hagkvæmast sé að þétta byggðina með skiptingu jarða og hvaða lönd séu hentug til afnota fyrir byggðahverfi. Skulu hreppsnefndir og héraðsstjórnir, að fengnum slíkum tillögum, vinna að því, að þeim sé framfylgt við uppbyggingu og skipting jarða.

7. gr.

Undirbúningur lands til ræktunar, sem ríkið framkvæmir til stofnunar byggðahverfa, skal vera í því fólginn að ná á eina hönd samfelldu landi til ræktunar og nytja, ræsa fram það land, sem rækta skal, svo og að undirbúa land til beitiræktar með framræslu og á annan hátt, leggja nýbýlavegi samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 35 14. maí 1955, eftir því sem fé er veitt til þeirra á fjárlögum, svo og að leggja frá þeim nauðsynlega heimreiðarvegi að býlunum, enn fremur að leggja aðalæðar til vatnsleiðslu og skolpleiðslu.

8. gr.

Landnám til stofnunar byggðahverfa skal fara fram á landi, sem er eign ríkisins eða bæjar- eða sveitarfélaga. Þó skal kaupa land í þessu skyni, ef þess gerist þörf. Heimilt er að taka jarðir, sem ekki eru í sjálfsábúð eða erfðaábúð, eignarnámi til þessara nota og einnig landsspildur af einstökum jörðum, sem eru í sjálfsábúð eða erfðaábúð og þær geta án verið. Eignarnám má þó því aðeins fara fram, að öll nýbýlastjórn sé því samþykk og fullreynt sé að dómi landbúnaðarráðherra, að samkomulag náist ekki um kaup á landinu.

9. gr.

Áður en landnámsframkvæmdir eru hafnar á hverjum stað, skal landnámsstjóri, eftir tillögum nýbýlastjórnar, láta fara fram rannsókn á skilyrðum til ræktunar, rafvirkjunar, afnota af jarðhita, samgangna, markaðsskilyrðum og öðru, sem mestu máli skiptir í sambandi við stofnun byggðar á staðnum. Jafnframt skal hann láta gera skipulagsuppdrátt og kostnaðaráætlun um landnámið og þá byggð, sem þar á að rísa, ef um byggðahverfi er að ræða, og gera áætlanir og tillögur um það, hvers konar búskapur þar skuli rekinn.

Áætlanir og rannsóknir landnámsstjóra skulu lagðar fyrir nýbýlastjórn til samþykktar, áður en framkvæmdir hefjast.

10. gr.

Áður en landnám er hafið, skal sveitarstjórn, þar sem það á að fara fram, gefinn kostur á því að gera grein fyrir, hver áhrif hið fyrirhugaða landnám muni hafa á afkomuöryggi bújarða þeirra, sem fyrir eru í sveitinni, kauptúninu eða kaupstaðnum og sveitar- eða bæjarfélaginu í heild.

Verði ágreiningur um fyrirætlanir nýbýlastjórnar við hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnir, sker landbúnaðarráðherra úr.

11. gr.

Þegar lokið er undirbúningi samkv. 7. gr. og ræktun, sem landnámi ríkisins ber að framkvæma samkvæmt þessum lögum, vegna fyrirhugaðrar stofnunar byggðahverfis, skal landið leigt einstaklingum á erfðaleigu með skilmálum, sem nánar skulu teknir fram í reglugerð. Leigan skal miðuð við fasteignamat lands og mannvirkja, sem kostuð eru af landnámsfé, og skal leigan vera 5% af fasteignamatsverðinu.

12. gr.

Nýbýlastjórn er heimilt að semja við búnaðarsambönd eða ræktunarsamtök, sem hafa sett sér jarðræktarsamþykktir samkvæmt lögum nr. 7 12. jan. 1945, um að

þau taki að sér að ræsa fram og undirbúa til ræktunar land þar, sem reisa á einstök býli. Þessi heimild skal þó aðallega notuð þar, sem hagkvæmt er að framkvæma verkið með fullkomnustu vélum.

13. gr.

Nýbýlastjórn skipar þriggja manna nýbýlanefnd í hverri sýslu. Skulu tveir þeirra kosnir af hlutaðeigandi búnaðarsambandi en einn skipaður af nýbýlastjórn, og er hann formaður. Skipa skal héraðsráðunaut, þar sem því verður við komið. Kosning og skipun nefndarmanna gildir til 4 ára. Hlutverk nefndarinnar er að vera nýbýlastjórn og landnámsstjóra til aðstoðar og ráðuneytis innan sýslu um val á landi til nýbýla og undirbúnings þeim framkvæmdum, sem fyrirhugaðar eru samkvæmt lögum þessum, svo og að hafa eftirlit með því, að fyrirmælum laga þessara sé fylgt.

III. KAFLI

Um almenn skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð Landnáms ríkisins.

14. gr.

Landnám ríkisins veitir fjárhagslega aðstoð samkv. lögum þessum sem hér segir:

1. Til stofnunar nýbýla, sem hafa landumráð og búrekstrarskilyrði, sem að lögum gilda um stærð lögbýla, að fengnu leyfi nýbýlastjórnar til nýbýlastofnunar, þó þannig:
   a. Að ræktanlegt land til túnræktar, garðræktar eða akuryrkju sé minnst 25 ha á einstaklingsnýbýlum og býlum í byggðahverfum.
   b. Að því fylgi beitiland, sem að dómi nýbýlastjórnar er fullnægjandi með tilliti til þeirra búgreina, sem telja má, að hagkvæmt verði að hafa á býlunum og með hliðsjón af möguleikum til beitiræktar á því landi.
2. Ef tveir eða fleiri bændur stofna til búskapar á sömu jörð með því að reka á henni félagsbú, í stað þess að stofna á henni nýbýli, er heimilt að veita þeim aðstoð til ræktunar og bygginga þannig, að um sömu aðstoð til bændafjölgunar sé að ræða og veita bæri, ef nýbýlamenn ættu í hlut. Það er skilyrði fyrir slíkri aðstoð, að ábúendur hafi með sér samningsbundna samvinnu um búreksturinn, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.
3. Til þess að endurreisa byggð á eyðijörðum og koma í veg fyrir, að jarðir fari í eyði, enda hafi jarðirnar eigi lakari skilyrði til búrekstrar en krafizt er fyrir nýbýli samkv. lögum þessum m. a. að því er varðar landsstærð og ræktunarhæfi lands.
4. Til garðyrkjubýla, er hafa minnst 2 ha lands til ræktunar og umráð jarðhita til gróðurhúsaræktunar, er svari til þess, er þarf til að fullnægja hitaþörf 1000 m² flatarmáls í gróðurhúsi og 500 m² flatarmáls vermireita, enda svari hitamagn til minnst 1 sek./lítra af 85° heitu vatni á C. Slíkum býlum má því aðeins veita framlags- og lánaréttindi, að þau séu utan takmarka skipulagðra svæða kaupstaða, kauptúna eða sveitaþorpa.
5. Til smábýla í sveitum fyrir þá, er aðalatvinnu hafa af iðnaði eða handverki eða gegna föstum störfum í almenningsþágu, enda eigi þeir umráð a. m. k. 6 ha ræktunarhæfs lands og tilsvarandi beitarréttindi miðað við þær búgreinar, sem arðvænlegastar teljast á staðnum.

IV. KAFLI

Um byggðahverfi.

15. gr.

Þegar reisa skal byggðahverfi á landi, sem ríkið hefur numið samkvæmt II. kafla, skal landnámsstjóri í samráði við nýbýlastjórn gera áætlanir um stofnun byggða-

hverfanna, og sér hann síðan um framkvæmdir samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

16. gr.

Byggðahverfi nefnist í lögum þessum minnst 3 býli, þar sem framkvæmdir allar við ræktun og byggingar eru gerðar eftir ákveðnu skipulagi, enda sé fullnægt skilyrðum 14. gr.

17. gr.

Þegar ákveðið hefur verið, að byggðahverfi skuli stofnað, skal Landnám ríkisins rækta 10 ha túns fyrir hvert býli. Landnámsstjóri sér um, að reist séu íbúðarhús, nauðsynlegustu peningshús, hlöður og verkfæraskemmur við hæfi þess búrekstrar, sem fyrirhugaður er á býlunum. Til bygginganna útvegar hann lán úr Byggingarsjóði og Ræktunarsjóði Íslands. Um fjárhæð þeirra lána fer samkvæmt lögum og reglum, er um útlán þessara sjóða gilda á hverjum tíma. Um framlag til íbúðarhúsa fer eftir ákvæðum 26. greinar.

18. gr.

Býli, sem reist eru í byggðahverfi, skulu leigð, þegar byggingar hefjast á hverju býli, í erfðaábúð samkvæmt lögum nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð. Forgangsrétt að erfðaábúð skulu hafa bændur og börn bænda á þeim jörðum, sem hverfislandið er fengið úr, og þar næst ábúendur í viðkomandi sýslu, sem ekki geta fengið lán úr Byggingarsjóði vegna þess, að jarðir þeirra dæmast ekki hæfar til framtíðarábúðar.

19. gr.

Ef erfðaábúðarhafi býlis í byggðahverfi vill selja býli sitt, hefur Byggingarsjóður forkaupsrétt að því gegn kostnaðarverði að frádreginni fyrningu. Þetta gildir þó ekki, ef eigandi býlis selur það foreldri sínu, systkini, barni, stjúpbarni, tengdabarni, kjörbarni, fósturbarni eða barni þeirra, enda sé söluverðið eigi hærra en kostnaðarverð að frádreginni fyrningu og kaupandi gerist þar sjálfur ábúandi.

20. gr.

Hver bóndi í byggðahverfi skal hafa fullræktað land það, sem til ræktunar er ætlað, á eigi skemmri tíma en 10 árum frá því er hann tók við býlinu og þeirri ræktun, sem Landnám ríkisins framkvæmir, enda ber honum skylda til að rækta að minnsta kosti á ári hverju 1/10 hluta þess lands, sem hann tók við óræktuðu, nema hann hafi næstu ár á undan lokið meiri ræktun en honum ber skylda til samkvæmt þessum ákvæðum. Vanræki hann þetta, hefur hann fyrirgert rétti sínum til leigu og ábúðar á býlinu. Skal nýbýlastjórn skylt að hafa eftirlit með því, að jarðirnar séu vel setnar og svo sem lög þessi og reglugerðir, sem settar verða eftir þeim, mæla fyrir, og er heimilt að víkja af býlunum bændum þeim, sem uppfylla ekki þau fyrirmæli, sem sett eru um ábúð þeirra.

21. gr.

Ef erfðaábúðarhafi jarðar í byggðahverfi missir rétt sinn til leigu og ábúðar á býlinu samkvæmt 19. og 20. gr., eða vanefnda þeirra atriða erfðaábúðarlaga nr. 116 30. des. 1943, sem útbyggingu varða, skal Byggingarsjóður taka við því og greiða fráfarandi það, sem hann hefur í býlið lagt samkvæmt mati dómkvaddra manna.

22. gr.

Eigendum og ábúendum jarða í byggðahverfi veitist, eftir að stofnframkvæmdum er lokið, fjárhagsleg aðstoð samkvæmt sömu reglum og veitt er öðrum lögbýlisjörðum.

V. KAFLI
Um nýbýli einstaklinga utan byggðahverfa.

23. gr.

Sá, sem reisa vill nýbýli og hefur tryggt sér til þess umráðarétt á landi, sendi landnámsstjóra umsókn um, að hann fái heimild til að reisa býli, er njóti þeirra hlunninda, er lög þessi veita. Nýbýlastjórn lætur þá athuga alla aðstöðu til stofnunar nýbýlisins og úrskurðar, hvort hún sé nægilega góð til þess að stutt skuli að því, að býlið verði reist.

Landnámsstjóra ber að veita aðstoð við útvegun lands til nýbýla samkvæmt þessum kafla, eftir því sem unnt er, sé þess óskað af hlutaðeigendum.

24. gr.

Nú telur sá, er reisa vill nýbýli og hefur fengið til þess samþykki nýbýlastjórnar, sér henta að ljúka meiri eða minni undirbúningsframkvæmdum, svo sem framræslu og ræktun á hinu fyrirhugaða nýbýlalandi, áður en byggingar eru reistar, og skal hann þá njóta sama framlags frá Landnámi ríkisins til þeirra framkvæmda og þeir, sem byggja fyrst og rækta svo. Slíkt framlag er þó bundið eftirfarandi skilyrðum:

a. Að hlutaðeigandi hafi full eignarumráð eða erfðaábúðarréttindi á landi því, sem nýbýlið verður stofnað á.
b. Að framkvæmdirnar, sem framlags njóta, séu gerðar í samráði við nýbýlastjórn eða trúnaðarmenn hennar.
c. Að hlutaðeigandi skuldbindi sig til að hafa reist nauðsynlegar byggingar á landinu ekki síðar en 5 árum eftir að ræktunarframlag var fyrst greitt. Að öðrum kosti endurgreiði hann Landnámi ríkisins framlagið með 5% vöxtum frá greiðsludegi.
d. Stofnandi nýbýlisins setji land nýbýlisins að veði með 1. veðrétti sem tryggingu fyrir því, að staðið verði við framangreindar skuldbindingar.

Veðbinding þessi fellur niður, þegar íbúðarhús hefur verið reist á landinu.

25. gr.

Til nýbýla utan byggðahverfa má veita fjárhagslegan stuðning samkvæmt lögum þessum, hvort sem þau eru reist á ræktuðu landi, sbr. þá 28. gr., eða á landi, sem er vel fallið til ræktunar og búskapar, en eigi áður ræktað, enda sé fullnægt skilyrðum 14. gr. Nýbýlið skal fá úrskipt land með ákveðnum landamerkjum, hvarvetna þar, sem því verður við komið. Nýbýlastjórn er heimilt að verja ákveðinni fjárhæð til undirbúnings hvers býlis og greiða hana þeim, er býlið stofnar, eftir því sem ræktun miðar áfram á býlinu. Sé slík greiðsla, ef um nýbýli á óræktuðu landi er að ræða, miðuð við 10 ha ræktun og meðalkostnað við stofnun býlis í byggðahverfi og ákveðin á hverjum stað, áður en til einstakra býla er stofnað samkvæmt þessu ákvæði.

26. gr.

Til íbúðarhúsabygginga á nýbýlum einstaklinga utan byggðahverfa og í byggðahverfum er heimilt að veita framlag allt að 25 þúsund krónum, sem greiðist að hálfu, þegar hús er fokhelt, og að fullu, þegar byggingu þess er lokið, sbr. 17. gr.

Til þessara ráðstafana leggur ríkissjóður fram 1½ milljón króna árlega, í fyrsta sinn 1957.

27. gr.

Nýbýli, sem stofnuð eru úr landi einstaklinga, njóta því aðeins þeirra réttinda, er um getur í 25. gr., að stofnandi býlisins hafi eignarumráð á því landi, sem býlinu fylgir, og að landið sé laust við öll veðbönd, þegar stofnunarheimild er útgefin.

28. gr.

Þegar nýbýli er stofnað í landi jarðar, skal þess gætt, að jörðin hafi eftir minnst 10 ha tún, ef verið hefur svo stórt, og svo mikið landrými, að nægilegt teljist til búskapar að dómi nýbýlastjórnar.

29. gr.

Heimilt er nýbýlastjórn að láta reisa nýbýli samkvæmt þessum kafla, eitt eða fleiri, á jörðum ríkisins, sem losna úr ábúð. Einnig er henni heimilt að kaupa lönd í sama skyni. Skal þá undirbúningur undir stofnun býlanna vera með sama hætti og stofnun nýbýla í byggðahverfum og forkaupsréttur að býlunum með sama hætti.

30. gr.

Nú vill eigandi nýbýlis selja það eða verður að láta það af hendi, og skal þá, ef fram er tekið í samningi með samþykki landnámsstjóra, sá, er landið lét af hendi af eign sinni, og börn hans eiga forkaupsrétt að því fyrir kostnaðarverð að frádreginni fyrningu, enda sjái kaupandi um, að nýbýlið sé í sérstakri ábúð. Þetta gildir þó því aðeins, að nýbýlið sé stofnað á landi einnar jarðar. Að öðru leyti gilda um sölu og afhendingu nýbýlis, samkv. þessari grein, sömu reglur og í byggðahverfum, sbr. 19. gr.

VI. KAFLI

Um endurbyggingu eyðijarða, eftirlit með ábúð á jörðum og sérframlög til jarða, þar sem ræktun er skemmst á veg komið.

31. gr.

Skylt er nýbýlastjórn að sporna við því eftir föngum, að jarðir (sérmetnar) fari í eyði, sem að dómi trúnaðarmanna nýbýlastjórnar og jarðræktarráðunauts Búnaðarfélags Íslands eru vel fallnar til jarðræktar og búrekstrar. Skal hún hafa um það samráð við hlutaðeigandi sveitarstjórnir, að notaðar séu heimildir ábúðarlaganna til að koma í veg fyrir jarðníðslu og að byggilegar jarðir séu lagðar í eyði. Nýbýlastjórn ber enn fremur að vinna að því í samstarfi við hlutaðeigandi sveitarstjórnir, að jarðir, sem komnar eru í eyði, en veita þau skilyrði til búrekstrar, er að framan greinir, byggist aftur þar til hæfum mönnum. Skylt er hreppstjóra hverjum að senda nýbýlastjórn skýrslu um hver áramót um allar jarðir í hreppnum, byggðar og óbyggðar, þar með taldar þær jarðir, er 3. gr. ábúðarlaganna ræðir um. Skýrslur þessar skulu gerðar eftir fyrisögn nýbýlastjórnar, og ber henni að ganga eftir því, að þær séu gerðar. Henni ber og að láta gera jarðaskýrslu fyrir allt landið ár hvert.

32. gr.

Nýbýlastjórn skal, svo fljótt sem tök eru á, láta rannsaka skilyrði til ræktunar og búrekstrar á eyðijörðum og jörðum, sem ekki eru nytjaðar nema að einhverju leyti, sbr. 3. gr. ábúðarlaganna. Við rannsókn þessa skal safna upplýsingum um öll þau atriði, er máli skipta vegna búrekstrar á hverri einstakri jörð, og hvað varð þess valdandi, að hún fór að einhverju eða öllu leyti í eyði. Skal þetta þannig gert, að þeir, sem falast eftir jarðnæði, geti fengið rétta og greinilega hugmynd um jörðina og þá aðstöðu til búrekstrar, er hún veitir.

Nýbýlastjórn skal árlega gera sérstaka skrá yfir þær af þessum jörðum, sem hún telur rétt að byggja og eru lausar til ábúðar. Skrá þessi skal birt almenningi.

33. gr.

Skylt er nýbýlastjórn að veita þeim, er þess óska og hafa hug á að reisa bú í sveit, upplýsingar um þær jarðir, sem eru lausar til ábúðar og um ræðir í 30. gr. Umsækjendur um jarðnæði, sem uppfylla þær kröfur, er gera verður til búandi manna í sveit, skulu njóta þeirrar aðstoðar nýbýlastjórnar við útvegun jarðnæðis, er hún getur í té látið.

34. gr.

Nú leiðir rannsókn í ljós, að einhver ákveðinn annmarki veldur því, að jörð, sem nýbýlastjórn hefur full umráð yfir, byggist ekki, en jörðin er að öðru leyti vel fallin til ræktunar og búrekstrar, og er nýbýlastjórn þá heimilt að ráða bót á

þessu, ef þess er kostur. Kostnaður nýbýlasjóðs af þessum framkvæmdum má þó aldrei fara fram úr áætluðum meðalkostnaði býlis í byggðahverfi.

35. gr.

Heimilt er nýbýlastjórn að kaupa einstakar jarðir, þar með talin eyðibýli, ef hún telur það nauðsynlegt til þess að koma betra skipulagi á byggðina og tryggja örugga ábúð á jörðunum. Kaupverð slíkra jarða skal eigi fara fram úr því verði, er nýbýlastjórn greiðir á sama tíma fyrir lönd undir byggðahverfi.

36. gr.

Verði jarðeigandi brotlegur við ákvæði 3. gr. ábúðarlaganna, og hlutaðeigandi sveitarstjórn notar ekki þá heimild, sem henni er veitt samkvæmt 3. og 4. gr. sömu laga til að ráðstafa jörð, sem komin er í eyði eða niðurníðslu og nýbýlastjórn telur vel fallna til búrekstrar, er nýbýlastjórn heimilt að gera hverjar þær ráðstafanir, er ábúðarlögin heimila hreppsnefndum til þess að jörðin verði endurbyggð af þar til hæfum manni. Nýbýlastjórn er enn fremur heimilt að ganga í þau kaup, er um ræðir í 2. málsgr. 4. gr. ábúðarlaganna, að hlutaðeigandi hreppsnefnd frágenginni, ef nýbýlastjórn telur það henta.

37. gr.

Jarðir, sem nýbýlastjórn fær eignarumráð yfir samkv. heimild 35. og 36. gr., skulu auglýstar til sölu og ábúðar. Skylt er kaupanda að gera jörðina að ættaróðali samkvæmt ákvæðum laga nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð. Söluverð jarðar sé kostnaðarverð nýbýlastjórnar, þar með talinn kostnaður við þær umbætur, sem gerðar kunna að vera á jörðinni samkv. 32. gr. Heimilt er þó nýbýlastjórn að veita styrk vegna ræktunarumbóta tilsvarandi ákvæðum 25. gr., þegar jörðin hefur verið tekin til ábúðar. Jarðir þessar njóta réttar til lána úr Byggingarsjóði og Ræktunarsjóði Íslands, að ábúð tryggðri, eftir sömu reglum og byggðar jarðir.

38. gr.

Sé hætta á að jarðir fari í eyði vegna vöntunar á viðunandi lífsafkomu fyrir meðalfjölskyldu sökum skorts á ræktun, skal landnámsstjóri athuga búrekstrarskilyrði á þeim og leita um þær umsagnar hlutaðeigandi nýbýlanefnda. Telji hann tryggt, að jörð sé hægt að bæta svo með ræktun, að þar megi hafa minnst 10 ha tún, og önnur búskaparskilyrði eru allgóð, þá er nýbýlastjórn ríkisins heimilt að veita til hennar óafturkræft framlag samkv. þessum lögum, sbr. 14. gr., 3. tölul., og 41. gr. Óafturkræft framlag má þó ekki vera hærra en sem nemi að viðbættu framlagi samkv. jarðræktarlögum 50% af ræktunar- og girðingarkostnaði. Framræslukostnaður og framlög til hans samkv. jarðræktarlögum koma ekki til greina við útreikning framlags samkv. þessari grein.

39. gr.

Landnámsstjóri getur í samráði við stjórnir og framkvæmdastjóra ræktunarsambanda á grundvelli rannsóknar, er Landnám ríkisins framkvæmir, gert áætlun um ræktunarframkvæmdir samkv. 38. gr. á hverju ræktunarsambandssvæði, enda sé þar fram tekið, hvaða jarðir falli undir ákvæði greinarinnar. Jafnan skal þess gætt, að slík aðstoð sé veitt fyrst á þeim svæðum, þar sem það getur komið í veg fyrir, að heill hreppur eða verulegur hluti hrepps fari í eyði.

40. gr.

Þar, sem Landnám ríkisins eða ræktunarsambönd taka að sér ræktunarframkvæmdir, svo sem framræslu, jarðvinnslu og frágang ræktunar, eiga þessar stofnanir forgangsrétt til þeirra framlaga, er greidd verða út á umbæturnar samkvæmt jarðræktarlögum og ákvæðum 38. gr.

41. gr.

Til þeirra framkvæmda, er um getur í 38. gr., greiðir ríkissjóður 4 milljónir króna á árinu 1957, og síðan 5 millj. kr. á ári næstu 4 árin.

VII. KAFLI
Um Byggingarsjóð sveitabæja.

42. gr.

Sjóðurinn heitir Byggingarsjóður sveitabæja og er deild í Búnaðarbanka Íslands, í lögum þessum nefndur Byggingarsjóður. Stofnfé sjóðsins er: Byggingarsjóður, Nýbýlasjóður og Smábýladeild Búnaðarbanka Íslands, eins og þeir eru nú.

43. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Vaxtatekjur.
2. Árlegt framlag úr ríkissjóði, er nemur minnst 2½ milljón króna, næstu 25 ár, í fyrsta skipti árið 1957.

44. gr.

Sjóðurinn veitir lán gegn veði í jörðum ásamt húsum og öðrum mannvirkjum, er þeim fylgja:

a. Til endurbyggingar íbúðarhúsa á sveitabýlum samkv. VIII. kafla þessara laga.
b. Til byggingar íbúðarhúsa og peningshúsa á nýbýlum samkv. IV. og V. kafla, VI. og VII. kafla þessara laga.
c. Til byggingar peningshúsa samkv. 55. gr.

Lánin mega vera það hæst, að samtals hvíli á jörðinni allt að 75% fasteignamatsverðs, að viðbættu kostnaðarverði þeirra bygginga, sem reistar kunna að verða. Þó má aldrei veita hærri lán en 75% kostnaðarverðs til einstakrar byggingar. Reikninga um byggingarkostnað úrskurðar bankastjóri Búnaðarbankans.

Þrátt fyrir ákvæði 45. gr. laga nr. 116 30. des. 1943, má lána út á jarðir í opinberri eign á sama hátt og aðrar jarðir, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

45. gr.

Þegar stjórn Byggingarsjóðs hefur gefið loforð um lánveitingu samkvæmt 44. gr., er henni heimilt að veita bráðabirgðalán meðan á framkvæmdum stendur, gegn persónulegum tryggingum og veði í framkvæmdinni, allt að 80% af hinu áætlaða endanlega láni, en slík bráðabirgðalán skulu greidd að fullu um leið og hin föstu lán eru afgreidd. Skal bráðabirgðalán veitt jafnóðum og verkinu miðar áfram. Vextir af bráðabirgðalánum skulu vera 5%.

46. gr.

Byggingarsjóði er heimilt, ef stofnfé hrekkur ekki til fyrir þeim lánum, sem álitin eru æskileg, að taka lán eða gefa út handhafavaxtabréf, allt að þreföldum stofnsjóði sínum.

Handhafavaxtabréfin skulu tryggð með skuldabréfum lántakenda, stofnfé sjóðsins og ábyrgð ríkissjóðs.

47. gr.

Lán þau, er sjóðurinn veitir, skulu endurgreidd með jöfnum árlegum greiðslum, og skulu þær árlegu greiðslur við það miðast, að vextir af lánsfénu séu 3½%. Skal stjórn sjóðsins ákveða um hvert lán, til hve langs tíma það er veitt, og skal þá meðal annars á það litið, hve vandaðar byggingar þær eru, sem fyrir lánsfé eru reistar. Lánin skulu þó aldrei veitt til lengri tíma en 42 ára.

48. gr.

Heimilt er að telja lán eða eftirstöðvar láns úr Byggingarsjóði komnar í gjalddaga án uppsagnar:

1. Þegar áskilið árgjald er ekki greitt á réttum gjalddaga.
2. Ef veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að gildi, að lánið er ekki lengur tryggt að dómi lánveitanda.
3. Ef lántakandi hættir landbúnaðarframleiðslu eða störfum fyrir landbúnað.

49. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefur Byggingarsjóður heimild til þess að láta selja veðið við opinbert uppboð án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms samkvæmt ákvæðum í tilskipun um fjárráð ómyndugra, 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja sjóðnum það út til eignar, ef þörf er á.

Byggingarsjóður getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fram fara í skrifstofu uppboðshaldara.

50. gr.

Ef veð er selt á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, ber uppboðshaldara að geta þess í uppboðsgerðinni, að eignin sé veðsett Byggingarsjóði, og skal stjórn sjóðsins gert aðvart svo tímanlega, að hún geti látið fulltrúa sína vera við uppboðið.

51. gr.

Byggingarsjóður er undanþeginn öllum tekjuskatti og öðrum sköttum til ríkis og sveitarfélaga.

52. gr.

Búnaðarbanki Íslands annast framkvæmdastjórn sjóðsins, og skal bankastjórinn ákveða allar lánveitingar hans. Um lánveitingar til nýbýla jafnt í byggðahverfum sem til einstakra býla skal hann fara eftir tillögum nýbýlastjórnar. Um lánveitingar til byggingar íbúðarhúsa á öðrum sveitabýlum skal bankastjóri hafa samráð við nýbýlastjórn eða framkvæmdastjóra hennar.

VIII. KAFLI

Um endurbyggingu íbúðarhúsa á jörðum.

53. gr.

Lán úr Byggingarsjóði til endurbyggingar íbúðarhúsa á jörðum skulu veitt með þessum skilyrðum:

1. Að húsið sé gert úr góðum og viðurkenndum byggingarefnum, og sé gerð hússins utan og innan samþykkt af stjórn sjóðsins.
2. Að lögð hafi verið fram stutt lýsing af bæjarhúsum umsækjanda, frá hlutaðeigandi brunatryggingarstofnun, og beri sú lýsing því vitni, að endurbyggingar sé þörf á íbúð hans.
3. Að nýbýlastjórn hafi fengið fullnægjandi upplýsingar um, að býlið sé til frambúðar, og að íbúðarhús það, sem reisa á, sé við hæfi þess og að það verði reist á hentugum stað miðað við ræktun, vatnsból, vegi, síma, rafleiðslur og annað það, er tryggir framtíðargildi þess.

54. gr.

Lán úr Byggingarsjóði skulu enn fremur því aðeins veitt til endurbyggingar íbúðarhúsa á sveitabýlum, að hús eða viðbygging við hús sé allt byggt að nýju, eða gamalt hús endurbyggt þannig, að telja megi það jafngilt nýju húsi til íbúðar.

55. gr.

Ef nýbýlastjórn telur nauðsynlegt að bæjarhús séu færð, getur Byggingarsjóður sett að skilyrði fyrir láni til endurbyggingar, að það sé gert. Hins vegar á þá býlið

rétt til láns úr Byggingarsjóði til endurbyggingar peningshúsa, ef staðfærsla íbúðarhúss hefur í för með sér, að peningshús séu líka færð úr stað.

IX. KAFLI.
Um viðhaldsskyldu o. fl.

56. gr.

Nýbýlastjórn skal halda skýrslur um öll þau býli, sem reist eru eða endurbyggð samkvæmt lögum þessum. Skal nákvæmlega frá því skýrt, hvenær hvert býli er reist eða endurbyggt, hver hefur orðið kostnaður við landnám það, sem fallið hefur í hlut býlisins, við ræktun þess og byggingu, hver lánskjörin hafa verið, hvernig lánin hafa greiðzt, hve mikið eigendur þess og ábúendur hafa lagt fram til þess að koma því upp, auk annars, sem nauðsynlegt þykir að skýra frá. Þá skal nýbýlastjórn afla sér skýrslna um rekstrarafkomu hvers býlis svo sem við verður komið. Getur hún lagt þá kvöð á ábúanda hvers býlis, er lán fær úr Byggingarsjóði, að halda búreikninga, er gerðir séu eftir fyrirsögn Búreikningaskrifstofu ríkisins, enda sé þá greitt fyrir slíkt reikningshald eins og Búreikningaskrifstofan telur hæfilegt. Yfirlitsskýrslur um býli þau, sem reist eru með lánum úr sjóðnum, svo og afkomu búrekstrarins á býlunum skal nýbýlastjórn birta svo oft sem ástæða þykir til og eigi sjaldnar en fimmta hvert ár.

57. gr.

Skylt er hverjum þeim, sem fengið hefur lán úr Byggingarsjóði, að halda vel við byggingum þeim, sem hann hefur fengið lán til. Nýbýlanefndir í héruðum skulu hafa eftirlit með viðhaldi bygginganna og tilkynna stjórn sjóðsins þegar, ef því er að einhverju leyti ábótavant. Skal þá stjórn sjóðsins veita hlutaðeigandi ábúanda áminningu, og er útbyggingar- og eignarnámssök, ef áminningin er ekki tekin til greina.

58. gr.

Ef ábúenda- og eigendaskipti verða við sölu á fasteign, sem veðbundin er Byggingarsjóði, skal sjóðurinn, nema um erfðaskipti sé að ræða eða sölu til einhvers þess aðila, sem nefndur er í 2. málsl. 19. gr., hafa forkaupsrétt að eigninni, og ef um nýbýli er að ræða, gegn kostnaðarverði að frádregnu metnu álagi vegna fyrningar og skemmda, enda er enginn kaupsamningur um eignina gildur nema með árituðu samþykki sjóðsstjórnarinnar eða þess fulltrúa hennar, sem umboð hefur til slíkrar áritunar. Þegar býlin skipta um eigendur við erfðaskipti, hafa erfingjar forkaupsrétt umfram Byggingarsjóð, en að öðru leyti skal mat á þeim og staðfesting eigendaskiptanna háð sömu reglum og þegar um venjulega sölu er að ræða. Sveitarstjórn hefur þó rétt til að ganga inn í forkaupsrétt Byggingarsjóðs, ef hún óskar þess. Um sölu óðalsjarða og ættarjarða fer samkvæmt lögum nr. 116 30. des. 1943. Ákvæði 1. og 2. gr. laga nr. 55 5. júní 1926, um forkaupsrétt á jörðum, skulu víkja fyrir ákvæðum þessarar greinar, eftir því sem nauðsyn krefur. Ef Byggingarsjóður eða sveitarstjórn kaupa jörð samkvæmt heimildum þessara laga, er þeim skylt að selja eða leigja jörðina gegn veði eða leigukjörum, er samsvarar kaupverðinu.

X. KAFLI
Um ræktunarsjóð Íslands.

59. gr.

Sjóðurinn heitir Ræktunarsjóður Íslands og er í lögum þessum kallaður Ræktunarsjóður. Hlutverk hans er að styðja landbúnað Íslendinga með hagkvæmum stofnlánum.

60. gr.

Stofnfé sjóðsins er:
1. Höfuðstóll Ræktunarsjóðs Íslands, eins og hann er nú.
2. Varasjóður Ræktunarsjóðs Íslands.
3. Sá hluti höfuðstóls Viðlagasjóðs, sem er eign Ræktunarsjóðs Íslands.
4. Varasjóður Loðdýralánadeildar Búnaðarbanka Íslands.

61. gr.

Tekjur sjóðsins eru:
1. Vaxtatekjur.
2. Tekjur af þjóðjörðum og andvirði þeirra þjóðjarða, sem seldar kunna að verða.
3. Árlegt framlag úr ríkissjóði, 1.6 millj. kr. á ári, í fyrsta sinn árið 1956.

62. gr.

Ræktunarsjóður veitir stofnlán til jarðræktar, peningshúsa og geymsluhúsa og annarra mannvirkja við landbúnað, þar með talin jarðyrkja, vermirækt og loðdýrarækt, enn fremur til mannvirkja í þágu landbúnaðarins, svo sem mjólkurvinnslustöðva, kjötfrystihúsa, ullarverksmiðja, skinnaverksmiðja, þvottahúsa, viðgerðarstöðva landbúnaðarverkfæra, íbúðarhúsa og verkstæða fyrir iðnaðarmenn í sveitum, rafstöðva fyrir sveitir og sveitahluta og einstaka sveitabæi, svo og til bústofnsauka og til kaupa á vélum, sem notaðar eru við landbúnað.

Upphæð lánanna má vera allt að 60% kostnaðarverðs, eins og það er áætlað að meðaltali árlega. Til vélgrafinna skurða má þó lána allt að 85% kostnaðarverðs. Njóti framkvæmdin framlags samkvæmt jarðræktarlögum, lækkar lánsupphæðin sem svarar framlaginu. Við það skal miðað, að kostnaðarverð framkvæmdanna sé að dómi sjóðsstjórnarinnar ekki hærra en eðlilegt má teljast samkvæmt verðlagi á hverjum tíma. Skulu framkvæmdirnar metnar á kostnað lántakanda, eftir því sem þörf er á, svo sem nánar verður fyrir mælt í reglugerð.

Um lánveitingar, er stjórn sjóðsins telur vafa leika á, hvort veita skuli, skal hún leita álits Búnaðarfélags Íslands eða nýbýlastjórnar ríkisins, eftir því sem við á.

Við ákvörðun lánanna skal stjórn sjóðsins taka tillit til þess, hvað mikil önnur veðlán hvíla á eigninni.

Lán þessi skulu ekki veitt fyrr en að fullloknum framkvæmdum eða kaupum þeim, sem þau eru veitt til.

63. gr.

Þegar stjórn Ræktunarsjóðs hefur ákveðið að veita lán samkvæmt 62. gr., er henni heimilt að veita bráðabirgðalán, meðan á framkvæmdum stendur, gegn veði í framkvæmdinni og öðrum tryggingum, ef þurfa þykir, svo sem handveði, persónulegum ábyrgðum eða öðru, er hún tekur gilt sem tryggingu fyrir bráðabirgðaláninu.

Þessi lán mega nema allt að 80% af hinu áætlaða láni, og skulu þau greidd að fullu um leið og stofnlánið er tekið.

64. gr.

Vextir af öllum stofnlánum Ræktunarsjóðs skulu vera 4%, en af bráðabirgðalánum 5%.

65. gr.

Lánin má veita gegn þessum tryggingum:
1. Gegn veði í fasteign, enda hvíli eigi á veðskuldir til annarra en Byggingarsjóðs eða annarra opinberra sjóða undan veðrétti þeim, er Ræktunarsjóður fær. Ef umbætur þær, sem lánið er veitt til, eru gerðar á fasteign þeirri sjálfri, sem veðsett er, skal heimilt að telja verð umbótanna til viðbótar verðgildi eignarinnar óbættrar.

2. Gegn veði í þeim húsum, sem lánið er veitt til, ásamt tilheyrandi lóð og lóðarréttindum, ef þau eru byggð fyrir sjálfstæðan rekstur, svo sem rafstöðvar eða verksmiðjur.
3. Gegn veði í þeim vélum og verkfærum, sem keypt eru.
4. Gegn veði í tilteknum flokki eða flokkum búfjár, þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga um veð frá 4. nóv. 1887.

Tryggingar þær, sem taldar eru undir tölulið 1, skulu fullgildar einar saman, ef um er að ræða lán til ræktunar eða byggingar peningshúsa og geymsluhúsa á sveitabýlum, en ef um er að ræða lán til verksmiðja og véla, gróðurhúsa og bústofnsauka, skulu þau veð, sem látin eru til tryggingar samkv. tölulið 2—4, styrkt með fasteignaveði eða ábyrgð sýslufélags. Ábyrgð sýslufélags kemur því aðeins til greina, að um verksmiðjur eða vinnustöðvar sé að ræða, sem félag stendur að, enda komi þá til heimild æðri stjórnarvalda.

Hús, vélar og fénaður er því aðeins fullgilt veð fyrir lánum úr Ræktunarsjóði, að vátryggð séu í vátryggingarstofnun, er sjóðurinn tekur gilda.

Þrátt fyrir ákvæði 45. gr. laga nr. 116 30. des. 1943, má lána út á jarðir í opinberri eign á sama hátt og aðrar jarðir, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

66. gr.

Ríkissjóður aflar Ræktunarsjóði lánsfjár að upphæð tíu millj. kr., með 1½% vöxtum. Sjóðurinn endurgreiðir lánið með jöfnum afborgunum á 20 árum.

Seðladeild Landsbanka Íslands er skylt, ef ríkisstjórn óskar þess, að lána Ræktunarsjóði nauðsynlega fjárupphæð vegna starfsemi hans, þó eigi yfir 10 millj. kr., gegn 1½% vöxtum. Ræktunarsjóðurinn skal endurgreiða seðladeild Landsbankans lán þetta með jöfnum afborgunum á 20 árum. Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Ræktunarsjóðs gagnvart seðladeildinni.

67. gr.

Ræktunarsjóði er heimilt að gefa út handhafavaxtabréf allt að fjórföldum stofnsjóði sínum. Handhafavaxtabréfin skulu tryggð með skuldabréfum lánþega, stofnfé sjóðsins og ábyrgð ríkissjóðs.

68. gr.

Lántakandi skal á hverjum 5 ára fresti eða oftar, ef stjórn Ræktunarsjóðs krefst þess, sýna skilríki frá trúnaðarmanni Búnaðarfélags Íslands eða öðrum þeim, er stjórn sjóðsins tekur gildan, fyrir því, að veði því, sem lánað hefur verið út á, hafi vel verið við haldið og að það hafi ekki rýrnað. Nánari ákvæði um þetta skulu sett í reglugerð.

69. gr.

Lánstíminn skal vera 5—25 ár, eftir því til hvers lánað er. Ef lánið er til túnræktar eða nýrra bygginga, má lánstíminn vera allt að 25 árum, svo og til þeirra framkvæmda við vermirækt, sem varanlegar teljast, en til vélakaupa, girðinga, bústofnsaukningar og annars þess, sem ekki á trygga langa endingu, eigi nema 5—12 ár. Skal nánar greint í reglugerð, hve langur lánstíminn má vera til hvers konar lána.

Lán til túnræktar mega vera afborgunarlaus þrjú fyrstu árin, en annars skulu öll lán sjóðsins greidd jöfnum afborgunum, nema lántakandi vilji greiða þau fyrr og fljótar en venja er.

70. gr.

Heimilt er að telja lán eða eftirstöðvar láns úr Ræktunarsjóði komnar í gjalddaga án uppsagnar:

1. Þegar áskilið árgjald er ekki greitt á réttum gjalddaga.
2. Við eigendaskipti að veði fyrir láni, ef Ræktunarsjóði hefur ekki verið tilkynnt um eigendaskipti.

3. Ef veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að gildi, að lánið er ekki lengur tryggt að dómi lánveitanda.
4. Ef lögð er niður landbúnaðarframleiðsla eða störf fyrir landbúnaðinn á eignum þeim, er veðsettar eru Ræktunarsjóði.

71. gr.

Þegar lán eru komin í gjalddaga, hefur Ræktunarsjóður heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð eða fara með það á annan hátt, eins og venja er um veð fyrir lánum, sem í gjalddaga eru komin.

72. gr.

Ef veð er selt á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, ber uppboðshaldara að geta þess í uppboðsgerðinni, að eignin sé veðsett Ræktunarsjóði, og skal stjórn sjóðsins gert aðvart svo tímanlega, að hún geti látið fulltrúa sína vera við uppboðið.

73. gr.

Ræktunarsjóður er undanþeginn öllum tekjuskatti og öðrum sköttum til ríkis og sveitarfélaga.

74. gr.

Stjórn Búnaðarbanka Íslands hefur á hendi stjórn Ræktunarsjóðs samkvæmt lögum nr. 115 frá 9. okt. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

75. gr.

Í reglugerð fyrir Ræktunarsjóðinn má setja þau ákvæði um stjórn sjóðsins og starfrækslu, er nauðsynleg þykja, þótt ekki sé gert sérstaklega ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda brjóti þau ekki í bága við nein ákvæði í lögunum.

XI. KAFLI
Um Teiknistofu landbúnaðarins.

76. gr.

Stofnunin heitir Teiknistofa landbúnaðarins og starfar á vegum Búnaðarbanka Íslands.

77. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar 5 manna nefnd, er hafi það verkefni í samvinnu við og undir umsjá Teiknistofu landbúnaðarins, að gefa sem ákveðnastar leiðbeiningar um hagkvæmustu gerð bygginga á sveitabýlum, og þá sérstaklega peningshúsa. Nefndin lætur framkvæma rannsókn á gerð og gæðum húsa, sem nú eru til eða reist verða, með tilliti til þess, að með því fáist grundvöllur undir öruggari leiðbeiningastarfsemi í byggingarmálum sveitanna.

78. gr.

Í nefndinni skulu vera: Forstöðumaður Teiknistofu landbúnaðarins, yfirdýralæknir, nautgriparæktarráðunautur og sauðfjárræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands og einn maður, er landbúnaðarráðherra skipar í nefndina án tilnefningar. Landbúnaðarráðherra ákveður, hver skuli vera formaður nefndarinnar.

79. gr.

Heimilt er nefndinni með samþykki landbúnaðarráðherra að ráða sérfræðing til þess að framkvæma þær rannsóknir, sem nefndin telur nauðsynlegt að gera. Hann skal hafa eftirlit með athugunum og rannsóknum, er gerðar verða í þágu byggingarstarfseminnar hjá einstökum bændum eða á opinberum búum, og vinna úr gögnum þeim, sem aflað er, í samráði við nefndina.

Kostnaður við byggingarrannsóknir nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum.

80. gr.

Verkefni teiknistofunnar er að gera uppdrætti að húsum, sem lán eru veitt til úr Byggingarsjóði, Ræktunarsjóði Íslands eða öðrum opinberum sjóðum, sem stofnaðir hafa verið eða stofnaðir kunna að verða að tilhlutun ríkisins og veita lán til bygginga í sveitum. Skal það vera skilyrði fyrir slíkum lánum, að teiknistofan hafi gert eða samþykkt uppdrætti að húsunum.

81. gr.

Teiknistofan lætur gera uppdrætti að einföldum og ódýrum húsgögnum. Enn fremur leitar hún aðstoðar íslenzkra listamanna og viðurkenndra hannyrðakvenna og smíðameistara utan stofnunarinnar um gerð húsgagna, til að þau verði sem smekklegust og í þjóðlegum stíl. Allir, sem rétt hafa til lána úr sjóðum þeim, er um ræðir í 80. gr., svo og stjórnir byggingarfélaga verkamanna og byggingarsamvinnufélaga skulu endurgjaldslaust fá teikningar af húsgögnum, eftir því sem teiknistofan getur í té látið.

82. gr.

Nú verður komið á fót verkstæðum við bændaskóla, húsmæðraskóla, héraðsskóla eða annars staðar til að annast smíði á húsgögnum og fleira, er að húsgagnagerð lýtur, svo sem vefnað á húsgagnafóðri og gluggatjöldum, og skal þá teiknistofan veita verkstæðum þessum alla nauðsynlega aðstoð, svo að þau geti komið að sem almennustum notum við húsgagnagerð.

83. gr.

Teiknistofan veitir bændum leiðbeiningar um byggingarkostnað, efnisval og annað, er við kemur húsagerð. Hún skal gefa út handbók með almennum leiðbeiningum í þessum efnum og fyrirmyndar uppdráttum af húsum og húsgögnum. Teiknistofunni ber að fylgjast með erlendum og innlendum nýjungum í húsagerð, rannsaka þær og gera tilraunir með það, er til framfara mætti verða í gerð og notkun húsa, eftir því sem við verður komið.

84. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar forstöðumann teiknistofunnar og ákveður laun hans, unz þau verða ákveðin í launalögum. Forstöðumaður annast stjórn teiknistofunnar í samráði við stjórn Búnaðarbanka Íslands og nýbýlastjórn. Forstöðumaður ræður sér menn til aðstoðar, að fengnu samþykki stjórnar Búnaðarbanka Íslands.

85. gr.

Kostnaður við rekstur teiknistofunnar greiðist úr sjóðum þeim, er lán veita til húsbygginga í sveitum, sbr. 63. gr. Greiðsla hvers sjóðs skal ákveðin af landbúnaðarráðherra í sem réttustu hlutfalli við það fjármagn, sem sjóðirnir veita til byggingana.

XII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

86. gr.

Um framlög ríkisins til ræktunar og útihúsa fer eftir jarðræktarlögum.

87. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði, er nauðsynleg þykja, um framkvæmd þessara laga.

88. gr.

Um endurskoðun Byggingarsjóðs og Ræktunarsjóðs Íslands, starfsskýrslur o. fl., fer eins og mælt er fyrir í lögum nr. 115 9. okt. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

89. gr.

Reikningar Landnáms ríkisins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Búnaðarbanka Íslands og birtir með reikningum bankans. Reikningarnir skulu sendir landbúnaðarráðherra og lagðir fyrir landbúnaðarnefndir Alþingis ár hvert.

90. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru þá úr gildi felld lög nr. 20 31. jan. 1952, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum, lög nr. 66 31. maí 1947, um Ræktunarsjóð Íslands, svo og önnur lagaákvæði, sem kunna að brjóta í bága við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Umboð núverandi nýbýlastjórnar fellur niður við gildistöku þessara laga. Skulu fjórir nýbýlastjórnarmenn kosnir á Alþingi því, er samþykkir lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 7. marz 1956 var samþykkt á Alþingi svo hljóðandi „þingsályktun um skipun nefndar til þess að endurskoða ákvæði laga um nýbýli og bústofnslán“:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa fimm manna nefnd til þess að endurskoða ákvæði laga um nýbýli og bústofnslán og gera tillögur um breytingar í því skyni að greiða fyrir fjölgun nýbýla og gera efnalitlum mönnum kleift að koma sér upp hæfilegum bústofni. Tveir nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Búnaðarfélags Íslands og tveir samkvæmt tilnefningu nýbýlastjórnar ríkisins. Ríkisstjórnin skipar formann nefndarinnar.“

Með bréfi landbúnaðarráðherra, dags. 5. júlí 1956, voru skipaðir í nefndina:

Stjórnskipaður án tilnefningar:

Kristján Karlsson, skólastjóri á Hólum, formaður.

Samkvæmt tilnefningu Búnaðarfélags Íslands:

Þorsteinn Sigurðsson, bóndi á Vatnsleysu, formaður Búnaðarfélags Íslands.

Pétur Ottesen, alþm. og bóndi á Ytra-Hólmi.

Samkvæmt tilnefningu nýbýlastjórnar ríkisins:

Jón Pálmason, alþm. og bóndi á Akri, formaður nýbýlastjórnar.

Pálmi Einarsson, landnámsstjóri.

Samkvæmt ákvörðun nýbýlastjórnar og í sambandi við endurskoðunina fór landnámsstjóri utan á síðastliðnu sumri og kynnti sér framkvæmd nýbýlamála á Norðurlöndum. Var skýrsla hans um þetta efni afhent nefndinni.

Nefndin skilaði áliti til landbúnaðarráðherra, dags. 14. nóv. s. l., ásamt tillögum um breytingar á nýbýlalöggjöfinni o. fl.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, um landnám, ræktun og byggingar í sveitum, er byggt á gildandi lögum og breytingartillögum nefndarinnar þannig, að flestar breytingartillögur nefndarinnar hafa verið felldar inn í texta laga nr. 20 1952 (nýbýlalaganna), efnislega óbreyttar að mestu, en síðan gerðar ýmsar breytingar til viðbótar einkum á formi og orðalagi, sem talið var, að til bóta mætti verða. Þess skal getið sérstaklega, að lögin um Ræktunarsjóð Íslands eru felld inn í frv. Þykir það vera til hagræðis hlutaðeigendum, að öll ákvæði um lán til framkvæmda í sveitum sé að finna í sömu lögum. En ákvæði um framlög eru í jarðræktarlögum, og er til þeirra vísað í 86. gr. frv. Í frv. er kaflaröð laga nr. 20 1952 nokkuð breytt.

Stærsta nýmælið, sem í þessu frv. felst, er að hefja skipulagða starfsemi á vegum Landnáms ríkisins og með sérstöku föstu fjárframlagi frá ríkinu í því skyni að koma lágmarksstærð túna á byggðum lögbýlum upp í 10 ha. Er hér um að ræða, ef að lögum verður, mikið átak í þá átt að bæta aðstöðu þeirra bænda, er lakasta aðstöðu hafa, og stuðla þannig að því, að þeir geti stækkað bú sín. En skýrslur sýna, að margar jarðir hér og þar á landinu hafa dregizt aftur úr við nýræktina, og hætt við, að ekki verði almennt bót á því ráðin nema til komi stuðningur og forusta af þjóðfélagsins hálfu um fram það, sem verið hefur. Þá er og gert ráð fyrir að hækka ríkisframlög til hinnar almennu nýbýlastarfsemi til verulegra muna og þá m. a. að greiða nokkurt framlag, óendurkræft, til íbúðarhúsa á nýbýlum, sem ekki er gert ráð fyrir í gildandi löggjöf. Ef frv. verður að lögum, hækka föst framlög ríkisins til landnáms (nýbýla) og túnauka samtals um 8—9 millj. kr. á ári um nánar tiltekinn tíma, sbr. 5., 26. og 41. gr. frv.

Við meðferð fjárlaga fyrir árið 1957 hefur af hálfu ríkisstjórnarinnar verið lagt til, að heimilað verði að breyta í óafturkræft framlag stofnláni Byggingarsjóðs samkvæmt skuldabréfi, útgefnu 21. apríl 1948, að upphæð kr. 4329000.00. Á komandi árum mun þurfa að gera frekari ráðstafanir til að auka eigið fé sjóðsins eða jafna halla, sem verða mun á rekstri hans, og þarf að taka það til sérstakrar athugunar á sínum tíma. Þá hefur einnig við meðferð fjárlaga fyrir árið 1957 verið lagt til af hálfu ríkisstjórnarinnar, að heimilað verði að breyta í óafturkræft framlag 22 millj. kr. láni til Ræktunarsjóðs Íslands af greiðsluafgangi ríkissjóðs 1955 og sömuleiðis tveim stofnlánum samtals að upphæð samkvæmt skuldabréfum kr. 10296250.00. En rekstrarmöguleika Ræktunarsjóðs þarf einnig að athuga nánar á komandi árum. Sú breyting, sem getið er hér að framan, á ríkislánum til sjóðanna í óafturkræf framlög, miðar að sjálfsögðu að því að létta vaxtabyrði sjóðanna frá því, sem nú er.

Skýringar þær á frumvarpinu, er hér fara á eftir, eru að verulegu leyti byggðar á skýringum nefndarinnar að því leyti, sem breytingar þær á gildandi lögum, sem frv. gerir ráð fyrir, eru frá henni komnar.

Um 1. gr.

Bætt er við 1. gr. gildandi laga nr. 20 1952 almennu ákvæði um tilgang laganna. Þessi lög eru hér á eftir nefnd nýbýlalögin til aðgreiningar frá lögunum um Ræktunarsjóð Íslands, sem felld eru inn í frv.

Um 2. gr.

Í þessari grein er lagt til, að fjórir nýbýlastjórnarmenn séu kosnir af Alþingi, en formaður sé stjórnskipaður. Að öðru leyti er greinin samhljóða 2. gr. nýbýlalaganna.

Um 3. gr.

Greinin er samhljóða 3. gr. nýbýlalaganna að öðru leyti en því, að orðið „Nýbyggingarráð“ er fellt niður, enda er sú stofnun ekki lengur til.

Um 4. gr.

Þetta er ný grein. Felst í henni skilgreining á Landnámi ríkisins, sem nefnt er því nafni í nýbýlalögunum og frumvarpinu.

Um 5. gr.

Lagt er til, að árlegt framlag ríkisins til ræktunarframkvæmda í byggðahverfum og nýbýlum utan byggðahverfa verði hækkað úr 2½ millj. kr. upp í 5 millj. kr. og sé greitt framtil ársins 1981 í stað 1967. Verðlag hefur breytzt, og gert er ráð fyrir meiri ræktun en ráð er fyrir gert nú, í nýbýlalögunum. Nauðsynlegt er að gera áætlanir

fram í tímann, byggðar á fyrir fram tryggðu ríkisframlagi. Greinin er að öðru leyti efnislega samhljóða 4. gr. nýbýlalaganna.

Um 6. gr.

Þetta er ný grein. Í henni er gert ráð fyrir, að landnámsstjóri láti gera uppdrætti af byggð landsins og á grundvelli þeirra, í samráði við stjórnir sveitarfélaga og héraða, áætlanir um framtíðarskipun byggðarinnar. Það er nauðsynlegt, að uppdrættirnir, sem um getur í þessari grein, séu til, og eins, að samvinna geti hafizt á milli landnámsins og héraðsstjórna.

Um 7. gr.

5. grein í nýbýlalögum verður 7. grein. Hún hefur verið umorðuð. Efnislega er breytingin sú, að landnáminu er falið að leggja nýbýlavegi samkvæmt ákvæðum 4. gr. laga nr. 36 14. maí 1955, eftir því sem fé er veitt til þeirra á fjárlögum, og frá þeim heimreiðarvegi að býlunum.

Um 8. gr.

6. grein nýbýlalaganna verður 8. grein. Í henni er lagt til, að orðin „byggðarfélögum“ falli niður. Slík félög hafa ekki verið stofnuð, og telur nefndin ekki líkur fyrir því, að það verði fremur hér eftir en hingað til.

Um 9. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 7. gr. nýbýlalaganna.

Um 10. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 8. gr. nýbýlalaganna.

Um 11. gr.

9. grein nýbýlalaganna verður 11. grein. Hér er lagt til, að eftirgjöldin eftir býlin verði 5% af fasteignamatsverði landsins og þeirra mannvirkja, sem kostuð eru af landnámsfé. Þetta er hækkun um 2% af fasteignamatsverði frá því, sem verið hefur. Eftirgjöldin hafa verið svo lág, að þessi hækkun er sanngjörn, að dómi nefndarinnar.

Um 12. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 10. gr. nýbýlalaganna.

Um 13. gr.

11. grein nýbýlalaganna verður 13. grein. Hér er sú breyting, að lagt er til, að í þeim búnaðarsamböndum, þar sem héraðsráðunautar eru starfandi, skuli þeir tilnefndir af nýbýlastjórn sem formenn nýbýlanefnda héraðanna. Ráðunautarnir eru kunnugir í umdæmum sínum og hafa því góða aðstöðu til að veita upplýsingar og vera landnámsstjóra og nýbýlastjórn til ráðuneytis.

Um 14. gr.

Þessi grein er ný í 5 liðum. Í henni eru tekin fram skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð frá Landnámi ríkisins.

Í 1. tölulið a. er sú breyting frá eldri ákvæðum, að ræktanlegt land til tún-, akur- eða garðræktar sé minnst 25 ha á býli. Í gildandi lögum er gert ráð fyrir 12 ha. Þarna er því um verulega breytingu að ræða. Reynslan hefur sýnt, að býli, sem ekki hafa meira en 12 ha af ræktanlegu landi, hafa allt of litla útfærslumöguleika. Því er lagt til, að kröfurnar um þetta verði auknar í 25 ha.

Í 1. tölulið b. eru ákvæði um, að beitilönd verði í hlutfalli við hið ræktanlega land, og eru því hlutfallslega sömu kröfur um aukningu á því og á hinu ræktanlega landi.

Í 2. tölulið er algert nýmæli. Í lögunum hefur verið heimild um byggðafélög. Hún hefur aldrei komið til framkvæmda. Heimildarákvæðin eru því felld niður, af því að ekki eru taldar líkur til, að þau komi til framkvæmda, sbr. skýringu við 11. gr. Hins vegar vill nefndin, að heimild sé til, að nýbýlastjórn geti veitt þeim mönnum fjárhagslegan stuðning á sama hátt og nýbýlamönnum, sem vilja búa félagsbúi á sömu jörð, í stað þess að skipta henni í nýbýli. Telur nefndin möguleika á því, að fjölskyldur og venzlafólk geti á þann hátt haldið saman og fullnotað jörð sína, án þess að fá aðfengið vinnuafl, sem nú á tímum er bæði dýrt og lítt fáanlegt. Með þeim hætti eru auknir möguleikar að standa undir kostnaði við fullkominn vélakost, sem mörgum smábændum og einyrkjum er alveg um megn. Hver bóndi, sem í félaginu er, getur átt ákveðinn hlut í jörðinni, þó henni sé ekki skipt. Einnig getur hver þeirra sem er haft sérstakt heimilishald, ef húsakostur leyfir, enda þótt búreksturinn sjálfur sé í félagi. Með þessu yrði eigi meiru til kostað en ef hlutaðeigandi menn stofna hver sitt nýbýli, en að sjálfsögðu er eigi til þess ætlazt, að styrkur sé veittur nema út á bændafjölgunina. Gæti þetta fyrirkomulag haft í för með sér bæði minni rekstrarkostnað og lægri stofnkostnað, og búskaparstörfin orðið viðráðanlegri en ef um einyrkja er að ræða á aðskildum búum.

3. töluliður fjallar um endurbyggingu á eyðijörðum og ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, að jarðir fari í eyði. Er hér um að ræða viðfangsefni, sem gefa þarf gaum jafnhliða nýbýlafjölguninni, enda getur stundum verið mun ódýrara að koma í veg fyrir að jörð fari í eyði en að stofna nýbýli.

4. töluliður. Hér er um nýmæli að ræða. Í þessum lið eru ákvæði um, að garðyrkjubýli, sem hafa minnst 2 ha af landi og 1 sek./lítra af 85° C. heitu vatni, geti fengið framlags- og lánaréttindi, ef þau liggja utan takmarka skipulagðra svæða, þorpa og kaupstaða. Nefndin lítur svo á, að hér komi heita vatnið í staðinn fyrir landsstærðina og að öll sanngirni mæli með því, að þessi býli njóti svipaðra hlunninda og önnur nýbýli.

5. töluliður. Um þennan lið er svipað að segja og 4. lið. Í honum er lagt til, að handverksmenn eða aðrir, sem gegna þjónustustörfum í almenningsþágu, geti fengið stuðning til nýbýlastofnunar, þó þeir hafi ekki nema 6 ha af ræktanlegu landi og beitiland fyrir þann bústofn, sem hægt er að framfleyta vetrarlangt á fóðri, sem fæst af þessu landi fullræktuðu. Í sveitum er orðið tilfinnanlega fátt af handverksmönnum, en mikil atvinna fyrir þá þar. Það er því full nauðsyn að styðja að því, að smiðir og aðrir handverksmenn setjist að í sveitum og stundi atvinnu sína þar samhliða smábúskap.

Um 15. gr.

Greinin er samhljóða 26. gr. nýbýlalaganna.

Um 16. gr.

Þessi grein svarar til 27. gr. nýbýlalaganna. Lagt er til, að ekki þurfi að vera fleiri en 3 býli í byggðahverfi, í stað 5. Efni síðari hluta lagagreinarinnar er fellt niður, þar sem það hefur áður verið tekið upp, nokkuð breytt, í 14. gr.

Um 17. gr.

28. gr. nýbýlalaganna verður 17. gr. Þessi grein hefur verið umorðuð. Í henni er lagt til, að landnámsstjóri láti rækta 10 ha tún handa hverju býli, í stað 5 ha, eins og nú er í lögum. Í þessu ákvæði felst mikill stuðningur við nýbýlin frá því, sem nú er. En reynslan hefur sýnt, að ræktun 5 ha er of lítill stuðningur fyrir flesta frumbýlinga.

Um 18. gr.

29. gr. nýbýlalaganna verður 18. gr. nokkuð breytt. Í greininni er nú ekki gert ráð fyrir, að býlin verði seld, heldur leigð í erfðaábúð.

Þegar byggðahverfi er fullbyggt, er gert ráð fyrir, að landnám ríkisins afhendi jarðeignadeild ríkisins hverfið. Þar á eftir verður farið með hverfisjarðirnar á sama hátt og aðrar þjóðjarðir.

Um 19. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 30. gr. nýbýlalaganna, sbr. þó 18. gr. En 31. gr. laganna er felld niður, sbr. 8. gr.

Um 20. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 32. gr. nýbýlalaganna, sbr. þó 8. gr.

Um 21. gr.

Greinin svarar til 33. gr. nýbýlalaganna, sbr. þó 8. gr.

Um 22. gr.

Greinin svarar til 34. gr. nýbýlalaganna, en umorðuð samkv. tillögum nefndarinnar.

Um 23. gr.

Greinin svarar til 36. gr. nýbýlalaganna. 2. málsgrein er viðbót við lagagreinina.

Um 24. gr.

Greinin svarar til 37. gr. nýbýlalaganna.

Um 25. gr.

Greinin svarar til 38. gr. nýbýlalaganna. Felld eru niður skilyrði um landsstærð, sem áður eru sett í 14. gr.

Um 26. gr.

Hér er um nýmæli að ræða. Í greininni er heimild fyrir nýbýlastjórn til að veita nýbýlamönnum allt að 25 þúsund kr. framlag til íbúðarhúsabygginga. Nefndin telur, að reynslan hafi sýnt, að flestir nýbýlamenn skuldi mikið fyrir utan föstu lánin. Þessar lausaskuldir hindri þá oft í að koma sér upp bústofni. Framlag þetta mundi vinna á móti lausaskuldunum og verða til þess, að frumbýlingarnir gætu fyrr farið að reka arðvænlegan búskap. Hér er um að ræða svo mikið nauðsynjamál fyrir frumbýlingana, að nefndin leggur til, að ríkið veiti fast árlegt framlag til þessa. Er í frv. þessu gert ráð fyrir, að það verði 1½ millj. kr.

Um 27. gr.

Greinin er nýmæli í samræmi við tillögur nefndarinnar.

Um 28. gr.

Greinin svarar til 39. gr. nýbýlalaganna, en efni lagagreinarinnar er nokkuð breytt til samræmis við önnur ákvæði frv.

Um 29. gr.

Greinin svarar til 40. gr. nýbýlalaganna, og mun lagagreinin mega teljast efnislega óbreytt.

Um 30. gr.

Greinin svarar til 41. gr. nýbýlalaganna. Nýmæli er í henni um forkaupsrétt þess, er land lét af hendi.

Um 31. gr.

Greinin svarar til 42. gr. nýbýlalaganna.

Um 32. gr.

Greinin svarar til 43. gr. nýbýlalaganna.

Um 33. gr.

Greinin svarar til 44. gr. nýbýlalaganna.

Um 34. gr.

Greinin svarar til 45. gr. nýbýlalaganna.

Um 35. gr.

Greinin má heita efnislega samhljóða 46. gr. nýbýlalaganna.

Um 36. gr.

Greinin er samhljóða 47. gr. nýbýlalaganna.

Um 37. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 48. gr. nýbýlalaganna.

Um 38. gr.

Greinin er nýmæli. Sjá 41. gr.

Um 39. gr.

Greinin er nýmæli frá nefndinni. Þar er gert ráð fyrir, að samin skuli framkvæmdaáætlun á grundvelli rannsóknar, sem Landnám ríkisins lætur gera. Það er nauðsynlegt, að þessi rannsókn fari fram, áður en framkvæmdir eru hafnar, svo að það liggi greinilega fyrir á hvaða jörðum skuli unnið. Stjórnir og framkvæmdastjórar ræktunarsambanda skulu vinna að samningu framkvæmdaáætlunar með landnámsstjóra. Hafizt skal handa um framkvæmdir í þeim hreppum, þar sem ástandið er verst, að dómi þessara aðila, ef á annað borð er talið gerlegt að viðhalda þar byggð.

Um 40. gr.

Greinin er nýmæli frá nefndinni. Þar er gert ráð fyrir, að ræktunarsambönd eða Landnám ríkisins, sem taka að sér jarðræktarframkvæmdir, skuli hafa forgangsrétt til framlaga, sem greidd verða út á umbæturnar, samkvæmt jarðræktarlögum og ákvæðum 41. greinar. Þetta er sanngjarnt og nokkur trygging fyrir því, að framangreindir aðilar geti sinnt þessum verkefnum.

Um 41. gr.

Hér er um að ræða stærsta nýmæli frumvarpsins, sbr. VI. kafla, 37. gr. og 38. gr. Hér er lagt til samkvæmt tillögum nefndarinnar, að ríkissjóður greiði 4 milljónir kr. á árinu 1957 og síðan 5 millj. kr. á ári næstu 4 árin til stuðnings þeim jörðum, sem hafa of litla ræktun. Enn er ekki fullkunnugt um fjölda þessara jarða á öllu landinu eða hve marga ha af túni þurfi að rækta. En með tilliti til þeirra upplýsinga, sem fyrir liggja, telur nefndin, að gera megi verulegt átak með nefndu framlagi næstu 5 árin til umbóta á þeim jörðum, sem minnsta túnrækt hafa. En samkv. 38. gr. er nýbýlastjórn heimilt að greiða sérstakt framlag til túnauka á jörðum, sem hafa minna vélfært ræktað land en 10 ha, þó með þeim takmörkunum, sem nánar eru ákveðnar í greininni.

Um 42. gr.

Greinin svarar til 12. gr. nýbýlalaganna. Lagt er til, að nafn sjóðsins sé lengt til aðgreiningar frá öðrum byggingarsjóðum og að b-liður lagagr. verði felldur niður, enda tími sá, sem þar er miðað við, löngu liðinn.

Um 43. gr.

Greinin svarar til 13. gr. nýbýlalaganna, en hið árlega framlag ríkissjóðs verður lágmarksframlag samkv. frv.

Um 44. gr.

Greinin svarar til 14. gr. nýbýlalaganna.

Um 45. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 15. gr. nýbýlalaganna.

Um 46. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 16. gr. nýbýlalaganna.

Um 47. gr.

Greinin svarar til 17. gr. nýbýlalaganna. Gert er ráð fyrir, að vextir haldist óbreyttir, eins og þeir nú eru.

Um 48.—52. gr.

Greinarnar eru samhljóða 18.—22. gr. nýbýlalaganna.

Um 53.—55. gr.

Greinarnar svara til 23.—25. gr. nýbýlalaganna.

Um 56.—58. gr.

Greinarnar eru efnislega samhljóða 49.—51. gr. nýbýlalaganna.

Um 59.—75. gr. (X. kafla).

Greinarnar eru samhljóða 1.—17. gr. laga um Ræktunarsjóð Íslands með áorðnum breytingum. Þykir, eins og fyrr var sagt í greinargerðinni, eðlilegt, að ákvæði um Ræktunarsjóð Íslands séu í sömu lögum og ákvæðin um Byggingarsjóð. Mætti frv. verða til hagræðis fyrir þá, er lán taka úr sjóðum þessum.

Um 76. gr.

Greinin er samhljóða 52. gr. nýbýlalaganna.

Um 77. gr.

Greinin felur í sér nýmæli frá nefndinni. Þar er lagt til, að landbúnaðarráðherra skipi 5 manna nefnd, er hafi það verkefni að finna á hverjum tíma hinar hagkvæmustu leiðir í byggingarmálum sveitanna. Gert er ráð fyrir, að nefndin láti rannsaka byggingar í sveitum í því skyni, að öruggari grundvöllur fáist til leiðbeininga í byggingarmálum sveitanna. Byggingarkostnaður er orðinn mjög lítill, en þó að margar byggingar séu dýrar, eru þær oft gallaðar. Er því þörf á, að þetta mál verði rannsakað, og þykir bezt henta, að nefnd verði skipuð til þess, á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í greininni.

Um 78. gr.

Í þessari grein er lagt til, að í byggingarnefndina séu valdir menn með tilliti til sérfræðimenntunar þeirra.

Um 79. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir því, að byggingarnefndin geti ráðið til sín byggingaverkfræðing til að framkvæma þær rannsóknir, sem um getur í 77. gr.

Enn fremur er tekið fram í greininni, að kostnaður við byggingarrannsóknirnar greiðist úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum.

Um 80.—85. gr.

Greinarnar eru efnislega samhljóða 53.—58. gr. nýbýlalaganna.

Um 86. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Um 87.—88. gr.

Greinarnar svara til 59. og 60. gr. nýbýlalaganna.

Um 89. gr.

Reikningar Landnáms ríkisins hafa verið endurskoðaðir af endurskoðendum Búnaðarbanka Íslands, og þykir rétt að ákveða í lögum, að svo skuli vera, svo og að þeir séu sendir landbúnaðarráðherra og landbúnaðarnefndum Alþingis.

Um 90. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði þetta er í samræmi við 2. gr. Samkvæmt því fellur umboð núverandi nýbýlastjórnar niður við gildistöku nýrra laga.

Fyrirsagnir.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir einstakra kafla skýra sig sjálfar.

Fylgiskjal.

Úr áliti milliþinganefndarinnar.

Verður þá gefið stutt yfirlit um viðhorf þessara mála hér á tímabilinu 1947 til ársloka 1955.

Samkvæmt lögunum hefur aðstoð verið veitt:

1. Til stofnunar nýbýla við skiptingu jarða og í nýbýlahverfum.
2. Til endurbyggingar eyðijarða, samkvæmt ákvæðum, er tekin voru upp í lögin 1952.
3. Aðstoð til byggðra jarða, vegna bæjarflutninga, þar sem ástæða hefur þótt til vegna ræktunaraðstöðu, samgönguaðstöðu eða af öðrum orsökum að flytja bæði íbúðar- og peningshús til betri aðstöðu.

Umsóknir um stofnun nýbýla, endurbygging eyðijarða og bæjarflutninga og yfirlit um veittar heimildir af nýbýlastjórn frá 31/12 1946—31/12 1955 eru:

Ár	Umsóknir	Nýbýli	Eyðijarðir	Samþykkt alls
1947	52	51	1	52
1948	36	35	1	36
1949	45	32	2	34
1950	39	37	1	38
1951	72	45	3	48
1952	111	58	14	72
1953	101	84	35	119
1954	100	46	15	61
1955	87	65	15	80
Samtals	643	453	87	540

Í tölu umsókna eru einnig taldar 45 umsóknir um aðstoð vegna bæjarflutninga, og af þeim eru samþykktir 43 og fjárhagsaðstoð veitt í sambandi við þá, sem hefur numið 4000—8000 kr. á býli, eftir aðstöðu.

Af 453 nýbýlum eru 28 í landnámi ríkisins í byggðahverfum.

Á tímabilinu 1947—1955, að báðum árum meðtöldum, hafa á einstaklingsnýbýlum og endurbyggðum eyðijörðum, með fjárhagsstuðningi Landnáms ríkisins, verið unnar eftirgreindar ræktunarumbætur:

Sýslur	Tala býla	Girðingar m	Skurðir opnir m³	Lokræsi m	Ræktun m²
Gullbr- og Kjósars. ..	17	7462	86912	53374	743420
Borgarfjarðarsýsla .	17	2250	52539	6735	447704
Mýrasýsla	10	6687	71209	687	144847
Snæf.- og Hnappad.s.	16	18413	35006	625	407472
Dalasýsla	6	3940	8138	–	191682
Barðastrandarsýsla .	5	4416	12483	447	95855
V.- og N.-Ísafjarðars.	5	5265	4190	235	107910
Strandasýsla	9	7553	13725	212	282460
V.-Húnavatnssýsla ..	12	10417	28023	155	329411
A.-Húnavatnssýsla ..	12	10660	60791	255	527550
Skagafjarðarsýsla ..	43	39623	165965	353	1891236
Eyjafjarðarsýsla	26	8932	55846	1500	1020039
S.-Þingeyjarsýsla ...	38	27497	70366	10996	1878162
N.-Þingeyjarsýsla ...	19	16589	–	–	906222
N.-Múlasýsla	37	30152	28197	282	1221162
S.-Múlasýsla	18	14709	27738	3031	602457
A.-Skaftafellssýsla ..	12	6896	27512	–	317100
V.-Skaftafellssýsla ..	13	16777	25561	3616	640830
Rangárvallasýsla ...	27	23241	55539	120	1982640
Árnessýsla	55	44876	178728	29649	3798367
Samtals	397	306405	1008468	112272	17536526

Meðaltal ræktunarframkvæmda 1947—1955 á nýbýlum og endurbyggðum eyðijörðum:

Gullbringu- og Kjósarsýsla	4.2554 ha
Borgarfjarðarsýsla	2.6276 —
Mýrasýsla	1.4485 —
Snæfellsness- og Hnappadalssýsla	2.5467 —
Dalasýsla	3.1947 —
Barðastrandarsýslur	1.9171 —
Norður- og Vestur-Ísafjarðarsýslur	2.1582 —
Strandasýsla	3.1384 —
Vestur-Húnavatnssýsla	2.7452 —
Austur-Húnavatnssýsla	4.3962 —
Skagafjarðarsýsla	4.3982 —
Eyjafjarðarsýsla	3.9232 —
Suður-Þingeyjarsýsla	4.9425 —
Norður-Þingeyjarsýsla	4.7696 —
Norður-Múlasýsla	3.3004 —
Suður-Múlasýsla	3.3469 —
Austur-Skaftafellssýsla	2.6425 —
Vestur-Skaftafellssýsla	4.9295 —
Rangárvallasýsla	7.3431 —
Árnessýsla	6.9061 —

Meðaltal: 4.4 ha á býli.

Framkvæmdatölurnar sýna eðlilega, að girðingar og framræsla, sem lokið er við á býlunum, er hlutfallslega meiri en hin fullgerða ræktun. Þó er það svo, að í mörgum tilfellum er erfiðast að leysa framræsluna af hendi á einstaklingsbýlum, því oft eru umferðagröfur farnar hjá, þegar til býlanna er stofnað. Þetta seinkar framkvæmd ræktunarinnar. Í þessu atriði kemur mjög fram aðstöðumunur ein-

staklingsbýlanna og býlanna í byggðahverfum. Þar er allri framræslu lokið, áður en nýbyggjendur búsetja sig, og fullnaðarræktun hefur jafnan verið fullgerð, á meðan uppbygging býlanna fer fram. Hins vegar njóta einstaklingsbýli oft heyskaparaðstöðu hin fyrstu ár frá þeirri jörð, sem býlinu er skipt úr, og dregur það úr, að fullnaðarræktun sé gerð, meðan byggingar standa yfir.

Ræktunarframkvæmdir einstaklingsbýla, sem skiptast á 397 býli, hafa kostað, reiknað með meðaltalsverði framkvæmdaáranna, eins og eftirfarandi tölur sýna:

Ræktun	kr.	8 770 000.00
Girðingar	—	3 064 050.00
Framræsla	—	3 529 638.00
Lokræsi	—	22 454.00
Samtals	kr.	15 386 142.00

Þetta svarar til meðaltalskostnaðar á býli kr. 38 756.00.

Á árunum 1947—1949 er styrkur greiddur til þeirra, er fullgert hafa áskilda ræktun 5 ha, 12 þúsund krónur. Framlagið er hækkað 1950 upp í 20 þúsund krónur og hækkað aftur í 25 þúsund krónur 1952. Þar sem mestur hluti ræktunarinnar fellur á 6 ára tímabilið eftir 1950, kemst meiri hluti nýbyggjenda undir hærri greiðslurnar.

Árlegar styrkveitingar hafa numið eftirgreindum fjárhæðum:

1947	kr.	136 005.00
1948	—	105 592.00
1949	—	207 750.00
1950	—	220 951.00
1951	—	884 514.00
1952	—	1 150 043.00
1953	—	1 954 000.00
1954	—	1 800 563.00
1955	—	1 361 961.00
Samtals	kr.	7 821 397.00

Landnám ríkisins hefur stofnað til 12 byggðahverfa, sem staðsett eru í 10 sýslum landsins. Það hefur umráð yfir 7017 ha af landi fyrir þessi hverfi. Af landi þessu er ræktanlegt land 5135 hektarar og beitiland og fjalllendi 1832 ha. Auk þess hafa verið keypt beitar- og afréttarlönd vegna tveggja hverfa, en þau hafa ekki verið kortlögð og því ekki til nákvæm stærð á því landi. Það er ekki tekið með í ofangreindar tölur, enda er hér að ræða um sumarbeitilönd fyrir sauðfé ábúenda hverfanna. Samkvæmt skipulagi því, sem gert hefur verið um hverfin, er áætlað, að þar verði reist 70 býli, þegar hverfin eru fullbyggð Búendur hafa í árslok 1955 tekið við ábúð á 28 þessara býla, sem eru að mestu uppbyggð, og sex öðrum hefur verið heitið réttindum til ábúðar, sem lítilsháttar hafa byrjað framkvæmdir á þessu ári. Því nær helmingi væntanlegra býla hefur því verið ráðstafað.

Undirbúningsframkvæmdir fyrstu hverfanna hófust árið 1948 með framræslu. Byggingar á íbúðar- og peningshúsum hófust 1950 og 1951 í tveimur hverfanna, en á næstu árum í hinum, eftir því sem ræktunarundirbúningi miðaði áfram.

Framræslan á löndum hverfanna nær til um 2500 hektara. Opnir framræsluskurðir eru 186 km að lengd og rými þeirra 878 509 m³. Girðingar hafa verið lagðar um ræktunar- og beitilönd 87.2 km. Fullbyggðir akvegir til að tengja hverfin þjóðvegum eða sýsluvegum og um hverfislöndin að býlunum eru 17.9 km. Aðalvatnsæðar, sem lagðar hafa verið, eru 13 þúsund metrar á lengd. Fullræktaðir hafa verið

320 ha og auk þess brotið land, plægt og herfað, 199 ha. Til landkaupa og allra framangreindra framkvæmda hefur verið varið 8 087 þúsund krónum.

Flestir ábúendur í byggðahverfum eru úr þeim hreppum og sýslum, sem byggðahverfin eru staðsett í, eða hafa verið uppaldir þar, en verið fluttir burtu á tímabili. Það verður að telja æskilegt, að nýbýlastjórn hafi aðstöðu til þess, á þennan hátt, að láta af hendi land til búrekstrar, þar sem aðilar sjálfir ekki geta útvegað sér það.

Samkvæmt framansögðu hefur það áunnizt með núgildandi löggjöf, að 425 búendur hafa komizt það áleiðis, að þeir eru með bú og hafa lokið verulegum hluta framkvæmda sinna. Á byrjunarstigi eru 143 einstaklingar, sem flestir eru byrjaðir á framkvæmdum, en ekki það langt komnir, að býlin séu búrekstrarhæf. Um helmingur þeirra er með framkvæmdir á yfirstandandi ári, sem láns- og styrktarfé þarf til.

Sveitirnar urðu fyrir miklum áföllum vegna eyðingar á byggð allt tímabilið 1930—1949, og enn á sér stað fólksfækkun í sveitum, og einstakar jarðir fara í eyði. Séu taldir íbúar sveitanna, að frádreginni þeirri fólkstölu, er býr í smáþorpum og öðru þéttbýli, þar sem fólk hefur atvinnutekjur að meiri hluta af öðru en landbúnaði, sést, að stöðvunar verður fyrst vart eftir 1950, og þrátt fyrir þær aðgerðir, sem hér hefur verið lýst, er enn engan veginn að ræða um heildarfjölgun fólks í sveitum.

Fólkstalan á heimilum í sveitum, að frádregnu því fólki, er býr í hinum smærri þorpum og kauptúnum, hefur verið þessi hin síðustu ár:

1952	34 906
1953	34 979
1954	34 244
1955	34 311

Fólksfjölgun frá árinu 1954 til ársins 1955 hefur orðið í 7 sýslum um 290 manns, en í 11 sýslum hefur fólki fækkað um 223, svo heildarfólksaukningin er aðeins 67 manns þetta ár. Í þremur sýslum orsakast fólksfækkunin að nokkru leyti af því, að jarðir hafa farið í eyði, en að nokkru leyti er þar um að ræða fækkun fólks á heimilunum, og eins í þeim 8 sýslum, þar sem engin jörð hefur farið í eyði á árinu.

Benda má á í þessu sambandi, að í þéttbýlinu, sem fólkið leitar til, þegar það flytur úr sveitunum, kemst það inn í harða baráttu um þá úrkosti, sem í þéttbýlinu eru til lífsframfæris. Oft eru hjá þessu fólki húsnæðisvandamálin það, sem erfiðast er að leysa. Húsnæði er dýrara í bæjum en í sveitum, og enn eru í flestum sýslum byggðar jarðir, sem hafa ófullnægjandi húsakost, þó hin síðustu 9 ár hafi þar verið fullbyggð 2510 íbúðarhús til ársloka 1955 að telja.

Fram hjá því verður ekki gengið í byggingamálum sveitanna, að fjárfesting til bygginga, í hlutfalli við framleiðslumöguleika búanna, er meiri á litlum og lítt ræktuðum jörðum en þeim, sem stærri eru. Því þarf að miða ráðstafanir gagnvart þeim jörðum, sem dregizt hafa aftur úr um ræktunarframkvæmdir, við það, að saman geti farið á jörðum, sem byggja þarf upp á, aukin ræktun og stækkun bús að því marki, að afrakstur búanna geti staðið undir nauðsynlegum byggingarumbótum.

Þess ber að geta í þessu sambandi, að orsakir til þess, að jarðir hafa farið í eyði og fólki sveitanna hefur fækkað, eru engan veginn eingöngu skortur á nægilegu ræktuðu landi og sæmilegum byggingum, heldur eru ástæðurnar víða líka þær og ekki veigaminni, að samgönguörðugleikar vegna vantandi vega og brúargerða hafa hrakið fólkið í burtu. Er ekki vafi á, að sú orsökin er miklu þyngri í metunum, síðan hinar betri sveitir hafa fengið öruggar bifreiðasamgöngur og hestaflutningarnir hafa lagzt niður. Þess vegna eru samgöngubæturnar undirstaða þess, að hægt sé að halda ýmsum afskekktari sveitum í byggð.

Nefndin hefur í breytingum þeim, sem tillögur eru gerðar um, stefnt að því:

1. Að stofnun lögbýlisjarða sé því aðeins heimiluð, að nýbýli hafi skilyrði til og að landumráð séu nýbyggjendum tryggð, sem gefi möguleika fyrir ræktun, er framfært getur, þegar um almennan búrekstur, sem ekki styðst við sérstök

hlunnindi eða aðra aðstöðu til sérstakra tekna, er að ræða, nokkru stærra bú en meðalbúið er nú í landinu.

2. Með tilliti til þeirra vandkvæða bænda, að verkafólk er lítt fáanlegt til bústarfa og kaupgjald hátt, en hins vegar kostnaðarsamt að kaupa fullnægjandi vélar og tæki, er þarf til að tæknibúa búin, einkum ef þau eru smá, þá þykir rétt að heimila, þar sem sérstaklega stendur á, að búendafjölgun í sveitum geti orðið með þeim hætti, að fjölskyldur stofni til samreksturs. Þó íbúðir og heimilishald þeirra sé ekki aðskilið, þá sé veitt framlag, sem að fjárhæð sé miðað við þá búendafjölgun, sem af samyrkju- eða félagsbúinu leiðir. Með því er raunverulega lækkaður stofnkostnaður, að því er tekur til vélakaupa, og aukið öryggi fyrir fullnægjandi vinnuafli, er tryggi afkomu viðkomandi búa.
3. Að tilsvarandi kröfur séu gerðar um kosti eyðijarða, sem stuðningur verður veittur til að reisa ábúð á, og til nýbýlanna.
4. Garðyrkjan í landinu er nú orðin nokkur þáttur í framfærslu fólks í mörgum sveitum, og telur nefndin fulla ástæðu til, að býli, sem hafa aðstöðu til ræktunar matjurta í gróðurhúsum, njóti sömu réttinda og lögbýlisjarðir, ef þau hafa hitaskilyrði og landumráð, er gefi aðstöðu til sömu tekna og almennur búrekstur, þó landþörf slíkra býla sé fyrst og fremst miðuð við útiræktun matjurta.
5. Nefndin er sammála um, að nauðsyn beri til að auka fjölbreytni í atvinnuháttum í sveitum og það beri að efla þar arðgæfan iðnað. Getur því verið réttmætt í sambandi við það að styrkja heimilastofnanir, þar sem byggt er á föstum atvinnutekjum vegna þjónustustarfa í þágu landbúnaðar fyrir byggingariðnaðarmenn, vélvirkja, mjólkurbílstjóra, svo og þá, er gegna þjónustustörfum í þágu almennings í viðkomandi sveitum.
6. Af þeim rannsóknum, sem Landnám ríkisins hefur gert um eyðijarðir, er ljóst, að meginhluta þeirra jarða, sem í eyði hafa farið, hefur skort fullnægjandi heyöflunaraðstöðu. Það er og vitað mál, að 10.3% af byggðum jörðum hafa bústærðir, er svara til 2—3 kúa þunga, samkvæmt heimildum frá formanni Stéttarsambands bænda, og að 33.9% af jörðunum hafa bústærðir frá 4—8 kúa þunga. Það, sem orsakar þetta, er meðal annars, að viðkomandi jarðir hafa of lítinn heyskap á ræktuðu vélfæru landi. Þessum jörðum er öðrum jörðum fremur hætta búin um að fara í eyði.

Hvers konar ráðstafanir, sem hægt væri að gera til að stækka minnstu búin, mundu stuðla að því, að jarðirnar héldust betur í byggð, búendur þeirra fengju betri afkomu og það yki styrk hreppsfélaganna. Með hliðsjón af þessu telur nefndin nauðsynlegt, að aðstaða sé til með heimild löggjafar að fyrirbyggja, að nothæfar jarðir og heilir byggðarhlutar fari í eyði. Gegn þessu mætti vinna með því að efla framkvæmdir, er miða að því að gera jarðirnar framleiðsluhæfar fyrir bú, er staðið geta undir nokkrum stofnkostnaði, og telur nefndin því þjóðhagslega séð réttmætt, að veittur sé fjárstuðningur, þar sem með því er hægt að fyrirbyggja, að sveitarfélög skerðist að tölu byggðra jarða úr hófi fram. Það virðist réttari og auðveldari leið að taka slík býli til meðferðar, meðan þau enn haldast í ábúð og að þau séu gerð framleiðsluhæf til samræmis við það, sem kröfur eru gerðar til um undirbúning nýbýla eða uppbyggingu eyðijarða.

Nefndin er sammála um, að við stofnun bújarða sé leitazt við að gera stærð þeirra þannig, að jarðirnar fullræktaðar framfleyti bústærð, sem getur staðið undir nokkurri tækni og auknum húsakosti, er henni fylgir. Er því lágmarksstærð ræktaðs lands, er býli á að fylgja, hækkað og jafnframt því hækkuð sú hektara tala, sem krafizt er, að fullræktuð sé fyrir það framlag, sem veitt yrði í þessu skyni.

Ed. 280. Lög [156. mál]

um heimild handa ríkisstjórninni til að kaupa eyðijörðina Grjótlæk í Stokkseyrarhreppi.

(Afgreidd frá Ed. 22. febr.

Samhljóða þskj. 65.

Nd. 281. Nefndarálit [60. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Í 1. gr. þessa frumvarps er lagt til, að sú breyting verði gerð á skattalögunum, að veltuútvar og eignarútsvar, sem greitt hefur verið, megi draga frá tekjum, áður en tekjuskattur er reiknaður. Flutningsmenn frumvarpsins hafa einnig borið fram annað frumvarp, á þingskjali 80, um breytingu á útsvarslögunum, og er þar lagt til, að gjöld þessi skuli einnig dregin frá tekjum, áður en útsvar er lagt á þær.

Svonefnd veltuútsvör eru tilfinnanlegur útgjaldaliður hjá mörgum atvinnu- og viðskiptafyrirtækjum í kaupstöðum og ýmsum kauptúnahreppum. Engin sérstök lagaákvæði eru til um veltuútsvörin, en í útsvarslögunum segir, að við álagningu útsvara skuli taka til greina „efni og ástæður" gjaldenda, og munu veltuútsvörin vera ákveðin með tilvitnun í þá lagastafi. Eins og nafnið bendir til, eru þessi gjöld miðuð við viðskiptaveltu, en ekki við rekstrarafkomu gjaldenda, og hafa verið nefnd dæmi um það, að veltuútsvörin hafi numið meiru en tekjuafgangur af þeirri starfsemi, sem þau miðast við.

Það er álit nefndarinnar, að hér sé þörf breytinga. Hins vegar litur nefndin svo á, að ekki sé fært að gera það eitt að ákveða, að veltuútsvörin verði frádráttarhæf við álagningu skatta og útsvara, eins og flutningsmenn frv. leggja til. Um leið og sú breyting væri gerð, þyrfti að setja reglur um álagningu veltuútsvaranna, þar sem þeim væru sett ákveðin takmörk, ef sú tekjuöflunaraðferð bæjar- og sveitarfélaga verður viðurkennd hér eftir, en um slíka tekjuöflun munu vera skiptar skoðanir.

En það er engan veginn vandalítið að setja reglur um veltuútsvörin, ef á það verður fallizt að leyfa bæjar- og sveitarfélögum tekjuöflun með þeim hætti. Bæjar- og sveitarfélögin hafa gengið mjög misjafnlega langt út á þá braut að afla tekna með veltuútsvörum. Reglur, sem bæjarstjórnir einstakra kaupstaða mundu telja viðunandi, væru lítt eða ekki nothæfar að dómi annarra. Og mál þetta verður naumast leyst nema með víðtækari athugun á tekjuöflun bæjar- og sveitarfélaganna.

Af þeim ástæðum, sem hér hafa verið nefndar, telur nefndin rétt að beina því til ríkisstjórnarinnar, að hún láti fara fram athugun á málinu og geri tillögur um nýja löggjöf um það, svo fljótt sem verða má. Það er því tillaga nefndarinnar, að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 22. febr. 1957.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Pétur Pétursson, fundaskr. Eðvarð Sigurðsson.

Ólafur Björnsson. Jóhann Hafstein.

Nd. 282. Nefndarálit [61. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 66 1945, um útsvör.

Frá fjárhagsnefnd.

Flutningsmenn þessa frv. hafa einnig borið fram frumvarp á þingskjali 79 um breytingar á lögunum um tekju- og eignarskatt. Með skírskotun til nefndarálits um það mál leggur nefndin til, að frumvarpi þessa verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 22. febr. 1957.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Pétur Pétursson, fundaskr. Eðvarð Sigurðsson.
Ólafur Björnsson. Jóhann Hafstein.

Nd. 283. Nefndarálit [106. mál]

um frv. til laga um aukinn skattfrádrátt til handa skipverjum á fiskiskipum.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með frv. Við 1. umræðu málsins óskaði ráðherra þess, að nefndin bæri fram tillögu um leiðréttingu á skekkju, sem er í 1. gr. frv. Það er því tillaga nefndarinnar, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

Við 1. gr.

a. Í stað „kr. 300.00“ komi: kr. 200.00.
b. Í stað „kr. 200.00“ komi: kr. 300.00.
c. Framan við „nr. 46/1954“ komi: laga.

Alþingi, 22. febr. 1957.

Skúli Guðmundsson, form. Pétur Pétursson, fundaskr. Eðvarð Sigurðsson, frsm.
Jóhann Hafstein. Ólafur Björnsson.

Sþ. 284. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1957 og við brtt. á þskj. 276.

Frá fjárveitinganefnd.

1.	Við	3. gr.	A. Sundurliðun 1. I. (Póstsjóður, tekjur). Fyrir „17 810 000“ kemur	18 900 000
2.	—	3. —	A. Sundurliðun 2. I. (Landssíminn, tekjur). Fyrir „59 450 000“ kemur	72 320 000
3.	—	3. —	A. Sundurliðun 5. I. (Ríkisútvarpið, afnotagjöld). Fyrir „7 800 000“ kemur	8 200 000

4.	—	3. — A. Sundurliðun 5. Aukið rekstrarfé ríkisútvarpsins.	
		Fyrir „871 592“ kemur	1 271 592
5.	—	11. — A. 11. a. 2. (Hegningarhúsið í Rvík, næturvinnuálag).	
		Fyrir „16 000“ kemur	43 000
6.	—	11. — B. 7. b. (Síldarmat).	
		a. Við 2. (Tímakaup matsmanna).	
		Liðurinn fellur niður.	
		b. Við 3. (Annar kostnaður).	
		Fyrir „35 000“ kemur	185 000
7.	—	12. — IV. A. (Landsspítalinn).	
		a. Við 2. (Matvörur).	
		Fyrir „1 000 000“ kemur	1 040 000
		b. Við 4. (Annar kostnaður).	
		Fyrir 4 225 000“ kemur	4 597 500
8.	—	12. — IV. B. (Fæðingardeild landsspítalans).	
		a. Við 2. (Fæðiskostnaður).	
		Fyrir „675 000“ kemur	700 000
		b. Við 3. (Annar kostnaður).	
		Fyrir „1 585 000“ kemur	1 670 000
		c. Við ÷ Hluti Reykjavíkurbæjar.	
		Fyrir „1 624 584“ kemur	1 697 881
9.	—	12. — IV. D. (Heilsuhælið á Vífilsstöðum).	
		a. Við 2. (Matvörur).	
		Fyrir „1 175 000“ kemur	1 150 000
		b. Við 3. (Annar kostnaður).	
		Fyrir „1 600 000“ kemur	1 680 000
		c. Við ÷ Tekjur.	
		Fyrir „2 600 000“ kemur	2 370 000
10.	—	12. — IV. F. (Geðveiðrahælið á Kleppi).	
		a. Við 2. (Matvörur).	
		Fyrir „1 800 000“ kemur	1 875 000
		b. Við 3. (Annar kostnaður).	
		Fyrir „2 141 000“ kemur	2 234 000
11.	—	12. — IV. H. (Fávitahælið í Kópavogi).	
		a. Við 2. (Matvörur).	
		Fyrir „340 000“ kemur	355 000
		b. Við 3. (Annar kostnaður).	
		Fyrir „377 000“ kemur	396 500
12.	—	12. — IV. J. (Blóðbankinn).	
		a. Við 2. (Annar kostnaður).	
		Fyrir „110 000“ kemur	125 000
		b. Við ÷ Tekjur.	
		Fyrir „215 000“ kemur	212 965
13.	—	13. — A. II. a.	
		a. Við 81. (Ögurvegur).	
		Fyrir „355 000“ kemur	335 000
		b. Við 82. (Vatnsfjarðarvegur).	
		Fyrir „130 000“ kemur	150 000
14.	—	13. — A. III. (Brúargerðir).	
		a. Við 23. Nýr liður:	
		Sunnudalsá	100 000
		b. Við 29. Nýr liður:	
		Fjarðará á Síðu	135 000

		c. Við 30. Nýr liður:	
		Brýr á skurði í Landeyjum	90 000
15.	— 13.	— A. XVI. Nýr liður:	
		Atvinnuleysistryggingagjöld	140 000
16.	— 13.	— C. VIII. 4. Nýr liður:	
		Bakkafjörður	50 000
17.	— 13.	— C. VIII. 5. (Blönduós).	
		Fyrir „50 000“ kemur	100 000
18.	— 13.	— C. VIII. 61. Nýr liður:	
		Til dráttarbrautar fyrir togara á Akureyri	200 000
19.	— 13.	— C. VIII. 62. e. Nýr liður:	
		Skógasandi við Jökulsá	5 000
20.	— 14.	— A. VI. (Álag vegna afhendingar kirkna).	
		Fyrir „200 000“ kemur	300 000
21.	— 14.	— B. XIII. a. (Verzlunarskólinn).	
		Fyrir „300 000“ kemur	400 000
22.	— 14.	— B. XIV. 5. b. Nýr stafliður:	
		Hlutdeild í íþróttahúsi:	
		Seyðisfjörður	100 000
23.	— 14.	— B. XXIV. Nýr liður:	
		Styrkur til færeysks fræðimanns til að flytja fyrirlestra hér á landi um færeyskt þjóðlíf, sögu og bókmenntir	30 000
24.	— 14.	— B. XXXI. (Byggingarskuldir stúdentagarðanna).	
		Fyrir „50 000“ kemur	100 000
25.	— 15.	— A. X. c. (Bygging bókasafna og lesstofa).	
		Fyrir „100 000“ kemur	175 000
26.	— 15.	— A. XI. 20. Nýr liður:	
		Til Bjarna M. Gíslasonar til ritstarfa	10 000
27.	— 15.	— A. XI. 29. (Útgáfa héraðssagnarita).	
		Fyrir „30 000“ kemur	40 000
28.	— 15.	— A. XII. (Skáld, rithöfundar og listamenn).	
		Fyrir „3 manna nefnd“ komi: 4 manna nefnd.	
29.	— 15.	— A. XIII. Nýr liður:	
		Til kaupa á málverkum úr íslenzkri sögu, samkv. ákvörðun menntamálaráðs	30 000
30.	— 15.	— A. XIX. Liðurinn orðist svo:	
		Til Benedikts Gíslasonar frá Hofteigi til fræðiiðkana	8 000
31.	— 15.	— A. XXVIII. (Þórarinn Jónsson).	
		Fyrir „10 000“ kemur	15 000
32.	— 15.	— A. XXXIV. 2. (Leikfélag Akureyrar).	
		Fyrir „25 000“ kemur	30 000
33.	— 15.	— A. XXXIV. 4. (Leikfélag Hafnarfjarðar.)	
		Fyrir „5 000“ kemur	8 000
34.	— 15.	— A. XXXIV. 5. (Leikfélag Ísafjarðar).	
		Fyrir „5 000“ kemur	8 000
35.	— 15.	— A. XXXIV. 6. (Leikfélag Neskaupstaðar).	
		Fyrir „5 000“ kemur	8 000
36.	— 15.	— A. XXXIV. 7. (Leikfélag Sauðárkróks).	
		Fyrir „5 000“ kemur	8 000
37.	— 15.	— A. XXXIV. 8. (Leikfélag Vestmannaeyja).	
		Fyrir „5 000“ kemur	8 000
38.	— 15.	— A. XXXIV. 9. (Leikstarfsemi á Siglufirði).	
		Fyrir „5 000“ kemur	8 000

39. — 15. — A. XXXIV. 10. (Leikfélag Dalvíkur).
Fyrir „5 000“ kemur 8 000
40. — 15. — A. XXXIV. 11. (Leikfélag Húsavíkur).
Fyrir „5 000“ kemur 8 000
41. — 15. — A. XXXIV. 12. (Leikfélag Eyrarbakka).
Fyrir „5 000“ kemur 8 000
42. — 15. — A. XXXIV. 13. (Leikfélag Akraness).
Fyrir „5 000“ kemur 8 000
43. — 15. — A. XXXIV. 14. (Umf. Skallagrímur).
Fyrir „5 000“ kemur 8 000
44. — 15. — A. XXXIV. 15. (Leikfélag Hveragerðis).
Fyrir „5 000“ kemur 8 000
45. — 15. — A. XXXIV. 16. (Leikfélag Kópavops).
Fyrir „5 000“ kemur 8 000
46. — 15. — A. XXXIV. 17. (Leikfélag Blönduóss).
Fyrir „5 000“ kemur 8 000
47. — 15. — A. XXXVIII. Textinn orðist svo:
Til söng- og tónlistarnáms erlendis eftir ákvörðun menntamálaráðs.
48. — 15. — A. LIV. Nýr liður:
Til Friðriks Friðrikssonar æskulýðsleiðtoga, heiðurslaun 15 000
49. — 15. — A. LVI. Nýr liður:
Til Valgerðar Þórðardóttur frá Kolviðarhóli í viðurkenningarskyni fyrir frábæra risnu og greiðasemi við ferðamenn 15 000
50. — 15. — A. LXX. Nýr liður:
Til minnismerkis um Þorstein Erlingsson 10 000
51. — 15. — A. LXXIII. Nýr liður:
Til minnismerkis á klausturgrunninum í Þykkvabæ í Álftaveri 5 000
52. — 15. — B. V. 1. (Almenn veðurþjónusta).
Frádráttarliðurinn orðist svo:
÷ Endurgreitt vegna flugveðurþjónustu 415 900
53. — 16. — A. 7. Nýr liður:
Til vélasjóðs, til greiðslu skulda vegna kaupa á skurðgröfum 350 000
54. — 16. — A. 15. a. (Landnám).
Fyrir „2 500 000“ kemur 5 000 000
55. — 16. — A. 15. Nýr liður:
Til íbúðarhúsa á nýbýlum 1 500 000
56. — 16. — A. 16. Nýr liður:
Framlag til túnræktar á þeim jörðum, þar sem ræktun er skammt á veg komin 4 000 000
57. — 16. — A. 26. Nýr liður:
Til sjóvarnargarðs á Ísafirði 100 000
58. — 16. — A. 31. Nýr liður:
Til sjóvarnargarðs í Borgarnesi 50 000
59. — 16. — A. 33. (Landþurrkun í Austur-Landeyjum).
Fyrir „20 000“ kemur 40 000
60. — 16. — B. 7. (Leit nýrra fiskimiða).
Fyrir „750 000“ kemur 1 000 000
61. — 16. — B. 12. Nýr liður:
Til framleiðslu á beituskurðarvélum, eftir ráðstöfun Fiskifélags Íslands 10 000

62. — 16. — B. 14. (Olíusamlög).
Fyrir „50 000“ kemur 150 000

63. — 16. — C. 4. (Iðnlánasjóður).
Fyrir „450 000“ kemur 1 450 000

64. — 16. — D. X. Liðurinn orðist svo:
Raforkusjóður 15 000 000

65. — 17. — 6. (Styrktar- og sjúkrasjóðir).
Fyrir „20 000“ kemur 40 000

66. — 17. — 18. Nýr liður:
Til verkakvennafélagsins Framtíðarinnar í Hafnarfirði til byggingar dagheimilis, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi annars staðar að 30 000

67. — 17. — 19. f. Nýr liður:
Til orlofs og sumardvalar fyrir húsmæður frá barnmörgum heimilum 40 000

68. — 17. — 26. Nýr liður:
Til framkvæmdanefndar alþjóðaskákmóts stúdenta 40 000

69. — 17. — 34. (Landsfundur Kvenréttindafélags Íslands).
Liðurinn fellur niður.

70. — 17. — 36. (Byggingarsjóður kaupstaða og kauptúna).
Fyrir „1 975 000“ kemur 3 950 000

71. — 17. — 38. (Framlag vegna laga um húsnæðismálastjórn o. fl.).
Fyrir „3 000 000“ kemur 4 000 000

72. — 17. — 58. (Alþjóðagjaldeyrisstofnunin).
Liðurinn fellur niður.

73. — 18. — I. a. (Embættismenn).
Fyrir „218 360“ kemur 220 143

74. — 18. — II. a.

a. Niður falla þessir liðir:
1. Anna Björnsdóttir, fyrrv. kennari.
2. Davíð Árnason, fyrrv. fiskmatsmaður.
3. Jón Jónsson, fyrrv. kennari, Höfnum.
4. Karl H. Bjarnason, fyrrv. dyravörður.
5. Lárus Bjarnason, fyrrv. skólastjóri.
6. Þórdís J. Carlquist, fyrrv. forstöðukona ljósmæðraskólans.

b. Eftirfarandi liðir breytast:
1. Áskell Snorrason, fyrrv. söngkennari.
Fyrir „7 348.00“ kemur 8 500.00
2. Eggert Stefánsson, söngvari.
Fyrir „16 380.00“ kemur 18 000.00
3. Egill Hallgrímsson, fyrrv. barnakennari.
Fyrir „3 956.00“ kemur 5 000.00
4. Jón N. Jóhannesson, fyrrv. sóknarprestur.
Fyrir „4 816.00“ kemur 6 000.00
5. Sigurður Sigfússon, fyrrv. póstur.
Fyrir „1 585.00“ kemur 2 500.00
6. Sigurður Sigurðsson, fyrrv. barnakennari.
Fyrir „3 900.00“ kemur 6 000.00

c. Við bætast í stafrófsröð:
1. Andrés Eyjólfsson, fyrrv. skjalavörður og alþm. 15 000.00
2. Ari Sigurbjörnsson, fyrrv. póstur 2 500.00
3. Björn Jakobsson, fyrrv. skólastjóri 12 000.00
4. Einar Einarsson, fyrrv. skipherra 12 000.00

	5. Geir G. Zoëga, fyrrv. vegamálastjóri	11 700.00
	6. Guðjón Einarsson, fyrrv. fiskmatsmaður	4 500.00
	7. Guðmundur Benónýsson, fyrrv. fiskmatsmaður	2 500.00
	8. Guðmundur Hlíðdal, fyrrv. póst- og símamálastjóri	16 700.00
	9. Guðný Þórarinsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	2 000.00
	10. Halla Sigurðardóttir, fyrrv. ljósmóðir	2 000.00
	11. Jón Eiríksson, fyrrv. skólastjóri	3 000.00
	12. Jón Jónsson, fyrrv. kennari	2 000.00
	13. Jón Sigurðsson, fyrrv. skrifstofustjóri	17 700.00
	14. Jónas Stefánsson, fyrrv. póstur	2 500.00
	15. M. E. Jessen, fyrrv. skólastjóri	2 500.00
	16. Markús Guðmundsson, fyrrv. verkstjóri	2 500.00
	17. Matthildur Hannesdóttir, fyrrv. ljósmóðir	2 000.00
	18. Oddur Bjarnason, fyrrv. fulltrúi	4 000.00
	19. Páll Sigurjónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	2 500.00
	20. Sigurður Stefánsson, fyrrv. póstur	2 500.00
	21. Wilhelm Erlendsson, fyrrv. póstafgreiðslumaður	6 000.00
	22. Þórður Jónsson	3 000.00
75. — 18. —	II. b.	
	a. Niður falla þessir liðir:	
	1. Anína Arinbjarnardóttir.	
	2. Guðrún Jónsdóttir, ekkja Einars Þorsteinssonar.	
	3. Guðrún Torfadóttir.	
	4. Helga Jónsdóttir.	
	5. Ragnheiður Jónasdóttir.	
	6. Sesselja Eiríksdóttir.	
	7. Sigurbjörg Bogadóttir.	
	8. Vilhelmína Ingimundardóttir.	
	b. Eftirfarandi liður breytist:	
	Sigríður Arnljótsdóttir.	
	Fyrir „5 070.00“ kemur	6 000.00
	c. Við bætast í stafrófsröð:	
	1. Ásta Jónsdóttir, ekkja Bjarna Ásgeirssonar	17 500.00
	2. Guðbjörg Grímsdóttir	2 500.00
	3. Hulda Þ. Björnæs	6 000.00
	4. Karen Jónsson	6 000.00
	5. Kristín Guðmundsdóttir, ekkja Eggerts Eggertssonar	3 000.00
	6. Lilja Eyþórsdóttir	9 000.00
	7. Ragnhildur Thoroddsen	7 500.00
	8. Unnur Guðjónsdóttir	5 000.00
76. Við 18. gr.	III. Textinn orðist svo: Framlag ríkissjóðs skv. 10. gr. l. 64/1955 og 8. gr. l. 66/1955 (áætlað).	
77. — 18. —	IV. Textinn orðist svo: Framlag ríkissjóðs til lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna, skv. 12. gr. l. 65/1955.	
78. — 19. —	1. (Dýrtíðarráðstafanir). Fyrir „83 500 000“ kemur	84 100 000
79. — 20. —	Út. IX. 1. (Viðbótarhúsnæði við ríkisspítalana). Fyrir „3 600 000“ kemur	4 600 000
80. — 20. —	Út. XIII. (Sjúkraflugvellir). Fyrir „500 000“ kemur	575 000

81. — 20. — Út. XIV. 8. (Húsmæðrakennaraskóli).
Fyrir „200 000“ kemur 300 000

82. — 20. — Út. XXVIII. (Bót á atvinnuörðugleikum).
Fyrir „5 000 000“ kemur 15 000 000

83. — 20. — XXIX. (Tollstöð í Reykjavík).
Liðurinn fellur niður.

84. — 20. — Út. XXX. Nýr liður:
Framlag til fiskiðjuvers ríkisins 750 000

85. — 22. — X. (Menningarsjóður).
Fyrir „550 þús. kr.“ kemur: 1 550 000.

86. — brtt. 276,2. (Við 22. gr. XI.).
Aftan við till. bætist: svo og að lána Hríseyjarhreppi allt að 50 þús. kr. til að endurnýja ferjubát.

87. — 22. gr. XIII.
Fyrir orðin „frystihúsa, mjólkurbúa og fiskimjölsverksmiðja“ kemur: fiskvinnslustöðva og stöðva til þess að vinna úr landbúnaðarafurðum.

88. — 22. — XIII. Nýir liðir:
a. Að ábyrgjast fyrir Siglufjarðarkaupstað allt að 1 millj. kr. rekstrarlán vegna síldarverksmiðjunnar Rauðku.
b. Að ábyrgjast allt að 4 millj. kr. lán fyrir skipasmíðastöðvar til bátasmíða innanlands, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, enda greiðist lánið að fullu af stofnláni, sem Fiskveiðasjóður Íslands veitir. Ríkisstjórnin setur að öðru leyti nánari skilyrði um ábyrgðir þessar.
c. Að ábyrgjast lán, sem tekið kann að verða til smíða á nýjum flóabát fyrir Eyjafjörð og nálægar hafnir, gegn tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar, þó ekki yfir ⅔ af kostnaðarverði skipsins.

89. — 22. — XVII.
Fyrir „sjúkrabifreiðum Rauðakrossins“ komi: sjúkrabifreiðum til almenningsnota.

90. — 22. — XXVI. (Framkvæmdasjóður).
Liðurinn fellur niður.

91. — 22. — XXVII. Nýir liðir:
a. Að festa kaup á landi til að byggja á uppeldisskóla fyrir stúlkur.
b. Að selja fasteignir ríkissjóðs á Þórshöfn.

92. — 22. — XXXIII. Nýir liðir:
a. Að afhenda með þeim skilyrðum, sem ríkisstjórnin setur, Bjargráðasjóði Íslands til eignar 10½ millj. kr. skuldabréf, dags. 31. ágúst 1956, vegna óþurrkalána á Suður- og Suðvesturlandi árið 1955 og enn fremur skuldabréf í vörzlu Búnaðarbanka Íslands, upphaflega 3 millj. kr., útgefin 1950 og 1951 vegna harðinda og óþurrka 1949—50 á Austur- og Norðausturlandi.
b. Að gefa eftir svokölluð hallærislán, veitt úr ríkissjóði til bænda 1952, að upphæð 5 millj. 320 þús. kr.
c. Að taka að sér, eftir því sem rannsókn leiðir í ljós að þurfa þyki, greiðslu á allt að 3½ millj. kr. lánum, sem ríkissjóður er í ábyrgð fyrir vegna þurrafúa í fiskiskipum.

Sþ. 285. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1957.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

1.	Við	2. gr.	1. (Tekju- og eignarskattur). Fyrir „116 000 000“ kemur	111 000 000
2.	—	2. —	6. Nýr liður: Tekjur samkv. lögum um útflutningssjóð o. fl.	108 000 000
3.	—	2. —	14. (Söluskattur). Fyrir „135 000 000“ kemur	110 000 000
4.	—	3. —	A. Sundurliðun 3. I. (Áfengisverzlunin, tekjur). Fyrir „87 963 042“ kemur	96 963 042
5.	—	3. —	A. Sundurliðun 4. I. (Tóbakseinkasalan, tekjur). Fyrir „61 209 040“ kemur	67 209 040

Sþ. 286. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1957 og við brtt. á þskj. 285.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

1.	Við brtt.	285, 1.	(Við 2. gr. 1. — Tekju- og eignarskattur). Fyrir „111 000 000“ kemur	113 000 000
2.	—	— 285, 3.	(Við 2. gr. 14. — Söluskattur). Fyrir „110 000 000“ kemur	115 000 000
3.	—	12. gr.	VIII. (Rekstrarstyrkur St. Jósefsspítalanna). Fyrir „375 000“ kemur	750 000
4.	—	12. —	X. (Læknisbústaðir, sjúkrahús o. fl.). Fyrir „3 000 000“ kemur	3 500 000
5.	—	12. —	XI. (Fjórðungssjúkrahús á Akureyri). Fyrir „575 000“ kemur	675 000
6.	—	12. —	XII. (Heilbrigðisstofnanir í Reykjavík). Fyrir „1 500 000“ kemur	2 000 000
7.	—	12. —	XVI. (Skálatún). Fyrir „60 000“ kemur	200 000
8.	—	13. —	B. III. (Ferðaskrifstofan). Orðin „greiddur úr sérleyfissjóði“ falla niður.	
9.	—	17. —	7. a. (Elliheimilið Grund). Fyrir „40 000“ kemur	50 000
10.	—	17. —	7. b. Liðurinn orðist svo: Til gamalmennahæla utan Reykjavíkur, 40 þús. kr. til hvers	360 000
11.	—	17. —	7. c. (Elliheimilið í Skjaldarvík). Fyrir „20 000“ kemur	30 000
12.	—	17. —	8. Nýr liður: Til félagsheimilasjóðs	1 000 000
13.	—	17. —	18. Nýr liður: Til kvenfélagsins á Akranesi til byggingar dagheimilis, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi annars staðar að	30 000

14. — 22. — XIII. (Frystihús, mjólkurbú og fiskimjölsverksmiðjur).
Fyrir „60%“ kemur: 80%.

15. — 22. — XIII. Nýr liður:
Að selja fiskiðjuver ríkisins með þeim skilyrðum og gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin ákveður.

16. — 22. — XVII. Nýr liður:
Að láta niður falla kröfu á sérleyfissjóð um greiðslu halla á ferðaskrifstofu ríkisins árin 1952—1956, enda verði fé því, sem sjóðnum þannig sparast, varið til byggingar afgreiðslustöðvar í Reykjavík fyrir sérleyfisbifreiðar.

17. — 22. — XXVI. Nýr liður:
Að leggja fram úr ríkissjóði allt að 5 millj. kr. til veðdeildar Búnaðarbankans, og heimilast ríkisstjórninni lántaka í þessu skyni, ef ríkissjóður getur ekki lagt fé fram með öðru móti.

18. Við 22. gr. XXVII. Nýr liður:
Að taka lán til hafnargerða sem hér segir:
a. Allt að 10 millj. kr. til greiðslu á framlögum ríkissjóðs samkv. hafnarlögum, sem vangoldin voru 31. des. 1956.
b. Allt að 15 millj. kr. til þess að endurlána sveitarfélögum til hafnargerða á þeim stöðum, þar sem þörfin er brýnust.

19. — 22. — XXXIII. Nýir liðir:
a. Að afhenda Bjargráðasjóði Íslands til eignar 10½ millj. kr. skuldabréf, dags. 31. ágúst 1956, vegna óþurrkalána á Suður- og Suðvesturlandi árið 1955 og enn fremur skuldabréf í vörzlu Búnaðarbanka Íslands, upphaflega 3 millj. kr., útgefin 1950 og 1951, vegna harðinda og óþurrka 1949 og 1950 á Austur- og Norðausturlandi, enda verði bændum gefin eftir umrædd lán.
b. Að gefa eftir svokölluð hallærislán, veitt úr ríkissjóði til bænda 1952, að upphæð 5 millj. 320 þús. kr.
c. Að taka að sér, eftir því sem rannsókn leiðir í ljós að þurfa þyki, greiðslu á allt að 3½ millj. kr. lánum, sem ríkissjóður er í ábyrgð fyrir vegna þurrafúa í fiskiskipum.

Sþ. 287. Framhaldsnefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1957.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Með sama hætti og við 2. umr. fjárlaganna stendur nefndin öll að þeim brtt., sem hún flytur nú á þskj. 284 við útgjaldahlið frumvarpsins.

Hins vegar vildu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í nefndinni (JK, MJ og PO) ekki gerast meðflutningsmenn okkar, sem meiri hlutann skipum, að breytingartillögunum, er við flytjum á þskj. 285 við tekjuhlið frumvarpsins, án þess að okkur sé á þessu stigi ljóst, hvað þeir ætla í þessum efnum til mála að leggja, því að engar tillögur um þau hafa þeir flutt í nefndinni.

Út af nefndaráliti minni hl. nefndarinnar við 2. umr., á þskj. 256, telur meiri hlutinn ástæðu til þess að taka þetta fram sérstaklega:

1. Minni hlutinn segir í nefndaráliti sínu, að honum hafi ekki gefizt „tóm til“ að athuga tillögur meiri hlutans „sem skyldi“, áður en þær komu til atkvæða í nefndinni. Þetta er ekki á rökum byggt, nema þá sem sjálfsásökun. Í nefndinni hefur jafnan verið gefinn frestur til athugunar á tillögum og málefnum, ef nefndar-

maður hefur óskað. Enn fremur var sá nýi háttur upp tekinn í nefndinni, að menn — hver og einn — fengu strax og nefndin hóf störf eftir áramótin, vélritaðar skrár yfir málefni þau, er nefndin hafði til meðferðar, og síðan jafnharðan og ný erindi bárust nefndinni. Lá því öllu ljósar fyrir en áður, hver yrðu viðfangsefnin. Allir nefndarmenn hafa haft jafnan aðgang að skjölum nefndarinnar og skilríkjum.

Þetta vill meiri hlutinn taka fram að gefnu tilefni til að fyrirbyggja misskilning hjá þeim, sem ókunnugir eru starfstilhögun í nefndinni og kynnu að draga þær ályktanir af orðum minni hl., að þar hafi að þessu sinni misrétti átt sér stað.

2. Þá segir minni hlutinn, að fjármálaráðherra hafi „ekki talið sig geta gefið fjárveitinganefnd neinar upplýsingar um afkomu ríkissjóðs á s. l. ári".

Þetta er rangt. Fjármálaráðherra lét nefndinni í té glögga skýrslu um afkomu ríkissjóðs frá ársbyrjun til 1. desember, svo sem venja hefur verið.

Þegar fjárlög hafa verið afgreidd fyrir áramót, hefur ætíð orðið að nægja áætlun um síðasta mánuðinn, ef hafa hefur átt við setningu fjárlaganna hliðsjón af heildartekjum ársins á undan, — og svo er eins, þótt komið sé dálítið fram yfir áramótin. Áramótauppgjör ríkissjóðsins liggur ekki fyrir svo snemma árs.

3. Í nefndaráliti minni hlutans segir orðrétt: „Þá lögðum við til í nefndinni, að sjóðum Búnaðarbankans yrðu veitt sem óafturkræf framlög fleiri lán ríkissjóðs en lagt var til í frumvarpinu. Var sú tillaga samþykkt í nefndinni."

Þetta er villandi frásögn og röng.

Þegar sjálfstæðismenn hreyfðu tillögu sinni í nefndinni, var fyrir löngu búið að hálfu meiri hlutans að ræða um það við fjármálaráðuneytið að hækka þennan lið frá því, sem hann var í frumvarpinu, og hafði ráðuneytið tekið að sér athugun á því, hvaða upphæðir gætu komið til greina, og fjármálaráðherra lýst yfir því, að hann mundi að athugun lokinni senda nefndinni tillögur um breytingar á frv. í þessu efni. Tillögur sínar sendi ráðherrann í bréfi 14. febr. Þær tillögur samþykkti fjárveitinganefndin óbreyttar, en ekki tillögurnar, sem minni hlutinn hafði hreyft, enda voru þær ekki samhljóða hinum og komu aldrei til atkvæða.

Samtals eru lánin frá ríkissjóði til Búnaðarbankans, sem samþykkt var að breyta í óafturkræf framlög, kr. 42625250.00.

4. Minni hlutinn lætur í það skína, að hann hafi komið því til leiðar, að fjárveitinganefnd flutti við 2. umræðu tillögur um verulega hækkun á framlögum til vega, brúa, hafna og skóla.

Allar þessar hækkunartillögur við frumvarpið voru gerðar — að því er heildarupphæð hvers liðar snerti — með samkomulagi meiri hlutans við fjármálaráðherra. Í því sambandi höfðu yfirboðstillögur minni hlutans vitanlega ekkert að segja.

Að öðru leyti en að framan er greint sér meiri hl. ekki ástæðu til að eltast við ranghermið í nefndaráliti minni hlutans á þskj. 256.

Greinilegt varð við 2. umræðu fjárlaganna, að minni hlutinn, þ. e. stjórnarandstaðan í fjárveitinganefnd, hafði enga tillögu að flytja um lækkun á útgjöldum ríkissjóðs. Minni hl. stóð að öllum hækkunartillögum nefndarinnar — og flutti auk þeirra sérstaklega rúmlega 7 millj. kr. hækkunartillögur.

Engin stefnubreyting hefur komið fram hjá minni hlutanum á fjárveitinganefndarfundum, sem haldnir hafa verið síðan 2. umr. fór fram.

Allt bendir til þess, að stjórnarandstaðan, Sjáfstæðisflokkurinn, hafi hvorki vilja né þor til að yfirgefa vagn dýrtíðarinnar.

Skal nú vikið að þeim brtt. sem meiri hlutinn — ýmist einn eða ásamt minni hlutanum — flytur við 3. umr. fjárlaganna.

Um 2. gr.

Áætlað er, að tekju- og eignarskattur lækki um 5 millj. kr. Er það sökum þeirra skattlækkana, sem lágtekjufólki og fiskimönnum hefur verið heitið og Alþingi hefur nú til meðferðar í stjórnarfrumvörpum.

Samkvæmt hinum nýju lögum nr. 86/1956 fær ríkissjóður 20% af tekjum útflutningssjóðs, en þær eru áætlaðar um 540 millj. kr. og ríkissjóðshlutinn því 108 millj. kr., og er sú upphæð tekin upp sem nýr tekjuliður.

Söluskattur í smásölu hefur nú verið felldur niður. Er áætlað, að það rýri tekjur af þeim skatti um 25 millj. kr., og er gert ráð fyrir því í breytingartillögu.

Tekjuhækkun á greininni umfram lækkanirnar nemur því 78 millj. kr.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir nýrri gjaldskrá fyrir póst- og símaþjónustuna. Þrátt fyrir þá tekjuhækkun póstsins, sem þar er gert ráð fyrir, verður þó að áætla, að halli sá, sem ríkið greiðir vegna póstsins, verði 370 þús. kr. En símanum er hins vegar ætlað að hafa 6½ millj. kr. rekstrarhagnað til að leggja í fjárfestingu sína, en ríkissjóði er þá ætlað að gjalda 3950000 kr. af eignaaukningu landssímans, en hún er áætluð 10450000 kr.

Ráðgerðar eru auknar tekjur af áfengisverzlun ríkisins og tóbakseinkasölunni. Nemur sú tekjuaukning 9 millj. kr. að því er áfengisverzlunina varðar og 6 millj. kr. hjá tóbakseinkasölunni.

Ríkisútvarpinu eru í frumvarpinu áætlaðar afnotagjaldatekjur miðað við 39000 útvarpsnotendur. Útvarpsnotendum hefur fjölgað að undanförnu, og er hér gert ráð fyrir 41000 gjaldendum og tekjuáætlun stofnunarinnar hækkuð um 400 þús. kr. Ekki hefur það þó áhrif á aðra liði fjárlaganna, þar eð útvarpinu er áætlað aukið rekstrarfé sem þessu nemur.

Um 11. gr.

Í ljós hefur komið, að næturvinnuálag fangavarða í hegningarhúsinu í Reykjavík er of lágt áætlað í frumvarpinu, og er hér gerð tillaga um leiðréttingu á þeirri áætlun, hækkun liðsins um 27 þús. kr.

Í vændum er ný skipan á síldarmatinu. Mun í framtíðinni koma í hlut síldarsaltenda að gjalda tímakaup matsmanna. Sá kostnaðarliður getur því fallið niður úr fjárlögum. Hins vegar hækkar ferðakostnaður matsmanna o. fl., en í heild er kostnaður af síldarmatinu talinn geta lækkað um 76 þús. kr., og er tillaga nefndarinnar miðuð við það.

Um 12. gr.

Gerð hefur verið endurskoðun á rekstrarkostnaði ríkisspítalanna, og þykja þær hækkunartillögur, sem fyrir liggja um þá, óhjákvæmilegar.

Um 13. gr.

Láðst hafði að áætla gjöld vegagerðar ríkisins vegna atvinnuleysistrygginga, og er tillaga um þá greiðslu tekin hér upp. Nemur hún 140 þús. kr.

Gerð er tillaga um 20 þús. kr. færslu milli vega í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Við 2. umræðu tók nefndin aftur tillögu sína um 325 þús. kr. greiðslu skulda vegna brúargerða 1956. Sú tillaga er hér tekin upp að því breyttu, að tilgreint er, hvaða brúarskuldir greiða skal með fé þessu.

Lagt er til, að tekin verði upp 50 þús. kr. fjárveiting til hafnargerðar á Bakkafirði og fjárveitingin til Blönduóshafnar hækkuð um 50 þús. kr. Eru þessar tillögur byggðar á upplýsingum, sem ekki lágu fyrir, þegar aðrar hafnargerðartillögur voru til afgreiðslu í nefndinni.

Þá er lagt til, að tekinn verði upp nýr liður í hafnarmálin, 200 þús. kr. fjárveiting til fyrirhugaðrar dráttarbrautar á Akureyri, þar sem nauðsynlegt er að koma upp aðstöðu til togaraviðgerða.

Þá er lagt til, að á liðinn lendingarbætur verði tekin 5 þús. kr. greiðsla upp í kostnað, sem á hefur fallið við að grafa upp part af Jökulsárósi á Sólheimasandi, en áin spillti þar gamalli lendingarvör, sem nauðsynlegt er að viðhalda.

Um 14. gr.

Stefnt er að því, að þær kirkjur, sem enn eru í ríkiseign, verði afhentar viðkomandi söfnuðum, og þykir vert að hækka álag til afhendingarinnar til að greiða fyrir því, að sem flestir söfnuðir verði eigendur kirkna sinna.

Með tilliti til mjög aukins skólakostnaðar almennt hefur þótt ástæða til að hækka rekstrarstyrk verzlunarskólans í Reykjavík um 100 þús. kr.

Á Seyðisfirði er ákveðið að komast hjá byggingu sérstaks íþróttahúss með því að setja hreyfanlegt gólf yfir laug sundhallarinnar þar á staðnum og endurbæta yfirbyggingu hennar með það fyrir augum að nota hús þetta fyrir íþróttahús á vetrum, enda er sundhöllin þar einungis rekin sem slík yfir sumarmánuðina. Lagt er til, að til þessara framkvæmda verði í ár varið 100 þús. kr. úr ríkissjóði.

Færeyingar taka aukinn þátt í íslenzku atvinnulífi með hverju árinu sem líður. Af þeim sökum svo og af ýmsum ástæðum öðrum þykir vel hlýða, að þjóðlíf þeirra og saga sé kynnt hér á landi, og er lagt til, að til slíkra kynna verði varið 30 þús. krónum.

Lagt er til, að framlag til að greiða niður skuldir stúdentagarðanna verði hækkað um 50 þús. kr.

Um 15. gr.

Tillögur eru um að veita þrem nýjum aðilum styrki á þessari fjárlagagrein, þeim séra Friðriki Friðrikssyni, Bjarna M. Gíslasyni rithöfundi og Valgerði Þórðardóttur fyrrum húsfreyju á Kolviðarhóli. Þá er og lagt til, að styrkir þeirra Þórarins Jónssonar og Benedikts Gíslasonar hækki lítillega.

Til bókasafnsbygginga er lagt til að styrkur hækki um 75 þús. kr.

Þá er lagt til, að styrkur til útgáfu héraðssagnarita hækki um 10 þús. kr.

Í sambandi við úthlutun styrks til skálda, rithöfunda og listamanna er lagt til, að 4 menn annist úthlutunina í stað þriggja áður.

Lagt er til, að menntamálaráði verði veitt skilyrði til þess að kaupa málverk gerð af atburðum úr íslenzkri sögu, og er lagt til, að fjárveiting í því skyni verði 30 þús. kr.

Þá er gerð tillaga um, að styrkur til leikfélaga hækki nokkuð, eða almennt úr 5 þús. kr. í 8 þús. kr.

Fyrirhugað er að reisa minnismerki um Þorstein Erlingsson í Hlíðarendakoti í Fljótshlíð í sumar, og er lagt til, að vegna þess minnismerkis verði veittur 10 þús. kr. styrkur. Einnig er gerð tillaga um 5 þús. kr. styrk vegna minnismerkis á hinum forna klausturstað í Þykkvabæ í Veri.

Breytingartillagan varðandi Veðurstofuna er eingöngu til leiðréttingar á skekkju, er varð í útreikningi á endurgreiðslu vegna flugveðurþjónustunnar.

Um 16. gr.

Lagt er til, að vélasjóði verði veittar 350 þús. kr. til greiðslu skulda, er hann hefur lent í vegna kaupa á skurðgröfum.

Þá er lagt til, að í þrem liðum verði veittar samtals 8 millj. kr. til fyrirgreiðslu ákveðinna þátta í landbúnaði. Er þar fyrst að nefna tvöföldun á framlagi til ræktunar á nýbýlum úr 2.5 millj. kr. í 5 millj. kr., þá sérstakt framlag til íbúðarhúsa á nýbýlum 1.5 millj. og loks 4 millj. kr. til túnræktar á þeim jörðum, þar sem ræktun er skammt á veg komin og afkomumöguleikar búsins af þeim sökum lakari en nauðsyn krefur.

Tillögur eru gerðar um tvo nýja sjóvarnargarða, á Ísafirði 100 þús. kr. og í Borgarnesi 50 þús. kr.

Styrkur til landþurrkunar í Austur-Landeyjum er í tillögu hækkaður um 20 þús. kr.

Á undanförnum árum hefur verið varið nokkru fé til fiskimiðaleitar. Hvort tveggja er, að mikill árangur hefur orðið af þessari leit, og hitt, að þörfin á að finna

ný mið kallar stöðugt að. Er því lagt til, að fjárveiting þessi verði hækkuð úr 750 þús. kr. í 1 millj. kr.

Um þessar mundir er unnið að endurbótum á beituskurðarvélum, sem fyrir nokkru komu hér á markað, en hafa reynzt með nokkrum ágöllum. Lagt er til, að Fiskifélagið eigi þess kost að styðja að fullkomnun véla þessara, og félaginu þess vegna fengnar til ráðstöfunar í því skyni 10 þús. kr.

Fyrirsjáanlegt þykir, að samkv. lögum um olíusamlög falli á ríkið meiri greiðsluskylda á yfirstandandi ári en áætlað er í frumvarpinu, og er því lagt til, að upphæð til þessara þarfa hækki um 100 þús. kr.

Iðnlánasjóður býr við tilfinnanlegan fjárskort, og er lagt til, að ríkisframlag til hans verði hækkað um 1 millj. kr.

Fjárþörfin vegna raforkuframkvæmdanna er slík, að óhjákvæmilegt hefur þótt, að ríkissjóður leggi raforkusjóði til verulegt fjármagn. Er hér gerð tillaga um 10 millj. kr. hækkun á þessum lið.

Um 17. gr.

Lagt er til, að framlag til styrktar- og sjúkrasjóða hækki um 20 þús. kr.

Verkakvennafélagið Framtíðin í Hafnarfirði hefur um langt skeið rekið dagheimili fyrir börn. Er nú á þess vegum hús í smíðum fyrir þessa starfsemi, og er lagt til, að það njóti til þessara framkvæmda 30 þús. kr. styrks.

Tillaga er um, að upp verði tekin 40 þús. kr. fjárveiting til orlofs og sumardvalar til hvíldar fyrir húsmæður frá barnmörgum heimilum.

Fjórða heimsmeistaramót stúdenta í skák á að fara fram í Reykjavík á komanda sumri. Lagt er til, að framkvæmdanefnd mótsins verði veittur 40 þús. kr. styrkur til að standa straum af kostnaði við mót þetta.

Tillag er um hækkun á framlagi ríkisins til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum. Er þar gert ráð fyrir, að framlagið hækki úr 3 millj. kr. í 4 millj. kr.

Þá er lagt til, að framlag ríkisins til verkamannabústaða verði tvöfaldað, þ. e. hækkað úr 1975 þús. í 3950 þús. kr. En á móti framlögum ríkisins til verkamannabústaða og til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum eiga að koma framlög bæjarfélaga, svo sem kunnugt er.

Um 19. gr.

Gert er ráð fyrir að hækka framlög til dýrtíðarráðstafana um 600 þús. kr. vegna niðurgreiðslu á brennsluolíu til almenningsrafstöðva.

Um 20. gr.

Lagt er til, að framlag til viðbótarhúsnæðis ríkisspítalanna hækki úr 3.6 millj. í 4.6 millj. kr. Ljóst er, að sú hækkun hrekkur þó skammt upp í áfallnar skuldir vegna þessara framkvæmda og þess, sem gera þyrfti á þessu ári, en sérstök tillaga er um lántökuheimild varðandi þessi mál.

Ráðgert er að byggja sérstakt flugvélaskýli á Akureyrarflugvelli vegna sjúkraflugsins, og er lagt til, að framlag til sjúkraflugvalla hækki um 75 þús. kr. af þessum sökum.

Húsmæðrakennaraskólinn starfar ekki í vetur sökum húsnæðisskorts. Framlag til byggingar þess skóla er 200 þús. kr. í fjárlagafrumvarpinu. Gerð er tillaga um hækkun á þeim lið í 300 þús. kr., og er gert ráð fyrir því, að til mála geti komið að verja fénu til kaupa á húsi fyrir skólastarfsemina.

Lagt er til, að fiskiðjuver ríkisins fái 750 þús. kr. framlag vegna aðkallandi þarfa.

Talið er, að framlag til tollstöðvarbyggingar í Reykjavík geti fallið niður úr fjárlagafrumvarpinu, þar eð þeirri byggingu er nú séð fyrir fjáröflun með öðrum hætti.

Fjárveiting til að bæta úr atvinnuörðugleikum víðs vegar í landinu er talin þurfa að stóraukast. Lagt er til, að framlag í þessu skyni verði hækkað um 10 millj.

kr. og verði alls 15 millj. kr. Með slíku framlagi skapast von til, að hægt verði að undirbyggja traust atvinnulíf á ýmsum þeim stöðum, sem nú skortir skilyrði til að veita íbúum sínum fullnægjandi atvinnu.

Um 22. gr.

Lagt er til, að ábyrgðarheimildin vegna Menningarsjóðs verði hækkuð um 1 millj. kr. Byggist tillagan um það á því, að til mála hefur komið að auka starfsemi sjóðsins verulega og færa hana inn á ný svið. Meðal þess, sem til greina kemur að falli undir heimildina, er að taka þátt í að leysa fjárhagslegan vanda sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Tillaga er um að heimila 50 þús. kr. lán til endurnýjunar á ferjubáti Hríseyinga.

Samkvæmt tillögu um nýtt orðalag á heimildagrein varðandi ábyrgðir ríkisins fyrir lánum til vinnslustöðva sjávarútvegs og landbúnaðar er heimildin rýmkuð, þannig að heimildin verður framvegis ekki bundin ákveðnum, tilteknum tegundum vinnslustöðva, svo sem verið hefur.

Lagt er til, að 1 millj. kr. rekstrarlánsábyrgð vegna síldarverksmiðjunnar Rauðku á Siglufirði verði endurnýjuð.

Bátasmíðarnar innanlands hafa að mestu stöðvazt á síðustu árum. Með þeirri ábyrgðarheimild fyrir skipasmíðastöðvar, sem gerð er tillaga um, má gera ráð fyrir, að stöðvarnar eigi hægara um vik að hefja smíði báta, þótt ekki sé hverju sinni fyrir fram tryggður kaupandi að nýsmíðinni.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að heimila eftirgjöf aðflutningsgjalda af sjúkrabifreiðum Rauðakrossins. Heimild sú er samkv. tillögunni víkkuð og látin ná til bifreiða, sem sjúkrahús eða bæjarfélög afla sér til slíkrar starfsemi.

Talin er mikil þörf á, að upp verði komið sérstökum uppeldisskóla fyrir stúlkur. Lagt er til, að sem byrjunarstig í því máli verði, að heimiluð séu kaup á landi fyrir slíka stofnun.

Tillaga er um heimild til að selja eignir ríkisins á Þórshöfn. Er þar um að ræða gömul timburhús og leigulóð, sem ríkið hefur ekkert gagn af.

Þá eru tillögur um heimildir til endanlegrar greiðslu af hálfu ríkissjóðs á lánum, sem hann nú er í ábyrgð fyrir, allt að 3.5 millj. kr. vegna þurrafúa í skipum og lánseftirgjöf að upphæð 5320 þús. kr., svonefnd hallærislán veitt bændum á Norðaustur- og Austurlandi 1952. Enn fremur að afhenda bjargráðasjóði til eignar samtals 13.5 millj. kr. skuldabréf frá árunum 1950, 1951 og 1956 vegna sérstakra ótíðarlána til bænda og láta fylgja þeirri afhendingu skilyrði um sérstaklega væga innheimtu.

Þá er tillaga um ríkisábyrgð fyrir ⅔ hlutum kaupverðs á báti, er keyptur verði til siglinga á þeirri leið, sem v/b Drangur siglir nú, en þann flóabát er talin brýn nauðsyn að endurnýja.

Vegna viðbótarhúsnæðis ríkisspítalanna (stækkunar landsspítalans) er lagt til, að heimiluð verði allt að 5 millj. kr. lántaka, eins og áður er að vikið.

Yfirlit yfir helztu gjaldaliði til verklegra framkvæmda, samgangna, félagsmála, dýrtíðarráðstafana o. fl.

	Fjárlög 1956	Frv. til fjárlaga 1957	Lagt til, að verði á fjárl. 1957	Hækkun frá frv.	Hækkun frá fjárl. 1956
Vegir, nýbygging og viðhald	44700000	44860000	49780000	4920000	5080000
Brýr	7770000	6500000	9840000	3340000	2070000
Hafnir	8094000	6760000	10595000	3835000	2501000
Samgöngur á sjó, Ríkisskip	11500000	13200000	15500000	2300000	4000000
Samgöngur á sjó, flóabátar	2168000	2168000	2791000	623000	623000
Skólar, nýbyggingar	9890000	8040000	12360000	4320000	2470000

	Fjárlög 1956	Frv. til fjárlaga 1957	Lagt til, að verði á fjárl. 1957	Hækkun frá frv.	Hækkun frá fjárl. 1956
Íþróttasjóður	1200000	1200000	1600000	400000	400000
Til framkv. í landbúnaði samkv. gildandi lögum og væntanl. nýrri löggjöf	23800000	27100000	35450000	8350000	11650000
Til fjárskipta	4575000	8835000	8835000	–	4260000
Fyrirhleðslur og sjóvarnargarðar	1500000	1620000	2559000	939000	1059000
Sandgræðsla til framkvæmda	1310000	1390000	1560000	170000	250000
Skógrækt	2000000	2150000	2200000	50000	200000
Leit að nýjum fiskimiðum	500000	750000	1000000	250000	500000
Iðnlánasjóður	450000	450000	1450000	1000000	1000000
Iðnráð	140000	140000	250000	110000	110000
Til raforkuframkvæmda og raforkusjóðs	14860000	15000000	25000000	10000000	10140000
Atvinnuleysistryggingar	7000000	19000000	21000000	2000000	14000000
Orlofsheimili verkalýðsins	–	–	1000000	1000000	1000000
Kostnaður við vinnumiðlun	–	–	150000	150000	150000
Ríkisframfærsla sjúklinga	12632000	13313000	13750000	437000	1118000
Dýrtíðarráðstafanir	5700000	59500000	84100000	24600000	27100000
Vestmannaeyjaskip	–	–	2000000	2000000	2000000
Flugvallagerð	3500000	5500000	6150000	650000	2650000
Eignaaukning Landssímans	8650000	9450000	9450000	–	800000
Byggingar á jörðum ríkisins	1050000	1600000	1600000	–	550000
Bygging húsmæðrakennaraskóla	200000	200000	300000	100000	100000
Bygging útihúsa á prestssetrum	700000	700000	800000	100000	100000
Til heimtaugargjalda á prestsetrum	–	–	160000	160000	160000
Atvinnuaukningarfé	5000000	5000000	15000000	10000000	10000000
Til byggingarsjóðs kaupst. og kauptúna	1770000	1975000	3950000	1975000	2180000
Til útrýmingar heilsuspillandi íbúða	3000000	3000000	4000000	1000000	1000000
Stofnkostn. landssmiðjunnar og fiskiðjuvers	–	–	1650000	1650000	1650000
Afborgun og vaxtagr. á vanskilalaunum, sem ríkissj. er í ábyrgðum fyrir	12000000	16000000	18000000	2000000	6000000
Landhelgisgæzlan	11700000	13500000	14900000	1400000	3200000
Samtals kr.	258659000	288901000	378730000	89829000	120071000
Til bókmennta, lista, vísinda og rannsókna í opinbera þágu (15. gr.)	16908000	19392000	21213000	1821000	4305000

Að samþykktum tillögum þeim, sem meiri hluti fjárveitinganefndar og nefndin öll flytur og einnig tillögu samvinnunefndar samgöngumála, en að öðru óbreyttu telst svo til, að niðurstöðutölur fjárlaga yrðu sem hér segir:

I. Á rekstraryfirliti:

Tekjur	kr.	809152000
Gjöld	—	723414823
Rekstrarafgangur	kr.	85737177

I. Á sjóðsyfirliti:

Inn	kr.	811602000
Út	—	810138823
Greiðsluafgangur	kr.	1463177

Alþingi, 24. febr. 1957.

Karl Guðjónsson, form., frsm. Halldór Ásgrímsson, fundaskr. Sveinbjörn Högnason.
Halldór E. Sigurðsson. Karl Kristjánsson. Áki Jakobsson.

Nd. 288. Frumvarp til laga [127. mál]

um breyting á lögum nr. 53 11. júní 1938, um mat á matjessíld og skozkverkaðri síld.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Atvinnumálaráðherra ákveður laun matsstjóra og matsmanna. Skulu laun þeirra greidd úr ríkissjóði. Síldarsaltandi skal greiða til síldarmats ríkisins tímakaup matsmanna fyrir þann tíma, sem þeir vinna við mat, eftirlit og annað í þágu síldarsaltanda. Til að standast kostnað við matið að öðru leyti, svo sem ferðakostnað matsmanna o. fl., skal heimilt að taka af hverri útflutningsmetinni tunnu matsgjald, er nemi kr. 0.50. Gjald þetta skal innheimt af lögreglustjóra ásamt útflutningsgjaldi.

Síldarmatsmenn skulu starfa undir stjórn síldarmatsstjóra og bera ábyrgð á störfum sínum gagnvart honum.

Um kaup síldarmatsmanna, ferðakostnað, dagpeninga, vinnutíma o. fl. skal nánar ákveðið í erindisbréfi þeirra.

2. gr.

Aftan við 5. gr. laganna komi nýr málsliður, svo hljóðandi:

Um kostnað við frjálst mat á síld fer samkvæmt 3. gr.

3. gr.

Með lögum þessum falla úr gildi lög nr. 64 9. nóv. 1953, um breyting á lögum nr. 53 11. júní 1938, um mat á matjessíld og skozkverkaðri síld.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt ósk sjávarútvegsmálaráðherra, og fylgdi því greinargerð sú, sem hér fer á eftir. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Að undanförnu hafa útflytjendur saltsíldar greitt samkvæmt lögum matsgjald kr. 1.00 af hverri útflutningsmetinni tunnu, og skyldi matsgjaldið standa undir kostnaði við síldarmatið. Nú er svo komið vegna þeirra verðhækkana, sem orðið hafa á undanförnum árum, að gjald þetta er langt frá því að hrökkva fyrir kostnaði við matið, og greiðir ríkissjóður nú hátt á þriðja hundrað þúsund krónur með síldarmatinu á ári, og fer sú greiðsla vaxandi ár frá ári. Til að jafna þennan halla er í frumvarpi þessu lagt til, að tekið verði matsgjald kr. 0.50 af hverri tunnu og gangi það til að greiða ferðakostnað síldarmatsmanna milli síldarverkunarstöðva, dagpeninga og annan kostnað við matið, en auk þess skuli síldarsaltendur greiða til síldarmats ríkisins tímakaup fyrir þann tíma, sem þeir vinna við mat, eftirlit og annað í þágu síldarsaltenda. Fjármálaráðuneytið hefur lagt áherzlu á, að gerðar yrðu ráðstafanir til að jafna þann halla, sem að undanförnu hefur orðið á síldarmati ríkisins, og gengur frumvarp þetta í þá átt, eins og áður segir. Síldarmatsstjóri er einnig meðmæltur því, að þessar breytingar nái fram að ganga, og telur þær styrkja aðstöðu síldarmats ríkisins, en þess sé einmitt þörf nú, þar sem mikil verkefni séu nú lögð á síldarmatið með viðskiptasamningum um sölu saltsíldar. Þá telur síldarmatsstjóri það einnig til bóta, að útflytjandi greiði, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu, tímakaup matsmanna fyrir þann tíma, sem þeir vinna við mat hjá honum, að því leyti, að það ákvæði hvetji útflytjanda til að vanda verkun vörunnar, svo að vinna matsmanna verði sem minnst.

2. gr. frumvarpsins er tekin óbreytt úr lögum nr. 64/1953, sem felld verða úr gildi, ef frumvarp þetta nær fram að ganga.

Nd. 289. Breytingartillögur [106. mál]

við frv. til laga um aukinn skattfrádrátt til handa skipverjum á fiskiskipum.

Frá Birni Ólafssyni.

1. Við 1. gr. 2. málsliður orðist svo:
   Auk þeirra, sem taldir eru í h-lið 10. gr. laga nr. 46/1954, skulu matsveinar, vélstjórar og aðstoðarmenn í vélarúmi á togurum njóta frádráttar samkvæmt þessari grein.
2. Við 2. gr. Í stað „kr. 500.00 fyrir hvern lögskráningarmánuð“ komi: kr. 1000.00 fyrir hvern lögskráningarmánuð.

Sþ. 290. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1957 og við brtt. á þskj. 284.

I. Frá *Alfreð Gíslasyni* og *Birni Jónssyni*.
Við 10. gr. III. 2. Liðurinn orðist svo:

Ræðismannsskrifstofa í Stokkhólmi	92 800
enda verði ambassador Íslands í Kaupmannahöfn falin forsjá sendiráðs í Svíþjóð.	

II. Frá *Alfreð Gíslasyni*.
Við 12. gr. VIII. (Rekstrarstyrkur st. Jósefsspítalanna).

Fyrir „375 000“ kemur	600 000

III. Frá *Sigurði Ó. Ólafssyni, Ágúst Þorvaldssyni* og *Ingólfi Jónssyni.*
Við 12. gr. XI. Nýr liður:
Til byggingar fjórðungssjúkrahúss á Suðurlandi 500 000

IV. Frá *Pétri Péturssyni* og *Sigurði Ágústssyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 35. Nýr liður:
Hellissandsvegur (Ennisvegur) 400 000

V. Frá *Steingrími Steinþórssyni* og *Jóni Sigurðssyni.*
1. Við 13. gr. A. II. a. 108. (Siglufjarðarvegur).
Fyrir „210 000“ kemur 410 000
2. Við 13. gr. A. II. a. 113. (Siglufjarðarvegur ytri).
Fyrir „500 000“ kemur 300 000

VI. Frá *Sigurði Ágústssyni* og *Pétri Péturssyni.*
Við 13. gr. A. III. 6. (Valshamarsá).
Fyrir „100 000“ kemur 250 000

VII. Frá *Ingólfi Jónssyni.*
Við 13. gr. A. III. 29. Nýr liður:
Svaðbælisá í Austur-Eyjafjallahreppi 100 000
Til vara 50 000

VIII. Frá *Sigurði Ágústssyni* og *Pétri Péturssyni.*
Við 13. gr. C. VIII. 3. (Arnarstapi).
Fyrir „120 000“ kemur 180 000

IX. Frá *Steingrími Steinþórssyni* og *Jóni Sigurðssyni.*
Við 13. gr. C. VIII. 24. Nýr liður:
Hofsós 100 000

X. Frá *Sigurði Ó. Ólafssyni* og *Ágúst Þorvaldssyni.*
Við 15. gr. XXXVI. 9. (Tónlistarskóli Selfoss).
Fyrir „10 000“ kemur 20 000

XI. Frá *Ingólfi Jónssyni.*
1. Við 15. gr. A. LXVIII. (Byggðasafn Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga).
Fyrir „5 000“ kemur 15 000
2. Við 16. gr. A. 34. (Landþurrkun í Vestur-Landeyjum).
Fyrir „40 000“ kemur 60 000

XII. Frá *Steingrími Steinþórssyni, Ingólfi Jónssyni* og *Birni Jónssyni.*
Við 16. gr. A. 51. Nýr liður:
Til hrossaræktarbúsins að Kirkjubæ á Rangárvöllum ... 35 000

XIII. Frá *Ingólfi Jónssyni.*
Við 17. gr. 4. Nýr liður:
Styrkur til skólpræsagerðar á Hvolsvelli 150 000
Til vara 100 000

XIV. Frá *Ingólfi Jónssyni* og *Pétri Péturssyni.*
Við brtt. 284, 74. c. 16. (Við 18. gr. II. a. — Markús Guðmundsson).
Fyrir „2500.00“ kemur 5 000.00

XV. Frá *Eiríki Þorsteinssyni.*
Við 22. gr. VIII. Nýr liður:
Að greiða allt að 500 þús. kr. af stofnframlögum til héraðsskóla fyrir þau sýslufélög, sem vegna erfiðs fjárhags geta ekki staðið undir framlögunum af eigin rammleik.

XVI. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 22. gr. XXVI. Nýr liður:
Að taka allt að 5 millj. kr. lán vegna aukningar á húsnæði ríkisspítalanna.

XVII. Frá *Jóni Pálmasyni.*
Við 22. gr. XXX. Nýr liður:
Að láta gera við þær bilanir, er orðið hafa vegna ofviðra á hafnargarðinum á Skagaströnd. Sé verkið framkvæmt eftir tillögum vitamálastjóra og undir hans umsjón.

Sþ. 291. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1957.

Frá fjárveitinganefnd.

Við 22. gr. XIV. Nýr liður:
Að ábyrgjast gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar, lán fyrir Skúla Pálsson, Laxalóni, allt að 150 þús. kr. vegna óhjákvæmilegs tilkostnaðar hans við undirbúning og framkvæmd fyrsta útflutnings af regnbogasilungi, sem hann á undanförnum árum hefur ræktað.

Sþ. 292. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1957.

I. Frá *Kjartani J. Jóhannssyni* og *Sigurði Ó. Ólafssyni.*
1. Við 13. gr. A. III. 11. (Botnsá).
Fyrir „100 000“ kemur 200 000
2. Við 13. gr. C. VIII. 6. (Bolungavík).
Fyrir „100 000“ kemur 200 000
3. Við 13. gr. C. IX. Nýr liður:
Til ferjuhafnar í Bæjum á Snæfjallaströnd 20 000

II. Frá *Jóhanni Hafstein* og *Alfreð Gíslasyni.*
Við 14. gr. B. XVIII. 2. Nýr liður:
Til íþróttasjóðs til greiðslu upp í hluta hans af kostnaði við íþróttaleikvanginn í Laugardal í Reykjavík 2 000 000
Til vara 1 000 000

III. Frá *Jóhanni Hafstein, Gunnari Thoroddsen, Ólafi Björnssyni* og *Ragnhildi Helgadóttur.*
Við 14. gr. B. XVIII. 3. Nýr liður:
Til Íþróttasambands Íslands til að halda námskeið fyrir forustumenn íþróttafélaga 40 000

IV. Frá *Magnúsi Jónssyni* og *Gunnari Thoroddsen.*
Við 15. gr. A. X. a. 3. Nýr liður:
Bóklánagjald til rithöfunda 25 000
Menntamálaráð veitir þetta fé einum rithöfundi eða tveimur til utanfarar, námsdvalar eða sérstakra ritstarfa.
Til vara 15 000

V. Frá *Ragnhildi Helgadóttur.*
Við 15. gr. A. XI. 31. (Stúdentaráð).
Fyrir „10 000“ kemur 25 000

VI. Frá *Jóhanni Hafstein.*
Við 15. gr. A. LIV. Nýr liður:
Til lamaða íþróttamannsins Ágústs Matthíassonar 25 000

VII. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 17. gr. 30. Nýr liður:
Til framhaldsbyggingar sjómannaheimils templara í Vestmannaeyjum 200 000
Til vara 150 000

VIII. Frá *Jóhanni Hafstein* og *Gunnari Thoroddsen.*
Við 17. gr. 38. Liðurinn orðist svo:
Framlag samkv. 13. gr. laga nr. 55 frá 1955, um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða 10 000 000

IX. Frá *Jóni Sigurðssyni.*
Við 22. gr. XXV. Nýr liður:
Að greiða úr ríkissjóði jafnháa upphæð og tekin er af neyzlumjólk í verðmiðlunarsjóð mjólkur á yfirstandandi ári eða allt að 2 millj. kr., enda gangi fé þetta til verðuppbótar á vinnslumjólk til mjólkurbúa utan fyrsta verðjöfnunarsvæðis.

Sþ. 293. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1957.

Frá Friðjóni Þórðarsyni, Sigurði Ágústssyni, Ásgeiri Bjarnasyni og Pétri Péturssyni.

Við 13. gr. A. II. a. 42. (Heydalsvegur).
Fyrir „150 000“ kemur 350 000

Nd. 294. Breytingartillaga [121. mál]

við frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá Ólafi Björnssyni.

2. gr. frv. fellur niður, og breytist greinatala frv. samkvæmt því.

Sþ. 295. Breytingartillaga [1. mál]

við brtt. á þskj. 286 [Fjárlög 1957].

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Við brtt. 15. (Við 22. gr. XIII.). Liðurinn orðist svo:
Að selja fiskiðjuver ríkisins með þeim skilyrðum og gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin ákveður, enda njóti samtök útvegsmanna forkaupsréttar, ef þau óska að kaupa fyrirtækið.

Sþ. 296. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1957.

Frá Ragnhildi Helgadóttur.

Við 17. gr. 16. Nýr liður:
Til vistheimilis fyrir stúlkur samkv. l. nr. 20/1955, um breyt. á l. nr. 29/1947, um vernd barna og ungmenna 700 000

Sþ. 297. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1957 og við brtt. á þskj. 284.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 12. gr. VIII. Liðurinn orðist svo:
   Rekstrarstyrkur til St. Jósefsspítalanna í Reykjavík og Hafnarfirði, 7 kr. á legudag, allt að 525 000
2. Við 15. gr. A. XXX. Nýr liður:
   Til Árna Björnssonar tónskálds 10 000
3. Við brtt. 284,74. c. 19. (Við 18. gr. II. a.). Nýr liður:
   Sigurjón Jónsson, fyrrv. sónarprestur 4 500.00
4. Við brtt. 284,75. b. (Við 18. gr. II. b.). Nýr liður:
   Hlín Johnson.
   Fyrir „11 408.00“ kemur 12 908.00

Nd. 298. Nefndarálit [99. mál]

um frv. til laga um sölu og útflutning sjávarafurða.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til meðferðar á nokkrum fundum og fengið um það umsögn eftirtalinna aðila:
Landssambands ísl. útvegsmanna,
Sambands ísl. samvinnufélaga,
Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna,
Sölusambands ísl. fiskframleiðenda,
Síldarútvegsnefndar,
Samlags skreiðarframleiðenda,
Fiskifélags Íslands,
Alþýðusambands Íslands,
Félags síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi,
Félags síldarsaltenda á Suðvesturlandi.

Í stuttu máli sagt er niðurstaða umsagnanna þessi: S. Í. F., S. H., Samlag skreiðarframleiðenda og félög síldarsaltenda mæla gegn frumvarpinu og sömuleiðis Landssamband ísl. útvegsmanna. Samband ísl. samvinnufélaga telur „heppilegast, að minnst tveir útflytjendur séu löggiltir til að hafa á hendi útflutning á öllum sjávarafurðum". Síldarútvegsnefnd ræðir eingöngu um útflutning síldar og gerir athugasemdir í því sambandi. Alþýðusamband Íslands mælir með því, að frv. verði samþykkt. Fiskifélag Íslands segir: „Fáum vér ekki séð, að í frv. því, sem hér um ræðir, séu nokkur þau ákvæði, sem fyrrgreind (þ. e. gildandi) lög og reglugerð fela ekki í sér."

Að athuguðu máli leggur meiri hl. nefndarinnar (ÁkJ, GG, KGuðj) til, að frv. verði samþykkt. Telur meiri hl. rétt, að með sérstakri löggjöf verði nánar mælt fyrir um meðferð þess valds, sem ríkisstjórnin nú hefur samkv. lögum frá 1940. Um síldarútvegsnefnd vill meiri hl. taka það fram sérstaklega, að hún hefur að verulegu leyti sérstöðu sem opinber stofnun, enda gerir meiri hl. ráð fyrir því, að heppilegt reynist, að hún starfi áfram á svipaðan hátt og verið hefur, sbr. lög nr. 74 1934.

Alþingi, 26. febr. 1957.

Gísli Guðmundsson, form., frsm. — Karl Guðjónsson, fundaskr. — Áki Jakobsson.

Ed. 299. Frumvarp til laga [128. mál]

um breyting á lögum nr. 90 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1957.)

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. eru gerðar þessar breytingar:

1. Á eftir orðunum: „koma í veg fyrir ketilstein" í nr. 59 í 28. kafla kemur: og ryð.
2. Aftan við nr. 2 í 39A kafla kemur svo hljóðandi athugasemd:

Aths. Ráðuneytinu er heimilt að lækka aðflutningsgjöld af plastumbúðum af sérstakri gerð utan um íslenzkar afurðir til útflutnings.

		Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
3.	Nr. 33 í 44. kafla (Vaxbornar umbúðir). Liðurinn fellur niður.			
4.	Aftan við nr. 34 í 44. kafla kemur svo hljóðandi athugasemd: Aths. Ráðuneytinu er heimilt að lækka aðflutningsgjöld af pappaumbúðum af sérstakri gerð utan um íslenzkar afurðir til útflutnings.			
5.	Nr. 1 og 2 í 45. kafla orðast svo:			
	— með íslenzkum texta			
	— — bundið	1 kg	2	25
	— — annað	—	2	15
6.	Við athugasemdina við nr. 2 í 45. kafla bætist: Enn fremur er ráðuneytinu heimilt að fella niður aðflutningsgjöld af ritum, sem Vestur-Íslendingar láta prenta vestan hafs á íslenzku, og af forn- og fræðiritum og öðrum þess háttar ritum á íslenzku.			
7.	Í stað nr. 15 í 45. kafla koma tvö númer, svo hljóðandi: Auglýsingaspjöld og auglýsingaskilti, áletruð, einnig úr öðrum efnum:			
	15 — með íslenzkum texta	—	2	25
	15a — önnur	tollfrjáls		
8.	Á eftir nr. 27 í 63. kafla kemur nýtt númer, svo hljóðandi:			
	27a Vélavírdúkur	—	2	8
9.	Í stað nr. 85—86a í 63. kafla koma tvö númer, svo hljóðandi: Blikkdósir og kassar:			
	85 — málað, áletrað, lakkað eða skreytt	—	7	30
	86 — annað	—	7	20
10.	Nr. 36 í 72. kafla orðast svo:			
	36 — allt að 100 hestafla	—	2	8
11.	Aftan við nr. 3 í 75. kafla koma tvö ný númer, svo hljóðandi:			
	3a — kranabifreiðar	—	2	10
	3b — steypuhræribifreiðar	—	2	10
12.	Aftan við nr. 7 í 85. kafla kemur nýtt númer, svo hljóðandi:			
	8 Ferðaskrín og önnur þess háttar skrín með speglum, burstum og öðrum snyrtiáhöldum, búsáhöldum o. þ. h., ót. a.	—	7	50

2. gr.

Á 3. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

Á eftir bb-lið koma tveir nýir liðir, svo hljóðandi:

cc. Meðan tilbúinn áburður er tollfrjáls, að endurgreiða Áburðarverksmiðjunni aðflutningsgjöld af umbúðum og efnivörum til framleiðslunnar.

dd. Meðan heimilt er að fella niður aðflutningsgjöld af ómöluðu korni, að fella niður á sama hátt aðflutningsgjöld af kornvörum, kornblöndum og melassa til skepnufóðurs.

3. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 2. málsgr. 36. gr. laga nr. 32 14. júní 1929, um loftferðir.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fjármálaráðuneytinu hafa borizt nokkur erindi um breytingar á tollskránni. Í tollheimtunni hefur einnig komið í ljós, að breyta þarf nokkrum atriðum.

Tekin eru upp í frumvarpið þau atriði, sem ráðuneytið telur að breyta þurfi. Um einstaka liði skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

1. Farið hefur verið fram á það, að verðtollur sé lækkaður á ryðvarnarefnum. Þar eð efni þessi eru hliðstæð öðrum efnum í nr. 59 í 28. kafla, er lagt til, að ryðvarnarefni teljist framvegis til þessa tollskrárnúmers með 8% verðtolli, en ekki til nr. 61 í sama kafla með 30% verðtolli.
2. Hraðfrystihúsin hafa flutt inn vélar til pökkunar á fiski í plastumbúðir af sérstakri gerð. Umbúðir þessar liggja fast að fiskinum og er allt loft tekið úr umbúðunum, þannig að fiskurinn geymist mjög lengi óskemmdur í þessum umbúðum. Lagt er til, að ráðuneytinu sé heimilt að lækka aðflutningsgjöld af þessum umbúðum og verður þá höfð hliðsjón af tollinum í nr. 2 í 39A kafla tollskrár, en hann er 2% verðtollur. Réttara þykir að hafa hér heldur lækkunarheimild en að breyta textanum í nr. 2 í 39A kafla, þar eð stöðugt er verið að breyta til um umbúðir, svo að sífellt þyrfti þá að breyta textanum á þessu tollskrárnúmeri.
3. og 4. Í tollskrárlögunum, eins og þau voru samþykkt 1939, var nr. 33 í 44. kafla á þessa leið:
   33 — vaxbornar umbúðir um frystan fisk til útflutnings, verðtollur 8%.
   Með 20. lið 1. gr. laga nr. 6/1945 voru orðin „um frystan fisk til útflutnings“ felld niður, og segir í greinargerðinni fyrir frumvarpinu að þessum lögum um 20. lið (17. liður í frumvarpinu, alþt. A/1945, bls. 17): „Rétt þykir, að vaxbornar pappaumbúðir utan um aðrar innlendar framleiðsluvörur en frystan fisk komi í sömu tolla og umbúðirnar utan um fiskinn, enda ógerlegt að fylgjast með því, hvort umbúðirnar eru notaðar utan um fisk eða annað. Því er lagt til, að orðin: „um frystan fisk til útflutnings“ verði felld niður.“
   Með 13. lið 1. gr. laga nr. 49/1950 var verðtollurinn eftir nr. 33 í 44. kafla lækkaður úr 8% í 2%.
   Eins og 33. liður er nú orðaður, þarf ekki annað en að láta vaxbera pappaumbúðirnar til þess að þær komi undir hinn lága toll í nr. 33. Hafa þannig í vaxandi mæli alls konar pappaumbúðir komið undir hinn lága toll, t. d. undir ís, sælgæti o. þ. h.
   Er það ekki í samræmi við annað, að slíkar umbúðir komi í svo lágan toll, enda hinn lági tollur miðaður við útflutningsvörur. Til þess að bæta úr þessu misræmi, er lagt til, að nr. 33 verði fellt niður, en í þess stað komi heimildarákvæði fyrir ráðuneytið til þess að lækka tollana eftir nr. 34 í 44. kafla af þeim pappaumbúðum, sem það telur fluttar inn undir útflutningsvörur.
5. og 6. Til verndar innlendri prentvinnu hafa verið tollaðar bækur og önnur rit prentuð erlendis fyrir íslenzka útgefendur, en það hefur oft verið erfitt að skera úr því, hvort hinar innfluttu bækur með íslenzkum texta væru raunverulega gefnar út af erlendum aðilum, t. d. þegar hluti af kostnaðinum er greiddur héðan, og til þess að komast hjá þessum vanda, er það lagt til eftir erlendri fyrirmynd, að málið á textanum verði látið skera úr. Sanngjarnt þykir, að heimilt sé að fella niður toll af ritum, sem Vestur-Íslendingar láta prenta vestan hafs, og af forn- og fræðiritum prentuðum erlendis á íslenzku og af öðrum þess háttar ritum, ef sérstaklega stendur á.
7. Erlendis eru auglýsingaspjöld og auglýsingaskilti því aðeins tolluð, að vörur þessar séu með texta á tungu þess lands, sem þær eru fluttar til og eiga að notast í. Er hér um verndartoll að ræða. Ekki þykir sanngjarnt að tolla hér frekar en annars staðar nefndar vörur, ef þær eru með útlendum texta, og er því hér um rædd tillaga borin fram og gert ráð fyrir því, að tollarnir verði hér hinir sömu og sams konar verndartollar samkvæmt nr. 1 í 45 kafla.
8. Farið er fram á lækkun á vírdúk í vélar, sem telst til nr. 30 í 63 kafla með 7

aurum af kg í vörumagnstoll og 30% verðtoll. Sanngjarnt þykir, að dúkur þessi verði með sömu tollum og vélarnar, sem hann er mestmegnis notaður í, þ. e. vélarnar í nr. 38—47 í 72. kafla tollskrár.

9. Breytingin er í því fólgin, að hinir lágu tollar eftir nr. 85 í 63. kafla, 7 aurar af kg og 2% verðtollur, eru felldir niður. Þykir heppilegra, að aðflutningsgjöld af dósum utan um íslenzkar afurðir verði endurgreidd af ráðuneytinu samkvæmt heimildinni í i-lið 3. gr. tollskrárlaganna. Með því einu móti er það tryggt, að undir hina lægri tolla komi aðeins þær dósir, sem raunverulega fara utan um útflutningsvörur.
10. Kvartað er yfir of háum tolli af hinum smærri túrbínum, en hærri tollur var settur á túrbínur allt að 100 hestafla en þær, sem stærri eru, þar eð talið var, að túrbínur allt að 100 hestafla mætti smíða hér. En það mun ekki almennt gert, og vegna þess og þar sem sérstök ástæða er til að létta undir með einstaklingum, sem ekki eiga þess kost að fá raforku frá hinum stærri veitum, er lagt til, að sami tollur verði samkvæmt nr. 36 og nú er samkvæmt nr. 37 í 72. kafla tollskrár.
11. Kranar teljast til nr. 27 í 72. kafla tollskrár með 2 aurum af kg í vörumagnstoll og 2% verðtolli og vörubifreiðar til nr. 4 í 75. kafla tollskrár með sama vörumagnstolli og með 10% verðtolli. Nú hafa verið fluttar inn kranabifreiðar, en vantað hefur tollskrárnúmer fyrir þær. Samkvæmt 5. gr. tollskrárlaga eiga þær að tollast eftir nr. 5 í 75. kafla tollskrár með 30% verðtolli, en þetta er of hár tollur miðað við tollinn á vörubifreiðum og mannvirkjagerðavélum, sem teljast til nr. 28 í 72. kafla, og því er lagt til, að tollurinn á kranabifreiðum verði hinn sami og er af vöruflutningabifreiðum, þ. e. 2 aurar af kg í vörumagnstoll og 10% verðtollur. Sama er ætlazt til að gildi um hliðstæðar bifreiðar, steypuhrærибifreiðarnar, en einnig hefur vantað tollskrárnúmer fyrir þær.
12. Innflutt eru alls konar skrín og veski til notkunar í ferðalögum o. þ. h. Í skrínum þessum eru oft hinar margvíslegustu vörutegundir, og er því oft erfiðleikum bundið að flokka þessar sendingar eftir tollskránni. Eðlilegast þykir, að þessi skrín verði í einu og sama tollskrárnúmeri, og er því borin fram tillaga sú, sem hér um ræðir.

Um 2. gr.

cc. Áburðarverksmiðjan fer fram á það, að ekki sé tekinn tollur af umbúðum og efnivörum til framleiðslunnar. Það þykir ekki eðlilegt, að verksmiðjan greiði tolla af umbúðum og efnivörum til framleiðslunnar meðan innfluttur áburður er tollfrjáls.
dd. Farið er fram á það, að kornvörur, kornblöndur og melassi til skepnufóðurs sæti sömu tollkjörum og ómalað korn, sem notað er til skepnufóðurs, og er fallizt á það með tillögunni.

Ætlazt var til, að tollskrárlögin tækju til sem flestra ákvæða um aðflutningsgjöld, en fyrir vangá hefur haldizt í lögum tollundanþáguheimild fyrir atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið í lögunum um loftferðir, og þar eð sjálfsagt þykir, að tollundanþáguheimildir séu allar í höndum fjármálaráðherra, en ekki í höndum samgöngumálaráðherra, er lagt til, að 2. málsgr. 36. gr. laga nr. 32/1929, um loftferðir, falli úr gildi. Niðurfellingin skiptir litlu máli, því að flugvélar og hlutar í þær eru undanþegnar tolli í 76. kafla tollskrár.

Sþ. **300. Fjárlög** [1. mál]

fyrir árið 1957.

(Afgreidd 26. febr.)

I. KAFLI

Tekjur:

1. gr.

Árið 1957 er ætlazt til, að tekjur ríkissjóðs verði svo sem talið er í 2.—5. gr. og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Áætlað er, að þessir skattar og tollar nemi:

		kr.	kr.
1.	Tekju- og eignarskattur	111 000 000	
2.	Stríðsgróðaskattur 12000000		
	Þar af hluti bæjar- og sveitarfélaga 6000000		
		6 000 000	
			117 000 000
3.	Vörumagnstollur	37 000 000	
4.	Verðtollur	203 000 000	
5.	Innflutningsgjald af benzíni	16 000 000	
6.	Gjald af innlendum tollvörum	11 000 000	
			267 000 000
7.	Tekjur samkv. lögum um útflutningssjóð o. fl.		108 000 000
8.	Lestagjald af skipum	300 000	
9.	Bifreiðaskattur	11 500 000	
			11 800 000
10.	Aukatekjur	10 500 000	
11.	Stimpilgjald	15 000 000	
12.	Vitagjald	1 700 000	
13.	Leyfisbréfagjald	600 000	
14.	Útflutningsleyfagjöld	700 000	
			28 500 000
15.	Söluskattur		110 000 000
16.	Leyfisgjöld		6 500 000
	Samtals ...	. . .	648 800 000

3. gr.

Tekjur af rekstri ríkisstofnana eru áætlaðar:

		kr.	kr.
	A.		
1.	Rekstrarhagnaður landssímans	6 500 000	
2.	— áfengisverzlunar	85 000 000	
3.	— tóbakseinkasölu	61 000 000	
4.	— ríkisprentsmiðju	500 000	153 000 000
	÷ Rekstrarhalli póstsjóðs	370 000	
	— ríkisbúa	21 000	391 000
	Samtals ...	. . .	152 609 000
	Sundurliðun.		
	1. Póstsjóður.		
I.	Tekjur		18 900 000
II.	Gjöld:		
	1. Póststjórnarkostnaður	870 000	
	2. Pósthúsið í Reykjavík	8 396 000	
	3. Önnur pósthús	4 500 000	
	4. Póstflutningar	4 400 000	
	5. Önnur gjöld	1 100 000	
	6. Fyrning af fasteignum	4 000	19 270 000
	Rekstrarhalli, færður á 3. gr. A.	. . .	370 000
	2. Landssíminn.		
I.	Tekjur		72 320 000
II.	Gjöld:		
	a. Til starfrækslu landssímans m. m.:		
	1. Kostn. við aðalskrifstofu landssímans 2630000		
	2. Ritsímastöðin í Reykjavík 7100000		
	3. Loftskeytastöðin í Reykjavík 695000		
	4. Stuttbylgjustöðin í Reykjavík 1495000		
	5. Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnarfirði 17300000		
	6. Birgðahúsið 850000		
	7. Ritsímastöðin á Akureyri 1755000		
	8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði 845000		
	9. Ritsímastöðin á Ísafirði 1112000		
	10. Ritsímastöðin í Hrútafirði 566000		
	11. Ritsímastöðin í Vestmannaeyjum ... 1135000		
	12. Ritsímastöðin á Siglufirði 1026000		
	13. Til annarra símastöðva og eftirlitsstöðva 10400000	46 959 000	
	b. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.	1 330 000	
	c. Viðbót og viðhald stöðva	3 500 000	
	d. Viðhald landssímanna	10 230 000	
	e. Framhaldsgjald	300 000	
	f. Ýmis gjöld	700 000	
	g. Fyrning á húsum og áhöldum	670 000	
	h. Vextir af lánum	1 428 000	

	3. gr.	
	kr.	kr.
i. Almannatryggingar	580 000	
j. Atvinnuleysistryggingasjóður	123 000	
		65 820 000
Fært á 3. gr. A. 1	. . .	6 500 000
Eignabreytingar landssímans.		
Út.		
I. Afborganir af lánum og til húsakaupa		1 000 000
II. Til viðauka símakerfa, smærri efnis- og áhaldakaupa		2 100 000
III. Til talstöðva í báta og skip		200 000
IV. Til loftskeytastöðva í skip		150 000
V. Til nýrra landssímalína		650 000
VI. Til notendasíma í sveitum að frádregnum stofngjöldum		2 000 000
VII. Til undirbúnings stuttbylgjusambandi við Hornafjörð		600 000
VIII. Til undirbúnings stuttbylgjusambandi við Borgarnes		700 000
IX. Til stækkunar sjálfvirku stöðvarinnar í Reykjavík		2 800 000
X. Til sjálfvirkrar stöðvar í Keflavík		250 000
Fært á 20. gr. Út I. 2. og III.	. . .	10 450 000
3. Áfengisverzlun ríkisins.		
I. Tekjur (brúttó-hagnaður)		96 963 042
II. Gjöld:		
1. a. Grunnlaun 2271372		
b. Verðlagsuppbót 1771670	4 043 042	
2. Kostnaður við áfengisútsölur	820 000	
3. Annar rekstrarkostnaður	1 800 000	
4. Tillag til gæzluvistarsjóðs	1 500 000	
5. Útsvar	3 800 000	
		11 963 042
Verði lokun útsölu samþykkt á fjárhagsárinu samkv. 10. gr. áfengislaganna, skal sú ráðstöfun koma til framkvæmda 6 mánuðum eftir að úrslit atkvæðagreiðslu hafa verið tilkynnt ríkisstjórninni.		
Fært á 3. gr. A. 2	. . .	85 000 000
4. Tóbakseinkasala ríkisins.		
I. Tekjur (brúttó-hagnaður)		67 209 040
II. Gjöld:		
1. a. Grunnlaun 763506		
b. Verðlagsuppbót 595534	1 359 040	
2. Annar rekstrarkostnaður	2 100 000	
3. Útsvar	2 750 000	
		6 209 040
Fært á 3. gr. A. 3	. . .	61 000 000

3. gr.

		kr.	kr.
5. Ríkisútvarpið.			
I. Tekjur:			
a. Afnotagjöld		8 200 000	
b. Aðrar tekjur		4 500 000	
			12 700 000
II. Gjöld:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	2153395		
2. Verðlagsuppbót	1679648		
3. Aukavinna	600000		
		4 433 043	
b. Útvarpsefni		2 300 000	
c. Skrifstofukostnaður		750 000	
d. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting		600 000	
e. Til útvarpsstöðva		1 200 000	
59.	Tillag til alþjóðastofnunar til útgáfu tolllaga		11 600
	Samtals ...	. . .	100 764 721

18. gr.

Til styrktarfjár, lögboðinna og ólögboðinna eftirlauna, biðlauna og heiðurslauna er veitt:

		kr.	kr.
I.	Samkvæmt eftirlaunalögum:		
	a. Embættismenn	220 143	
	b. Embættismannaekkjur	169 424	
		389 567	
	Verðlagsuppbót	303 862	
			693 429
II.	Eftirlaun auk lögboðinna eftirlauna og lífeyris, biðlaun, heiðurslaun og styrktarfé:		
	a. Embættismenn og aðrir starfsmenn:		
	Aðalheiður Albertsdóttir, fyrrv. kennslukona	3900.00	
	Aðalheiður Pálsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	1911.00	
	Ágúst Elíasson, fyrrv. yfirfiskmatsm.	3391.00	
	Andrés Eyjólfsson, fyrrv. skjalavörður og alþm.	15000.00	
	Andrés Johnson, fornminjasafnari	24843.00	
	Andrés Ólafsson, fyrrv. fiskmatsmaður	2535.00	
	Anna Þórhallsdóttir, fyrrv. aðstoðargjaldkeri	5652.00	
	Ari Arnalds, fyrrv. bæjarfógeti	17265.00	
	Ari Sigurbjörnsson, fyrrv. póstur	2500.00	
	Árni S. Bjarnason, fyrrv. húsvörður Alþingis	14040.00	
	Árni Thorsteinsson, tónskáld	17530.00	
	Arnleif Kristjánsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	1911.00	
	Ásdís M. Sigurðardóttir, fyrrv. ljósmóðir	1911.00	
	Ásgeir Daníelsson, fyrrv. gjaldkeri	7583.00	
	Ásgeir Jónsson, fyrrv. póstur	2535.00	
	Ásgeir Jónsson frá Gottorp	1911.00	
	Áskell Snorrason, fyrrv. söngkennari	8500.00	
	Benedikt Benjamínsson, fyrrv. póstur	3120.00	
	Bjarni Jónsson, vígslubiskup	37800.00	
	Bjarni Jósefsson, efnafræðingur	9044.00	
	Björg Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	1950.00	
	Björgvin Guðmundsson, tónskáld	16956.00	
	Björn O. Björnsson, fyrrv. sóknarpr.	6825.00	
	Björn Einarsson	12656.00	
	Björn Guðmundsson, fyrrv. fiskmatsm.	1911.00	
	Björn Helgason, fyrrv. fiskmatsm.	2535.00	
	Björn Jakobsson, fyrrv. skólastjóri	12000.00	
	Björn Jósefsson, fyrrv. héraðslæknir	10400.00	
	Björn Stefánsson, fyrrv. póstur	1950.00	
	Björn Stefánsson, fyrrv. sóknarprestur	7780.00	
	Bogi Brynjólfsson, fyrrv. sýslumaður	9800.00	
	Bogi Ólafsson, fyrrv. yfirkennari	37800.00	
	Daníel Sveinsson, fyrrv. póstur	1268.00	

	18. gr.	
	kr.	kr.
Davíð Jóhannesson, fyrrv. símstjóri og póstafgreiðslumaður	5850.00	
Eggert Stefánsson, söngvari	18000.00	
Egill Hallgrímsson, fyrrv. barnakennari	5000.00	
Egill Tryggvason, fyrrv. póstur	2492.00	
Eiður Albertsson, fyrrv. barnaskólastjóri	3956.00	
Einar Einarsson, fyrrv. skipherra	12000.00	
Eiríkur Albertsson, fyrrv. sóknarprestur	25138.00	
Eiríkur Stefánsson, fyrrv. sóknarprestur	6825.00	
Elísabet Friðriksdóttir, fyrrv. barnakennari	3956.00	
Erlendur Erlendsson, fyrrv. fiskmatsm.	1911.00	
Finnbogi Arndal, fyrrv. fulltrúi	16956.00	
Friðleifur Jóhannsson, fyrrv. fiskmatsm.	4522.00	
Friðrik Bjarnason, fyrrv. barnaskólastj.	6338.00	
Friðrik J. Rafnar, vígslubiskup	13566.00	
Geir Sigurðsson, fyrrv. lögregluþjónn	7800.00	
Geir G. Zoëga, fyrrv. vegamálastjóri	11700.00	
Georgía Björnsson, fyrrv. forsetafrú	41140.00	
Gísli Eiríksson, fyrrv. póstafgreiðslum.	6217.00	
Gísli Sveinsson, fyrrv. sendiherra	8210.00	
Guðbjörg Þorleifsdóttir, Múlakoti	2535.00	
Guðbrandur Björnsson, fyrrv. sóknarprestur	7800.00	
Guðjón Einarsson, fyrrv. fiskmatsm.	4500.00	
Guðjón Hermannsson, fyrrv. póstur	1911.00	
Guðjón Sigurðsson, fyrrv. póstur	1585.00	
Guðlaugur Hansson, fyrrv. lýsismatsm.	2535.00	
Guðlaugur Sigmundsson, fyrrv. póstur	3179.00	
Guðmundur B. Árnason, fyrrv. bréfberi	1911.00	
Guðmundur Benónýsson, fv. fiskmatsm.	2500.00	
Guðmundur Eggerz, fyrrv. sýslumaður	17614.00	
Guðmundur Einarsson, fyrrv. fiskmatsm.	2167.00	
Guðmundur Einarsson, fyrrv. póstafgr.m.	1922.00	
Guðmundur Gissurarson, fv. fiskmatsm.	2535.00	
Guðmundur Guðmundsson, fv. héraðsl.	16019.00	
Guðmundur Hannesson, fv. bæjarfógeti	14040.00	
Guðmundur Hlíðdal, fyrrv. póst- og símamálastjóri	16700.00	
Guðmundur Ólafsson, fyrrv. póstur	4446.00	
Guðmundur Pétursson, fyrrv. póstur	4333.00	
Guðni Stígsson, fyrrv. starfsm. Löggildingarstofunnar	14040.00	
Guðný Þórarinsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	2000.00	
Guðrún Indriðadóttir, leikkona	5070.00	
Gunnlaugur Björnsson, fyrrv. kennari	9044.00	
Guttormur Pálsson, fyrrv. skógarvörður	5417.00	
Hafliði Sveinsson, fyrrv. póstur	1911.00	
Halla Sigurðardóttir, fyrrv. ljósmóðir	2000.00	
Halldór Jónsson, fyrrv. yfirfiskmatsm.	9044.00	
Halldór Kr. Júlíusson, fyrrv. sýslumaður	5070.00	

		18. gr.	
		kr.	kr.
Halldór Steinsen, fyrrv. héraðslæknir ...	12655.00		
Halldóra Bjarnadóttir, fyrrv. skólastjóri	13000.00		
Hallgrímur Fr. Hallgrímsson, fv. póstur	1268.00		
Hallgrímur Jónsson, fyrrv. barnaskólastj.	14176.00		
Hannes Jónsson, fyrrv. póstur	4446.00		
Haraldur Brynjólfsson, fyrrv. fiskmatsm.	2535.00		
Haraldur Leósson, fyrrv. kennari	3250.00		
Haraldur Þórarinsson, fv. sóknarprestur	5417.00		
Helgi Jónasson, fyrrv. héraðslæknir	3521.00		
Hildur Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	1950.00		
Hólmgeir Jensson, fyrrv. dýralæknir ...	1911.00		
Inga Nielsen Beck, fyrrv. símstöðvarstjóri	4333.00		
Ingibjörg Jóhannsdóttir, fyrrv. kennari .	4522.00		
Ingibjörg Loftsdóttir, fyrrv. ljósmóðir ..	1911.00		
Ingibjörg Pálsdóttir, fyrrv. ljósmóðir ..	1911.00		
Ingibjörg Sigurðardóttir, fv. póstafgr.k. .	3803.00		
Ingimar Baldvinsson, fyrrv. póst- og síma-afgreiðslumaður	5417.00		
Ingiríður Helgadóttir, fyrrv. ljósmóðir ..	1911.00		
Ingólfur Gíslason, fyrrv. héraðslæknir, biðlaun	40200.00		
Ingunn Bergmann	3179.00		
Ingveldur Magnúsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	1922.00		
Jakob Kristinsson, fyrrv. fræðslumálastj.	26205.00		
Jakob J. Smári, fv. adjunkt, biðlaun ...	30046.00		
Jes Á. Gíslason, fyrrv. sóknarprestur ..	3179.00		
Jóhann Briem, fyrrv. sóknarprestur	6783.00		
Jóhann H. Havsteen, fyrrv. fiskmatsm. .	2261.00		
Jóhann Scheving, fyrrv. kennari	3900.00		
Jóhann Sveinbjörnsson, fyrrv. tollþjónn	3250.00		
Jóhanna Friðriksdóttir, fyrrv. ljósmóðir	3600.00		
Jóhannes Guðmundsson, fyrrv. póstur ..	1268.00		
Jóhannes Jónasson, fyrrv. yfirfiskmatsm.	3956.00		
Jón Árnason, fyrrv. fiskmatsm.	2535.00		
Jón Bach, fyrrv. dyravörður	7800.00		
Jón Benjamínsson, fyrrv. fiskmatsm. ...	1911.00		
Jón Brandsson, fyrrv. sóknarprestur ...	7800.00		
Jón Eiríksson, fyrrv. skólastjóri	3000.00		
Jón Guðmundsson, fyrrv. skrifstofustjóri, biðlaun	45000.00		
Jón Hallvarðsson, fyrrv. sýslumaður ...	15826.00		
Jón N. Jóhannesson, fv. sóknarprestur .	6000.00		
Jón Jónsson, fyrrv. fiskmatsm.	2261.00		
Jón Jónsson, fyrrv. kennari	2000.00		
Jón Sigurðsson, fyrrv. skrifstofustjóri ..	17700.00		
Jón Sveinsson, fyrrv. skattdómari	6500.00		
Jón Sverrisson, fyrrv. fiskmatsm.	6337.00		
Jóna Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	1911.00		
Jónas Bjarnason, fyrrv. fiskmatsm.	2535.00		
Jónas Eyvindsson, fyrrv. símaverkstjóri	3391.00		
Jónas Kristjánsson, fyrrv. héraðslæknir .	6337.00		

		18. gr.	
		kr.	kr.
Jónas Rafnar, fyrrv. yfirlæknir	27625.00		
Jónas Stefánsson, fyrrv. póstur	2500.00		
Jónas Þorbergsson, fyrrv. útvarpsstjóri .	18720.00		
Jórunn Þórðardóttir, fyrrv. handavinnukennari	7912.00		
Jósef Jónsson, fyrrv. sóknarprestur	6783.00		
Kári Arngrímsson, fyrrv. póstur	2261.00		
Karl Einarsson, fyrrv. bæjarfógeti	19918.00		
Karl Steingrímsson, fyrrv. fiskmatsm. ..	1911.00		
Kjartan Ólafsson, fyrrv. yfirfiskmatsm. .	9508.00		
Klemenz Samúelsson, fv. barnakennari ..	2261.00		
Kofoed-Hansen, fyrrv. skógræktarstjóri .	9808.00		
Kristín Bjarnadóttir, fv. starfsk. Alþingis	1911.00		
Kristín Eiríksdóttir, fyrrv. ljósmóðir ...	1911.00		
Kristinn Benediktsson, fyrrv. póstafgr.m.	5958.00		
Kristjana V. Hannesdóttir, fv. skólastjóri	3900.00		
Kristjana Jónsdóttir, fyrrv. ritari	14040.00		
Kristján Jónsson, fyrrv. póstur	1268.00		
Kristján Linnet, fyrrv. bæjarfógeti	20014.00		
Kristján Sigurðsson, fyrrv. barnakennari	3956.00		
Kristján Steingrímsson, fyrrv. bæjarfógeti	13566.00		
Kristján Þorláksson, fyrrv. vitavörður ..	2535.00		
Lárus Rist, fyrrv. kennari	3803.00		
Lárus Sigurjónsson, skáld	13566.00		
M. E. Jessen, fyrrv. skólastjóri	2500.00		
Magnús Gíslason, fyrrv. skrifstofustj. ..	6783.00		
Magnús Jónsson, dr. theol.	18053.00		
Magnús Pétursson, fyrrv. héraðslæknir .	13306.00		
Margrét Rasmus, fyrrv. skólastjóri	16499.00		
Sama, húsaleigukostn. (án verðl.uppb.) .	1800.00		
María Sigurðardóttir, fv. starfsk. Alþingis	1911.00		
Markús Guðmundsson, fyrrv. verkstjóri .	2500.00		
Marsibil Sigurðardóttir, fv. fiskmatsk. ..	1911.00		
Matthías Þórðarson, fiskifræðingur	11305.00		
Matthías Þórðarson, fv. þjóðminjavörður	13295.00		
Matthildur Hannesdóttir, fyrrv. ljósmóðir	2000.00		
Nikólína Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir ...	2035.00		
Njáll Guðmundsson, fyrrv. póstur	2535.00		
Oddur Bjarnason, fyrrv. fulltrúi	4000.00		
Oddur Ívarsson, fv. póstafgreiðslumaður	2261.00		
Oddur Valentínusson, fv. leiðsögumaður	4680.00		
Ólafur Daníelsson, fyrrv. yfirkennari ..	12740.00		
Ólafur Finsen, fyrrv. héraðslæknir	6338.00		
Ólafur Friðriksson, fyrrv. ritstjóri	11408.00		
Ólafur Guðmundsson, fyrrv. póstur	1560.00		
Ólafur Lárusson, prófessor	15943.00		
Ólafur Sigurðsson, fyrrv. ráðunautur ...	5417.00		
Ólafur Th. Sveinsson, fyrrv. skipaskoðunarstjóri	9948.00		
Ólafur Thorarensen, fyrrv. símstjóri ...	2535.00		
Ólöf Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir .	2035.00		

		18. gr.	
		kr.	kr.
Páll Sigurjónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	2500.00		
Pétur Pétursson, fyrrv. póstur	3120.00		
Pétur Thoroddsen, fyrrv. héraðslæknir	6337.00		
Ragnheiður Pétursdóttir, fyrrv. ráðuneytisbókari	11715.00		
Ragnheiður Þorsteinsdóttir, fyrrv. yfirröntgenkona	10833.00		
Sigdór V. Brekkan, fyrrv. kennari	7348.00		
Sigríður Einarsdóttir, fv. póst- og símaafgreiðslukona	3391.00		
Sigríður Jónasdóttir, fv. ljósm., Miðhópi	1911.00		
Sigríður Jónasdóttir, fv. ljósm., Þórshöfn	1911.00		
Sigríður Magnúsdóttir, fyrrv. kennari	5417.00		
Sigrún Sigurjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	2167.00		
Sigtryggur Guðlaugsson, fyrrv. sóknarpr.	17529.00		
Sigurður Benediktsson, fyrrv. póstur	1911.00		
Sigurður Fr. Einarsson, fv. fiskmatsm.	1911.00		
Sigurður Heiðdal	5087.00		
Sigurður Jónsson, fyrrv. fiskmatsm.	1911.00		
Sigurður Nordal, prófessor	12656.00		
Sigurður M. Pétursson, fyrrv. sóknarprestur, biðlaun	18000.00		
Sigurður Sigfússon, fyrrv. póstur	2500.00		
Sigurður Sigurðsson, fv. barnakennari	6000.00		
Sigurður Sigurðsson frá Kálfafelli, fyrrv. kennari	3792.00		
Sigurður Stefánsson, fyrrv. póstur	2500.00		
Sigurður Sumarliðason, fyrrv. póstur	1268.00		
Sigurjón Jónsson, fyrrv. sóknarprestur	4500.00		
Sigurjón Markússon, fv. sýslumaður	17935.00		
Sigurmundur Sigurðsson, fv. héraðslæknir	4290.00		
Snorri Sigfússon, fyrrv. námsstjóri	5652.00		
Stefán Hannesson, fyrrv. barnakennari	5652.00		
Stefán Þorvaldsson, fyrrv. póstur	2535.00		
Steinn Ármannsson, fyrrv. póstur	2708.00		
Steinunn Bjartmarsdóttir, fyrrv. kennari	5417.00		
Svava Þorleifsdóttir, fyrrv. skólastjóri	4522.00		
Sveinn Árnason, fyrrv. fiskmatsstjóri	11700.00		
Sæmundur Halldórsson, fyrrv. póstur	1130.00		
Thor Brand, fyrrv. umsjónarmaður	5652.00		
Tómas Guðmundsson, fyrrv. póstur	1560.00		
Trausti Á. Reykdal, fyrrv. fiskmatsm.	2533.00		
Valdimar Snævarr, fv. barnaskólastjóri	10452.00		
Valdís Böðvarsdóttir, fyrrv. símstjóri og póstafgreiðslukona	3900.00		
Vernharður Þorsteinsson, fyrrv. menntaskólakennari	8478.00		
Vésteinn Árnason, fyrrv. póstur	1268.00		
Vigfús Guttormsson, fyrrv. kennari	3956.00		
Viktoría Kristjánsdóttir	3120.00		
Vilhjálmur Briem, fyrrv. sóknarprestur	15167.00		

18. gr.

		kr.	kr.
Vilhjálmur Finsen, fyrrv. sendiherra ...	32240.00		
W. Thomas Möller, fyrrv. síma- og póst-afgreiðslumaður	4522.00		
Wilhelm Erlendsson, fyrrv. póstafgreiðslumaður	6000.00		
Þóra Bjarnadóttir	1936.00		
Þórarinn Grímsson, fyrrv. símstjóri og vitavörður	3956.00		
Þórarinn Stefánsson, fyrrv. fiskmatsm. .	1911.00		
Þorbjörn Þórðarson, fyrrv. héraðslæknir	4446.00		
Þórður Jónsson	3000.00		
Þórður Oddgeirsson, fyrrv. sóknarprestur	6825.00		
Þorkell Þorkelsson, fv. veðurstofustjóri .	42300.00		
Þorlákur Þorláksson, fyrrv. póstur	2535.00		
Þorleifur Erlendsson, fv. barnakennari .	2340.00		
Þórný Friðriksdóttir, fyrrv. húsmæðraskólastjóri	6783.00		
Þorsteinn Gíslason, fyrrv. fiskmatsm. ..	2535.00		
Þorsteinn M. Jónsson, fyrrv. skólastjóri	7042.00		
Þorsteinn Þorsteinsson, fv. hagstofustj. .	14512.00		
Þórunn Magnúsdóttir, fyrrv. ljósmóðir .	1922.00		
Þorvaldur Þorvaldsson, fv. fiskmatsm. ..	2535.00		
	1798763.00		
Verðlagsuppbót	1401631.00		
		3 200 394	
b. Ekkjur:			
Aðalbjörg Jakobsdóttir	3179.00		
Aðalbjörg Sigurðardóttir	7605.00		
Agnethe Kamban	4680.00		
Anna Bjarnadóttir	1911.00		
Anna Kl. Jónsson	2847.00		
Anna Kristjánsdóttir	3792.00		
Anna Ólafsdóttir	3250.00		
Anna Pálsdóttir	4680.00		
Anna Sigurðardóttir	9282.00		
Anna Stefánsdóttir	3803.00		
Anna Þorgrímsdóttir	4522.00		
Anna Þorkelsdóttir	3938.00		
Arndís Sigurðardóttir	1911.00		
Árný Stígsdóttir	1911.00		
Arnþrúður Danielsdóttir	3250.00		
Ásdís Þorgrímsdóttir	1911.00		
Áslaug Thorlacius	5850.00		
Ásta Einarson	3803.00		
Ásta Jaden	5200.00		
Ásta Jónsdóttir, ekkja Bjarna Ásgeirssonar	17500.00		
Ásta Jónsdóttir, ekkja L. Norðdals	4333.00		
Ásta Þorvaldsdóttir	1911.00		
Ástríður Eggertsdóttir	8667.00		
Ástríður Magnúsdóttir	1268.00		

		18. gr.	
		kr.	kr.
Ástríður Petersen	3803.00		
Auður Gísladóttir	3242.00		
Auður Jónasdóttir	11700.00		
Bentína Hallgrímsson	10559.00		
Björg Guðmundsdóttir	2535.00		
Björg Jónasdóttir	4446.00		
Bryndís Þórarinsdóttir	6783.00		
Camilla Hallgrímsson	5087.00		
Davina Sigurðsson	10833.00		
Dorothea Guðmundsson	4446.00		
Edith Möller	3792.00		
Eleanor Sveinbjörnsson	7605.00		
Elín Guðbjörg Guðmundsdóttir	3993.00		
Elínborg Vigfúsdóttir	2535.00		
Elísabet Jónsdóttir, ekkja Péturs Guðmundssonar	1911.00		
Elísabet Jónsdóttir, ekkja Ríkharðs Kristmundssonar	5652.00		
Elísabet Sigurðardóttir	3391.00		
Ellen Einarsson	25623.00		
Ellen Sveinsson	6436.00		
Emelía P. Briem	11700.00		
Ethel Arnórsson	5850.00		
Finnbjörg Kristófersdóttir	7913.00		
Fríða Hlíðdal	21645.00		
Geirlaug Stefánsdóttir	3179.00		
Guðbjörg Grímsdóttir	2500.00		
Guðbjörg Hermannsdóttir	3685.00		
Guðbjörg Kristjánsdóttir	7605.00		
Guðbjörg Tómasdóttir	3802.00		
Guðfinna Þórðardóttir	1901.00		
Guðlaug Magnúsdóttir	12656.00		
Guðný Björnsdóttir	3792.00		
Guðríður Eiríksdóttir	3179.00		
Guðríður Helgadóttir	4329.00		
Guðríður Ólafsdóttir	3569.00		
Guðrún Arinbjarnar	5850.00		
Guðrún Egilson	12656.00		
Guðrún Jónsdóttir Erlingsson	6338.00		
Guðrún S. Guðmundsdóttir	5652.00		
Guðrún Hálfdánardóttir	2261.00		
Guðrún Hermannsdóttir	2535.00		
Guðrún Jónsdóttir	7605.00		
Guðrún P. Jónsdóttir	7605.00		
Guðrún Oddgeirsdóttir	4522.00		
Guðrún Oddsdóttir	7348.00		
Guðrún Pétursdóttir, ekkja Benedikts Sveinssonar	20592.00		
Guðrún Pétursdóttir, ekkja Sigurgeirs Sigurðssonar	5652.00		
Guðrún Ragúels	1911.00		

		18. gr.	
		kr.	kr.
Guðrún Sveinsdóttir	12192.00		
Guðrún Þorvarðsson	9609.00		
Halldóra Ólafsdóttir	11700.00		
Halldóra Þórðardóttir	3803.00		
Hansína Pálsdóttir	1695.00		
Harriet Jónsson	2847.00		
Hedvig Blöndal	1911.00		
Helga Finnsdóttir	13566.00		
Helga I. Stefánsdóttir	1911.00		
Hildur Björnsdóttir	5000.00		
Hlíf Böðvarsdóttir	4333.00		
Hlín Johnson	12908.00		
Hrefna Ingimarsdóttir	7605.00		
Hrefna Jóhannesdóttir	3803.00		
Hulda Þ. Björnæs	6000.00		
Ingibjörg Björnsdóttir	3956.00		
Ingibjörg Magnúsdóttir	4446.00		
Ingveldur Einarsdóttir	4446.00		
Ingveldur Ólafsdóttir	1901.00		
Jakobína Sigr. Torfadóttir	2708.00		
Jóhanna Kr. Eggertsdóttir Briem	3956.00		
Jóhanna Gunnarsdóttir	5373.00		
Jóhanna Jónsdóttir	5652.00		
Jóhanna Magnúsdóttir	4446.00		
Jóhanna Pálmadóttir	8996.00		
Jóhanna Thorlacius	1911.00		
Jóna Jakobsdóttir	3250.00		
Jónasína E. Hallgrímsdóttir	5460.00		
Jóney Guðmundsdóttir	3803.00		
Júlíana M. Jónsdóttir	5144.00		
Karen Jónsson	6000.00		
Katrín Sveinsdóttir	3956.00		
Klara Helgadóttir	4522.00		
Kristín Guðmundsdóttir, ekkja Eggerts Eggertssonar	3000.00		
Kristín Guðmundsdóttir, vitavarðarekkja	1901.00		
Kristín Pálsdóttir	3179.00		
Kristín Sigurðardóttir	3391.00		
Kristín Thorberg	2340.00		
Kristín Thoroddsen	2340.00		
Kristín Þórarinsdóttir	5652.00		
Kristólína Kragh	2535.00		
Lára Bjarnadóttir, ekkja Gísla Lárussonar	4796.00		
Lára Bjarnadóttir, ekkja Skarphéðins Þorkelssonar	3956.00		
Lára Skúladóttir	3391.00		
Laufey Vilhjálmsdóttir	15093.00		
Lilja Eyþórsdóttir	9000.00		
Lilja Haraldsdóttir	3120.00		
Lovísa Sveinbjörnsson	19851.00		

		18. gr.	
		kr.	kr.
Magdalena Ásgeirsdóttir	780.00		
Magnea Magnúsdóttir	9609.00		
Málfríður Jónsdóttir	5087.00		
Margrét Árnadóttir	5498.00		
Margrét Ásmundsdóttir	2535.00		
Margrét Blöndal	3956.00		
Margrét Jónsdóttir frá Hrauni	8290.00		
Margrét Jónsdóttir, vitavarðarekkja	1911.00		
Margrét Lárusdóttir	5850.00		
Margrét Kr. Lárusdóttir	2535.00		
Margrét Þórðardóttir	3803.00		
Margrethe Kaldalóns	17941.00		
María Guðlaugsson	4680.00		
María J. Klemenz	1911.00		
María Thoroddsen	9750.00		
María Tómasdóttir	2826.00		
Nanna Jónsdóttir	5417.00		
Níelsína Ólafsdóttir	3803.00		
Oktavía Sigurðardóttir	5087.00		
Ólafía Einarsdóttir	6783.00		
Ólafía Finnbogadóttir	1268.00		
Ólafía Valdimarsdóttir	3391.00		
Olga E. Jónsson	5652.00		
Ólína Snæbjörnsdóttir	4446.00		
Ólína Þorsteinsdóttir	6338.00		
Ragnheiður Bjarnadóttir	6338.00		
Ragnheiður Straumfjörð	1911.00		
Ragnhildur Teitsdóttir	1809.00		
Ragnhildur Thorlacius	6783.00		
Ragnhildur Thoroddsen	7500.00		
Rannveig Tómasdóttir	3803.00		
Rigmor Ófeigsson	5070.00		
Rósa Jónsdóttir	1268.00		
Sigríður Arnljótsdóttir	6000.00		
Sigríður Bjarnason	10174.00		
Sigríður Einarsson	19500.00		
Sigríður Finnbogadóttir	5070.00		
Sigríður Fjeldsted	5087.00		
Sigríður Gísladóttir	1911.00		
Sigríður Guðmundsdóttir	1911.00		
Sigríður Jónsdóttir frá Vífilsstöðum	9555.00		
Sigríður Jónsdóttir frá Hvítadal	3179.00		
Sigríður Kjartansdóttir	7605.00		
Sigríður Pétursdóttir	5652.00		
Sigríður Snæbjörnsdóttir	3179.00		
Sigríður Snæbjörnssen	5087.00		
Sigríður Þorláksdóttir Arnórsson	19500.00		
Sigrún Auðuns	4522.00		
Sigrún Bjarnason	6783.00		
Sigrún Guðbrandsdóttir	4522.00		
Sigrún Kjartansdóttir	4446.00		

18. gr.

		kr.	kr.
Sigurlaug G. Gröndal	2535.00		
Sigurlaug Þórey Þorsteinsdóttir	5652.00		
Sólveig Árnadóttir	1911.00		
Sólveig Eggerz	16704.00		
Sólveig Pétursdóttir	5652.00		
Stefanía Hjaltested	3179.00		
Stefanía Stefánsdóttir	6217.00		
Steinunn P. Eyjólfsson	3369.00		
Steinunn Jóhannesdóttir	3803.00		
Steinunn Oddsdóttir	3179.00		
Steinunn E. Stephensen	3803.00		
Súsanna Friðriksdóttir	5652.00		
Sylvía N. Guðmundsdóttir	5991.00		
Unnur Guðjónsdóttir	5000.00		
Unnur Skúladóttir	6338.00		
Valborg Einarsson	6338.00		
Valborg Haraldsdóttir	5417.00		
Valgerður Halldórsdóttir	9044.00		
Valgerður Ólafsdóttir	4522.00		
Vigdís G. Blöndal	3179.00		
Viktoría Bjarnadóttir	956.00		
Vilborg Bjarnadóttir	3617.00		
Vilborg Torfadóttir	1911.00		
Þóra L. Björnsson	6783.00		
Þóra Hjartar	2261.00		
Þóra Jónasdóttir	3250.00		
Þóra Sigurðardóttir	1911.00		
Þóra Skaftason	1911.00		
Þorbjörg Sigmundsdóttir	6338.00		
Þórdís Ívarsdóttir	1268.00		
Þórunn Hafstein	2535.00		
Þórunn Pálsdóttir	6338.00		
Þórunn Sigurðardóttir	1911.00		
Þórunn Þórðardóttir	1170.00		
Þorvalda Hulda Sveinsdóttir	3956.00		
Þrúður I. Jónsdóttir	3120.00		
Þuríður Benediktsdóttir	6357.00		
Þuríður Bjarnadóttir	3250.00		
Þuríður Káradóttir	7348.00		
Þuríður Nielsdóttir	5417.00		
	1151967.00		
Verðlagsuppbót	898534.00		
		2 050 501	
c. Barnastyrkur:			
Barn Árna sál. Helgasonar, héraðslæknis, Jóhanna Margrét Árnadóttir, f. 16/7 1924, sjúklingur	1911.00		
Verðlagsuppbót	1490.00		
		3 401	
			5 254 296

18. gr.

		kr.	kr.
III.	Framlag ríkissjóðs skv. 10. gr. l. 64/1955 og 8. gr. l. 66/1955 (áætlað)		9 300 000
IV.	Framlag ríkissjóðs til lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna, skv. 12. gr. l. 65/1955		140 000
V.	Framlag ríkissjóðs til lífeyrissjóðs ljósmæðra, skv. 1. gr. l. 114/1940		34 000
VI.	Framlag ríkissjóðs til grunnlauna- og vísitöluuppbóta á lífeyri		3 200 000
	Samtals ...	. . .	18 621 725

19. gr.

Til óvissra útgjalda o. fl. er veitt:

	kr.	kr.
1. Til dýrtíðarráðstafana		84 100 000
2. Til aukinnar löggæzlu og tollgæzlu samkv. ráðstöfun dómsmálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis		1 350 000
3. Til óvissra útgjalda		2 500 000
Samtals ...	. . .	87 950 000

III. KAFLI

Eignahreyfingar.

20. gr.

	kr.	kr.
Inn:		
I. Fyrningar		1 850 000
II. Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum		100 000
III. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		500 000
Samtals ...	. . .	2 450 000
Út:		
I. Afborganir lána ríkissjóðs og ríkisstofnana:		
1. Ríkissjóðslán:		
a. Innlend lán ... 9262979		
b. Lán í dönskum bönkum ... 696151		
c. Lán í Bandaríkjunum ... 94656		
	10 053 786	
2. Lán ríkisstofnana:		
Landssíminn (3. gr. A. 2) ...	1 000 000	
		11 053 786
II. Útlagðir vextir og afborganir af ýmsum lánum með ríkisábyrgð, sem eru í vanskilum (áætlað) ..		18 000 000
III. Til eignaaukningar landssímans (3. gr. A. 2) ...		9 450 000
IV. Til bygginga á jörðum ríkisins ...		1 600 000
V. Til ræktunar á jörðum ríkisins ...		150 000
VI. Til byggingar björgunar- og varðskips fyrir Norðurland, enda samþykki dómsmálaráðuneytið gerð skipsins ...		500 000
VII. Til byggingar skips vegna Vestmannaeyja og nálægra hafna, og verði leitað samkomulags við Vestmannaeyinga um stofnframlag og rekstur skipsins		2 000 000
VIII. Til sementsverksmiðju ...		1 000 000
IX. 1. Til viðbótarhúsnæðis við ríkisspítalana ...	4 600 000	
2. Til byggingar fávitahælis ...	500 000	
		5 100 000
X. Til byggingar nýrra vita og vitavarðabústaða ...		1 700 000
XI. Til byggingar radiomiðunarstöðvar á Garðskaga, önnur greiðsla af þremur ...		120 000
XII. Til flugvallagerðar ...		6 150 000
XIII. Til sjúkraflugvalla ...		575 000
XIV. 1. Til byggingar heimavistarhúss við Menntaskólann á Akureyri ...	250 000	
2. Til byggingar sjómannaskólans ...	440 000	
3. Til byggingar kennarabústaðar á Hólum ...	75 000	

20. gr.

		kr.	kr.
	4. Til byggingar menntaskólahúss í Reykjavík ..	1 600 000	
	5. Til byggingar menntaskólahúss á Laugarvatni	500 000	
	6. Til byggingar Kennaraskóla Íslands	750 000	
	7. Til bygginga vegna Íþróttakennaraskólans á Laugarvatni	300 000	
	8. Til byggingar húsmæðrakennaraskóla	300 000	
			4 215 000
XV.	Til bygginga á prestssetrum		2 000 000
XVI.	Til greiðslu heimtaugargjalda á prestssetrum		160 000
XVII.	Til útihúsa á prestssetrum		800 000
XVIII.	Til byggingar embættisbústaða héraðsdómara ...		600 000
XIX.	Til byggingar lögreglustöðvar í Reykjavík		1 000 000
XX.	Til byggingar lögreglustöðvar á Keflavíkurflugvelli		400 000
XXI.	Til byggingar beitarhúsa á Hólum		40 000
XXII.	Til fjós- og hlöðubyggingar á Litla-Hrauni		210 000
XXIII.	Til að lána til kaupa á dieselrafstöðvum að fengnum tillögum raforkuráðs		450 000
XXIV.	Til byggingar dvalarheimilis fyrir afvegaleidd börn og unglinga		400 000
XXV.	Til byggingar tilraunagróðurhúss að Reykjum ..		100 000
XXVI.	Til að lána Sölufélagi garðyrkjumanna til byggingar söluskála		100 000
XXVII.	Til þess að bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu á þann hátt, er ríkisstjórnin telur heppilegast, og má setja þau skilyrði fyrir aðstoð þessari um mótframlög og annað, sem ríkisstjórnin telur nauðsynlegt		15 000 000
XXVIII.	Til byggingar stjórnarráðshúss		2 000 000
XXIX.	Framlag til landssmiðjunnar		900 000
XXX.	Framlag til fiskiðjuvers ríkisins		750 000
XXXI.	Til útihúsabyggingar að Staðarfelli		200 000
	Samtals ...	. . .	86 723 786

21. g

I. Rekstra

		kr.	kr.
	Tekjur:		
2. gr.	Skattar og tollar		648 800 000
3. gr. A.	Tekjur af rekstri ríkisstofnana		152 609 000
— B.	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs		10 000
4. gr.	Tekjur af bönkum og vaxtatekjur		1 983 000
5. gr.	Óvissar tekjur		5 750 000
	Samtals ...	. . .	809 152 000

II. Sjóð

		kr.
	Inn:	
2.—5. gr.	Rekstrartekjur samkvæmt rekstraryfirliti	809 152 000
	Aðrar innborganir og fyrningar:	
20. gr. I.	Fyrningar	1 850 000
— II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum o. fl.	100 000
— III.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	500 000
	Samtals ...	811 602 000

firlit.

irlit. 21. gr.

		Gjöld:	kr.	kr.
7. gr.		Vextir		2 537 073
8. gr.		Kostnaður við æðstu stjórn landsins		940 060
9. gr.		Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga		6 652 797
0. gr.		Til ríkisstjórnarinnar		22 967 994
1. gr.	A.	Dómgæzla og lögreglustjórn	42 587 437	
—	B.	Opinbert eftirlit	3 295 062	
—	C.	Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta	17 596 685	
—	D.	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	900 000	64 379 184
2. gr.		Til læknaskipunar og heilbrigðismála		53 397 936
3. gr.	A.	Vegamál	70 148 407	
—	B.	Samgöngur	18 371 600	
—	C.	Vitamál og hafnargerðir	18 208 887	
—	D.	Flugmál	4 963 843	111 692 737
4. gr.	A.	Kirkjumál	13 266 230	
—	B.	Kennslumál	106 827 022	120 093 252
5. gr.	A.	Til opinberra safna, bókaútgáfu og listastarfsemi	9 796 497	
—	B.	Til rannsókna í opinbera þágu o. fl.	11 431 824	21 228 321
6. gr.	A.	Landbúnaðarmál	67 045 536	
—	B.	Sjávarútvegsmál	11 435 683	
—	C.	Iðnaðarmál	3 830 000	
—	D.	Raforkumál	30 059 935	112 371 154
7. gr.		Til félagsmála		100 764 721
8. gr.		Til eftirlauna og styrktarfjár		18 621 725
9. gr.		Óviss útgjöld		87 950 000
		Rekstrarafgangur		85 555 046
		Samtals ...	...	809 152 000

irlit.

		Út:	kr.
'.—19. gr.		Rekstrarútgjöld samkvæmt rekstrarreikningi	723 596 954
		Aðrar útborganir:	
20. gr.		Afborganir lána, greiðslur vegna ríkisáb. og til eignaaukningar	86 723 786
		Greiðslujöfnuður ...	1 281 260
		Samtals ...	811 602 000

22. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

I. Að endurgreiða skemmtanaskatt af fé því, sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavörnum hér við land.

II. Að gera ráðstafanir til að flytja brott svo fljótt sem verða má hús þau, er standa á lóðinni Kirkjustræti 12, og láta Alþingi lóðina í té til stækkunar þinghúsgarðinum eða til annarra afnota.

III. Að láta Blindravinafélag Íslands fá að láni allt að 10 útvarpstæki til afnota fyrir blinda menn, og sé kostnaður, er af þessu leiðir, færður á fjárhagsáætlun Viðtækjaverzlunar ríkisins. Enn fremur að lána allt að þremur tækjum til sjúklinga, sem liggja rúmfastir árum saman í heimahúsum.

IV. Að verja allt að 25 þús. kr. í samráði við símamálastjórnina til þess að tryggja, að notendur talstöðva á afskekktum stöðum þurfi eigi að bera meiri útgjöld af slíkum tækjum en talsímanotendur, sem hafa notendasíma landssímans í sveitum.

V. Að verja allt að helmingi af lóða- og jarðaleigum úr Vestmannaeyjum árið 1956 til varnar gegn landbroti og uppblæstri í eyjunum, enda sé allt, er að því lýtur, gert í samráði við Búnaðarfélag Íslands.

VI. Að verja afgjöldum af löndum ríkisins í Hveragerði til hitaveitufram-kvæmda Hveragerðishrepps.

VII. Að greiða læknisvitjanastyrki til þeirra læknishéraða, sem eru læknislaus þrjá mánuði af árinu eða lengur, og nemi þeir allt að læknislaunum þann tíma, sem héraðið er læknislaust.

VIII. Að greiða 5 þús. kr. til húsmæðraskólans á Hallormsstað fyrir að kenna kennslukonum vefnað og 15 þús. kr. til kvennaskólans á Blönduósi til tóvinnukennslu.

IX. Að greiða halla á rekstri Þjóðleikhússins allt að 450 þús. kr.

X. Að greiða menningarsjóði það, sem á kann að vanta, að tekjur sjóðsins árið 1956 nái 1 550 000 kr.

XI. Að greiða rekstrarhalla, ef óhjákvæmilegt reynist, vegna Vestmannaeyja- og Þorlákshafnarbáts, Stykkishólmsbáts og til h/f Skallagríms, allt að 50 þús. kr. til hvers — samtals allt að 150 þús. kr. — svo og að lána Hríseyjarhreppi allt að 50 þús. kr. til að endurnýja ferjubát.

XII. Að ábyrgjast fyrir kirkjubyggingasjóð allt að 500 þús. kr. lán til kirkjubygginga. (Endurveiting).

XIII. Að ábyrgjast allt að 50 millj. kr. lán til byggingar fiskvinnslustöðva og stöðva til þess að vinna úr landbúnaðarafurðum, þó ekki yfir 60% af kostnaðarverðsmati hverrar framkvæmdar.

XIV. Að ábyrgjast fyrir Siglufjarðarkaupstað allt að 1 millj. kr. rekstrarlán vegna síldarverksmiðjunnar Rauðku.

XV. Að ábyrgjast allt að 4 millj. kr. lán fyrir skipasmíðastöðvar til bátasmíða innanlands, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, enda greiðist lánið að fullu af stofnláni, sem Fiskveiðasjóður Íslands veitir. Ríkisstjórnin setur að öðru leyti nánari skilyrði um ábyrgðir þessar.

XVI. Að ábyrgjast lán, sem tekið kann að verða til smíða á nýjum flóabát fyrir Eyjafjörð og nálægar hafnir, gegn tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar, þó ekki yfir ⅔ af kostnaðarverði skipsins.

XVII. Að ábyrgjast með þeim skilyrðum, er hún setur, og gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, lán til útvegsmanna, sem orðið hafa fyrir tjóni vegna þurrafúa í fiskiskipum, og mega lánin samtals nema allt að 1.3 millj. kr.

XVIII. Að ábyrgjast, gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar, lán fyrir Skúla Pálsson, Laxalóni, allt að 150 þús. kr. vegna óhjákvæmilegs

tilkostnaðar hans við undirbúning og framkvæmd fyrsta útflutnings af regnbogasilungi, sem hann á undanförnum árum hefur ræktað.

XIX. Að ábyrgjast, gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar, allt að 1 millj. kr. lán, er h/f Kol kann að taka til kolavinnslu á Skarðsströnd. (Endurveiting).

XX. Að ábyrgjast allt að 250 þús. kr. lán, er hreppsnefnd Hveragerðishrepps tekur til að leggja hitaveitu í þorpið, þó ekki yfir 80% af heildarkostnaði. (Endurveiting).

XXI. Að gefa eftir aðflutningsgjald af snjóbifreiðum og sjúkrabifreiðum til almenningsnota.

XXII. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af brennsluolíum til veðurathugunarskipa í Norðurhöfum.

XXIII. Að endurgreiða toll af maníókamjöli, sem flutt verður inn á árinu til skepnufóðurs.

XXIV. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af fiskinetjum úr nylon, að því leyti sem þau eru hærri en af öðrum fiskinetjum, sbr. nr. 19a í 50. kafla tollskrár.

XXV. Að ákveða, að ef rekstur flugmálanna verður hagkvæmari en gert er ráð fyrir á 13. gr. D., sé heimilt að nota þann mismun til flugvallagerðar á árinu 1958.

XXVI. Að heimila Ríkisútvarpinu að verja allt að 1.1 millj. kr. af tekjuafgangi sínum til að bæta hlustunarskilyrði á Austfjörðum.

XXVII. Að leyfa Tóbakseinkasölu ríkisins að setja merki Landgræðslusjóðs á tilteknar vindlingategundir og greiða sjóðnum allt að 20 aurum af hverjum vindlingapakka, er hún selur með merki sjóðsins. Verðhækkun á vindlingum af þeim sökum skal undanþegin smásöluálagningu.

XXVIII. Að ákveða, að fjölgun starfsmanna ríkis og ríkisstofnana skuli vera háð samþykki fjármálaráðherra, þar til sett verða lög um ráðstafanir til þess að draga úr kostnaði við opinberan rekstur.

XXIX. Að verja öllu 10% álagi á skemmtanaskatt, sbr. 2. gr. laga nr. 115 29. des. 1951, til Sinfóníuhljómsveitar, enda verði samkomulag við aðra aðila um rekstur sveitarinnar og fjárframlög til hennar.

XXX. Að taka allt að 5 millj. kr. lán vegna aukningar á húsnæði ríkisspítalanna.

XXXI. Að kaupa sæskeldýrasafn Ingimars Óskarssonar.

XXXII. Að festa kaup á landi til að byggja á uppeldisskóla fyrir stúlkur.

XXXIII. Að selja fasteignir ríkissjóðs á Þórshöfn.

XXXIV. Að ábyrgjast fyrir Bæjarútgerð Akraness allt að 2 millj. kr. af kaupverði togarans Akureyjar gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar.

XXXV. Að ábyrgjast fyrir Austfirðing h.f. allt að 3.1 millj. kr. af kaupverði togarans Vattar gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar.

XXXVI. Að ábyrgjast fyrir bæjarsjóð Neskaupstaðar eða félag, sem stofnað verður í kaupstaðnum, allt að 2 millj. kr. lán til kaupa togarans Gerpis, enda fari samanlögð ábyrgðarfjárhæð ríkissjóðs vegna kaupa téðs skips ekki fram úr 90% af kostnaðarverði þess og fullnægt sé að öðru leyti þeim skilyrðum, sem ríkisstjórnin setur varðandi tryggingar og lánskjör.

XXXVII. Að leyfa Tóbakseinkasölu ríkisins að setja merki Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra á eldspýtustokka og greiða félaginu allt að 10 aurum af hverjum stokki, er hún selur með merki félagsins. Verðhækkun á eldspýtum af þessum sökum skal vera undanþegin smásöluálagningu.

XXXVIII. Að lána raforkusjóði 4.5 millj. kr. af fé því, er um ræðir í lögum nr. 51 1955, 1. gr., 5. og 9. tölulið.

XXXIX. Að breyta í óafturkræf framlög eftirtöldum lánum, sem veitt hafa verið neðangreindum stofnunum:

a. Ræktunarsjóði 22 millj. kr. af greiðsluafgangi ríkissjóðs 1955 og 9 875 000 kr. stofnlán samkvæmt skuldabréfi, útgefnu 30. apríl 1951, og enn fremur 421 250 kr. viðbótarstofnlán samkvæmt skuldabréfi, dagsettu 30. des. 1953.
b. Veðdeild Búnaðarbanka Íslands 2 millj. kr. af greiðsluafgangi ríkissjóðs 1955 og 4 millj. kr. af greiðsluafgangi ríkissjóðs 1954.
c. Fiskveiðasjóði Íslands 10 millj. kr. af greiðsluafgangi ríkissjóðs 1955.
d. Til íbúðalána samkv. lögum nr. 55/1955 13 millj. kr. af greiðsluafgangi ríkissjóðs 1955.
e. Byggingarsjóði 4 329 000 kr. stofnlán samkvæmt skuldabréfi, útgefnu 21. apríl 1948.

XL. Að afhenda með þeim skilyrðum, sem ríkisstjórnin setur, Bjargráðasjóði Íslands til eignar 10½ millj. kr. skuldabréf, dags. 31. ágúst 1956, vegna óþurrkalána á Suður- og Suðvesturlandi árið 1955 og enn fremur skuldabréf í vörzlu Búnaðarbanka Íslands, upphaflega 3 millj. kr., útgefin 1950 og 1951 vegna harðinda og óþurrka 1949—50 á Austur- og Norðausturlandi.

XLI. Að gefa eftir svokölluð hallærislán, veitt úr ríkissjóði til bænda 1952, að upphæð 5 millj. 320 þús. kr.

XLII. Að taka að sér, eftir því sem rannsókn leiðir í ljós að þurfa þyki, greiðslu á allt að 3½ millj. kr. lánum, sem ríkissjóður er í ábyrgð fyrir vegna þurrafúa í fiskiskipum.

23. gr.

Á árinu 1957 skal greiða 30% uppbót á lífeyri og eftirlaun, þó aldrei á hærri fjárhæð en 30 þús. kr. hverjum einstökum lífeyris- og eftirlaunaþega.

24. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1956 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Ed. 301. Frumvarp til laga [129. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka eignarnámi jarðirnar Borg, Dynjanda og Rauðsstaði í Auðkúluhreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka eignarnámi jarðirnar Borg, Dynjanda og Rauðsstaði í Auðkúluhreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu.

2. gr.

Bætur fyrir eignarnám jarðanna skulu metnar af gerðardómi 3 manna. Skulu 2 gerðardómsmanna skipaðir af sýslumanni Ísafjarðarsýslu, en hinn þriðji skal vera landnámsstjóri ríkisins. Að öðru leyti skal fara eftir l. nr. 61/1917, eftir því sem við á.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að tilmælum forsætisráðherra, en nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, er fram kunna að koma.

Frumvarpinu fylgdi svofelld greinargerð:

Hafnar eru framkvæmdir við virkjun Mjólkánna fyrir botni Arnarfjarðar í Auðkúluhreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu. Raforkuveri því, sem reist verður þarna, er ætlað í framtíðinni að veita raforku um mestallan Vestfjarðakjálkann.

Byrjunarframkvæmdir miðast við það að virkja Mjólkárnar, sem renna að mestu um land Borgar, en áætlanir hafa verið gerðar um framhaldsvirkjanir á öllu vatnasvæði Arnarfjarðarbotns, sem tilheyrir auk Borgar eyðijörðunum Rauðsstöðum og Dynjanda.

Raforkumálastjórnin telur mikla nauðsyn bera til þess að hafa öll ráð framangreindra jarða, og hníga að því eftirtalin rök:

Framkvæmdum þeim, sem þegar eru hafnar og fram undan eru, fylgir margs konar jarðrask og breytingar á farvegi vatna. Auk þess verður mikil efnistaka á landssvæðinu og umferð með hvers konar vélar og tæki svo og lagning háspennulína og bygging spennustöðvarvirkja.

Virkjunarstaðurinn er afskekktur, en þar mun setjast að allmargt fólk, sem mun gegna störfum við orkuverið. Ástæða er til að óttast, að erfitt reynist að fá hæfa starfsmenn, nema raforkumálastjórnin geti veitt þeim aðstöðu til búrekstrar til heimilisþarfa auk sinna aðalstarfa.

Af framangreindum ástæðum leggur raforkumálastjórnin ríka áherzlu á, að ríkisstjórninni verði veitt lagaheimild til að taka framangreindar 3 jarðir eignarnámi, náist ekki samningur við eigendur þeirra um kaup á þeim.

Ed. 302. Nefndarálit [103. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 16 12. marz 1947, um menntun kennara.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur haft frv. þetta til meðferðar, en ekki orðið á eitt sátt um afgreiðslu þess. Meiri hlutinn (SE, GTh, SÓÓ, GeirG) er því mótfallinn, að frv. nái fram að ganga. Undirritaður leggur hins vegar til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Húsmæðrakennaraskóli Íslands er nú algerlega húsnæðislaus. Í ráði er að byggja hús fyrir hann hér í Reykjavík, sem áætlað er að muni kosta 3 millj. króna. Á Akureyri er til nýlegt og vandað skólahús, sem ekki er notað, en telja má víst að mundi henta vel fyrir þennan skóla. Þegar þess er gætt, að önnur skilyrði til slíks skólahalds þar eru fyrir hendi, svo sem landrými, margvísleg kennslutæki og gnægð vel menntaðra kennara, en hins vegar engin fullnægjandi rök fyrir því, að skóli þessi geti hvergi starfað, svo að viðunandi sé, nema í Reykjavík, þykir mér allt mæla með því, að fyrrnefnt skólahús á Akureyri verði tekið til afnota fyrir þennan skóla. Væri þá unnt að verja þeim milljónum króna, sem ný skólabygging kostar, til annarra gagnlegra hluta. Til slíks er opin leið, ef frv. þetta verður samþykkt.

Alþingi, 28. febr. 1957.

Friðjón Skarphéðinsson.

Sþ. 303. Tillaga til þingsályktunar [130. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán fyrir Flugfélag Íslands h/f til flugvélakaupa.

Frá fjármálaráðherra.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að aðstoða Flugfélag Íslands h/f við kaup á tveimur millilandaflugvélum með því að veita ríkisábyrgð fyrir erlendu láni, er jafngildi allt að ⅔ hlutum af kaupverði flugvélanna með fylgifé, þó eigi hærri fjárhæð en 33 millj. króna. Ríkissjóður fái 1. veðrétt í vélunum og að öðru leyti þær tryggingar, er ríkisstjórnin metur gildar.

Greinargerð.

Flugfélag Íslands á nú kost á að festa kaup á tveimur fjögurra hreyfla flugvélum til millilandaflugs af gerðinni Vickers Viscount 700 D. Yfirleitt er a. m. k. tveggja ára afgreiðslufrestur á slíkum vélum, en af sérstökum ástæðum stendur Flugfélaginu nú til boða að kaupa 2 vélar af þessari gerð, nýframleiddar og ónotaðar, ef samið er strax. Flugvélar af þessari gerð eru nú mjög eftirsóttar, og er talið, að þær mundu valda straumhvörfum um flugsamgöngur milli Íslands og Evrópu.

Ríkisstjórnin hefur að athuguðu máli talið rétt að stuðla að því, að Flugfélaginu takist að ná samningum um vélar þær, er hér um ræðir, og fer með þingsályktun þessari fram á heimild Alþingis til þess að veita ríkisábyrgð á nauðsynlegum lánum, svo að af kaupunum geti orðið.

Sþ. 304. Tillaga til þingsályktunar [131. mál]

um sjóefnaverksmiðju.

Flm.: Geir Gunnarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta hraða sem mest byggingu tilraunaverksmiðju, er vinni salt og önnur efni úr sjó, og afla sér heimildar til sérstakrar fjárveitingar í því skyni. Á grundvelli tilraunanna verði síðan gerðar endanlegar áætlanir um stofn- og rekstrarkostnað fullkominnar sjóefnaverksmiðju.

Greinargerð.

Á öld hinna hröðu tækniframfara aukast sífellt líkurnar fyrir því, að Íslendingar geti haft aukin not af auðæfum landsins og með hagnýtingu tækninnar megi gera hina einhæfu framleiðslu þjóðarinnar fjölþættari en verið hefur.

Um langan aldur hafa menn gert sér vonir um, að vinna mætti salt með jarðhita hér á landi. Frumathuganir sérfræðinga hafa bent til þess, að með hagnýtingu jarðhita megi framleiða á Íslandi ódýrara og betra salt úr sjó en flutt er til landsins. Á allra síðustu árum hefur verið talið, að grundvöllur sé fyrir hagkvæmum rekstri fullkominnar sjóefnaverksmiðju, sem auk salts vinni ýmiss konar aukaefni, er gætu haft hið mesta gildi fyrir efnaiðnað hér á landi.

Frumáætlanir um stofn- og rekstrarkostnað þess konar verksmiðju hafa verið gerðar og benda til þess, að hún yrði bezt staðsett í Krýsuvík, en þó er óvíst, hversu mikið gufumagn muni fást þar, þótt allmiklar jarðboranir hafi farið þar fram.

Endanlegar áætlanir um rekstur sjóefnaverksmiðju verða ekki gerðar, án þess að reist verði lítil reynsluverksmiðja. Í ráði mun vera, að raforkumálastjórnin láti hefja tilraunir í þessa átt innan tíðar, en fjármagn, sem veitt hefur verið til þess, er af of skornum skammti, til þess að árangurs megi vænta svo fljótt sem þörf er á.

Svo sem áður er getið, er talið, að sjóefnaverksmiðja yrði bezt staðsett í Krýsuvík. Allar horfur eru á því, að á næstunni verði hafnar boranir með afar stórvirkum tækjum í Krýsuvík og innan skamms fáist úr því skorið, hversu mikið gufumagn er unnt að fá þar.

Fáist með jarðborunum í Krýsuvík næg gufa fyrir sjóefnaverksmiðju auk annarra þarfa, sem þar eru fyrir hendi, telur flm. tillögu þessarar þjóðarnauðsyn, að slík verksmiðja verði reist þar sem fyrst. Í því skyni væri mjög nauðsynlegt að tryggja, að samtímis jarðborunum í Krýsuvík geti farið fram þær tilraunir um sjóefnavinnslu, sem gera þarf, áður en fullkomin sjóefnaverksmiðja yrði reist, svo að ekki þurfi að standa á slíkum rannsóknum, ef jákvæður árangur næst við jarðboranir í Krýsuvík.

Fylgiskjal I.

Baldur Líndal: Frumathuganir á möguleikum til vinnslu salts í Krýsuvík, útg. í nóv. 1953.

Bls. 3: Saltnotkun og saltverð.

... Innflutt salt inniheldur jafnan nokkuð af aukasöltum, og hefur lengi leikið grunur á því, að sum þeirra væru skaðleg fyrir fiskinn. Páll Ólafsson efnafræðingur hefur nú sannað, að auðleyst kalsíumsamband, sem oft finnst í innfluttu salti, sé orsök gulu í fiski. Gula hefur sem kunnugt er valdið hér miklu tjóni árlega. Væri saltið unnið hér innanlands, mætti auðveldlega útiloka slík skaðleg óhreinindi. Væri það fiskverkun stoð til vöruvöndunar og rekstraröryggis. Innlend saltvinnsla mundi þannig skapa betri grundvöll undir saltfiskverkun, og markaðurinn ætti að aukast við það að öðru jöfnu.

Fylgiskjal II.

Baldur Líndal: Um aðferðir, orkuþörf og staðarval saltvinnslu úr sjó, útg. í des. 1954.

Bls. 3: Saltnotkun og saltverð.

... Ætla má, að sá markaður, sem nú er fyrir salt hérlendis, fari sízt minnkandi. Kemiskur iðnaður, svo sem klór-alkali-vinnsla, mundi enn fremur skapa nýjan markað fyrir salt, komist slík framleiðsla á fót í landinu. Það mun mjög hagkvæmt að vinna salt til efnaiðnaðar yfirleitt á slíkan hátt sem gert yrði hér.

Útflutningur á hreinu, vel kristölluðu salti er hugsanlegur. Bretar selja t. d. mikið af slíku salti til hinna Norðurlandanna, þar sem það er notað í efnaiðnaði o. fl. Borðsalt mætti eflaust líka selja erlendis, en einkanlega þó ef það væri pakkað í neyzlulandinu sjálfu.

Salt, sem hér væri unnið sérstaklega til fisksöltunar, kynni að verða mun verðmætara en það, sem nú er flutt inn. Mönnum kann að takast að fyrirbyggja þær stórskemmdir, sem slæmt innflutt salt hefur valdið á fiskinum undanfarin ár. En innlend örugg vinnsla, sem hægt er að haga beint eftir þörfum og óskum saltnotenda, er mikils virði.

Það virðist ekki ósennilegt, að heildarsaltþörf landsmanna muni nema 100—200 þús. tonnum eftir nokkra tugi ára. Hún er þegar það mikil, að á markaðnum má grundvalla myndarlega saltverksmiðju.

Bls. 18: Yfirlit.

Salt hefur lengi verið stór liður í innflutningi okkar, og hugmyndir um vinnslu á því hérlendis hafa átt djúpar rætur meðal manna. Saltvinnslutilraunir voru fyrst gerðar á Íslandi á átjándu öld, en nú fyrst lítur út fyrir, að fyrir hendi séu hagkvæmir möguleikar á þessu sviði.

Sjór og jarðhiti hafa jafnan verið taldir höfuðaðilar að þessu máli. Nú má bæta rafmagni við. Jarðboranir fyrir gufu og heitu vatni svo og raforkuframkvæmdir síðari tíma hafa gefið þessu máli nýjan grundvöll. Nú hafa verið gerðar frumathuganir á saltvinnslumöguleikum þriggja álitlegustu staða landsins. Þessir staðir eru: Hveragerði, Krýsuvík og Reykjanes á Reykjanesskaga.

Saltinnflutningurinn, sem er að mestu gróft fisksalt, hefur að meðaltali verið 37 000 tonn á ári síðastliðin 7 ár. Þetta salt er að mestu flutt frá Spáni. Þar er það unnið úr sjó með sólaruppgufun. Hingað til lands er saltið aðallega flutt á 2000—3000 tonna skipum.

Meðal-s.i.f.-verð var árið 1953 kr. 207 pr. tonn salt. Miðað við meðalinnflutning er því innflutningsverðmætið tæpar 8 millj. kr. á ári.

Seltan í rúmsjó við Ísland er víðast 34—35‰. Við ströndina gætir þó blöndunar fersks vatns mjög víða.

Í stuttu máli fer saltvinnsla úr sjó þannig fram, að vel söltum sjó er dælt á land og þaðan til saltvinnslustaðarins. Nú má minnka vetnið í leginum annaðhvort með svokallaðri rafsíun eða með uppgufun í margra þrepa eimum. Við rafsíun þarf rafmagn, en við eimana gufu. Það hefur komið í ljós við samanburð á mörgum öðrum aðferðum til að auka seltuna upp í ca. 15‰, að þessar tvær aðferðir eru hagkvæmastar. Þó er rafsíun það ný aðferð og svo lítil reynsla enn þá fyrir hendi í notkun hennar, að sem stendur er ekki unnt að leggja hana beint til grundvallar. Við verðum því að reikna með margra þrepa eimum að svo stöddu máli.

Margra þrepa eima má nota til uppgufunarinnar að minnsta kosti þangað til salt byrjar að kristallast. Lokakristöllunin þarf að fara fram í opnum kerjum, sem eru gufuhituð. Saltið er síðan þvegið og þurrkað, áður en það fer til geymslu.

Sé eiming lögð þessari vinnslu til grundvallar, er álitið, að engin tæknileg vandamál séu fyrir hendi nú, sem ekki er þekkt lausn á. Hins vegar er talið nauðsynlegt, að byggð séu tilraunatæki, sem vinna samkvæmt því kerfi, sem endanlega á að nota.

Það er ekki talið unnt að byggja litla saltverksmiðju, sem hægt er að reka á hagkvæman hátt. Vegna hinnar miklu hitaorku, sem til vinnslunnar þarf, takmarkast mjög þeir staðir, sem til greina koma í þessu skyni. Samanburður var gerður á aðstöðu í Hveragerði, á Reykjanesi á Reykjanesskaga og í Krýsuvík. Ekki er talið, að aðrir staðir komi til greina nú vegna fjarlægðar frá sjó, ófullnægjandi hitaorku eða annarra augljósra vandkvæða.

Af þessum þrem stöðum er Hveragerði óhagkvæmastur vegna langrar sjóleiðslu og langra flutningaleiða á salti til höfuðdreifistaða.

Samanborið við Reykjanes er Krýsuvík að því leyti óhagkvæmari sem stendur, að lengri sjóleiðsla þarf að vera, enda þá miðað við eimingu eingöngu. Verði hins vegar notuð rafsíun í framtíðinni, fer hún fram við sjóinn og þessi munur hverfur. Krýsuvík er mun betur sett með flutning á salti frá verksmiðjunni, og gufuvinnslumöguleikar eru álitnir þar meiri og gufan ódýrari í virkjun. Heildarlega er því álitið, að Krýsuvík hafi betri framtíðarsaltvinnslumöguleika en aðrir staðir á landinu.

Fylgiskjal III.

Baldur Líndal: Sjóefnaverksmiðja, útg. í nóv. 1955.

Bls. 3: Yfirlit.

Aðstæður til að hagnýta fleiri efni í sjóvatninu en salt batna að því skapi sem magn þess sjóvatns vex, sem unnið er. En jafnvel miðað við núverandi saltmarkað hér á landi lítur út fyrir, að hagur sé að því að nýta þessi aukaefni.

Samanburður er gerður á þremur aðferðum til vinnslu, sem gefa mismunandi framleidd efni. Aðferðir þessar eru síðan bornar saman efnahagslega og með hliðsjón af markaðsmöguleikum fyrir unnu efnin. Með þeirri aðferð, sem virðist gefa bezta raun, er unnið magnesíum-hydroxid, gips, salt, kalíumklóríð og bróm.

Magnesíum-hydroxid má nota annaðhvort til magnesíummálmvinnslu eða selja það til annars innlends iðnaðar. Magnesíummálmvinnsla er mjög athyglisverð, því að markaður fyrir magnesíum eykst nú hröðum skrefum. Enda þótt slík verksmiðja kynni að þurfa meira af þessu efni en samsvaraði saltvinnslunni, er sennilegt, að báðir aðilar gætu hagnazt á samvinnu.

Gips má væntanlega selja sementsverksmiðjunni, sem að öðrum kosti þarf að flytja það inn.

Saltmarkaður er þegar mikill í landinu og auk þess líkur fyrir markaði til klór- og vítissódaverksmiðju.

Kalíumklóríð er notað sem áburður og mun koma í góðar þarfir.

Bróm þarf að flytja út, enda er það af mörgum talin góð markaðsvara.

Endanlegar áætlanir um verksmiðju hafa enn þá ekki verið gerðar, en frumáætlunin bendir til, að sjóefnaverksmiðju, sem miðast við 40 000 tonn salts á ári, megi byggja fyrir 30—37 millj. kr.

Rekstrarkostnaður verksmiðjunnar, ásamt vöxtum og fyrningum að viðbættum flutningskostnaði unninna efna til næstu hafnar, hefur verið áætlaður 12—13 millj. kr. á ári. Verðmæti framleiðslu sjóefnaverksmiðjunnar nemur 15½ millj. kr.

Áherzla er þó lögð á, að það er á engan hátt vogandi að byggja slíka verksmiðju sem þessa, án þess að fyrst sé reist lítil reynsluverksmiðja.

Sjóefnaverksmiðja, einkanlega ef hún yrði seinna stækkuð upp í það, sem samsvarar 100 þús. tonnum salts á ári, getur haft grundvallarþýðingu fyrir stórvinnslu á klóri og vítissóda í landinu og óbeint verið það einnig fyrir magnesíummálmvinnslu. Í gegnum klórverksmiðjuna hefur hún þýðingu fyrir áburðarverksmiðjuna, og hún getur sjálf látið af hendi gips til sementsverksmiðjunnar.

Bls. 5: Hvaða efni er hagkvæmt að vinna úr sjóvatni?

Fyrri athuganir um hagnýtingu sjávarsalta hafa hér nær eingöngu verið miðaðar við eitt efni sjóvatnsins, þ. e. a. s. salt.

Ein ástæðan var sú, að markaður fyrir það var augljós og mest var af því í sjóvatninu. Önnur, að til þess að hagnýta aukaefnin þarf enn þá stærri verksmiðjur, og í byrjun var einkum rætt um saltverksmiðju, þar sem lítil von var til að hagnýta aukaefnin með hagnaði.

Aðstæður hafa nú breytzt þannig, að við sjáum hilla undir hérlendan markað á salti, sem getur hæglega numið á annað hundrað þúsund tonnum innan fárra ára, og því hafa vinnslumöguleikarnir fyrir aukaefnin breytzt mjög til batnaðar .....

Fylgiskjal IV.

Þorbjörn Karlsson: Um hagnýtingu jarðhitans í hitaveitum og efnaiðnaði, útg. í febr. 1956.

Bls. 10: Hitaveita eða sjóefnaverksmiðja eða hvort tveggja.

... Samkvæmt áætlunum Gunnars Böðvarssonar má í Krýsuvík fá 200—300 lestir/klst. af gufu. Reynist þessi áætlun rétt, á þetta gufumagn að nægja fyrir hvort

tveggja, hitaveitu og sjóefnaverksmiðju. Virðist það vera í alla staði heppilegast, að samvinna megi takast með hitaveitu og sjóefnaverksmiðju um hagnýtingu jarðgufunnar í Krýsuvík, en slíkt er auðvitað undir því komið, að ofangreint gufumagn fáist á svæðinu. Úr því mun hins vegar ekki skorið með fullri vissu, fyrr en ýtarlegar rannsóknir og boranir hafa farið fram á svæðinu.

Ed. 305. Lög [98. mál]

um breyting á lögum nr. 18 4. nóv. 1887, um veð.

(Afgreidd frá Ed. 28. febr.)

Samhljóða þskj. 278.

Sþ. 306. Nefndarálit [130. mál]

um till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán fyrir Flugfélag Íslands h/f til flugvélakaupa.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað þingsályktunartillöguna og mælir einróma með, að hún verði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarmanna (KGuðj) var fjarverandi.

Alþingi, 1. marz 1957.

Í hinu nýja frumvarpi er í 2. grein gert ráð fyrir því, að Húsmæðrakennaraskóli Íslands yrði heimavistarskóli, og yrði það að sjálfsögðu nauðsynlegt, ef skólanum væri ætlaður staður utan Reykjavíkur. Bygging heimavistar hefur í för með sér stóraukinn kostnað við bygginu skólahúss, því að sjálfsögðu yrði það húsnæði, sem til kennslunnar þyrfti, hið sama.

Í árslok 1955 bjuggu í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði um 74 þúsund manns, en frá þeim stöðum ásamt sveitunum hér sunnanlands hafa flestir nemendur Húsmæðrakennaraskóla Íslands komið.

Þeir nemendur, sem búsettir eru í Reykjavík og nágrenni, geta stundað nám í skólanum og búið áfram hjá foreldrum sínum. Einnig er það oft svo, að fólk getur gert skyldmennum sínum utan af landi þann ánægjulega greiða að láta þau dvelja á heimilum sínum, meðan þau eru hér við nám.

Í greinargerðinni með frumvarpi þessu er bent á hús Húsmæðraskóla Akureyrar sem æskilegt húsnæði fyrir Húsmæðrakennaraskóla Íslands. Hefur það áður verið gert, og hef ég skoðað húsið á Akureyri af því tilefni.

Húsmæðraskóli Akureyrar er byggður sem heimangönguskóli fyrir 36 nemendur með 2 stórum eldhúsum og 4 stórum kennslustofum. Hins vegar eru þar engin svefnherbergi né annað, sem nauðsynlegt er fyrir heimavist, og engin kennslutæki né rannsóknarstofur eru þar fyrir hendi.

Eins og áður er tekið fram, yrði skólinn að verða heimavistarskóli, ef hann yrði staðsettur á Akureyri, því að líkindum yrðu aðeins fáir nemendurnir heimilisfastir þar.

Yrði þá að gerbreyta allri innréttingu skólahússins. Sú breyting yrði mjög kostnaðarsöm, og þar yrði aldrei hægt að gera húsakynni svo úr garði, að þau yrðu jafnhagkvæm þeim, sem byggð væru frá grunni fyrir starfsemi skólans.

Vildi ég leyfa mér að biðja hæstvirta nefndarmenn að kynna sér vandlega, hversu mikill kostnaður hefur verið við endurbætur, sem að undanförnu hafa verið gerðar við húsmæðraskóla í landinu, og þó er þar um að ræða sams konar skólahald áfram.

Þó að þetta skólahús á Akureyri sé um stundarsakir ekki notað fyrir húsmæðraskóla, þá væri það mikil skammsýni að skoða það sem bendingu um það að vista þar Húsmæðrakennaraskóla Íslands.

Ég álít það ekki vansalaust fyrir Akureyri, að þar skuli ekki starfa húsmæðraskóli. Þó að skólinn hafi ekki verið starfræktur þar að undanförnu, hlýtur að því að koma, að Akureyri starfræki sinn eigin húsmæðraskóla, og veltur slíkt aðeins á framtaki Akureyringa sjálfra.

Fyrrverandi menntamálaráðherra Bjarni Benediktsson skipaði með bréfi, dags. 20. ágúst 1955, nefnd, sem skyldi vinna að undirbúningi byggingar skólahúss fyrir Húsmæðrakennaraskóla Íslands hér í Reykjavík.

Nefndin hefur látið gera uppdrátt að skólahúsi, og er fengin lóð undir húsið, eins og nánar er tilgreint í meðfylgjandi skýrslu frá nefndinni. Enn fremur er fengið fjárfestingarleyfi, og á tveimur undanförnum þingum hafa verið lagðar 200 þús. kr. í byggingarsjóð árlega.

Húsmæðrakennaraskóli Íslands er ung og vaxandi stofnun, sem í framtíðinni á fyrir höndum að vinna að margvíslegum verkefnum í þágu húsmæðrafræðslunnar og annarra skyldra viðfangsefna.

Ég hef oft bent á, að nauðsynlegt væri að stofna deildir við Húsmæðrakennaraskóla Íslands, sem veiti stúlkum menntun til að vera ráðskonur á sjúkrahúsum, hótelum og veitingastöðum. Að nokkru leyti gæti nám húsmæðrakennara og ráðskonuefna við slíkar stofnanir verið sameiginlegt fyrst í stað, en seinni hluta námsins yrðu ráðskonuefnin að vinna á mismunandi stórum sjúkrahúsum og hótelum, sem að sjálfsögðu yrði að vera undir eftirliti skólans, og hvergi eru á einum stað mismunandi stærðir af hótelum og sjúkrahúsum nema hér í Reykjavík. Til stuðn-

ings því, hversu nauðsynlegt það er að starfrækja ráðskonudeild, má nefna það, að alltaf vinna nokkrir húsmæðrakennarar að ráðskonustörfum, þó að þær hafi ekki sérmenntun til þess.

Aðsókn að skólanum hefur alltaf verið góð frá stofnun hans, enda er þýðingarmikið að geta valið úr nemendum, því að það er nauðsynlegt fyrir þær stúlkur, sem stunda nám í Húsmæðrakennaraskóla Íslands, að hafa staðgóða undirstöðumenntun, og óttast ég, að aðsókn að skólanum yrði ekki eins mikil, ef hann starfaði í öðrum landsfjórðungi.

Það er ákveðin skoðun mín, að Húsmæðrakennaraskóli Íslands eigi að starfa í Reykjavík, hér hefur aðsókn að skólanum verið góð, og aðeins hér getur hann keppt við erlendar menntastofnanir í sömu grein.

Í Reykjavík eru skólanum sköpuð þau vaxtarskilyrði, sem honum eru nauðsynleg. Hér standa hans sterkustu stoðir. Hingað sækir unga fólkið til æðri menntunar, og hér reynir á sjálfstæði þess með að velja og hafna.

Eins og ég hef rakið hér að framan, hníga öll rök gegn flutningi skólans héðan úr höfuðstaðnum, enda hefur hvergi verið bent á nokkra galla, sem væru á staðsetningu hans hér.

Ég vil að endingu leyfa mér að benda hæstvirtri menntamálanefnd á þann mikla mun, sem er á húsmæðraskóla, sem menntar húsmæður landsins, og húsmæðrakennaraskóla, sem menntar kennara, sem eiga að taka að sér kennara- eða forstöðukonustörf við húsmæðraskólana.

Húsmæðrakennaraskóli Íslands, sem er æðsta menntastofnun í húsmæðrafræðum, verður að starfa í Reykjavík, enda hefur það allt frá stofnun skólans verið skoðun okkar húsmæðrakennara, sem störfum að húsmæðrafræðslu hér, að skólinn standi í Reykjavík.

Húsmæðrakennaraskóli Íslands er nú 14 ára, og því kominn yfir byrjunarörðugleikana. Er mér því óskiljanlegt, að nokkrum, sem skilur og metur húsmæðrafræðslu landsins, skuli geta dottið í hug að flytja skólann, því að þá yrði að byggja upp starfsemi hans að nýju frá grunni.

Vona ég, að hæstvirt menntamálanefnd efri deildar Alþingis taki þessi rök mín um staðsetningu skólans til greina og leggi til, að umrætt frumvarp verði fellt.

Reykjavík, 19. febrúar 1957.

Virðingarfyllst,

Helga Sigurðardóttir.

Menntamálanefnd efri deildar Alþingis, Reykjavík.

Reykjavík, 6. sept. 1956.

Byggingarnefnd Húsmæðrakennaraskóla Íslands leyfir sér hér með að greina hinu háa ráðuneyti frá störfum sínum varðandi byggingu skólahúss Húsmæðrakennaraskóla Íslands í Reykjavík.

Ráðuneytið fól nefndinni á s. l. hausti að gera tillögur um að velja húsinu stað í Reykjavík, láta gera uppdrátt og áætlun um byggingu.

Hefur borgarstjóri úthlutað skólanum lóð á horni Stakkahlíðar og Bólstaðarhlíðar með bréfi til formanns nefndarinnar, dagsettu 4. apríl s. l. Lóðin er á skólasvæði Kennaraskólans og valin í samráði við byggingarnefnd hans.

Á skrifstofu húsameistara ríkisins hefur verið gerður uppdráttur að skólahúsi, er nefndin telur fullnægja starfsemi skólans.

Enn fremur hefur Alþingi tvö undanfarin ár veitt tvö hundruð þúsund krónur hvort ár til byggingar skólahúss í Reykjavík, og 8. júní s. l. var veitt fjárfestingarleyfi til byggingarinnar.

Með bréfi þessu fylgir tillöguuppdráttur frá skrifstofu húsameistara ríkisins og kostnaðaráætlun fyrir hina væntanlegu byggingu.

Nefndin væntir þess, að hið háa ráðuneyti styðji framgang byggingarmálsins og hraði því svo sem auðið er.

Virðingarfyllst,

Helga Sigurðardóttir,
formaður.

Hörður Bjarnason,
húsameistari.

Helgi Elíasson,
fræðslumálastjóri.

Jónína Guðmundsdóttir,
fulltrúi
Kvenfélagasambands Íslands.

Anna Gísladóttir,
fulltrúi
Nemendasambands H.K.Í.

Til Menntamálaráðuneytisins, Reykjavík.

Fylgiskjal III.

Hvar á Húsmæðrakennaraskóli Íslands að starfa?

Eftirfarandi athugasemdir eru niðurstöður nefndar, sem kosin var á fundi í Nemendasambandi Húsmæðrakennaraskóla Íslands 11. febr. 1957. Var nefndinni falið að bera fram álitsgerð frá sambandinu um staðsetningu Húsmæðrakennaraskóla Íslands vegna frumvarps þess, sem fram er komið á Alþingi um það mál. Nefndin álítur, að Húsmæðrakennaraskóla Íslands verði bezt séð fyrir æskilegum starfsskilyrðum með því móti að hann starfi í Reykjavík í sem nánustum tengslum við Kennaraskóla Íslands.

Byggir nefndin skoðun sína einkum á eftirfarandi atriðum:

Reglugerð um Húsmæðrakennaraskóla Íslands er frá árinu 1942, en lög um menntun kennara frá 1947, og er reglugerðin því byggð á öðrum lögum en þeim, sem nú gilda, enda töluvert ósamræmi milli laga þessara og reglugerðar skólans, bæði varðandi staðsetningu, inntökuskilyrði o. fl.

Þegar lög um menntun kennara eru lesin í heild, einkum 1., 5., 6. og 7. kafli, verður ekki annað séð en Húsmæðrakennaraskóli Íslands sé beint framhald Kennaraskóla Íslands og eigi margt sameiginlegt með Handíðakennaraskóla Íslands.

Það virðist því liggja beinast við, að þessir þrír skólar séu á sama stað og í nánum tengslum hver við annan.

Það, sem einkum mælir með þessu, eru ýmsar sameiginlegar, bóklegar kennslugreinar og hibýlafræði Húsmæðrakennaraskólans og Handíðakennaraskólans.

Þar sem skólar þessir eru báðir fámennir, má gera ráð fyrir, að sameina mætti kennslu þeirra í þessum greinum. Mundi sú tilhögun spara nokkurt fé og stuðla jafnframt að því, að nemendur beggja skólanna nytu færustu kennslukrafta. t. d. í uppeldis- og sálarfræði. Er löngu viðurkennd nauðsyn þess, að kennarar í verklegum greinum fái einnig staðgóða þekkingu á þessu sviði. Í húsmæðraskólunum starfa kennarar frá þessum tveim skólum saman, og yrði verkaskipting þar auðveldari, ef menntun þeirra væri hin sama í almennum greinum.

Veigamikill þáttur í starfsemi Húsmæðrakennaraskólans er æfingakennsla. Samkv. reglugerð skólans skal hver nemandi í húsmæðrakennaradeild hljóta 12 stunda æfingakennslu á viku á þriðja námstímabili og nemandi í skólaeldhúskennaradeild 26 stunda verklegt nám og æfingakennslu á viku. Að undanförnu hefur æfingakennslan farið fram í þrem gagnfræðaskólum bæjarins í einu og jafnframt á námskeiðum, sem haldin hafa verið í húsakynnum Húsmæðrakennaraskólans. Miklu skiptir, að

æfingakennslan í gagnfræðaskólunum geti farið fram á sem skemmstum tíma, til til þess að hún raski fastri kennslu skólans sem minnst.

Yrði skólanum fundinn staður í öðru langtum minna byggðarlagi, gæti æfingakennslan ekki farið fram á svo mörgum stöðum í einu og hlyti því að taka lengri tíma og raska annarri kennslu skólans. Á Akureyri er t. d. aðeins starfrækt eitt skólaeldhús. Enn fremur yrði því meiri erfiðleikum bundið að afla nemenda á námskeið skólans, sem hann starfaði í fámennari bæ.

Það er einróma álit meðlima Nemendasambands Húsmæðrakennaraskóla Íslands, að æfingakennslan sé sá þáttur kennslunnar, er einna notadrýgstur reynist nemendum skólans í starfi þeirra síðar meir.

Eftir því sem ákvæði laga um kennslu í matreiðslu og þjónustubrögðum á gagnfræðastigi og í verknámsdeildum koma til framkvæmda, hlýtur tala þeirra kennara, sem þessar námsgreinar kenna, að fara ört vaxandi og nauðsyn þess að verða æ meiri, að skólinn sé starfræktur í fjölbýlinu, þar sem aðstaða til æfingakennslu er bezt.

Eins og kunnugt er, hefur Húsmæðrakennaraskóla Íslands verið fyrirhuguð byggingarlóð í nánd við hina nýju byggingu Kennaraskóla Íslands, þar sem Handíðakennaraskólinn verður í framtíðinni einnig til húsa. Er sú ráðstöfun í fullu samræmi við þá samstöðu skólanna, sem gert er ráð fyrir í gildandi lögum um menntun kennara.

Teljum við, að hér hafi verið stefnt í rétta átt og unnið að varanlegri lausn þessa máls. Þegar velja skal skóla sem þessum stað, þarf að taka tillit til margs. Höfuðsjónarmiðið hlýtur þó ávallt að vera, að starfsskilyrðum skólans og vaxtarþörfum sé fullnægt, en átthagasjónarmið og stundarsparnaður ekki látinn sníða honum of þröngan stakk. En á því er einmitt hætta, ef skólanum verður bægt frá því samstarfi við hliðstæða skóla, sem stefnt hefur verið að og lög gera ráð fyrir.

Anna Gísladóttir. Bryndís Steinþórsdóttir.
Guðný Halldórsdóttir. Guðrún Hrönn Hilmarsdóttir.
Sigrún Árnadóttir.

F. h. nefndarinnar,
Bryndís Steinþórsdóttir.

Ed. 312. Nefndarálit [116. mál]

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþykkt. Einn nefndarmanna (GTh) áskilur sér rétt til að bera fram brtt. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma. Annar nefndarm. (SÓÓ) var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 4. marz 1957.

Sigurvin Einarsson, form. Friðjón Skarphéðinsson, fundaskr., frsm. Geir Gunnarsson.
Gunnar Thoroddsen, með fyrirvara.

Ed. 313. Nefndarálit [9. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta og leggur einróma til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 4. marz 1957.

Bernharð Stefánsson, form. Björn Jónsson, fundaskr. Eggert G. Þorsteinsson, frsm.
Gunnar Thoroddsen. Jóhann Þ. Jósefsson

Ed. 314. Nefndarálit [129. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka eignarnámi jarðirnar Borg, Dynjanda og Rauðsstaði í Auðkúluhreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 5. marz 1957.

Friðjón Skarphéðinsson, form. Alfreð Gíslason, fundaskr. Páll Zóphóníasson, frsm.
Friðjón Þórðarson. Jón Kjartansson.

Ed. 315. Nefndarálit [105. mál]

um frv. til laga um lækkun tekjuskatts af lágtekjum.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, og eru nefndarmenn sammála um að leggja til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 5. marz 1957.

Bernharð Stefánsson, form. Björn Jónsson, fundaskr., frsm. Eggert G. Þorsteinsson.
Gunnar Thoroddsen. Jóhann Þ. Jósefsson.

Ed. 316. Breytingartillaga [116. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili.

Frá Gunnari Thoroddsen og Jóni Kjartanssyni.

Á eftir 1. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi:
Ríkissjóður leggur félagsheimilasjóði 750 þús. krónur árlega, í fyrsta sinn árið 1958.

Ed. 317. Breytingartillaga [116. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili.

Frá Gunnari Thoroddsen.

Við 1. gr. Á eftir orðinu „verkalýðsfélög" komi: starfsmannafélög ríkis og sveitarfélaga, verzlunarmannafélög.

Nd. 318. Nefndarálit [21. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur athugað málið og ekki orðið á eitt sátt um afgreiðslu þess. Meiri hlutinn vill vísa málinu til ríkisstjórnarinnar, en undirritaður minni hl. telur nauðsyn bera til, að Alþingi skipi þeim málum, sem frv. fjallar um, með lögum, og leggur því til, að frv. verði samþykkt.

Það er veigamest efni frv., að stofnaður verði jafnvægissjóður í þeim tilgangi að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, með því að úr sjóðnum séu veitt lán til eflingar atvinnulífi og til framleiðsluaukningar á þeim stöðum á landinu, þar sem við atvinnuörðugleika er að stríða, en framleiðsluskilyrði þannig, að íbúarnir geti haft sæmilega afkomu í meðalárferði við þjóðfélagslega hagkvæma framleiðslu.

Á undanförnum árum hefur ríkisstjórninni verið heimilað í fjárlögum að verja nokkru fé í þessu sama skyni, og er lagt til, að það, sem nú er útistandandi af þessu lánsfé, skuli vera stofnfé jafnvægissjóðs, en til viðbótar komi 75 millj. kr. stofnframlag úr ríkissjóði, sem greiðist með jöfnum framlögum á næstu 5 árum, þ. e. 15 millj. kr. á ári.

Nú er ríkisstjórninni veitt heimild til í fjárlögum 1957 að verja 15 millj. kr. í sama skyni og frv. þetta ráðgerir, og er sú heimild hækkuð um 10 millj. kr. frá fjárlögum síðasta árs.

Sjálfstæðismenn hafa oft áður bent á nauðsyn þess að tryggja með lögum fasta skipan þessara mála og m. a. á undanförnum tveim þingum flutt frv. um ráðstafanir til atvinnujöfnunar, sem þó hafa ekki náð fram að ganga. Enn fremur flutti fyrrverandi ríkisstjórn undir forustu sjálfstæðismanna stjórnarfrumvarp á síðasta þingi um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, og hafði það mál verið undirbúið af alþingismönnunum Gísla Jónssyni og Gísla Guðmundssyni, en þá náðist ekki samkomulag um framgang málsins.

Það er viðsjárverður háttur að fela það í hendur einstakra ráðherra án minnstu reglna eða lögskipunar að úthluta eins og nú er 1½ milljónatug árlega til atvinnubóta hér og þar, handa einstaklingum til bátakaupa, bæjar- eða sveitarfélögum til frystihúsabygginga o. s. frv., af meira og minna handahófi, án þess að um heildaryfirsýn eða skipulegar og samræmdar ráðstafanir sé að ræða. Vill minni hluti fjárhagsnefndar alvarlega vara við slíkri fjármálaþróun.

Frv. það, sem hér um ræðir, stefnir að því að ráða bót á þessum vanda. Um leið og minni hlutinn leggur til, eins og að framan greinir, að það verði samþykkt, áskilur hann sér rétt til að flytja og fylgja breytingartillögum, sem fram kynnu að koma.

Alþingi, 7. marz 1957.

Jóhann Hafstein, frsm. Ólafur Björnsson.

Ed. 319. Breytingartillaga [116. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili.

Frá Sigurði Bjarnasyni, Gunnari Thoroddsen, Jóni Kjartanssyni, Friðjóni Þórðarsyni, Sigurði Ó. Ólafssyni og Jóhanni Jósefssyni.

Á eftir 1. gr. kemur ný gr., svo hljóðandi:

Fari rekstrarhagnaður Áfengisverzlunar ríkisins fram úr áætlun fjárlaga árið 1957, skal það, sem umfram er, renna í félagsheimilasjóð, þó ekki yfir 1.5 millj. kr.

Sþ. 320. Nefndarálit [124. mál]

um till. til þál. um sameign fjölbýlishúsa.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og orðið sammála um að mæla með samþykkt hennar.

Alþingi, 7. marz 1957.

Benedikt Gröndal, form., frsm. Eiríkur Þorsteinsson, fundaskr. Jón Sigurðsson.

Steingr. Steinþórsson. Ásgeir Bjarnason. Björn Jónsson.

Björn Ólafsson.

Sþ. 321. Nefndarálit [47. mál]

um till. til þál. um samtök til aðstoðar öryrkjum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og leitað álits hlutaðeigandi félagssamtaka (sjá fylgiskjöl I—III). Telur nefndin, að samstarf það, sem tillagan fjallar um, sé mjög æskilegt. Þó þurfa ýmis atriði varðandi slíka samvinnu nánari athugunar og undirbúnings við. Því mælir nefndin með samþykkt tillögunnar með svofelldri

BREYTINGU:

Í stað orðanna „að beita sér fyrir“ í tillgr. komi: að athuga möguleika á.

Alþingi, 7. marz 1957.

Benedikt Gröndal, form., frsm.	Eiríkur Þorsteinsson, fundaskr.	Jón Sigurðsson.
Steingr. Steinþórsson.	Ásgeir Bjarnason.	Björn Jónsson.
	Björn Ólafsson.	

Fylgiskjal I.

SAMBAND ÍSLENZKRA BERKLASJÚKLINGA — S.Í.B.S.

Reykjavík, 12. desember 1956.

Í heiðruðu bréfi yðar frá 6. des. s. l. er fram borin ósk um að fá að kynnast áliti Sambands ísl. berklasjúklinga á till. til þál. um samtök til aðstoðar öryrkjum, sem nú liggur fyrir hinu háa Alþingi, flutt af hr. Pétri Péturssyni alþm.

S.Í.B.S. vill með ánægju verða við ósk yðar.

Mál það, er umrædd till. til þál. fjallar um, er gamalt áhugamál innan stjórnar S.Í.B.S.

Á þingi S.Í.B.S., sem haldið var að Reykjalundi 3.—5. júní 1954, bar sambandsstjórnin fram svo hljóðandi till., sem náði samþykki þingsins:

„Þingið gefur sambandsstjórn heimild til að gerast aðili að stofnun landssambands ísl. öryrkja, hallist hún að þeirri skoðun, að stofnun slíks bandalags horfi til þjóðarheilla.“

Sambandsstjórn S.Í.B.S. kaus nefnd til að fjalla um mál þetta, og átti nefndin fund með fulltrúum frá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra og Blindrafélagi Reykjavíkur. Voru fundarmenn á einu máli um, að æskilegt væri, að hafizt yrði handa um stofnun bandalags með ísl. öryrkjafélögum. Uppkast að lögum fyrir hið væntanlega bandalag var samið af þar til kjörnum manni og sent stjórnum þeirra félaga, sem nefnd eru í þál. þeirri, sem hér um ræðir, til athugunar. Þetta gerðist sumarið 1954, og hefur síðan ekkert gerzt í málinu.

Sambandsstjórn S.Í.B.S. er enn í dag eindregið þeirrar skoðunar, að samband öryrkjafélaga undir ötulli og hagsýnni forustu mundi verða til mikilla hagsbóta fyrir skjólstæðinga sína og horfa því til þjóðarheilla.

Virðingarfyllst,

f. h. Sambands ísl. berklasjúklinga,

Þórður Benediktsson.

Til allsherjarnefndar hins háa sameinaða Alþingis.

Fylgiskjal II.

BLINDRAFÉLAGIÐ, Grundarstíg 11, Reykjavík.

Reykjavík, 12. desember 1956.

Þökkum móttekið bréf frá allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis, dags. 6. þ. m., varðandi þingsályktunartillögu Péturs Péturssonar alþm.

Félagið telur, að stofnun samtaka eins og þeirra, er tillagan um ræðir, gætu orðið til verulegs gagns, og var stofnun slíkra samtaka rædd fyrir nokkrum árum fyrir forgöngu S.Í.B.S.

Virðingarfyllst,

f. h. Blindrafélagsins,
Benedikt H. Benónýsson,
formaður (handsalað).

Til form. allsherjarnefndar Alþingis, Benedikts Gröndals alþm.

Fylgiskjal III.

STYRKTARFÉLAG LAMAÐRA OG FATLAÐRA

Reykjavík, 5. marz 1957.

Allsherjarnefnd Alþingis. Reykjavík.

Stjórn félags vors hefur móttekið heiðrað bréf yðar, dags. 6. des. s. l., og biður afsökunar á, hve lengi hefur dregizt að svara því.

Stjórnin er að sjálfsögðu því eindregið meðmælt, að Alþingi og ríkisstjórn athugi, „hvort ekki sé möguleiki á því að auka og bæta starfsskilyrði" þeirra félaga, sem beitt hafa sér fyrir málefnum til hagsbóta fyrir öryrkja.

Hins vegar vill stjórnin ekki að svo komnu máli taka neina afstöðu til þeirrar einu tillögu, sem nefnd er í þingsályktunartillögunni, þ. e. um að stofnsetja og starfrækja vinnuhæli fyrir öryrkja. Markmið félags vors er endurhæfing (rehabilitation) hinna fötluðu, þ. e. að gera þá aftur hæfa til þess sjálfa að sjá sér farborða í lífinu og lifa óháðu, hamingjusömu lífi.

Hugmyndin um að taka öryrkjana, safna þeim saman á hæli til geymslu, er jafnheimskuleg eins og hún er ómannúðleg. Meðan ekki er allt gert, sem hægt er, til þess að endurhæfa hina lömuðu og fötluðu og mörg vandamál í því sambandi óleyst, er ekki rétt að byrja á stofnun vinnuhælis. Þar er og verður aldrei annað en neyðarúrræði fyrir þá sjúklinga, sem eru svo illa farnir, að engin von er til þess, að þeir geti aftur haft möguleika á að lifa sjálfstæðu lífi.

Virðingarfyllst,

Svavar Pálsson.

Nd. 322. Nefndarálit [121. mál]

um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað umsóknir þær um ríkisborgararétt, sem um ræðir í 1. gr. frv. Einnig hefur nefndin athugað umsóknir, sem síðar hafa komið fram, og ber hún fram breytingartillögu við 1. gr. frv.

Nefndin lítur svo á, að nauðsynlegt sé að hafa hliðsjón af föstum reglum, sem Alþingi fari eftir við veitingu ríkisborgararéttar. Þeir, sem um þann rétt sækja, vita þá, hvaða skilyrði eru sett í þessu efni. Mundi það spara mönnum umsóknir, sem engin von er um að nái samþykki þingsins.

Allsherjarnefndir beggja deilda Alþingis hafa komið sér saman um, að æskilegt væri, að framvegis sé veiting ríkisborgararéttar bundin eftirfarandi skilyrðum, sem þingið hefur að mestu leyti farið eftir undanfarin ár:

1. Umsækjandi hafi óflekkað mannorð og sé að áliti tveggja valinkunnra manna starfhæfur og vel kynntur, þar sem hann hefur dvalið.
2. Útlendingar, aðrir en Norðurlandabúar, skulu hafa átt hér lögheimili 10 ár, Norðurlandabúar 5 ár.
3. Maður eða kona, sem giftist íslenzkum ríkisborgara, fái ríkisborgararétt eftir þriggja ára búsetu frá giftingu, enda hafi hinn íslenzki ríkisborgari haft ríkisborgararétt ekki skemur en fimm ár.
4. Erlendir ríkisborgarar, sem eiga íslenzkan föður eða móður, fái ríkisborgararétt eftir þriggja ára búsetu, ef annað foreldri er Norðurlandabúi, annars eftir fimm ár.
5. Íslendingar, sem gerzt hafa erlendir ríkisborgarar, fái ríkisborgararétt eftir eins árs búsetu.
6. Íslenzk kona, sem misst hefur ríkisfang sitt við giftingu, en hjónabandinu er slitið og hún hefur öðlazt hemili hér, fái ríkisborgararétt á fyrsta dvalarári hér, enda lýsi hún yfir, að hún ætli að dveljast áfram í landinu. Sama gildir um börn hennar, sem ekki hafa náð 16 ára aldri og henni fylgja.

Umsóknir þær, sem nefndin leggur til að samþykktar verði, fullnægja þessum reglum að undanteknum nokkrum, sem ekki uppfylla skilyrði um dvalartíma fyrr en síðar á þessu ári. Nefndin telur þó rétt að samþykkja slíkar umsóknir, ef áskildum dvalartíma er náð fyrir samkomudag næsta Alþingis. Er greint aftan við nöfn þessara umsækjenda, hvenær þeir öðlist ríkisborgararéttinn.

Alþingi, 7. marz 1957.

Pétur Pétursson, form. Gísli Guðmundsson, fundaskr. Björn Ólafsson, frsm.

Gunnar Jóhannsson. Bjarni Benediktsson.

Nd. 323. Breytingartillögur [121. mál]

við frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr.

1. Í greinina bætast í stafrófsröð:
   a. Briem, Christiene, húsmóðir í Reykjavík, f. í Indónesíu 26. marz 1929.
   b. Gunnar Deutschländer Sveinbjarnarson, barn að Hurðarbaki, Reykholtsdalshreppi, Borgarfjarðarsýslu, f. í Þýzkalandi 21. nóvember 1953.
   c. Kivi, Vuokko Tellervo, húsmóðir í Reykjavík, f. í Finnlandi 28. desember 1925.
   d. Pampichler, Paul Ferdinand Mathias, hljómlistarmaður í Reykjavík, f. í Austurríki 9. maí 1928.
   e. Róbert Jónsson, nemandi í Reykjavík, f. í Danmörku 23. júlí 1942.
   f. Sepp, Karl, lögfræðingur í Hafnarfirði, f. í Rússlandi 29. nóvember 1913.
   g. Valen, Bjarne Linfred, bóndi í Hjarðarnesi, Kjalarneshreppi, Kjósarsýslu, f. í Noregi 22. marz 1913.

h. Þóra Sveinbjarnardóttir, barn að Hurðarbaki, Reykholtsdalshreppi, Borgarfjarðarsýslu, f. á Íslandi 5. febrúar 1955.

2. Við tölul. 5 (Graef, Martha Emma Johanna). Orðin „Fær réttinn 27. febrúar 1957“ falla niður.

Ed. 324. Breytingartillögur [83. mál]

við frv. til laga um lax- og silungsveiði.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 2. gr.
   a. Aftan við 3. tölulið bætist: að fengnu áliti veiðimálastjóra.
   b. Framan við orðin „2. mgr. 60. gr.“ í 4. tölulið komi: 5. mgr. 14. gr. og.
2. Við 3. gr. 1. töluliður orðist svo:
   Veiðiréttindi, er skilin hafa verið við landareign, áður en lög þessi tóku gildi, er eigendum landareigna þeirra, er þau ella mundu hafa fylgt samkvæmt 1. mgr. 2. gr., rétt að leysa til sín, hverjum fyrir sinni landareign, ef ráðherra leyfir, að fengnu samþykki veiðimálanefndar, enda krefjist ¾ hlutar þeirra innlausnar. Nú á maður fleiri jarðir en eina, og hefur hann þá eitt atkvæði fyrir lögbýli hvert, sem metið er til verðs í gildandi fasteignamati. Erfðafestuhafi skal fara með atkvæði jarða í erfðafestu í stað eiganda. Nú er landareign í óskiptri sameign, og kemur þá fulltrúi frá eigendum, er fer með eitt atkvæði fyrir þá jörð.
3. Við 5. gr. Aftan við greinina bætist:
   Nú er veiðifélag stofnað við slík vötn, og er því þá heimilt að ráðstafa veiði eftir því, sem það telur henta.
4. Við 9. gr. Aftan við greinina bætist:
   en veiðifélagi skal þó heimilt að leyfa veiði á slíkum stöðum.
5. Við 13. gr. Upphaf 1. töluliðar orðist svo:
   Ráðherra er heimilt að fyrirskipa, að hver sá ...
6. Við 15. gr. 2. töluliður orðist svo:
   Eigi má leggja silunganet né hafa ádrátt í sjó nær ósi straumvatns en 500 metra, enda gangi lax í það vatn. Rétt er ráðherra eftir tillögum veiðimálastjóra að setja reglur um veiðitæki og möskvastærð netja við slíka ósa. Þó getur ráðherra að fengnu áliti veiðimálastjóra leyft ádrátt fyrir síld og loðnu á friðuðu svæði tiltekinn tíma árs.
7. Við 16. gr. Upphaf 3. töluliðar orðist svo:
   Ráðherra er rétt með samþykki veiðimálanefndar, hlutaðeigandi veiði- eða fiskræktarfélags, ef til er, og eftir ...
8. Við 18. gr.
   a. Annar málsl. 2. töluliðar orðist svo:
      Rétt er ráðherra að setja nánari reglur um veiðitíma í vatni hverju, að fengnum tillögum stjórnar hlutaðeigandi veiðifélags og veiðimálanefndar og með samþykki veiðimálastjóra.
   b. Í stað orðanna „í lagnet og á stöng“ í 3. tölulið komi: í lagnet, á stöng og færi.
   c. Á eftir orðinu „stöng“ í 4. tölulið bætist: færi.
9. Við 20. gr.
   a. Á eftir orðinu „missir“ í 3. málsl. 1. töluliðar komi: verulega og.
   b. 2. töluliður orðist svo:
      Ráðherra er rétt eftir tillögum veiðimálastjóra að friða heilt vatn gegn allri veiði eða einstökum veiðiaðferðum, enda sé sú friðun nauðsynleg til

verndar fiskstofni þess vatns, en leita skal hann samþykkis hlutaðeigandi veiði- eða fiskræktarfélags og veiðimálanefndar.

10. Við 27. gr. 4. töluliður orðist svo:
Eigi má fjölga lögnum frá því, sem verið hefur síðustu fimm ár fyrir gildistöku laga þessara. Nú er breytt um veiðiaðferð og veiði með föstum veiðivélum tekin upp, og skal þá heimilt að nota gamlar lagnir, sem löglegar teljast samkvæmt ákvæðum þessara laga. Einnig er það heimilt, ef veiði hefur eigi verið stunduð um ákveðið árabil, en er tekin upp aftur.

11. Við 29. gr.
a. 1. töluliður orðist svo:
Lagnet og króknet skulu liggja frá bakka eða garði, er gengur þvert á straum út frá bakka, beint út í straumvatn eða forstreymis. Leiðara má hafa niður frá krók, og telst hann hluti veiðivélar.
b. 3. töluliður falli niður.

12. Við 30. gr. 2. töluliður orðist svo:
Eigi má stunda stangarveiði nær föstum veiðivélum né stöðum, þar sem veitt er með ádrætti, en 100 metra. Þó má bilið ekki vera skemmra en sem svarar fimmfaldri lengd veiðivélarinnar, sem næst liggur.

13. Við 31. gr. Aftan við 1. tölulið bætist:
Eigi má hafa nema einn leiðara við girðingu, og telst hann hluti veiðivélarinnar.

14. Við 34. gr.
a. Á undan orðinu „krókneti“ í 3. tölulið bætist: lagneti og.
b. Á eftir orðunum „fleiri en“ í 4. tölulið bætist: eitt lagnet.
c. 5. töluliður orðist svo:
Þann tíma viku, sem fiskur er friðaður gegn veiði samkvæmt 19. gr., skulu kistur og veiðikrær vera tryggilega lokaðar, en lagnet og króknet upp tekin eða svo um þau búið, að fiskur geti með engu móti í þau veiðzt eða hindrazt af þeim á göngu sinni. Veiðimálastjóri getur mælt svo fyrir, að á garði að lagneti, krókneti, kistu eða veiðikró skuli höfð fleiri hlið en áður getur, og skulu þau standa opin þann tíma viku, er vötn eru friðuð samkvæmt 19. gr. Hlið á girðingum að kistu eða veiðikró skulu opin standa á sama tíma. Veiðimálastjóra er rétt að setja nánari reglur um þetta efni.

15. Við 35. gr.
a. 1. töluliður orðist svo:
Milli fastra veiðivéla, hvort sem þær eru sömu megin í straumvatni eða sitt frá hvoru landi, skal jafnan vera 100 metra bil eftir endilöngu vatni, þar sem skemmst er á milli þeirra. Sé breidd straumvatns 100 metrar eða meir, mega veiðivélar vera andspænis frá báðum bökkum, en þó eigi nær veiðivél frá sama bakka en 100 metra. Þó má bil aldrei vera skemmra en fimmföld lengd veiðivélar frá bakka og út á vatn. Leiðari, er liggur frá fastri veiðivél, telst hluti hennar. Ráðherra er rétt að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar málsgreinar, þegar sérstaklega stendur á og veiðimálastjóri mælir með því.
b. Aftan við 3. tölulið bætist:
Nú rýrnar veiðiaðstaða vegna þessa ákvæðis og veiðirýrnun nemur meiru en helmingi, miðað við fyrri veiði, og skulu þá þeim, er missir í, ákveðnar bætur samkvæmt 106. gr. og 2. mgr. 107. gr.

16. Við 36. gr. Í stað „2“ framan við 1. málsgr. greinarinnar komi: 1.

17. Við 45. gr.
a. Á eftir 1. málsl. 1. töluliðar bætist nýr málsliður, svo hljóðandi:
Séu jarðir í erfðafestu, skal þó boða erfðafestuhafa í stað landeiganda.

b. Aftan við 1. tölulið bætist:
Eigi skulu þeir hafa atkvæðisrétt um málefni, er varða aðrar veiðiaðferðir en dorgarveiði.
c. Á eftir orðinu „skriflega“ í 2. tölulið komi: eða með símskeyti.

18. Við 46. gr. 2. töluliður orðist svo:
Á þeim fundi og öðrum fer um atkvæðisrétt eins og hér segir: Fyrir hvert lögbýli, sem metið er til verðs í gildandi fasteignamati, skal koma eitt atkvæði. Nú á maður fleiri en eina jörð, og hefur hann þá eitt atkvæði. Nú eru eigendur lögbýlis fleiri en einn, og skulu þeir gera með sér skriflegan samning um, hver fari með atkvæðisrétt býlisins. Fela má öðrum að fara með atkvæði, enda sé umboðið skriflegt og eigi eldra en þriggja mánaða og þess getið í fundarbók. Nú er leiguliði boðaður á fund í stað landeiganda, og má hann þá taka þátt í umræðum, en hefur eigi atkvæðisrétt, fyrr en hann hefur verið gerður félagi í stað landeiganda samkvæmt 48. gr.

19. Við 48. gr. 1. töluliður orðist svo:
Stofnfundur eða annar lögmætur félagsfundur getur kveðið svo á, að leiguliði skuli gerast félagi í stað landeiganda, ef leiguliði æskir þess og landeigandi mótmælir eigi. Nú sækir landeigandi eigi fund og nefnir eigi til umboðsmann, og skal þá leiguliði fara með umboð eiganda. Boða skal bæði landeiganda og leiguliða á fund.

20. Við 50. gr. Á eftir 3. málslið komi nýr málsl., svo hljóðandi:
Líða skulu minnst sex mánuðir frá stofnfundi félags og þar til samþykkt er staðfest.

21. Við 51. gr. Greinin orðist svo:
Nú hefur fiskræktarfélag verið stofnað samkvæmt 45.—48. gr., og getur þá sá, sem telur félagið ólöglega stofnað, vefengt félagsstofnunina fyrir ráðherra, áður en sex mánuðir eru liðnir frá stofnfundi félags. Vefenging, sem síðar berst um stofnun félags, skal eigi tekin til greina. Nú hefur vefenging fyrir ráðherra verið borin fram á lögmætum tíma, en hann tekur hana eigi til greina, og er þá rétt að skjóta málinu til dómstóla, áður en sex mánuðir eru liðnir frá staðfestingu samþykktar.

22. Við 53. gr. 1. málsl. 1. töluliðar orðist svo:
Kostnaði af starfsemi félags skal jafna niður eftir áætluðu veiðimagni jarða á félagssvæðinu.

23. Við 54. gr. 1. töluliður orðist svo:
Nú verða eigendaskipti að jörð á félagssvæði eða ábúendaskipti á jörð í erfðafestu, og er hinum nýja eiganda eða ábúanda skylt að gerast félagi. Þegar ábúendaskipti verða á jörð, þar sem leiguliði er félagsmaður í stað landeiganda, getur félagsfundur kveðið svo á, að hinn nýi ábúandi gerist félagi á sama hátt og um getur í 48. gr.

24. Við 63. gr. 2. töluliður orðist svo:
Veiðifélag skal taka til allrar veiði á félagssvæðinu, enda sé eigi öðruvísi ákveðið í félagssamþykkt.

25. Við 65. gr. Á eftir orðinu „skriflega“ í 4. tölulið komi: eða með símskeyti.

26. Við 66. gr. 2. töluliður orðist svo:
Á þeim fundi og öðrum fer um atkvæðisrétt eins og hér segir: Ábúandi hvers lögbýlis, sem metið er til verðs í gildandi fasteignamati, skal hafa eitt atkvæði. Nú býr maður á fleiri en einni jörð, og hefur hann þá eitt atkvæði. Nú er jörð í eyði, og hefur eigandi hennar eitt atkvæði. Nú eru ábúendur lögbýlis eða eigendur eyðijarðar fleiri en einn, og skulu þeir gera með sér skriflegan samning um, hver fari með atkvæðisrétt jarðarinnar. Fela má öðrum að fara með atkvæði, enda sé umboðið skriflegt og eigi eldra en þriggja mánaða og þess getið í fundarbók.

27. Við 70. gr.
    a. 2. málsl. 1. töluliðar orðist svo:
    Við niðurjöfnun veiði eða arðs af henni skal m. a. taka tillit til aðstöðu við netjaveiði og stangarveiði, landlengdar að veiðivatni, til hrygningarskilyrða og uppeldisskilyrða fisks.
    b. 2. töluliður orðist svo:
    Arðskrá skal leggja undir úrskurð fundarmanna, og þarf hún ⅔ atkvæða félagsmanna til þess að hljóta samþykki. Greiða má atkvæði skriflega, enda sé þess getið í fundarbók. Nú verður arðskrá eigi afgreidd vegna ónógrar fundarsóknar, og má þá boða til annars fundar á sama hátt og getur í 65. gr., og ræður þá afl atkvæða.
28. Við 72. gr. Á eftir 3. málsl. komi nýr málsliður, svo hljóðandi:
    Líða skulu minnst sex mánuðir frá stofnfundi félags og þar til samþykkt er staðfest.
29. Við 73. gr. Greinin orðist svo:
    Nú hefur veiðifélag verið stofnað samkvæmt 65.—68. gr., og getur þá sá, sem telur félagið ólöglega stofnað, vefengt félagsstofnunina fyrir ráðherra, áður en sex mánuðir eru liðnir frá stofnfundi félags. Vefenging, sem síðar berst um stofnun félags, skal eigi tekin til greina. Nú hefur vefenging fyrir ráðherra verið borin fram á lögmætum tíma, en hann tekur hana eigi til greina, og er þá rétt að skjóta málinu til dómstóla, áður en sex mánuðir eru liðnir frá staðfestingu samþykktar.
30. Við 74. gr. Greinin hljóði svo:
    Nú hefst veiði fyrir landi jarðar, er liggur að fiskihverfi veiðifélags, en utan félagssvæðis, og skal leggja þá jörð við það félagssvæði, og er ábúanda hennar þá skylt að gerast félagi. Boða skal ábúanda slíkrar jarðar fund, og á hann þar atkvæði um málið.
31. Við 76. gr. Í stað orðsins „gjaldskrá“ í 3. málsl. 4. töluliðar komi: arðskrá.
32. Við 78. gr. Greinin orðist svo:
    Ráðherra er rétt eftir tillögum veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar að veita veiðifélagi undanþágu frá ákvæði 1. mgr. 31. gr. laga þessara um hlið á girðingum, 1. mgr. 34. gr. um lengd fastra veiðivéla út í vatn og 4. mgr. 34. gr. um fjölda veiðitækja við garð og binda undanþágu þeim skilyrðum, sem þurfa þykir.
33. Við 93. gr.
    a. Síðari málsl. 1. töluliðar orðist svo:
    Veiðimálastjóri og yfirdýralæknir gefa fyrirmæli um sótthreinsun og hafa eftirlit með henni.
    b. 2. töluliður orðist svo:
    Nú er fiskur fluttur milli landa með viðkomu á Íslandi, og skal sá flutningur háður fyrirmælum veiðimálastjóra og yfirdýralæknis.
34. Við 94. gr. Á eftir orðinu „veiðimálastjóri“ í 1. málslið komi: og yfirdýralæknis.
35. Við 95. gr. Í stað orðanna „veiðimálastjóra og veiðimálanefndar“ komi: veiðimálastjóra, veiðimálanefndar og yfirdýralæknis.
36. Á eftir 95. gr. komi ný grein í nýjum kafla, sem verður XII. kafli, með fyrirsögninni: UM ÁLAVEIÐAR (og breytast kaflatölur og greinatölur á eftir samkvæmt því):
    Ráðherra er rétt að setja reglur um álaveiðar að fengnum tillögum veiðimálastjóra og veiðimálanefndar. Í reglum þessum má mæla fyrir um gerð veiðitækja og veiðitíma, og skal þess gætt, að lax og silungur veiðist eigi í blóra við ál.
37. Við 101. gr. Í stað síðari málsl. 1. töluliðar komi:
    Nú verður stofnað landssamband fiskræktarfélaga eða veiðifélaga, og skulu þá tveir nefndarmanna skipaðir að fengnum tillögum þessara sambanda í stað Búnaðarfélagsins og Fiskifélagsins. Í stað nefndarmanns, sem tilnefndur er af

Búnaðarfélaginu, komi maður tilnefndur af landssambandi fiskræktarfélaga, og í stað þess, er Fiskifélagið tilnefnir, komi nefndarmaður, er landssamband veiðifélaga tilnefnir.

Ed. 325. Frumvarp til laga [133. mál]

um vísitölu byggingarkostnaðar.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1957.)

1. gr.

Hagstofa Íslands skal reikna vísitölu byggingarkostnaðar, er sýni breytingar hans frá 1. október 1955. Vísitala þessi skal reiknuð út þrisvar sinnum á ári, miðað við verðlag í Reykjavík í febrúarmánuði, júnímánuði og októbermánuði, og gildir hver vísitala í 4 máuði frá 1. marz, 1. júlí og 1. nóvember að telja.

Nú er svo fyrir mælt í lögum, að vátryggjandi húsa skuli breyta vátryggingarverði þeirra eftir vísitölu byggingarkostnaðar, og skal þá sú vísitala, sem er í gildi við byrjun viðkomandi vátryggingartímabils, ráða brunabótaverðinu allt tímabilið.

2. gr.

Vísitölur byggingarkostnaðar eftir 1. október 1955 skulu tengdar við eldri vísitölur, reiknaðar út samkvæmt lögum nr. 87/1943, með því að margfalda hinar fyrr nefndu með tölunni 9.69. Hagstofan getur að öðru leyti úrskurðað um vafaatriði, er kunna að koma í ljós í sambandi við tengingu nýju vísitölunnar við hina eldri, þar á meðal um það, hvernig vátryggingarverð húsa utan Reykjavíkur skuli ákveðið á grundvelli nýju vísitölunnar haustið 1957.

3. gr.

Við ákvörðun á söluverði íbúða til samræmis við vísitölu byggingarkostnaðar samkvæmt 8. tölulið 6. gr. og 1. málsgr. 20. gr. í lögum nr. 36/1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, skal fara þannig að:

a. Hafi seljandi íbúðar eignazt hana fyrir 1. marz 1957, þá finnst hækkun sú, sem um ræðir í nefndum lagagreinum, með því að bera vísitöluna, sem í gildi er á þeim tíma, er sala fer fram, saman við byggingarkostnað samkvæmt eldri vísitölunni á þeim tíma, er hlutaðeigandi fékk íbúðina. Hafi hann fengið hana á tímabilinu 1. október 1954 til 28. febrúar 1957, skal hér miða við vísitölu 904 (1939 = 100).
b. Hafi seljandi íbúðar eignazt hana eftir febrúarlok 1957, þá finnst hækkun sú, sem hér um ræðir, með því að bera vísitöluna, sem í gildi er á sölutíma, saman við vísitölu þess tímabils, er hlutaðeigandi fékk íbúðina.

4. gr.

Hagstofan skal, í samráði við húsameistara ríkisins, láta fara fram athugun á því á 10 ára fresti, hvort byggingarhættir hafi breytzt svo, að ástæða sé til að endurskoða grundvöll vísitölu byggingarkostnaðar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal vísitala samkvæmt hinum nýja grundvelli fyrst reiknuð út miðað við verðlag í febrúar 1957, sbr. 1. málsgr. 1. gr. þessara laga. Jafnframt falla úr gildi eða breytast ákvæði eldri laga, sem eru í ósamræmi við lög þessi, sbr. 2.—4. málsgr. laga nr. 6 23. marz 1955, um Brunabótafélag Íslands.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hagstofan hefur árlega um alllangt skeið reiknað vísitölu byggingarkostnaðar í Reykjavík, miðað við grunntöluna 100 á tímabilinu 1. október 1938 til 30. september 1939. Ákvæði um útreikning þessarar vísitölu voru í lögum nr. 87/1943, um breytingar á lögum nr. 1/1924, um brunatryggingar í Reykjavík, en þau voru numin úr gildi með lögum nr. 25/1954, um brunatryggingar í Reykjavík, án þess að ákvæðin um vísitölu byggingarkostnaðar væru endurnýjuð. Engin bein lagafyrirmæli eru því um það nú, að þessi vísitala skuli reiknuð út.

Þá eru einnig ákvæði um það í lögum nr. 59/1954, um brunatryggingar utan Reykjavíkur, lögum nr. 9/1955, um Brunabótafélag Íslands, og í fyrri lögum um sama efni, að Hagstofan skuli reikna árlega vísitölu byggingarkostnaðar fyrir kaupstaði og kauptún landsins og Teiknistofa landbúnaðarins fyrir sveitir. Þessi ákvæði voru sett á sínum tíma, án þess að hlutaðeigandi stofnanir hefðu um það nokkra vitneskju, og ef málið hefði verið borið undir þær, hefðu þær eindregið ráðið frá því, að gerðar væru sérstakar vísitölur byggingarkostnaðar, annars vegar fyrir kaupstaði utan Reykjavíkur og kauptún og hins vegar fyrir sveitir, vegna þess hve mikil vandkvæði eru á því að finna viðhlítandi grundvöll slíkra vísitalna. Í reynd hefur þetta farið þannig, að Teiknistofa landbúnaðarins hefur ekki treyst sér til að reikna út vísitölu fyrir byggingarkostnað í sveitum, en Hagstofan hefur áætlað vísitölur byggingarkostnaðar fyrir kaupstaði og kauptún með hliðsjón af vísitölu byggingarkostnaðar í Reykjavík, og hefur sú áætlun verið látin gilda fyrir sveitir jafnframt.

Vísitala byggingarkostnaðar hefur annars vegar verið notuð til þess að ákveða söluverð íbúða í verkamannabústöðum og samvinnubyggingarfélagshúsum, sbr. 8. tölulið 6. gr. og 1. málsgr. 20. gr. laga nr. 36/1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, svo og eldri lög um sama efni, og hins vegar til að ákveða brunabótaverð húsa, sbr. 3. gr. áðurnefndra laga nr. 59/1954 og 9. gr. áðurnefndra laga nr. 9/1955.

Í lagafrumvarpi þessu er gert ráð fyrir því, að framvegis verði reiknuð út ein vísitala fyrir allt landið, miðuð við verðlag í Reykjavík. Vegna samræmingar kaupgjalds um land allt og aukinnar hlutdeildar launa í byggingarkostnaði telja bæði Hagstofan og Teiknistofa landbúnaðarins, að ástæðulaust sé og óþarft að hafa sérstakar vísitölur fyrir landið utan Reykjavíkur, og þar við bætist, sem fyrr segir, að það er mjög miklum erfiðleikum bundið og kostnaðarsamt að hafa þann hátt á. Þess má líka geta, að eftir því, sem bezt verður séð, hafa breytingar byggingarkostnaðar utan Reykjavíkur verið hliðstæðar breytingum byggingarkostnaðar í Reykjavík samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar þar, en það skiptir hér mestu máli, en ekki hitt, hver hæð byggingarkostnaðar er á hverjum tíma. Hagstofan og Teiknistofa landbúnaðarins leggja því eindregið til, að vísitala byggingarkostnaðar miðuð við verðlag í Reykjavík verði látin gilda fyrir allt landið. Í því sambandi er líka rétt að benda á það, að vísitala framfærslukostnaðar — og þar með kaupgreiðsluvísitalan — og húsaleiguvísitalan eru báðar miðaðar við verðlag í Reykjavík, en gilda fyrir allt landið, og verður ekki séð, að ástæða sé til að hafa þar annan hátt á hvað snertir vísitölu byggingarkostnaðar.

Vísitala byggingarkostnaðar samkvæmt lögum nr. 87/1943 var aðeins reiknuð út einu sinni á ári, en í frv. er gert ráð fyrir, að hún sé reiknuð út þrisvar á ári, miðað við verðlag í febrúar, júní og október. Þetta hefur aðallega þýðingu við ákvörðun söluverðs á íbúðum í verkamannabústöðum og byggingarsamvinnufélagshúsum, og hefur það rýrt mjög notagildi vísitölunnar í þessu sambandi, að hún var ekki reiknuð út nema einu sinni á ári. Meðal annars er viðbúið, að gildandi ákvæði um söluverð húsa í umræddum íbúðum hafi oft verið sniðgengin þegar mikið bar á milli vísitölunnar og raunverulegs byggingarkostnaðar. Aðalástæðan fyrir því, að nú er lagt til, að vísitalan sé reiknuð út þrisvar á ári, er sú, að rétt þykir að stuðla að

því sem bezt, að farið verði eftir vísitölunni við ákvörðun söluverðs þeirra íbúða, sem hér um ræðir.

Samkvæmt ákvæðum í áður nefndum lögum nr. 59/1954 skal miða árlegar breytingar brunabótaverðs húsa utan Reykjavíkur við vísitölur byggingarkostnaðar, en að því er snertir Reykjavík fólu lög nr. 87/1943 aðeins í sér heimild fyrir bæjarstjórn Reykjavíkur til að breyta brunabótaverði húsa eftir vísitölu byggingarkostnaðar. Þessi heimild var notuð þar til á árinu 1948, en þá var því hætt, vegna þess hve úrelt vísitalan var orðin, þegar kom að hinni árlegu ákvörðun brunabótaverðs. Í 4. gr. laga nr. 25/1954, um brunatryggingar í Reykjavík, er bæjarstjórninni á sama hátt heimilað „að breyta árlegu brunabótavirði húsa til samræmis við breytingar, er verða á byggingarkostnaði húsa í bænum". Í frv. er ekki gert ráð fyrir breytingum á þessu — bæjarstjórn Reykjavíkur er eftir sem áður heimilað að fylgja vísitölu byggingarkostnaðar við hina árlegu ákvörðun á brunabótaverði húsa, en ekki er ósennilegt, að bæjarstjórnin hverfi aftur að því að láta brunabótaverð fylgja vísitölunni, eftir að hún hefur verið endurskoðuð og lagfærð eins og hér er lagt til, og hefur verið höfð hliðsjón af þörfum Reykjavíkurbæjar í þessu efni við samningu ákvæða frv. um útreikningstíma vísitölunnar.

Að lokum skal þess getið, að félagsmálaráðherra skipaði sumarið 1955, eftir tillögu hagstofustjóra, tvo menn í nefnd til þess að endurskoða grundvöll vísitölu byggingarkostnaðar. Voru það þeir Guðlaugur Þorvaldsson deildarstjóri á Hagstofunni tilnefndur af henni og Bárður Ísleifsson arkitekt tilnefndur af húsameistara ríkisins. Nefnd þessi skilaði áliti haustið 1956 og lagði fram tillögu að nýjum grundvelli vísitölu byggingarkostnaðar. Naut hún þar mikilsverðrar aðstoðar Tómasar Vigfússonar húsameistara, sem lét í té ýtarlegar og traustar upplýsingar um byggingarkostnað og byggingarhætti. Nái frv. þetta fram að ganga, verður þessi nýi grundvöllur að vísitölu byggingarkostnaðar látinn koma til framkvæmda óbreyttur frá hendi höfunda hans.

Frumvarp þetta var samið af Hagstofunni.

Ed. 326. Lög [9. mál]

um breyting á lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

(Afgreidd frá Ed. 8. marz.)

Samhljóða þskj. 277.

Ed. 327. Breytingartillögur [83. mál]

við frv. til l. um lax- og silungsveiði.

Frá Sigurði Ó. Ólafssyni.

1. Við 13. gr. 1. töluliður falli niður.
2. Við 19. gr. Í stað orðanna „84 stundir ..... þriðjudagsmorguns kl. 9" í 1. tölulið komi: 60 stundir á viku hverri, frá föstudagskvöldi kl. 9 til mánudagsmorguns kl. 9.
3. Við 27. gr. 5. töluliður falli niður.
4. Við 35. gr. 3. töluliður falli niður.

Ed. 328. Nefndarálit [83. mál]

um frv. til laga um lax- og silungsveiði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarp samhljóða þessu var lagt fyrir Alþingi af þáverandi landbúnaðarráðherra, Steingrími Steinþórssyni, 3. nóv. 1955. Frumvarpinu fylgdi þá mjög ýtarleg greinargerð, og var þar upplýst, að það væri undirbúið af milliþinganefnd, er ráðherra hafði skipað 21. júlí 1954. Í þeirri nefnd áttu sæti þeir Pálmi rektor Hannesson, er var formaður hennar, Björn Ólafsson alþingismaður, Gizur Bergsteinsson hæstaréttardómari, Gunnlaugur Briem ráðuneytisstjóri og Þórir Steinþórsson skólastjóri.

Eftir að nefndin hafði aflað sér upplýsinga, innlendra og útlendra, og undirbúið frumvarpið og afhent ráðherra, lét hann senda það öllum sýslunefndum, fiskræktarfélögum, veiðifélögum og fleirum, sem ætla mátti að hefðu sérstakan áhuga á málinu, og bað um umsagnir þeirra um frumvarpið.

Þegar ráðherra lagði málið fyrir Alþingi 3. nóv. 1955, voru einungis kunnar umsagnir frá fáum aðilum, en eftir að landbúnaðarnefnd hafði tekið málið til meðferðar, bárust henni umsagnir um það víða að. Landbúnaðarnefnd á þinginu 1955—56 fór rækilega gegnum málið og allar umsagnir, er henni þá bárust, og skilaði meiri hlutinn nefndaráliti og breytingartillögum 24. marz 1956. Þar sem þá var komið að þingslitum, kom málið ekki til 2. umræðu og dagaði því uppi á því þingi.

14. des. 1956 sendi landbúnaðarráðherra frumvarpið til landbúnaðarnefndar Ed. og bað hana að flytja það. Ein af breytingartillögum þeim, sem nefndin hafði lagt til að gerðar væru á frv., var tekin upp í frumvarpið nú, eins og það var lagt fyrir, en að öðru leyti var það óbreytt eins og það var lagt fram af ráðherra á þinginu árið áður.

Landbúnaðarnefnd hefur farið mjög rækilega í gegnum frumvarpið og haft veiðimálastjóra, Þór Guðjónsson, sér til aðstoðar. Hún hefur borið það saman við eldri lög um sama efni og álit þeirra aðila, er sent höfðu stjórnarráðinu eða nefndinni í fyrra umsagnir sínar. Nokkrir aðilar sendu nefndinni nú á ný tillögur um breytingar, sem að mestu voru endurtekningar á tillögum þeirra frá árinu áður. Eftir því sem nefndin sá sér fært, var tekið tillit til tillagna, er fram komu, en í málinu öllu rekast á ólík sérhagsmunasjónarmið manna, og reyndi nefndin að þræða meðalveg, svo að hvort tveggja næðist með lagasetningunni, að tryggja viðhald laxstofnsins í framtíðinni og miðla veiðiréttindum milli manna, er land eiga að veiðivötnunum, svo að eigendur þeirra gætu við unað.

Nefndin flytur sameiginlega nokkrar breytingartillögur við frumvarpið á sérstöku þingskjali. Auk þess mun 2. þingmaður Árnesinga (SÓÓ) flytja nokkrar breytingartillögur, sem meiri hluti nefndarinnar gat ekki orðið honum sammála um. Þingmaður Barðstrendinga (SE), sem eins og SÓÓ er sammála nefndinni um þær tillögur, er nefndin flytur öll, mun og fylgja einni eða fleiri breytingartillögum Sigurðar, og skrifa því bæði hann og Sigurður undir nefndarálitið með fyrirvara.

Reykjavík, 8. marz 1957.

Páll Zóphóníasson, form., frsm.	Sigurvin Einarsson, fundaskr., með fyrirvara.	Sigurður Ó. Ólafsson, með fyrirvara.
Friðjón Þórðarson.	Geir Gunnarsson.	

Ed. 329. Lög [105. mál]

um lækkun tekjuskatts af lágtekjum.

(Afgreidd frá Ed. 8. marz.)

Samhljóða þskj. 207.

Nd. 330. Nefndarálit [21. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls.

Í stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar, sem birt var, þegar hún tók við störfum í s. l. júlímánuði, segir m. a., að stjórnin muni beita sér fyrir atvinnuuppbyggingu í landinu, einkum í þeim þremur landsfjórðungum, sem nú eru verst á vegi staddir í atvinnulegum efnum.

Í samræmi við þessa yfirlýsingu skipaði ríkisstjórnin þ. 5. sept. s. l. þriggja manna nefnd (atvinnutækjanefnd) til þess að gera tillögur um öflun nýrra atvinnutækja og dreifingu þeirra um landið. Atvinnutækjanefndin samdi frumvarp um heimild fyrir ríkisstjórnina til skipakaupa, lántöku og sérstakra ráðstafana í útgerðarmálum til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Ríkisstjórnin lagði frumvarp þetta fyrir þingið í byrjun þess í októbermánuði í haust, og hefur það fyrir alllöngu verið afgreitt sem lög frá þinginu. Í þeim lögum er ríkisstjórninni veitt heimild til að kaupa allt að 15 togara og 6 minni fiskiskip og selja skipin eða ráðstafa þeim til útgerðar að fengnum tillögum atvinnutækjanefndar. Í lögunum er svo fyrir mælt, að tillögur atvinnutækjanefndar um ráðstöfun skipanna skuli gerðar með sérstöku tilliti til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Atvinnutækjanefnd vinnur nú að því að gera skýrslur um atvinnutæki og atvinnuástand í kaupstöðum og kauptúnum á Vestur-, Norður- og Austurlandi til undirbúnings tillögum um úrbætur í þeim efnum, þar sem þeirra er þörf.

Enn má nefna það, að á fjárlög fyrir þetta ár, sem nú er verið að afgreiða, er sett fjárveiting að upphæð 15 millj. króna til þess að bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu.

Þau dæmi, sem hér hafa verið nefnd, sýna glöggt, að ríkisstjórnin vinnur nú með aðstoð atvinnutækjanefndar að rannsókn á atvinnuástandinu og ráðstöfunum til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Með skírskotun til þess er það tillaga meiri hluta fjárhagsnefndar, að frumvarpi þessu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 25. febr. 1957.

Skúli Guðmundsson, form.	Pétur Pétursson, fundaskr., frsm.	Eðvarð Sigurðsson.

Nd. 331. Frumvarp til laga [106. mál]

um aukinn skattfrádrátt til handa skipverjum á fiskiskipum.

(Eftir 2. umr. í Nd)

1. gr.

Við ákvörðun tekjuskatts skal hlífðarfatakostnaður sá, er um ræðir í h-lið 10. gr. laga nr. 46 frá 1954, hækkaður hjá togarasjómönnum um kr. 200.00 fyrir hvern lögskráningarmánuð, en kr. 300.00 hjá öðrum fiskimönnum. Auk þeirra, sem taldir eru í h-lið 10. gr. laga nr. 46/1954, skulu matsveinar og aðstoðarmenn í vélarúmi á togurum njóta frádráttar samkvæmt þessari grein.

2. gr.

Öllum skipverjum, sem verið hafa lögskráðir á íslenzk fiskiskip í 3 mánuði eða lengur á viðkomandi skattári, skal við ákvörðun tekjuskatts veittur sérstakur frádráttur, kr. 500.00 fyrir hvern lögskráningarmánuð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 332. Nefndarálit [81. mál]

um till. til þál. um verðtryggingu á sparifé skólabarna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og leitað umsagnar Landsbanka Íslands um hana. Upplýsir framkvæmdastjórn bankans, að verðtrygging þessa sparifjár hafi þegar verið ákveðin og standi yfir undirbúningur að framkvæmd þeirrar ákvörðunar. Með tilliti til þessa leggur nefndin til, að tillagan verði afgreidd með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem Landsbanki Íslands hefur þegar ákveðið verðtryggingu sparifjár skólabarna og undirbýr framkvæmd þess máls, telur Alþingi tilgangi tillögunnar náð og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 8. marz 1957.

Benedikt Gröndal, form.	Eiríkur Þorsteinsson, fundaskr.	Björn Jónsson, frsm.	Björn Ólafsson.
Ásgeir Bjarnason.	Steingr. Steinþórsson.	Jón Sigurðsson.	

Fylgiskjal.

LANDSBANKI ÍSLANDS

Reykjavík, 12. febr. 1957.

Vér höfum móttekið bréf yðar, dags. 30. jan. s. l., þar sem beiðzt er umsagnar bankans um tillögu til þingsályktunar um verðtryggingu á sparifé skólabarna. Um mál þetta viljum vér taka fram eftirfarandi:

Skömmu eftir að sparifjársöfnun skólabarna var hafin á vegum Landsbankans, varð forustumönnum hennar ljóst, að miklu máli mundi skipta fyrir þetta uppeldisstarf, að sparifé væri tryggt gegn lækkandi verðgildi peninganna. Bankaráð Landsbankans samþykkti því á síðastliðnu vori að heimila framkvæmdastjórn bankans að taka upp vísitölubindingu innstæðna á barnabókum í samvinnu við aðrar lánsstofnanir.

Miklir framkvæmdaörðugleikar hafa komið í ljós, sem tafið hafa framkvæmd málsins hingð til. Er nú unnið að því að leysa þá, og væntir bankinn, að hægt verði að koma á verðtryggingu, er vel megi við una.

Með tilliti til þess, að mál þetta er þegar í undirbúningi og stjórn bankans hefur fullan hug á að leysa það í svipuðum anda og þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir, teljum vér ástæðulaust að samþykkja hana.

Virðingarfyllst,

Landsbanki Íslands,

Jón G. Maríasson. S. Frímannsson.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis, Alþingi.

Nd. 333. Breytingartillögur [99. mál]

við frv. til l. um sölu og útflutning sjávarafurða o. fl.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Sameinað Alþingi kýs hlutbundinni kosningu til tveggja ára í senn þrjá menn í nefnd, sem nefnist útflutningsnefnd sjávarafurða. Jafnmargir varamenn skulu kosnir samtímis og á sama hátt. Nefndin kýs sér formann.
   Með samþykki ríkisstjórnarinnar getur útflutningsnefnd sjávarafurða ráðið sér starfsmenn eftir því, sem nauðsyn krefur.
2. Við 2. gr. Fyrir orðið „ráðherra“ í 1. tölul. komi: ríkisstjórninni.

Ed. 334. Nefndarálit [42. mál]

um frv. til laga um breyting á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og fengið um það umsögn áfengisvarnaráðunautar, sakadómarans í Reykjavík, lögreglustjórans í Reykjavík og bæjarfógetanna á Akureyri, Ísafirði og Akranesi.

Að athuguðu máli leggur nefndin til, að frv. verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Vitanlegt er, að löggæzlu á skemmtisamkomum í sveitum er víða mjög ábótavant og við mikla erfiðleika að stríða í þeim efnum. Telur deildin brýna nauðsyn bera til, að endurskoðuð verði ákvæði áfengislaga, laga um lögreglumenn og önnur lagaákvæði, sem varða þetta efni, með það fyrir augum að koma betri reglu og

skipulagi á þessi mál. Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti nefnda endurskoðun fara fram, telur deildin ekki efni til að taka afstöðu til frumvarps þessa og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 11. marz 1957.

Friðjón Skarphéðinsson, form. Alfreð Gíslason, fundaskr. Friðjón Þórðarson, frsm.
Jón Kjartansson. Páll Zóphóníasson.

Ed. 335. Tillaga til þingsályktunar [134. mál]

um endurskoðun lagaákvæða um löggæzlu á skemmtisamkomum og þjóðvegum.

Frá allsherjarnefnd.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram hið bráðasta endurskoðun á ákvæðum laga um lögreglumenn, áfengislaga og annarra laga um löggæzlu á skemmtisamkomum, einkum í héruðum, sem hafa ekki föstu lögregluliði á að skipa, svo og löggæzlu á þjóðvegum, í því skyni, að henni verði komið í betra horf.

Greinargerð.

Víða um land, þar sem ekki er fast lögreglulið, hefur þráfaldlega komið í ljós, að erfiðlega gengur að halda uppi reglu á skemmtisamkomum. Er það á allra vitorði, að mjög ber á ölvun á slíkum mannfundum, og hljótast stundum af truflanir og vandræði. Í 10. gr. laga um lögreglumenn, nr. 50 12. febr. 1940, eru heimildarákvæði um löggildingu lögreglumanna til þess að halda uppi reglu á mannfundum og samkomum innanhéraðs. Á ýmsum stöðum hefur ákvæðum þessum verið beitt, en með mismunandi hætti. Tvær reglugerðir hafa verið settar um framkvæmd þessara mála í tveim lögsagnarumdæmum, og eru þær nokkuð ósamhljóða. Heppilegast mundi vera að áliti flutningsmanna þessarar þingsályktunartillögu, að reglur þessar verði samræmdar, löggjöf um þessi efni verði nokkru fyllri en nú á sér stað og reglur, sem settar yrðu samkvæmt lögunum, gildi hvarvetna um land, þar sem þær eiga við. Mismunandi reglur í þessum efnum valda óánægju og auka erfiðleika um framkvæmd löggæzlunnar.

Kunnara er en frá þurfi að segja, að bifreiðaumferð á þjóðvegum að sumarlagi eykst með hverju ári, sem líður. Ýmsir telja, að misbrestur sé á því, að umferðarlög og bifreiðalög séu haldin sem skyldi á vegum úti, en slíkt veldur að sjálfsögðu aukinni slysahættu, sem nauðsyn ber til að koma í veg fyrir svo sem unnt er. Lögregluefirlit með umferð á þjóðvegum er hins vegar af mjög skornum skammti. Telja flutningsmenn þessa máls, að brýn þörf sé á að auka þetta eftirlit, sé þess nokkur kostur, og setja um það viðtækari reglur en þær, sem nú er til að dreifa.

Ed. 336. Nefndarálit [128. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 90 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, rætt það á þrem fundum og borið það saman við gildandi tollskrá. Enn fremur hefur hún kynnt sér erindi frá Félagi ís-

lenzkra iðnrekenda. Jafnframt því að athuga frv. tók nefndin einnig til athugunar frv. á þskj. 22 frá þm. N-Ísf. (SB) og 6 þm. Reykv. (GTh), og verður þess síðar getið.

Samkvæmt ósk Félags íslenzkra iðnrekenda leggur nefndin til, að vörumagnstollur á netjatjöru verði felldur niður og verðtollur á sömu vöru lækki úr 8% í 2%, enda er hér um nytsöm efni að ræða.

Nefndin leggur til, að verðtollur á plötum úr svampgúmmíi verði hækkaður úr 8% í 30%. Er það gert til að veita tollvernd fyrirtækjum, sem búa til dýnur o. fl. úr hrágúmmíi. Samtök iðnrekenda mæla með þessari breytingu.

Sem fyrr getur fluttu þm. N-Ísf. (SB) og 6. þm. Reykv. (GTh) frumvarp á þessu þingi um breytingar á tollskránni þess efnis að fella niður tolla á hljóðfærum. Meiri hluta nefndarinnar þykir of langt gengið í því frv. Hins vegar telur nefndin rétt að lækka nokkuð verðtoll á helztu tegundum hljóðfæra og ber fram brtt. um það.

Rétt þykir, að tollfrelsisákvæði alþjóðasamnings frá 25. sept. 1956 um sameiginlega greiðslu kostnaðar af tiltekinni flugþjónustu á Íslandi verði lögfest, og ber nefndin fram brtt. um það.

Að lokum ber nefndin fram brtt. um, að aðflutningsgjöld séu innheimt í heilum krónum. Er það til hægðarauka fyrir alla aðila.

Um efni frv. sjálfs þykir nægja að vísa til greinargerðar þess. Fellst nefndin á, að rétt sé að lagfæra tollskrána eins og frv. gerir ráð fyrir.

Samkvæmt framanrituðu leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

		Toll-eining	Vörumagns-tollur Aurar	Verð-tollur %
1.	Við 1. gr.			
a.	Framan við 1. tölul. kemur nýr tölul., svo hljóðandi: Á eftir nr. 58 í 28. kafla kemur nýtt númer, svo hljóðandi:			
	58a Netjatjara	1 kg		2
b.	Á eftir 2. tölul. kemur nýr tölul., svo hljóðandi: Í stað nr. 4 í 39B. kafla koma tvö númer, svo hljóðandi:			
	— plötur, þræðir, stengur, ót. a.:			
	4 — — úr svampgúmmíi	—	7	30
	4a — — úr öðru	—	7	8
c.	Á eftir 11. tölul. kemur nýr tölul., svo hljóðandi: Nr. 1—5 í 79. kafla orðist svo:			
	1 Flygel og píanó	—	7	30
	2 Hlutar til flygela og píanóa	—	7	30
	3 Orgel og harmonium	1 —	7	30
	Aths. Ráðuneytinu er heimilt að fella niður verðtoll af orgelum til kirkna og hljóðfærum fluttum inn til notkunar við kennslu í skólum.			
	4 Hlutar til orgela og harmonía	—	7	30
	5 Strengjahljóðfæri og hlutar til þeirra, ót. a.	—	7	30

2. Við 2. gr. Á eftir 1. málsgr. bætist:
   Í stað p- og r-liða kemur nýr liður, svo hljóðandi:
   p. Að láta koma til framkvæmda tollfrelsisákvæði alþjóðasamnings frá 25. sept. 1956, um sameiginlega greiðslu kostnaðar af tiltekinni flugþjónustu á Íslandi.
3. Á eftir 2. gr. bætast tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. (3. gr.) Síðari málsliður síðustu málsgr. 7. gr. laganna fellur niður.
   b. (4. gr.) Á eftir 25. gr. laganna kemur ný grein, sem verður 26. gr., svo hljóðandi:

Aðflutningsgjöld skal innheimta í heilum krónum, þannig að 50 aurar og þar fram yfir telst 1 króna, en minni upphæð skal sleppt.

Alþingi, 9. marz 1956.

Bernh. Stefánsson, form., frsm. Björn Jónsson, fundaskr. Eggert G. Þorsteinsson.
Jóhann Þ. Jósefsson. Gunnar Thoroddsen, með fyrirvara.

Nd. 337. Frumvarp til laga [121. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Aikman, John, nemandi í Reykjavík, f. í Skotlandi 13. janúar 1939.
2. Andreasen, Andreas Johannes Michael, verkamaður í Sælingsdalstungu í Dalasýslu, f. í Færeyjum 1. janúar 1886.
3. Berg, Ágúst, verkstjóri á Akureyri, f. í Kanada 20. ágúst 1910.
4. Briem, Christiene, húsmóðir í Reykjavík, f. í Indónesíu 26. marz 1929.
5. Christiansen, Niels Holm, þvottahúseigandi í Reykjavík, f. í Danmörku 26. apríl 1922.
6. Graef, Martha Emma Johanna, húsmóðir að Neðra-Seli í Landmannahreppi, f. í Rúmeníu 20. febrúar 1924.
7. Gunnar Deutschländer Sveinbjarnarson, barn að Hurðarbaki, Reykholtsdalshreppi, Borgarfjarðarsýslu, f. í Þýzkalandi 21. nóvember 1953.
8. Hansen, Gunnar Robert, leikstjóri í Reykjavík, f. í Danmörku 25. júlí 1901.
9. Häfner, Ursula Elfriede, húsmóðir í Hveragerði, f. í Þýzkalandi 30. apríl 1922.
10. Hoblyn, Cyril Edward Walter, nemandi í Reykjavík, f. í Reykjavík 8. maí 1940.
11. Hübner, Lotte Erika, húsmóðir að Hlíð í Svarfaðardal, f. í Þýzkalandi 27. júní 1921.
12. Jacobsen, Kjartan Frits, verkamaður á Álafossi, f. í Færeyjum 3. nóvember 1922.
13. Jónbjörn Gíslason, múrari á Akureyri, f. á Íslandi 22. júlí 1879.
14. Kivi, Vuokko Tellervo, húsmóðir í Reykjavík, f. í Finnlandi 28. desember 1925.
15. Leussink, Gerda Harmina, húsmóðir í Reykjavík, f. í Hollandi 11. apríl 1923.
16. Malmquist, Liesel, f. Perlbach, húsmóðir á Akureyri, f. í Þýzkalandi 7. febrúar 1929.
17. Mortensen, Daniel Jacob, verkamaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 31. ágúst 1922.
18. Pampichler, Paul Ferdinand Mathias, hljómlistarmaður í Reykjavík, f. í Austurríki 9. maí 1928.
19. Rasmussen, Alfred Emilius, skósmiður í Reykjavík, f. í Danmörku 26. september 1904.
20. Rasmussen, Bent, sjómaður í Reykjavík, f. í Danmörku 12. nóvember 1938.
21. Rasmussen, Hanne Cathrine, húsmóðir í Reykjavík, f. í Danmörku 26. október 1914.
22. Rasmussen, John, sjómaður í Reykjavík, f. í Danmörku 25. desember 1936.
23. Rasmussen, Niels Jakob, skósmiður í Reykjavík, f. í Danmörku 4. janúar 1908.
24. Róbert Jónsson, nemandi í Reykjavík, f. í Danmörku 23. júlí 1942.
25. Schröder, Rosemarie Martha Frieda, húsmóðir í Hafnarfirði, f. í Þýzkalandi 7. marz 1925.

26. Sepp, Karl, lögfræðingur í Hafnarfirði, f. í Rússlandi 29. nóvember 1913.
27. Stieborsky, Georg, múraranemi í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 3. október 1928. (Fær réttinn 3. okt. 1957.)
28. Thom, Odd Kristian, sjómaður í Reykjavík, f. í Noregi 9. september 1918.
29. Valen, Bjarne Linfred, bóndi í Hjarðarnesi, Kjalarneshreppi, Kjósarsýslu, f. í Noregi 22. marz 1913.
30. Wyrwich, Georg, verkamaður, Syðri-Reykjum í Biskupstungum, f. í Þýzkalandi 2. janúar 1930. (Fær réttinn 30. marz 1957.)
31. Young, Gordon Alan, rafvirki í Garðahreppi, f. í Englandi 31. marz 1920.
32. Þorsteinn Ásgeirsson, húsamálari í Reykjavík, f. á Íslandi 9. janúar 1888.
33. Þóra Sveinbjarnardóttir, barn að Hurðarbaki, Reykholtsdalshreppi, Borgarfjarðarsýslu, f. á Íslandi 5. febrúar 1955.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 338. Nefndarálit [18. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 16. maí 1955, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur rætt málið á nokkrum fundum og aflað sér upplýsinga um hag og rekstur Fiskveiðasjóðs Íslands.

Um afgreiðslu málsins hefur nefndin ekki orðið sammála.

Minni hlutinn (PO og SÁ) leggur til, að frumvarpið verði samþykkt.

Meiri hlutinn telur hins vegar vert á það að líta, að frá því að frumvarpið var lagt fyrir þingið, hefur það tvennt gerzt, að ríkisstjórnin hefur fengið fiskveiðasjóði 10 millj. króna lánsfé og í fjárlögum fyrir 1957 er ákveðin 10 millj. kr. lánseftirgjöf af ríkissjóðs hálfu fiskveiðasjóði til handa.

Það er að vísu rétt, að fiskveiðasjóð skortir enn fé til að fullnægja lánseftirspurn. En með því að eigið fé sjóðsins var um s. l. áramót nokkuð á annað hundrað millj. króna og hefur síðan hækkað um 10 millj. kr. samkvæmt nefndri fjárlagaákvörðun, þykir meiri hluta nefndarinnar að svo stöddu eins vel koma til mála að mæta fjárþörf sjóðsins með lántöku eins og beinu ríkisframlagi. Þá er kunnugt, að ríkisstjórnin undirbýr nú frumvarp um breytingar á lögum um Fiskveiðasjóð Íslands, og leggur meiri hluti nefndarinnar því til, að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Sem fylgiskjal þykir meiri hlutanum rétt að birta þær upplýsingar, sem fyrir liggja um efnahag fiskveiðasjóðs um s. l. áramót, en tekur fram, að hér er um óendurskoðaðan reikning að ræða.

Alþingi, 11. marz 1957.

Gísli Guðmundsson, form. Karl Guðjónsson, frsm. Áki Jakobsson.

Fylgiskjal.

FISKVEIÐASJÓÐUR ÍSLANDS

Efnahagsreikningur 31. desember 1956.

Eignir:		
1. Útlán gegn 1. veðrétti	kr.	117445176.71
2. Útlán gegn 2. og 3. veðrétti	—	1501500.00
3. Ríkistryggð vaxtabréf fiskiðjufyrirtækja	—	4735499.98
4. Vaxtabréf skuldaskilasjóðs	—	870500.00
5. Önnur verðbréf	—	707000.00
6. Bankainnstæður	—	22136251.82
7. Viðskiptamenn	—	458774.36
	Kr.	147854702.87
Skuldir:		
1. Ríkissjóður	kr.	20000000.00
2. Innstæður lántakenda	—	14825797.77
3. Viðskiptamenn	—	328759.84
4. Stofnsjóður	—	101000000.00
5. Varasjóður	—	4000000.00
6. Afskriftareikningur	—	7500000.00
7. Yfirfært til næsta árs	—	200145.26
	Kr.	147854702.87

Nd. 339. Breytingartillaga [106. mál]

við frv. til laga um aukinn skattfrádrátt handa skipverjum á fiskiskipum.

Frá Birni Ólafssyni.

2. gr. orðist svo:

Öllum skipverjum, sem verið hafa lögskráðir á íslenzk fiskiskip 4 mánuði eða lengur á viðkomandi skattári, skal við ákvörðun tekjuskatts veittur sérstakur frádráttur, er nemi 30% af álögðum tekjuskatti af tekjum fyrir störf á fiskiskipum.

Ed. 340. Breytingartillaga [83. mál]

við frv. til laga um lax- og silungsveiði.

Frá Sigurvin Einarssyni.

Við 107. gr. Í stað orðanna „missi hana með öllu“ í 1. tölulið komi: missi hana að hálfu eða meir.

Sþ. 341. Þingsályktun [124. mál]

um sameign fjölbýlishúsa.

(Afgreidd frá Sþ. 13. marz.)

Samhljóða þskj. 271.

Nd. 342. Nefndarálit [18. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 16. maí 1955, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á nokkrum fundum, en ekki orðið á eitt sátt um afgreiðslu þess.

Meiri hluti nefndarinnar (GíslG, ÁkJ og KGuðj) sér ekki ástæðu til að mæla með samþykkt frv., en leggur til að vísa því til ríkisstjórnarinnar.

Með hliðsjón af þeirri mikilvægu þörf, sem Fiskveiðasjóður hefur fyrir aukið fjármagn til að geta sinnt þeirri aðkallandi lánastarfsemi, sem löggjöfin frá 1955 kveður á um, er það álit minni hlutans, að Alþingi geti ekki skorazt undan þeirri skyldu sinni að sýna viðleitni til að tryggja sjóðnum aukið starfsfé, og mælir því eindregið með samþykkt frv.

Þar sem fjárlög hafa þegar verið afgreidd fyrir yfirstandandi ár, flytur minni hl. breytingartillögu við 1. gr. frv., að framlag ríkissjóðs, 12 millj. kr. á ári, verði veitt í fyrsta sinn á árinu 1958.

Leggur minni hl. því til, að frv. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist: í fyrsta sinn á árinu 1958.

Alþingi, 12. marz 1957.

Sigurður Ágústsson, frsm. Pétur Ottesen.

Sþ. 343. Þingsályktun [47. mál]

um samtök til aðstoðar öryrkjum.

(Afgreidd frá Sþ. 13. marz.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að athuga möguleika á því, að Samband íslenzkra berklasjúklinga, Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra, Blindrafélag Reykjavíkur og Blindravinafélag Íslands taki höndum saman um að koma á fót og reka vinnuhæli og bæta á annan hátt aðstöðu öryrkja þeirra, sem þessi félög vinna fyrir.

Nd. 344. Breytingartillaga [121. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Á eftir 14. tölul. bætist nýr tölul., svo hljóðandi:

Kjerumgaard, Börge Egon, veitingamaður í Hafnarfirði, f. í Danmörku 7. desember 1914.

Ed. 345. Frumvarp til laga [83. mál]

um lax- og silungsveiði.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

I. KAFLI

Orðaskýringar.

1. gr.

Merking orða í þessum lögum er sem hér segir:

Alifiskur: Fiskur, sem alinn er eða látinn ganga sjálfala í tjörnum eða kössum.

Á: Straumvatn frá ósasvæði til upptaka.

Áll: Sá staður langs eftir vatni, stöðuvatni eða straumvatni, þar sem dýpi er mest milli grynninga eða sandeyra, sem eigi teljast bakkar. Nú eru fleiri álar en einn, og heitir sá höfuðáll, sem vatnsmestur er.

Bakki: Fast takmark á farvegi straumvatns eða legi stöðuvatns, svo sem klettar, gróið land eða eyrar, sem vatn fellur eigi yfir í meðalvexti eða sjór um stórstraumsflæði.

Dráttur: Staður í veiðivatni, þar sem ádráttarveiði verður við komið.

Félagsveiði: Félagsskapur eigenda eða notenda veiðiréttar um sameiginlega hagnýtingu veiðihlunninda.

Fiskeldi: Geymsla, fæðsla og gæzla alifisks.

Fiskihverfi: Veiðivatn eða vötn, sem sami fiskstofn byggir og fer um fram og aftur, eða ætla má að sami fiskstofn byggi og fari um fram og aftur, þá er ræktaður hefur verið.

Fiskrækt: Hvers konar aðgerðir, sem ætla má að skapi eða auki fiskmagn veiðivatns, sbr. 44. gr.

Fiskur: Lax (Salmo salar), silungur (S. trutta og S. alpinus) og regnbogasilungur (S. irideus), ef ræktaður verður.

Fiskvegur: Hvers konar mannvirki, er gerir veiðivötn fiskgeng eða greiðir fiskför um þau.

Föst veiðivél: Veiðitæki, sem fest er í vatni og fiskur getur ánetjazt í eða króazt, svo sem lagnet, króknet, kista og girðing.

Göngusilungur: Silungur, er gengur úr sjó í ósalt vatn, svo sem sjóbirtingur (urriði) og sjóreyður (bleikja).

Kvísl: Hluti af straumvatni, sem fellur sér milli bakka.

Lögn: Staður í vatni, þar sem fastri veiðivél verður við komið.

Ós í á: Sá staður, þar sem straumur þverár sameinast straumi höfuðár.

Ós í sjó: Sá staður, þar sem straumur ár hverfur í sjó um stórstraumslágflæði.

Ós í stöðuvatn: Sá staður, þar sem straumur ár hverfur í stöðuvatni.

Ós úr stöðuvatni: Sá staður, þar sem straumlína ár hefst í stöðuvatni.

Ósasvæði: Svæði í straumvatni, er nær frá ósi í sjó upp til þess staðar, þar sem straumlína hverfur um stórstraumsflæði.

Sjór: Salt vatn utan árósa.

Straumlína (strengur): Lína, sem liggur eftir endilöngu straumvatni um þá staði þess, þar sem straumur er mestur.

Straumvatn: Ósalt vatn, á eða ósasvæði, sem í er greinilegur straumur, þá er enginn vöxtur er í, og um stórstraumslágflæði.

Stöðuvatn: Ósalt vatn, sem eigi er í greinilegur straumur, annar en sá, sem stafar af sjávarföllum, vindi eða aðrennsli í leysingum.

Vatn: Ósalt vatn með föstu legi eða farvegi, straumvatn eða stöðuvatn.

Vatnasilungur: Silungur, sem elur allan aldur sinn í ósöltu vatni, svo sem vatnaurriði, vatnableikja (reyður), lækjarsilungur og murta.

Veiðimagn: Samanlögð þyngd veiddra fiska.
Veiðimál: Hvers konar mál, er lúta að lax- og silungsveiði, fiskrækt eða fiskeldi.
Veiðitala: Tala veiddra fiska.
Veiðivatn: Á eða stöðuvatn, sem veiði er í eða mætti í vera, ef fiskur væri ræktaður þar.
Veiðivél: sjá föst veiðivél.

II. KAFLI
Um veiðirétt.

2. gr.

1. Landeiganda er einum heimil veiði í vatni á landi sínu, enda sé eigi öðruvísi mælt í lögum þessum.
2. Nú hefur maður fengið veiðiskírteini, slíkt er getur í 22. gr., og er honum þá veiði heimil hvar sem er til fiskræktar eða vísindalegra rannsókna. Eigi má drepa fisk, sem veiddur er vegna fiskræktar. Veiðieiganda er rétt að hagnýta sér fisk, sem veiddur er til vísindalegra rannsókna. Að öðru leyti ber veiðieiganda ekki endurgjald fyrir veiði þessa.
3. Nú er jörð byggð á leigu, og fylgir þá veiði ábúð, nema öðruvísi semjist og ráðherra samþykki að fengnu áliti veiðimálastjóra.
4. Eigi má skilja veiðirétt að nokkru eða öllu leyti við landareign, hvorki fyrir fullt og allt né um tiltekinn tíma, sbr. þó 5. mgr. 14. gr. og 2. mgr. 60. gr., annan en stangarveiðirétt, en hann má skilja við landareign um tiltekið tímabil, er þó má eigi vera lengra en 10 ár, nema leyfi ráðherra komi til og veiðimálastjóri og veiðimálanefnd mæli með því, að leyfið sé veitt.
5. Nú er réttur til stangarveiði skilinn við landareign samkvæmt 4. mgr., og er þá löglegt, að landeigandi afsali sér jafnframt afnotarétti til annarrar veiði í því vatni það tímabil, er stangarveiði er við landareignina skilin.

3. gr.

1. Veiðiréttindi, er skilin hafa verið við landareign, áður en lög þessi tóku gildi, er eigendum landareigna þeirra, er þau ella mundu hafa fylgt samkvæmt 1. mgr. 2. gr., rétt að leysa til sín, hverjum fyrir sinni landareign, ef ráðherra leyfir, að fengnu samþykki veiðimálanefndar, enda krefjist ¾ hlutar þeirra innlausnar. Nú á maður fleiri jarðir en eina, og hefur hann þá eitt atkvæði fyrir lögbýli hvert, sem metið er til verðs í gildandi fasteignamati. Erfðafestuhafi skal fara með atkvæði jarða í erfðafestu í stað eiganda. Nú er landareign í óskiptri sameign, og kemur þá fulltrúi frá eigendum, er fer með eitt atkvæði fyrir þá jörð.
2. Nú er innlausnar krafizt samkvæmt 1. mgr., en eigi af hálfu allra þeirra landeigenda, er innlausnarrétt eiga, og getur þá eigandi veiðiréttar krafizt þess, að þeir landeigendur, sem innlausnar krefjast, leysi til sín veiðirétt hinna, er eigi vilja innleysa.
3. Um mat á andvirði veiðiréttar og greiðslu þess fer eftir því, sem segir í 107. og 109. gr.

4. gr.

1. Nú er landareign eða veiðiréttur í óskiptri sameign, og er þá sameigendum öllum veiði jafnheimil. Rétt er þeim, er telst vanhaldinn, að krefjast skipta á veiði, annaðhvort svo, að hvor eða hver hafi sinn hluta vatns eða veiði sinn tíma, dag eða viku, að tiltölu við eignarhluta sinn, en eigi skulu skipti lengur standa en fimm ár um sinn. Mat skal ráða, ef menn skilur á um veiðiskipti.

2. Nú er landareign í sameign, en skipt eftir merkjum, afnotaskiptum eða eignar, og á þá sameigandi hver veiði fyrir sínu landi, nema skipt hafi verið veiði samkvæmt 1. mgr. eða önnur lögmæt skipun verið á ger.

5. gr.

Búendum, sem rétt eiga til upprekstrar á afrétt, er einum heimil veiði í vötnum á þeim afrétti til búsþarfa á sama hátt sem verið hefur, enda sé veiðiréttur í þeim vötnum eigi einkaeign. Eigi má leigja veiði í slíkum vötnum eða leyfa hana með öðrum hætti. Nú er veiðifélag stofnað við slík vötn, og er því þá heimilt að ráðstafa veiði, eftir því, sem það telur henta.

6. gr.

Nú skilur vatn landareignir, enda fylgi veiðiréttur báðum landareignum, og er þá landeiganda hvorum veiði jafnheimil. Hvorum þeirra er einungis heimilt að standa að stangarveiði sínum megin ár, en bjarga má hann fiski að hinu landinu, ef nauðsyn ber til. Nú er ádráttarveiði leyfð, og má þá draga vað að hvoru landi sem vill, en bæta skal landspell eftir mati, ef eigi semur. Skipta má veiði samkvæmt 4. gr.

7. gr.

Nú leggst á eða lækur í nýjan farveg eða stöðuvatn tekur sér nýtt leg, og hverfur þá veiðiréttur til þess, sem land á undir, sbr. þó 7. og 8. gr. laga nr. 15 1923.

8. gr.

1. Landeigendum, er land eiga að stöðuvatni, er einum heimil veiði í almenningi vatns, og er hún þeim öllum jafnheimil. Nú er forn venja til þess, að veiðiréttur í almenningi stöðuvatns fylgi tiltekinni eða tilteknum landareignum, og skal sú venja gilda framvegis.

2. Nú hefur dorgarveiði um ís verið tíðkuð að undanförnu í almenningi vatns frá jörðum, er ekki eiga land að vatninu, og skal þá slík veiði heimil framvegis.

3. Rétt er að skipta veiði þeirri, er getur í þessari grein, eftir 4. gr.

9. gr.

Eigi má maður leyfa öðrum veiði fyrir sameignarlandi eða í félagsvatni (4. gr. 1. mgr.) eða almenningi (8. gr. 1. og 2. mgr.), en veiðifélagi skal þó heimilt að leyfa veiði á slíkum stöðum.

III. KAFLI

Um skrásetningu veiðivatna, merkingu veiðarfæra og veiðiskýrslur.

10. gr.

1. Skrásetja skal veiðivötn.
2. Í skránni skal greina:

a. Nafn veiðivatns og legu.
b. Hvaða jörðum fylgi veiðiréttur í vatni og frá hvaða jörðum veiði hafi stundað verið.
c. Veiðiaðferðir, er tíðkaðar hafa verið í vatni.
d. Fastar veiðivélar, er notaðar voru í vatni síðasta veiðitíma, áður en lög þessi tóku gildi, og svo þær, er síðar eru teknar til notkunar.
e. Lagnir, drætti og hrygningarstaði í vatni.
f. Fossa og aðrar fyrirstöður fyrir fiskför í vatni.
g. Önnur atriði, sem máli skipta um veiði í vatni og þörf þykir að skrásetja.

3. Veiðimálastjóri hefur með höndum skrásetningu veiðivatna. Öllum veiðieigendum er skylt að gefa honum þær skýrslur, sem hann óskar, um þau atriði, er skrásetja þarf.

4. Ráðherra er rétt að setja með reglugerð nánari ákvæði um skrásetningu veiðivatna. Í reglugerðinni má ákveða, hver veiðivötn skuli skrásetja.

11. gr.

1. Ákveða má í samþykkt fiskræktarfélags eða reglugerð, er ráðherra setur, að merkja skuli tilteknu merki öll ádráttarnet og lagnet, sem nota á til veiði í tilteknu vatni, og svo lagnet, er nota á til silungsveiða í sjó.

2. Eftirlitsmaður með veiði hefur með höndum merkingu veiðarfæra eða hreppstjóri, þar sem eigi er eftirlitsmaður við veiðivatn.

12. gr.

1. Hver sá, sem veiði stundar, skal gefa skýrslu um veiði sína. Eigandi veiðiréttinda eða veiðifélag, ef til er, skal heimta veiðiskýrslur af veiðimanni og senda þær veiðimálastjóra.

2. Skýrslur þessar skulu gerðar eftir fyrirmynd, er veiðimálastjóri setur, og skal hann sjá um, að þeir menn, sem skýrslur eiga að gefa, geti fengið skýrslueyðublöð ókeypis. Kostnaður af prentun eyðublaða greiðist úr ríkissjóði.

3. Eftirlitsmaður með veiði eða hreppstjóri, þar sem eigi er eftirlitsmaður við veiðivatn, skulu safna veiðiskýrslum hver í sínu umdæmi og senda þær veiðimálastjóra.

13. gr.

1. Ráðherra er heimilt að fyrirskipa, að hver sá, sem kaupir lax eða silung, veiddan innanlands, til sölu innanlands eða utan, og svo gistihús, matsöluhús, sjúkrahús og þess háttar stofnanir, er kaupa þessa vöru, skuli á mánuði hverjum gefa skýrslu um þessi kaup. Ráðherra setur nánari reglur um slíka skýrslugerð.

2. Ráðherra er rétt að setja reglur um merkingu lax og silungs, sem boðinn er til sölu.

IV. KAFLI
Um friðun lax og göngusilungs.

14. gr.

1. Eigi má veiða lax í sjó.

2. Nú veiðist lax í sjó í veiðitæki, sem ætluð eru til veiði annarra fiska, og skal þá þeim, er veiðir, skylt að sleppa honum í sjó aftur.

3. Nú hefur laxveiði í sjó verið metin sérstaklega til dýrleika í fasteignamati því, er öðlaðist gildi árið 1932, eða tillit hefur verið tekið til hennar við ákvörðun fasteignaverðs í því mati, og er þá sú veiði leyfileg.

4. Veiði lax og göngusilungs í sjó skal hlíta sömu reglum sem veiði í ósöltu vatni, eftir því sem unnt er. Ráðherra setur reglur um þessa veiði.

5. Nú liggur veiðivatn svo nærri sjávarveiði, slíkri sem getur í 3. mgr., að veiðimálastjóri telji, að sjávarveiðin rýri veiði í vatninu, en veiðieigendur í vatninu, einn eða fleiri, vilja leysa sjávarveiðina til sín, og er ráðherra þá rétt að leyfa það, að fengnu samþykki veiðimálanefndar. Um mat á andvirði veiðiréttar og greiðslu þess fer eftir því sem segir í 107. og 109. gr.

6. Rétt er ráðherra að takmarka eða banna veiði göngusilungs í sjó á tilteknum svæðum og um tiltekinn tíma, enda æski veiðinotendur eða fiskræktar- eða veiðifélag slíkrar friðunar og sýslunefnd mæli með henni eða bæjarstjórn, ef veiði er fyrir bæjarlandi.

15. gr.

1. Veiða má silung í sjó á færi og á stöng, í ádráttarnet og í lagnet, þó eigi í króknet, fleygnætur, herpinætur né önnur veiðitæki, þau er lax má í veiða.

2. Eigi má leggja silunganet né hafa ádrátt í sjó nær ósi straumvatns en 500 metra, enda gangi lax í það vatn. Rétt er ráðherra eftir tillögum veiðimálastjóra að setja reglur um veiðitæki og möskvastærð netja við slíka ósa. Þó getur ráðherra að fengnu áliti veiðimálastjóra leyft ádrátt fyrir síld og loðnu á friðuðu svæði tiltekinn tíma árs.

16. gr.

1. Eigi má hafa ádrátt í ósi straumvatns eða ósasvæði.

2. Eigi má stunda aðra veiði en stangarveiði í árós í á eða árós í stöðuvatn og eigi 100 metra upp frá slíkum ósum eða 250 metra niður frá þeim. Eigi má heldur veiða fisk í árósi úr stöðuvatni, er lax eða göngusilungur fer um, né 50 metra upp eða niður frá slíkum ósi.

3. Ráðherra er rétt með samþykki veiðimálanefndar, hlutaðeigandi veiði- eða fiskræktarfélags, ef til er, og eftir tillögum veiðimálastjóra að banna alla veiði eða tilteknar veiðiaðferðir upp eða niður frá ósi, enda þyki það nauðsynlegt til viðhalds veiði í vatni. Bann þetta skal standa tiltekinn tíma, og má binda það því skilorði, að veiðieigendur eða ábúendur greiði bætur þeim aðila, sem öðrum fremur missir af veiði vegna slíks banns. Ákveða má bætur með mati samkvæmt 107. gr., ef eigi semur.

17. gr.

Í straumvatni eða hluta straumvatns, þar sem veiði er stunduð með föstum veiðivélum, skal fiskur eiga frjálsa för eftir miðju vatni, og nefnist þar gönguhelgi. Hún tekur yfir þriðjung af breidd straumvatns um miðbik, en helming af breidd óss eða ósasvæðis. Þó skal fiskur eiga frjálsa för eftir aðalstraumlínu, þótt skemmra liggi frá bakka en nemi þriðjungi af breidd vatns. Nú greinir menn á um gönguhelgi eða aðalstraumlínu, og má þá skjóta þeim ágreiningi til mats samkvæmt 107. gr.

18. gr.

1. Eigi má veiða lax nema á tímabilinu frá 20. maí til 20. september ár hvert. Nú telst sannað, að fiskur hrygni í veiðivatni í september, og er ráðherra þá rétt eftir tillögum veiðimálastjóra að ákveða, að veiðitíma ljúki fyrr í því vatni. Ádráttarveiði er eigi heimil eftir 31. ágúst.

2. Á tímabili því, er getur í 1. mgr., má hvergi stunda laxveiði lengur en 3 mánuði. Rétt er ráðherra að setja nánari reglur um veiðitíma í vatni hverju, að fengnum tillögum stjórnar hlutaðeigandi veiðifélags og veiðimálanefndar og með samþykki veiðimálastjóra.

3. Göngusilung má einungis veiða frá 1. apríl til 20. september ár hvert. Þá er sérstaklega stendur á, getur ráðherra eftir tillögum veiðimálastjóra leyft, að göngusilungur sé veiddur utan þess tíma í lagnet, á stöng og færi.

4. Frá 1. apríl og þar til lavxeiði hefst, má eigi nota önnur veiðitæki til veiði göngusilungs en stöng og færi, lagnet og ádráttarnet.

5. Nú veiðist lax á tímabilinu frá 1. apríl og þar til laxveiðitími hefst, og er þeim, er veiðir, skylt að sleppa honum í vatn aftur.

6. Á friðunartíma þeim, sem getur í þessari grein, skulu allar fastar veiðivélar teknar upp úr veiðivatni, sbr. þó 3. mgr.

19. gr.

1. Á veiðitíma þeim, er getur í 18. gr., skal lax og göngusilungur vera friðaður gegn allri veiði, annarri en stangarveiði, 84 stundir á viku hverri, frá föstudagskvöldi kl. 9 til þriðjudagsmorguns kl. 9. Ádrátt má aldrei hafa frá kl. 9 síðdegis til kl. 9 árdegis og aldrei nema tvo daga í viku hverri, þriðjudag og miðvikudag. Stangarveiði

og veiði með færi má eigi stunda frá kl. 10 síðdegis til kl. 7 árdegis og aldrei lengur en 12 klukkustundir á sólarhring hverjum. Nú fer lax og göngusilungur um stöðuvatn, og skal hann friðaður þar, svo sem nú var sagt.

2. Ráðherra er rétt að ákveða, að friðun sú, sem getur í 1. mgr., skuli gilda aðra daga ofar í straumvatni en neðar, enda telji veiðimálastjóri það nauðsynlegt til jöfnunar fiskgengd í því vatni.

20. gr.

1. Ráðherra er rétt eftir tillögum veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar að friða tiltekin svæði í vatni, þar sem fiskur safnast saman til hrygningar eða vegna fyrirstöðu á göngu, svo sem undir fossum, enda telji veiðimálastjóri, að veiði á þeim stöðum sé hættuleg fiskstofni vatnsins. Friðun þessa má binda við tiltekinn tíma. Slík friðun er því skilyrði háð, að veiðieigendur eða ábúendur í fiskihverfi greiði bætur þeim aðila, sem missir verulega og öðrum fremur af veiði vegna friðunar. Ákveða má bætur með mati samkvæmt 107. gr., ef eigi semur.

2. Ráðherra er rétt eftir tillögum veiðimálastjóra að friða heilt vatn gegn allri veiði eða einstökum veiðiaðferðum, enda sé sú friðun nauðsynleg til verndar fiskistofni þess vatns, en leita skal hann samþykkis hlutaðeigandi veiði- eða fiskræktarfélags og veiðimálanefndar.

21. gr.

1. Eigi má veiða lax minni en 35 cm að lengd og eigi göngusilung minni en 20 cm að lengd.

2. Nú veiðist lax eða göngusilungur minni en segir í 1. mgr., og skal þá þeim, er veiðir, skylt að sleppa honum aftur í vatn.

22. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 16.—21. gr. er leyfilegt að veiða lax eða göngusilung til klaks eða vísindalegrar rannsóknar, hvenær sem er, hvar sem er og án tillits til stærðar.

2. Til veiði þeirrar, er getur í 1. mgr., þarf veiðiskírteini. Ráðherra gefur út veiðiskírteini, að fengnum meðmælum veiðimálastjóra. Veiðiskírteini skal gefið út handa einstaklingi, fiskræktarfélagi eða veiðifélagi, og gildir það um tiltekinn tíma. Veiðiskírteini til klaks veitir eigi rétt til veiði í öðru fiskihverfi en því, sem klakið er í, nema með fullu samþykki veiðieigenda eða fiskræktarfélags, ef til er, og má binda leyfi því skilyrði, að sleppt sé hæfilegri tölu seiða í það vatn, sem veitt var í.

3. Rétt er ráðherra að fengnum tillögum veiðimálastjóra að skipa eftirlitsmann með veiði í klak, þegar þurfa þykir, og skal sá, er veiðiskírteini fær, bera kostnað af eftirliti. Með sama skilorði getur ráðherra sett reglur um, hvar og hvernig sleppa skuli aliseiðum eða fiski í veiðivatn.

23. gr.

1. Frá 25. september til 20. maí ár hvert er bannað að gefa, selja eða láta af hendi með öðrum hætti lax, kaupa hann, þiggja að gjöf, taka við honum eða flytja hann úr landi.

2. Bann það, er getur í 1. mgr., tekur eigi yfir:

a. Lax og göngusilung, sem sannanlega er veiddur erlendis.
b. Lax og göngusilung, sem sannanlega er veiddur á löglegum tíma, enda sé hann afhentur eða útfluttur frystur, saltaður, reyktur eða niðursoðinn.
c. Lax og göngusilung og seiði þeirra, sem afhent eru til fiskræktar innanlands.
d. Alifisk.

3. Sá, er sóttur er til sakar fyrir brot gegn banni því, sem felst í þessari grein, er sýkn, ef hann sannar, að fiskur sé veiddur erlendis eða á löglegum tíma.

V. KAFLI
Um friðun vatnasilungs.

24. gr.

1. Vatnasilungur, annar en murta, skal vera friðaður fyrir allri veiði eigi skemmri tíma en í 3 mánuði á tímabilinu frá 15. ágúst til 1. marz ár hvert. Veiðimálastjóri skal ákveða lengd friðunartíma í vatni hverju, en leita skal hann umsagnar fiskræktarfélags, ef til er.

2. Ráðherra er rétt að fengnum tillögum veiðimálastjóra að ákveða allt að tveggja sólarhringa friðun á viku hverri í stöðuvatni.

3. Ráðherra er rétt eftir tillögum veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar að leyfa lagnetjaveiði til heimilisnota á friðunartíma þeim, er getur í 1. mgr., þar sem friðunartími er ákveðinn lengri en 4 mánuðir. Leyfi þetta skal binda nauðsynlegum skilyrðum til að tryggja, að hrygnandi fiskur verði eigi veiddur á þennan hátt, svo sem skilyrði um fjarlægð lagna frá hrygningarstöðvum.

4. Ráðherra getur eftir tillögum veiðimálastjóra sett reglur um friðun vatnasilungs, þar sem hann hrygnir að sumarlagi.

25. gr.

1. Ráðherra er rétt með samþykki veiðimálanefndar og eftir tillögum veiðimálastjóra að banna að nokkru eða öllu silungsveiði á tilteknum svæðum í vatni, þar sem hitasilungur eða ungviði safnast fyrir.

2. Rétt er ráðherra eftir tillögum veiðimálastjóra að takmarka eða fella með öllu niður friðun þá, er getur í 24. gr. og 1. mgr. þessarar greinar, enda þyki nauðsynlegt að fækka fiski í vatni eða uppræta úr því úrkynjaðan fiskstofn í því skyni að rækta annan stofn kynbetri.

3. Ákvæði greinar þessarar um friðun og undanþágu frá friðun má binda við tiltekið tímabil.

26. gr.

Ákvæði 22. gr. taka einnig yfir veiði vatnasilungs.

VI. KAFLI
Um veiðitæki og veiðiaðferðir.

27. gr.

1. Í straumvatni má nota þau ein veiðarfæri, sem hér segir: Færi, stöng, lagnet og króknet.

2. Ráðherra er rétt eftir tillögum veiðimálastjóra að leyfa veiði með girðingum, kistum og ádráttarnetjum, þar sem sérstaklega hagar til, enda setji hann með sama skilorði ákvæði um gerð og notkun þessara veiðitækja umfram það, sem segir í lögum þessum.

3. Ráðherra getur leyft, að reynd séu eða upp tekin önnur veiðarfæri, m. a. til vísindalegra þarfa, enda mæli veiðimálanefnd og veiðimálastjóri með því. Slík leyfi skal binda þeim skilyrðum um gerð veiðitækja og notkun, sem nauðsynleg þykja.

4. Eigi má fjölga lögnum frá því, sem verið hefur síðustu fimm ár fyrir gildistöku laga þessara. Nú er breytt um veiðiaðferð og veiði með föstum veiðivélum tekin upp, og skal þá heimilt að nota gamlar lagnir, sem löglegar teljast samkvæmt ákvæðum þessara laga. Einnig er það heimilt, ef veiði hefur eigi verið stunduð um ákveðið árabil, en er tekin upp aftur.

5. Nú þykja ákvæði þessara laga um friðun og veiðitæki eigi veita fiskstofni vatns nægilega vernd gegn ofveiði, og er ráðherra rétt eftir tillögum veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar að fækka föstum veiðivélum í því vatni.

28. gr.

1. Eigi má veiða fisk með krók eða sting eða í háf. Þó má nota þessi tæki til þess að bjarga á land fiski, sem fastur er á öngli, í neti eða gildru, og skal gerð þeirra miðuð við þau not ein.

2. Eigi má veiða fisk með því að veita af honum vatni.

29. gr.

1. Lagnet og króknet skulu liggja frá bakka eða garði, er gengur þvert á straum út frá bakka, beint út í straumvatn eða forstreymis. Leiðara má hafa niður frá krók, og telst hann hluti veiðivélar.

2. Í vatni, sem lax eða göngusilungur fer um, má eigi leggja lagnet svo, að af verði gildra.

3. Lagnet og króknet, sem notuð eru í straumvatni, er lax og göngusilungur fer um, mega eigi vera smáriðnari en svo, að 4.5 cm verði milli hnúta, þá er net eru vot. Sama máli gegnir um leiðara frá krókneti eða annarri veiðivél.

4. Eigi má nota tvöföld net. Í straumvatni, sem mikið ber með sér af slýi eða slafaki, má þó hafa net til varnar fyrir reki þessu. Slík varnarnet mega þó hvergi vera nær neti eða garði en 3 m, og skulu þau vera þannig gerð, að fiskur geti ekki ánetjazt í þeim eða króazt. Veiðimálastjóri setur reglur um gerð varnarnetja.

30. gr.

1. Við veiði með færi og stöng skal nota agn, lifandi eða dautt, sem fiskur eltir og tekur. Aldrei má við slíka veiði nota krækjur né neitt annað, sem festir í fiski, að honum óvörum og án þess að hann elti það.

2. Eigi má stunda stangarveiði nær föstum veiðivélum né stöðum, þar sem veitt er með ádrætti, en 100 metra. Þó má bilið ekki vera skemmra en sem svarar fimmfaldri lengd veiðivélarinnar, sem næst liggur.

3. Veiðimálastjóri ákveður með samþykki veiðimálanefndar, hversu margar stengur megi hafa um sinn í veiðivatni. Leita skal hann um það álits fiskræktarfélags eða veiðifélags, ef til er. Þar sem veiðifélag er eigi til, skulu veiðieigendur skipta með sér veiði í hlutfalli við veiðiaðstöðu, sbr. 70. gr.

4. Nú rís ágreiningur um skiptingu veiðitíma, veiðistaði eða leigu eftir veiði milli notenda veiðiréttar í vatni, slíku er ræðir um í 3. mgr., og er þá þeim, er telur sig vanhaldinn, rétt að krefjast mats samkvæmt 107. gr. laga þessara.

31. gr.

1. Girðing í straumvatni, sem lax eða göngusilungur fer um, skal þannig gerð, að hlið sé á henni, eigi minna en 5 m breitt við inngang í gildru eða veiðikró. Veiðimálastjóri getur mælt svo fyrir, að hlið skuli höfð á girðingu, þar sem hún liggur yfir ál, sem ætla má, að mikil fiskför sé um. Hlið þessi skulu standa opin þann tíma viku, sem vatn er friðað samkvæmt 19. gr. Eigi má hafa nema einn leiðara við girðingu, og telst hann hluti veiðivélarinnar.

2. Inngangur í veiðikrær skal vita undan straumi, og má leiðari frá girðingu aldrei liggja á móti straumi né girðingu að öðru leyti vera þannig hagað, að hætta sé á, að hún taki fisk, sem forstreymis gengur.

32. gr.

1. Laxakista eða silunga skal þannig gerð, að í þeirri hlið kistu, er mest veit móti straumi, séu eigi færri en tíu spelar sívalir, er standi lóðrétt og nái frá botni kistunnar til yfirborðs vatns. Slár má því einungis hafa milli spela, að þær gangi þvert á þá, og sé aldrei minna bil en 50 cm á milli slánna.

2. Garður sá, sem gengur milli lands og kistu, skal einnig vera gerður úr spelum, og skal spelum og slám á milli þeirra vera svo fyrir komið sem segir í 1. mgr. Á garði þessum skal vera hlið, þar sem straumur er mestur eða ætla má að fiskur

eigi greiðasta för í þeim hluta ár, er garðurinn nær yfir. Má hliðið eigi þrengra vera en 50 cm og ná frá botni til yfirborðs vatns.

3. Garður sá, sem gengur forstreymis frá kistu, skal vera gerður úr spelum, og skal spelum og þverslám í garðinum svo hagað sem segir í 1. mgr. Veiðimálastjóri getur skipað fyrir um, að sett skuli hlið á garð þennan, þar sem ætla má, að fiskför verði mest í þeim hluta straumvatns, er garðurinn nær yfir. Hlið þessi skulu svo gerð sem fyrir er mælt í 2. mgr.

4. Kistum skal þannig fyrir komið, að auðvelt sé að ganga að þeim til eftirlits.

33. gr.

1. Eigi má draga ádráttarnet yfir meira en ⅔ hluta af breidd straumvatns í senn, og skal fiskför því jafnan vera frjáls og óhindruð um þriðjung af breidd vatnsins, sbr. 17. gr.

2. Fyrirstöðunet eða annað, er tálmar undankomu fisks, má eigi nota við ádrátt. Eigi má ádráttarnet vera tvöfalt.

3. Eigi má hafa ádrátt nær fastri veiðivél en 200 metra.

34. gr.

1. Aldrei má föst veiðivél, né nokkur hluti hennar, ná lengra út frá bakka en svo, að utan hennar verði ⅔ hlutar af breidd ár, en ¾ af breidd óss eða ósasvæðis, sbr. 17. gr., og skal mælt þvert á meginstraumstefnu. Aldrei má veiðivél ná lengra út en í aðalstraumlínu eða í miðjan höfuðál óss eða ósasvæðis.

2. Í vatni, sem lax eða göngusilungur fer um, skulu lagnet, króknet og net í öðrum veiðivélum eigi vera smáriðnari en svo, að 4.5 cm verði milli hnúta, þá er net eru vot. Í kistum og görðum að kistum má eigi vera skemmra á milli spela en 4.5 cm.

3. Garður að lagneti og krókneti skal þannig gerður, að fiskur geti eigi ánetjazt eða orðið fastur í honum. Veiðimálastjóri setur nánari ákvæði um gerð garðs.

4. Eigi má hafa fleiri en eitt lagnet, einn krók, kistu eða veiðikró í veiðivél hverri.

5. Þann tíma viku, sem fiskur er friðaður gegn veiði samkvæmt 19. gr., skulu kistur og veiðikrær vera tryggilega lokaðar, en lagnet og króknet upp tekin eða svo um þau búið, að fiskur geti með engu móti í þau veiðzt eða hindrazt af þeim á göngu sinni. Veiðimálastjóri getur mælt svo fyrir, að á garði að lagneti, krókneti, kistu eða veiðikró skuli höfð fleiri hlið en áður getur, og skulu þau standa opin þann tíma viku, er vötn eru friðuð samkvæmt 19. gr. Hlið á girðingum að kistu eða veiðikró skulu opin standa á sama tíma. Veiðimálastjóra er rétt að setja nánari reglur um þetta efni.

6. Þá er veiðitíma er lokið ár hvert, skal taka veiðivélar upp úr vatni, svo fljótt sem unnt er. Veiðimálastjóra eða eftirlitsmanni er rétt að taka upp veiðivél á kostnað eiganda, er eigi tekur hana upp á réttum tíma.

35. gr.

1. Milli fastra veiðivéla, hvort sem þær eru sömu megin í straumvatni eða sitt frá hvoru landi, skal jafnan vera 100 metra bil eftir endilöngu vatni, þar sem skemmst er á milli þeirra. Sé breidd straumvatns 100 metrar eða meir, mega veiðivélar vera andspænis frá báðum bökkum, en þó eigi nær veiðivél frá sama bakka en 100 metra. Þó má bil aldrei vera skemmra en fimmföld lengd veiðivélar frá bakka og út á vatn. Leiðari, er liggur frá fastri veiðivél, telst hluti hennar. Ráðherra er rétt að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar málsgreinar, þegar sérstaklega stendur á og veiðimálastjóri mælir með því.

2. Lengd fastrar veiðivélar skal miða við það, að meðalrennsli sé í straumvatni.

3. Til lengdar fastrar veiðivélar samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar telst fjarlægð hennar frá bakka straumvatns, hvort sem girt er yfir allt það svæði eða eigi. Leiðari telst og til fastrar veiðivélar. Nú rýrnar veiðiaðstaða vegna þessa ákvæðis og veiðirýrnun nemur meiru en helmingi, miðað við fyrri veiði, og skulu þá þeim, er missir í, ákveðnar bætur samkvæmt 107. gr. og 2. mgr. 108. gr.

4. Nú hagar svo til, að styttra verður milli lagna tveggja veiðieigenda en leyfilegt er samkvæmt þessari grein, en hvorugur vill víkja, og skal mat skera úr ágreiningi. Þar sem föst veiðivél er sett, skal lögn vera löggilt af lögreglustjóra í samráði við veiðimálastjóra. Nánari ákvæði um löggildingu lagna getur ráðherra sett.

36. gr.

1. Í þann hluta straumvatns, sem fiskur á frjálsa för um fram hjá fastri veiðivél, má eigi láta grjót eða aðra hluti, er tálma för fisksins fram hjá veiðivélinni. Eigi má heldur dýpka farveg straumvatns niður frá fastri veiðivél eða upp frá henni, svo að þar verði dýpi meira en utan veiðivélarinnar.

2. Nú hefur veiðieigandi brotið gegn ákvæðum 1. mgr., og skal honum þá skylt, þá er krafizt er, að nema farartálmann á brott eða fylla farveg svo, að í samt lag komist. Verk þetta má eftirlitsmaður með veiði eða hreppstjóri láta vinna á kostnað veiðieiganda, ef hann lætur eigi vinna það sjálfur. Veiðivél skal þá og upp tekin, og má eigi setja hana niður fyrr en straumvatn er komið í samt lag og áður.

3. Bannað er að styggja eða teygja fisk í fasta veiðivél, ádráttarnet eða á veiðistað, svo sem með hávaða, grjótkasti eða ljósum.

37. gr.

Nú rennur straumvatn í kvíslum, og skal þá svo haga veiði í kvísl hverri sem væri hún sérstakt vatn. Þó getur ráðherra eftir tillögum veiðimálastjóra leyft að leggja veiðivél út í miðja kvísl, ef eigi er lagt nema í eina.

38. gr.

1. Í stöðuvatni má nota þau veiðitæki ein, er hér segir: Færi, dorg, stöng, lóð, lagnet og ádráttarnet. Þó getur ráðherra leyft, að notuð séu önnur veiðitæki samkvæmt því, sem segir í 3. mgr. 27. gr.

2. Eigi má hafa ádrátt í almenningi stöðuvatns. Ráðherra er þó rétt að veita undanþágu frá ákvæði þessu, enda mæli veiðimálastjóri og veiðimálanefnd með því.

3. Ráðherra er rétt að fengnum tillögum veiðimálastjóra að setja reglur um fjölda, gerð og notkun þeirra veiðitækja, sem leyfð eru samkvæmt 1. mgr., og um lágmarksstærð silungs, er veiða má.

4. Veiði í stöðuvatni, sem lax og göngusilungur fer um, skal hlíta sömu ákvæðum sem í straumvatni væri um fjarlægð veiðivéla og gönguhelgi.

5. Nú veiðist vatnasilungur minni en leyfilegt er að veiða samkvæmt reglum þeim, er getur í 3. mgr., og skal þeim, er veiðir, skylt að sleppa honum aftur í vatn.

VII. KAFLI

Um fiskvegi og aðra mannvirkjagerð í veiðivötnum.

39. gr.

1. Ráðherra er rétt að leyfa, að gerður sé fiskvegur í vatni eða meðfram vatni, enda samþykki veiðimálastjóri gerð fiskvegar og hafi umsjón með framkvæmd verksins.

að hverju námskeiði loknu. Ráðuneytið telur, að þetta ákvæði verði til þess að draga úr aðsókn að prófunum og þannig til þess að hindra, að það takist að leysa þann vanda, sem fyrst og fremst verður að horfast í augu við, að afla nægilega margra réttindamanna til skipstjórnarstarfa á bátaflotanum, ekki með undanþáguveitingum, eins og gert hefur verið nú um nokkurra ára skeið, til að firra vandræðum, heldur með því að færa þeim mörgu mönnum, sem lokið hafa skipstjórnarprófi fyrir allt að 30 rúmlesta báta, hentugt tækifæri til að afla sér aukinnar menntunar, sem nægi til skipstjórnar á allt að 100 rúmlesta bátum.

Virðist ráðuneytinu heppilegri sú leið, sem farin var með hið minna fiskimannapróf samkvæmt lögunum um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, nr. 104 23. júní 1936, en samkvæmt 19. gr. laganna um stýrimannaskólann í Reykjavík, nr. 100 23. júní 1936, skyldu þessi próf haldin annað hvert ár, á sömu stöðum og hér er lagt til og á sama tíma.

Þessi tilhögun var, eins og kunnugt er, lögð niður árið 1945. Að öðru leyti er frumvarp ráðuneytisins samhljóða tillögum nefndarinnar.

Ed. 353. Nefndarálit [106. mál]

um frv. til laga um aukinn skattfrádrátt til handa skipverjum á fiskiskipum.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað framvarpið og leggur einróma til, að það verði samþykkt. — Einn nefndarmanna, JJós, var fjarstaddur afgreiðslu málsins vegna veikinda.

Alþingi, 18. marz 1957.

Bernh. Sefánsson, form.	Björn Jónsson, fundaskr.	Eggert G. Þorsteinsson, frsm.
	Gunnar Thoroddsen.	

Sþ. 354. Þingsályktun [134. mál]

um endurskoðun lagaákvæða um löggæzlu á skemmtisamkomum og þjóðvegum.

(Afgreidd frá Ed. 18. marz.)

Samhljóða þskj. 335.

Ed. 355. Breytingartillaga [83. mál]

við brtt. á þskj. 346 [Lax- og silungsveiði].

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Meginmál brtt. orðist svo:

Á veiðitíma þeim, er getur í 18. gr., skal lax og göngusilungur vera friðaður gegn allri veiði, annarri en stangarveiði, 84 stundir á viku hverri, frá föstudagskvöldi kl. 9 til þriðjudagsmorguns kl. 9. Friðunartíma þennan má stytta í 60 stundir á viku, sé að dómi veiðimálastjóra, veiðimálanefndar og hlutaðeigandi veiðifélags, ef til er, engin hætta á, að um þverrandi fiskstofn sé að ræða á viðkomandi veiðisvæði.

Sþ. 356. Tillaga til þingsályktunar [136. mál]

um vetrarflutninga á mjólkurframleiðslusvæðum.

Frá fjárveitinganefnd.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta í samráði við vegamálastjóra athuga, hvernig hægt sé á hagkvæmastan og öruggastan hátt að halda uppi nauðsynlegum flutningum á mjólkurframleiðslusvæðum, þegar snjóalög eru.

Greinargerð.

Framleiðsla mjólkur til sölu krefst daglegra flutninga. Neytendur þurfa vörunnar með dag hvern, og mjólk geymist ekki óskemmd nema skamma stund.

Þar sem mjólk er nú orðin aðalframleiðsluvara bænda á stórum landsvæðum, er augljóst, að öruggir og hagkvæmir flutningar eru bændum þar, neytendum mjólkurinnar og þjóðarbúskapnum í heild mikils virði.

Margir síðustu vetur hafa verið óvenju snjóléttir. Þrátt fyrir það hafa þó skapazt í mjólkurflutningum miklir erfiðleikar á hverjum vetri og verulegu fjármagni verið varið til snjómoksturs árlega þeirra vegna.

Á yfirstandandi vetri hafa snjóalög orðið meiri en verið hefur um tugi ára. Á sumum mjólkurframleiðslusvæðum, svo sem Mýrum og sunnanverðu Snæfellsnesi, hafa mjólkurflutningar fallið niður með öllu af þeim sökum nú um nokkurra vikna skeið, enda þótt stórfé hafi verið varið frá vegagerð ríkisins og bændum sjálfum til að reyna að halda flutningunum áfram.

Hér er því um stórkostlegt fjárhagstjón að ræða fyrir þá bændur, sem í hlut eiga, bæði vegna kostnaðar við að reyna að flytja frá sér framleiðsluna og einnig af því, að engin tök eru á að vinna mjólkina heima sökum fólksfæðar, enda framleiðsluhættir að engu leyti miðaðir við það. Engin vafi er á því, að ef slíkt endurtekur sig, þá mun mjólkurframleiðslan verða í mikilli hættu. Jafnframt vofir yfir bæjunum sú hætta, að skortur kunni að verða á þessari hollu neyzluvöru. Það er stórfellt nauðsynjamál, sem varðar alþjóð, að hægt sé að skapa meira öryggi í mjólkurflutningum á fjárhagslega viðráðanlegan hátt.

Það hefur sýnt sig á yfirstandandi vetri, að sú aðferð snjómoksturs, sem við notum til að greiða fyrir mjólkurflutningum í miklum snjóum, er ekki eingöngu ófullnægjandi, heldur einnig það dýr, að óhugsandi er þess vegna að treysta á hana sem framtíðarúrræði.

Fjárveitinganefnd telur brýna nauðsyn á því, að þetta mál verði strax rannsakað með kostgæfni og beztu úrræða leitað.

Ed. 357. Nefndarálit [10. mál]

um frv. til l. um dýravernd.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur haft frv. þetta til meðferðar og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Gunnar Thoroddsen var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 18. marz 1957.

Sigurvin Einarsson, form.	Friðjón Skarphéðinsson, fundaskr.	Sigurður Ó. Ólafsson, frsm.
	Geir Gunnarsson.	

Ed. 358. Frumvarp til laga [137. mál]

um breyting á lögum nr. 14 4. apríl 1955, um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1957.)

1. gr.

1. gr. laganna breytist svo, að í stað töluorðsins 40000 komi: 55000.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi:

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt tilmælum Háskóla Íslands.

Samkvæmt lögum nr. 14 4. apríl 1955 mega hlutir í Happdrætti Háskóla Íslands vera 40000. Frumvarp þetta gerir ráð fyrir fjölgun hlutanna upp í allt að 55000.

Eins og kunnugt er, er ágóða af Happdrætti Háskóla Íslands lögum samkvæmt varið til byggingarframkvæmda í þarfir háskólans, en 20% af ágóðanum renna til Atvinnudeildar háskólans. Aðkallandi verkefni bíða úrlausnar í byggingarmálum háskólans, og er náttúrugripasafn næsta byggingin, sem reist verður fyrir happdrættisfé. Þá er fyrirhugað að reisa sérstaka byggingu í þarfir læknadeildar. Þykir af þessum sökum rétt að auka tekjur happdrættisins, ef möguleikar eru fyrir sölu fleiri hluta.

Nd. 359. Frumvarp til laga [83. mál]

um lax- og silungsveiði.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 345 með þessari breytingu:

19. gr. hljóðar svo:

1. Á veiðitíma þeim, er getur í 18. gr., skal lax og göngusilungur vera friðaður gegn allri veiði, annarri en stangarveiði, 84 stundir á viku hverri, frá föstudagskvöldi kl. 9 til þriðjudagsmorguns kl. 9. Friðunartíma þennan má stytta í 60 sundir á viku, sé að dómi veiðimálastjóra, veiðimálanefndar og hlutaðeigandi veiðifélags, ef til er, engin hætta á, að um þverrandi fiskstofn sé að ræða á viðkomandi veiðisvæði. Ádrátt má aldrei hafa frá kl. 9 síðdegis til kl. 9 árdegis og aldrei nema tvo daga í viku hverri, þriðjudag og miðvikudag. Stangarveiði og veiði með færi má eigi stunda frá kl. 10 síðdegis til kl. 7 árdegis og aldrei lengur en 12 klukkustundir á sólarhring hverjum. Nú fer lax og göngusilungur um stöðuvatn, og skal hann friðaður þar, svo sem nú var sagt.

2. Ráðherra er rétt að ákveða, að friðun sú, sem getur í 1. mgr., skuli gilda aðra daga ofar í straumvatni en neðar, enda telji veiðimálastjóri það nauðsynlegt til jöfnunar fiskgengd í því vatni.

Sþ. 360. Nefndarálit [53. mál]

um till. til þál. um tilraunir með ný samgöngutæki á eyðisöndum Skaftafellssýslu.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin telur, að mikil þörf sé á, að athuganir séu gerðar um það, á hvern hátt verði unnt að yfirstíga þá miklu farartálma, sem eru á aðalþjóðvegakerfi landsins í Skaftafellssýslu. Margt bendir til, að ný tækni geti komið þarna að liði, og því nauðsynlegt, að yfir því sé vakað, að fylgzt sé með þeim nýjungum, sem þar gætu komið til greina.

Nefndin mælir því með, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 18. marz 1957.

Karl Guðjónsson, form.	Halldór Ásgrímsson, fundaskr.	Sveinbjörn Högnason, frsm.
Halldór E. Sigurðsson.	Magnús Jónsson.	Karl Kristjánsson.
Jón Kjartansson.	Áki Jakobsson.	Pétur Ottesen.

Ed. 361. Breytingartillögur [160. mál]

við frv. til laga um aukinn skattfrádrátt til handa skipverjum á fiskiskipum.

Frá Sigurði Bjarnasyni og Friðjóni Þórðarsyni.

1. Við 1. gr. 2. málsliður orðist svo:
   Auk þeirra, sem taldir eru í h-lið 10. gr. laga nr. 46/1954, skulu matsveinar, vélstjórar og aðstoðarmenn í vélarúmi á togurum njóta frádráttar samkvæmt þessari grein.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Öllum skipverjum, sem verið hafa lögskráðir á íslenzk fiskiskip 4 mánuði eða lengur á viðkomandi skattári, skal við ákvörðun tekjuskatts veittur sérstakur frádráttur, er nemi 30% af álögðum tekjuskatti af tekjum fyrir störf á fiskiskipum.

Ed. 362. Breytingartillögur [128. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 90 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Fyrir orðið „Netjatjara“ í 1. tölulið koma orðin: Netjatjara og netjalitur.
   b. Á eftir 3. tölul. kemur nýr tölul., svo hljóðandi:
      Á eftir nr. 6 í sama kafla kemur nýtt númer, svo hljóðandi:

	Tolleining	Vörumagnstollur Aurar	Verðtollur %
6a — plastflot til netjagerðar	1 kg	2	2

c. 4. tölul. orðist svo:
Í stað nr. 4 í 39B. kafla koma þrjú númer, svo hljóðandi:

	Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
— plötur, þræðir, stengur ót. a.:			
4 — — úr svampgúmmíi til skógerðar	1 kg	7	8
4a — — úr svampgúmmíi til annars	—	7	30
4b — — úr öðru	—	7	8

d. Á eftir 11. tölul. kemur nýr tölul., svo hljóðandi:
Nr. 5 í 67. kafla orðast svo:

5 Blýlóð (sökkur) svo og nótablý	—		2

e. 14. tölul. 2 og 4 orðast svo:

2 Hlutar til flygela og pianóa	—	7	15
4 Hlutar til orgela og harmónía	—	7	15

2. Við 2. gr.
a. Fyrir orðin „tveir nýir liðir“ í 3. málsgr. kemur: þrír nýir liðir.
b. Aftan við greinina bætist liður, svo hljóðandi:
ee. Að innheimta sömu aðflutningsgjöld af hvalveiðaskutlum, hvalveiðabyssum og skotfærum til þeirra og veiðarfærum.

Ed. 363. Nefndarálit [99. mál]

um frv. til laga um sölu og útflutning sjávarafurða o. fl.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið svo og þær umsagnir, sem liggja fyrir um það frá ýmsum aðilum. Að athuguðu máli leggur meiri hluti nefndarinnar (FS, BjörnJ, SE) til, að frv. verði samþ. án breytinga. Minni hl. (SB) leggur hins vegar til, að frv. verði vísað frá, og mun væntanlega skila séráliti. Einn nefndarmanna (JJós) var fjarstaddur afgreiðslu málsins vegna veikinda.

Alþingi, 20. marz 1957.

Björn Jónsson, form., frsm. Friðjón Skarphéðinsson, fundaskr. Sigurvin Einarsson.

Sþ. 364. Þingsályktun [53. mál]

um tilraunir með ný samgöngutæki á eyðisöndum Skaftafellssýslu.

(Afgreidd frá Sþ. 20. marz.)

Samhljóða þskj. 61.

Ed. 365. Frumvarp til laga [121. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 3. umr í Nd.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Aikman, John, nemandi í Reykjavík, f. í Skotlandi 13. janúar 1939.
2. Andreasen, Andreas Johannes Michael, verkamaður í Sælingsdalstungu í Dalasýslu, f. í Færeyjum 1. janúar 1886.
3. Berg, Ágúst, verkstjóri á Akureyri, f. í Kanada 20. ágúst 1910.
4. Briem, Christiene, húsmóðir í Reykjavík, f. í Indónesíu 26. marz 1929.
5. Christiansen, Niels Holm, þvottahúseigandi í Reykjavík, f. í Danmörku 26. apríl 1922.
6. Graef, Martha Emma Johanna, húsmóðir að Neðra-Seli í Landmannahreppi, f. í Rúmeníu 20. febrúar 1924.
7. Gunnar Deutschländer Sveinbjarnarson, barn að Hurðarbaki, Reykholtsdalshreppi, Borgarfjarðarsýslu, f. í Þýzkalandi 21. nóvember 1953.
8. Hansen, Gunnar Robert, leikstjóri í Reykjavík, f. í Danmörku 25. júlí 1901.
9. Häfner, Ursula Elfriede, húsmóðir í Hveragerði, f. í Þýzkalandi 30. apríl 1922.
10. Hoblyn, Cyril Edward Walter, nemandi í Reykjavík, f. í Reykjavík 8. maí 1940.
11. Hübner, Lotte Erika, húsmóðir að Hlíð í Svarfaðardal, f. í Þýzkalandi 27. júní 1921.
12. Jacobsen, Kjartan Frits, verkamaður á Álafossi, f. í Færeyjum 3. nóvember 1922.
13. Jónbjörn Gíslason, múrari á Akureyri, f. á Íslandi 22. júlí 1879.
14. Kivi, Vuokko Tellervo, húsmóðir í Reykjavík, f. í Finnlandi 28. desember 1925.
15. Kjerumgaard, Börge Egon, veitingamaður í Hafnarfirði, f. í Danmörku 7. desember 1914.
16. Leussink, Gerda Harmina, húsmóðir í Reykjavík, f. í Hollandi 11. apríl 1923.
17. Malmquist, Liesel, f. Perlbach, húsmóðir á Akureyri, f. í Þýzkalandi 7. febrúar 1929.
18. Mortensen, Daniel Jacob, verkamaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 31. ágúst 1922.
19. Pampichler, Paul Ferdinand Mathias, hljómlistarmaður í Reykjavík, f. í Austurríki 9. maí 1928.
20. Rasmussen, Alfred Emilius, skósmiður í Reykjavík, f. í Danmörku 26. september 1904.
21. Rasmussen, Bent, sjómaður í Reykjavík, f. í Danmörku 12. nóvember 1938.
22. Rasmussen, Hanne Cathrine, húsmóðir í Reykjavík, f. í Danmörku 26. október 1914.
23. Rasmussen, John, sjómaður í Reykjavík, f. í Danmörku 25. desember 1936.
24. Rasmussen, Niels Jakob, skósmiður í Reykjavík, f. í Danmörku 4. janúar 1908.
25. Róbert Jónsson, nemandi í Reykjavík, f. í Danmörku 23. júlí 1942.
26. Schröder, Rosemarie Martha Frieda, húsmóðir í Hafnarfirði, f. í Þýzkalandi 7. marz 1925.
27. Sepp, Karl, lögfræðingur í Hafnarfirði, f. í Rússlandi 29. nóvember 1913.
28. Stieborsky, Georg, múraranemi í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 3. október 1928. (Fær réttinn 3. okt. 1957.)
29. Thom, Odd Kristian, sjómaður í Reykjavík, f. í Noregi 9. september 1918.
30. Valen, Bjarne Linfred, bóndi í Hjarðarnesi, Kjalarneshreppi, Kjósarsýslu, f. í Noregi 22. marz 1913.
31. Wyrwich, Georg, verkamaður, Syðri-Reykjum í Biskupstungum, f. í Þýzkalandi 2. janúar 1930. (Fær réttinn 30. marz 1957.)
32. Young, Gordon Alan, rafvirki í Garðahreppi, f. í Englandi 31. marz 1920.

33. Þorsteinn Ásgeirsson, húsamálari í Reykjavík, f. á Íslandi 9. janúar 1888.
34. Þóra Sveinbjarnardóttir, barn að Hurðarbaki, Reykholtsdalshreppi, Borgarfjarðarsýslu, f. á Íslandi 5. febrúar 1955.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 366. Nefndarálit [133. mál]

um frv. til laga um vísitölu byggingarkostnaðar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið á tveim fundum og mælir með, að það verði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarmanna (FÞ) var fjarstaddur.

Alþingi, 21. marz 1957.

Alfreð Gíslason, form.	Karl Kristjánsson, fundaskr.	Eggert G. Þorsteinsson, frsm.

Sigurður Ó. Ólafsson.

Sþ. 367. Nefndarálit [24. mál]

um till. til þál. um árstíðabundinn iðnað.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og leitað umsagna nokkurra aðila (sbr. fylgiskjöl). Sér nefndin ýmsa örðugleika á árstíðabundnum iðnaði og telur, að hann megi ekki skerða eðlilega vaxtarmöguleika venjulegs iðnaðar í landinu. Hins vegar er til svo mikils að vinna, ef grundvöllur finnst fyrir slíkan iðnað, að sjálfsagt er að rannsaka málið til hlítar. Hefur nefndin því orðið sammála um að mæla með samþykkt tillögunnar. — JS var fjarverandi, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 21. marz 1957.

Benedikt Gröndal, form., frsm.	Eiríkur Þorsteinsson, fundaskr.	Ásgeir Bjarnason.
Steingr. Steinþórsson.	Björn Jónsson.	Björn Ólafsson.

Fylgiskjal I.

IÐNAÐARMÁLASTOFNUN ÍSLANDS

28. des. 1956.

Vegna bréfs yðar frá 6. desember 1956, þar sem þér óskið umsagnar Iðnaðarmálastofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um, að Alþingi feli ríkisstjórninni „að láta fara fram ýtarlega rannsókn á því, hvort ekki sé framkvæmanlegt og hagfellt að koma upp þar í landnu, sem árstíðabundið atvinnuleysi er, iðnaði, sem rekinn sé á þeim árstíma, þegar önnur vinna er minnst," leyfum vér oss að vekja athygli á því, að stofnunin hefur áður látið frá sér fara greinargerðir varðandi þingsályktanir um atvinnumál, þar sem m. a. var fjallað um iðnað og árstíðabundið atvinnuleysi úti á landi. Leyfum vér oss að vísa til tveggja greinargerða vegna þingsályktunar um undirbúning heildaráætlunar um jafnvægi í byggð landsins, en þær voru sendar alþingismönnunum hr. Gísla Guðmundssyni og hr. Gísla Jónssyni í október 1954 og júní 1955.

Eins og fram hefur komið í þessum gögnum, er það yfirleitt verulegum erfiðleikum bundið að setja á stofn iðnað til að bæta úr árstíðabundnu atvinnuleysi. Kemur þar einkum til, að ekki er unnt að festa fjármagn að neinu ráði í framleiðslufyrirtækjum, sem standa aðgerðarlaus talsverðan hluta úr ári, samtímis því sem sams konar fyrirtæki annars staðar dreifa vaxtakostnaði og öðrum fastakostnaði sínum á ársframleiðslu, og einnig, að slíkur iðnaður má ekki útheimta sérhæfni eða sérkunnáttu af verkafólkinu, enda til þess ætlazt, að hann veiti þeim atvinnu, konum, unglingum og körlum, sem vinna að jafnaði við framleiðslustörf, sjósókn og fiskiðnað yfir hinn svokallaða bjargræðistíma.

Þrátt fyrir þetta teljum vér ekki útilokað, að vera kunni fyrir hendi á einstökum stöðum skilyrði til eins konar árstíðabundins atvinnubótaiðnaðar, sem ekki þyrfti mikla fjárfestingu eða sérhæft vinnuafl. Væri að sjálfsögðu æskilegt að stofna til slíks iðnaðar, þar sem athugun leiddi í ljós, að nauðsynleg skilyrði væru fyrir hendi og slíkt gæti stuðlað að auknu jafnvægi í byggð landsins. Eru líkur til, að athugun þessara mála í framhaldi af athugunum, sem þegar hafa átt sér stað, mundi varpa nýju ljósi á þá möguleika, sem kunna að vera fyrir hendi í þessu efni.

Auk tveggja ofangreindra greinargerða viljum vér að endingu benda á skýrslu Atvinnumálanefndar ríkisins frá 1952, sem inniheldur ýmsan fróðleik um atvinnuskilyrði úti á landi.

Virðingarfyllst,

Iðnaðarmálastofnun Íslands,

Sveinn Björnsson,

framkvstj.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis, Alþingishúsinu, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

SAMBAND ÍSLENZKRA SAMVINNUFÉLAGA

Reykjavík, 16. marz 1957.

Sem svar við bréfi hins háa Alþingis 6. þ. m., þar sem óskað er eftir umsögn vorri um tillögu um rannsókn á árstíðabundnum iðnaði, viljum vér taka fram eftirfarandi:

1. Iðnaðardeild Sambandsins hefur í mörg ár orðið vör við mikinn áhuga víða um land á stofnsetningu iðnfyrirtækja, m. a. til að bæta úr árstíðabundnu atvinnuleysi. Hafa deildinni borizt margar óskir frá kaupfélögum um slíkan iðnað.

2. Sambandið hefur, eins og getið er um í greinargerð tillögunnar, sett á stofn eina verksmiðju á Húsavík, sem starfar aðeins 9 mánuði ársins, og er árangur hennar eftir ástæðum góður. Nú er unnið að undirbúningi annarrar verksmiðju, sælgætisverksmiðju í Borgarnesi, sem að vísu mun starfa allt árið, en getur aukið og minnkað starfslið nokkuð eftir árstíðum.
3. Oss er ljóst, að ýmsir annmarkar og erfiðleikar eru á slíkum iðnaði, t. d. í sambandi við hagnýtingu húsnæðis og véla og niðurgreiðslu stofnkostnaðar. Verður því að velja vandlega þá starfsemi, sem rekin yrði á slíkum grundvelli, og tryggja það sem bezt, að viðkomandi iðngrein þyldi að starfa við slíkar aðstæður. Þá verður og að hafa í huga, hvort slíkar verksmiðjur hafa bein eða óbein áhrif á annan iðnað, sem fyrir er í landinu, þannig að kröftum iðnaðarins verði ekki óhyggilega dreift eða á óréttlátan hátt spillt fyrir starfsskilyrðum þeirra verksmiðja, sem fyrir eru.
4. Með tilliti til þess, að sú reynsla, sem vér höfum fengið, er jákvæð og þörfin fyrir umræddan iðnað er mikil, teljum vér rétt og skynsamlegt að láta fram fara ýtarlega athugun á þessum málum, eins og tillagan gerir ráð fyrir.

Með virðingu,

pr. pr. Sambands ísl. samvinnufélaga,
Harry Frederiksen.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis, Reykjavík.

Fylgiskjal III.

FÉLAG ÍSLENZKRA IÐNREKENDA

Reykjavík, 13. des. 1956.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis, Alþingi, Reykjavík.

Með tilvísun til bréfs háttvirtrar allsherjarnefndar, dags. 6. des. s. l., vill stjórn Félags íslenzkra iðnrekenda í eftirfarandi erindi gera grein fyrir afstöðu sinni til tillögu þeirrar til þingsályktunar um árstíðabundinn iðnað, sem lögð hefur verið fyrir Alþingi.

Í greinargerð með tillögunni er gert ráð fyrir þeim möguleika, að „stofnsett verði víðs vegar um landið“ iðnfyrirtæki, sem einungis verði rekin hluta úr árinu til atvinnujöfnunar á viðkomandi stöðum.

Stjórn F. Í. I. telur þá braut, sem þingsályktunartillagan með greinargerðinni gerir ráð fyrir, að lagt verði inn á, mjög varhugaverða og jafnvel háskalega, ekki aðeins fyrir iðnaðinn í landinu, heldur einnig vegna atvinnulífsins í heild. Það er jafnframt álit hennar, að þessi leið leysi ekki til frambúðar hin raunverulegu vandamál fólksins, sem á við atvinnuleysi að stríða, og það sé því alls ekki með þessum hætti, sem stjórnarvöldunum beri að snúast gegn árstíðabundnu atvinnuleysi víðs vegar um landið.

Til rökstuðnings þessum skoðunum, skal hér vikið að nokkrum atriðum, en það jafnframt tekið fram, að hér er um að ræða bæði viðfeðmt og viðurhlutamikið málefni, sem trauðla verða gerð ýtarleg skil í fjótu bragði. Væntanlega munu þau atriði, sem hér verður drepið á, þó nægja til þess að skýra sjónarmið félagsins.

1. Aukning fjárfestingar án framleiðsluaukningar.

Það virðist nokkurn veginn ljóst, að slíkur árstíðabundinn iðnaðarrekstur víðs vegar um landið hefði í för með sér stóraukna fjárfestingu í vélum, tækjum og jafnvel húsakosti, án þess að framleiðsluaukning þyrfti að verða, þar sem ætla má,

að hin nýju fyrirtæki mundu ekki síður taka markað frá innlendum iðnaðarfyrirtækjum, sem fyrir væru í greininni, en innflytjendum hliðstæðra vara. Lítil líkindi eru einnig til þess, að með þessum hætti verði í bráðina komið upp útflutningsiðnaði, heldur einkum unnið að framleiðslu fyrir staðbundnar þarfir.

Aukning fjárfestingar án framleiðsluaukningar í greininni veldur því, að fasti kostnaðurinn nýtist verr en ella, en slæm nýting hans stofnar rekstrargrundvelli fyrirtækjanna í voða, ekki aðeins þeirra nýju, heldur einnig þeirra, sem fyrir eru.

2. Rekstrarhagkvæmni gamalla fyrirtækja skert.

Hér er því komið að mikilvægri staðreynd, sem erfitt yrði að sneiða hjá. Nýju fyrirtækin, sem væntanlega yrði komið á fót með opinberri fyrirgreiðslu á einhvern hátt, mundu sveigja mjög að eldri fyrirtækjum með takmörkun á sölusvæði þeirra og knýja þau þannig til lélegri nýtingar afkastagetu sinnar og valda hækkuðum framleiðslukostnaði með því.

Til þessa hefur það verið gífurlegt vandamál í ýmsum greinum fiskiðnaðar okkar t. d., hve illa afkastagetan er nýtt af orsökum, sem hafa verið lítt viðráðanlegar (aflabrestur), og það væri því öfugstreymi að stofna af ásettu ráði til slíks hins sama í ýmsum greinum iðnaðarins, þar sem það ætti að vera óþarft. Sú samkeppni, sem fjölgun fyrirtækjanna mundi hafa í för með sér, yrði því bæði þjóðarbúinu og einstökum fyrirtækjum dýr.

Af þeim atriðum, sem þegar hafa verið nefnd, virðist mega telja sterkar líkur fyrir því, að þjóðarbúið verði að bera aukinn fjármagnskostnað og framleiðslukostnaður fyrirtækja muni hækka á einingu.

3. „Atvinnuleysi véla og tækja".

Tilgangur þingsályktunartillögunnar er sá, að reynt verði að eyða árstíðabundnu atvinnuleysi fólks víðs vegar um landið, en hinu má ekki gleyma, að lögð eru drög að langvarandi „atvinnuleysi" eða notkunarleysi nýrra véla, tækja og húsa, ef það er gert með þeim hætti, sem tillagan ber með sér. Það er að vísu rétt, að það er dýrt fyrir þjóðina að láta vinnuaflið ónotað, en það er líka dýrt fyrir hana að nýta ekki vélar og tæki svo sem kostur er á. Loks ber og að hafa það hugfast, að vinnuaflið er yfirleitt hreyfanlegra en vélar, tæki og hús, og það er því jafnan varhugavert að hlaða upp slíkum fastafjármunum á stöðum, þar sem óvíst er, hve lengi þeir koma að gagni og hve lengi fólk verður til þess að nýta þá. Hugsanlegt er, að síðar þyrfti jafnvel að flytja fók á þessa staði til að nýta atvinnutækin, sem upphaflega hefði verið komið á fót til að nýta vinnukraft fólksins.

Þetta „atvinnuleysi véla og tækja" mundi hverfa, ef bæði vélarnar og vinnuaflið væri notað allan ársins hring, en þá væri meginröksemdin fyrir tillögunni jafnframt fallin brott.

4. Gildi staðarvalsins vanmetið.

Eitt þeirra atriða, sem venjulega eru þyngst á metunum við stofnsetningu fyrirtækja, er staðarvalið. Með því að velja hagkvæman stað fyrir fyrirtækið er verið að lækka framleiðslukostnað þess. Nokkur þeirra atriða, sem hafa þýðingu í þessu sambandi, eru nægur aðgangur að vinnuafli með mikla verkþekkingu, góður aðgangur að hráefnum og orkulindum, greiðar samgöngur og nálægð nægilega stórra markaða. Þá er það oft mikilsvert, að nokkur reynsla hafi fengizt í hliðstæðri framleiðslu á staðnum áður og stjórnendurnir hafi þekkingu á henni fyrir fram. Það mun vera alveg undir hælinn lagt, hvort þessi skilyrði eru fyrir hendi, þegar stofna á til árstíðabundins iðnaðar til útrýmingar atvinnuleysi. Nægilegt vinnuafl mun að vísu vera fyrir hendi, en óvíst er um fagþekkingu, orku og markaði, nema þröngan markað á staðnum.

5. Kostir stórrekstrar sniðgengnir.

Allar líkur benda til þess, að hér mundi ekki verða um stórrekstur að ræða, jafnvel ekki á íslenzkan mælikvarða, því að engir möguleikar væru á því að nýta mikið fastafjármagn, m. a. vegna markaðsskilyrða hér á landi. Auk þess væri slíkt dýrt ævintýri, ef iðnaðurinn ætti að vera árstíðabundinn. Einnig mundu nýju fyrirtækin að öllum líkindum valda samdrætti í framleiðslu eldri fyrirtækja, eins og áður er minnzt á.

Hér er ekki ástæða til þess að rekja alla hina margvíslegu kosti stórrekstrar umfram smárekstur, en þó skulu nokkur helztu atriðin talin, þar sem sú tillaga, sem hér er til umræðu, mundi auka smárekstrarsnið iðnaðarins, ef hún næði fram að ganga.

Frá tæknilegu sjónarmiði hefur stórrekstur margvíslega kosti, svo sem aukna möguleika á verkaskiptinu, betri nýtingu hráefna, meiri möguleika á fullu afkastasamræmi véla og tækja, auk þess sem notkun stórvirkra véla og tækja verður betur við komið. Öll þessi atriði gera fyrirtækjum í flestum greinum, ekki sízt margvíslegum iðnaði, hagkvæmt að framleiða í allstórum stíl, og það lækkar framleiðslukostnað þeirra.

Ef umræddar tillögur ná fram að ganga, er í raun og veru verið að skerða möguleika íslenzkra iðnaðarfyrirtækja á því að leita sér hagkvæms stærðarforms bæði í tæknilegu, markaðslegu og fjárhagslegu tilliti.

6. Markar spor aftur á bak.

Umrædd tillaga mundi óhjákvæmilega marka spor aftur á bak í þróunarsögu iðnaðarins, frá nútíma verksmiðjuiðnaði í stóru sniði til hokursiðnaðar með heimilis- eða héraðsbúskaparsniði. Sérstaklega er hokursháttur inn afdrifaríkur í fjármagnsfrekum greinum, en þær eru mun fleiri nú á dögum en á tímum héraðsbúskapar fyrir iðnbyltinguna miklu.

7. Möguleikar á misnotkun.

Rétt er að benda á það atriði, að stofnun slíkra iðnaðarfyrirtækja sem tillagan gerir ráð fyrir, fyrir atbeina hins opinbera, felur jafnan í sér hættu á misnotkun á ýmsu sviði. Þannig gæti óheppileg hreppapólitík orðið örlagavaldur heilla iðnaðargreina á Íslandi. Til slíks er varhugavert að stofna á opinberan hátt.

8. Lítil raunhæf bót á atvinnleysinu úti á landi.

Loks er þess að gæta, að tillögunni er vafalaust ætlað að ráða bót á atvinnuleysi víðs vegar um landið til þess að koma í veg fyrir brottflutning fólks úr byggðarlögum og flótta frá þeim atvinnuvegum, sem þar eru stundaðir þann hluta ársins, sem ekki er „dauður tími", þ. e. a. s. sjávarútvegi, fiskiðnaði og e. t. v. landbúnaði. Þessi áhrif verður þó mjög að draga í efa, þótt þeirra gæti e. t. v. eitthvað.

Hugsanlegt er, að kynni fólksins af störfum við árstíðabundna iðnaðinn verði til þess, að ríkisvaldið standi einn góðan veðurdag frammi fyrir kröfum þess um að fá að fullnýta iðnaðarfyrirtækin allan ársins hring, þar sem þessi vinna falli þeim betur og þeim sé illa við að hlaupa úr einu í annað. Ef þeim kröfum verður ekki sinnt, er hugsanlegt, að þetta fólk flýi sitt byggðarlag til þess að komast að öðrum störfum í Reykjavík eða annars staðar, þar sem betur gegnir en heima fyrir — ekki þrátt fyrir hinn árstímabundna iðnað, heldur vegna hans.

9. Reynsla, sem fengizt hefur.

Viðvíkjandi dæmi því um rekstur árstíðabundins iðnfyrirtækis, sem getið er um í greinargerð með þingsályktunartillögunni, virðist það síður en svo vera með-

mæli með árstíðabundnum iðnaði eftir þeim tölum, sem þar eru tilgreindar um rekstur fyrirtækisins.

Samkvæmt því nema greidd vinnulaun um kr. 40.00 á hverja skyrtu, sem mun vera um 75% hærri vinnslukostnaður en um er að ræða t. d. hér í Reykjavík.

Fastakostnaður fyrirtækis sem þessa verður einnig tiltölulega mjög hár á hverja framleiðslueiningu, t. d. vaxtakostnaður, en skýrt er frá því, að binda hafi þurft í fyrirtækinu kr. 670000.00.

Af þeim ástæðum, sem nú hafa verið nefndar, leggst stjórn Félags íslenzkra iðnrekenda gegn því, að tillaga sú til þingsályktunar, sem hér um ræðir, verði samþykkt í núverandi formi, en vill þó jafnframt taka fram, að hún hefur fullan skilning á þeim erfiðleikum, sem hljótast af árstíðabundnu atvinnuleysi víðs vegar um landið.

Hér er hins vegar hvorki vettvangur til þess að ræða þetta vandamál til hlítar né koma fram með tillögur, sem stjórn F. Í. I. telur vænlegri til árangurs og heppilegri til góðra áhrifa á atvinnulífið en umrædd þingsályktunartillaga.

Á það má þó benda, að í Áliti og tillögum atvinnunefndar ríkisins 1954 eru ábendingar um, að athugaðir séu möguleikar á aukinni iðnaðarstarfsemi úti á landi, en þar er ekki gert ráð fyrir „árstíðabundnum“ iðnaði né iðnfyrirtækjum í iðngreinum, sem nú þegar hafa framleiðsluafköst til þess að fullnægja þörf innanlandsmarkaðsins.

Í greinargerð Jafnvægisnefndar í sept. 1956 er einnig rætt um möguleika á auknum iðnaði í því skyni að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, en athuganir nefndarinnar hafa eigi, svo að oss sé kunnugt, leitt til neinna tillagna um „árstíðabundinn“ iðnað.

Að lokum bendir stjórn F. Í. I. á það, að önnur sjónarmið koma að ýmsu leyti til greina, ef um það er rætt að stofnsetja ný iðnaðarfyrirtæki úti á landi með það fyrir augum, að þau vinni allan ársins hring og nýti afkastagetuna svo sem bezt má verða. Þá koma til álita öll almenn atriði varðandi fjölgun og staðsetningu iðnaðarfyrirtækja.

Virðingarfyllst,
Félag ísl. iðnrekenda.
Pétur Sæmundsen.

Nd. 368. Lög [129. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka eignarnámi jarðirnar Borg, Dynjanda og Rauðsstaði í Auðkúluhreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu.

(Afgreidd frá Nd. 21. marz.)

Samhljóða þskj. 301.

Nd. 369. Frumvarp til laga [138. mál]

um breyting á lögum nr. 40 16. maí 1955, um Fiskveiðasjóð Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1957.)

1. gr.

Í stað orðanna „200 rúmlesta“ í a-lið 4. gr. laganna komi: 300 rúmlesta.

2. gr.

5. gr. laganna hljóðar svo:

Fiskveiðasjóður lánar einungis gegn 1. veðrétti. Mega lán nema allt að ⅔ — tveimur þriðju hlutum — af kostnaðarverði eða virðingarverði nýrra fiskiskipa og

⅘ — þremur fimmtu hlutum — til nýrra fiskvinnslustöðva og annarra fasteigna útvegsins. Til nýrra fiskiskipa, sem smíðuð eru innanlands, mega lán þó nema allt að ¾ — þremur fjórðu hlutum — kostnaðar- eða virðingarverðs. Um lán út á eldri skip en eins árs fer eftir ákvörðun sjóðsstjórnar í hvert skipti. Lengsti lánstími er 20 ár.

Útborgun lána samkvæmt þessari grein skal haga svo, að ⅓ hluti láns greiðist, þegar kjölur er lagður og meginhluti efnis er kominn á staðinn. ⅓ hluti þegar skipið er byrt, þiljur lagðar og vél skipsins komin á staðinn, en lokagreiðsla fer fram þegar skipið er fullsmíðað, virt og vátryggt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í lögum um Fiskveiðasjóð frá 16. maí 1955 er hámarksupphæð lána ákveðin kr. 1250000.00 til fiskiskipa og kr. 600000.00 til fasteigna.

Þá er og ákveðið í sömu lögum, að skip innan 200 rúmlesta skuli sitja fyrir lánum. Einnig er í lögunum sama heimild og hér er gert ráð fyrir, að lána megi ⅔ og ¾ hluta af kostnaðar- eða virðingarverði nýrra fiskiskipa og ⅘ hluta af verði nýrra fiskvinnslustöðva.

Nú hefur reynslan sýnt, að bæði hámarksákvæðið um lánsupphæð og einnig um stærð þeirra skipa, er sitja fyrir lánum, eru orðin í ósamræmi við ríkjandi aðstæður. T. d. eru hin nýju stálskip, sem samið hefur verið um kaup á í Austur-Þýzkalandi, nokkuð yfir 200 rúmlestir að stærð, og mundi sú hámarksupphæð, er lögin gera ráð fyrir, hvergi nærri hrökkva til lána út á þau, ef fylgja skal hinu ákvæðinu um ⅔ kostnaðarverðs. Er því nauðsynlegt að hækka hámarksákvæðið um stærð þeirra skipa, er sitja mega fyrir lánum úr sjóðnum, og nema brott ákvæðið um hámarksupphæð.

Er hvort tveggja gert með þessu frumvarpi.

Aðrar breytingar á lögunum felast ekki í frumvarpinu.

Nd. 370. Frumvarp til laga [139. mál]

um breyting á lögum nr. 11 1. febr. 1936, um eignarnámsheimild á nokkrum löndum og á afnotarétti landsvæða í Hafnarfirði, Garðahreppi og Grindavíkurhreppi og um stækkun lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Flm.: Ólafur Thors, Steingrímur Steinþórsson.

1. gr.

3. töluliður 1. gr. laganna falli niður.

2. gr.

1. málsliður 2. gr. laganna orðist svo:

Þegar eignarnám hefur farið fram eftir 1.—2. tölulið 1. gr., skal ríkissjóður selja eða leigja Hafnarfjarðarkaupstað þessi lönd jafnóðum, enda greiði kaupstaðurinn skaðabætur til Garðahrepps fyrir þá tekjurýrnun, sem hreppurinn kann að verða fyrir vegna eignarnámsins.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 11 1. febr. 1936 er ríkisstjórninni veitt heimild til að taka eignarnámi jarðirnar Krýsuvík og Stóra-Nýjabæ svo og óræktuð lönd frá jörðunum Hvaleyri og Ási í Garðahreppi. Loks er heimilað samkvæmt 3. tölulið 1. gr. laganna að taka eignarnámi afnotarétt þess landsvæðis í Garðahreppi, sem takmarkast þannig: „Að austan af veginum milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, að norðan af Arnarneslæk og Arnarnesvogi, að vestan af beinni línu úr suðvesturhorni Arnarnesvogar að vesturhorni Engidals, þaðan meðfram Álftanesveginum að aðalveginum milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur. Undanskilið skal þó land nýbýlisins Langholts og land það milli Arnarnes- og Hraunsholtslækja, sem þegar er útskipt til bænda í Garðahreppi.“

Þegar eignarnám hefur farið fram á löndum þessum, skal selja þau eða leigja Hafnarfjarðarkaupstað, og skulu þau jafnframt lögð undir lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar. Það skilyrði er sett í 3. gr. laganna, að lönd þau, sem Hafnarfjarðarkaupstaður kann að eignast eða fá á leigu á þennan hátt, sé skylt að leigja bæjarmönnum eða ráðstafa á annan hátt til ræktunar í samráði við Búnaðarfélag Íslands.

Ekki hefur komið til framkvæmda að taka eignarnámi landið milli Engidals og Arnarneslækjar. Hins vegar hefur Hafnarfjarðarkaupstaður fengið á leigu til ræktunar með venjulegum hætti landspildu úr þessu landi Garðakirkju.

Það ákvæði laganna, að land það, er um ræðir í 3. tölulið 1. gr. laganna, verði afhent og lagt undir lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar, hefur jafnan verið þyrnir í augum hreppsnefndar Garðahrepps og allra hreppsbúa, og er frumvarpið, sem ákveður, að eignarnámsheimildin á þessu landi verði felld úr lögunum, flutt samkvæmt eindreginni ósk hreppsnefndar Garðahrepps.

Landspildur þær, er hér um ræðir, það er milli Engidals og Arnarneslækjar, verða inni í miðjum Garðahreppi, og ef þær verða sameinaðar lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar, munu þær mynda tvær eyjar inni í miðjum byggðum Garðahrepps. Stækkun lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðarkaupstaðar með þessum hætti yrði mjög bagaleg skerðing á löndum Garðahrepps.

Það má telja líklegt, að landspildur þessar ásamt öðru landi Garðahrepps umhverfis þær fari undir byggingar íbúðarhúsa á næstu árum, og mundu skapast erfiðleikar um alla stjórn og framkvæmdir í slíku sambýli.

Garðahreppur er landlítill og þolir ekki meiri skerðingu á löndum sínum en orðin er, ef hann á að geta staðið framvegis sem sjálfstætt sveitarfélag, og verður að telja sanngjarnt, að breytingar þær, sem lagafrumvarp þetta gerir ráð fyrir, nái fram að ganga.

Ed. 371. Nefndarálit [199. mál]

um frv. til laga um sölu og útflutning sjávarafurða o. fl.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hluti nefndarinnar, fylgismenn ríkisstjórnarinnar, leggur til, að það verði samþykkt, en minni hlutinn, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins, leggur til, að því verði vísað frá með rökstuddri dagskrá. Annar fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í nefndinni (JJós) tók ekki þátt í afgreiðslu frv. sakir veikinda.

Meginrök sjávarútvegsmálaráðherra, sem mælt hefur fyrir þessu frv. af hálfu ríkisstjórnarinnar, fyrir gagnsemi þess eru þau, að mikil óánægja hafi ríkt undanfarin ár með núverandi skipulag á útflutningi sjávarafurða. Er þá fyrst að athuga, hverjir hafi annazt stjórn afurðasölumála sjávarútvegsins á þessum árum.

Það eru fyrst og fremst samtök framleiðenda sjálfra. Eigendur saltfisks hafa þannig falið Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda sölu á öllum útfluttum saltfiski. Framleiðendur hafa sjálfir byggt þessi samtök upp. Upphaf þeirra rekur rætur sínar til þeirra tíma, er taumlaus samkeppni ógnaði íslenzkri saltfiskverzlun og hafði mikið tjón í för með sér fyrir þjóðina í heild.

Útflutningur hraðfrysta fisksins er nú svo að segja allur í höndum Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og Sambands ísl. samvinnufélaga. Einnig þessi samtök hafa framleiðendur sjálfir skapað og skipað sér um.

Um skreiðarútflutninginn er það að segja, að Samlag skreiðarframleiðenda annast nú sölu á 70% af allri skreiðarframleiðslu landsmanna. Er hér um að ræða frjáls samtök framleiðendanna og þeirra, sem útflutninginn annast.

Að því er varðar sölu á útfluttri saltsíld, þá hefur síldarútvegsnefnd séð um hana. Hefur sú stofnun einnig verið byggð upp af síldarsaltendum í samvinnu við ríkisvaldið.

Hér hafa verið taldar meginútflutningsvörur útvegsins. Sölu og útflutning á þeim annast í stuttu máli sagt stofnanir og félagssamtök framleiðenda.

Með lögum frá 1940 um sölu og útflutning á vörum og reglugerð um það efni er ríkisstjórninni veitt mjög víðtækt vald yfir útflutningi hvers konar vara landsmanna, þar á meðal sjávarafurða. Hefur verið á það bent, að í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, séu engin þau ákvæði, sem fyrrgreind lög og reglugerð fela ekki í sér. Ríkisstjórnir þær, sem setið hafa á hverjum tíma s. l. einn og hálfan áratug, hafa hins vegar ekki beitt því valdi, sem þær hafa í fyrrgreindri löggjöf, til þess að taka ráðin af framleiðendum um sölu og útflutning afurða þeirra. Þær hafa þvert á móti talið skynsamlegast að styðja samtök þeirra og láta þau ráða sem mestu um skipulag útflutningsins. Verður það og að teljast hyggilegast. Engir bera betra skyn á það, hvað henti sjávarútveginum og afurðasölu hans, en framleiðendur sjálfir. Þeir hafa byggt upp samtök sín til þess að annast afurðasöluna og öðlazt fjölþætta reynslu af starfsemi þeirra.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, og í greinargerð þess er greinilega tekið fram, að einn höfuðtilgangur þess sé að skerða það frjálsræði, sem framleiðendur hafa búið við um uppbyggingu félagssamtaka sinna. Er það skoðun minni hluta sjávarútvegsnefndar, að sú stefna frumvarpsins sé hin háskasamlegasta og nægi ein til þess að vera gild rök fyrir frávísun þess.

Sú staðhæfing sjávarútvegsmálaráðherra, að mikil óánægja hafi undanfarið ríkt með skipulag afurðasölunnar, fær ekki staðizt. Fyrir Alþingi liggja nú umsagnir um frumvarp þetta frá öllum þeim aðilum, sem haft hafa nokkur afskipti af afurðasölu sjávarútvegsins undanfarin ár. Eru þeir samtals 10. Aðeins einn þessara aðila, stjórn Alþýðusambands Íslands, mælir með samþykkt frumvarpsins í bréfi, sem er aðeins fjórar línur. Engin rök eru þar flutt fram fyrir afstöðu Alþýðusambandsstjórnarinnar til málsins. Samband ísl. samvinnufélaga mælir ekki með samþykkt frumvarpsins, en lýsir því yfir, að það telji heppilegast, að minnst tveir útflytjendur séu löggiltir til að hafa á hendi útflutning á öllum sjávarafurðum.

Í þessu sambandi má geta þess, að SÍS hefur á þessu ári falið Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda að annast sölu á þeim saltfiski, sem samvinnufélögin hafa yfir að ráða. Hafa þá allir eigendur saltfisks falið sölusambandinu að selja afurðir sínar á þessu ári.

Þetta gerist þrátt fyrir það, að framleiðendum er kunnugt um það frumvarp, sem hér liggur fyrir, og þá stefnu, sem sjávarútvegsmálaráðherra hefur boðað við flutning þess. Ekkert er gleggri sönnun um það, að framleiðendur standa fast saman um þau samtök, sem þeir hafa byggt upp til að annast saltfisksöluna á undanförnum árum.

Í umsögn síldarútvegsnefndar er tekið fram, að hún telji hagkvæmast, að sala og útflutningur síldar verði framvegis eins og verið hefur í höndum eins aðila, og mótmælir nefndin því, að frá þeirri skipan verði horfið.

Hinir aðilarnir, sem leitað var álits hjá um frumvarp þetta, samtals 7 að tölu, mæla gegn því, að frumvarpið verði samþykkt. Eru það þessir aðilar:

1. Sölusamband ísl. fiskframleiðenda.
2. Félag síldarsaltenda á Suðvesturlandi.
3. Félag síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi.
4. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.
5. Samlag skreiðarframleiðenda.
6. Landssamband ísl. útvegsmanna.
7. Fiskifélag Íslands.

Það er álit minni hlutans, að það sé hið mesta glapræði af ríkisvaldinu að virða mótmæli allra þessara samtaka og stofnana sjávarútvegsins að vettugi og knýja fram frumvarp það, sem hér liggur fyrir. Reynslan hefur sýnt og sannað, að öruggasta leiðin til þess að ná hagstæðu verði fyrir íslenzkar sjávarafurðir er sú, að framleiðendur standi saman um þau samtök, sem að útflutningnum standa, og að öll sala á erlenda markaði sé á sem fæstum höndum. Á sama hátt og samkeppni um innflutninginn til landsins er nauðsynleg og sjálfsögð, er samkeppni margra útflytjenda um sölu á einni og sömu vöru á sama markað oftast skaðleg og getur leitt til undirboða og verðfellingar. Á þetta er greinilega bent í umsögnum sölusamtaka útvegsins um frumvarp þetta.

Þegar Alþingi tekur afstöðu til stefnu þessa frumvarps og boðskapar sjávarútvegsmálaráðherra, verður það fyrst og fremst að hafa þetta í huga:

Það skipulag, sem nú ríkir á afurðasölunni, er byggt upp af framleiðendum sjálfum og lýtur þeirra stjórn.

Umsagnir framleiðendasamtakanna og stofnana sjávarútvegsins bera það einróma með sér, að þau telja þetta skipulag hafa reynzt vel og vilja, að það gildi áfram, þangið til reynslan hefur sannað, að annað henti betur.

Á það má að lokum benda, að innan fyrrgreindra sölusamtaka og stofnana sjávarútvegsins starfa menn úr öllum stjórnmálaflokkum. Engu að síður standa samtökin einhuga að baki þeim mótmælum, sem hér hefur verið getið, gegn þessu frumvarpi. Þetta sprettur af því, að íslenzkir útvegsmenn og framleiðendur sjávarafurða telja afurðasölu og útflutning þjóðarinnar slíkt stórmál, að það megi ekki verða að pólitískum leiksoppi eða bitbeini í óvægilegum pólitískum deilum flokka í milli.

Að öllu þessu athuguðu leggur minni hlutinn til, að þessu frumvarpi verði vísað frá með rökstuddri dagskrá. En verði hún felld, mun hann flytja breytingartillögur við frumvarpið við 3. umræðu þess.

TILLAGA TIL RÖKSTUDDRAR DAGSKRÁR:

Þar sem ríkisstjórnin hefur í gildandi lögum og reglugerð allt það vald í þessum málum, sem í frumvarpinu felst, og telja verður varhugaverða þá nýju stefnu í framkvæmd þessara mála, sem boðuð er í greinargerð frumvarpsins, þ. e. a. s. að leyfa framleiðendum ekki að ákveða það söluform, sem þeir telja hagsmunum sínum bezt borgið með, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 22. marz 1957.

Sigurður Bjarnason.

Ed. 372. Breytingartillögur [10. mál]

við frv. til laga um dýravernd.

Frá Páli Zóphóníassyni.

1. Við 4. gr. Í stað orðsins „menntamálaráðuneyti“ á tveimur stöðum í greininni komi: landbúnaðarráðuneyti.
2. Við 8. gr. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ komi: landbúnaðarráðherra.
3. Við 10. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Löggiltum dýralæknum einum er heimilt að framkvæma læknisaðgerðir á dýrum, ef ætla verður, að aðgerð muni o. s. frv.
4. Við 11. gr. Í stað orðanna „menntamálaráðuneyti“ og „menntamálaráðuneytis“ komi: landbúnaðarráðuneyti og landbúnaðarráðuneytis.
5. Við 16. gr. Í stað orðsins „menntamálaráðuneyti“ í upphafi greinarinnar komi: landbúnaðarráðuneyti.
6. Við 20. gr. Í stað orðsins „menntamálaráðuneyti“ í upphafi greinarinnar komi: landbúnaðarráðuneyti.

Ed. 373. Nefndarálit [137. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 14 4. apríl 1955, um breyt. á l. nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með frv.

Tveir nefndarmenn (BjörnJ og JJós) voru fjarstaddir, er málið var afgreitt úr nefndinni.

Alþingi, 25. marz 1957.

Bernh. Stefánsson, form.	Gunnar Thoroddsen, frsm.	Eggert G. Þorsteinsson.

Sþ. 374. Tillaga til þingsályktunar [140. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán fyrir Loftleiðir h/f til flugvélakaupa.

Frá fjármálaráðherra.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að aðstoða Loftleiðir h/f við kaup á tveimur millilandaflugvélum með því að veita ríkisábyrgð fyrir erlendu láni, er jafngildi allt að 70% af kaupverði flugvélanna, þó eigi hærri fjárhæð en 53 milljónum króna eða jafngildi þeirra í erlendri mynt. Ríkissjóður fái 1. veðrétt í vélunum og að öðru leyti þær tryggingar, er ríkisstjórnin metur gildar.

Greinargerð.

Loftleiðir h/f á þess nú kost að festa kaup á tveimur flugvélum af gerðinni „Electra“ L-188. Telja forráðamenn félagsins vélar þessar mjög fullkomnar og að þær muni henta vel á flugleiðum yfir Norður-Atlantshaf. Flugfélög stórþjóðanna

leggja nú allt kapp á að sigrast á samkeppni smáþjóða með því að taka í notkun stærri flugvélar og fullkomnari um alla tækni og auk þess hagkvæmari í rekstri en þær vélar, sem smærri félögin ráða nú yfir. Er vonlaust, að íslenzku flugfélögin geti haldið velli í þessari samkeppni, nema þeim takist að endurnýja flugvélakost sinn og eignast vélar, sem fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru á hverjum tíma til slíkra farartækja.

Ríkisstjórninni er þetta ljóst og vill fyrir sitt leyti styðja að því að efla flugvélakost íslenzku flugfélaganna. Fer ríkisstjórnin því með þingsályktun þessari fram á heimild Alþingis til þess að veita Loftleiðum h/f ríkisábyrgð á nauðsynlegum lánum, til þess að framangreind flugvélakaup geti tekizt.

Ed. 375. Frumvarp til laga [141. mál]

um sjúkrahúsasjóð og heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að setja á stofn talnahappdrætti.

Flm.: Sigurður Ó. Ólafsson.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist sjúkrahúsasjóður.

2. gr.

Til að afla sjóðnum tekna skal ríkisstjórninni heimilt að setja á stofn nýtt getraunahappdrætti, sem nefnist talnahappdrætti.

3. gr.

Talnahappdrætti skal vera með þeim hætti, að dregnar skulu út mánaðarlega eða sjaldnar 5 tölur úr talnaröðinni 1—100. Dráttur skal fara fram opinberlega í Reykjavík.

Þátttakendur í happdrættinu gizka á, áður en dráttur fer fram, hverjar tölur dragist út í næsta skipti.

Verðlaun skulu veitt, ef gizkað er á 2—5 réttar tölur.

4. gr.

Verðlaun í happdrætti þessu skulu undanþegin hvers konar opinberum gjöldum, öðrum en eignarskatti, á því ári, sem þau eru veitt.

5. gr.

Ráðherra sá, er fer með heilbrigðismál, setur happdrættinu stjórn og ákveður nánar um störf þess með reglugerð, m. a. um þátttökugjald.

6. gr.

Úr sjúkrahúsasjóði skal veita styrki til að reisa ný sjúkrahús og á annan hátt til eflingar heilbrigðismálum landsins, eftir ákvörðun heilbrigðismálaráðherra, að fengnum tillögum stjórnar sjúkrahúsasjóðs og landlæknis.

7. gr.

Ráðherra sá, er fer með heilbrigðismál, skipar stjórn sjóðsins og setur nánari reglur um starfsemi hans.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi sem stjórnarfrumvarp að tilhlutan þáverandi heilbrigðismálaráðherra, Ingólfs Jónssonar, en náði þá ekki fram að ganga.

Eftirfarandi athugasemdir fylgdu frumvarpinu:

Samkvæmt sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953, ber ríkissjóði að greiða ⅗ hluta byggingarkostnaðar fjórðungssjúkrahúsa, en þar eð áhöld og allur búnaður kostar stórfé, má gera ráð fyrir, að framlag ríkissjóðs, ⅗ af byggingarkostnaði, nemi vart meiru en ⅖ hlutum raunverulegs stofnkostnaðar.

Nú stendur fyrir dyrum að ráðast í allkostnaðarsamar sjúkrahúsabyggingar á ýmsum stöðum, m. a. fjórðungssjúkrahús á Suðurlandi.

Enda þótt fjórðungssjúkrahús Suðurlands væri ekki nema með 30—40 sjúkrarúm, eru líkur til, að byggingin mundi, miðað við núverandi verðlag, kosta 5—6 milljónir króna.

Undanfarið hefur sá háttur tíðast verið hafður á um byggingu sjúkrahúsa, að þau hafa verið reist í áföngum, eftir því sem fé hefur verið handbært. Hafa sjúkrahúsin stundum verið árum saman í smíðum. Er óþarft að fjölyrða, hve miklu dýrari og stirðari slíkur framkvæmdaháttur er en ef unnt er að ljúka byggingunni í einu átaki.

Frumvarp þetta miðar að því að afla fjár til sjúkrahúsabygginga þeirra, sem mest eru aðkallandi nú, með tekjum af nýju getraunahappdrætti, sem ríkisstjórninni yrði heimilt að setja á stofn.

Skal mynda sérstakan sjóð, sjúkrahúsasjóð, fyrir tekjur talnahappdrættisins, og veita úr honum framlög heilbrigðismálum landsmanna til eflingar.

Happdrætti það, sem um ræðir í frumvarpinu, hefur náð miklum vinsældum erlendis, þar sem það hefur verið reynt.

Happdrættið er með því sniði, að dregnir eru 5 miðar úr 100 miðum, sem tölusettir eru 1—100, venjulega einu sinni í mánuði. Þátttakendur í happdrættinu freista þess að gizka á, áður en dráttur fer fram, hvaða tölur muni koma upp, næst þegar dregið er. Skal ágizkunin vera skrifleg, á þar til gerðum seðli og greiðist fyrir ákveðið gjald, svipað og hjá Íslenzkum getraunum.

Síðan eru verðlaun veitt þeim, sem geta upp á 2—5 réttum tölum.

„Lotto“, eins og þessi starfsemi er nefnd í Þýzkalandi, ver helmingi brúttó-tekna í vinninga eða verðlaun, en afganginum er varið til greiðslu rekstrarkostnaðar og síðan hreinum ágóða til ýmissa menningar- og líknarmála.

Ef hver seðill hér kostaði 5 krónur og 10 þúsundir seldust í einum drætti, yrðu brúttó-tekjur kr. 50000.00. Af því væri kr. 25000.00 varið í verðlaun, sem skiptast jafnt í 4 flokka, 1. flokkur 5 réttar tölur, 2. flokkur 4 réttar, 3. flokkur 3 réttar og 4. flokkur 2 réttar tölur.

Nú eru minni líkur til, að menn fái 1. eða 2. flokks verðlaun en 3. og 4., og skiptast því verðlaunin í lægri flokkunum að jafnaði milli fleiri þátttakenda, og verður því hlutur hvers og eins minni en í 2. eða 1. flokki.

Standa vonir til þess, að ef frumvarp þetta yrði að lögum, væri, ef vel tekst, unnt að koma upp fjórðungssjúkrahúsi Suðurlands og síðan öðrum nauðsynlegum sjúkrahúsum fyrr en ella.

Enda þótt gert sé ráð fyrir því í frumvarpinu, að tekjum happdrættisins verði aðallega varið til byggingar nýrra sjúkrahúsa, mundi þó athugandi síðar að verja þeim, a. m. k. að nokkru leyti, til að styrkja rekstur þeirra sjúkrahúsa, sem erfitt eiga, eða á annan hátt heilbrigðismálum landsins til framdráttar.

Ed. 376. Frumvarp til laga [142. mál]

um breyting á lögum nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Alfreð Gíslason.

1. gr.

Á eftir 1. málsgr. 11. gr. laganna komi þrjár nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Þó er giftri konu, sem stundar sjálfstæða atvinnu utan heimilis síns, heimilt að telja fram sérstaklega til skatts tekjur, sem hún hefur af þeirri atvinnu, enda sé teknanna ekki aflað í fyrirtæki, sem maður hennar er meðeigandi að eða hluthafi í, og skal þá leggja á hana samkvæmt því.

Nú starfar kvæntur maður við atvinnufyrirtæki konu sinnar, og fellur þá heimild til sérsköttunar niður.

Er gift kona telur sérstaklega fram til skatts, skal frá hreinum tekjum hennar draga lögboðinn persónufrádrátt, áður en skattur er reiknaður, og fellur þá tilsvarandi frádráttarupphæð niður við ákvörðun skatts eiginmanns hennar.

2. gr.

Aftan við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein, svofelld:

Hjón, sem skattlögð eru samkvæmt 2. málsgr. 11. gr., skulu hvort um sig njóta frádráttar vegna barna og annarra skylduómaga í réttu hlutfalli við skattskyldar tekjur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í núgildandi skattalögum er hjónum, sem samvistum eru, skilyrðislaust gert að telja fram tekjur sínar sameiginlega og þær síðan skattlagðar í einu lagi. Gildir einu, hvort annað hjónanna eða bæði afla teknanna. Leiðir af þessu og hinni öru stighækkun skattstigans, að giftum konum, sem vinna utan heimilis, er gert að greiða miklu hærri skatt af launum sínum en gert mundi vera, ef þær væru ógiftar. Hjónum, sem bæði afla skattskyldra tekna, er þannig íþyngt stórlega umfram einstaklinga, en þó einkum sambærilegt sambúðarfólk. Borið saman við hjón, þar sem konan vinnur eingöngu að heimilisstörfum og aflar heimilinu þannig óbeinna tekna, greiða þessi hjón einnig óhæfilega hátt skattgjald. Öllum mun ljóst, að giftar konur, sem eingöngu vinna á heimilum sínum, leysa að jafnaði mikið starf af hendi og skapa þannig verðmæti, sem þó verða einungis að nokkru metin til fjár, enda skattfrjáls, svo sem vera ber. Hitt mun mörgum ekki ljóst, að giftum konum, sem vinna fullt starf utan heimilis, er ókleift að skapa heimilum sínum nema lítinn hluta þessara verðmæta, en jafnframt er þessum konum gert að greiða hærri skatt af tekjum sínum en nokkrum öðrum sambærilegum aðila, og geta þeirra til að kaupa heimilisaðstoð eða standa straum af kostnaði við nauðsynlegar breytingar á búskaparháttum hjóna, sem bæði starfa utan heimilis og ekki hafa heimilisaðstoð, þannig rýrð langt úr hófi fram. Heimili, þar sem konan vinnur úti, er þannig miklum mun verr sett en heimili með jafnháar beinar tekjur, sem heimilisfaðirinn vinnur einn fyrir, þótt skattgjald heimilanna sé nú það sama eða því sem næst.

Bein afleiðing af hinum óréttlátu ákvæðum um skattgjald hjóna, sem bæði afla beinna tekna, er sú, að margar konur við góða heilsu og heimilisaðstæður telja sér ekki fært að vinna utan heimilis, þótt þjóðfélagið hafi brýna þörf fyrir starfsorku þeirra. Sérstaklega er þörfin mikil fyrir vinnu giftra kvenna í mörgum þorpum og bæjum, sem byggja afkomu sína að mestu á útgerð og fiskverkun. Má geta þess, að Keflavíkurbær hefur veitt hjónum, sem bæði vinna fyrir skattskyldum tekjum, mjög

verulegar ívilnanir við útsvarsálagningu til að laða þessar konur til framleiðslustarfa, en aðrir bæir hafa þetta einnig til athugunar. Margar giftar konur hafa aflað sér dýrmætrar menntunar og reynslu í starfsgreinum, þar sem mikill skortur er á sérmenntuðu starfsfólki, t. d. við hjúkrunarstörf. Má ætla, að með samþykkt frumvarpsins væri stigið stórt skref í þá átt að bæta úr hinum tilfinnanlega skorti, sem nú er á hjúkrunarkonum.

Önnur afleiðing af núverandi skattafyrirkomulagi er sú, að fólk freistast til að stofna til sambúðar án þess að ganga í formlegt hjónaband, og einnig munu þess dæmi, að fólk hafi skilið vegna hinna þungu og óréttlátu skattabyrða. Munu allir sammála um, að það sé óheppilegt og óviðunandi, að skattar hækki — að óbreyttum tekjum — við að stofna til formlegs hjónabands.

Því hefur verið haldið fram, að nokkurt skattatap hlytist af breytingu þeirri á skattalögunum, sem felst í þessu frumvarpi. Ekki mun þó hér um mikla upphæð að ræða, þar sem hjón þau, er hér eiga hlut að máli, eru tiltölulega fá. Mikilvægt er einnig í þessu sambandi, að ætla má, að allmargar konur umfram það, sem nú er, taki upp störf utan heimilis, ef frumvarpið verður samþykkt, og munu þær þá að sjálfsögðu greiða skatt af tekjum sínum, en jafnframt mun framleiðsla aukast við störf þeirra og opinber gjöld leggjast á framleiðsluaukninguna á ýmsan hátt. Er því mjög vafasamt, að teljandi skattatap verði að breytingunni, þegar til lengdar lætur.

Ýmsar raddir hafa fyrr og síðar komið upp um víðtækar breytingar á skattlagningu hjóna yfirleitt. Breytingar þessar eru svo víðtækar, að þær munu þarfnast ýtarlegrar rannsóknar, og flm. telur því ekki rétt að tengja þær við breytingar þær, er felast í þessu frumvarpi og takmarkast við auðvelda lausn á réttlætismáli, sem ekki þolir frekari bið.

Nd. 377. Frumvarp til laga [143. mál]

um breyting á lögum nr. 25 1955, um breyting á lögum nr. 23 1953, um leigubifreiðar í kaupstöðum.

Frá samgöngumálanefnd.

1. gr.

1. málsl. 1. gr. laganna orðist svo:

Samgöngumálaráðuneytinu er enn fremur heimilt, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélags og meðmælum bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, að takmarka fjölda leigubifreiða í kaupstöðum og í þeim kauptúnum, þar sem íbúar eru 800 eða fleiri, hvort heldur er fólks- eða vörubifreiðar, annað hvort eða hvort tveggja.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 25 1955 var samgöngumálaráðuneytinu heimilað að takmarka fjölda leigubifreiða í Reykjavík, Hafnarfirði, Akureyri, Siglufirði, Keflavík og Vestmannaeyjum. Sú takmörkun er þó því aðeins heimil, að fyrir liggi tillögur þess stéttarfélags og meðmæli þeirrar bæjarstjórnar, sem í hlut á.

Fyrir liggja óskir frá ýmsum aðilum þess efnis, að heimildin um takmörkun á fjölda leigubifreiða verði látin ná til allra kaupstaðanna og fjölmennustu kauptúnanna. Samgöngumálanefnd virðist sanngjarnt, að þær óskir séu teknar til greina, og flytur því frv. þetta.

Fylgiskjal.

LANDSSAMBAND VÖRUBIFREIÐASTJÓRA

Reykjavík, 4. marz 1957.

Samgöngumálanefnd neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Á þingi Landssambands vörubifreiðarstjóra í nóvembermánuði s. l. var einróma samþykkt að vinna að því, að heimild sú, sem nú er bundin í lögum um takmörkun á inngöngu í vörubifreiðarstjórafélög, verði framvegis rýmkuð svo, að nefnd heimild nái til allra félaga í landssambandinu.

Af þessu tilefni viljum við vinsamlega fara þess á leit við hæstvirta samgöngumálanefnd, að hún beiti sér fyrir því, að gerð verði breyting á lögum um leigubifreiðar í kaupstöðum, nr. 23 frá 1953 og nr. 25 frá 1955. Breytingin þyrfti að okkar áliti að vera á þá leið, að takmörkunarheimildin að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélags og meðmælum bæjarstjórnar eða hreppsnefndar næði til allra kaupstaðanna og kauptúna með yfir 800 íbúa. Slík rýmkun á heimildinni til að takmarka leigubifreiðafjöldann mundi fullnægja óskum landssambandsþingsins á vel viðunandi hátt.

Við lítum svo á, að þau rök, sem lágu til þess, að heimildin var veitt Reykjavík og nokkrum stærstu kaupstöðunum, eigi í jafnríkum mæli við um flesta þá staði, sem nú er farið fram á að öðlist þessa heimild einnig. Alveg sérstaklega eindregnar óskir um breytingu í þessa átt hafa komið frá vörubifreiðarstjórum á Akranesi, Húsavík, Ísafirði, Sauðárkróki og Stykkishólmi. Sú reynsla, sem þegar er fengin af takmörkuninni, þar sem hún hefur komizt í framkvæmd, er mjög góð, og þar ríkir almenn ánægja með þetta fyrirkomulag meðal vörubifreiðarstjóra og vinnuveitenda.

Innan stéttar sjálfseignarvörubifreiðarstjóra hefur verulega bólað á offjölgun. Þar hefur ríkt atvinnuskortur og jafnvægisleysi. Menn, sem leggja með sér jafndýr tæki og vörubifreið er nú til dags, eiga vissulega rétt á því, að afkomuöryggi þeirra sé aukið með einhverjum skynsamlegum ráðum. Í því efni er sú braut, sem mörkuð var með framangreindum lögum frá 1953 og 1955, langfarsælust.

Við erum ætíð reiðubúnir til að veita yður allar þær upplýsingar um framanritað málefni, er þér kynnuð að óska eftir.

Virðingarfyllst,

Landssamband vörubifreiðastjóra.

Jón Þorsteinsson.

Sþ. 378. Nefndarálit [140. mál]

um till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán fyrir Loftleiðir h/f til flugvélakaupa.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur rætt mál þetta og athugað þingsályktunartillöguna og mælir einróma með því, að hún verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 26. marz 1957.

Karl Guðjónsson, form., frsm.	Halldór Ásgrímsson, fundaskr.	Jón Kjartansson.
Sveinbjörn Högnason.	Karl Kristjánsson.	Halldór E. Sigurðsson.
Pétur Ottesen.	Magnús Jónsson.	Áki Jakobsson.

Sþ. 379. Þingsályktun [140. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán fyrir Loftleiðir h/f til flugvélakaupa.

(Afgreidd frá Sþ. 27. marz.)

Samhljóða þskj. 374.

Sþ. 380. Nefndarálit [136. mál]

um vetrarflutninga á mjólkurframleiðslusvæðum.

(Afgreidd frá Sþ. 27. marz.)

Samhljóða þskj. 356.

Nd. 381. Frumvarp til laga [144. mál]

um breyting á lögum nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

1. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður leggur fram til veðdeildar Búnaðarbanka Íslands:

1. Fjárhæð þá, sem veðdeildin skuldar sparisjóðsdeild Búnaðarbanka Íslands 31. des. 1956.
2. Árlegt framlag, 5 milljónir króna á ári í næstu 10 ár, í fyrsta sinn 1957.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp það, sem hér er flutt, er samið af milliþinganefnd þeirri, sem skipuð var af fyrrverandi landbúnaðarráðherra, Steingr. Steinþórssyni, þann 5. júlí s. l. til þess að gera tillögur um bætta aðstöðu nýbýlamanna og annarra frumbýlinga og þeirra bænda, sem skemmst eru á veg komnir með ræktun.

Í þessari nefnd voru: Kristján Karlsson skólastjóri á Hólum, formaður, Pétur Ottesen alþm. og Þorsteinn Sigurðsson bóndi á Vatnsleysu, tilnefndir af Búnaðarfélagi Íslands, Jón Pálmason alþm. og Pálmi Einarsson landnámsstjóri, tilnefndir af nýbýlastjórn ríkisins.

Nefndin afhenti landbúnaðarráðherra þetta frumvarp um miðjan nóvember s. l. Síðan hefur það eigi komið fram, og því höfum við flutningsmenn farið fram á, að öll landbúnaðarnefnd Nd. flytji frumvarpið. Meiri hluti nefndarinnar, þeir Ásgeir Bjarnason, Ágúst Þorvaldsson og Gunnar Jóhannsson, hefur þó eigi fengizt til þess, en telur, að mál þetta sé til athugunar hjá ríkisstjórninni.

Þar sem málið er mjög aðkallandi og alger óvissa um það, hvort nokkuð kemur frá ríkisstjórninni til úrlausnar í málinu, teljum við okkur ekki fært að bíða lengur með að leggja frumvarpið fram, svo að Alþingi gefist kostur á að taka sínar ákvarðanir um það.

Þess skal getið, að síðan milliþinganefndin skilaði frumvarpinu, hefur eitt atriði þess verið afgreitt með fjárlagaákvæði, en það er að gefa eftir skuld veð-

deildar Búnaðarbankans við ríkissjóð, að upphæð 6 milljónir króna. Fellum við því að sjálfsögðu það atriði út úr frumvarpinu.

Hér með fylgir greinargerð milliþinganefndarinnar. Er hún svo hljóðandi:

Veðdeild Búnaðarbanka Íslands hefur, frá því að deildin var stofnuð, ráðið yfir mjög takmörkuðu eigin fé til útlána. Í árslok 1955 er skuldlaus eign veðdeildarinnar aðeins 2.45 milljónir króna, en deildin skuldar nú sparisjóðsdeild Búnaðarbankans 5 milljónir króna. Af þessu er ljóst, að þar sem deildin verður að afla lánsfjár til útlánastarfsemi sinnar, þá hefur veðdeildin ekki getað leyst þau verkefni, sem henni upphaflega voru ætluð, en auk þeirra hafa síðar komið fram ný verkefni, sem eðlilegt og nauðsynlegt væri að veðdeildin gæti leyst.

Aðalhlutverk deildarinnar hefur verið að auðvelda þeim, er vilja hefja búskap, kaup á ábúðarfærum jörðum, sem boðnar eru til sölu af eigendum. Veðdeildarlánin hafa og að því stutt að greiða fyrir því, að einhver erfingja við fráfall eiganda og ábúanda geti leyst inn eignarhluta samarfa sinna og tekið við búi á jörðinni.

Hin síðari ár og einkum á tímabilinu eftir 1946 hefur landbúnaðurinn orðið að auka vélanotkun við búreksturinn til að geta haldið búsafkomu í horfi þrátt fyrir minnkandi vinnuafl á heimilunum. Þetta hefur breytt allri aðstöðu varðandi útgjaldahlið búrekstrarins. Stofnlán til véla- og áhaldakaupa hafa ekki verið fáanleg og ekki heldur lán til bústofnskaupa fyrir frumbýlinga.

Fjárfesting þessi hefur algerlega hvílt á rekstrinum og hefur leitt til, að bæði bændur og frumbýlingar hafa stofnað til óhagkvæmra lausaskulda vegna þessa tilkostnaðar eða annars orðið að vera án tæknihjálparinnar og ekki getað komið upp bústofni nægilega fljótt. Þetta leiðir til þess, að þeir, sem við slíka aðstöðu búa, dragast aftur úr í búrekstri sínum, en það er einstaklingum, viðkomandi hreppsfélögum og landbúnaðinum í heild skaðlegt.

Skortur á lánsmöguleikum til vélabúskapar, bústofnskaupa og til innlausnar á arfahlutum meðarfa í jörðunum eykur fráhvarf ungs fólks frá landbúnaðinum, er það sér ekki færar leiðir til að taka við jörð og búi nánustu skyldmenna, er láta af bústörfum fyrir aldurs sakir. Þeir, sem þrátt fyrir þessa örðugleika ráðast í yfirtöku jarða, verða að sæta því, að seljendur taki forgangsveðrétti fyrir skuldabréfum, sem greiðast eiga á mjög stuttum tíma, og því hvíla á frumbýlingum þessum háar afborganir og árgreiðslur fyrstu árin.

Með þessu frumvarpi er til þess ætlazt að auka svo fjárhagsgetu veðdeildar Búnaðarbanka Íslands, að henni sé fært að sinna því aðkallandi verkefni að bæta aðstöðu frumbýlinga. Koma þar jöfnum höndum til greina nýbýlamenn og hinir, sem fá möguleika til að hefja búskap á byggðum jörðum. Allir þessir menn þurfa mikið lánsfé til stofnkostnaðar búa sinna, sem nú er orðinn svo mikill, að engar smáupphæðir hrökkva til. Nefndin ætlast ekki til, að veðdeildin láni til húsabygginga og jarðræktar, því að það eiga hinar deildir bankans, byggingarsjóður og ræktunarsjóður, að gera.

En kaup á jörð, búpeningi, vélum og öðrum áhöldum kostar svo mikið fé, eins og nú er komið, að óhjákvæmilegt er, að frumbýlingar fái verulegt lánsfé til þess, þegar þeir hefja búskapinn. Ella heldur áfram í þá átt, að margir ungir menn fara burt úr sveitunum, af því að þeir hafa enga möguleika til að stofnsetja lífvænlegt bú.

Nefndinni er ljóst, að ekki er hátt stefnt með þeim kröfum, sem í frumvarpinu eru, af því að fjárþörfin er svo mikil. En hún sá þó eigi fært að fara fram á hærri fjárhæð eins og nú stendur.

Tilhögun lánanna, þ. e. lánsupphæð, afborgunarfrest og vexti, ætlast nefndin til að bankastjóri setji reglur um, gerir þó ráð fyrir, að vextir og lánstími verði með svipuðum hætti og verið hefur. En þótt upphæð lánanna verði að breytast til hækkunar almennt, þá verður það atriði naumast einskorðað með lögum.

Nd. 382. Lög [70. mál]

um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 80 7. sept. 1942.

(Afgreidd frá Nd. 28. marz.)

Samhljóða þskj. 98.

Ed. 383. Breytingartillögur [99. mál]

við frv. til l. um sölu og útflutning sjávarafurða o. fl.

Frá Sigurði Bjarnasyni og Jóhanni Jósefssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Sameinað Alþingi kýs hlutbundinni kosningu til tveggja ára í senn þrjá menn í nefnd, sem nefnist útflutningsnefnd sjávarafurða. Jafnmargir varamenn skulu kosnir samtímis og á sama hátt. Nefndin kýs sér formann.
   Með samþykki ríkisstjórnarinnar getur útflutningsnefnd sjávarafurða ráðið sér starfsmenn eftir því, sem nauðsyn krefur.
2. Við 2. gr. Fyrir orðið „ráðherra“ í 1. tölul. komi: ríkisstjórninni.

Nd. 384. Frumvarp til laga [128. mál]

um breyting á lögum nr. 90 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. eru gerðar þessar breytingar:

		Toll-eining	Vörumagns-tollur Aurar	Verð-tollur %
1.	Á eftir nr. 58 í 28. kafla kemur nýtt númer, svo hljóðandi:			
	58a Netjatjara og netjalitur	1 kg		2
2.	Á eftir orðunum: „koma í veg fyrir ketilstein“ í nr. 59 í 28. kafla kemur: ryð.			
3.	Aftan við nr. 2 í 39A. kafla kemur svo hljóðandi athugasemd:			
	Aths. Ráðuneytinu er heimilt að lækka aðflutningsgjöld af plastumbúðum af sérstakri gerð utan um íslenzkar afurðir til útflutnings.			
4.	Á eftir nr. 6 í sama kafla kemur nýtt númer, svo hljóðandi:			
	6a — plastflot til netjagerðar	—	2	2
5.	Í stað nr. 4 í 39B. kafla koma þrjú númer, svo hljóðandi:			
	— plötur, þræðir, stengur ót. a.:			
	4 — — úr svampgúmmíi til skógerðar	—	7	8
	4a — — úr svampgúmmíi til annars	—	7	30
	4b — — úr öðru	—	7	8
6.	Nr. 33 í 44. kafla (Vaxbornar umbúðir). Liðurinn fellur niður.			
7.	Aftan við nr. 34 í 44. kafla kemur svo hljóðandi athugasemd:			
	Aths. Ráðuneytinu er heimilt að lækka aðflutningsgjöld af pappaumbúðum af sérstakri gerð utan um íslenzkar afurðir til útflutnings.			

		Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
8.	Nr. 1 og 2 í 45. kafla orðast svo:			
	— með íslenzkum texta			
	— — bundið	1 kg	2	25
	— — annað	—	2	15
9.	Við athugasemdina við nr. 2 í 45. kafla bætist: Enn fremur er ráðuneytinu heimilt að fella niður aðflutningsgjöld af ritum, sem Vestur-Íslendingar láta prenta vestan hafs á íslenzku, og af forn- og fræðiritum og öðrum þess háttar ritum á íslenzku.			
10.	Í stað nr. 15 í 45. kafla koma tvö númer, svo hljóðandi: Auglýsingaspjöld og auglýsingaskilti, áletruð, einnig úr öðrum efnum:			
	15 — með íslenzkum texta	—	2	25
	15a — önnur	tollfrjáls		
11.	Á eftir nr. 27 í 63. kafla kemur nýtt númer, svo hljóðandi:			
	27a Vélavírdúkur	—	2	8
12.	Í stað nr. 85—86a í 63. kafla koma tvö númer, svo hljóðandi:			
	Blikkdósir og kassar:			
	85 — málað, áletrað, lakkað eða skreytt	—	7	30
	86 — annað	—	7	20
13.	Nr. 5 í 67. kafla orðast svo:			
	5 Blýlóð (sökkur) svo og nótablý	—		2
14.	Nr. 36 í 72. kafla orðast svo:			
	36 — allt að 100 hestafla	—	2	8
15.	Aftan við nr. 3 í 75. kafla koma tvö ný númer, svo hljóðandi:			
	3a — kranabifreiðar	—	2	10
	3b — steypuhræribifreiðar	—	2	10
16.	Nr. 1—5 í 79. kafla orðast svo:			
	1 Flygel og pianó	—	7	30
	2 Hlutar til flygela og pianóa	—	7	15
	3 Orgel og harmonium	—	7	30
	Aths. Ráðuneytinu er heimilt að fella niður verðtoll af orgelum til kirkna og hljóðfærum fluttum inn til notkunar við kennslu í skólum.			
	4 Hlutar til orgela og harmonia	—	7	15
	5 Strengjahljóðfæri og hlutar til þeirra, ót. a.	—	7	30
17.	Aftan við nr. 7 í 85. kafla kemur nýtt númer, svo hljóðandi:			
	8 Ferðaskrín og önnur þess háttar skrín með speglum, burstum og öðrum snyrtiáhöldum, búsáhöldum o. þ. h., ót. a.	—	7	50

2. gr.

Á 3. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

Í stað p- og r-liða kemur nýr liður, svo hljóðandi:

p. Að láta koma til framkvæmda tollfrelsisákvæði alþjóðasamnings frá 25. sept. 1956, um sameiginlega greiðslu kostnaðar af tiltekinni flugþjónustu á Íslandi.

Á eftir bb-lið koma þrír nýir liðir, svo hljóðandi:

cc. Meðan tilbúinn áburður er tollfrjáls, að endurgreiða Áburðarverksmiðjunni aðflutningsgjöld af umbúðum og efnivörum til framleiðslunnar.

dd. Meðan heimilt er að fella niður aðflutningsgjöld af ómöluðu korni, að fella niður á sama hátt aðflutningsgjöld af kornvörum, kornblöndum og melassa til skepnufóðurs.

ee. Að innheimta sömu aðflutningsgjöld af hvalveiðaskutlum, hvalveiðabyssum og skotfærum til þeirra og veiðarfærum.

3. gr.

Síðari málsliður síðustu málsgr. 7. gr. laganna fellur niður.

4. gr.

Á eftir 25. gr. laganna kemur ný grein, sem verður 26. gr., svo hljóðandi:

Aðflutningsgjöld skal innheimta í heilum krónum, þannig að 50 aurar og þar fram yfir telst 1 króna, en minni upphæð skal sleppt.

5. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 2. málsgr. 36. gr. laga nr. 32 14. júní 1929, um loftferðir.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 385. Breytingartillögur [135. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 1. gr.

a. Í stað orðanna „allt að 100 rúmlestum“ í 5. málsgr. komi: allt að 120 rúmlestum.
b. Í stað orðanna „í 36 mánuði“ í 6. málsgr. komi: í 30 mánuði.
c. Í stað orðanna „allt að 100 rúmlestum“ í 7. málsgr. komi: allt að 120 rúmlestum.

Nd. 386. Nefndarálit [16. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Sjávarútvegsnefnd hefur haft frv. þetta, sem komið er úr háttvirtri efri deild, til athugunar nú um skeið. Hefur nefndin athugað málið ýtarlega og átt viðræður við skipaskoðunarstjóra, Hjálmar Bárðarson, og framkvæmdastjóra Slysavarnafélags Íslands, Henry Hálfdánarson. Þá hefur og annar flutningsmanna frv., Friðjón Skarphéðinsson, mætt á fundi í nefndinni.

Nefndin er sammála um, að nauðsynlegt sé að setja lög um gúmbáta í skipum, að þar dugi ekki reglugerðarákvæði, en vill þó ekki fallast á, að lækkaðar verði kröfur um önnur björgunartæki. Frv. gerir ráð fyrir því, að gúmbjörgunarbátar verði á skipum auk annarra lögmæltra björgunartækja, en komi ekki í stað þeirra. Telur nefndin, að nauðsynlegt sé að endurskoða ákvæði laganna um eftirlit með skipum (l. nr. 68 5. júní 1947), sem snerta björgunartæki í skipum, og vill nefndin beina þeim tilmælum til ráðherra, að hann láti slíka endurskoðun fram fara.

Birtist hér sem fylgiskjal bréf skipaskoðunarstjóra til nefndarinnar.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Aftan við meginmál a-liðar 1. gr. bætist nýr málsliður, svo hljóðandi:
   Með reglugerð um notkun björgunartækja, er ráðuneytið setur, skal eftir föngum tryggja það, að sjómönnum verði kennd meðferð gúmbjörgunarbáta.

2. B-liður 1. gr. orðist svo:
Síðasti málsliður 4. töluliðar D-liðar 34. gr. laganna orðist svo:
Ef öruggt þykir, má leyfa, að slík tæki komi að nokkru leyti í stað báta, annarra en gúmbáta.

Alþingi, 19. marz 1957.

Gísli Guðmundsson, form. Karl Guðjónsson, fundaskr. Áki Jakobsson, frsm. Pétur Ottesen.
Sigurður Ágústsson.

Fylgiskjal.

SKIPASKOÐUNARSTJÓRINN

Reykjavík, 13. febrúar 1957.

Sjávarútvegsnefnd neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Í framhaldi viðræðna við yður um gúmmíbjörgunarbáta á íslenzkum skipum vil ég leyfa mér að tjá yður, að ráðstefna er nú ákveðin í London 26. febrúar n. k. milli allra Norðurlandanna, Hollands og Bretlands um samræmingu reglna um gúmmíbjörgunarbáta, framleiðslu þeirra og notkun.

Í framhaldi þessarar ráðstefnu er ætlunin að halda aðra, er hefst í London 4. marz, og verði þar einnig þátttaka frá Belgíu, Frakklandi, Íslandi og Vestur-Þýzkalandi og verði rætt um björgunartæki skipa, þar með taldir gúmmíbjörgunarbátar, og þá sérstaklega um notkun þeirra í farþegaskipum í millilandasiglingum.

Sendi ég hjálagt afrit af bréfi frá Ministry of Transport and Civil Aviation, til Herra O. Nielsen, ritara Kaupmannahafnarsamþykktarlandanna, varðandi fund þennan.

Einkanlega vil ég leyfa mér að vekja athygli nefndarinnar á því, sem sagt er þar um gúmmíbjörgunarbátana til notkunar á skipum almennt, einnig farþegaskipum.

En þar er efnislega sagt m. a.:

„Í rauninni er það orðin alheimsskoðun meðal siglingaþjóða, að gúmmíbjörgunarbátar eru verðmæt ný framför á sviði öryggis mannslífa á hafinu, og ber því brýna nauðsyn til að leyfa notkunina alþjóðlega. Við (þ. e. Bretar) teljum því, að nú sé fyllilega rétt að komast áleiðis til samkomulags við nágrannaþjóðir okkar í Norðvestur-Evrópu til að taka upp notkun gúmmíbjörgunarbáta almennt á farþegaflutningaskipum.

Svo sannarlega er það skoðun okkar, að við svikjumst undan ábyrgð okkar á auknu öryggi á sjó, ef við gerðum ekki allt, sem í okkar valdi stendur, til að taka upp notkun þessara margfalt betri tækja til öryggis en hægt er ella að tryggja farþegaskipum."

Er mjög athyglisvert að aðgæta, hver þróun málanna er í öðrum löndum, en hér er hugsað að fara mun lengra en leyft er í okkar nýju reglum. Á fundi þessum er á dagskrá að búa mörg þessi farþegaskip einum föstum björgunarbát á hvorri hlið, en að öðru leyti eingöngu gúmmíbjörgunarbátum.

Hjálmar R. Bárðarson.

Nd. 387. Frumvarp til laga [145. mál]

um jarðhita.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1957.)

I. KAFLI

Um rétt landeiganda til umráða og hagnýtingar jarðhita.

1. gr.

Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar á hverum og laugum, sem á henni eru, þó með takmörkunum þeim, sem lög þessi tilgreina.

2. gr.

Landeiganda er rétt að hagnýta sér hveri og laugar á landareign sinni eins og honum þykir bezt henta til heimilisþarfa, búrekstrar og annars, sbr. þó 4. gr. Hann hefur rétt til að stífla frárennsli úr þeim í þessu skyni, hlaða bakka um þau, gera garða um þau og ræsa fram ofan jarðar og neðan, sbr. þó 54. gr. Landeiganda er rétt að bora á landareign sinni eftir jarðhita, þó eigi dýpra en 100 metra, sbr. 8. gr., né nær landamerkjum en 200 metra, sbr. 3. gr., og hagnýta sér á sama hátt jarðhita þann, sem fæst við þá borun.

3. gr.

Nú vill landeigandi bora eftir jarðhita í landareign sinni nær landamerkjum en 200 metra, og skal þá um þá borun og hagnýtingu jarðhitans fara samkvæmt ákvæðum 4. gr. um hver eða laug, sem liggur svo í landareign tveggja eða fleiri, að ekki verður aðskilið, þegar hagnýtt er.

4. gr.

Nú liggja landamerki um hvera- eða laugasvæði þannig, að einhver hluti hvera eða lauga liggur svo í landareign tveggja eða fleiri landeigenda, að ekki verður aðskilið, þegar hagnýtt er, en annar eða einhver jarðeigenda vill hagnýta hvera- eða laugaorku, sem sameiginleg er, og skal hann þá bjóða hinum að vera með í mannvirkjagerð og nota hveraorkuna að réttri tiltölu. Nú verða þeir á þessa skipun sáttir, en skilur á um framkvæmd verksins, skiptingu kostnaðar eða orkunot, og skal þá skera úr með mati.

Nú vill annar eða einhver jarðeigenda ekki taka þátt í mannvirkjagerð til hagnýtingar hvera- eða laugaorku, sem er sameiginleg, og getur hinn eða hinir þá fengið leyfi ráðherra til að framkvæma verkið og nota hveraorkuna, en haga skal mannvirkjum þannig, að þeim, sem ekki tekur þátt í verkinu, sé eigi um nauðsyn fram torveldað að hagnýta sér síðar þann hluta orkunnar, sem hann á tilkall til. Meðan hann notar ekki hveraorku þá, sem hann á tilkall til, má sá, er mannvirkin gerði, hagnýta sér hana án endurgjalds. Nú hagnýtir sá, er ekki tók þátt í mannvirkjagerð, sér síðar hveraorkuna og nýtir til þess mannvirkin að einhverju leyti, og skal hann þá taka þátt í stofnkostnaði og viðhaldskostnaði eftir mati, nema um semjist.

Ef landeigendur verða ekki ásáttir að öðru leyti um réttindi til hagnýtingar, skal mat skera úr.

5. gr.

Leyfi til jarðborunar samkvæmt 3. og 4. gr. bindur ráðherra þeim skilyrðum, sem nauðsynleg þykja, til varnar gegn því, að borun spilli hagnýtingu jarðhita, sem hafin er, eða skilyrðum til hagnýtingar jarðhita síðar meir, og synjar um leyfi, ef líkur eru til, að borun valdi verulegu tjóni.

Tjón, er verða kann af borun, sbr. 1. málsgr., er þeim, sem lætur bora, skylt að bæta eftir mati, nema um semjist.

6. gr.

Nú vill jarðeigandi ekki leggja í neinn kostnað til hagnýtingar hveraorku í jörðinni, og er þá ábúanda heimilt að hagnýta hana á sinn kostnað, þó þannig, að hann spilli ekki jörðu að neinu leyti. Ekki er jarðareigandi skyldur til, þegar svo stendur á sem í grein þessari segir, við brottför landseta að innleysa þau mannvirki, er ábúandi hefur gert til hagnýtingar hveraorku, önnur en þau, sem gerð hafa verið til heimilis- og búsþarfa.

7. gr.

Landeigandi má ekki undanskilja landareign sinni jarðhitaréttindi, nema með sérstöku leyfi ráðherra. Um kaup á slíkum réttindum fer sem um landkaup.

Um sölu jarða, er jarðhitaréttindi fylgja, fer eftir ákvæðum laga nr. 40 5. apríl 1948, þó þannig, að ríkissjóður skal hafa forkaupsrétt, að þeim aðilum frágengnum, sem hann er veittur með þeim lögum.

Nú hefur sveitarfélag notað forkaupsrétt sinn til slíkra jarðeigna, en selur aftur innan 5 ára frá því, er kaup voru gerð, og skal þá ríkissjóður eiga fyrsta forkaupsrétt, er svo stendur á.

II. KAFLI

Um rétt ríkisins til umráða og hagnýtingar jarðhita.

8. gr.

Ríkið á allan rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita, sem liggur dýpra eða sóttur er dýpra en 100 metra undir yfirborð jarðar, sbr. þó 14. gr.

9. gr.

Engum er heimilt að bora eftir jarðhita niður fyrir 100 metra dýpi né ráðstafa eða hagnýta jarðhita, sem fæst við slíka borun, nema leyfi ráðherra komi til, sbr. III. kafla þessara laga.

10. gr.

Ríkið hefur rétt til að láta rannsaka jarðhita með borunum og á annan hátt, hvar sem er á landi hér.

11. gr.

Ríkið hefur rétt til að bora eftir jarðhita hvar sem er á landi hér og hagnýta þann jarðhita, sem fæst við slíka borun úr meira dýpi en 100 metra.

12. gr.

Ráðherra getur, að fullnægðum þeim skilyrðum, er segir í III. kafla laga þessara, veitt einstaklingum, félagssamtökum eða sveitarfélögum leyfi til að bora eftir jarðhita, sem eignarráð einstaklinga taka eigi til, sbr. I. kafla.

13. gr.

Nú notar ríki eða leyfishafi rétt sinn samkvæmt greinunum hér á undan, og er þá landeigendum og leiguliðum skylt að þola öll mannvirki, er af hagnýtingu jarðhitans leiðir, á löndum sínum og lóðum, svo og láta af hendi land og mannvirki og þola hvers konar afnot af landi, takmarkanir á umráðarétti og óþægindi, sem nauðsynleg eru vegna borunar og rannsóknar og vegna framkvæmdar verksins, viðhalds þess og rekstrar, gegn fullu endurgjaldi, sem ákveðið skal með mati, ef samkomulag næst ekki.

III. KAFLI

Um leyfi til jarðborunar og til hagnýtingar jarðhita úr borholum, sem dýpri eru en 100 metrar.

14. gr.

Sá, er tekið hefur jarðhita í notkun fyrir 1. janúar 1957, skal hafa rétt til notkunar þess jarðhita áfram, án sérstaks leyfis ráðherra. Jafnframt skal hann eiga forgangsrétt að leyfi til borunar eftir jarðhita og hagnýtingar hans til nauðsynlegrar endurnýjunar og aukningar þess fyrirtækis, sem hagnýtir jarðhitann, og skal í þeirri leyfisveitingu tekið tillit til framtíðarþarfa, fyrirtækisins á þann hátt, er ráðherra, að fenginni umsögn jarðhitadeildar, telur við eiga. Um slík leyfi gilda að öðru leyti ákvæði þessara laga um önnur leyfi til hagnýtingar jarðhita, eins og við getur átt.

Sá, sem borað hefur eftir jarðhita, en ekki tekið hann í notkun fyrir 1. janúar 1957, á eigi forgangsrétt til framhaldsborunar eða til hagnýtingar jarðhitans, en sé umsókn hans um leyfi til þessa synjað, er ríkinu skylt að greiða honum kostnaðarverð borunarinnar, enda verður ríkið þá einnig eigandi að borholunum. Séu borholurnar eldri en 8 ára, þegar hann sækir um leyfið, er ríkinu þó ekki skylt að kaupa þær.

15. gr.

Hver sá, er óskar leyfis ráðherra til hagnýtingar jarðhita, skal senda umsókn sína um það til jarðhitadeildar og láta fylgja upplýsingar um þau atriði, er hér segir:

1. Nafn og heimili umsækjanda.
2. Skýrt frá því, til hvers umsækjandi hyggst nota jarðhitann.
3. Hvar hugsað er að taka jarðhitann og hve mikið magn, lýsing á aðstöðu og tilgreind stærð og mörk þess lands, sem óskað er leyfis til að bora á, ef um það er að ræða.
4. Lýsing á öllu fyrirtækinu, jarðborunum, jarðhitaveitu, iðjuverum, samgönguvirkjum o. fl., eftir því hvað gera á. Uppdrættir skulu fylgja, er sýni, hvar og hvernig hugsað er að reisa öll mannvirkin. Skýrt frá því, hversu mikillar gufu og heits vatns eða lofttegunda og annarra efna, er um það er að ræða, er þörf og hvernig hagnýtingu þeirra er háttað; hvort og þá hve mikið og hvenær hugsað er að stækka hagnýtingarmannvirkin síðar meir.
5. Lýst þeim landspildum, sem umsækjandi telur sig þurfa til afnota við hagnýtingarmannvirkin, þær sýndar á uppdrættinum og eigendur þeirra nefndir, ef aðrir eru en umsækjandi.
6. Hvenær umsækjandi telur sér fært að hafa til fullnaðaruppdrætti og fullnaðaráætlun.
7. Hvenær hann telur sér fært að byrja á mannvirkjunum og hvenær að hafa þau fullgerð.
8. Áætlun um það, hvað öll mannvirkin muni kosta.
9. Hvort umsækjandi hefur ráð á öllu því fé, sem með þarf; ef ekki, þá hvernig hann hyggst afla þess fjár, sem á vantar, og hverjar líkur eru til, að það muni takast.
10. Ef umsóknin er send fyrir hönd einhvers félags eða stofnunar, skal tilgreina nöfn stjórnenda og framkvæmdastjóra, heimilisfang félagsins og varnarþing og láta fylgja lög þess.

Ráðherra getur, ef þurfa þykir, heimtað af umsækjanda hvers konar nánari eða frekari upplýsingar.

Ráðherra er heimilt að veita umsækjanda undanþágu frá þeim ákvæðum þessarar greinar, sem mundu baka honum tiltölulega of mikinn kostnað og fyrirhöfn, ef varmaorka sú, sem leyft er að hagnýta, fer ekki fram úr 1000 kg°/sek., miðað við hitastig yfir 25° C.

16. gr.

Nú eru mælingar, frumdrættir og áætlanir umsækjanda ekki svo nákvæmar, að ráðherra telji gerlegt að ráða málinu til lykta, en ýtarlegri rannsókn jarðhitans og allra staðhátta, svo sem t. d. með jarðborunum, mundi baka umsækjanda mjög mikinn kostnað, og getur þá ráðherra veitt honum rannsóknar- og borunarleyfi, sem jafnframt veiti honum forgangsrétt, ef til kemur, að ráðherra veiti leyfi til þeirrar hagnýtingar jarðhitans, sem umsækjandi sótti um.

Slík rannsóknar- og borunarleyfi skal eigi veita til lengri tíma en 2 ára. Forgangsréttur til hagnýtingar fellur niður um leið og rannsóknarleyfi.

17. gr.

Nú óskar sveitarstjórn að taka jarðhita í notkun til hitaveitu til almenningsþarfa, og skal hún þá hafa forgangsrétt að leyfi til hagnýtingar jarðhita, er fullnægi almenningsþörfum í umdæmi hennar.

18. gr.

Áður en leyfi er veitt til jarðborunar, skal jarðhitadeild rannsaka og dæma um það, hvort og hve miklar líkur eru til þess, að hin fyrirhugaða borun kunni að spilla skilyrðum til hagnýtingar jarðhita, svo sem þannig, að dragi úr magni gufu eða heits vatns í borholum, sem þegar hafa verið boraðar, eða spilli hagnýtingu jarðhita, sem þegar er hafin, eða skilyrðum til hagnýtingar síðar meir.

Ef verulegar líkur eru til þess, að borunin muni spilla hagnýtingu jarðhita, sem þegar er hafin eða leyfð hefur verið, og verðmæti þeirrar hagnýtingar, sem stefnt er að með hinni fyrirhuguðu borun, er ekki til muna meira en tjón það, er af getur hlotizt, skal synja um leyfi til jarðborunarinnar. Leyfið skal ekki heldur veita, ef líkur eru til, að með hinni fyrirhuguðu borun sé spillt skilyrðum til hagnýtingar jarðhita síðar meir, þótt eigi sé hún hafin eða leyfi veitt til hennar, ef verðmæti þessarar hagnýtingar jarðhita er til muna meira en þeirrar, sem stefnt er að með boruninni.

19. gr.

Í leyfi til hagnýtingar jarðhita skal greina þessi atriði, eftir því sem við eiga:

1. Nafn og heimili umsækjanda.
2. Leyfistíminn tiltekinn, en hann má aldrei vera lengri en 50 ár.
3. Skilgreint, til hvers konar hagnýtingar jarðhitaleyfi er veitt.
4. Tiltekið, hversu mikið magn af gufu, heitu vatni eða lofttegundum og öðrum efnum leyfið veitir heimild til að hagnýta hið mesta.
5. Tekið fram, hvort í hagnýtingarleyfinu er fólgið leyfi til borunar eftir jarðhita þeim, er hagnýta skal, og þá að fullu gerð grein fyrir því, að hvaða landssvæði heimilt er að bora, en ella tilgreint, hvar taka megi gufu þá, heitt vatn eða lofttegundir og önnur efni, sem leyfið veitir heimild til að hagnýta.
6. Því lýst greinilega, hvar og hve stór þau mannvirki eru, sem leyfið heimilar að koma upp, halda við og hagnýta, og vísað til uppdrátta, landabréfa eða frumdrátta, sem ráðherra hefur samþykkt, þar sem sjá má legu og stærð virkjananna; má festa afrit af þeim við leyfisbréfið.
7. Tekið fram, hvernig ákveða á árgjald það, er greiða ber af leyfinu, sbr. 24. gr.
8. Hvenær leyfishafi skuli byrja á virkjunum í síðasta lagi, og skal sá frestur ekki vera lengri en 2 ár frá dagsetningu leyfis.
9. Hvenær öll virkin skulu fullgerð í síðasta lagi, og skal sá frestur aldrei vera lengri en 6 ár frá dagsetningu leyfis.
10. Önnur skilyrði, sem ráðherra telur nauðsynleg vegna almenningsheilla.

20. gr.

Jarðhitadeild hefur eftirlit með því, að öll mannvirki verði gerð í fullu samræmi við uppdrætti, lýsingar og áætlanir, er leyfisbréfinu fylgja, og öll þau skilyrði, sem leyfishafa ber að halda. Skal leyfishafi afhenda jarðhitadeild til athugunar í tæka tíð, áður en byrjað er á verkinu, fullnaðaruppdrætti og fullnaðaráætlun um gerð virkjanna og rekstur fyrirtækisins. Trúnaðarmenn jarðhitadeildar skulu hafa frjálsan aðgang að öllum virkjum leyfishafa, meðan þau eru í smíðum, til eftirlits. Ber leyfishafa að fara eftir fyrirsögn eftirlitsmanna, en getur þó, ef ágreiningur verður, skotið honum til úrskurðar ráðherra.

21. gr.

Nú kemur í ljós, að dómi jarðhitadeildar, að jarðborun, sem leyfð hefur verið, spillir skilyrðum til hagnýtingar jarðhita, svo sem um ræðir í 1. málsgr. 18. gr., og getur hún þá krafizt þess, að boruninni verði hætt þegar í stað, og er leyfishafa skylt að hlíta þeirri kröfu tafarlaust.

Ef ástæða er til að ætla, að tjón það, er jarðborunin hefur í för með sér (sbr. 1. málsgr.), sé meira en hagnaður sá, sem af henni verður, getur ráðherra, að fenginni umsögn jarðhitadeildar, afturkallað leyfi til frekari borunar, án þess að leyfishafi hljóti við það rétt til neinnar bótakröfu, en halda skal hann rétti þeim, er hann kann að hafa samkvæmt leyfinu, til hagnýtingar á þeim jarðhita, sem hann hefur þegar fengið við borunina. Ákvörðun um afturköllun borunarleyfis ber að tilkynna leyfishafa, áður en mánuður er liðinn frá því, að borun var stöðvuð samkvæmt 1. málsgr. Ágreining um það, hvort ætla má, að tjón af borun verði meira en hagnaður, skal útkljá með matsgerð. Komi til mats, má ekki bora, meðan matsgerð er ólokið.

Tjón, er jarðborun kann að valda öðrum, sbr. 1. og 2. málsgr., er borunarleyfishafa skylt að bæta, og skal bótaupphæðin ákveðin með mati, ef samkomulag næst ekki.

22. gr.

Nú kemur í ljós, að við borun eftir jarðhita í meira dýpi en 100 metra hefur dregið úr magni þess jarðhita, sem áður kom upp í hverum og laugum eða ná mátti með jarðborunum innan 100 metra dýpis, og er þá borunarleyfishafa eða ríkinu, ef það lætur bora, skylt að greiða landeiganda eða landeigendum bætur fyrir varmamissinn. Spilli borunin hagnýtingu slíks jarðhita, sem þegar var hafin, skal bæta það tjón, er af því hlýzt.

Bætur, sem greiða ber samkvæmt þessari grein, skal ákveða með mati, ef samkomulag næst ekki.

23. gr.

Skylt er þeim, er borar eftir jarðhita í meira dýpi en 100 metra, að láta ábúanda eða ábúendum bújarða í næsta nágrenni borstaðar í té jarðvarma til heimilis- og búsþarfa, ef þeir óska þess, gegn hóflegu gjaldi, er ráðherra ákveður. Þó er eigi skylt að láta af hendi samkvæmt þessari grein meir en 2% samtals af þeim varma, sem upp hefur fengizt við borunina, né að láta neinu einstöku lögbýli í té meira en 50 kg°/sek., miðað við hitastig 25° C. Varmann má afhenda við borholuna.

Verði ágreiningur um afhendingu jarðhita samkvæmt þessari grein, sker ráðherra úr, að fenginni umsögn jarðhitadeildar.

24. gr.

Greiða skal árlega gjald af hverju leyfi til hagnýtingar jarðhita, og skal miða gjaldið bæði við magn þess jarðhita, sem leyfið veitir heimild til að hagnýta, og það magn, er leyfishafi hefur tekið í notkun á hverjum tíma.

Upphæð árgjaldsins skal vera 200 krónur á hverjar 100 kg°/sek., miðað við

hitastig yfir 25° C, sem leyfið veitir heimild til að hagnýta, og að auki 300 krónur á hverjar 100 kg°/sek., sem teknar hafa verið í notkun.

Gjalddagi leyfisgjalda er 31. des. ár hvert.

Nemi magn jarðhita, sem leyft er að hagnýta, ekki meiru en 500 kg°/ sek., skal ekkert árgjald greiða.

25. gr.

Gjöld þau, er greidd eru samkvæmt 24. gr., skulu renna í sérstakan sjóð, er nefnist jarðhitasjóður, og skal honum varið til að kosta jarðhitarannsóknir og á annan hátt til að stuðla að hagnýtingu jarðhita hér á landi.

Úr jarðhitasjóði má verja fé til almennra vísindalegra rannsókna á eðli og uppruna jarðhita, til leitar að jarðhita með jarðfræðilegum og jarðeðlisfræðilegum aðferðum, til rannsókna og tilrauna um hagnýtingu jarðhita o. fl. því líks.

Raforkumálastjóri hefur umsjón með jarðhitasjóði, varðveitir hann og annast fjárreiður hans og reikningshald. Jarðhitadeild gerir árlega fjárhagsáætlun fyrir sjóðinn og sendir ráðherra svo snemma, að fylgt geti fjárlagafrumvarpi til Alþingis. Greiðslur úr sjóðnum skal inna af hendi samkvæmt fjárhags- og greiðsluáætlun, er ráðherra hefur samþykkt, eða að fenginni heimild ráðherra í hvert sinn. Um meðferð jarðhitasjóðs má setja nánari ákvæði í reglugerð.

26. gr.

Leyfi til borunar og til hagnýtingar jarðhita er leyfishafa óheimilt að framselja öðrum nema með leyfi ráðherra. Slíkt framsalsleyfi veitir ráðherra því aðeins, að skiptin fari ekki í bága við almenningshagsmuni. Ekki má leyfishafi taka borgun fyrir þau réttindi, sem honum hafa verið veitt með leyfinu. Sá, er tekur við leyfi, skal gangast undir alla skilmála framseljanda á þann hátt, er ráðherra tekur gilt, svo og þá skilmála, sem ráðherra kann að setja í framsalsleyfinu.

27. gr.

Brot á skilyrðum þeim, sem leyfi til borunar og til hagnýtingar jarðhita er bundið, varða sektum, sbr. 63. gr., eða leyfissviptingu, ef miklar sakir eru eða brot er ítrekað.

28. gr.

Að leyfistímanum liðnum hefur ríkið rétt til að leysa til sín borholur og öll hagnýtingarmannvirki gegn endurgjaldi, sem ákveðst með mati, ef samkomulag næst ekki. Ef metið er, skal miða matið við upphaflegt kostnaðarverð virkjanna að frádreginni hæfilegri upphæð fyrir eðlilegu sliti og fyrningu.

Óski ríkið ekki að leysa til sín mannvirkin að leyfistíma loknum, skal leyfishafi eiga þess kost að fá leyfi framlengt, þó með þeim breytingum á skilyrðum, sem ráðherra kann að telja þörf fyrir.

IV. KAFLI

Um hitaveitur til almenningsþarfa.

29. gr.

Ráðherra er heimilt að veita bæjar- eða hreppsfélögum eða samtökum þeirra einkaleyfi, með þeim skilyrðum, sem lög þessi ákveða, til þess að stofnsetja eða starfrækja hitaveitur, sem annist dreifingu eða sölu heits vatns eða gufu til almenningsþarfa frá jarðhitastöðvum eða hitunarstöðvum með öðrum orkugjafa.

Einkaleyfi þessi skulu þó ekki ná til samhitunarkerfa, sem hafa minna hámarksafl en 100 kg°/sek., miðað við hitastig yfir 25° C.

30. gr.

Einkaleyfi það, sem um ræðir í 29. gr., getur bæjar- og hreppsfélag, með samþykki ráðherra, framselt einstaklingum eða félögum að einhverju eða öllu leyti um ákveðið tímabil í senn, með þeim skilyrðum og kvöðum, sem ástæður þykja til.

31. gr.

Einkaleyfisumsókn samkvæmt 29. og 30. gr. skulu fylgja fullnaðaruppdrættir að fyrirhugaðri hitaveitu, kostnaðaráætlun og rekstraráætlun.

Einkaleyfi skal því aðeins veita, að ráðherra telji, að fengnu áliti jarðhitadeildar, að uppdrættir og áætlanir séu tæknilega réttar, hitaveitan verði þjóðhagslega hagkvæmt fyrirtæki, fullnægi hitaþörf svæðisins og að tryggður sé eðlilegur og truflanalaus rekstur, eftir því sem aðstæður leyfa.

Nú hefur einkaleyfi verið veitt til þess að stofnsetja og starfrækja hitaveitu samkvæmt lögum þessum, og skal þá, áður en veitan tekur til starfa, setja henni gjaldskrá, er ráðherra staðfestir.

Í gjaldskrá má ákveða sérstakt heimæðargjald.

Gjaldskrána ber að endurskoða eigi sjaldnar en á 5 ára fresti.

32. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs nauðsynleg lán, er aðilar þeir, sem um ræðir í 29. og 30. gr., kunna að taka til að koma upp hitaveitu, samkvæmt fyrirmælum þessara laga. Má ábyrgðin þó aldrei fara fram úr 80% af heildarkostnaði hitaveitunnar. Í tryggingu fyrir ábyrgðinni getur ríkissjóður krafizt 1. veðréttar í hitaveitunni svo og árlegum tekjum hennar, ef aðrar tryggingar eru ekki fyrir hendi, er ríkisstjórnin metur gildar.

33. gr.

Jarðeigendur, sem eiga land þar, sem leiðslur hitaveitu bæjar- eða hreppsfélags verða lagðar, svo og lóðaeigendur og lóðaleigjendur í hlutaðeigandi umdæmi, eru skyldir til að láta af hendi land og landsafnot, sem þarf til þess, að veita megi vatninu um veitusvæðið, þar með talið grjóttak, malartekja og torfrista, svo og mannvirki, og þola þær eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem bygging og rekstur hitaveitunnar kunna að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir eftir mati.

34. gr.

Bæjarstjórn eða hreppsnefnd hefur rétt til þess að löggilda menn, er hún telur hæfa, til þess að annast pípulagningarvinnu við veituna, og skulu þeir í starfi sínu fara eftir reglum, er sveitarstjórn setur.

Nú hefur sveitarfélag notfært sér framangreinda heimild, og mega þá engir aðrir en þeir, sem fengið hafa slíka löggildingu, taka að sér pípulagnir við hitaveituna.

35. gr.

Nú vill bæjar- eða hreppsfélag — eða samtök þeirra — koma upp hitaveitu samkvæmt 29. gr. og telur fjárhagslega afkomu fyrirtækisins ekki tryggða, nema öll hús innan veitusvæðisins verði hituð frá veitunni, og getur ráðherra þá, að fenginni umsögn jarðhitadeildar, ákveðið, að öll hús innan veitusvæðisins skuli hituð frá hitaveitunni, og einnig heimilað eignarnám á utanhússpípulögnum samhitunarkerfa, sem einkaleyfisheimild samkv. 29. gr. náði ekki til. Fer um eignarnám það að lögum. Nauðsynlegar breytingar á innanhússlögnum vegna tengingar við hitaveituna skulu kostaðar af húseigendum.

36. gr.

Nú hafa einstaklingar eða félög komið upp hitaveitu með leyfi hlutaðeigandi bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, samkvæmt 30. gr., og getur ráðherra þá, við lok

leyfistíma, heimilað eignarnám á eignum hitaveitunnar, ef sveitarstjórn óskar þess og ef ekki næst samkomulag um yfirtöku einkaleyfisins og eignanna. Fer um slíkt eignarnám að lögum.

37. gr.

Nú hefur fyrir gildistöku laga þessara félag komið á hitaveitu í þágu almenningsog annazt rekstur hennar, og hefur félagið þá sömu réttindi og skyldur samkvæmt þessum lögum sem bæjar- eða hreppsfélag væri.

Rétt á bæjarstjórn eða hreppsnefnd að kaupa slíka hitaveitu eftir mati, ef samkomulag næst ekki um verð mannvirkisins.

V. KAFLI
Um jarðboranir ríkisins.

38. gr.

Ríkisstjórnin lætur framkvæma jarðboranir eftir heitu vatni og gufu í rannsóknarskyni og til vinnslu víðs vegar um landið með hagnýtingu jarðhitans í hitaveitum til almenningsþarfa og til ræktunar og iðnaðar fyrir augum.

Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum frá jarðhitadeild, hvar borað er, en jafnan skal láta sitja í fyrirrúmi borun á þeim stað, eða þeim stöðum, þar sem vænta má, að verðmæti jarðhitans verði mest.

Fé til þessara jarðborana veitist árlega á fjárlögum.

39. gr.

Til þess að framkvæma jarðboranir samkvæmt 38. gr. heimilast ríkisstjórninni að kaupa nægilega marga jarðbora af hentugri stærð eða stærðum, eftir því sem fé er veitt til þess á fjárlögum.

40. gr.

Þann jarðhita, sem jarðboranir ríkisins vinna með borunum sínum, getur ríkið hagnýtt sjálft, samkvæmt nánari ákvæðum í lögum þessum, sbr. VI. kafla.

Ráðherra getur einnig selt eða leigt sveitarfélögum og einstaklingum, sem þess kunna að óska og hagnýtingarleyfi hljóta samkv. III. kafla þessara laga, afnotarétt af borholum jarðborana ríkisins gegn hæfilegu endurgjaldi, sem ráðherra ákveður að fengnum tillögum jarðhitadeildar.

Þá getur ráðherra selt sveitarfélögum og einstaklingum, sem hagnýtingarleyfi hljóta, gufu og heitt vatn úr borholum jarðborana ríkisins til notkunar í hitaveitum til almenningsþarfa, í iðnaði eða til annarra þarfa. Er ráðherra heimilt að láta gera jarðhitaveitu til þess eftir þörfum og selja gufuna og heita vatnið með sérstökum samningi við hvern aðila eða samkvæmt gjaldskrá, er ráðherra staðfestir. Rekstur slíkra jarðhitaveitna má fela jarðhitaiðjuverum ríkisins, er þau hafa verið stofnuð, og skal um undirbúning, byggingu og rekstur þeirra að öðru leyti fara samkvæmt ákvæðum VI. kafla um jarðhitaiðjuver ríkisins, eftir því sem við getur átt.

41. gr.

Með jarðborum ríkisins skulu einnig framkvæmdar jarðboranir fyrir sveitarfélög og einstaklinga, sem óska þess, eftir því sem því verður við komið og gegn hæfilegu endurgjaldi, sem ráðherra ákveður að fengnum tillögum jarðhitadeildar.

42. gr.

Jarðhitadeild annast jarðboranir ríkisins. Hún getur þó, ef hún telur það heppilegra og að fengnu samþykki ráðherra, falið öðrum aðila framkvæmd borananna.

VI. KAFLI
Um jarðhitaiðjuver ríkisins.

43. gr.

Ríkisstjórnin lætur reisa og reka verksmiðjur og önnur mannvirki til hagnýtingar jarðhita, eftir því sem hagkvæmt þykir og til þjóðþrifa getur orðið og samkvæmt nánari ákvæðum í lögum þessum. Mannvirki þessi nefnast einu nafni: Jarðhitaiðjuver ríkisins. Þau skulu vera eign ríkisins og rekin sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi.

Jarðhitadeild hefur í umboði ríkisstjórnarinnar yfirumsjón með jarðhitaiðjuverum ríkisins, rekstri þeirra og framkvæmdum.

Raforkuver, er nytja jarðhita og ríkið reisir, skulu þó falla undir rafmagnsveitur ríkisins.

44. gr.

Ráðherra ræður, að fengnum tillögum jarðhitadeildar, framkvæmdastjóra til að annast um daglega stjórn jarðhitaiðjuvera ríkisins og hafa umsjón með rekstri þeirra. Ráðherra setur honum erindisbréf.

Framkvæmdastjóri jarðhitaiðjuvera ríkisins hefur prókúruumboð fyrir þau og skuldbindur þau samkvæmt reglum um prókúru, að svo miklu leyti sem ekki er öðruvísi ákveðið.

Um ráðningu og kjör annarra fastra starfsmanna fer eftir lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og ákvæðum reglugerðar.

45. gr.

Jarðhitadeild gerir tillögur til ráðherra um byggingu nýrra jarðhitaiðjuvera ríkisins og rekstur þeirra. Tillögum sínum til ráðherra lætur hún fylgja stofnkostnaðar- og rekstraráætlanir og greinargerð um framleiðsluhætti jarðhitaiðjuversins og markaðsskilyrði fyrir afurðir þess; enn fremur tillögur um útvegun fjár til að standa straum af stofnkostnaði þess svo og rekstrarfjár, ef þess er sérstaklega þörf.

46. gr.

Nú telur ráðherra, að fengnum tillögum jarðhitadeildar, rétt að reisa nýtt jarðhitaiðjuver, og leitar hann þá til þess samþykkis Alþingis og nauðsynlegra heimilda til fjárútvegunar.

47. gr.

Nú er ákveðið að reisa nýtt jarðhitaiðjuver, og annast þá framkvæmdastjóri jarðhitaiðjuvera ríkisins um þær framkvæmdir.

48. gr.

Framkvæmdastjóri jarðhitaiðjuvera ríkisins lætur jarðhitadeild í té, svo oft sem hún óskar þess, skýrslur um byggingu þeirra og rekstur og gerir árlega efnahags- og rekstrarreikning og heildarskýrslu um starfsemina.

49. gr.

Allur ágóði, er verða kann af rekstri jarðhitaiðjuvera ríkisins, skal renna í varasjóð þeirra og í sjóði til endurnýjunar og aukningar jarðhitaiðjuvera ríkisins.

VII. KAFLI
Um verndun jarðhitasvæða, varúðarráðstafanir og eftirlit.

50. gr.

Óheimilt er að spilla hverum eða laugum, hvort sem það er með ofaníburði, framræslu eða með öðrum hætti, svo og að breyta farvegi þess vatns, er hverinn

þeytir frá sér, eða afrennsli laugar, nema talið sé nauðsynlegt samkvæmt matsgerð til varnar landi eða landsnytjum eða til þeirrar hagnýtingar hvera og lauga, sem heimil er að lögum.

Eigi má með jarðborunum eða öðrum aðgerðum spilla í neinu skilyrðum til hagnýtingar jarðhita, nema sérstaklega sé heimilað að þessum eða öðrum lögum, og varðar sektum, samkv. 62. gr., ef út af er brugðið, en fullar bætur komi fyrir tjón, er af hlýzt.

51. gr.

Við allar jarðboranir dýpri en 10 metra skal halda dagbækur, er gefi upplýsingar um jarðlög, gerð þeirra og dýpi, hvenær vatn eða gufa kemur í holuna og hve mikið, hitastig og hvað annað, sem reglugerð ákveður eða jarðhitadeild mælir fyrir um að færa í dagbók.

Skylt er að láta jarðhitadeild í té afrit af dagbók, þegar hún óskar þess.

Ef jarðhitadeild mælir svo fyrir, er þeim, sem lætur bora, skylt að tilkynna henni þegar í stað, er heitt vatn eða gufa kemur eða vex í borholu.

52. gr.

Mannvirki öll til hagnýtingar hvera og lauga og jarðhita almennt skulu þannig úr garði gerð, að af þeim stafi ekki hætta né veruleg óþægindi fyrir umferð eða spjöll á eign annars manns, nema skylt sé að hlíta samkvæmt sérstakri heimild.

Skylt er umráðamanni að girða umhverfi hvera og lauga, ef sérstök hætta stafar af.

53. gr.

Ráðherra getur sett í reglugerð nánari ákvæði til öryggis gegn hættu og tjóni af jarðhitasvæðum og jarðhitamannvirkjum og til varnar gegn spjöllum á laugum og jarðhita almennt.

Í reglugerð má meðal annars setja ákvæði um 1) gerð og frágang jarðhitamannvirkja til öryggis gegn hættu og tjóni, 2) skyldu til að gefa skýrslu um jarðboranir og jarðhitamannvirki, 3) eftirlit af hálfu ríkisins með jarðhitasvæðum, jarðborunum og jarðhitamannvirkjum og 4) eftirlitsgjald, er eigendum borhola og jarðhitamannvirkja sé skylt að greiða til að mæta kostnaði af eftirliti.

54. gr.

Jarðhitadeildin annast eftirlit af hálfu ríkisins með jarðhitasvæðum og jarðhitamannvirkjum, að því leyti sem slíkt eftirlit fellur ekki að öðrum lögum undir öryggismálastjóra eða aðra aðila.

VIII. KAFLI

Um stjórn jarðhitamála.

55. gr.

Hjá raforkumálastjóra og undir stjórn hans starfar sérstök deild, er fer með jarðhitamál og nefnist: jarðhitadeild. Hún skal vera ríkisstjórninni til ráðuneytis í jarðhitamálum, annast jarðhitarannsóknir, hafa eftirlit með meðferð og notkun jarðhita og fara með önnur þau störf, sem henni eru ætluð í lögum þessum.

Jarðhitamál skulu jafnframt öll heyra undir raforkuráð eftir sömu reglum sem raforkumál, samkvæmt ákvæðum raforkulaga, nr. 12 2. apríl 1946, eftir því sem við getur átt.

56. gr.

Ráðherra skipar, að fengnum tillögum raforkumálastjóra, yfirverkfræðing við jarðhitadeildina.

Ráðherra skipar og ræður aðra fasta starfsmenn við deildina eftir því, sem þörf krefur, og að fengnum tillögum raforkumálastjóra og yfirverkfræðings.

Laun yfirverkfræðings og annarra fastra starfsmanna jarðhitadeildar og annar kostnaður af störfum deildarinnar greiðist úr ríkissjóði. Launin ákveðast í launalögum.

57. gr.

Jarðhitadeild framkvæmir rannsóknir í því skyni að skýra uppruna og eðli jarðhita almennt, annast leit að jarðhita og rannsakar skilyrði til vinnslu og hagnýtingar jarðhita hér á landi og gerir tilraunir í því skyni.

58. gr.

Jarðhitadeild skal halda skrá yfir hveri og laugar á landinu, og skal í henni tilgreint hitastig, varmamagn og aðrar upplýsingar, sem máli skipta og eftir því sem kostur er. Hún skal einnig, eftir því sem við verður komið, fylgjast með breytingum, er verða kunna á hverum og laugum.

Jarðhitadeild heldur einnig skrá yfir jarðvarma, sem upp kemur úr borholum, og um þann jarðhita, er hagnýttur er.

59. gr.

Jarðhitadeild lætur sveitarfélögum og einstaklingum í té leiðbeiningar í jarðhitamálum, þegar þess er óskað og eftir því sem við verður komið, gegn hæfilegu endurgjaldi.

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

60. gr.

Matsgerðir samkvæmt lögum þessum skulu framkvæma dómkvaddir menn. Um matsgerðir fer að öðru leyti eftir ákvæðum vatnalaga, nr. 15 frá 1923, nema annað sé fram tekið í þessum lögum.

61. gr.

Öll gjöld samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum og gjaldskrám, sem settar verða samkvæmt þeim, má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

62. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að 500 000.00 kr.

63. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga má setja í reglugerð.

64. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerðum samkvæmt þeim skal farið að hætti opinberra mála.

65. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 98 14. maí 1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita; lög nr. 114 30. des. 1943, um breytingu á þeim lögum; lög nr. 3 31. jan. 1953, um hitaveitur utan Reykjavíkur, og lög nr. 7 11. marz 1946, um girðingar kringum hveri og laugar, svo og öll eldri ákvæði, er brjóta í bág við lög þessi.

66. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 30. nóvember 1954 skipaði þáverandi landbúnaðarráðherra, Steingrímur Steinþórsson, nefnd til þess að undirbúa löggjöf um jarðhita og jarðhitarannsóknir.

Í nefndina voru skipaðir Jakob Gíslason, raforkumálastjóri, formaður, Ólafur Jóhannesson, prófessor, og Gunnar Böðvarsson, yfirverkfræðingur. Síðar kom Baldur Líndal, efnaverkfræðingur, til starfa í nefndinni.

Nefndin hóf starf sitt með því að safna að sér gögnum um jarðhitamál og afla sér upplýsinga um löggjöf annarra landa, bæði um jarðhita, svo sem í Nýja-Sjálandi, Ítalíu og Mexikó, og um námuréttindi, olíuvinnslu og neyzluvatnsvinnslu í ýmsum löndum. Naut nefndin aðstoðar atvinnumálaráðuneytisins og utanríkisráðuneytisins við útvegun þeirra upplýsinga.

Nefndin hefur samið frumvarp það um jarðhita, sem hér liggur fyrir. Með ritgerðunum „Um eignar- og umráðarétt að jarðhita“ og „Um jarðhita“ er gerð nánari grein fyrir forsendum þeim, sem nefndin hefur byggt á um samningu frumvarpsins. Fer greinargerð nefndarinnar fyrir frumvarpinu hér á eftir:

Frumvarp þetta að jarðhitalögum er að stofni til byggt á lagaákvæðum þeim um jarðhita, sem nú eru í gildi, og er ætlað að koma í þeirra stað, ef að lögum verður. Ýmsu er þó hér skipað á aðra lund en í gildandi lagaákvæðum. Auk þess eru mörg nýmæli upp tekin, svo sem eðlilegt er, þar sem þekking manna á þessu sviði hefur farið vaxandi síðustu ár og framþróunin verið mjög ör. Er því þörf á nýjum og fullkomnari ákvæðum um ýmis efni. Er eðlilegt, að lagasetningarvaldið setji ýtarlegar reglur um meðferð jarðhitans, þar sem um er að ræða eina mikilvægustu orkulind landsins.

Aðallagaboðið um jarðhita, sem nú er í gildi, eru lög nr. 98 frá 1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita. Þau lög heimila landeiganda hagnýtingu jarðhita í landi sínu með nokkrum takmörkunum. Þar eru þó engin fyrirmæli um það, hversu djúpt í jörð landeigandi megi sækja jarðhita. Nú þykir óhjákvæmilegt að setja eignar- og notkunarrétti landeiganda í þá átt nokkrar skorður, svo að tryggt sé, að þessi náttúruauður komi að sem mestum og almennustum notum fyrir þjóðarheildina. Eru ákvæði frumvarpsins á því byggð.

Samkvæmt frumvarpinu er greint á milli umráða- og hagnýtingarréttar á jarðhita eftir því, hversu djúpt jarðhitinn er sóttur. Er markalínan sett við 100 metra undir yfirborði jarðar. Ofar þeirri línu er jarðhitinn háður einstaklings eignarrétti. Jarðhiti, sem dýpra verður að sækja, er aftur á móti almannaeign í umráðum ríkisins.

Í samræmi við gildandi löggjöf og landsvenju er svo fyrir mælt, að landareign hverri fylgi laugar og hverir, sem á henni eru, svo og jarðhiti neðan jarðar 100 metra í jörð niður. Landeigandi hefur fullan og frjálsan notkunar- og ráðstöfunarrétt á jarðhita þessum, hvort heldur er til heimilis- og búsþarfa eða til annarra nota. Hann má bora eftir jarðhita og gera hverjar aðrar ráðstafanir til að auka hitastreymið. Þó má hann ekki, án þess að hafa samráð við nágranna, bora nær merkjum lands síns eða lóðar en svo, að jafnan séu 200 metrar hið minnsta á milli borholu og merkja. Um jarðhita á 200 metra breiðu svæði samhliða merkjum, umráð hans og hagnýtingu, fer eftir 4. gr. frumvarpsins. Sé um jarðboranir að ræða, ber eiganda að halda dagbækur, og á að færa í þær ýmsar upplýsingar viðvíkjandi boruninni, jarðlögum og hitastreymi, eftir því sem jarðhitadeild mælir nánar fyrir um, sbr. 51. gr. Á ráðstöfunarrétti landeiganda er og gerð sú takmörkun, að honum er óheimilt að skilja jarðhitaréttindi undan landareign, nema að fengnu leyfi ráðherra. Þá er og ríkinu áskilinn forkaupsréttur að jörðum, sem jarðhiti fylgir, næst á eftir ábúanda og sveitarfélagi. Eru þessi síðasttöldu ákvæði í samræmi við gildandi lög og miða að því að koma í veg fyrir, að jarðhitaréttindi lendi í höndum kaupgróðamanna.

Hins vegar er svo ákveðið, að ríkið eigi allan rétt til umráða og hagnýtingar á jarðhita, sem liggur dýpra eða sóttur er dýpra en 100 metra undir yfirborð jarðar. Enginn má því bora dýpra eftir jarðhita en 100 metra né hagnýta sér jarðhita, sem sóttur er dýpra, nema hann hafi fengið til þess leyfi réttra stjórnarvalda. Ríkið hefur rétt til að bora eftir jarðhita hvar sem er á landinu og til að hagnýta þann jarðhita, sem fæst við slíka borun úr meira dýpi en 100 metra. Ráðherra getur og, að fullnægðum skilyrðum laganna, veitt öðrum aðilum — einstaklingum, félagssamtökum

eða opinberum stofnunum — einkaleyfi til borunar og hagnýtingar jarðhita á ákveðnu svæði, sem dýpra er sóttur en 100 metra. Ríki og leyfishafi verða auðvitað að greiða landeiganda fullt verð fyrir land það, sem nauðsynlegt er vegna jarðborunar og mannvirkja til orkuvinnslu, svo og bætur fyrir átroðning og óþægindi vegna framkvæmdanna. Ef borholur ríkis eða einkaleyfishafa draga til sín jarðhita úr því 100 metra jarðgrunni, sem eignarréttur landeiganda nær til, á hann að sjálfsögðu að fá fullar bætur fyrir það jarðhitanám.

Þessi skipting á hagnýtingar- og umráðarétti jarðhita byggist á eftirfarandi ástæðum:

Verði jarðhita vart á yfirborði, er talið, að við jarðborun allt að 100 metrum muni jafnan fást nægilegur jarðhiti til heimilis- og búsþarfa, ef borun ber á annað borð hagnýtan árangur. Með slíkri borun er því fullnægt öllum venjulegum þörfum landeiganda, enda eru dýpri jarðboranir svo kostnaðarsamar og árangur svo óviss, að útilokað er, að bændur eða aðrir landeigendur almennt leggi í slíkar framkvæmdir. Kunnáttumenn telja, að slík jarðborun geti ekki spillt hagnýtingu jarðhita í nágranna eign, ef borun fer ekki fram nær merkjum en 200 metra.

Notkun jarðhitaorku til almenningsheilla verður bezt tryggð með þeim hætti, að ráðstöfunar- og hagnýtingarréttur á jarðhita, sem sóttur er dýpra í jörð en 100 metra, sé í höndum ríkisins. Dýpri jarðboranir geta spillt hagnýtingu jarðhita annars staðar, bæði væntanlegri og eins þeirri, sem byrjað hefur verið á. Er því ófært, að einstaklingar geti leyfislaust ráðizt í slíka borun. Skipting jarðhita, sem liggur dýpra en 100 metra, á milli einstakra jarðeigenda væri miklum vandkvæðum bundin og raunar lítt framkvæmanleg. Jarðhitinn er víða á streymi og mjög víða meira eða minna lárétt. Jarðhitinn getur því streymt um margar landareignir. Væri þá erfitt að ákvarða hlutdeild hverrar landareignar í jarðhitanum. Með einni djúpri jarðborun getur jarðhiti margra landareigna verið tæmdur. Það væri algerlega óeðlilegt, að réttur til slíkrar jarðborunar væri í höndum landeiganda, þar sem einum einstökum þeirra væri þá e. t. v. veitt færi á að svipta aðra jarðareigendur möguleikum til nýtingar jarðhita. Í slíkar jarðboranir verður ekki lagt, nema í sambandi við meiri háttar jarðhitamannvirki í almannaþágu, svo sem til hitaveitu eða iðnaðar. Er eðlilegt, að ríkið hafi ráðstöfunarrétt á jarðhita í þessu skyni.

Sú skipan, sem hér er gert ráð fyrir, sýnist því hagkvæm bæði einstaklingum og þjóðarheild. Einstaklingum — landeigendum — er tryggður sem frjálsastur umráða- og hagnýtingarréttur á þeim jarðhita, sem er á þeirra færi að fást við og þeim er þörf á. Þjóðarheildinni er hins vegar tryggð aðstaða til eðlilegrar notkunar og ráðstöfunar á þeim jarðhita, sem einstaklingum er naumast viðráðanlegur vegna þess, hve djúpt hann er sóttur, en engu að síður er þó sjálfsagt að nýta til hagsbóta fyrir almenning, eftir því sem kostur er.

Engin ákvæði eru í íslenzkum lögum um takmörk fyrir rétti landeiganda niður á við í jörðina. Þó má ekki af því draga þá ályktun, að eignarráð landeiganda nái niður í ótakmarkað dýpi. Fræðimenn hafa talið, að eignarráð landeiganda ættu almennt að ná svo langt niður í jörðina, sem nauðsynlegt væri, til þess að hann gæti haft þau not af landi sínu, sem heyra til venjulegrar hagnýtingar á eignarrétti yfir fasteign. Að sjálfsögðu getur löggjafarvaldið þrátt fyrir ákvæði stjórnarskrár um friðhelgi eignarréttar sett almenn takmörk fyrir því, hversu djúpt niður í jörð eða hátt upp í loft eignarumráð landeiganda skuli ná, enda sé eigi gengið óeðlilega nærri rétti landeiganda. Slík takmörk getur löggjafarvaldið bæði sett um eignarréttinn almennt og um eignarráð að einstökum verðmætum efnum. Hér er eigi kveðið á um eignarumráð almennt, heldur aðeins að því er jarðhitann varðar. Engar bætur til landeigenda koma til greina, þó að eignar- og umráðaréttinum séu sett slík almenn takmörk. Er ekki hægt að segja, að hér sé gengið nærri rétti landeiganda, þar sem hann getur eftir sem áður haft öll venjuleg not fasteignar sinnar, bæði þau, er hann þegar hefur, og þau, sem menn almennt reikna með. Hafi einhver landeigandi þegar sótt jarðhita dýpra en 100 metra og virkjað hann eða tekið í notkun, þá heldur hann eignarráðum að þeim jarðhita.

Um eignarréttarspurninguna skal annars vísað til meðfylgjandi ritgerðar eftir Ólaf Jóhannesson, prófessor.

Um jarðhita landsins, þýðingu hans nú og hugsanlega hagnýtingu í framtíðinni vísast til meðfylgjandi ritgerðar Jakobs Gíslasonar, raforkumálastjóra, og Baldurs Líndals, efnaverkfræðings.

Um einstakar greinar skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Þessi grein er samhljóða 1. gr. laga nr. 98 14. maí 1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita, með þeirri breytingu einni, að orðið „jarðhiti", sem stendur í þeim lögum í sviga á eftir orðunum „hverum og laugum", er fellt niður. Með orðunum „hverum og laugum" er hér átt við hveri og laugar eins og þau koma fyrir af náttúrunnar hendi á jarðaryfirborði á landareigninni.

Um 2. gr.

Fyrstu tveir málsliðir greinarinnar eru að kalla samhljóða fyrri helmingi 3. gr. í nefndum lögum nr. 98/1940. Ákvæði síðari hluta þeirrar greinar eru tekin upp í 52. gr. frumvarpsins í kaflanum um varúðarráðstafanir og eftirlit.

Um síðasta málslið greinarinnar vísast til inngangsorða greinargerðarinnar. Auk þess, sem landeiganda er veittur réttur til að hagnýta sér hveri og laugar með þeim hætti, er honum hentar, er honum veittur réttur til að bora eftir jarðhita í landareign sinni. Þó má hann ekki bora dýpra en 100 metra né nær landamerkjum en 200 metra. Takmörkin niður á við miðast við þá markalínu, sem dregin er á milli eignarráða landeiganda og umráðaréttar ríkisins, og er í innganginum hér að framan gerð nánari grein fyrir ástæðum fyrir því, að mörkin eru sett hér. Vegna tillits til nágranna eru sérstakar reglur settar um borun nær landamerkjum en 200 metra, sbr. athugasemdir við 3. gr.

Um 3. gr.

Hagnýting á jarðvarma í gufu eða heitu vatni, sem upp kemur í náttúrlegum hverum og laugum án borunar, getur trauðla haft nokkur áhrif á jarðhita í nágrenni hversins eða laugarinnar eða á tæknileg skilyrði til hagnýtingar þess jarðhita. Er því eigi ástæða til að takmarka umráðarétt landeiganda yfir hver eða laug á yfirborði, þótt nærri landamerkjum sé, nema merkjalína liggi að kalla alveg um hver eða laug. Þegar er farið er að bora, breytist hins vegar viðhorfið, og má þá strax búast við því, að borholan dragi til sín gufu og vatn úr nánasta umhverfi og það þótt ekki sé borað dýpra en 100 metra. Eðlilegt er að skoða þann jarðhita sameiginlegan, sem fæst við borun, er dregið getur jarðhita úr landi nágrannans, þannig að um borun eftir og um hagnýtingu þessa jarðhita fari sem um hver eða laug, sem liggur þannig í landareign tveggja eða fleiri, að ekki verður aðskilið, þegar hagnýtt er.

Það fer eftir staðháttum og gerð jarðvegs á hverjum stað, hve langt gætir áhrifa frá hverri borholu, en fyrir borholur allt að 100 m dýpi þykir vegalengdin 200 m vera nægileg og hæfileg að miða við.

Um 4. gr.

Greinin fjallar að vísu um hið sama sem 4. gr. nefndra laga nr. 98/1940, en réttara þykir að haga meðferð þeirra mála nokkuð á annan veg en þar er gert. Í frumvarpsgreininni eru ákvæði vatnalaganna um orkunýtingu merkjavatna (52. gr. þeirra laga) höfð til hliðsjónar. Verði landeigendur ásáttir um hagnýtingu þess jarðhita, sem sameiginlegur er talinn, þarf ekki annarra afskipti um þá ákvörðun, en skilji á um framkvæmd eða annar vill ekki taka þátt í hagnýtingu og ekki leyfa hinum, kemur til kasta stjórnarvalda að skera úr og til mats eftir atvikum.

Um 5. gr.

Greinin þarf eigi skýringa við.

Um 6. gr.

Greinin er að kalla samhljóða 5. gr. laga nr. 98/1940. Breyting aðeins sú, að niður er felld krafan um, að matsmenn séu til kallaðir áður en verk er hafið.

Um 7. gr.

Greinin er samhljóða 6. gr. laga nr. 98/1940.

Um 8. gr.

Eins og áður er rakið, eru eignarráðum landeiganda sett þau takmörk, að hann má ekki sækja jarðhita dýpra í jörð niður en 100 metra. Eignarréttur landeiganda, að því er jarðhita varðar, nær ekki dýpra niður. Hér er ákveðið, að ríkið eigi eitt umráða- og hagnýtingarrétt þess jarðhita, sem liggur dýpra eða dýpra er sóttur en 100 metra undir yfirborð jarðar, nema slíkur jarðhiti sé þegar beizlaður og tekinn í notkun, sbr. 14. gr. Um ástæður þess, að ríkinu er áskilinn þessi réttur, vísast til inngangsorða þessarar greinargerðar. Er því eigi ástæða til að fjölyrða um það efni frekar hér.

Um 9. gr.

Þó að jarðhiti sá, sem liggur dýpra en 100 metra undir yfirborði jarðar, sé eins konar sameign þjóðfélagsins, er hann ekki allsherjargagn í þeim skilningi, að hver sem er geti leitað hans og hagnýtt hann. Slík skipun gæti leitt til margvíslegra hagsmunaárekstra og haft í för með sér þjóðfélagslegt tjón. Hér er því ákveðið, að enginn megi bora niður fyrir 100 metra né ráðstafa eða hagnýta jarðhita, sem fæst við slíka borun, nema leyfi ráðherra komi til.

Um 10. gr.

Greinin er að efni til í samræmi við 8. gr. l. 98/1940. Er sjálfsagt, að sérfræðingum ríkisstjórnarinnar sé heimilt að rannsaka jarðhita hvar sem er á landinu, hvort heldur er í náttúrlegum hverum eða með borun. En að sjálfsögðu á hið opinbera að bæta það tjón og óþægindi, sem af hljótast, sbr. 13. gr. frumvarpsins.

Um 11. gr.

Leiðir af undanfarandi greinum. Sé jafnframt um að ræða nám jarðhita úr hverum og laugum eða úr efstu jarðlögum í 100 metra dýpi, verður að sjálfsögðu að greiða fullar bætur fyrir það samkvæmt mati, sbr. 22. gr. frumvarpsins.

Um 12. og 13. gr.

Þurfa eigi skýringar.

Um 14. gr.

Allir þeir, sem tekið hafa jarðhita til einhverra nota, halda óskertum rétti til notkunar þess jarðhita, eftir að lögin ganga í gildi. Jafnframt er með ákvæðum þessarar greinar að því stefnt, að þeirri hagnýtingu jarðhita, sem þegar er hafin, sé tryggður nægur viðbótarjarðhiti til áframhaldandi rekstrar og eðlilegrar framtíðarþróunar.

Ekki er hin sama ástæða til að tryggja þeim forgangsrétt að lögum, sem aðeins hafa borað, en ekki hafið hagnýtingu jarðhita. Þykir rétt, að það fari eftir atvikum og aðstæðum, hvort þeim, sem svo er ástatt um, er veitt leyfi til áframhaldandi borana og til hagnýtingar jarðhita, og ákveði ráðherra það í hverju tilfelli, sem um nýja borun væri að ræða. Þó er gert ráð fyrir því, að ríkið greiði kostnað, sem orðinn er af borun, ef hún er stöðvuð með gildistöku laga þessara, en sá, er lét bora, hefði ella haldið borun áfram með hagnýtingu jarðhitans fyrir augum.

Um 15. gr.

Mörkin 1000 kg°/sek. miðað við hitastig yfir 25° C svara til um það bil 15 lítra/sek. af 90° heitu vatni eða hér um bil 1/20 hluta af núverandi hámarksrennsli úr borholum hitaveitu Reykjavíkur.

Um 16. gr.

Þess getur verið þörf að framkvæma töluverðar rannsóknir og rannsóknarboranir til þess að kanna magn og eðli þess jarðhita, sem fyrirhugað er að taka í notkun, áður en hægt er að gera nægilega nákvæmar áætlanir um hagnýtingaraðferðir og mannvirki. Ekki er rétt að gera ráð fyrir, að ráðherra gefi út hagnýtingarleyfi fyrr en nokkur vissa er fengin um það, að skilyrði séu fyrir hendi til þeirrar hagnýtingar jarðhita, sem sótt er um. Slíkar rannsóknir, einkum boranirnar, eru hins vegar æði kostnaðarsamar og þess ekki að vænta, að umsækjandi treystist til að framkvæma þær, nema hafa fengið tryggingu fyrir því, að hann sitji fyrir öðrum um leyfi til hagnýtingar jarðhitans, ef rannsókn ber jákvæðan árangur.

Rétt er að gera kröfu til þess, að rannsókn, sem leyfð er, sé hraðað svo sem kostur er, og þykir nægilegt að ætla allt að tveimur árum til hennar, þótt meðtalinn sé undirbúningstími til borunar, útvegunar bortækja o. þ. k.

Um 17. gr.

Samkvæmt fenginni reynslu og athugun sérfræðinga er notkun jarðhita til húsahitunar ein hin hagkvæmasta af öllum tegundum hagnýtingar jarðhita, sem menn hafa haft augastað á til þessa hér á landi. Verður ekki í bili séð, að um arðvænlegri hagnýtingu jarðhitans geti verið að ræða en í hitaveitum til almenningsþarfa í kaupstöðum og kauptúnum, ef til jarðhitans næst í hóflegri fjarlægð frá notkunarstaðnum. Þessi og fleiri rök hníga að því, að jarðhiti í námunda við kaupstaði og kauptún verði fyrst og fremst notaður til að fullnægja þörfum hitaveitna til almenningsþarfa, og er eðlilegt, að sveitarstjórnir eigi þar frumkvæði að og hafi framkvæmdir með höndum, sbr. IV. kafla þessa frumvarps.

Um 18. gr.

Vitað er, að áhrifa frá nýjum jarðborunum getur orðið vart í borholum, sem fyrir eru, í æði mikilli fjarlægð frá borunarstöðvunum, þannig að gufu- eða vatnsstreymi úr þessum holum þverr að verulegu leyti vegna hinna nýju borana. Fer þetta þó eftir staðháttum og gætir sums staðar engra áhrifa í fárra metra fjarlægð, en annars staðar gætir þeirra nokkra kílómetra í burt. Er því nauðsynlegt, að rannsókn eða athugun sérfræðinga á staðháttum fari fram, áður en leyfi er veitt, í því skyni að forðast, að ráðizt verði í borun, sem gerir meiri spjöll á jarðhita og hagnýtingu hans en nemur gagni því, sem af henni getur orðið. Með þeirri þekkingu og þeim tækjum, sem nú eru fyrir hendi, munu sérfræðingar þó ekki geta gengið úr skugga um þetta fyrir fram, og verður því ekki komizt hjá að láta líkur ráða um afstöðu til leyfisveitingar og vega áhættu af borun móti hagnaðarvon. Séu líkur verulegar fyrir því, að jarðborun muni spilla hagnýtingu jarðhita, sem þegar er hafin, ber að jafnaði að synja um leyfi. Þó getur staðið svo á, að með fyrirhugaðri borun sé stefnt að svo miklu verðmætari hagnýtingu jarðhita, að ekki sé þjóðhagslega séð verjandi að hindra hana og af hagfræðilegum ástæðum sé rétt að láta þá hagnýtingu, er áður var hafin, víkja fyrir hinni fyrirhuguðu.

Rétt er, að aðgát sé höfð á því, að ekki sé með verðminni hagnýtingu jarðhita spillt skilyrðum til síðari hagnýtingar jarðhita, sem væri mjög miklu verðmeiri en hin, enda þótt óvíst kunni að vera, hvenær hin verðmeiri hagnýting muni koma til framkvæmda, og þykir því ástæða til að synja um borunarleyfi, þegar sérfræðingar sjá það fyrir, að borunin og hagnýting jarðhita hennar mundi valda slíkum spjöllum.

Um 19. og 20. gr.

Þurfa ekki skýringar við.

Um 21. gr.

Vegna þess, að ekki er hægt að ganga úr skugga um það fyrir fram, hvort borun muni spilla skilyrðum til hagnýtingar jarðhita eða ekki, er leyfi veitt eftir líkum

um þetta. Eru þá jafnframt borunarleyfin háð þeim skilmálum, að borunina skuli stöðva, ef í ljós kemur, þrátt fyrir líkur til hins gagnstæða, að hún veldur slíkum spjöllum á skilyrðum til hagnýtingar jarðhita, að leyfis bar að synja, ef vitað hefði verið fyrir.

Miklu skiptir, að borun sé hætt samstundis, er vart verður við skaðlegar afleiðingar hennar, til þess að forðast, að spjöll verði meiri en tilefni er til.

Síðan þarf að meta á ný, með hliðsjón af þeim upplýsingum og þeirri reynslu, sem fengizt hefur við borunina, líkurnar fyrir frekari spjöllum af boruninni, og er borunarleyfi þeim skilmála bundið, að það má afturkalla, ef nú þykir sýnt, að tjón af boruninni verði meira en hagnaður sá er, sem af henni má vænta. Rétt þykir að takmarka svo sem kostur er þann tíma, er líður frá því borun er stöðvuð til bráðabirgða, þar til leyfishafa er tilkynnt, hvort borunarleyfi er að fullu afturkallað; þó verður að ætla sérfræðingum nokkurn tíma til athugunar á hinum breyttu aðstæðum og þykir einn mánuður vera hæfilegur frestur í þessu skyni. Ef borunarleyfishafi vill ekki sætta sig við ákvörðun um afturköllun leyfis og telur hagnað af boruninni verða meiri en tjón, er hún geti valdið, getur hann krafizt þess, að mat fari fram til að útkljá ágreininginn.

Án tillits til þess, hvort borunarleyfi er afturkallað eða ekki, ber borunarleyfishafa að bæta það tjón, er borun hans hefur valdið öðrum. Þetta er í frumvarpinu haft að grundvallarreglu. Þó er víst, að þá rýrnun jarðhita eða spjöll á skilyrðum til hagnýtingar jarðhita, sem um er að ræða að bæta, getur borið að undir mjög mismunandi aðstæðum og einatt reynzt erfitt að færa óyggjandi sönnur á, að rýrnun jarðhita á einum stað hafi orsakazt af borun á öðrum stað, eða að ákveða með nákvæmni, hverju rýrnun nemi og hve mikið tjónið er.

Hér skulu tilgreind nokkur hugsanleg dæmi um rýrnun jarðhita við mismunandi aðstæður:

1. Dregur úr gufu- eða vatnsmagni í borholum, sem þegar hafa verið teknar í notkun, og veldur meira eða minna tjóni vegna truflana á rekstri þess fyrirtækis, sem hagnýtir jarðhitann (framleiðslustöðvun, tekjumissir, eyðilegging verðmæta).
2. Dregur úr jarðhita í borholum, sem enn hafa ekki verið teknar í notkun. Borholur þessar geta hafa verið boraðar í ýmsum tilgangi, svo sem til þess a) að hefja nýja hagnýtingu jarðhita af einhverju tagi, b) að auka hagnýtingu, sem fyrir var, stækka verksmiðju, hitaveitu, gróðurhús o. s. frv., c) að hafa til vara eða til endurnýjunar vegna þeirrar rýrnunar á gufu- eða vatnsuppstreymi í borholum, sem reynslan sýnir, að einatt vill verða á mismunandi löngum tíma vegna breytinga, sem eiga sér stað í holum og í jarðvegi í kringum þær og ekki verður við ráðið. — Spjöllin, er borun veldur, eru mismunandi eðlis eftir því, í hvaða tilgangi þess jarðhita, er rýrnaði, hafði verið aflað, og tjónið að sjálfsögðu mjög misjafnlega mikið eftir aðstæðum.
3. Dregur úr gufu- eða vatnsstreymi úr hverum og laugum á yfirborði lands. Um bætur til landeiganda, þegar þannig stendur á, ræðir í 22. gr. En þetta er venjulega auk þess merki þess, að breyting hefur orðið á jarðhita undir niðri, og kemur þá sérstaklega til athugunar, hvernig henni er háttað og hve miklu hún nemur (sbr. eftirfarandi 4. lið).
4. Mælingar og útreikningar sýna, að minnkað hefur jarðhiti jarðhitasvæðis, sem a) ekki hefur verið borað á, en leyfi veitt til borunar og hagnýtingar jarðhitans, eða b) ekki verið borað og ekki veitt leyfi til hagnýtingar, en vitað að hagnýting á því svæði væri mjög verðmæt.
5. Tvö jarðhitafyrirtæki eru staðsett ekki fjarri hvort öðru. Þau hafa bæði komið upp allmiklum mannvirkjum og haft töluverðan rekstur árum saman. Bæði bora eftir jarðhita til að fullnægja vaxandi þörfum eða til endurnýjunar á borholum og bæði með góðum árangri. En svo kemur að því, að annað fyrirtækið hættir að fá viðbót gufu eða vatns, þótt það bori áfram, og grunur fellur

á, að borun hins fyrirtækisins sé nú farin að draga til sín jarðhitann af leyfissvæði hins fyrrnefnda.

Það er þegar ljóst af þessum dæmum, að jafnan mun vera um allmörg óviss atriði að ræða í sambandi við skaðabótamál af þessu tagi og þörf að láta matsgerð skera úr um málið. En ekki þykir vera um annað að ræða en að þá sé, eins og fyrr segir, gert að almennri reglu, að hver sá, er með jarðborun sinni veldur rýrnun jarðhita hjá öðrum, skuli bæta honum að fullu tjón það, er þetta veldur honum.

Um 22. gr.

Greinin þarf eigi skýringar við.

Um 23. gr.

Orðalagið: „í næsta nágrenni borstaðar" er að vísu nokkuð óákveðið, en kostnaðurinn af veitu frá borstað til býlis setur því allþröng takmörk, hverjir geta notfært sér þann kost, sem ákvæði greinarinnar gefa á jarðhita til búsþarfa. Verði ágreiningur um, hverjir skuli eiga kost á jarðhitanum, kemur til úrskurðar ráðherra um það. Jafnframt setur greinin takmörk fyrir því, hversu mikils varma er hægt að krefjast alls. 50 kg°/sek. nægja fyrir öllum venjulegum heimilis- og búsþörfum á stóru býli.

Um 24. gr.

Leyfisgjald greiðist ekki af jarðhita, sem tekinn hafði verið í notkun fyrir 1. jan. 1957, sbr. 14. gr. frumvarpsins. En sem dæmi til nánari glöggvunar á því, hve miklu gjald þetta nemur, má tilgreina, að af álíka eða nokkru minna varmamagni en hitaveita Reykjavíkur nú fær úr borholum sínum, 300 lítrum/sek. af 90° heitu vatni (20000 kg°/sek.), væri gjaldið tæplega 100 000 krónur á ári. Árlegar tekjur hitaveitunnar eru nú um 20 millj. krónur, og næmi leyfisgjaldið því um 5‰ af þeim.

Mörkin, sem sett eru um jarðhitamagn þess leyfis, er gjaldfrjálst sé, 500 kg°/sek., svara til tæplega 8 lítra á sek. af 90° heitu vatni.

Um 25. gr.

Öllu því fé, er fæst inn með leyfisgjöldum, skal verja til jarðhitarannsókna og til að stuðla að aukinni hagnýtingu jarðhita hér á landi. Í greininni eru ákvæði um sjóðmyndun í því skyni og um gæzlu sjóðsins og meðferð fjárins.

Um 26., 27. og 28. gr.

Þurfa ekki skýringa við.

Um 29. gr.

Allur IV. kafli, um hitaveitur til almenningsþarfa, er að kalla samhljóða lögum nr. 3/1953, um hitaveitur utan Reykjavíkur. Þykir eðlilegt að fella þau lög inn í jarðhitalögin. Hér á landi mun lítið verða um aðrar hitaveitur til almenningsþarfa en út frá jarðhitastöðvum. Í lögum nr. 3/1953 er lágmarksstærð þeirra samhitunarkerfa, sem einkaleyfi skulu ná til, sett 250 kw. Í frumvarpinu er hvarvetna notuð varmaorkueiningin kg°, og í samræmi við það eru í þessari grein mörkin miðuð við 100 kg°/sek., en það er mjög svipað eða aðeins hærra en 250 kw.

Um 30.—37. gr.

Greinarnar þurfa eigi skýringa við.

Um 38. gr.

Ríkið rekur nú þegar jarðboranir með 4—5 litlum jarðborum. Fjárveitingar til jarðborana ríkisins hafa þó til þessa beinzt því nær eingöngu að rannsóknarborunum, en jafnframt hafa jarðboranir ríkisins borað fyrir sveitarfélög og einstaklinga gegn fullu endurgjaldi eftir heitu vatni og köldu og til jarðvegsrannsókna. Nú er

ljóst, að þess er brýn þörf, að efldar verði til muna á næstu árum jarðhitarannsóknir og boranir eftir heitu vatni og gufu. Verður tæplega hjá því komizt, að ríkið hafi forgöngu í þessum málum og kosti rannsóknir og boranir að verulegu eða öllu leyti eða leggi að minnsta kosti fram í bili fé til þessa. Það liggur í hlutarins eðli, að reikna þarf með því, að víða verði boranir árangurslausar eða árangurslitlar. Boranir eru mjög kostnaðarsamar og einstakar boranir mjög áhættusamar fjárhagslega, þótt vænta megi, að boranir annars staðar beri svo góðan árangur, að það vegi fullkomlega upp á móti tilkostnaðinum á þeim stöðum, þar sem árangur verður enginn. Fer því bezt á því, að boranirnar séu í höndum eins fjársterks aðila, og er í þessu sambandi vart um annan að ræða en ríkið.

Um 39. gr.

Þarf eigi skýringar við.

Um 40. gr.

Greinin gerir ráð fyrir þremur möguleikum um skipan á hagnýtingu þess jarðhita, sem fæst með jarðborunum ríkisins. Fyrsti kostur er sá, að ríkið hagnýti hann sjálft í eigin fyrirtækjum, svo sem í jarðhitaiðjuverum ríkisins, samkvæmt VI. kafla frumvarpsins. Annar kostur er, að ríkið selji öðrum borholurnar í hendur til fullra umráða og afnota, og loks hinn þriðji, að það eigi sjálft og reki borholurnar, en selji gufuna og vatnið úr þeim með sérstökum samningum eða eftir gjaldskrá í heildsölu þeim aðilum, er hagnýtinguna hafa með höndum, verksmiðjum, sveitarfélögum til dreifingar í hitaveitum til almenningsþarfa o. s. frv. Þessi síðasttalda leið kemur til athugunar við vinnslu og hagnýtingu jarðhita í stóru jarðhitasvæði, svo sem Hengilssvæðinu o. v., þar sem annars vegar þarf að leggja áherzlu á að vinna sem mest heildarmagn jarðhita úr svæðinu án skemmda eða rányrkju, en hins vegar um margvíslega notkun jarðhitans að ræða, sem ýmsir aðilar standa að, svo sem t. d. alginatverksmiðja, heymjölsvinnsla, hitaveitur nálægra þorpa, e. t. v. þungavatnsvinnsla o. s. frv. Á jarðhitasvæðinu þarf þá að tengja borholurnar saman með pípum, e. t. v. gera gufuskiljara og heitvatnsgeyma, enn fremur greinvirki með lokum, mælum og afhendingarstútum o. s. frv., með öðrum orðum: jarðhitaveitu á jarðhitasvæðinu til vinnslu og afhendingar jarðhitans.

Um 41. gr.

Greinin þarf ekki skýringa við.

Um 42. gr.

Reynsla sú, sem fengizt hefur við jarðboranir ríkisins hjá raforkumálastjóra á undanförnum árum, hefur sýnt, að mjög er hagkvæmt að hafa um framkvæmd þeirra nána samvinnu við rafmagnsveitur ríkisins, sem hafa umfangsmikinn rekstur og stöðugar byggingarframkvæmdir með höndum. Nú þegar er í athugun að fela rafmagnsveitum ríkisins sjálfar borunarframkvæmdirnar. Með síðari málslið greinarinnar, ef að lögum verður, er veitt heimild til þessa.

Um 43. gr.

Notkun jarðhita hér á landi hefur til þessa verið æði einhæf: híbýlahitun, gróðurhúsahitun, þvottar og lítils háttar þurrkun. Eftir nokkurra ára rannsóknir eru nú nefndir nýir og til muna fjölbreyttari hagnýtingarmöguleikar: vinnsla salts og annarra efna úr sjó, vinnsla á aluminium-oxid, þungu vatni, þaramjöli, alginsýru, brennisteini, kísilgúr, heymjöli o. fl. Sumt af því, sem þannig er nefnt, verður ekki framkvæmt nema í geysistórum fyrirtækjum, sem kosta mörg hundruð milljónir króna. Í þau verður ekki ráðizt nema með löngum aðdraganda, samningagerðum við erlenda aðila og sennilega sérstakri lagasetningu í hvert sinn. Önnur eru miklu auðveldari í meðförum, stofnkostnaður þeirra ekki nema nokkrar milljónir eða fáir tugir milljóna og þau tæknilega einfaldari og auðveldari í rekstri. Þessi

minni fyrirtæki skipta þá einnig þjóðhagslega minna máli en hin. Engu að síður getur það varðað mjög miklu, að hið fyrsta verði hafizt handa um að koma nokkrum slíkum smáfyrirtækjum upp til þess að afla þjóðinni reynslu af fjölbreyttari hagnýtingu jarðhita, reynslu og þekkingar, sem nauðsynlegt er að hafa hlotið, áður en lagt er í hin stærri fyrirtæki. Reikna verður með því, að hin fyrstu fyrirtæki af því tagi, sem að framan er nefnt, verði reist og rekin að nokkru leyti í tilraunaskyni og að fjárhagsleg afkoma þeirra kunni fyrir fram að vera að einhverju leyti ótrygg. Er hætt við, að einstaklingar verði hikandi við að leggja fé sitt í þá áhættu, er slíkum tilraunum fylgir. Hér er því verkefni, sem eðlilegast er að ríkið sinni. Reynslan og þekkingin, sem ávinnst við rekstur þessara fyrirtækja ríkisins, verður alþjóðareign og kemur einnig einstaklingum að gagni, sem í svipaðar framkvæmdir leggja síðar. Alþingi ákveður síðan á hverjum tíma, hversu víðtæk þessi starfsemi ríkisins skuli vera, sbr. 46. gr.

Um 44.—49. gr.

Ákvæði þessara greina um jarðhitaiðjuver ríkisins eru að verulegu leyti sniðin eftir ákvæðum raforkulaganna um rafmagnsveitur ríkisins.

Um 50. gr.

Fyrri málsgrein þessarar greinar er að kalla samhljóða 2. gr. laga nr. 98/1940. Hún fjallar um aðgerðir á yfirborði lands, er gætu spillt hverum og laugum. Með síðari málsgreininni er sett tilsvarandi almennt ákvæði til verndunar jarðhita gegn spjöllum af aðgerðum, er ná dýpra í jörð niður.

Um 51. gr.

Ákvæði síðustu málsgreinar stefnir að því að tryggja skjót viðbrögð, þar sem hætta getur verið á því, að borun kunni að valda spjöllum á hagnýtingu jarðhita eða á skilyrðum til hagnýtingar hans.

Um 52. gr.

Greinin er að mestu samhljóða tveim síðustu málsliðum 3. gr. laga nr. 98/1940.

Um 53. og 54. gr.

Þurfa eigi skýringa við.

Um 55. gr.

Jarðhita- og jarðborunardeild hefur nú starfað hjá raforkumálastjóra um 10 ára skeið. Yfirverkfræðingur deildarinnar hefur Gunnar Böðvarsson verið. Auk þess að annast jarðboranir ríkisins, hefur deildin haft með höndum vísindalegar rannsóknir á jarðhita landsins og rannsóknir á skilyrðum til hagnýtingar jarðhitans. Rannsóknir hagnýtingarskilyrða hefur einkum haft með höndum Baldur Líndal, efnaverkfræðingur, sem verið hefur fastur starfsmaður deildarinnar.

Í raforkulögum nr. 12/1946 er svo fyrir mælt, að „raforkumálastjóri annast rannsóknir á skilyrðum til hagnýtingar á orkulindum landsins, svo sem fallvötnum og jarðhitasvæðum, til raforkuvinnslu". Og: „Um hagnýtingu jarðhitasvæða, sem eru í eign ríkisins, skal leita álits raforkumálastjóra". Í greinargerð með frumvarpi þeirra laga segir: „Og víða hagar þannig til um jarðhita, að líklegt er, að jarðgufan verði fyrst notuð til raforkuvinnslu, en hiti hennar síðan nýttur til einhverra þeirra þarfa annarra, sem áður voru nefndar. Væri því e. t. v. heppilegast, að yfirumsjón með hvers konar hagnýtingu jarðhita og öllum rannsóknum jarðhitasvæða væri falin raforkumálastjóra, en sérstök deild í skrifstofu hans fari með þau mál. Um þetta eru ekki sett ákvæði í frumvarp þetta (þ. e. raforkulaganna), enda mundi eigi þurfa lagaákvæði til að koma þeim málum svo fyrir, ef horfið yrði að því ráði".

Eins og fyrr segir, var horfið að þessu ráði og jarðhitadeildin sett á stofn þegar eftir gildistöku raforkulaganna. Ákvæði þessarar greinar jarðhitalagafrum-

varpsins lúta því að formlegri staðfestingu á þeirri skipan. Þykir þá einnig rétt að taka fram, svo að ótvírætt sé, að jarðhitamálin heyri jafnframt undir raforkuráð á sama hátt og raforkumál.

Um 56. og 57. gr.

Þurfa ekki skýringa við.

Um 58. gr.

Skrá um hveri og laugar á Íslandi hefur þegar verið gefin út að tilhlutan rannsóknaráðs ríkisins. Þessa skrá þarf þó að gera enn ýtarlegri og fyllri með tímanum, og mikilvægt er, að fylgzt sé með þeim breytingum, sem verða á hverum og laugum og öðrum jarðhita fyrir borun. Þetta skiptir meira máli, eftir því sem hagnýting jarðhitans eykst.

Um 59. gr.

Þarf ekki skýringa við.

Um 60.—66. gr.

Þurfa ekki skýringa við.

UM EIGNAR- OG UMRÁÐARÉTT AÐ JARÐHITA

I. Hér verður fjallað um þá spurningu, hversu háttað sé að íslenzkum lögum eignar- og umráðarétti að jarðhita. Jafnframt verður að því vikið, hver stefna muni í þeim efnum hallkvæmust hagsmunum bæði einstaklinga og þjóðarheildar. Hugsanlegt er, að löggjöf annarra þjóða á þessu sviði, eða um önnur sambærileg efni, geti verið til leiðbeiningar um lagasetningu. Þess vegna verður einnig vikið að skipan þessara mála hjá öðrum þjóðum.

Hér verður hins vegar ekki rætt um þá miklu þýðingu, sem hagnýting jarðhitans hefur og getur haft fyrir þjóðarbúið. Þess má þó aðeins geta, að menn gera sér vonir um, að hægt verði í framtíðinni að nota jarðhita til raforkuvinnslu og efnaiðju. En eins og kunnugt er, hefur jarðhitinn hér hingað til verið notaður til hitunar híbýla, gróðurhúsa og sundlauga. Hefur sú hagnýting jarðhitans þegar mikla þjóðhagslega þýðingu og á vafalaust eftir að aukast enn stórlega. Fróðir menn hafa áætlað, að jarðhiti hér á landi mundi, ef unnt reyndist að virkja hann allan, samsvara um 300 tonnum af olíu á klukkustund, eða um 2.6 millj. tonna af olíu á ári. Hér er að sjálfsögðu um ágizkun að ræða. En það leikur samt eigi á tveim tungum, að í jarðhita landsins eru stórkostleg verðmæti fólgin. Með aukinni þekkingu og bættri tækni hafa nýjar og áður óþekktar leiðir opnazt til nýtingar á þessum náttúruauði. Má því öllum vera ljóst, að miklu skiptir, hversu skipað er umráða- og eignarrétti að þessum náttúruauðlindum. Skulu nú athuguð lagaboð, er það efni varða.

II. Í 10. gr. vatnalaganna nr. 15 frá 1923 segir:

„Um hveri, laugar og ölkeldur skal fara eftir 9. gr. með þeim takmörkunum, er hér segir: a) Óheimilt er landeiganda að spilla hverum, laugum og ölkeldum á landi sínu, hvort sem það er með ofaníburði, framræslu eða með öðrum hætti, nema það sé nauðsynlegt talið samkvæmt matsgerð til varnar því landi eða landsnytjum. b) Skylt er landeiganda að láta af hendi nauðsynlegt vatn, land og efni úr landi sínu til sundlaugar og sundskála í almenningsþarfir. Bætur fyrir laugavatn, land og landsafnot, átroðning og annað tjón eða óþægindi skal greiða eftir mati, nema samkomulag verði."

Meginreglan er sú, samkvæmt 9. gr. vatnalaganna, sem vitnað er til, að landeigandi megi ráðstafa eða hagnýta sér jarðvatn, regnvatn og leysinga, er á landareign safnast, lindir, dý, tjarnir og slík minni háttar vötn, sem eigi hafa stöðugt afrennsli ofan jarðar, með hverjum þeim hætti, er hann kýs, enda stafi ekki af því

hætta eða veruleg óþægindi fyrir umferð eða spjöll á eign annarra manna, sem ekki er skylt að þola samkvæmt sérstakri heimild.

Ljóst er af ákvæðum þessum, að laugar og hverir fylgja landareign þeirri, sem laug eða hver er á. Er sú regla óefað í samræmi við forna landsvenju. Hafa laugar og hverir sjálfsagt frá fornu fari verið talin til jarðarhlunninda, enda hafa menn haft nokkur not heita vatnsins til þvotta og í böð.

Þess má hér geta, að bæði meiri og minni hluti Fossanefndarinnar svokölluðu voru sammála um, að eignarréttur að hverum og laugum fylgdi eignarrétti að því landi, sem laug eða hver er á. En eins og kunnugt er, klofnaði Fossanefndin vegna ágreinings um eignarrétt að vatnsréttindum í heimalöndum. Meiri hluti nefndarinnar taldi rennandi vatn eigi undirorpið eignarrétti einstaklings, heldur eins konar almenningsgagn eða eign ríkisins. Byggði hann vatnalagafrumvarp sitt á þeirri stefnu, að óvirkjað vatn, sem landareign sú, sem það er á eða rennur um, þarf eigi til sinna þarfa, skuli vera eins konar almenningseign undir umráðarétti ríkisins, frjálst til notkunar þeim, er þurfa, ef eigi fer í bága við hagsmuni ríkisins, almennings eða annarra einstaklinga eftir nánari ákvörðun löggjafarvaldsins. Minni hluti nefndarinnar taldi hins vegar eignarrétt að landi ná til vatns þess, er á landinu liggur, og byggði hann frumvarp sitt að vatnalögum á þeirri stefnu.

Hér er eigi ástæða til að gera nánari grein fyrir þessum ágreiningi né rekja sögu málsins á Alþingi. Þess má aðeins geta, að eftir nokkurt þóf og eftir að málið hafði legið fyrir nokkrum þingum, varð niðurstaðan sú, að ríkisstjórnin lét semja nýtt frumvarp til vatnalaga upp úr frumvörpum meiri og minni hlutans. Var þar byggt á þeim grundvelli, að vatnsréttindi fylgdu eignarrétti að landi, enda þótt frumvarpið væri að öðru leyti öllu meir sniðið eftir tillögum meiri hluta Fossanefndarinnar. Í því formi var frumvarpið svo loks afgreitt á Alþingi 1923. Sú stefna varð því ótvírætt ofan á, að vatnsréttindi væru undirorpin eignarráðum landeiganda, sbr. 2. gr. vatnalaganna, er segir, að landareign hverri fylgi réttur til umráða og hagnýtingar á því vatni, straumvatni eða stöðuvatni, sem á henni er, á þann hátt, sem vatnalögin heimila. Löggjafinn hefur síðar bundið rétt landeiganda til hagnýtingar vatni á landareign sinni enn meiri takmörkunum, sbr. l. 12/1946 § 1, þar sem ríkinu einu er áskilinn réttur til að reisa og reka raforkuver, sem eru stærri en 100 hestöfl, en um þau verður ekki rætt hér.

Í 12. gr. frumvarps meiri hluta Fossanefndarinnar stóð: „Hverir, laugar og ölkeldur skulu með landsgæðum taldar.“ Í athugasemdum við þá grein segir: „Um hveri, laugar og ölkeldur þykir rétt að setja sérstakar reglur. Þessi vötn eru talin til landsgæða, og kemur hér til greina sá hagur, er þau hafa eða geta haft sérstaklega í för með sér, t. d. til hitunar húsa, suðu, þvotta o. s. frv.“

Við setningu vatnalaganna hefur sennilega yfirborðsjarðhiti, þ. e. jarðhiti, sem fæst án verulegra borunaraðgerða, fyrst og fremst verið hafður í huga, enda var ekki farið á þeim tíma að bora eftir heitu vatni eða gufu hér á landi. Þess ber þó að geta, að í athugasemdum við 12. gr. frumvarps meiri hluta Fossanefndarinnar er skírskotað til náma. En samkvæmt námulögunum nr. 50/1909, sem enn eru í gildi, virðist byggt á þeirri reglu, að námuréttindi fylgi landareign þeirri, sem málmar eða málmblendingar eru í. Gæti skírskotun þessi bent til þess, að hiti neðan jarðar hefði verið hafður í huga. Það skiptir í sjálfu sér ekki miklu máli, hvort svo hefur verið eða eigi, því að síðan hafa verið sett um þetta skýrari ákvæði.

Aðallagaboðið um það efni, sem hér er rætt, eru lög nr. 98 frá 1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita.

Í 1. gr. þeirra laga er mælt: „Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar á hverum og laugum (jarðhita), sem á henni eru, þó með takmörkunum þeim, sem lög þessi ákveða.“

Í 3. gr. laganna segir, að landeiganda sé rétt að hagnýta sér hveri og laugar, eins og honum þykir bezt henta til heimilisþarfa, framleiðslu og iðnaðar.

Í 4. gr. segir, að ef landamerki liggi um hverasvæði þannig, að einhver hluti hveragufunnar eða loftsins eða laugarvatns liggi svo í landareign tveggja eða fleiri landeigenda, að ekki verði aðskilið, þegar hagnýtt er, þá skuli skorið úr því með mati, hvern hlutfallslegan rétt hver jörð hefur til jarðhitaorkunnar.

Þá segir svo í 6. gr.: „Landeigandi má ekki undanskilja landareign sinni jarðhitaréttindi, nema með sérstöku leyfi ráðherra.“ Enn fremur er mælt, að um sölu jarða, er jarðhitaréttindi fylgja, fari eftir ákvæðum laga nr. 55 frá 1926, þó þannig, að ríkissjóður hafi forkaupsrétt, að þeim aðilum frágengnum, sem hann er veittur með þeim lögum.

Í 7. gr. er gert ráð fyrir því, að hvera- og laugaorka hafi verið tekin eignarnámi. Almenn eignarnámsheimild jarðhitaréttinda er hins vegar ekki í lögunum. Var hún þó upphaflega í frumvarpinu, en var felld niður samkvæmt tillögu allsherjarnefndar Nd., er taldi réttara, að Alþingi fjallaði um málið í hvert sinn, sem nauðsyn bæri til að taka jarðhita eignarnámi (Alþt. 1940 B, bls. 554).

Af framangreindum ákvæðum l. 98/1940 er ljóst, að þau bjóða og byggja á því, að jarðhiti sé háður einstaklings eignarrétti — að hann heyri til landsgæðum og fylgi eignarrétti að þeirri jörð eða því landi, sem hann er í. Það er og ótvírætt, að þau ákvæði eru ekki takmörkuð við hveri og laugar og annan yfirborðsjarðhita, heldur taka og til jarðhita neðan jarðar, þ. e. undir yfirborði jarðar. Þetta verður enn ljósara, sé tilurðarsaga laganna athuguð.

Tilefni þess, að frumvarp að lögum um eignar- og notkunarrétt jarðhita var upphaflega flutt, var það, að á Alþingi 1927 flutti Jakob Möller, þingmaður Reykjavíkur, tillögu til þingsályktunar um undirbúning löggjafar um eignar- og afnotarétt jarðhita. Var tillagan svo hljóðandi: „Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa frumvarp til laga um eignar- og afnotarétt jarðhita.“ (Alþt. 1927 A, þskj. 507). Tillaga þessi var samþykkt.

Í umræðum um þessa tillögu lét Sveinn Ólafsson, þingmaður Sunnmýlinga, en hann var á sínum tíma í Fossanefndinni og var annar þeirra tveggja, er stóðu að áliti minni hluta hennar, svo um mælt: „Hann (þ. e. Jakob Möller) virtist líta svo á, að eftir væri að setja lög um eignar- og afnotarétt hveraorku, en ekki annarrar vatnsorku. En ég lít svo á, að búið sé að setja lög um þetta hvort tveggja með vatnalögunum frá 1923, 9. og 10. gr. Þar er fastákveðinn eignar- og afnotaréttur landeiganda að hverum og meðal annars lagðar á hann þær kvaðir að láta hveraorku fala í þarfir almennings. Um sjálfan eignar- og umráðaréttinn tel ég, að sé alveg skýrt ákveðið í þessum tilvitnuðu greinum vatnalaganna.“

Samkvæmt þingsályktunartillögu þessari lét stjórnin semja frumvarp um eignar- og afnotarétt hveraorku og leggja fyrir Alþingi 1928, sbr. Alþt. 1928 A, þskj. 28. Í athugasemdum við frumvarpið er vikið að þeirri skoðun, sem Sveinn Ólafsson hafði látið uppi á Alþingi 1927. Síðan segir: „Þótt stjórnin verði að viðurkenna, að í umræddum 2 greinum vatnalaganna og fleirum ákvæðum þeirra felist bein og bindandi lagaákvæði um eignar- og umráðarétt hveraorku, þá verða þau ekki talin fullnægjandi að öllu leyti, fari hveranotkun í vöxt til nokkurra muna, eins og útlit er fyrir.“

Þetta frumvarp var því, eins og vænta mátti, byggt á því, að eignarrétti að landi fylgdi einnig réttur til jarðhita í landi jarðarinnar, og var í meginatriðum svipaðs efnis og l. 98/1940, sem áður er lýst. Í frumvarpinu voru þó lagðar öllu meiri takmarkanir á eignarréttinn.

Í 7. gr. frumvarpsins var þannig heimild fyrir héraðsstjórn til að taka hveraorku eignarnámi með samþykki ráðherra, þó svo, að landeigandi héldi nægilegum jarðhita eftir til eigin nota.

Í 8. gr. frumvarpsins var eignarnámsheimild fyrir ríkið, ef hveraorka er meiri en svo, að hún nægi landeiganda og héraðsbúum.

Í 10. gr. frumvarpsins var ríkinu veittur réttur til að láta rannsaka hveraorku með borun eða á annan hátt, hvar sem er á landinu.

Samkvæmt 12. gr. frumvarpsins var lögreglustjóra veitt heimild til að veita öðrum en landeiganda leyfi til borunar. Öðlist slíkur leyfishafi forgöngurétt til virkjunar á þeim jarðhita, er hann finnur. Leyfishafi á að greiða fullar bætur fyrir átroðning, er landeigandi kann að verða fyrir, og þau óþægindi, er hann kann að baka öðrum með rannsóknum sínum eða með hagnýtingu jarðhitans.

Í athugasemdinni við 1. gr. frumvarpsins segir svo: „Sú regla, að landeigandi hafi fullan umráða- og afnotarétt á hverum í landareign sinni, er í fullu samræmi við forn lög vor og núgildandi lög, samkvæmt 9. og 10. gr. vatnalaganna.“

Í athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins var m. a. komizt svo að orði: „Jarðhitaréttindi eru einn óaðgreinanlegur hluti landareignar.“

Þetta frumvarp var eigi afgreitt. Lét stjórnin síðan leggja það fyrir Alþingi 1929 og 1931, að vísu lítils háttar breytt í síðara skiptið, en í bæði skiptin dagaði það uppi.

Á Alþingi 1936 bera svo þingmenn Árnesinga, þeir Bjarni Bjarnason og Jörundur Brynjólfsson, fram frumvarp til laga um eignar- og afnotarétt jarðhita. Það frumvarp er að efni til að mestu samhljóða frumvarpi ríkisstjórnarinnar frá 1928. Þó var 12. gr. frumvarpsins frá 1928 alveg felld niður og ný fyrirmæli sett í 11. gr. hins nýja frv. Þar segir svo: „Eigendum og umráðamönnum jarða, þar sem jarðhiti er, eða jarðhitasvæði eiga, er heimilt að leita aðstoðar ríkisins við rannsókn jarðhitans. Skal ríkið veita mönnum slíka aðstoð ókeypis, eftir því sem ástæður leyfa og fé er veitt til þess á fjárlögum. Á sama hátt skal ríkið veita mönnum aðstoð um samning kostnaðaráætlunar um notkun jarðhitans.“ Þetta frumvarp fékk ekki afgreiðslu. Var það því flutt aftur óbreytt af sömu mönnum á Alþingi 1937. En það fór á sömu lund. Hins vegar var á því þingi samþykkt þingsályktunartillaga um rannsókn jarðhitans á Íslandi, sbr. Alþt. 1937 A, þskj. 470. Í síðari hluta ályktunarinnar var skorað á ríkisstjórnina „að láta undirbúa fyrir næsta þing frumvarp um eignar- og afnotarétt jarðhita á svipuðum grundvelli og þeim, sem ákveðinn er í frumvarpi á þskj. 17, er nú liggur fyrir neðri deild Alþingis.“

Samkvæmt þingsályktun þessari lét forsætisráðherra athuga frumvarpið frá 1937 á þskj. 17. Voru gerðar á því nokkrar minni háttar breytingar, en í engu var hvikað frá grundvallarstefnu frumvarpsins um eignarréttinn að jarðhitanum, sbr. Alþt. 1938 A, þskj. 63. Var frumvarpið síðan flutt af sömu mönnum og áður samkvæmt ósk forsætisráðherra. Ekki varð frumvarpið útrætt á því þingi. Á Alþingi 1939 var frumvarpið enn borið fram og komst í gegnum neðri deild. Samkvæmt tillögu nefndar voru gerðar á því nokkrar minni háttar breytingar, sbr. Alþt. 1939 A, þskj. 392. En ekki fékk málið fullnaðarafgreiðslu á því þingi.

Frumvarpið var svo loks afgreitt á Alþingi 1940, en þá var, eins og áður segir, gerð á því sú breyting, að 7. gr. var felld niður, en hún var svo hljóðandi: „Ríkissjóður á rétt til að taka hvera- eða laugaorku eignarnámi til almenningsþarfa, en gæta skal þess, að jarðeigandi eða umráðamaður hafi eftir nægilega orku til nauðsynja sinna, til eigin heimilis- og búsþarfa. Um eignarnámið fer eftir lögum nr. 61 14. nóv. 1917.“

Frá þeirri eignarréttarstefnu, sem l. 98/1940 eru byggð á, hefur ekki verið vikið í síðari löggjöf. Mætti e. t. v. fremur segja, að löggjafinn hefði staðfest hana í nýrri lögum. Má þar fyrst nefna l. nr. 114 frá 1943, um breyting á l. nr. 98/1940, sem gera ráð fyrir jarðborunum og virðast ganga út frá því, að jarðhiti tilheyri einstökum jörðum, þótt hann sé leiddur upp á yfirborðið með borun. Minna má og aðeins á l. nr. 7 frá 1946, er leggja þá kvöð á landeigendur að girða í kringum hveri og laugar í landareign sinni. Þá má og enn fremur nefna l. 4/1946, um sölu þjóðjarða og kirkjujarða. Í síðustu mgr. 1. gr. þeirra laga er boðið, að jarðhitaréttindi umfram heimilisþarfir skuli undanskilin við sölu á þjóðjörðum og kirkjujörðum. Hefur Hæstiréttur komizt að þeirri niðurstöðu, að landbúnaðarráðherra væri eigi einungis heimilt, heldur og skylt að undanskilja jarðhitaréttindi við sölu þjóðjarða, samkvæmt ákvæði þessu, sbr. Hrd. XXV, bls. 584. Vitaskuld hefði verið óþarft að undanskilja jarðhitaréttindi, ef þau fylgdu ekki eignarrétti að jörðunum. Loks má geta

þess, að í 2. gr. l. 40/1948, um kauprétt á jörðum, er mælt, að ákvæði laganna eigi einnig við, „ef seldur er hluti af jörð, afréttarlönd, óbyggðar lendur, ítök, skógar, vatnsnot, *jarðhiti* og hvers konar veiðiréttindi eða önnur gæði, sem skilin eru eða skilin verða frá jörð.“ Í hinum eldri lögum, nr. 55 frá 1926, um forkaupsrétt á jörðum, var ekki minnzt á jarðhita.

Á Alþingi 1945 flutti Bjarni Benediktsson frumvarp til laga um viðauka við l. 98/1940, sbr. Alþt. 1945 A, þskj. 200. Er þar greinilega byggt á eignarrétti landeiganda að jarðhitaréttindum, enda þótt miklar hömlur séu lagðar á rétt hans. Í frumvarpinu var m. a. kveðið svo á, að jarðboranir, er ná dýpra en 10 metra, megi ekki framkvæma án leyfis ráðherra. Leyfi til þeirra skyldi ekki veitt, ef hætta kynni að vera á því, að með jarðborun sé spillt hagnýtingu jarðhita á eign annars manns, sem þegar er hafin, eða hagnýtingu þar síðar meir, enda sé sú hagnýting jarðhitans mun verðmeiri en hin hagnýtingin, sem stefnt er að með hinni fyrirhuguðu jarðborun. Ekki var gert ráð fyrir neinum bótum til þess, er synjað væri um leyfi til jarðborunar í landi sínu. Eftir frumvarpinu stappar nærri, að eignarréttur landeiganda að jarðhita sé takmarkaður við 10 metra dýpi, þó að hann — en aðrir að vísu ekki — að fengnu leyfi ráðherra mætti fara dýpra.

Í greinargerð frumvarpsins segir m. a.: „Hér er aðeins um almenna takmörkun á eignarréttinum að ræða, sem löggjafarvaldinu er heimilt að setja, þrátt fyrir ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins.“

Frumvarp þetta var afgreitt með rökstuddri dagskrá. Var þar skorað á ríkisstjórnina að láta semja frumvarp til laga um notkun jarðhita, þar sem verði ákvæði um eftirlit með jarðborunum til tryggingar því, að virkjun jarðhita verði ekki skemmd með síðari mannvirkjum, sbr. Alþt. 1945 C, bls. 87.

Hér á landi mun almennt hafa verið litið á jarðhitaréttindi sem söluhæf. Eru þess dæmi, svo sem kunnugt er, að bæjarfélög og einstaklingar hafi keypt jarðhitaréttindi, eða keyptar hafi verið jarðir vegna jarðhita, er þeim hefur fylgt.

Þó að greinilegt sé samkvæmt framansögðu, að l. 98/1940 taka bæði til jarðhita ofan jarðar og neðan, þá er ekki þar með sagt, hversu langt í jörð niður eignarráð landeiganda nái almennt né heldur hversu djúpt í jörð hann megi sækja jarðhita.

Í íslenzkri löggjöf eru engin ákvæði um það, hversu langt í jörð niður eignarráð landeiganda nái. Þar af verður þó ekki dregin sú ályktun, að þeim séu engin takmörk sett.

Um þetta atriði segir Ólafur prófessor Lárusson svo í Eignarétti, bls. 46, er hann hefur vitnað til l. 40/1907 § 16, l. 50/1909, l. 16/1940 og l. 98/1940: „Með hliðsjón af þessum ákvæðum virðist almenna reglan vera sú, að eignarráð landeiganda nái svo langt niður sem nauðsynlegt er að leyfa honum þau, til þess að hann geti haft þau not af landi sínu, sem heyra til venjulegrar hagnýtingar á eignarrétti yfir fasteignum.“

Líklegt er, að stuðzt verði við þessa reglu, sé eigi á annan veg mælt í lögum. Þar sem sagt er, að þetta sé „almenna reglan“, sýnist gert ráð fyrir því, að undantekningar frá henni geti komið til. Mætti hugsa sér þær undantekningar þannig, að umráða- eða eignarrétturinn í ákveðnar áttir eða um tiltekin verðmæti væri takmarkaður við alveg ákveðið dýpi, t. d. tiltekna tölu metra eða faðma, eða jafnvel þannig, að einstök efni undir yfirborði jarðar væru algerlega undanskilin. Framangreind regla virðist eðlileg, en er þó nokkuð teygjanleg, sem raunar er við að búast, meðan ekki er við að styðjast reglu í settum lögum. Það getur sjálfsagt verið álitamál, hvað telja eigi til venjulegrar hagnýtingar á eignarrétti yfir fasteign. Á að telja nýting jarðhita, sem sækja verður djúpt í jörð, til venjulegrar hagnýtingar í þessu sambandi? Þeirri spurningu verður ekki svarað með öruggri vissu, en líklega er þó rétt að svara henni neitandi. Virðist eðlilegra að skilja framangreinda reglu svo, að þar sé átt við venjulega hagnýtingu fasteigna yfirleitt. En auk þess mundi einkaeign á jarðhita í ótakmarkað dýpi leiða til ýmiss konar árekstra.

Samkvæmt því, er að framan greinir, verður niðurstaðan sú, að jarðhiti, hvort

heldur í náttúrlegum hverum og laugum eða undir yfirborði jarðar, fylgi landareign þeirri, sem hann er í. Eins og lögum er háttað nú, verður réttur landeiganda til jarðhitans ekki takmarkaður við tiltekið dýpi, t. d. ákveðna metratölu, heldur verður að meta það í hverju falli, ef á reynir, með hliðsjón af réttmætri þörf landeiganda, almannahagsmunum og vandkvæðum þeim, sem á því eru að skipta jarðhita, sem djúpt liggur, á milli fleiri eigenda. Sú aðalregla, er að framan greinir, er í samræmi við það, sem gildir um vatnsréttindi og námuréttindi að íslenzkum lögum. Er þó jarðhiti undir yfirborði jarðar nokkuð annars eðlis en málmur eða málmblendingar, sem liggja kyrrir í jörðu, og hagnýting jarðhita er raunar líka að sumu leyti frábrugðin nýtingu vatnsorku. Þó að réttur landeiganda til umráða og hagnýtingar jarðhita í landi sínu sé þannig, að því er virðist, litlum skorðum bundinn að núgildandi lögum, má auðvitað setja honum ýmis takmörk með nýrri löggjöf, ef ástæða þykir til. Verður nánar rætt um það síðar.

III. Næst verður hér vikið að jarðhitalöggjöf eða réttarreglum um eignarráð niður á við í jarðargrunnið hjá nokkrum öðrum þjóðum.

Sérstök jarðhitalöggjöf er fátíð. Er það eðlilegt, þar sem notkunar jarðhita gætir aðeins í fáum löndum. Af annarri löggjöf koma lög um olíunám og olíuvinnslu einkum til álita. Fyrst verður hér vikið að löggjöf í löndum, þar sem jarðhiti er hagnýttur. Því næst verður drepið á réttarreglur um eignarráð niður á við í jörðina í nokkrum Evrópulöndum.

Nýja-Sjáland.

Í Nýja-Sjálandi hafa verið sett sérstök lög um jarðhita. Eru það lög nr. 102 frá 26. nóvember 1953 (An Act to make provision for the control of the tapping and use of geothermal energy and for vesting all such energy in the Crown).

Samkvæmt þeim lögum er umráðaréttur jarðhita yfirleitt í höndum ríkisins. Aðalreglan er því sú, að ekki megi aðrir bora eftir jarðhita og hagnýta sér hann heldur en ríkið eða þeir, sem til þess hafa fengið sérstakt leyfi stjórnvalda, sbr. 3. gr. Engar bætur eða endurgjald á að greiða til landeiganda vegna töku jarðhitaorku, hvort heldur er ofan jarðar eða neðan, nema byrjað hafi verið á hagnýtingu hennar áður en lögin gengu í gildi, sbr. 14. gr. Hins vegar á auðvitað að greiða bætur fyrir landspjöll, sem leiðir af hagnýtingu jarðhita, sbr. 13. gr. Gert er ráð fyrir því, að sérstök landssvæði séu lýst jarðhitasvæði, 4. gr. Utan slíkra yfirlýstra jarðhitasvæða er landeiganda heimilt að leita eftir jarðhita með borun, 5. gr., en eftirlit af opinberri hálfu skal þó haft með þeirri jarðborun. Heimilt er að veita mönnum leyfi til jarðborana í rannsóknarskyni, en þá er leyfishafi einnig eftirliti háður um borun.

Eins og áður segir, er og stjórnvöldum heimilt að veita aðilum að fullnægðum tilteknum skilyrðum leyfi til hagnýtingar jarðhita, 9. gr., og eiga þeir aðilar þá að greiða endurgjald til ríkisins.

Frá aðalreglunni um einkarétt ríkisins til jarðhita er svo sú mikilvæga undantekning, að menn mega hagnýta sér jarðhita til heimilisþarfa, svo sem til suðu, hitunar, þvotta eða baða. Mega menn bora eftir hita í því skyni, en þó ekki dýpra en 200 fet. Gert er ráð fyrir því, að ráðherra geti með sérstökum fyrirmælum takmarkað þennan rétt landeiganda.

Ítalía.

Í Ítalíu er jarðhiti svo sem kunnugt er. Er hann þar mikið notaður til raforkuframleiðslu. Samkvæmt upplýsingum, er sendiráð Íslands í París aflaði s. l. vetur hjá utanríkisráðuneytinu í Róm, gilda ákvæði námulaga um leit að jarðhita og hagnýtingu hans. Eru gildandi námulög frá 27. júlí 1927, sbr. l. frá 20. febr. 1939 (provisions for the search and working of mines, quarries and peat-deposits). Í 2. gr. 3. lið þeirra laga er beinlínis tekið fram, að ákvæðin um námur („mines") eigi við um leit að jarðgufu og heitu vatni og hagnýting jarðhita.

Meginregla hinna ítölsku námulaga er sú, að leyfi stjórnarvalda þurfi bæði til leitar og vinnslu jarðefna, þ. á m. jarðhita, sbr. 4. og 14. gr. laganna. Landeigandi virðist ekki án slíks leyfis mega leita að jarðhita neðan jarðar og hagnýta hann. Sá, sem fengið hefur leitarleyfi, hefur forgangsrétt til að fá hagnýtingarleyfi, hvort heldur um er að ræða málmnám eða vinnslu jarðhita, sbr. 16. gr. laganna. Leyfi eru veitt af ráðherra iðnaðarmála að fenginni umsögn námumálaráðsins, sbr. 18. gr. Landeigandi sýnist aðeins eiga bótarétt fyrir landspöll, en ekki fyrir töku *málma*, jarðgufu eða heits vatns, sem sækja verður undir yfirborð jarðar. Frá meginreglunni um umráðarétt ríkisins er gerð undantekning, að því er varðar grjótnámur og mógrafir, sbr. 45. gr. laganna. Í þeim tilfellum er réttur landeiganda viðurkenndur.

Sérleyfi til vinnslu málma eða hagnýtingar jarðhita verða ekki framseld nema með samþykki réttra stjórnarvalda, sbr. 27. gr. laganna.

Sérstök ákvæði eru um það, ef námur eða jarðboranir eru svo nærri hver annarri, að tjón hlýzt af. Aðalreglan er sú, að leyfishafar eiga að reyna að komast að samningum um starfrækslu fyrirtækjanna. Ef aðilar koma sér eigi saman, getur ráðherra sett þau undir sameiginlega stjórn, sem stýri þeim með hagsmuni allra aðila fyrir augum.

Eftir ítölskum lögum virðast landeigendur samkvæmt þessu ekki taldir eigendur jarðhita, sem sækja verður í jörð niður.

Mexico.

Í Mexico er á döfinni setning sérstakra laga um jarðhita eða öllu heldur um jarðvatn. Hefur frumvarp um það efni verið lagt fyrir sambandsþingið.

Í 3. gr. þessa frumvarps segir, að landeigendum sé frjálst að leiða upp á yfirborðið og hagnýta sér jarðvatn, nema þá er virkjun þess eða notkun getur haft áhrif á almannahag eða hagnýtingu, sem fyrir er, eða þegar með þessum aðgerðum er tekið eða leitt burt vatn, sem er þjóðareign. Í 2. mgr. 3. gr. er því jafnframt bætt við, að beizlun vatnsgufu eða rennandi vatns, sem er af náttúrunnar hendi heitara en 80° á Celsius, svo og hagnýting þess, sé talin snerta almannahag, enda þótt vatnið spretti upp eða fram sjálfkrafa. Í öðrum tilfellum ákveður skrifstofa vatnsorkumála hvenær virkjun varði almannahag, þ. e. a. s. hvenær landeigendum sé ófrjálst án sérstaks leyfis að leiða vatnið upp á yfirborðið. Samkvæmt 5. gr. þarf hver maður sérstaka heimild eða leyfi til að virkja jarðvatn, ef um er að ræða vatn í þjóðareign eða ef virkjun þess getur varðað almannahag. Í frumvarpinu er engin skýring gefin á því, hvað átt sé við með vatni í þjóðareign, heldur er þar vísað til vatnalaga.

Samkvæmt II. kafla frumvarpsins getur skrifstofa vatnsorkumála gefið út yfirlýsingu um tiltekin bannsvæði og má þá alls ekki bora þar né virkja vatn, nema um sé að ræða vatn til heimilisnotkunar. Ástæður til slíks banns geta verið þær, að ný borun eða virkjun hafa áhrif á hagnýtingu, sem fyrir er, að hætta sé að vatnsæðar tæmist, að um sé að ræða augljósa sóun eða misnotkun jarðvatns eða virkjanir á þessu svæði reynast með öðrum hætti varða hagsmuni almennings.

Í 26. gr. frumvarpsins segir, að framkvæmdavaldshafar sambandsríkjanna geti lagt hald á vatn eða vatnsgufu, sem frá náttúrunnar hendi er heitara en 80° á Celsius, í því skyni að hagnýta það í þjóðarþágu til framleiðslu á orku. Hefur raforkumálanefnd sambandsríkjanna forgöngu að því er snertir nýtingu þess vatns. Jafnframt er gert ráð fyrir, að veita megi sérleyfi til virkjunar þess og nýtingar. Hvergi er talað um bætur til landeiganda. Virðist alls ekki gert ráð fyrir þeim.

Í frumvarpi þessu eru að sönnu ekki bein ákvæði um eignarrétt að heitu jarðvatni og jarðgufu, en ríkinu virðast tryggð þau umráð þessara orkulinda, að raunverulega hefur ríkið þessi mál í hendi sér.

Danmörk.

Danskir fræðimenn hafa talið, að eignarréttur landeiganda næði niður í jarðgrunnið, en þó engan veginn ótakmarkað. Um það efni segir Vinding Kruse í Ejendomsretten I, bls. 278: „Lige saalidt har Grundejeren nogen Ret til hele Jorden under ham, lige til Jordens Centrum. Han har ogsaa her kun Ret til Jorden saa langt ned, som *Ejendomsrettens hidtil kendte sædvanlige Formaal kræver.* Han kan følgelig ikke forhindre, at Staten f. eks. giver Selskab Ret til Anlæg af en underjordisk Jernbane, naar vel at mærke denne gaar saa langt nede i Jorden, at Grundejeren ingen Ulæmper faar derved. Ligeledes har Grundejerne vel Ret til Grus, Sand, Ler, Kalk o. l. der findes i deres Jord saa langt ned, som man sædvanlig udnytter Jorden i saa Henseende her i Landet. Hvis der imidlertid skulde findes værdifulde Mineralier e. l. i dybtförende Lag, som ingen Ejer normalt regner med, maa de tilhöre Staten." Sbr. Torp, Tingsretten, bls. 26, nótu 47.

Í hinu samnorræna lögbókaruppkasti sínu hefur Vinding Kruse ákvæði um þetta efni, er ganga í svipaða átt. Þar segir í 5. bók, 5. kap. § 1: „En grundejers ret omfatter rummet over og under jorden saa langt, som den sædvanlige udnyttelse af ejendommen kræver" (En Nordisk Lovbog, bls. 86). Í athugasemdum við þessa grein segir svo: „Den grænse, som B. G. B. § 905 og Z. G. B. art. 667 sætter for denne ret ved udtrykket: „interesse" er formentlig uheldig, thi i og for sig har grundejeren den störste interesse f. eks. i at tilegne sig værdifulde mineralier, der ligger dybt nede i grunden under hans jord; og dog tilkender de fleste lande med rette staten disse mineralier. Det rette turde derfor være at fastslaa at grundejerens interesse i rummet over og under jorden kun strækker sig til den for alle ejendomme i landet sædvanlige udnyttelse f. eks. til törveskær, grusgravning, kalkbrydning og lignende tilegnelse af genstande, der ligger i overfladen eller i umiddelbar forbindelse med denne." (En Nordisk Lovbog, bls. 415).

Í núgildandi löggjöf danskri er ríkinu einu áskilinn réttur til rannsókna og hagnýtingar á verðmætum efnum í jarðgrunni Danmerkur. Veita má þó einstökum aðilum einkaleyfi til vinnslu tiltekinna jarðefna um tiltekinn tíma. Um þetta gilda nú l. nr. 181 frá 8. maí 1950 — Lov om efterforskning og indvinding af råstoffer i Kongeriget Danmarks Undergrund — (mineloven). Í 1. gr. þeirra laga segir svo: „Råstoffer i Kongeriget Danmarks Undergrund, som ikke för den 23. februar 1932 har været undergivet privatökonomisk udnyttelse her i landet, tilhörer den danske stat. Efterforskning og indvinding af sådanne råstoffer forbeholdes staten."

Samkvæmt 2. gr. laganna getur ríkisstjórnin að fullnægðum tilteknum skilyrðum og að fengnu áliti þar til kjörinnar þingnefndar veitt einkaleyfi til rannsókna og vinnslu á efnum þeim, er 1. grein tekur til. Slíkt einkaleyfi getur verið bundið við tiltekið svæði og við ákveðið efni. Heimilað er eignarnám á landspildum þeim, sem þörf er á vegna rannsókna eða hagnýtingar á jarðefnum þessum. Með hliðsjón af þessari löggjöf má ætla, að ef jarðhita í „undergrund" væri til að dreifa í Danmörku, yrði hann þar talinn eign ríkisins.

Í stjórnarskrá Danmerkur eru sams konar ákvæði um friðhelgi eignarréttar sem í íslenzku stjórnarskránni, eða réttara sagt, eignarréttarákvæðið í stjórnarskrá Íslands er beinlínis sniðið eftir hliðstæðu ákvæði í grundvallarlögum Dana. Löggjöf sú, er að framan greinir, um eignarrétt ríkisins að jarðefnum í „undergrund" landsins hefur verið talin heimil, þrátt fyrir ákvæði grundvallarlaganna um vernd einstaklings eignarréttar.

Noregur.

Viðurkennt er, að eignarréttur landeiganda sé ekki takmarkaður við yfirborð landsins, heldur nái einnig til jarðlaga undir yfirborði jarðar. Í lögum munu þó ekki bein ákvæði um takmörk eignarréttar niður á við. Á meðal norskra fræðimanna hafa skoðanir verið skiptar um það, hversu langt niður í jörðina eignarréttur landeiganda nái. Prófessor Brandt hélt því fram á sínum tíma, að eignarréttur land-

eiganda næði allt að miðpunkti jarðar. Scheel hélt því hins vegar fram, að eignarréttur landeiganda næði svo langt niður sem mannleg starfsemi næði á hverjum tíma, sbr. Tingsret, bls. 44. Prófessor Helland hélt því fram, að eignarréttur landeiganda næði jafnlangt niður sem dýpstu námur. Jarðlög þar fyrir neðan gætu ekki verið andlag fyrir eignarrétti, sbr. RT. 1891, bls. 41—42. Prófessor Gjelsvik taldi, að þegar komið væri svo langt niður í jörðina, að menn gætu ekki lengur haft neitt gagn af eignarráðum, þá gæti heldur ekki verið um neinn eignarrétt að ræða, sbr. Norsk Tingsret, bls. 35. („Efter norsk ret kan regelen best formes saaledes: Naar det gaar saa langt op i luftrummet eller saa langt ned i jorden, at folk ikke har nogen nytte av eiendomsraadigheten kan det heller ikke være tale om nogen eiendomsret.“)

Í samræmi við þessa skoðun mun nú almennt talið, að landeigandi hafi eignarrétt svo langt niður á við í jörðina sem hann hefur hagsmuni af að gera eignarrétt gildandi. Steinar og málmar í jörðu eru því taldir tilheyra landeiganda og hann má sækja þá svo djúpt niður sem hann vill, sbr. Robberstad, Til Ekspropriasjonsretten, bls. 104, og M. Schjödt, Norsk Ekspropriasjonsrett, bls. 214. Samkvæmt námulögum geta menn og fengið sérleyfi til þess að vinna málma og málmblendinga úr jörðu.

Svíþjóð.

Svíar munu ekki telja nein ákveðin takmörk fyrir eignarréttinum niður á við í jörðina. En ekki er talið, að landeigandi geti bannað mannvirki undir yfirborði jarðar né geti krafizt bóta vegna þess, ef hann hefur ekkert óhagræði af mannvirkinu.

Til námureksturs þarf leyfi stjórnarvalda. Getur maður fengið það leyfi, þótt námuteigur liggi í annars manns landi, en landeigandi á, auk endurgjalds fyrir land, rétt á lögákveðnum bótum — 1% af verði þeirra málma eða málmblendinga, sem unnir eru í námunni — sbr. 53. gr. sænsku námulaganna.

Frakkland.

Franska borgaralögbókin („code civil“) viðurkennir almennt eignarrétt landeiganda að „því, sem er fyrir ofan og neðan“ land hans (552. gr. 1. mgr.). En umráðarétti landeiganda má setja margvíslegar takmarkanir í lögum og tilskipunum, sbr. 2. og 3. mgr. 552 og 537 gr. code civil. Aðallagaboðin í þessu efni voru upphaflega í frönsku námalögunum frá 21. apríl 1810, en á þeim hafa síðan verið gerðar margar breytingar, m. a. að því er varðar olíunám. En olíunám má telja einna áþekkast jarðhitavinnslu, svo sem áður er sagt. Skal því lítils háttar vikið að reglum þeim, er um það gilda.

Olíuleit og olíunám geta í framkvæmdinni átt sér stað með tvennum hætti — annaðhvort af hálfu ríkisins eða af hálfu einstakra aðila samkvæmt sérleyfi. Að vísu er það hverjum manni frjálst að nafninu til án nokkurs leyfis að leita að olíu og vinna hana í landi sínu. Lögvernd þeirra landeigenda, sem ráðast kynnu í olíuleit í landi sínu, er harla lítil, því að ríkið getur veitt öðrum aðilum rétt til olíuleitar og olíuvinnslu á hinum sömu stöðum. Landeigandinn á þá, að meginstefnu til, ekki skaðabótarétt fyrir annað en landspjöll og á ekki rétt að bótum fyrir þann kostnað, sem hann hefur lagt í við olíuleit eða olíunám, sbr. Pierre Sillard í L'Actualité Juridique 1955 nr. 6, bls. 53—57. Um sérleyfin, sem ýmist geta verið leitarleyfi eða námaleyfi, eru ýtarleg fyrirmæli í lögunum, og verða þau ákvæði ekki rakin hér. Virðist landeigandi samkvæmt þessu ekki eiga neinn rétt á bótum fyrir olíunám úr landi sínu. Eignarréttur landeiganda að því, sem er undir yfirborði lands hans, sætir því takmörkunum að þessu leyti. Stjórnarskrárákvæði um friðhelgi eignarréttar hafa eigi verið talin standa því í vegi.

Þýzkaland.

Samkvæmt þýzkum rétti tekur eignarréttur landeiganda til jarðlaga undir yfirborði jarðar, en talið er, að landeigandi geti ekki lagt bann við mannvirkjum, sem eru svo djúpt í jörð, að hann getur enga hagsmuni haft af því að hindra þau, sbr. borgaralögbókina þýzku (B. G B.) § 905. Samkvæmt námulögum eru þó margir málmar og jarðefni undanskilin eignarrétti landeiganda og ríkinu áskilinn réttur til vinnslu þeirra, sbr. 1. og 2. gr. námulaganna (Allgemeine Berggesetz für die Preuszischen Staaten) frá 24. júní 1865, ásamt síðari breytingum á þeim (Gerhard Daprich: Das Allgemeine Berggesetz 1953). Ljóst er því, að svo er litið á, að setja megi eignarrétti landeiganda á efnum í jörð miklar takmarkanir og undanskilja þau einstaklingseignarrétti, án þess að til greina komi neinar bætur til landeiganda, að því er virðist.

Sviss.

Svissneska borgaralögbókin segir eignarrétt landeiganda ná svo langt niður sem hann getur haft hagsmuni af að gera eignarrétt gildandi, sbr. Z. G. B. § 667.

IV. Eins og sjá má af framansögðu, sbr. II. kafla, er engan veginn ótvírætt, hversu djúpt í jörð niður landeigandi á nú eignar- og umráðarétt að jarðhita. Um þau mörk geta deilur risið. Enn fremur er ljóst, að spurning getur verið, hversu víðtækur umráðaréttur landeiganda sé, með öðrum orðum, hverjar skorður verði að setja honum vegna hagsmuna annarra landeigenda eða jarðhitamannvirkja, sem þegar kunna að vera starfrækt. Þegar þessa er gætt og tillit er jafnframt tekið til hinnar stórkostlegu þýðingar, sem hagnýting jarðhitans getur haft í framtíðinni, liggur í augum uppi, að æskilegt er, að sett séu skýrari og ótvíræðari lagaákvæði um eignarrétt og umráðarétt á jarðhita, sem sækja verður í jörð niður. Við þá lagasetningu verður að taka tillit til séreðlis jarðhitans, sem menn þekkja nú betur en áður. Talið er, að jarðhitinn sé alls staðar á streymi og oft meira eða minna lárétt. Jarðhitinn getur því streymt um margar landareignir. Djúpar jarðboranir geta því spillt hagnýtingu jarðhita annars staðar og jafnvel tæmt jarðhita í mörgum landareignum. Þótt í nýrri lagasetningu væri byggt á sömu höfuðstefnu og áður, að því er eignarrétt að jarðhita varðar, er óhjákvæmilegt að setja umráðarétti landeiganda miklu meiri skorður en nú. Þess krefjast almannahagsmunir og tillit til annarra landeigenda.

Við setningu löggjafar um eignar- og umráðarétt að jarðhita ber einkum að hafa þrjú grundvallaratriði í huga: 1) Varmaþörf landeiganda til heimilis og búrekstrar, þar með talinn eðlilegur gróðurhúsarekstur bónda; 2) fræðilega skilgreiningu milli þess jarðhita, sem staðbundinn er á tiltekinni landareign, og hins, sem í eðli sínu verður ekki aðgreindur eftir landareignum, og 3) mikilvægi þess, að jarðhiti landsins megi verða þjóðinni að sem mestu gagni og hagnýting hans takist sem bezt.

Til heimilis- og búsþarfa nota landeigendur fyrst og fremst yfirborðsvatn og gufu úr laugum og hverum, en framkvæma þó grunnar boranir til að auka uppstreymi, ef yfirborðsvatn eða gufa er fulllítið. Af öllum þeim borunum, sem einstaklingar hafa látið framkvæma og jarðhitadeild raforkumálastjórnarinnar hefur skýrslur um, eru aðeins tvær gerðar niður á meira dýpi en 80 metra. Þessar tvær boranir eru gerðar í námunda við Reykjavík og tilgangur með þeim sýnilega annar en sá að fullnægja heimilis- og búsþörfum og kostnaður við þær langt fram yfir það, sem búskapur á jörðum getur með góðu móti borið.

Þegar farið er að sækja dýpra með borunum en nokkra tugi metra, telja kunnáttumenn, að mikil óvissa hefjist bæði um kostnað og um árangur af borun. Er ekki hægt að reikna með, að í slíka jarðhitaleit ráðist aðrir en fjársterkir aðilar, sem annars vegar geta lagt í töluverða áhættu um óarðbær fjárútlát og hins vegar hafa fyrir augum, ef vel tekst, hagnýtingu jarðhita í stórum stíl, svo sem í hitaveitu til almenningsþarfa, í stórum raforkuverum eða í iðnaði.

Hver og laug á yfirborði eru nokkurn veginn staðbundin og því að jafnaði glöggt, hvaða landareign þau tilheyra. Notkun þess vatns, sem upp kemur af sjálfu sér, hefur engin áhrif á jarðhita í nágrenninu. En strax og leitað er undir yfirborðið með borun eða með öðrum slíkum aðgerðum, getur jarðhiti verið dreginn úr jarðvegi í nokkru umhverfi. Meðan aðeins er um nokkurra tuga metra dýpi að ræða, getur þessa þó naumast gætt nema örstutt út frá borholu. Þegar dýpra kemur eða svo hundruðum metra skiptir, er þessu orðið öðruvísi varið. Þá telja kunnáttumenn, að borholan fari að draga jarðhita að sér úr töluverðri fjarlægð og eftir óvissum leiðum, og er þess þá lítill kostur eða enginn að vita með vissu, hvaðan jarðhitinn er fenginn, en getur verið um marga, jafnvel tugi kilómetra að ræða úr ýmsum áttum. Jarðhitinn er þá ekki lengur bundinn við ákveðna landareign. Til hagnýtingar jarðhita í stórum stíl verður væntanlega reynt að ná sem allra mestum varma upp á einum og sama stað eða á litlum bletti með djúpum borunum og það haft fyrir augum að draga vatn og gufu að borstaðnum neðan jarðar af sem allra stærstu svæði, en jafnframt forðazt að bora annars staðar á því svæði, sem draga á jarðhita úr. Fer þetta ekki eftir neinum landamerkjum. Borstaður yrði valinn að verulegu leyti með hliðsjón af staðsetningu hagnýtingarmannvirkis, en forðazt að bora eða varnað borunar á stóru svæði í kring, sem náð getur til margra landareigna.

Af þessu er ljóst, að eðlilegt er að draga mörk milli þess jarðhita, sem til landareignar heyrir, og þess jarðhita, sem er eftir eðli sínu eins konar almenningseign, og eru þau mörk, að því er sérfræðingar telja, í dýpi, sem skipta má nokkrum tugum, en alls ekki hundruðum metra. Í Nýja-Sjálandi hafa þessi mörk verið sett við 200 feta eða um 70 metra dýpi. Það liggur í hlutarins eðli, að þessi mörk verða ekki ákveðin með neinni nákvæmni, en eðlilegt er að setja þau einhvers staðar milli 50 og 100 metra, eða ca. 150 og 300 feta. Í Nýja-Sjálandi voru þau, eins og getið var, sett við 200 fet.

Þegar tillit er tekið til framangreindra atriða og þess, að aðrar þjóðir telja jarðhita djúpt í jörð undanskilinn eignarrétti landeigenda og háðan umráðarétti ríkisins (Nýja-Sjáland, Ítalía og Mexico), virðist eðlilegt, að löggjafinn hverfi hér inn á svipaða braut í þessu efni, þ. e. a. s. dragi hér alveg ákveðna markalínu á milli einstaklingseignarréttar og umráðaréttar ríkisins. Landeigendur ættu sem áður eignarrétt að hverum og laugum og auk þess jarðhita í efstu jarðlögum, sem tiltölulega auðvelt er að sækja, en nægir þó jafnframt til venjulegra heimilis- og búsþarfa, t. d. 100 metra í jörð niður, þ. e. a. s. hinum staðbundna jarðhita, ef svo mætti segja. Hins vegar ætti ríkið eitt eignar- og umráðarétt að jarðhita fyrir neðan þá línu. Þann jarðhita mætti því enginn sækja né nýta nema með leyfi stjórnarvalda. Með þeirri skipan væru einkaeignarrétti sett skýr mörk.

Hagsmunum þjóðarheildar er vissulega bezt borgið með því, að umráðaréttur þessara dýrmætu orkulinda sé í höndum þess opinbera — að þær séu sameign þjóðfélagsins —. Skipun þessara mála hjá öðrum þjóðum bendir og í þá átt. Slík skipan væri einnig í samræmi við það, sem víðast hvar gildir um málma og önnur verðmæt jarðefni, sbr. Vinding Kruse, Nordisk Lovbog, bls. 415, og það sem sagt er hér að framan í III. Að vísu virðast íslenzk námulög byggð á annarri stefnu, en þess er að gæta, að þau lög eru orðin gömul og þarfnast endurskoðunar og sennilega mundi önnur stefna þar upp tekin, ef menn ættu von verulegra málmfunda eða annarra dýrmætra jarðefna hér á landi. Því verður ekki neitað, að það er sanngjörn regla og í samræmi við eðli máls, að sérstök náttúruauðæfi, sem enginn einstakur hefur átt þátt í að skapa, séu sameign þjóðarinnar allrar.

Með slíkri löggjöf væri á hinn bóginn ekki gengið of nærri hagsmunum landeigenda. Þeir héldu eftir, a. m. k. undir öllum venjulegum kringumstæðum, nægilegri orku til sinna eðlilegu þarfa, þ. e. a. s. ef nokkur jarðhiti væri þar á annað borð, og að öllum jafnaði væri það eigi á þeirra færi að fást við kostnaðarsama könnun á jarðhita, sem neðan nefndra marka kynni að liggja. Og slík löggjafar-

ákvæði mundu ekki brjóta í bág við eignarréttarvernd stjórnarskrárinnar. Er það augljóst, þegar litið er til þeirrar löggjafar, sem sett hefur verið í öðrum löndum um hliðstæð efni, enda þótt þar séu svipuð eða samhljóða ákvæði um friðhelgi eignarréttar, sbr. það, sem sagt er hér að framan um Danmörk.

Reykjavík, janúar 1957.

Ólafur Jóhannesson.

UM JARÐHITA

1. *Heitar lindir og gufuhverir.*

Talið er, að heitar lindir og gufusvæði séu á um 250 stöðum á landinu. Oft eru heitar lindir margar saman í þyrpingu og eru þá hér taldar á sama stað. Gufuhverir eru oft einnig nokkuð jafnt dreifðir á allstórt landssvæði og er það talið eitt gufusvæði. Þessi skipting á staði eða svæði er að sjálfsögðu mjög teygjanleg, en enn þá óákveðnara er þó að tala um tölu hvera og lauga, því að oft er erfitt að skera úr um, hvort um er að ræða einn eða fleiri.

Heitu lindirnar eru aðallega á láglendi, og liggja staðirnir mest undir 100 m hæðarlínunni. Gufusvæðin liggja yfirleitt hærra og stundum hátt til fjalla. Þau liggja öll á svæðinu frá Reykjanestá norður að Þeistareykjum og austur í Kverkfjöll og eru þá innan hins svokallaða móbergssvæðis jarðfræðilega.

Jarðhitanum er mjög misdreift um landið. Á Austurlandi er hann óþekktur nema lítillega í Selárdal og í Laugarvalladal. Í byggð í Skaftafellssýslum er hann aðeins lítillega í Jökulfelli í Öræfum. Sjóðandi hverir eru aftur á móti í Reykjahverfi í S.-Þingeyjarsýslu. Helztir eru Yztihver, Uxahver og Syðstihver. Úr þeim koma alls um 60 l/sek. En vestar, allt til Hrútafjarðar, er hvergi sjóðandi hver, en hins vegar mikið af hverum og laugum með allt að 60° hita. Á einstaka stað er hærri hiti, svo sem að Reykjum í Hrútafirði, 94°, og að Reykjahóli í Skagafirði (Varmahlíð) um 90°. Mest vatnsmagn er á Reykjum í Skagafirði, eða um 30 l/sek., hiti 60—70° C.

Á Vestfjörðum er jarðhiti víða með ströndum fram, en lindirnar eru yfirleitt ekki heitari en 50—60°. Aðeins á Reykhólum á Barðaströnd er suðuhiti og vatnsmagn þar um 25 l/sek. Á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp er hitinn mest 94°.

Á Snæfellsnesi er eingöngu um ylvolgar eða kaldar ölkeldur að ræða. En í Borgarfirði og í nánd Reykjavíkur eru mestu heitar lindir á landinu.

Í Borgarfirði er jarðhitinn ýmist í dölunum eða rétt framan við Borgarfjarðarmúla og langsamlega mestur við mynni Reykholtsdals. Þar er fyrst að geta Deildartunguhversins, sem er langsamlega vatnsmesti hver landsins. Flytur hann 250 l/sek. af sjóðandi vatni. Gegnt honum við Reykjadalsána er svæðið á Kleppjárnsreykjum með 100 l/sek. af sjóðandi vatni. Átta önnur jarðhitasvæði með 4—5 l/sek. af sjóðandi vatni hvert að meðaltali eru í Reykholtsdalnum og framan við mynni hans. Af öðrum stöðum er helzt að geta Brautartungu í Lundarreykjadal með um 10 l/sek. af 96° heitu vatni.

Í nágrenni Reykjavíkur eru fyrst Suður- og Norður-Reykir í Mosfellssveit, sem eftir miklar boranir gefa nú um 350 l/sek., er hitaveita Reykjavíkur hagnýtir. Laugarnar á Laugarnesi eru með 15 l/sek. af 88° heitu vatni.

Í Árnessýslu eru helztir Syðri-Reykir í Biskupstungum með um 40 l/sek. af sjóðandi vatni og Laugarás með um 70 l/sek. af sjóðandi vatni, Gröf í Hreppum með 20 l/sek. af sjóðandi vatni og Geysissvæðið með 20 l/sek. Á Hveravöllum eru 7.5 l/sek. af sjóðandi vatni. Í Rangárvallasýslu er lítið um jarðhita.

Gufusvæði landsins eru venjulega talin 12 og eru þessi:

1. Reykjanessvæðið við Reykjanesvita er eitt af þeim minni. Þar eru bæði gufu- og leirhverir, en enn fremur goshver með söltu vatni.

2. Krýsuvíkursvæðið er allstórt og liggur á Sveifluhálsi og í nánd hans, en þó einkanlega að austan, sunnan Kleifarvatns. Í Krýsuvík eru taldir vera góðir gufuvinnslumöguleikar, enda hefur nokkuð verið borað þar.

3. Trölladyngjusvæðið er lítið gufusvæði við rætur Trölladyngju á Reykjanesskaga. Þar kemur gufa upp um nokkrar sprungur.

4. Hengilssvæðið er eitt af stærstu jarðhitasvæðum landsins. Því tilheyrir jarðhitinn í nánd Hveragerðis, jarðhitinn í Hveradölum, á Nesjavöllum og í Hengladölum. Búizt er við, að þar muni unnt að vinna mikla gufu með borunum í nánd Hveragerðis.

5. Kerlingarfjallasvæðið liggur hátt til fjalla og hefur allmikla gufuhveri og gufuaugu í þröngum og ógreiðfærum dölum.

6. Torfajökulssvæðið er alstærsta svæði landsins, en á því eru alldreifðir, en mjög öflugir gufuhverir. Þetta svæði liggur einnig hátt, en er greiðfært og ekki jökli hulið, eins og nafnið kann að benda til.

7. Vonarskarðssvæðið er fremur lítið og liggur mjög hátt til fjalla.

8. Kverkfjallasvæðið er í norðurrönd Vatnajökuls og liggur hæst yfir sjó þeirra svæða, sem hér eru nefnd.

9. Öskjusvæðið við Öskjuvatn mun vera lítið og hefur lítt verið rannsakað.

10. Námafjallssvæðið er eitthvert öflugasta gufusvæði landsins, en er lítið að flatarmáli. Þar eru miklir leir- og gufuhverir.

11. Kröflusvæðið er fremur lítið og er til fjalla norður af Námafjalli.

12. Þeistareykjasvæðið er nyrzta gufusvæði landsins. Þar ættu að vera góðir möguleikar til gufuvinnslu.

Nokkrar nánari upplýsingar um þessi svæði er að finna í töflu I, sem sýnir m. a. áætlað varmamagn þeirra gufu og vatns, sem stöðugt streymir upp í hverju þeirra. Áætlunin er gerð af Gunnari Böðvarssyni.

Tafla I. Lauslegar áætlanir um stöðugt gufuuppstreymi, varmastreymi, stöðugt afl og orku í varmageymum í hinum 12 gufusvæðum á Íslandi.

Nr.	Staður	Hæð y. s.	Flatarm. km²	Varmastr. 10^6/kcal/klst.	Stöðugt afl MW	Orka í geymum MW-ár
1	Reykjanes	15	1.0	50	6	300
2	Trölladyngja	120	0.5	30	4	150
3	Krýsuvík	150	3.0	75	10	750
4	Hengill	30—600	50	400	40	3 000
5	Kerlingarfjöll	900	5	400	50	1 500
6	Torfajökull	900	100	1 500	150	10 000
7	Vonarskarð	1 000	–	–	–	–
8	Kverkfjöll	1 500	10	–	–	–
9	Askja	1 050	–	–	–	–
10	Námafjall	330	2.5	120	15	750
11	Krafla	450	0.5	30	4	150
12	Þeistareykir	330	2.5	75	10	750
			Samtals	2 680	289	17 350

Vatnsmagn heitra linda á landinu er talið um 1500 l/sek. og meðalhiti vatns þeirra 75°. Miðað við 0° C er varminn, sem þessar lindir bera fram, um 400 Mkg° pr. klst. (ein Mkg° = 10^6 kg°). Samanlagt áætlað varmastreymi í gufusvæðum landsins er hins vegar talið nálægt 2680 Mkg°/klst. Gufa og vatn bera því alls fram $3 \cdot 10^9$ kg°/klst. Varmi sá, sem 1 kg af olíu gefur við fulla nýtingu, er 10000 kg°, svo að jarðhitinn samsvarar 300 tonnum olíu pr. klst. eða 2.6 millj. tonnum olíu á ári.

2. *Orsakir og eðli jarðhita.*

Orsök þess, að heitar lindir koma fram við yfirborðið, er mestmegnis talin vera hitaþensla. Vegna þess, að heitt vatn er léttara en kalt, leitast það við að stíga upp, hafi það skilyrði til þess. Ef rásin er þétt, getur það þannig hafizt upp yfir grunnvatnsborð í nærliggjandi jarðlögum. Leið þess til yfirborðsins kann þó að vera allkrókótt, því að það verður að fylgja sprungum og gljúpum jarðlögum. Hugsanlegt er þó, að meiri hluta þess heita vatns, sem kann að byrja uppstreymi, verði aldrei vart við yfirborðið vegna þess, að það blandist algjörlega efra grunnvatni á leið sinni.

Ísland er mestmegnis byggt upp af hraunlögum, sem hlaðizt hafa hvert ofan á annað á nokkur hundruð milljónum ára. Bergið sjálft er allþétt, en hvert einstakt lag er stundum margsprungið, og á milli þeirra eru einnig oft gljúp lög. Að auki eru svo samfelldar sprungur og brot, sem kunna að ná í gegnum fjölda hraunlaga í senn. Þessar síðarnefndu djúpu sprungur virðast gefa betri skilyrði til uppstreymis eins og við má búast.

Það er vel kunnugt, að þótt heita vatnið komi stundum beint upp, streymir það líka langar leiðir lárétt og þá sennilega helzt eftir gljúpum millilögum eða sprungum. Það er líklegt, að þessi lárétta meginrennslisstefna sé frá miðju landsins og til strandar eða undan halla landsins. Skilyrðin móta svo að sjálfsögðu staðbundna strauma.

Á gufusvæðunum er þessu líkt farið. Hér eru þó hitaþensluáhrifin miklu sterkari, bæði vegna mun heitara vatns og hinnar miklu þenslu sjálfrar gufunnar. Djúpt niðri mun hér um að ræða nokkur hundruð gráðu heitt vatn. Þetta vatn klofnar svo í kaldara vatn og gufu, er það nálgast yfirborðið, og þetta kann svo að lokum að koma fram sitt í hvoru lagi við yfirborðið. Sé þetta í fjalli, sem ekki er óalgengt, stígur gufan upp gegnum sprungur í fjallinu, en vatnið kemur oft fram við rætur þess.

Bæði vatni og gufu fylgir nokkurt gas eða hveraloft. Séu lindirnar innan við 100° C, er hér nær einvörðungu um köfnunarefni að ræða, en í gufunni er mest af kolsýru, brennisteinsvetni og óbundnu vatni. Í lindunum eru nokkrir millilítrar af köfnunarefni pr. lítra, en í gufunni eru nokkrir lítrar af gasi pr. kg af gufu.

Mælingar hafa bent til þess, að hér á landi væri mun styttra niður í háan jarðlagahita en annars staðar gerist, þar sem ekki er hinn svokallaði jarðhiti. Í 1000—1200 metra dýpi má hér á landi yfirleitt búast við hitastigi, sem ekki er lægra en 100°. Í löndum, sem ekki hafa jarðhita, fæst yfirleitt ekki slíkt hitastig fyrr en í 2500—3500 m dýpi. Þessi hái hiti er talinn vera höfuðástæða hins dreifða jarðhita hér á landi.

Gunnar Böðvarsson, yfirverkfræðingur, hefur nýskeð skýrt frá þessum mælingum, og telur hann, að þessi hái jarðlagahiti hér stafi frá margendurteknum gosum í milljónir ára. Hvert gos skilji eftir mikið efni neðanjarðar, sem síðan hiti út frá sér. Við dreifð gos og mörg á löngum tíma valdi þetta svo alhliða hitun á grunnberginu fram yfir það, sem annars yrði.

Þetta þýðir þá raunverulega það, að 100° heitt vatn, sem kemur fram sem hver við yfirborðið, er oftast komið úr ríflega 1000 metra dýpi. Það er í rauninni grunnvatn og er ekki frábrugðið öðru vatni, sem þar er á stóru svæði kringum upptökin.

Gufusvæðin munu þó án efa hafa nokkra sérstöðu að því leyti, að í þeim og á stóru svæði í nánd þeirra mun enn þá styttra niður á háan hita, jafnvel þótt ekki sé tekið tillit til þeirrar hitunar, sem beinlínis á sér stað vegna uppstreymis vatns og gufu. Ef til vill er þó hér aðeins um að ræða enn meiri og staðbundnari hitun frá gosefnum en almennt hefur orðið annars staðar á landinu.

3. *Jarðboranir vegna heits vatns og gufu.*

Fyrstu boranir eftir heitu vatni munu hafa hafizt við Laugarnar í Reykjavík árið 1928. Þessar boranir voru undir stjórn Steingríms Jónssonar, rafmagnsstjóra, og dr. Þorkels Þorkelssonar. Tókst að auka vatnsrennslið úr 10 l/sek. upp í 15

l/sek. Nokkru seinna hófust svo boranir á Reykjum í Mosfellssveit, þar sem vatnsrennslið var upphaflega um 100 l/sek. Þar var borað samfleytt þangað til 1947, og var þá rennslið komið upp í 300 l/sek.

Fyrstu gufuboranir munu hafa farið fram árið 1943 og voru gerðar á vegum Rannsóknaráðs ríkisins. Borað var við Hveragerði undir stjórn Steinþórs Sigurðssonar.

Árið 1945 var stofnað til Jarðborana ríkisins hjá raforkumálastjóra, og tóku þær við starfsemi Rannsóknaráðs á þessu sviði, auk þess sem þær önnuðust boranir á kostnað þeirra, sem borana óskuðu. Síðan hefur verið borað víðs vegar um landið, bæði fyrir heitu vatni og köldu og fyrir gufu. Þessar boranir hafa þegar gefið allvíðtæka þekkingu á jarðhitanum, auk hins beina hagnýta árangurs.

Dýpt borhola hefur verið mjög mismunandi eftir aðstæðum, sem vænta má. Yfirleitt hafa einstaklingar t. d. ekki látið bora dýpri holur en 100 metra, en sumar hitaveitur láta bora mun dýpri holur, t. d. munu borholur hitaveitu Reykjavíkur vera 100 til ríflega 700 metra djúpar.

Þær boranir, sem enn þá hafa verið gerðar hér á landi með hagnýtingu varma fyrir augum, eru allar í beinu sambandi við straum vatns eða gufu til yfirborðsins. Hins vegar mun vel hugsanlegt, að með mun dýpri og þá sennilega einnig víðari holum en enn þá hafa verið gerðar muni reynast unnt að afla heits vatns sums staðar þar, sem engin merki jarðhita eru á yfirborðinu. Slíkar boranir yrðu að jafnaði að vera töluvert yfir 1000 metra til að ná 100° heitu vatni. Rannsóknir munu án efa innan skamms leiða í ljós, hvort slíkar boranir svara kostnaði.

Tilgangur borana í sambandi við straum heits vatns er hins vegar fyrst og fremst að safna saman hinu verðmæta vatni, svo að það dreifist ekki til skaða í efri jarðlögum. Slík dreifing getur valdið kólnun, blöndun við kalt yfirborðsvatn og beinum töpum á hinu heita vatni.

Önnur veigamesta ástæðan er, að boranir gera jarðhitann nýtanlegri vegna þess, að þá liggur beint við að safna vatninu eða gufunni saman í leiðslur. Að þessu leyti má kveða svo fast að orði um gufusvæðin, að hagnýting að nokkru ráði sé útilokuð án borana.

Í þriðja lagi geta boranir innan við 1000 metra stundum unnið nokkurn varma úr gljúpum jarðlögum. Gufusvæðin t. d. hitna mjög mikið allt til yfirborðsins vegna gufustraumsins upp gegnum þau. Berg, gljúp lög og sprungur eru þarna full af vatni, sem venjulega er yfir 100° C. Sé þrýstingur á þessu vatni minnkaður með borunum, getur það gufað upp, og vinnst við það nokkur varmi úr berginu. Hefur þessu verið líkt við varmageymi og er hann að sjálfsögðu tæmanlegur. Það er heldur ekki útilokað, að tæmanlegir geymar séu fyrir hendi á stórum vatnssvæðum og þá einkanlega ef heita vatnið rennur lárétt í gljúpum lögum.

Á gufusvæðunum er vinnsla varma bergsins talin allmikilvæg. Þannig er vel hugsanlegt að tvöfalda gufustreymi sumra gufusvæðanna til yfirborðsins í að minnsta kosti 50 ár, sé mögulegt að tæma að nokkru þessa varmageyma.

Jarðboranir eru yfirleitt allkostnaðarsamar og árangur af hverri einstakri borholu er mjög óviss, þrátt fyrir að leitazt sé við að rannsaka staðhætti eftir megni, áður en borun hefst. Þó mun heildarárangur borana hér á landi fyrir heitu vatni mega teljast mjög góður. Boranir fyrir mikilli gufu verða enn þá að teljast á rannsóknastigi. Er nú verið að undirbúa kaup á jarðbor, sem búizt er við að beri þar tilætlaðan árangur. Það er mikils um vert, því að gufusvæðin eru mörgum sinnum orkumeiri en vatnssvæðin.

4. *Hagnýting jarðhita. Núverandi notkun.*

Sem kunnugt er, hefur jarðhiti nú þegar verið mikið notaður hér á landi til hibýlahitunar, gróðurhúsahitunar, við sundlaugar og lítils háttar til iðnaðar. Nú mun 25% þjóðarinnar búa í húsum, sem njóta jarðhita, og gróðurhúsin eru talin þekja um 70 hektara lands. Áætlað er nú, að alls muni þessi notkun nema um 600 l/sek. af vatni með 85° meðalhita.

Hitaveiturnar nota að sjálfsögðu langmestan hluta þessa vatns. Tafla II um hitaveitur er tekin saman af Þorbirni Karlssyni, verkfræðingi.

Tafla II. Hitaveitur á Íslandi 1956.

Nr.	Hitasvæði	Hitaveita	Leiðslur km	Vatnsm. l/sek.	Hiti °C	Íbúafjöldi
1	Rauðará	Reykjavík	–	4	91	
2	Laugarnar	—	–	15	87	um 35 000
3	Reykir, Mosfellssveit	—	16	350	87	
4	Þorleifskot, Flóa ...	Selfoss	2	20—25	90	— 1 000
5	Skeggjabrekkudalur .	Ólafsfjörður	3	25	49	— 900
6	Áshildarholtsvatn ...	Sauðárkrókur	2.3	19	67	— 1 000
7	Hveragerði	Hveragerði	–	gufa		

Gera má ráð fyrir, að árlegur eldsneytissparnaður vegna notkunar jarðhita í þeim hitaveitum, sem nú eru starfandi, sé alls um 40000 lestir af gas- og ketilolíu árlega. Verðmæti þessa magns er um 30 millj. kr.

Þessi not, sem nú eru af jarðhita, eru þó fremur lítil miðuð við það, sem áætluð jarðhitaorka landsins gefur fyrirheit um.

Framtíðarnot jarðhitans.

Notkun jarðhita í hitaveitum til híbýlahitunar mun án efa aukast mjög frá því, sem nú er.

Orkunotkun til húsahitunar hér á landi er nú talin vera um 760×10^9 kg° á ári, sem skiptist þannig:

Aðflutt eldsneyti (olía, kol) ..	450×10^9 kg° á ári
Rafmagn	60×10^9 — —
Jarðhiti	250×10^9 — —
Samtals	760×10^9 kg° á ári

Áætlað hefur verið, að eftir 25 ár eða árið 1980 verði orkuþörf þjóðarinnar til húshitunar um 1300×10^9 kg° á ári. Ef þessari aukningu ætti að fullnægja með auknum innflutningi eldsneytis eingöngu, þyrfti hann meir en að tvöfaldast frá því, sem nú er. Stefnt mun verða að því að forðast þetta og láta innlenda orkugjafa koma í stað innfluttra. Virðist auðsætt, að notkun jarðhitans til húsahitunar muni verða drýgst í þessu efni. Lausleg áætlun hefur verið gerð um þetta, og byggist hún á líkum um það, að á Suðvesturlandi muni framvegis búa 75—80% þjóðarinnar og að hitaveituskilyrði verði nýtt þar til fulls. Samkvæmt þeirri áætlun gæti orkunotkun þjóðarinnar til húsahitunar árið 1980 orðið á þessa leið:

Aðflutt eldsneyti	300×10^9 kg° á ári
Rafmagn	140×10^9 — —
Jarðhiti	860×10^9 — —
Samtals	1300×10^9 kg° á ári

Samkvæmt þessari áætlun yrði 3.3% af jarðhita landsins tekinn í notkun til húsahitunar árið 1980.

Nú þegar hefur verið rætt nokkuð um heildarhitaveitu fyrir Reykjavík og ef til vill Hafnarfjörð. Önnur bæjarfélög víðs vegar um landið munu að líkindum einnig hugsa til hreyfings á þessu sviði, eftir því sem þekkingarþróun þessara mála gefur tilefni til.

Notkun jarðgufu *til raforkuvinnslu* er tæknilega möguleg, en hún mun þó harla lítilvirk í samanburði við vatnsafl landsins. Talið er, að þótt öll tæknilega virkjanleg jarðgufa væri tekin fyrir, mundi hún samt ekki framleiða nema 1/20 hluta þeirrar orku, sem fallvötnin geta gefið. Ástæðan er ekki sú, að gufan sé *lítil*, heldur hitt, að nýting hennar til rafmagnsframleiðslu er lág. Í rauninni fæst verðgildi hennar bezt fram, sé hún notuð beint sem hitaorka.

Framleiðslukostnaður rafmagns með gufuorku og vatnsafli er ekki ólíkur. Hins vegar er fremur talið, að meðan nægilegt sé af vatnsafli í landinu, sé m. a. áhættuminna að afla rafmagns á þann hátt, auk þess sem það festir þá ekki gufu, sem mætti nota með betri árangri til annars.

Not jarðhita við *gróðurhúsarækt*un *og fleira* af því, sem þegar hefur verið lagður grundvöllur að, svo sem sundlaugahitun, notkun til heilsubóta o. fl., munu án efa eiga eftir að aukast að mun. En það er ósennilegt, að hér sé um að ræða notkun á mjög stórfelldu magni jarðhitans. Sú veigamesta notkun jarðhita, sem enn þá hefur verið athuguð hér á landi, er í sambandi við iðnað, sem kynni að geta byggzt að miklu eða öllu leyti á ódýrari hitaorku.

Hagnýting jarðhita til iðnaðar

hefur verið hér til athugunar nokkur undanfarin ár. Aðaláherzlan hefur verið lögð á athugun iðngreina, sem byggjast að verulegu leyti á notkun ódýrrar hitaorku og mundu í flestum tilfellum ekki koma til greina hér á landi nema vegna jarðhitans. Þessi fyrirtæki verða að vera staðsett við eða á jarðhitasvæðunum sjálfum, því að annars verður orkan of dýr. Helztu greina á þessu sviði verður nánar getið hér að aftan. Það verkefni bíður þó að miklu leyti enn þá að rannsaka, hve mikið er hægt að hagnýta dýrari aðflutta jarðhitaorku í iðnfyrirtækjum, sem þegar eru starfandi og hafa verið byggð án tillits til jarðhita eða munu verða byggð þannig, að eins mætti nota annan orkugjafa. Dreifing jarðhitaorku á þennan hátt kynni að geta sparað allmikið innflutt brennsluefni í vinnslu sjávarafurða og í ýmsum léttum iðnaði.

Með staðsetningu við gufusvæði fyrir augum hefur verið unnið að undirbúningsathugun á *sjóefnaverksmiðju*. Þetta fyrirtæki byggist á því, að jarðhitinn er notaður til uppgufunar á sjó, sem leiddur er til svæðisins, og flest eða öll efni hans eru hagnýtt.

Í sjó er sem kunnugt er mest af venjulegu salti og svo minna magn af magnesíumsöltum og kalsíum-söltum og svo m. a. nokkuð af kalíum- og bróm-söltum. Auk þess inniheldur sjór heldur meira af þungu vatni en venjulegt ferskt vatn. Það er í rauninni mögulegt að vinna öll þessi efni samtímis, en þó mun það ekki vera hagkvæmt nema í mjög stórri verksmiðju. Tafla III sýnir magn þessara einstöku efna miðað við vinnslu 100 000 tonna salts á ári og útfellingu magnesíum með kalki. Í þessari töflu er gert ráð fyrir, að töp einstakra efna í vinnslunni séu jöfn, en þetta kann að reynast nokkuð breytilegt eftir þeim aðferðum, sem völ er á að nota. Í töflunni er enn fremur gert ráð fyrir aðeins 10% föngun þungs vatns úr sjónum.

Tafla III. Efni vinnanleg úr sjó samfara 100 000 tonnum af salti, miðað við kalkfellingu magnesíum-efna.

Salt, tonn/ár	100 000
Magnesíumhydroxid, tonn/ár	11 400
Gips, tonn/ár	(14 000)
Kalíumklóríd, tonn/ár	2 700
Kalsíumklóríd, tonn/ár	12 900
Bróm, tonn/ár	500
Smáefni, tonn/ár	nokkur
Þungt vatn, 10% föngun, tonn/ár	70

Það er ónauðsynlegt að taka fram hér, að sum þessara efna hafa grundvallarþýðingu fyrir bæði núverandi vinnslu og framtíðariðnað þjóðarinnar og önnur eru góð útflutningsvara. Um þungt vatn verður sérstaklega rætt síðar.

Saltþörf atvinnuveganna mun nú nema um 50 000 tonnum á ári, svo að þessar tölur hér voru miðaðar við nokkurn útflutning á salti eða mikil not þess í efnaiðnaði, svo sem klórframleiðslu. Gipsið og magnesíumhydroxidið mætti væntanlega nota með góðum árangri í byggingariðnaðinum eða fá það síðara einnig til smá-magnesíumvinnslu. Kalíumklóríd og smáefnin mætti nota í áburðarblöndu og til annarra augljósra þarfa. Kalsíumklóríd er gott rykbindingarefni fyrir götur, flugvelli og vegi.

Það er þó ekki sennilegt, að þótt í verði ráðizt hliðstætt fyrirtæki þessu, að það verði í byrjun svona stórt né að það framleiði öll efnin, sem um getur. Það kynni að þykja ráðlegt að byggja fyrst verksmiðju, sem miðaðist við 40 000 tonn salts á ári, og færa síðan út starfssviðið síðar.

Þungt vatn er að sjálfsögðu hægt að vinna hér á landi alls kostar óháð slíkri sjóefnaverksmiðju, sem hér var getið, en náin staðarleg tengsl þessara tveggja fyrirtækja gætu reynzt hagkvæm, því að framleiðslukostnaður þungs vatns er í öfugu hlutfalli við magn þess í upphaflega vatninu. Innihald fersks vatns af þungu vatni er ekki mjög mismunandi, en sjór hefur nokkrum hundraðshlutum hærra magn. Nú kann að reynast útilokað að vinna þungt vatn beint úr sjó, sökum hinna miklu salta í honum, en við umrædda sjóefnavinnslu kemur vatnið fram hreint eftir uppgufunina. Sé öllu vatninu safnað saman frá uppgufuninni, fæst því vatn með sama þunga vatnsmagni og sjórinn hefur upphaflega. En með því að taka aðeins vissa hluta þéttivatnsins má jafnvel fá enn þá þungavatnsríkara vatn, sem yrði verulega ódýrara í vinnslu.

Vinnsla þungs vatns krefst mikillar hitaorku og einnig töluverðrar raforku. T. d. þarf við eina aðferðina 20 tonn gufu pr. kg af þungu vatni og þar að auki sennilega um 500 kwst. rafmagns. Aðstæður eru því taldar að ýmsu leyti góðar hér til vinnslu þessa efnis. Verksmiðjur þessar þurfa þó að vinna tiltölulega mikið magn til að vera samkeppnishæfar, nema sérstakar ástæður kynnu að hafa þar veruleg áhrif, svo sem ódýr orka og t. d. óvenjulega hátt magn þungs vatns í upprunalega vatninu. Stofnkostnaður verður þó jafnan hár á okkar mælikvarða.

Aluminium-oxid-vinnsla

úr báxítleir (bauxite) er einnig talin geta byggzt hér á jarðgufu. Nothæfur báxítleir er þó ekki í landinu, svo að vitað sé. Til þess að vinna 1 kg aluminiums þarf að jafnaði 2 kg af hreinu aluminium-oxidi og það aftur 4 kg af báxítleir. Vinnsla þessa efnis kemur þó tæplega til greina hér, nema vinnsla aluminiums úr því sem hráefni fari einnig fram að nokkru hér á landi.

Verksmiðjur til vinnslu aluminium-oxids þurfa að vinna nokkur hundruð þús. tonn á ári. Gufan, sem til þessa þarf, er mjög mikil.

Vinnsla kísiljarðar með hjálp jarðgufu kemur einnig til greina. Athugun fer nú fram á því að vinna kísilsalla úr botnleðju Mývatns með gufu frá Námafjalli. Markaður fyrir þessa vöru er auðfundinn allvíða í Evrópu, ef vel tekst til. Við þessa vinnslu er notuð hitaorka gufunnar, en jafnframt er búizt við, að úr gufunni á Námafjalli megi vinna allverulegt magn *brennisteins*.

Hraðþurrkun á heyi með jarðhita virðist geta haft nokkra þýðingu. Í þessu skyni verður að rækta land sem næst vatnsmiklum og heitum hverum og þurrka það í afkastamiklum þurrktækjum.

Jarðhiti er talinn hafa mikla þýðingu gagnvart *vinnslu þara*. Þurrkun þarans, sem að öðrum kosti yrði sennilega allörðug hér, getur farið fram við heita hveri, þar sem staðhættir leyfa. Vinnsla efna úr þaranum er einnig vel sett í sambandi við jarðgufu, þó að hún þurfi ekki að fara fram á sama stað og þurrkunin.

Í töflu IV er greint frá magni því, sem athugað hefur verið um að vinna af þessum efnum, hugsanlegum stofnkostnaði fyrirtækjanna og afurðaverði. Tölur þær,

sem hér eru settar fram, mega þó á engan hátt teljast nema til hliðsjónar til að gera sér svolitla grein fyrir fyrirtækjum þessum, því að endanlegar tölur eru að sjálfsögðu ekki fyrir hendi. Þar sem greint er frá mismunandi afköstum, eiga fyrri tölurnar um stofnkostnað og afurðaverð við fyrri tölurnar um afköst, og á sama hátt eiga seinni tölurnar saman.

Athugun hefur farið fram á vinnslu mun fleiri efna, en upptalning á þeim er ekki nauðsynleg hér. Ofangreint nægir til að sýna fram á, að jarðhitinn getur haft mikil áhrif til fjölbreytni í atvinnulífinu og jafnframt í útflutningsafurðum landsins.

Tafla IV. Helztu framleiðslufyrirtæki, sem hugsanlega mætti reisa í sambandi við jarðhita. Tölurnar eru ekki endanlegar og eru því settar hér aðeins til að gefa hugmynd um stærð og hlutföll fyrirtækjanna.

Framleiðslufyrirtæki	Framleidd efni	Framl. tonn/ár	Stofnk. millj. kr.	Afurðaverð millj. kr./ár
1. Sjóefnaverksmiðja ...	Salt; $Mg(OH)_2$; $CaSO_4$; Br_2; $CaCl_2$; smáefni	50—100 000 af salti	40—70	18—38
2. Saltverksmiðja	Aðeins salt	40 000	32	10
3. Þungt vatn	Þungt vatn	50—100	200—400	50—100
4. Aluminiumoxid	Aluminiumoxid	300 000	600	250
5. Leirvinnsla	Kísilsalli	10—40 000	20—50	10—40
6. Brennisteinsverksm. .	Brennisteinn	5—10 000	15—20	7—13
7. Heyþurrkun	Hraðþurrkað hey	2 400	8	3
8. Þaravinnsla	Natriumalginat	300	10	10

Reykjavík, janúar 1957.

Jakob Gíslason. Baldur Líndal.

Heimildarrit.

1. Guðmundur Kjartansson, Sigurður Thoroddsen og Gunnar Böðvarsson, *Islands geologi og udnyttelse af vandkraft og jordvarme*, TVFI — 1952.
2. Svar við fyrirspurn á Alþingi um rannsóknir á jarðhita, marz 1956.
3. Trausti Einarsson, *Jarðhiti*, (óprentað handrit).
4. Gunnar Böðvarsson, *Terresterial heat balance in Iceland*, TVFI, árg. 39, 6, 1955.

Nd. 388. Frumvarp til laga [135. mál]

um breyting á lögum nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Í stað 1.—3. málsgr. ákvæða til bráðabirgða í lögunum komi svofelld ákvæði:

Til ársloka 1962 skal árlega haldið á vegum stýrimannaskólans í Reykjavík, ef nægileg þátttaka fæst, eitt námskeið við stýrimannaskólann og tvö námskeið utan Reykjavíkur til undirbúnings prófi, er nefnist hið minna fiskimannapróf. Próf skal haldið á hverjum stað að námskeiði loknu.

Námskeiðin utan Reykjavíkur skulu haldin til skiptis á Ísafirði, á Akureyri, í Neskaupstað og í Vestmannaeyjum, annað hvert ár á hverjum stað.

Námskeið öll og próf skulu að jafnaði haldin á tímabilinu frá byrjun októbermánaðar til loka janúar. Heimilt er að halda námskeiðin á öðrum tímum árs, en jafnan skulu þau standa yfir minnst 4 mánuði.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um námskeiðin og prófin, að fengnum tillögum skólastjóra stýrimannaskólans og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.

Hver sá, sem lokið hefur prófi samkvæmt 1. málsgr., er 21 árs að aldri og fullnægir skilyrðum c.—e.-liða 6. og 8. gr. laga þessara, á rétt á að öðlast skírteini, er heimili honum að vera skipstjóri eða stýrimaður í innanlandssiglingum á fiskiskipi allt að 120 rúmlestum.

Enginn getur þó fengið stýrimannsskírteini samkvæmt 5. málsgr. bráðabirgðaákvæða þessara, nema hann hafi eftir 15 ára aldur siglt sem háseti á skipi yfir 15 rúmlestir í 30 mánuði eða hafi verið skipstjóri á skipi yfir 6 rúmlestir í 6 mánuði eða stýrimaður á skipi yfir 15 rúmlestir í 12 mánuði. Enginn getur heldur fengið skipstjóraskírteini samkvæmt 5. málsgr. bráðabirgðaákvæða þessara, nema hann hafi siglt sem stýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir í 12 mánuði.

Þeir menn, sem öðlazt hafa skipstjórnarréttindi samkvæmt lögum nr. 104 frá 1936 á skipum allt að 75 rúmlestum og hafa eftir það verið skipstjórar eða stýrimenn á skipum yfir 30 rúmlestir í 5 ár, er lög þessi öðlast gildi, skulu öðlast rétt til að vera skipstjórar eða stýrimenn í innanlandssiglingum á skipum allt að 120 rúmlestum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 389. Nefndarálit [109. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. Meiri hl. nefndarinnar (PP, GJóh, GíslG) leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Í frv. er kveðið á um það, að ef varaþingmaður, sem kjörinn var hlutbundinni kosningu, segir af sér, missir kjörgengi eða fellur frá, taki sá varamannssæti, sem næstur var á lista og ekki var áður varamaður. Er það í samræmi við úrskurð, er Alþingi hefur þegar fellt í slíku máli.

Í 31. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um tölu þingmanna, sem kjörnir eru hlutbundinni kosningu í kjördæmum. Þar er einnig svo fyrir mælt, að jafnmargir varamenn skuli kosnir samtímis og á sama hátt. Það er eðlilegur skilningur á þessu ákvæði stjórnarskrárinnar, að jafnmargir varamenn skuli kosnir samtímis og á sama hátt, að í því felist það eitt, að varamenn skuli kjörnir í sömu kosningu og að ekki skuli samtímis vera fleiri varamenn en aðalmenn. Er byggt á þeim skilningi í niðurlagi 117. gr. kosningalaganna.

Í 31. gr. stjórnarskrárinnar segir, að deyi þingmaður, kosinn í einmenningskjördæmi, eða fari frá á kjörtímanum, þá skuli kjósa þingmann í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtímans. Í stjórnarskránni eru hins vegar engin bein fyrirmæli um það, hversu að skuli fara, ef aðalmaður og varamaður í kjördæmi, þar sem kosið er hlutbundnum kosningum, eða landskjörinn þingmaður og varamaður hans falla frá á kjörtímabilinu, missa kjörgengi eða segja af sér. Þessi þögn stjórnarskrárinnar byggist á því, að hún gerir ráð fyrir, að í þessum tilvikum séu varamenn fyrir hendi. Bein stjórnarskrárákvæði skortir samt sem áður, þegar svo vill til sem áður segir, að aðalmaður og varamaður falla báðir frá, segja af sér eða missa

kjörgengi. Næst virðist liggja að draga þá ályktun af orðum stjórnarskrárinnar um uppkosningu í einmenningskjördæmum, að til uppkosningar eigi ekki að koma í kjördæmum, sem kosið er í hlutbundnum kosningum, né þegar um er að ræða landskjörna þingmenn. Lögjöfnun frá ákvæðinu um þingmenn í einmenningskjördæmum virðist útilokuð, enda er auðsætt, að uppkosning er útilokuð, þegar um er að tefla jöfnunarþingsæti, og hlutbundin kosning getur ekki farið fram, nema kosið sé algerlega upp í kjördæminu, sbr. 2. mgr. 143. gr. kosningalaganna. Ef þar ætti aðeins að fara fram uppkosning á einum manni, þá yrði það hrein meirihlutakosning, en það mundi stangast á við ákvæði bæði stjórnarskrár og kosningalaga. Fráleitt virðist, að kjördæmi eigi að vera án þingmanns eða þingflokkur eigi að missa þingmann, ef um uppbótarþingmann er að ræða. Ef játa ætti þeim skilningi, þá mundi það rekast á ákvæði stjórnarskrár og kosningalaga.

Þegar til þessa er litið, er ljóst, að eðlilegast er að skilja 31. gr. stjórnarskrárinnar á þá lund, sem gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi, að næsti maður á lista verði varaþingmaður, ef sá maður, sem í öndverðu fékk kjörbréf sem varamaður, er orðinn þingmaður eða hann er dáinn, hefur sagt af sér eða hefur misst kjörgengi.

Samt sem áður verður að játa, að orð sjálfrar stjórnarskrárinnar um þetta efni eru ekki fullskýr. Þau þarfnast skýringar. Þau ber þess vegna að skýra í kosningalögum, sbr. 3. mgr. 33. gr. stjórnarskrárinnar. Almenni löggjafinn hefur allmikið svigrúm við skýringu þessa stjórnarskrárákvæðis, því að engin bending finnst um það í greinargerð, nefndarálitum né umræðum, hvernig það beri að skilja. Vitnað hefur verið til fordæmis frá 1926 því til sönnunar, að leið sú, sem ráðgerð er í frumvarpi þessu, sé óheimil og að kjósa verði upp, þegar svo verður ástatt. En á fordæminu frá 1926 er alls ekkert byggjandi í þessu sambandi, því að þá voru í gildi allt önnur kosningalög. Er óumdeilt, að þau kosningalög gerðu ráð fyrir kosningu í þeim tilvikum, sem um ræðir í frumvarpinu, sbr. 76. gr. l. nr. 28/1915. Hins vegar er það byggt á misskilningi, að skylt hafi verið samkvæmt þágildandi stjórnarskrá að lögbjóða þá aðferð. Almenni löggjafinn hefði allt eins getað valið þá leið, sem eðlilegri var og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Eftir að kosningalögunum var verulega breytt 1933 og ný skipan að ýmsu leyti upp tekin, er augljóst, að fordæmið frá 1926 er gagnslaust.

Með kosningalögunum nr. 18/1934 er ótvírætt sá háttur upp tekinn, að varaþingmennska geti færzt yfir á annan mann en þann, sem upphaflega var kjörinn varamaður. Fyrir því er ótvíræð heimild í 3. mgr. 117. gr. laganna, en þar segir svo: „Nú hreppir varaþingmaður af lista í Reykjavík uppbótarþingsæti, og skal yfirkjörstjórnin í Reykjavík þá koma saman að nýju og gefa næsta frambjóðanda á þeim lista, ef til er, kjörbréf sem varaþingmanni.“

Þetta ákvæði var tekið inn í lögin samkvæmt tillögu stjórnarskrárnefndar efri deildar. Framsögumanni nefndarinnar, Jóni Þorlákssyni, fórust orð á þessa lund um þessa breytingartillögu: „Þá er 24. brtt. við 120. gr. Hún er um það, að ef varamaður af lista í Rvík hreppir uppbótarþingsæti, hversu þá skuli fara að. Þetta vantar nú í frv. N. stingur upp á, að þegar þetta kemur fyrir, skuli yfirkjörstjórn Rvíkur koma saman aftur og gefa næsta manni af listanum kjörbréf sem varaþingmanni, svo að eftir sem áður séu jafnmargir varamenn á listanum og þeir, sem kosnir voru, en sá sem uppbótarsætið hlaut, gengur frá, en fær sitt jöfnunarþingsæti, en í hans stað kemur varamaður annars staðar af landlistanum eftir þeim reglum, sem þar um gilda.“

Tillaga þessi var samþykkt, og andæfði henni enginn. Enginn hreyfði því, að þessi háttur væri andstæður stjórnarskránni. En úr því að þetta er heimilt, er auðsætt, að eins hlýtur að vera heimilt að taka málið upp að nýju og gefa út nýtt kjörbréf, ef t. d. varamaður hefur andazt, misst kjörgengi eða sagt af sér.

3. mgr. 117. gr. kosningalaganna er enn óbreytt að öðru en því, að nú er almennt talað um varamenn í kjördæmum, þar sem kosið er hlutbundnum kosningum, í stað þess að áður var talað um Reykjavíkurvaraþingmenn eina.

Með hliðsjón af þessu ákvæði verður að telja löggjafanum fullheimilt að setja þau ákvæði, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, enda eru hinar leiðirnar — kosning eða þingmannsvöntun — svo óeðlilegar og verða auk þess ekki samþýddar öðrum ákvæðum stjórnarskrár og kosningalaga, að þær verða ekki farnar, nema um það væri skýrt stjórnarskrárákvæði.

Alþingi hefur nýlega samþykkt ályktun þess efnis, að það teldi rétt, að gefið væri út kjörbréf til handa Eggert Þorsteinssyni sem varaþingmanni af lista Alþýðuflokksins í Reykjavík, en svo stóð á, að þingmaður flokksins þar var forfallaður, en annar maður af listanum orðinn uppbótarþingmaður og þriðji maður af listanum hafði afsalað sér rétti til varaþingsætis. En Eggert Þorsteinsson skipaði fjórða sæti á framboðslista Alþýðuflokksins í Reykjavík við síðustu alþingiskosningar, svo sem kunnugt er. Yfirkjörstjórn Reykjavíkur gaf samkvæmt því út kjörbréf til handa Eggert Þorsteinssyni. Var það kjörbréf síðan samþykkt af Alþingi, og hefur Eggert Þorsteinsson tekið sæti hér á Alþingi samkvæmt því.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, felur í sér staðfestingu á þeim skilningi Alþingis, sem birtist í afgreiðslu þess kjörbréfamáls, er áður var nefnt. Alþingi hefur því þegar í reyndinni lýst þeim skilningi sínum, að reglur þær um varaþingmenn, sem ætlað er að lögfesta með frumvarpi þessu, séu samþýðanlegar stjórnarskránni.

Um það virðast í sjálfu sér ekki skiptar skoðanir, að sú lausn, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, sé eðlileg og sanngjörn. A. m. k. hefur því ekki verið mótmælt á Alþingi.

Þar sem efnisreglur frumvarpsins eru eðlilegar og sanngjarnar og eru samþýðanlegar stjórnarskrá, þykir meiri hl. nefndarinnar rétt að mæla með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 30. marz 1957.

Pétur Pétursson, form.	Gísli Guðmundsson, fundaskr., frsm.	Gunnar Jóhannsson.

Ed. 390. Frumvarp til laga [146. mál]

um heilsugæzlu í skólum.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1957.)

1. gr.

Rækja skal heilsugæzlu í öllum skólum landsins samkvæmt reglum, er menntamálaráðherra setur með ráði heilbrigðisstjórnar.

2. gr.

Framkvæmd heilsugæzlu í skólum er í höndum heilbrigðisstjórnar.

3. gr.

Sérfróður læknir, skólayfirlæknir landsins, skipaður af heilbrigðismálaráðherra, hefur yfirumsjón með heilsugæzlu í skólum landsins og eftirlit með íþróttastarfsemi og heilbrigði íþróttamanna.

Skólayfirlæknir tekur laun úr ríkissjóði samkvæmt launalögum, og annar kostnaður við skólayfirlæknisembættið greiðist einnig úr ríkissjóði.

4. gr.

Við alla skóla landsins skulu vera starfandi skólalæknar. Skólalækningar eru aukastarf læknis, nema sérstaklega sé um annað samið.

5. gr.

Þar sem völ er á og þegar til þess hefur verið veitt fé, skal heimilt að ráða að skóla skólahjúkrunarkonu og skólatannlækni til að gegna hvort heldur sem er fullu starfi eða hluta af starfi.

6. gr.

Þar sem starfandi eru heilsuverndarstöðvar, annast þær, undir umsjón skólayfirlæknis, heilsugæzlu í skólum, sbr. heilsuverndarlög, nr. 44 18. maí 1955.

Þar sem ekki eru starfandi heilsuverndarstöðvar, gegna héraðslæknar, undir umsjón skólayfirlæknis, skólalæknisstörfum við alla skóla í héraði sínu. Þó er heilbrigðisstjórn heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði þar, sem nemendafjöldi er að mati hennar meiri en svo, að héraðslækni teljist kleift að annast allt eftirlitið.

7. gr.

Heilsugæzla skal nemendum og forráðamönnum þeirra að kostnaðarlausu í öllum skólum, sem reknir eru af ríki eða sveitarfélögum eða styrks njóta af almanna fé. Kostnaður við hana telst hluti af rekstrarkostnaði hvers skóla og skiptist milli greiðsluaðila í skólum, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, eftir reglum, er fræðslumálastjórn setur hverju sinni, sbr. lög um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, nr. 41 17. maí 1955.

8. gr.

Öllum nemendum og starfsliði skóla er skylt að gangast undir berklaskoðun, eftir því sem fyrir er mælt í lögum og reglum um berklavarnir hverju sinni, og undir skólaskoðun, eftir því sem fyrir er mælt í reglugerð þar að lútandi.

9. gr.

Í reglugerð skal ákveðið um starfssvið og skyldur skólayfirlæknis, ráðningu, starfssvið og skyldur skólalækna, skólahjúkrunarkvenna og skólatannlækna, um þátt skólastjóra og kennara í heilsugæzlustarfi skóla, um tilhögun á skólaeftirliti heilsuverndarstöðva, um framkvæmd skólaskoðunar, um heilsuseðla og önnur eyðublöð, um börn, sem byrja skólagöngu fyrr en lög mæla fyrir, um heilbrigðisfræðslu í skólum, um heimild nemenda til að stunda íþróttir utan skólans og til að taka þátt í íþróttakeppni, um undanþágu frá námi og um fjarvistarvottorð.

10. gr.

Háskóli Íslands er undanþeginn lögum þessum.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað. Með þeim er úr gildi numinn XI. kafli laga um fræðslu barna, nr. 34 29. apríl 1946.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fyrstu fyrirmæli um heilsugæzlu í skólum hér á landi eru gefin út 6. sept. 1916 í Bréfi stjórnarráðsins til fræðslumálastjórans viðvíkjandi eftirliti héraðslækna með barna- og unglingaskólum, og hinn 7. sama mánaðar birtir landlæknir auglýsingu um þetta í Lögbirtingablaði. Í bréfinu er mælt svo fyrir, að allir barna- og unglingaskólar skuli háðir eftirliti hlutaðeigandi héraðslæknis. Er læknum falið að líta eftir því, að húsakynni séu þannig úr garði gerð, að heilsu nemenda sé ekki hætta búin af veru þar, að kennarar gangi ekki með smitandi sjúkdóma, og að börn og unglingar, sem ganga með smitandi sjúkdóma, séu ekki tekin í skóla.

Árið 1921 er birt í Lögbirtingablaði auglýsing landlæknis til héraðslækna um skólaeftirlit. Er þar vakin athygli á, að skólaskoðun skuli framkvæmd í byrjun

skólaárs, að bætt skuli úr kvillum barnanna eftir föngum, að skólahúsnæði skuli endurbætt, ef þess gerist þörf, og að gera skuli grein fyrir skólaskoðun í ársskýrslum.

Í Heilbrigðisskýrslum 1926 eru birtar, í samráði við landlækni, nokkrar leiðbeiningar um skólaeftirlit eftir Guðmund Hannesson. Er þar á skilmerkilegan hátt fjallað um, hvernig haga eigi skólaskoðun, svo og í hverju skólaeftirlit þurfi að vera fólgið að öðru leyti.

Í berklavarnarlögum (nr. 66 30. des. 1939) er m. a. tekið fram, að enginn, sem hafi smitandi berklaveiki, megi fást við kennslustörf, og að engan nemanda með smitandi berklaveiki megi taka til kennslu.

Árið 1944 eru gefnar út reglur um undanþágu skólanemenda frá að stunda nám eða taka þátt í námi einstakra greina, og eru þær reglur settar samkvæmt ákvæðum þágildandi fræðslulaga.

Heilbrigðisstjórn hefur alllengi undanfarið gert læknum að nota sérstakt skýrsluform undir niðurstöður skólaskoðunar, og eru í því fólgin tiltekin fyrirmæli, svo langt sem þau ná.

Í lögum um fræðslu barna 1936 (nr. 94 23. júní) segir svo um heilbrigðiseftirlit í skólum: „Lækniseftirlit með heilbrigði skólabarna og kennara og hollustuháttum skólanna skal haga eftir því, sem fræðslumálastjórn ákveður í samráði við yfirstjórn heilbrigðismálanna.“ Og í sömu lögum segir svo um kennslu: „... það (þ. e. barnið) skal vita um helztu atriði, er að hollustuháttum lúta, meðal annars um áhrif heilsuspillandi nautnameðala, t. d. vínanda og tóbaks, og hafa nokkra þekkingu á byggingu og störfum mannlegs líkama.“

Í lögum um fræðslu barna 1946 (nr. 34 29. apríl) segir um heilbrigðiseftirlit í skólum: „Lækniseftirlit með heilbrigði skólabarna og kennara og hollustuháttum skólanna skal haga eftir reglum, er heilbrigðismálastjórn setur í samráði við fræðslumálastjórn. Skal ráðinn sérfróður læknir, skólayfirlæknir landsins, er skipuleggur og hefur yfirumsjón með heilbrigðiseftirliti svo og íþróttastarfsemi. ...“ Og í sömu lögum segir m. a. um hlutverk barnaskóla: „Barnaskólar skulu ... hjálpa þeim (þ. e. nemendum) að öðlast heilbrigð lífsviðhorf og hollar lífsvenjur, vera á verði um líkamshreysti þeirra ...“ Í lögum um gagnfræðanám 1946 (nr. 48 7. maí) er ekki stakt orð um heilbrigðiseftirlit né um kennslu í hollustuháttum.

Á undanförnum árum hafa nokkrir læknar ritað um heilsugæzlu í skólum og nauðsynlegar úrbætur. En að undanteknu því, sem fyrir er mælt í berklavarnarlögum, hafa engin lög verið sett um heilsugæzlu í skólum og því engin reglugerð verið samin um framkvæmd hennar, sbr. og ummæli dr. med. Jóhannesar Björnssonar, skólalæknis við Laugarnesskóla í Reykjavík. Honum farast svo orð í útvarpserindi, birtu í Menntamálum 1955: „Í lögum þessum (þ. e. fræðslulögunum nýju) er gert ráð fyrir, að skipaður verði yfirskólalæknir fyrir allt landið, og fyrsta verk hans sé að semja leiðbeiningar og reglugerð um heilsugæzlu í skólunum. Að öðru leyti er í lögum þessum ekkert fjallað um framkvæmd eftirlitsins. Embætti þetta hefur enn ekki verið skipað og engar leiðbeiningar eða reglugerðir um heilsugæzlu í skólum samdar.“ Hér má taka fram, að skólayfirlæknir var skipaður frá 1. sept. 1956.

Þó að ekki hafi verið um skýrari fyrirmæli að ræða frá opinberri hálfu og vantað hafi aðila til að skipuleggja eftirlitið og stjórna því, hefur það orðið víðtækara og rækilegra, eftir því sem skólaganga hefur orðið almennari og skilningur vaxið á nauðsyn heilsuverndar. Nú eru t. d. skólalæknar starfandi við alla barna- og gagnfræðaskóla Reykjavíkur, hjúkrunarkonur gegna fullu starfi við barnaskóla borgarinnar og tannlæknar hafa verið ráðnir að þeim. Víðast úti um land er eftirlitið í höndum héraðslækna, eins og verið hefur, síðan það hófst. Hjúkrunarkonur eru óvíða starfandi við skóla, og sama máli gegnir um tannlækna.

Eins og skólaeftirlitið er rækt nú, er það að ýmsu leyti gallað, enda hefur það vaxið upp skipulagslítið. Er áhugasömum skólamönnum og skólalæknum þetta vel ljóst. Hér á eftir verður í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins fjallað um æskilega skipan þessarar starfsemi, en helztu veilur í framkvæmd eftirlitsins

eru þessar: Heilsugæzlan er of einskorðuð við barnaskóla, en framhaldsskólum sinnt of lítið. Starf skólalækna er um of takmarkað við rannsókn á nemendum, en of lítið fylgzt með skólavinnu þeirra og aðbúnaði. Óþarflega miklum tíma er varið til endurtekinna rannsókna á heilbrigðum nemendum, en af því leiðir, að of lítið er sinnt nemendum, sem að einhverju leyti eru hjálparþurfi. Samræmi skortir í vinnubrögð skólalækna. Kennarar gefa heilbrigði nemenda allt of lítinn gaum, og samvinna heilbrigðisstarfsliðs og kennara er hvergi nærri svo náin sem vera þyrfti.

Með frumvarpi til laga um heilsugæzlu í skólum eru engar nýjar kvaðir lagðar á ríki og sveitarfélög, með því að eftir sem áður verður það á valdi þessara aðila að ákveða fjárframlög til hennar. Tilgangur þess er að lögfesta meginatriði starfsemi, sem þegar er til, og veita heimild til samræmdari og virkari þjónustu og hagkvæmari notkunar á starfskröftum og fé.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til, að heilsugæzla skuli rækt í öllum skólum landsins. Slík starfsemi er nú talin óaðskiljanlegur þáttur þeirrar þjónustu, sem hverjum skóla beri að veita nemendum sínum og eitt af helztu verkefnum hans. Fyrir nauðsyn hennar má einkum færa eftirfarandi rök:

1. Læknavísindin ráða nú orðið yfir mikilli þekkingu á orsökum, eðli og meðferð sjúkdóma, svo og á gerð og störfum mannlegs líkama, og eykst sú þekking hröðum skrefum. Henni er beitt í sívaxandi mæli til að uppræta orsakir sjúkdóma, gera menn ónæma fyrir smitsjúkdómum og leita byrjandi sjúkdóma með skipulegri rannsókn, en einnig til þess beinlínis að efla hreysti manna og táp, þó að heilbrigðir kallist. Sá skilningur verður æ almennari, að það eitt sé ekki nóg að vera ekki haldinn neinum ótvíræðum sjúkdómi. Til þess að mega teljast fullhraustir verða menn að njóta andlegrar og líkamlegrar vellíðanar og hafa fullt vinnuþrek, en á þessu er mikill misbrestur. Í stefnuskrá Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (The World Health Organization) telst það til grundvallarmannréttinda að njóta eins fullkominnar hreysti og auðið er fram á elliár. Öllum er ljóst, hvílíku böli sjúkdómar valda, og væri það eitt ærin ástæða til að kosta kapps um að uppræta þá. En sjúkdómar kosta líka einstaklinga og þjóðfélag stórfé, og er ekki sambærilegt, hversu miklu er ódýrara að koma í veg fyrir þá en að lækna þá. Nútíma menningarþjóðir leggja því mikla rækt við heilsuvernd, og vex sú starfsemi jafnt og þétt.

2. Nú orðið ræður sá skilningur á hlutverki skóla, að honum beri ekki einungis að skila nemendum sínum óskemmdum af skólavistinni, heldur skuli hann eiga virkan þátt í að efla hreysti þeirra og þrek og skila þeim einnig að því leyti hæfari en ella.

3. Skólar eru vettvangur, þar sem auðvelt er að ná til allra einstaklinga á tilteknum aldri, og almenn heilsuvernd er að kalla óhugsandi án rækilegs heilbrigðiseftirlits í skólum.

4. Orsakir mjög margra sjúkdóma, sem í ljós koma á fullorðinsárum, má rekja til vaxtaráranna. Ungviði eru viðkvæm, meðan þau eru í vexti, og auðvelt er að ofbjóða heilsu þeirra og þreki, ef ekki er verið vel á verði. Þau eru einnig mjög næm fyrir smitsjúkdómum, en sífelld áföll af völdum slíkra sjúkdóma smáslíta líkamanum, svo að hann gengur fyrr úr sér en ella. Á bernsku- og æskuárum er lagður grundvöllur að venjum manna í hugsun og hegðun, en þær verða með nokkrum hætti hluti af mönnum sjálfum, og veitist fulltíða fólki ærið erfitt að breyta þeim, þó að á því kunni að vera fullur vilji. Óhollar venjur eiga ekki lítinn þátt í að brjóta andlegt og líkamlegt þrek manna, þegar til lengdar lætur, og koma afleiðingarnar einkum í ljós eftir fertugs aldur, ýmist í óljósri vanlíðan eða misalvarlegum sjúkdómum. Verður því seint lögð nægilega rík áherzla á að koma börnum og unglingum yfir vaxtarskeiðið andlega og líkamlega hraustum og að kenna og temja þeim hollustusamlegar lífsvenjur og starfsvenjur.

5. Skylduskólaganga er fyrsta kvöð, sem þjóðfélagið gerir til barna sinna.

Hún hefur í för með sér allmiklar breytingar á lífi þeirra, bindur þau innan húss og krefst sívaxandi kyrrvistar, einmitt á þeim árum þegar hreyfiþörf er mikil. Sjálft námið er erfið vinna, þegar fram í sækir, krefst sterkrar einbeitingar og líkamlegs og andlegs þreks. Það getur því haft hættuleg áhrif á þroska og heilsu, ef ekki er gætt hófs í námskröfum, og erfið próf ganga án efa nær heilsu nemenda en margan grunar. Smithætta er og jafnan mikil, þar sem margir eru saman komnir.

Heilsugæzlustarf skóla þarf einkum að vera fólgið í eftirfarandi: 1) eftirliti með berklaveiki og öðrum smitandi sjúkdómum, 2) almennri skólaskoðun, 3) eftirliti með gæzlunemendum og tiltækilegri hjálp þeim til handa, 4) eftirliti með námskröfum, 5) eftirliti með íþróttakennslu, 6) eftirliti með teikningum af nýjum skólahúsum og breytingum á skólahúsnæði, 7) eftirliti með skólahúsgögnum, hreinlæti og aðbúnaði í skóla og á heimili, 8) eftirliti með klæðnaði og líkamshirðingu, 9) tannvernd, 10) fræðslu um hollustuhætti.

1. Eftirlit með berklaveiki og öðrum smitandi sjúkdómum fer eftir sérstökum lögum og reglum, og verður það látið liggja milli hluta hér.

2. Almenn skólaskoðun er skipuleg rannsókn á öllum nemendum með tilteknu millibili. Mjög er misjafnt, hve oft slík skoðun er látin fara fram erlendis. Í Danmörk og Frakklandi eru öll skólabörn skoðuð árlega, og svo hefur það verið hér á landi. Í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi eru þau skoðuð þrisvar á aldrinum 7—14 ára og í Bretlandi þrisvar eða fjórum sinnum á aldrinum 5—15 ára. Skoðun þessi er misnákvæm, en í aðalatriðum þarf hún að vera fólgin í eftirtöldu:

a. Skráð er stutt heilsufarssaga hvers barns, sem byrjar skólagöngu og spurzt fyrir um: 1) arfgenga sjúkdóma í fjölskyldu, 2) húsakynni og aðrar heimilisástæður, 3) samvistir við berklaveika, 4) gang fæðingar og þyngd við fæðingu, 5) afstaðnar farsóttir og aðra sjúkdóma og kvilla, svo og slys og aðgerðir, 6) mataræði og svefn, 7) daglegt hátterni.
b. Skólalæknir á stutt viðtal við hvert barn, sem byrjar skólagöngu, og gerir sér eftir föngum grein fyrir málfæri þess, andlegum þroska og andlegum viðbrögðum.
d. Skólalæknir rannsakar nemendur líkamlega eftir viðurkenndum reglum um venjuskoðun.
e. Tíðkazt hefur að vega og mæla nemendur, a. m. k. í kaupstaðarskólum, jafnvel tvisvar eða þrisvar á ári. Í það fer mikill tími, en ávinningur vafasamur, og mætti draga stórum úr þeirri starfsemi.
f. Niðurstöður viðtals við nemendur og foreldra (venjulega móður), sem helzt þurfa að vera viðstödd skoðun, svo og líkamlegrar rannsóknar, eru jafnóðum skráðar á sérstakt eyðublað, sem nefna má heilsuseðil. Hefur hver nemandi sinn heilsuseðil, er fylgir nemandanum skóla úr skóla.
g. Meðan nemandi er í skóla, eru skráðir sjúkdómar, sem hann fær á þeim tíma, aðgerðir og slys, svo og annað, sem mælt er fyrir um á heilsuseðli.
h. Þegar í hlut eiga börn, sem byrja skólagöngu fyrr en lög mæla fyrir, þarf skólalæknir að skera úr því að sínu leyti, hvort barnið hafi til þess heilsu og þroska. Það er aðeins á færi vel gefinna og heilsuhraustra barna að byrja skólanám fyrir tilskilinn aldur, og þurfa skólalæknar að hamla gegn því, að miður gefnum nemendum sé otað í nám of ungum. Er því lagt til í 9. gr., að ráðherra sé heimilt að setja um þetta ákvæði í reglugerð.

Ef skólaheilsugæzla er vel skipulögð og samvinna kennara og heilbrigðisstarfsliðs góð, er tvímælalaust nægilegt, að almenn skólaskoðun fari fram um það bil annað hvert ár. Árleg skoðun er tímafrek, ef úr á að verða meira en málamyndarskoðun, og er betra að skoða sjaldnar og rækilegar, en verja tíma skólalækna að öðru leyti í þágu nemenda, sem raunverulega þurfa þess með.

3. Hin árlega skólaskoðun gleypir langmestan hluta af starfstíma skólalækna. Ef horfið yrði að því að fækka almennum skólaskoðunum, mundi vinnast tími til annarra nauðsynlegra heilsugæzlustarfa, þar á meðal til rækilegra eftirlits en

verið hefur með nemendum, sem kalla má gæzlunemendur, en til þeirra verða hér taldir:

a. nemendur, sem ganga með langvinna líkamlega sjúkdóma eða eru í afturbata eftir slíka sjúkdóma, svo og nemendur, sem hafa líkamlega eða andlega ágalla eða eru andlega miður sín á einhvern hátt,
   1) nemendur, sem njóta þurfa sérkennslu eða sérstakrar meðferðar í bekk, t. d. sökum sjóndepru, heyrnarsljóleika eða gáfnatregðu,
   2) nemendur, sem eru vanskapaðir eða á annan hátt lýttir eða þjást af vöðvarýrnun, hryggskekkju, ilsigi eða öðru í þeim mæli, að áhrif hafi á líkamsburð og líðan,
   3) nemendur, sem þjást t. d. af málfæristruflunum, orðblindu, afleiðingum af gigtsótt, hjartasjúkdómum, astma, lungnaeitlabólgu, skjöldungsauka, offitu, sykursýki, langvinnum nýrnasjúkdómum eða flogaveiki, svo og taugaveiklun og hvers konar röskun á tilfinningalífi eða geði í þeim mæli, að áhrif hafi á skólasókn og aðlögun að umhverfi;

b. nemendur, sem eru óeðlilega pasturslitlir, magrir eða seinþroska líkamlega, án þess að þeir verði taldir veikir;

d. nemendur, sem ætla má, að sjúkdómar geti vofað yfir öðrum fremur, einkum:
   1) nemendur, sem hafa fengið fleiðrubólgu (brjósthimnubólgu) eða þrimlasótt,
   2) nemendur, sem eru samvistum við berklaveika,
   3) nemendur, sem eiga foreldra eða aðra nána ættingja, sem ganga með arfgenga sjúkdóma,
   4) nemendur frá heimilum, sem eru í óreiðu á einhvern hátt,
   5) nemendur, sem eru áberandi óreglusamir í háttum sínum, t. d. um mataræði, svefntíma eða meðferð nautnalyfja,
   6) nemendur, sem byrjað hafa skólagöngu fyrr en lög mæla fyrir og eiga, að því er ætla má, erfitt með að fylgjast með í námi af þeim sökum.

Skólalæknir þarf að hafa sérstakt eftirlit með þessum nemendum og vera ráðunautur þeirra, foreldra þeirra og kennara um meðferð á þeim. Annars getur hjálp þeim til handa verið margvísleg eftir tilefni. Sjúka nemendur sendir skólalæknir til heimilislæknis, er annast viðeigandi hjálp, eða stundar þá sjálfur, ef um héraðslækna er að ræða. Þar sem starfandi eru sérfræðingar (augnlæknar, háls-, nef- og eyrnalæknar o. fl.), eru sendir til þeirra nemendur með sjúkdóma eða ágalla, sem undir sérgreinar þeirra ber. Þegar um er að ræða taugaveiklun, röskun á tilfinningalífi eða annað, sem birzt getur í hegðunarvandkvæðum, óknyttum eða miklu skeytingarleysi í námi, verður fyrst að leita rækilega að líkamlegum sjúkdómum, sem verið gætu orsök, en síðan að grafast fyrir um umhverfisbundnar orsakir. Erlendis er lögð vaxandi rækt við geðvernd, og margir skólalæknar telja þann þátt skólaheilsugæzlu einna mikilvægastan. Hafa skólar að bakhjarli sérstakar stofnanir, skipaðar sálfræðingum og geðlæknum, er rannsaka slíka nemendur og aðstæður þeirra og leggja heimili og skóla ráð um meðferð þeirra, en annast auk þess greindarmælingar. Hér á landi hefur þessum þætti heilsuverndar lítið verið sinnt enn þá. Er hér þó um að ræða mjög nauðsynlega starfsemi og raunar engu ónauðsynlegri en eftirlit með líkamlegri heilbrigði. Er vafalaust, að oft má koma í veg fyrir andlegar veilur og jafnvel geðveiki og uppræta afbrotahneigð, ef unnt er að grafast fyrir orsakir í tæka tíð og beita viðeigandi ráðstöfunum. Er það og ekki síður mannúðarskylda að leitast við að lina andlegar þjáningar en líkamlegar og raunar því fremur, sem andlegar veilur bitna ef til vill enn meira á samvistarmönnum en þorri líkamlegra sjúkdóma og valda oft mikilli óhamingju. Sem dæmi um, í hverju andlegar veilur geta birzt, má nefna eftirfarandi, og verður þá að hafa í huga, að sumt af því, sem talið er, getur verið eðlilegt innan tiltekinna takmarka: feimni, dagdraumar, einangrunarhneigð, ofurviðkvæmni, ásækinn kvíði, hræðsla án raunverulegrar ástæðu, ímyndunarveiki, þ. e. ótti við ímyndaða sjúkdóma, þrásæknar hugmyndir og athafnir, ofursamvizkusemi, einþykkni, ofstopi, hnupl, ósannindi,

ólund, illgirni, grimmd, skemmdarhneigð, misþyrmingar, flækingur, skrópar, kynferðilegur ólifnaður, stam, naglanag, ósjálfráðir kippir og eirðarleysi, skortur á einbeitingu og athygli o. s. frv. Mikil nauðsyn er á því, að komið verði hér á stofn geðverndarstarfsemi, t. d. við Heilsuverndarstöð Reykjavíkur, enda er til þess heimild í núgildandi heilsuverndarlögum. Þó að slík starfsemi sé staðsett í Reykjavík, getur hún eigi að síður orðið skólum úti á landi að miklu liði, ef nægilegu starfsliði er á að skipa, með því að fá í hendur greinagóðar upplýsingar um nemendur, sem á slíkri hjálp þurfa að halda.

4. Nauðsynlegt er, að læknar hafi meira eftirlit en verið hefur með námskröfum skóla og heildarvinnutíma nemenda. Með því að leikni og kunnátta í námsgreinum er að kalla eini mælanlegi árangur skólavistar, hart er að skólum gengið í því efni, bæði af aðstandendum og öðrum, og sá skóli mest metinn, sem fastast gengur eftir, er varla að undra, þótt það sitji í fyrirrúmi að koma sem mestum fróðleik í nemendur, en út undan verði aðrir þættir í hlutverki skóla, sem ekki er þó minna um vert. Ekki munu hafa verið gerðar nema lauslegar athuganir á vinnutíma nemenda í skólum hérlendis, enda er ekki auðvelt að koma við hlutlægri rannsókn. Er ef til vill óvarlegt að nefna tölur að svo lítt rannsökuðu máli, en ólíklegt verður að telja, að börn í efstu bekkjum barnaskóla í kaupstöðum komist af með öllu skemmri vinnutíma en 8 klst. á dag, ef gera á námsefninu góð skil, þó að kröfur um heimavinnu séu að vísu mjög komnar undir einstökum kennurum, þar sem um bekkjarkennslu er að ræða. Í áður ívitnaðri grein Jóhannesar Björnssonar, dr. med., er talið líklegt, að 12—13 ára börn í barnaskólum Reykjavíkur þurfi að vinna um 60 stundir á viku, en síðan hún var samin, hefur vikustundum verið fækkað. Í bóklegum framhaldsskólum, þar sem fagkennarar einir kenna og námsefni er að kalla fast skorðað, er miklu auðveldara að fara nærri um daglegan vinnutíma. Leikur ekki vafi á, að enginn, nema ef til vill örfáir afburða námsmenn, kemst þar af með minna en 10 stunda vinnudag til þess að ná viðunandi tökum á námsefninu, og eru til um þetta nægir vitnisburðir foreldra og kennara. Ekki verður þó gerð nein tilraun til að gizka á, hve mikill hundraðshluti nemenda vinnur raunverulega svo lengi, en hann er sennilega stærri en margan grunar, sem lítt hefur kynnt sér þessi mál. En það skiptir ekki heldur meginmáli, með því að skyldunámsskólum er vitaskuld óheimilt að gera til nemenda sinna kröfur, sem fyrir fram er vitað um, að miður gefnir nemendur ráða alls ekki við og hinir betur gefnu ekki án þess að vinna úr hófi fram. Víst er, að vinnuharka í skólum hefur aukizt stórum á undanförnum árum og að aldrei hafa verið gerðar slíkar kröfur til nemenda almennt og jafnungra sem nú. Að þessu hefur margt stuðlað, en líklega ekki sízt samræming sú og kvörðun (standarðísering), sem á komst með nýju skólalöggjöfinni, þó að ekki hafi hún gefið beint tilefni til þess. En óþarft er að rekja orsakir nánara hér. Aðalatriðið er, að þjóðfélagið krefst nú tvímælalaust lengri vinnudags af börnum og unglingum en af fulltíða fólki, sem vinnur sambærileg störf, og þau eru stimpluð ónytjungar, ef ekki er orðið við kröfunum. Vinnutími þeirra manna hérlendra, sem stunda andlega vinnu og hafa reglulegan vinnutíma, mun yfirleitt vera frá kl. 9 að morgni til kl. 5 síðdegis, þ. e. ekki yfir 7 stundir. Mundi þykja linlega að staðið, ef nemandi, sem kominn á að vera í skóla kl. 8 að morgni, liti ekki í bók eftir kl. 4 síðdegis. En vaninn virðist hafa gert menn sljóa fyrir þessu, svo að nemandi er talinn vanrækja nám sitt, ef hann vinnur ekki mestan hluta dagsins og helzt einnig á kvöldin. Er þetta viðhorf líklega arfleifð, bæði hér og erlendis, frá þeim tíma, er menntaskólar og háskólar voru að kalla einu skólar þjóðfélagsins, en kröfur slíkra skóla hafa ætíð verið miðaðar við úrval. Ekki er þó lengd vinnutímans ein saman mælisnúra á hættuna, heldur kemur hér einnig og ekki síður til greina eðli verksins. Börn og unglingar eru hvort sem er að einhvers konar iðju, meðan þau eru á fótum, og sumir eru svo gerðir, að þeir njóta þess að sökkva sér sem fastast í nám. Hættan er fólgin í því, hversu einhæf skólavinna er, í löngum kyrrsetum, innivist og andlegu álagi, sem getur orðið

mjög mikið í prófum. Þó að erfitt sé að færa óyggjandi rök fyrir því, hver hætta stafar af námskröfum þeim, sem nú eru gerðar, má eigi að síður færa fyrir því miklar líkur. Nemendur, sem ráða ekki við nám sökum gáfnatregðu, skorts á líkamlegu þreki eða andlegra eða líkamlegra kvilla eða ágalla, gefast fyrr eða síðar upp og neyta allra bragða til að víkja sér undan námi. Veitir skólinn óbeint slíkum nemendum uppeldi í að bregðast skyldum sínum og vinnur því gersamlega andstætt tilgangi sínum. Margir þessara nemenda eru í eðli sínu samvizkusamir og berjast af furðulegri þrautseigju. Mætti hver líta í eigin barm og gera sér grein fyrir, hvílík þjáning það hlýtur að vera að fást árum saman við verkefni, sem menn ná aldrei neinum tökum á. Slíkum nemendum er búin siðferðileg hætta, auk annars. Nemendur, sem eru heilsuhraustir og gæddir nægum hæfileikum, gera yfirleitt það, sem skólinn krefst af þeim. Að sumu leyti getur námið orðið þeim stæling, en eigi að síður er heilsu þeirra stefnt í hættu með þeim kröfum, sem nú eru gerðar. Hljóta glöggir kennarar að hafa veitt því athygli, hversu guggnir og aðþrengdir margir nemendur eru orðnir, þegar dregur að vori. En auk þess, sem nú hefur verið drepið á, má ekki gleyma þeirri mannúðarskyldu, að börn og unglingar fái að njóta bernsku sinnar og æsku eftir áskapaðri þörf sinni og eigi afgangs nokkra orku til að sinna hugðarefnum sínum, sem skólar fá ekki ætíð svalað með þeim fábreyttu verkefnum, sem þar er völ á, ekki sízt í framhaldsskólum.

Þá hættu, sem hér ræðir um, hafa skólalæknar Reykjavíkur gert sér ljósa. Þeir komu því til leiðar, að lítillega var fækkað kennslustundum í sumum aldursflokkum í skólum borgarinnar, en með því að ekki var samtímis dregið úr námskröfum, er óvíst, að vinnutími hafi raunverulega stytzt.

Sænsku skólayfirlæknarnir (Herlitz og Hjärne) létu fara fram athuganir á vinnutíma í sænskum skólum, og einnig létu þeir í ljós álit sitt á því, hver væri hæfilegur meðalvinnutími hvers aldursflokks á dag. Er hann sem hér segir í heilum klst.:

7 ára	.....	2 klst. á dag,
8 —	.....	3 — - —
9 —	.....	3½ — - —
10 —	.....	4½ — - —
11 —	.....	5 — - —
12 —	.....	5½ — - —
13 —	.....	6 — - —
14 —	.....	6½ — - —
15 —	.....	6½ — - —

eftir 15 ára aldur 7 klst. á dag.

Vitanlega hefur ekki vakað fyrir skólayfirlæknunum að gefa neinar algildar reglur um vinnutíma, enda væri það ekki unnt. Hér er aðeins um að ræða leiðbeiningar til hliðsjónar, og er þá haft í huga, að börn og unglingar fái hæfilegan tíma til að leika sér, njóta nauðsynlegrar útivistar og hreyfingar og sinna hugðarefnum sínum. Árlegur skólatími er að vísu lengri í Svíþjóð en hér á landi, en til móts við það kemur, að íslenzk börn byrja tiltölulega snemma að vinna að sumrinu, en erlendis er sumarvinna nemenda að kalla óþekkt. Er í þessu sambandi rétt að vekja athygli á, að engin rök eru fyrir því, að nemendur hvílist á sumarvinnu, eins og margir virðast trúa hér á landi. Flestir unglingar braggast að vísu á sumrin, en til þess eru aðrar ástæður, sem óþarft er að gera grein fyrir hér, og víst er, að sumir unglingar koma dauðþreyttir í skóla að hausti.

5. Undanfarið hafa verið gerðar sömu prófkröfur í skólaleikfimi til allra nemenda í sama aldursflokki, en af því leiðir raunverulega, að allir verða að iðka sömu æfingar, hvort sem þeir eru vel eða illa til þess fallnir. Í bóklegu námi hafa skólar farið inn á þá sjálfsögðu braut, og þó miður en skyldi í framhaldsskólum, að mismuna nemendum eftir getu þeirra, en til þess er líka ástæða í íþróttanámi.

Menn eru mjög misvel fallnir til íþróttaiðkana, og fer það t. d. eftir líkamsgerð, þreki, heilsufari, skapgerð og áhugamálum. Leikfimi er tvímælalaust holl öllum, sem hafa þurfa kyrrsetur, ef hún er iðkuð við góð skilyrði og í samræmi við einstaklingsgetu. Er úr að velja gnægð miserfiðra æfinga, svo að finna má eitthvað við hæfi hvers og eins, en það er líka skilyrði þess, að með henni sé auðið að mæla af heilsufarslegum ástæðum, með því að annars getur hún orðið til tjóns í stað gagns. Skólalæknar þurfa því að vera með í ráðum um val á æfingum, þegar í hlut eiga nemendur, sem af einhverjum ástæðum er erfitt eða ókleift að iðka allar þær æfingar, sem annars er ætlazt til, að iðkaðar séu.

Í 9. grein er lagt til, að ráðherra sé heimilt að setja í reglugerð ákvæði um skilyrði fyrir því, að nemendur megi stunda íþróttir utan skólans og taka þátt í keppni. Forustumenn íþróttafélaga sækjast eftir unglingum í félögin, og er sízt ástæða til að amast við því, þegar í hlut eiga unglingar, sem vel eru til íþróttaiðkana fallnir og hafa áhuga á þeim, en úr þessu verða læknar að skera. Í Osló eru allir nemendur rannsakaðir, áður en þeim er leyft að keppa, og er það til fyrirmyndar.

6. Það kemur í hlut skólayfirlæknis að fylgjast með því, að ný skólahús fullnægi kröfum um almenna hollustuhætti. Hins vegar er eðlilegast, að skólalæknar, hver í sínum skóla, fylgist með breytingum, sem gerðar kunna að vera á húsnæði hans.

7. Erlendis er lögð á það mikil áherzla, að nemendur sitji við borð og í sætum, sem hæfa stærð þeirra, og er um að ræða 5—8 stærðir. Ekki er þó auðið að framfylgja þessu algerlega, með því að sums staðar verður að tvísetja. Í marga barnaskóla hér á landi verður að þrísetja, og leiðir af því, að óhugsandi er að velja nokkrum hluta barnanna borð og stóla, sem hæfa þeim. Er hér um að ræða vandamál, sem nauðsynlegt er að leysa. Of langt mál yrði að gera fræðilega grein fyrir hættum, sem af þessu geta stafað, en hver og einn gæti sannfærzt um af eigin raun, hver áhrif það hefði á líðan og starfshæfi að sitja 5—6 stundir á dag við vinnu í of háu eða of lágu sæti. En þetta er þó miklu hættulegra á skólaaldri, þar sem í hlut á viðkvæmur, vaxandi líkami, sem getur skekkzt af því að sitja lengi í sæti, sem ekki hæfir honum.

Um eftirlit með hreinlæti er óþarft að ræða sérstaklega.

8. Um eftirlit með klæðnaði og líkamshirðingu er óþarft að ræða sérstaklega.

9. Vísast til skýringa á 5. grein.

10. Meðal grannþjóða okkar er lögð vaxandi rækt við heilbrigðisfræðslu, bæði í skólum og utan þeirra. Til dæmis hefur sérstök stofnun í Bretlandi með höndum leiðbeiningar um heilbrigðismál og tilhögun kennslu í heilsufræði.

Í íslenzkum skólum er heilsufræði hornreka. (Með heilsufræði er ekki átt við líkamsfræði). Í barnaskólum er að vísu kennt smákver um mannslíkamann, og er þar lítillega minnzt á hollustuhætti. Hefur kverið verið gott og gilt á sínum tíma, en er löngu úrelt, enda miðað við allt aðra lífshætti en menn búa nú við. Handa framhaldsskólum hafa verið samdar nýjar kennslubækur, en víðast mun mestum, og sums staðar öllum, þeim tíma, sem ætlaður er til náms í líkams- og heilsufræði, varið til líkamsfræðinnar einnar. En þó að sízt sé óforvitnilegra að kynnast gerð og störfum mannslíkamans en hverju öðru, sem skólar kenna, hefur slík þekking aðallega hagnýtt gildi sem undirstaða að námi í heilsufræði. Í fræðslulögunum frá 1946 er heilsufræði ekki nefnd (líkamsfræði ekki heldur), þar sem taldar eru upp námsgreinar, þó að vera megi, að löggjafinn hafi lagt þann skilning í heitið náttúrufræði, að það tæki einnig til þeirrar greinar. En auðsætt er, að skólum er auðvelt að skjóta sér undan því að kenna heilsufræði, eins og víða hefur orðið raun á, og er því lagt til í 9. gr. frumvarpsins, að ráðherra sé heimilt að setja í reglugerð ákvæði um heilsufræðikennslu í skólum.

Í barnaskólum kemur heilsufræðikennsla vitanlega í hlut barnakennara, en hafa þurfa læknar eftirlit með henni. Í framhaldsskólum væri æskilegt, að læknar

kenndu þessa grein, en hjúkrunarkonur þann þátt hennar, sem varðar stúlkur sérstaklega. Hér er um að ræða vandmeðfarna grein, sem krefst allvíðtækrar þekkingar af kennara, en þó ekki síst heiðarleiks og kredduleysis, jafnvel umfram ýmsar greinir. Stafar það af því, hve margt er þar óvíst og umdeilt, eins og t. d. mataræði. Eru nærtæk dæmi um, að jafnvel læknar geri kenningar um mataræði að eins konar trúarbrögðum og boði þær af miklu ofstæki án þess að hafa í höndum nokkrar sannanir, sem metnar verði vísindalega gildar. Geta slíkir menn vitanlega unnið mikið tjón. En hér kemur líka til, að mönnum er náttúrlegt að óttast sjúkdóma, og má kennari aldrei ala á sjúkdómahræðslu nemenda sinna. Ber því að leggja áherzlu á, að kennslan sé eins jákvæð og auðið er, nemendum sé bent á, hverjar leiðir séu vænlegastar til að öðlast hreysti og þrek, í stað þess að brýna þá á hættum, og leggja t. d. Bretar mikla áherzlu á þetta.

Um tilgang heilsufræðikennslu þarf ekki að fara mörgum orðum. Þekking er frumskilyrði þess, að menn lifi hollustusamlegu lífi og kunni að forðast sjúkdóma. En vissulega er hún ekki einhlít. Ef hún á að bera ávöxt, verður hún að móta venjur í hugsun og athöfn. Það er því ekki nóg að kenna um hollustuhætti, heldur verður jafnframt að iðka þá, unz þeir eru orðnir að ígrónum, ósjálfráðum vana. Nægir að nefna sem dæmi, að handaþvottur á undan borðhaldi á að vera óaðskiljanlegur þáttur þess að matast og getur orðið það, ef börn eru vanin á það nógu snemma. Er þá orðið óþarft að leiða huga að raunverulegri ástæðu þessarar athafnar: að sýklar geti borizt ofan í menn af óhreinum höndum. Á þennan hátt er iðkun hollustuhátta fyrirhafnarlaus og ekki vakin af neinum ótta við sjúkdóma. En til þess að takast megi að skapa slíkar venjur, verður að koma til samvinna foreldra, kennara og heilbrigðisstarfsliðs.

Æskilegt námsefni í heilsufræði er einkum: smitsóttir (orsakir, smitunarleiðir, varnir); mataræði og meðferð matvæla; vöxtur, þroski og offita; áfengi, tóbak, kaffi; starf og hvíld (vinna, tómstundaiðja, íþróttir, svefn); veður og áhrif þess á líðan og heilsu; tennur og tannskemmdir; meðferð augna; líkamshirðing; ormar og óþrif (njálgur, lús, sullir, flugur); klæðnaður; húsakynni og umgengni; neyzluvatn; slys og umferðarreglur; skipan heilbrigðismála og tryggingar; algengasta hjálp í viðlögum. Stúlkum í framhaldsskólum þarf auk þess að kenna um meðferð ungbarna og helztu atriði heimahjúkrunar. Einnig er nokkur fræðsla um kynferðismál nauðsynleg, en ekki er hún á færi annarra en reyndra kennara. Í barnaskólum yrði um að ræða fá aðalatriði, sett fram á minnisstæðan hátt og studd myndum, en í framhaldsskólum endurtekningu með rækilegari skýringum á orsökum og afleiðingum.

— — —

Þó að heilsugæzla í skólum verði í höndum heilbrigðisstarfsliðs, að því leyti sem hún krefst sérþekkingar, er árangur þó mjög kominn undir traustri samvinnu skólastjóra og kennara annars vegar og heilbrigðisstarfsliðs hins vegar, svo og undir samvinnu skóla og heimilis. Þáttur kennara, að því er varðar sjálft eftirlitið, er fólginn í því að vera jafnan á verði um allt, er bent geti til, að nemandi sé heilsuveill eða miður sín á einhvern hátt, og að koma slíkum nemanda í hendur skólalæknis hið fyrsta. Með því að kennarar hafa nemendur fyrir augum sér daglega, hafa þeir góð skilyrði til að fylgjast með breytingum á útliti þeirra, hátterni og ástundun. Sömuleiðis kemur það í hlut skólastjóra og kennara að fylgja fram ýmsum fyrirmælum skólalæknis og skólahjúkrunarkonu. Er sízt of djúpt tekið í árinni, þó að fullyrt sé, að starf heilbrigðisstarfsliðs komi ekki að hálfum notum á við það, sem verið gæti, ef kennarar eru ekki virkir samverkamenn þess.

Um 2. gr.

Vafi getur leikið á, hvort framkvæmd heilsugæzlu í skólum eigi að vera í höndum heilbrigðisstjórnar eða fræðslumálastjórnar. Í sumum grannlöndum okkar eru þessi mál í höndum fræðslumálastjórnar, og þykir það hafa gefizt betur. Að

óreyndu verður þó naumast talin ástæða til að greina þennan þátt heilbrigðismála hér á landi algerlega frá öðrum þáttum þeirra, með því að fá hann í hendur fræðslumálastjórn, enda væru fyrir því þau ein rök, að heilbrigðisstjórn teldi þessa starfsemi ónauðsynlegri en annað, sem undir hana heyrir, og leitaðist af þeim sökum við að skjóta sér undan afskiptum af henni. Hins vegar er ljóst, að hér verður að vera samvinna milli heilbrigðisstjórnar og fræðslumálastjórnar, með því að í eðli sínu heyra þessi mál undir báðar. Er því lagt til í 1. gr. frumvarpsins, að menntamálaráðherra setji, með ráði heilbrigðisstjórnar, reglur um heilsugæzluna, en í 2. gr., að framkvæmdin skuli vera í höndum heilbrigðisstjórnar. Ætti þá hvort tveggja að vera tryggt, að ekki verði lagðar á skólana fjárhagslegar byrðar umfram það, sem menntamálaráðuneytið telur hóflegt, og að gætt sé faglegra sjónarmiða við framkvæmdina.

Um 3. gr.

Í grannlöndum okkar hefur yfirumsjón með heilsugæzlu í skólum verið falin sérfróðum læknum. Að undanskildu Íslandi hefur aðeins í einu Norðurlandanna, Svíþjóð, verið skipaður skólayfirlæknir fyrir landið í heild, en í ráðuneytum hinna landanna fara sérstakir læknar með þessi mál, þótt ekki kallist þeir skólayfirlæknar. Að öðru leyti eru skólayfirlæknar starfandi í borgum eða einstökum hlutum þessara landa, og má geta þess sem dæmis, að í dönsku skólalæknalöggjöfinni er heimilað að ráða einn skólayfirlækni í hverju amti, og að í Bergen, borg, sem telur rösklega 100 þúsund íbúa, hefur alllengi verið starfandi skólayfirlæknir.

Samkvæmt fræðslulögunum frá 1946 nær umsjón skólayfirlæknis aðeins til barnaskóla. Í þessu frumvarpi er lagt til, að skólayfirlæknir hafi umsjón með heilsugæzlu í öllum skólum landsins. Er hvort tveggja, að ekki er minna vert um heilsugæzlu í framhaldsskólum, þar sem nemendur dveljast á kynþroskaskeiði og meðan þeir taka síðara vaxtarstökkið, og að óþarft er að undanþiggja skólayfirlækni starfi við þá skóla, þar sem hann er starfandi á annað borð.

Hlutverk skólayfirlæknis er í meginatriðum að vera sérfræðilegur ráðunautur fræðslumálastjórnar, heilbrigðisstjórnar og einstakra skóla, að skipuleggja heilsugæzlukerfi skólanna í heild og stjórna starfi heilbrigðisstarfsliðs þeirra, að fylgjast með andlegum og líkamlegum þroska, heilsufari, skólavinnu og aðbúð þeirrar kynslóðar, er á skólabekk situr hverju sinni, hafa forgöngu um almennar ráðstafanir henni til heilsuverndar og beita sér fyrir því, að leitað sé tiltækilegrar lækningar eða annars konar hjálpar þeim, sem á þurfa að halda, og loks að stuðla að auknum skilningi almennt á mikilvægi hófsamlegra lifnaðarhátta og sköpunar á hollum lífsvenjum. Af einstökum atriðum má nefna að vera ráðunautur um vikulegan hámarksvinnustundafjölda hvers aldursflokks nemenda, um val og iðkun skólaíþrótta, um mataræði í heimavistarskólum, um fræðslu í heilsufræði og slysahjálp, um gerð skólahúsa og skólahúsgagna, að skipuleggja námsskeið í skólaheilsufræði fyrir skólalækna, skólahjúkrunarkonur og kennara, að heimta inn skýrslur um skólaheilsugæzluna og vinna úr þeim o. fl. Eftirlit með íþróttastarfsemi er einkum fólgið í að skipuleggja læknisskoðun á íþróttamönnum og leita úrræða til að draga úr ofþreytu- og slysahættu.

Um 4. gr.

Það er í samræmi við ákvæði 1. gr., að gert sé skylt, að skólalæknar starfi við alla skóla. Hlýtur það að vera lágmarkskrafa um heilbrigðisþjónustu, enda hefur það verið svo í framkvæmd, síðan skólaeftirlit var hafið. Þarf hver skóli að hafa sinn eigin skólalækni og helzt sama lækni eins lengi og auðið er, svo fremi að hann hafi reynzt starfinu vaxinn, en vitaskuld getur sami læknir gegnt störfum við fleiri skóla en einn, ef um fremur fámenna skóla er að ræða. Fyrir þessu má færa rök. Slíkur læknir hefur skilyrði til að kynnast starfsháttum og starfsliði skóla síns og heimilisástæðum þeirra nemenda, sem sérstöku eftirliti þurfa að vera háðir. Hann verður starfsmaður stofnunarinnar, þótt ekki vinni hann þar aðalstarf sitt. Honum á því að geta vaxið ábyrgðartilfinning til skólans og kennurum

skilningur á því, að læknirinn sé einn úr þeirra hópi. En hér kemur fleira til. Eins og önnur heilsuverndarstörf krefjast skólalæknisstörf nokkurrar sérmenntunar. Enn eiga við orð Guðmundar prófessors Hannessonar í leiðbeiningum þeim, sem getið er í upphafi greinargerðar, að „almenn læknismenntun er ófullnægjandi til að vera góður skólalæknir“. Læknar vita yfirleitt miklu meira um sjúka menn en heilbrigða, þeim er tamið að gefa miklu meiri gaum að ótvíræðum, alvarlegum sjúkdómum en hversdagslegum kvillum, sem, þótt smávægilegir þyki, geta eigi að síður dregið úr starfshæfi og heilbrigðri lífsgleði og jafnvel orðið rót að alvarlegum sjúkdómum, er fram líða stundir, og þeir verða tíðum að láta sér nægja að fjalla aðallega um sjúkling sem einangrað fyrirbrigði, slitinn úr tengslum við umhverfi sitt og kjör. Viðhorf skólalæknis er annað. Hann verður ekki síður að beina athygli að smákvillum og óheillavænlegum venjum, og hann verður ætíð að vera þess minnugur, að nemandi lifir og hrærist í tilteknu umhverfi, sem hefur mikil áhrif á heilsufar hans, þroska og hátterni allt. Og honum þarf að vera hugfast, að hlutverk hans er hvort tveggja í senn: að uppgötva sjúkdóma og bægja frá orsökum þeirra, afstýra þeim. Góður skólalæknir þarf því á að halda drjúgri þekkingu í „social medicine“ og sálarfræði, hann verður að þekkja helztu lögmál eðlilegs vaxtar og þroska, andlegs og líkamlegs, vita, hverjar kröfur þarf að gera til aðbúðar, kunna nokkra grein á íþróttafræði og bera að öðru leyti skyn á það starf, sem fram fer innan veggja skóla, og loks verður hann að eiga það hugarfar, sem endist honum til að skilja börn, hæna þau að sér og ávinna sér traust þeirra. Hér á landi er ekki völ á neinni sérstakri kennslu til undirbúnings skólalæknisstörfum. Má nokkuð bæta úr því með stuttum námsskeiðum, en að öðru leyti verða skólalæknar að læra af reynslu. Af því, sem að framan er sagt, má vera ljóst, hve mikilsvert er að skipta sem sjaldnast um skólalækna. Sökum sérnáms síns eru sérfræðingar í barnasjúkdómum að öðru jöfnu lækna færastir til að gegna skólalæknisstörfum, og víða erlendis er lagt kapp á að fá þá til þeirra starfa. Þess má geta, að í Osló er læknanemum gert að vinna um tíma í skólum og fylgjast þar með störfum skólalækna.

Hlutverk skólalæknis er í meginatriðum að annast skólaskoðun og vera heilbrigðislegur ráðunautur skólans um hollustuhætti og meðferð nemenda, sem eru heilsuveilir eða afbrigðilegir á einhvern hátt. Af einstökum atriðum má nefna að fylgjast með útbreiðslu næmra sótta í skólanum, að kynna sér námsskrá skólans og hlutast til um, að námsþungi hvíli sem jafnast á dögum vikunnar, að fylgjast með kennslu í skólaíþróttum og vera á verði um, að nemendum sé ekki ofboðið með erfiðum æfingum, að hafa eftirlit með borðum og stólum, hreingerningu, loftræstingu, upphitun, lýsingu, drykkjar- og þvottagögnum og salernum, að vera heilsufarslegur ráðunautur um breytingar, sem gerðar kunna að vera á húsnæði og skólahúsgögnum, að vera heilsufarslegur ráðunautur um starfsval, þar sem skóli hefur slíkt með höndum, að hafa eftirlit með kennslu í heilsufræði, að glæða áhuga og vekja skilning nemenda á nauðsyn heilsuverndar o. fl.

Um 5. gr.

Hjúkrunarkonur. Í greininni er lagt til, að heimilt skuli að ráða hjúkrunarkonu að skóla, þar sem völ er á og þegar til þess hefur verið veitt fé. Slík þjónusta er mjög mikilvæg og raunar skilyrði þess, að auðið sé að halda uppi skólaheilsugæzlu, svo að í lagi sé. En hún hlýtur að fara mjög eftir staðháttum og aðstæðum á hverjum stað, og er eðlilegast, að hún verði veitt smám saman og fyrir frumkvæði hlutaðeigandi sveitarfélags.

Algengt er erlendis, að hjúkrunarkonur séu fastráðnar við barnaskóla, séu á verði í skólunum, meðan þeir starfa á daginn og sinni ekki öðrum störfum, og þannig er þessu háttað í barnaskólum Reykjavíkur. Víða hafa þó hjúkrunarkonur aðeins tiltekna viðtalstíma í skólum, og þykir bæði of kostnaðarsamt og óþarft, að þær séu þar allan daginn. Ekki verða færð fram nein frambærileg rök fyrir því, að hjúkrunarkonur þurfi að standa á verði allan skólatímann í heimangöngu-

skólum kaupstaða, þar sem kostur er skipulagðrar slysahjálpar. Verður það að teljast sóun á starfskröftum þeirra, þegar þess er gætt, að tilfinnanlegur skortur er á hjúkrunarkonum í landinu til að hjúkra sjúku fólki og gegna öðrum heilsuverndarstörfum. Einu skólar, sem ástæða gæti verið til, að fastréðu hjúkrunarkonur, eru stórir heimavistarskólar í sveitum, enda hafa sumir héraðsgagnfræðaskólar hjúkrunarkonu í þjónustu sinni. Að öðru leyti virðist það eðlileg lausn, að hjúkrunarkonur séu starfsmenn heilsuverndarstöðva eða einstakra sveitarfélaga. Verður skólahjúkrun þá aðeins einn þáttur starfs þeirra, en að öðru leyti vinna þær hver þau hjúkrunar- eða heilsuverndarstörf í þágu sveitarfélagsins, sem á þarf að halda og þeim endist tími til. Geta má þess, að víða erlendis eru hverfishjúkrunarkonur jafnframt skólahjúkrunarkonur, hver í sínu hverfi, og þykir það hafa reynzt vel. Slík hjúkrunarkona verður aufúsugestur á heimilum, hefur góð skilyrði til að vinna trúnað heimilismanna og fylgjast með þroskaferli barna frá fæðingu. En þótt hjúkrunarkonur sinni öðrum störfum ásamt skólaheilsugæzlu, þarf hver skóli, sem á annað borð nýtur slíkrar þjónustu, að hafa sína eigin hjúkrunarkonu og helzt sömu hjúkrunarkonu eins lengi og auðið er. Gegnir um það svipuðu máli og um skólalækna, sbr. greinargerð fyrir 4. grein.

Hlutverk skólahjúkrunarkonu er í meginatriðum að fylgjast með andlegum og líkamlegum þroska nemenda, heilsufari þeirra, klæðnaði, líkamsþrifnaði og aðbúð og vera tengiliður milli heimilis og skóla um allt, er heilsugæzlustarfið varðar. Af einstökum atriðum má nefna að fylgjast með niðurstöðum skólalæknis, veita leiðbeiningar um meðferð heilsutæpra nemenda, að koma á framfæri við skólalækni nemendum, sem á því þurfa að halda, að tilkynna foreldrum það, sem athugavert kann að finnast við heilsufar eða aðbúnað barna þeirra, að fara heim á heimili, þegar ástæða þykir til, kynna sér heimilishætti og leggja foreldrum ráð, að fylgjast með því, að farið sé að fyrirmælum skólalæknis um tilvísanir til annarra lækna, að inna af hendi rannsóknir, sem skólalæknir felur henni, að fylgjast með umgengni og hreingerningu í skóla, að annast kaup á nauðsynlegum lyfjum og umbúðum o. fl.

Tannlæknar. Í greininni er einnig lagt til, að heimilt sé að ráða tannlækna að skólum, þar sem völ er á þeim og þegar til þess hefur verið veitt fé. Þó að ekki þyki ráðlegt að skylda skóla til að ráða tannlækna, meðal annars sökum þess, að skortur er á þeim í landinu, verður að telja tannlæknisþjónustu í skyldunámsskólum mikla nauðsyn. Tannskemmdir eru langalgengastar allra þeirra sjúkdóma, sem hrjá menningarþjóðir, og í sumum löndum eru því nær öll skólabörn með skemmdar tennur. Því fer fjarri, að tannskemmdir séu meinlaus kvilli, þó að margir umberi þær af furðulegri þolinmæði sökum vana. Þær hafa ekki aðeins áhrif á líðan manna og skap, heldur geta þær valdið misalvarlegum sjúkdómum. Telja verður algera óhæfu að draga fullorðinstennur úr börnum, ef um nokkuð annað er að ræða, með því að kjálkabein vaxa ekki eðlilega, eftir að tennur hafa verið teknar, svo að af getur leytt áberandi lýti á andliti, auk þess sem tuggning matar verður torveldari. Ekki eru kunn nein einhlít ráð til að koma í veg fyrir tannskemdir, þó að víst sé talið, að neyzla mjölmatar og sykurs eigi mikinn þátt í þeim. Er því ekki annarra úrræða völ en að fylgjast með heilbrigði tanna og gera jafnóðum við byrjandi skemmdir. Tannlæknisþjónusta í skólum hér á landi er og því meiri nauðsyn, þar sem sjúkrasamlög taka engan þátt í kostnaði af tannviðgerðum.

Tannlæknisþjónusta er nú veitt í mörgum barnaskólum hér á landi og væri vafalaust komin í betra horf, ef kostur væri á tannlæknum. Enn munu þó sveitaskólar vera að mestu leyti út undan, en úr því mætti bæta með því að ráða farandtannlækna, jafnóðum og tannlæknum fjölgar.

Um 6. gr.

Í heilsuverndarlögum, nr. 44 18. maí 1955, eru ákvæði um, að heilsuverndarstöðvar annist skólaeftirlit, og vísast til greinargerðar með því frumvarpi.

Í þessu frumvarpi er lagt til, að héraðslæknar séu skólalæknar við skóla, hver í sínu héraði, þar sem heilsuverndarstöðvar eru ekki starfandi. Fram til þessa hafa héraðslæknar að mestu leyti annazt skólaeftirlit utan Reykjavíkur, og er engin ástæða til að breyta því. Í greininni er þó gert ráð fyrir, að heilbrigðisstjórn sé heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði. Er þá haft í huga, að vel gætu vaxið upp stór skólahverfi á hentugum stöðum á landinu, og er nú þegar vísir að slíku skólahverfi á Laugarvatni. Gæti þá eftirlitið orðið meira en svo, að nokkur sanngirni væri í, að héraðslæknir annaðist það allt.

Um 7. gr.

Óþarft er að fara orðum um þessa grein. Skólaganga er nú ókeypis í öllum skólum, sem reknir eru af ríki eða af ríki og sveitarfélögum sameiginlega.

Um 8. gr.

Greinin þarf ekki skýringa.

Um 9. gr.

Vísast til greinargerðar fyrir 1. grein.

Um 10. gr.

Hér er lagt til, að Háskóli Íslands sé undanþeginn lögum um heilsugæzlu í skólum. Erlendis mun það ekki tíðkast, að háskólar séu teknir með í heilsugæzlukerfi skólanna. Háskólinn heyrir beint undir menntamálaráðuneyti. Hann hefur og þá sérstöðu, að við hann er læknadeild, sem getur látið fara fram skoðun á stúdentum, eftir því sem nauðsyn þykir til bera, og ætti að vera óþarft að blanda öðrum aðilum þar inn í.

Nd. 391. Breytingartillaga [143. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 25 1955, um breyt. á l. nr. 23 1953, um leigubifreiðar í kaupstöðum.

Frá Halldóri E. Sigurðssyni.

Fyrir „800“ í 1. gr. komi: 700.

Nd. 392. Frumvarp til laga [16. mál]

um breyting á lögum nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

a. Aftan við 2. tölulið D-liðar 34. gr. laganna komi:

Á hverju þilfarsskipi skal þó, auk annarra björgunartækja, sem ákveðin eru í lögum eða reglugerðum, vera gúmbjörgunarbátur, einn eða fleiri, og sé stærð þeirra miðuð við, að þeir rúmi þá, sem á skipi eru. Ráðherra setur í reglugerð fyrirmæli um gerð þeirra og búnað. Skipaskoðunarstjóri veitir þeim, sem hafa ekki þegar aflað sér gúmbáta í skip sín, hæfilegan frest til öflunar þeirra. Með reglugerð um notkun björgunartækja, er ráðuneytið setur, skal eftir föngum tryggja það, að sjómönnum verði kennd meðferð gúmbjörgunarbáta.

b. Síðasti málsliður 4. töluliðar D-liðar 34. gr. laganna orðist svo:
Ef öruggt þykir, má leyfa, að slík tæki komi að nokkru leyti í stað báta, annarra en gúmbáta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 393. Frumvarp til laga [147. mál]

um breyting á lögum nr. 81 5. júní 1947, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1957.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:
Greiða skal útflutningsgjald af öllum íslenzkum sjávarafurðum, sem fluttar eru til útlanda, er nemi 2¼% af verði afurðanna.
Til íslenzkra afurða telst afli, er skip, sem skrásett eru hér á landi, veiða, þótt hann sé veiddur utan landhelgi og eigi verkaður í landi.

2. gr.

2. og 3. gr. laganna falli niður.

3. gr.

4. gr. laganna, sem verður framvegis 2. gr., orðist svo:
Ríkissjóður sér um innheimtu gjaldanna, en tekjur af þeim — samkvæmt 1. gr. — skiptast þannig milli eftirtalinna aðila:
a. Til Fiskveiðasjóðs skal verja 74% teknanna.
b. Til að standa straum af stofnkostnaði vegna Rannsóknarstofnunar sjávarútvegsins skal verja 4%.
c. Til Landssambands ísl. útvegsmanna renni 4%.
d. Til Fiskimálasjóðs renni 18%.

4. gr.

Upphaf 5. gr. laganna, sem verður 3. gr., orðist svo:
Gjald það, sem ræðir um í 1. gr., skal o. s. frv.

5. gr.

7. gr. laganna falli niður.

6. gr.

13. gr. laganna, sem verður 10. gr., orðist svo:
Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 38 5. apríl 1948 og lög nr. 92 29. desember 1953, hvor tveggja um breytingu á lögum nr. 81 5. júní 1947, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og fer um innheimtu og skiptingu útflutningsgjalda af sjávarafurðum, útfluttum árið 1957, skv. ákvæðum þessara laga.

9. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 81 5. júní 1947 og gefa lögin út svo breytt sem lög um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 81/1947, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, skal greiða útflutningsgjald af öllum sjávarafurðum, sem fluttar eru til útlanda, er nemi 1¾% af verði afurðanna. Þá skal greiða samkvæmt 2. gr. laganna, auk gjaldsins samkvæmt 1. gr., útflutningsgjald af öllum sjávarafurðum, öðrum en saltaðri síld, er nemi ½% af verðmæti afurðanna. Loks er svo ákveðið í 3. gr., að greiða skuli í ríkissjóð sérstök gjöld af síldarmjöli og fiskúrgangi.

Í 4. gr. téðra laga eru eftirfarandi ákvæði um skiptingu gjaldsins.

Af gjaldinu samkvæmt 1. gr. skulu 1½% renna til Fiskveiðasjóðs, ⅛% til greiðslu stofnkostnaðar byggingar til fiskiðnaðarrannsókna og fiskifræðirannsókna og ⅛% til Landssambands íslenzkra útvegsmanna. Gjaldið samkvæmt 2. gr. rennur til Fiskimálasjóðs.

Með lögum nr. 38/1948 var sú breyting gerð á framangreindum lögum, nr. 81/1947, að fellt var niður 1½% útflutningsgjald til Fiskveiðasjóðs af saltfiski.

Samkvæmt gildandi lögum er það almenna reglan, að 2¼% útflutningsgjald er greitt af útfluttum sjávarafurðum.

Undantekningar eru þessar:

Af saltfiski er greitt ¾%. Af saltaðri síld 1¾%. Af síldarmjöli kr. 1.00 af hverjum 100 kg, sem greiða skal í ríkissjóð, en ekki til þeirra aðilja, sem í 4. gr. laganna greinir.

Hér er um flóknar og óeðlilegar reglur að ræða, sem ástæða er til að gera einfaldari. Ekki verður séð, að skynsamlegar ástæður séu til þess, að lægra útflutningsgjald skuli greitt af saltfiski, saltaðri síld og síldarmjöli en öðrum sjávarafurðum, svo og að gjald af síldarmjöli skuli greitt í ríkissjóð, enda mun framkvæmdin hafa verið sú, að þetta síðasttalda gjald hefur runnið til sömu aðilja og annað útflutningsgjald. Þá er þörf Fiskveiðasjóðs fyrir aukið starfsfé mjög brýn, og mundi hækkun á útflutningsgjaldi af saltfiski, saltaðri síld og síldarmjöli til samræmis við gjald af öðrum sjávarafurðum bæta hér nokkuð úr skák.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að sama útflutningsgjald skuli greiða af öllum útfluttum íslenzkum sjávarafurðum, er nemi 2¼% af verði afurðanna.

Þá er svo ákveðið að útflutningsgjaldið skuli renna óskipt til Fiskveiðasjóðs, Rannsóknarstofnunar sjávarútvegsins, Landssambands íslenzkra útvegsmanna og til Fiskimálasjóðs og í þeim hlutföllum, er þar greinir. Gert er ráð fyrir, að tekjuaukningin samkvæmt frumvarpinu renni öll til Fiskveiðasjóðs.

Hér á eftir er gerð nánari skilgreining á breytingum og samræmingu á útflutningsgjaldinu samkvæmt frumvarpinu.

Útflutningsgjald samkvæmt gildandi lögum nemur alls 1.9% af heildarverðmæti útfluttra sjávarafurða, en eins og áður greinir er gjaldið nokkuð misjafnt á hinum ýmsu afurðum. Með frumvarpi því, sem hér um ræðir, er lagt til, að gjaldið verði hækkað í 2¼%, og verði jafnhátt af öllum afurðum. Jafnframt er lagt til að tekjum þeim, sem til falla af útflutningsgjaldinu, verði skipt á milli hinna fjögurra stofnana, sem þeirra njóta, á nokkuð annan hátt en nú er, og gefur eftirfarandi tafla nokkra hugmynd um það.

	Núverandi skipting %	Tillaga %
1. Fiskveiðasjóður	63.3	74
2. Rannsóknarstofnun sjávarútvegsins	6.6	4
3. Landssamband ísl. útvegsmanna	6.6	4
4. Fiskimálasjóður	23.5	18
	100.0	100

Næsta tafla sýnir, hvaða áhrif þessi breyting hlutfalla mundi hafa á framlög til ofannefndra fjögurra stofnana miðað við áætlaðar peningatekjur af útflutningsgjaldi af verðmæti útfluttra sjávarafurða fyrir árið 1956. — Miðað er við gjöld samkvæmt þeim lögum, sem nú gilda, og við 2¼% útflutningsgjald:

	Núgildandi lög: 1.9%		Tillaga: 2¼%	
	%	þús. kr.	%	þús. kr.
1. Fiskveiðasjóður	63.3	11 316	74	15 741
2. Rannsóknarstofnun sjávarútvegsins	6.6	1 182	4	851
3. Landssamband ísl. útvegsmanna	6.6	1 182	4	851
4. Fiskimálasjóður	23.5	4 200	18	3 829
	100.0	17 880	100	21 272

Eins og tölurnar bera með sér mundi hagur Fiskveiðasjóðs vænkast verulega, ef breytingar þessar næðu fram að ganga, án þess að mikil breyting til hins verra ætti sér stað á framlögum til hinna aðilanna, og stafar það af nokkru hærri heildartekjum samkvæmt tillögunni.

Eins og áður getur rennur ⅛% útflutningsgjaldsins til greiðslu stofnkostnaðar byggingar til fiskiðnaðarrannsókna og fiskifræðirannsókna. Þetta gjald er tímabundið og gildir til ársloka n. k. samkvæmt lögum nr. 92/1953.

Í byggingu þessari er ætlað að sameinaðar verði allar rannsóknir í þágu sjávarútvegsins. Þegar hefur verið reistur nokkur hluti byggingarinnar og tekinn í notkun, og nauðsynlegt er að framkvæmdum verði haldið áfram, en til þess er óhjákvæmilegt, að tekjur, sem ætlaðar hafa verið til byggingarinnar fram að þessu, renni til hennar áfram. Frumvarpið gerir ráð fyrir að til rannsóknarstofnunar þessarar renni 4% af útflutningsgjaldinu og er það ekki tímabundið. Þegar byggingu hússins er lokið, skal gjaldinu varið til kaupa á rannsóknartækjum svo og til viðhalds byggingunni og tækjum stofnunarinnar.

Lagt er til í 5. gr. frumvarpsins, að 7. gr. laganna falli niður, þar sem talið er, að hún hafi enga raunhæfa þýðingu lengur.

Ed. 394. Frumvarp til laga [148. mál]

um eyðingu refa og minka.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1957.)

1. gr.

Landbúnaðarráðuneytið hefur yfirstjórn allra mála, er varða eyðingu refa og minka.

Ráðuneytið nýtur aðstoðar veiðistjóra, sem skipaður er af landbúnaðarráðherra. Skal hann hafa sérþekkingu á lifnaðarháttum minka og refa og veiðiaðferðum þeim, sem unnt er að beita gegn vargdýrum þessum.

2. gr.

Veiðistjóri skal fylgjast með refa- og minkastofninum og útbreiðslu hans í landinu, svo sem kostur er, leiðbeina veiðimönnum, er fást við eyðingu refa og minka, halda námskeið fyrir veiðimenn og skipuleggja aðgerðir á stærri svæðum, þegar nauðsyn þykir, og gera tilraunir með ný tæki og vinnsluaðferðir, er líklegar þykja til þess að eyða dýrum þessum. Hann skal árlega gera yfirlit um veiðiaðgerðir í landinu og árangur þeirra, enda er sýslumönnum skylt að senda honum allar

veiðiskýrslur og upplýsingar, er veiðistjóri þarf vegna starfs síns. Yfirlit þetta skal birta ár hvert opinberlega.

Skylt er veiðistjóra að gera tillögur til landbúnaðarráðuneytisins um allt það, er hann telur að stuðla megi að útrýmingu refa og minka.

3. gr.

Sýslumenn og bæjarfógetar skulu ásamt veiðistjóra sjá um, að stjórnir bæja og sveita annist eyðingu refa og minka, hver á sínu svæði. Eigi fleiri sveitir eða bæir sameiginlegt upprekstrarland, skal fela stjórn upprekstrarfélagsins eyðingu nefndra vargdýra, og skal kostnaði við eyðingu jafnað á þá aðila, er upprekstrarrétt eiga, án tillits til þess, hvort upprekstrarréttur er notaður eða ekki.

Nú hefur hreppur farið í eyði, og skal þá sýslumaður sjá um framkvæmd laga þessara á því svæði á kostnað ríkissjóðs, sem svarar hluta hreppsins.

4. gr.

Sérhver sveitar- og bæjarstjórn eða stjórn upprekstrarfélags, sbr. 3. gr., skal á hverju vori sjá um grenja- og minkaleitir í heima- og afréttarlöndum hreppsins (bæjarfélagsins), hvort sem lönd þessi liggja utan eða innan sýslufélagsins (bæjarfélagsins), og sjá um vinnslu grenja og minkabæla.

5. gr.

Stjórnir sveita, bæja eða upprekstrarfélaga skulu ráða veiðimann, einn eða fleiri, til þess að leita að og vinna greni og minkabæli á þeim svæðum, sem þeim ber skylda til.

Ráða skal sérstakan mann eða menn (skotmenn) til þess að vinna greni. Heimilt er einnig að ráða vökumann, sem skotmaður tekur gildan til þess að vera með skotmanni á greni.

Þar sem betur þykir henta, skal að fengnu samþykki skotmanns ráða sérstakan mann eða menn til þess að vinna mink og minkabæli. Skal sýslumaður, í samráði við veiðistjóra, hafa eftirlit með því, að veiðimenn þessir geri tvisvar á ári að minnsta kosti skipulagða leit á þeim slóðum í lögsagnarumdæminu, sem minka er helzt von, í því skyni að eyða mink.

Veiðimenn þeir, sem hér um ræðir, skulu reiðubúnir til starfs, þegar þörf krefur og hvenær sem greni eða minkabæli finnst.

6. gr.

Óheimilt er öðrum en skotmönnum, sem til þess eru ráðnir samkvæmt 5 gr., að vinna greni eða taka yrðlinga, nema svo hafi staðið á, að ekki hafi náðst til skotmanns í tæka tíð.

7. gr.

Þegar greni finnst, sem lagt er í, hvort heldur í grenjaleit eða á öðrum tíma, skal það ekki yfirgefið, ef kostur er, fyrr en skotmaður er kominn á vettvang. Ef einn maður finnur grenið, og geti hann ekki komið vitneskju til skotmanns nema fara sjálfur, skal hann hraða för sinni og tilkynningu um fundinn svo sem frekast er unnt. Kostnaður við slíkt telst með öðrum refaeyðingarkostnaði.

8. gr.

Skotmenn og vökumenn, sem liggja á grenjum, sbr. 5. gr., skulu taka laun fyrir störf sín samkvæmt samningi við aðila þá, er sjá um vinnslu grenja. Heimilt er að semja um verðlaun fyrir unnin dýr og yrðlinga, þegar ráðningarkjör veiðimanna þessara eru ákveðin.

Á sama hátt skal semja um kaup þeirra manna, er taka að sér að vinna mink og minkabæli, sbr. 5. gr.

9. gr.

Nú vinnst hlaupadýr, og á þá sá, sem vinnur, kr. 250.00 í verðlaun fyrir hverja tófu.

Fyrir hvern mink, sem vinnst, skulu greiddar kr. 125.00 í verðlaun. Oddviti (bæjarstjóri) greiðir verðlaun þessi, enda séu honum færðar sannanir fyrir vinnslu dýranna.

10. gr.

Stjórnir sveitar- og bæjarfélaga skulu halda skrá yfir öll þekkt greni ásamt lýsingu á þeim. Gera má vörður eða skotbyrgi við greni, þar sem þörf er, og skulu skotmenn halda þeim við.

Heimilt er að eyðileggja greni, sem torunnin eru, og lagfæra önnur, sem eru auðunnin. Um slíkar aðgerðir skal hafa samráð við oddvita eða veiðistjóra. Ekki má láta hunda hlaupa á greni á grenjavinnslutímanum né hafa þar óþarfa umgang eða hark.

11. gr.

Skylt er að eitra fyrir refi og minka ár hvert í afréttum og heimalöndum, þar sem þessara vargdýra hefur orðið vart. Skal við eitrun fylgja leiðbeiningum og fyrirmælum veiðistjóra. Stýfa skal hægri væng fugla, sem eitraðir eru. Oddvitar eða bæjarstjórar sjá um eitrun, hver á sínu svæði. Héraðslæknar og lyfjaverzlanir láta oddvitum í té eitur samkvæmt fyrirmælum landbúnaðar- og heilbrigðismálaráðuneytisins.

12. gr.

Oddvitar, bæjarstjórar eða formenn upprekstrarfélaga skulu árlega gera skýrslur um eyðingu refa og minka, hver á sínu svæði, og skulu skýrslurnar, í tvíriti, fylgja reikningum yfir veiðikostnað til sýslumanns. Óheimilt er að greiða reikninga þessa nema veiðiskýrslur fylgi.

13. gr.

Stjórnir sveitarfélaga eða aðrir, sem annast eyðingu refa og minka samkvæmt lögum þessum, skulu ár hvert gera sundurliðað reikningsyfirlit um kostnað við starfsemi þessa. Skulu reikningar lagðir fyrir sýslunefnd til úrskurðar. Nú úrskurðar sýslunefnd reikninga rétta og hóflega, og ber þá að endurgreiða þeim aðilum, sem annast eyðingu minka og refa, ⅚ hluta upphæðarinnar, greiðast ⅔ hlutar af því úr ríkissjóði, en ⅙ hluti úr sýslusjóði.

Veiðistjóri tekur laun samkvæmt VI. flokki launalaga auk nauðsynlegs ferða- og skrifstofukostnaðar.

14. gr.

Landbúnaðarráðuneytið setur að fengnum tillögum veiðistjóra reglugerð um meðferð og notkun eiturs til eyðingar refa og minka, um boga, gildrur, skotvopn og notkun þeirra. Enn fremur um skýrsluhald vegna refa- og minkaveiða.

Einnig er ráðuneytinu heimilt eftir tillögum veiðistjóra að setja fyllri ákvæði í reglugerð um efni þau, sem um ræðir í lögum þessum.

Stjórnarvaldsreglur um eyðingu refa og minka, sem settar hafa verið fyrir gildistöku þessara laga, halda gildi sínu, þar til nýjar reglur hafa verið settar.

15. gr.

Brot gegn lögum þessum eða á reglum eða reglugerðum, sem settar eru með stoð í þeim, varða sektum allt að 10 000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Nú vanrækir sveitar- eða bæjarstjórn að framfylgja fyrirmælum þessara laga, og skal þá landbúnaðarráðuneytinu heimilt að svipta það sveitar- eða bæjarfélag framlagi því úr ríkissjóði, sem gert er ráð fyrir í lögum þessum, eitt ár í senn.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi þremur almanaksmánuðum eftir birtingu þeirra. Frá sama tíma eru numin úr gildi eftirgreind lög og lagaákvæði:

Lög nr. 3 15. febrúar 1895, um auðkenni á eitruðum rjúpum.

Lög nr. 56 25. maí 1949, um eyðingu refa og minka, og lög nr. 10 23. marz 1955, um breytingu á þeim lögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt þingsályktun, sem samþykkt var á Alþingi hinn 22. marz 1956, skipaði ráðuneytið nefnd þriggja manna til að gera tillögur um skipulagðar og samræmdar aðgerðir um land allt í því skyni að vinna að útrýmingu refa og minka.

Í nefndina voru skipaðir Páll Zóphóníasson, búnaðarmálastjóri, tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands, Andrés Eyjólfsson, fyrrverandi alþingismaður, tilnefndur af Stéttarsambandi bænda, og Páll A. Pálsson, yfirdýralæknir, án tilnefningar. Var Páll A. Pálsson jafnframt skipaður formaður nefndarinnar.

Nefndin hefur samið frumvarp það, sem hér liggur fyrir, og fer greinargerð nefndarinnar fyrir frumvarpinu hér á eftir:

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Þar sem frumvarp það, sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir nokkuð annarri skipan þessara mála en tíðkazt hefur, skal vikið stuttlega að hverri grein frumvarpsins fyrir sig:

Um 1. gr.

Samkvæmt ákvæðum þessarar greinar er yfirstjórn þeirra mála, sem varða eyðingu refa og minka, falin landbúnaðarráðuneytinu. Teljum við þessa skipan eðlilega, þar sem spjöll þau, sem vargdýr þessi valda, varða fyrst og fremst landbúnaðinn eða nytjar, sem tilheyra búrekstri.

Álit nefndarinnar er, að eyðing refa og minka komist ekki í viðunandi horf fyrr en ráðinn verði sérstakur maður til þess að hafa með höndum yfirstjórn þessara mála, eins og gert er ráð fyrir í 1. gr. frumvarpsins. Af reynslu undanfarinna ára er ljóst, að þrátt fyrir öll lagafyrirmæli hefur framkvæmd þessara mála á margan hátt verið ábótavant. Með því að fela einum sérmenntuðum dýrafræðingi yfirstjórn mála þessara teljum við, að framkvæmdin ætti að fara betur úr hendi en hingað til og meiri festa skapast í aðgerðum.

Um 2. gr.

Í þessari grein er kveðið nokkuð á um starfsvið veiðistjóra. Hingað til hafa menn þeir, sem fást við minka- og refaveiðar, ekki átt þess kost að fá leiðbeiningar um starf sitt nema að litlu leyti hjá eldri starfsfélaga. Auðsætt er, hve bagalegt það hefur verið að eiga ekki greiðan aðgang að ýmsum fróðleik og leiðbeiningum varðandi þetta starf, en þurfa að læra sem mest af eigin athugun og reynslu. Þó að reynslan sé oft góður skóli, er sá lærdómur, sem hún veitir, jafnan seintækur.

Hér á landi er mikið af glöggum og vönum veiðimönnum með mikla reynslu að baki. Ef tækist að safna reynslu þessara manna saman og miðla þeim yngri og óreyndari, væri það mikill ávinningur. Við það mætti bæta erlendri tækni og aðferðum, þar sem þær hentuðu okkar staðháttum. Hér gæti veiðistjóri innt aðkallandi og nauðsynlegt verk af höndum.

Skýrsluhald allt varðandi refa- og minkaveiðar hefur verið mjög í molum og því erfitt að sjá, hvort miðar áfram eða ekki. Er þó augljóst, hve slíkt skýrsluhald er nauðsynlegt, ef unnt á að vera að gera sér grein fyrir árangri vinnslunnar frá ári til árs, fjölda dýra í landinu o. s. frv. Því eru veiðistjóra lagðar þær skyldur á herðar að hafa með höndum slíkt skýrsluhald.

Loks eru ákvæði um, að tilraunir skuli gerðar með ný vinnslutæki og aðferðir og að veiðistjóri skuli hafa frumkvæði um þau efni. Reynslan hefur sýnt, að við

höfum dregizt nokkuð aftur úr hin síðustu ár í þessu efni. Nægir þar að benda á skotvopnakost veiðimanna, skort á gildrum og bogum, sem oft hefur borið á, eitrunaraðferðir, sem lítið hafa breytzt nú síðastliðin 40—50 ár, o. s. frv.

Í öllum nágrannalöndum okkar eru hagnýtar dýrafræðirannsóknir í höndum sérstakra stofnana, þar sem vinna sérmenntaðir dýrafræðingar, og heyrir vinnsla vargdýra eða tilraunir, er að henni lúta, undir stofnanir þessar. Dr. Finnur Guðmundsson hefur í bréfi til nefndarinnar látið í ljós það álit, að eðlilegt væri að ýmis önnur mál, engu veigaminni en eyðing refa og minka, væru látin heyra undir veiðistjóra, t. d. rannsóknir er lúta að nytjun hlunninda ýmiss konar, svo sem selveiða, fuglaveiða, nytjun bjargfugls, æðarvarps, eftirlit hreindýrastofnsins íslenzka o. s. frv.

Gæti með þessu móti orðið um starfsvið og vísi að stofnun að ræða, svipað því sem tíðkazt hefur lengi í ýmsum nágrannalöndum okkar.

Nefndin er sammála þessum tillögum dr. Finns Guðmundssonar, en við teljum það utan við verksvið það, sem okkur var markað, að taka þær upp, en viljum hins vegar geta þeirra hér, þar sem okkur finnst þær á margan hátt mjög athyglisverðar.

Um 3. gr.

Í þessari grein eru engin nýmæli frá því, sem er í gildandi löggjöf. Þó er veiðistjóra veitt heimild til þess að hlutast til um, að hreppsnefndir vanræki ekki vinnslu vargdýra, og teljum við að á þann hátt skapist nokkuð aukið aðhald.

Þar sem afréttarlönd eru sameiginleg, er framkvæmd falin í hendur stjórnar upprekstrarfélags.

Um 4. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru að mestu samhljóða ákvæðum í núgildandi lögum.

Um 5. gr.

Nýmæli þessarar greinar er fólgið í því, að allsherjarleit að minkum er fyrirskipuð tvisvar árlega, og skulu sérstakir veiðimenn framkvæma leitina. Til þessa munu ekki hafa verið gerðar skipulegar aðgerðir til þess að útrýma mink, en með þessum ákvæðum ætti að komast fastari skipan á eyðingu minksins.

Þar sem starfsaðferðir eru mjög ólíkar við eyðingu refa og eyðingu minka, teljum við heppilegast, að eigi þurfi að fela sömu mönnum bæði þessi störf.

Um 6. og 7. gr.

Greinar þessar eru að efni til samhljóða núgildandi lagaákvæðum og venjum, sem skapazt hafa um þessi mál, og þótti ekki ástæða til þess að gera breytingu á og leyfa hverjum sem væri að fara á greni og vinna þau.

Um 8. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að þeir, sem sjá um grenjaleit og vinnslu grenja, skuli gera sérstakan samning við grenjaskyttur og vökumenn um greiðslu fyrir starfið. Margir þeir menn, sem unnið hafa við þessi störf, telja, að veita beri sérstök verðlaun fyrir þau dýr, sem vinnist á grenjum, slík ráðstöfun geri það að verkum, að menn leggi sig meira fram um að ná sem flestum yrðlingum og dýrum. Hafa ýmsir bent á, að verðlaunin þyrftu að vera mishá, eftir því hve mikill tími fer í það að vinna grenið. Nú munu ráðningarkjör vöku- og skotmanna mjög misjöfn eftir því hvar er á landinu og ráða þar mestu gamlar venjur. Margir telja, að greiðsla sérstakra verðlauna hafi þó enn meiri þýðingu, þegar um minkabæli er að ræða, og er því í greininni gert ráð fyrir, að sömu reglur gildi um þær veiðar. Ekki hefur þótt ráðlegt að setja nein frekari ákvæði um ráðningarkjör veiðimanna yfirleitt, því að víðátta og aðstaða til leita og vinnslu er misjöfn og útbúnaður o. fl. því miskostnaðarsamur. Því er eðlilegast, að sveitar- og bæjarstjórnir leysi þessi mál hver fyrir sig.

Um 9. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að verðlaun fyrir unnin hlaupadýr, þ. e. alla refi, sem vinnast annars staðar en við greni, svo og alla minka, bæði unga og fullorðin dýr, hækki nokkuð frá því sem nú er.

Margir ætla, að hækkun verðlauna muni hvetja menn til þess að vinna að refaveiðum á veturna, líkt og tíðkaðist meðan skinnaverð var hátt. Samkvæmt skýrslum oddvita um refaveiðar undanfarin ár, sem nefndin hefur haft til athugunar, virðist svo sem vetrarveiðar séu enn stundaðar með mjög sæmilegum árangri sums staðar á landinu. Hækkuð verðlaun fyrir hlaupadýr gera veiðarnar því aðeins eftirsóknarverðar, að mikið sé af refum. Þar sem refir eru mjög fáir, er vafasamt, hvort há verðlaun hvetja mikið til að veiða að vetrinum. Þó þótti nefndinni rétt að athuguðu máli að hækka verðlaunin nokkuð.

Hins vegar mun hækkun á verðlaunum fyrir drepna minka sennilega örva nokkuð veiði þessara dýra, einkum í heimalöndum, og gera þeim, er um eyðingu minkanna eiga að sjá, auðveldara að ráða menn til starfsins.

Um 10. gr.

Engin nýmæli eru í þessari grein. Rétt er þó að benda á, að sums staðar hafa glöggar skrár verið haldnar um öll þekkt greni, svo sem lög ákveða, en í öðrum hreppum eru slíkar skrár ekki til, og munu jafnvel dæmi þess, að þekkt greni hafi aftur týnzt vegna brottflutnings eða forfalla kunnugra grenjaleitarmanna. Væri æskilegt að afrit af slíkum skrám ásamt staðarlýsingum væru í vörzlu veiðistjóra og þá jafnframt merkt inn á kort eftir því sem unnt er, enda þótt ekki hafi þótt ástæða til þess að lögfesta slíkt.

Um 11. gr.

Samkvæmt ákvæðum þessarar greinar er skylt að eitra fyrir refi og minka, ef þeirra hefur orðið vart, en hlíta skal við eitrunina fyrirmælum veiðistjóra. Með eitrun í þessari grein er einnig átt við eitraðar lofttegundir, ef þær yrðu notaðar við vinnslu grenja og minkabæla.

Um eitrun fyrir refi hér á landi eru mjög skiptar skoðanir, og mjög lítil reynsla mun vera fyrir hendi um eitrun fyrir minka. Eitrun hefur verið beitt mjög misjafnt um landið. Sums staðar hefur verið eitrað reglulega hvert ár, en annars staðar hefur eitur ekki verið notað að heitið geti árum saman. Þá eru aðferðir við eitrun mjög misjafnar og sums staðar þannig, að vart er hægt að vænta mikils árangurs.

Erfitt er að dæma um árangur eitrunar, því að tófur munu flytja sig nokkuð til milli svæða. Oft finnast þó tófur dauðar af eitri, og kunnugir telja, að á þeim svæðum, sem eitrað er reglulega, leggi tófan í færri og færri greni ár frá ári, og bendir það til þess, að þeim hafi fækkað þar. Annars eru skýrslur um eitrun mjög óglöggar yfir landið sem heild.

Efalaust má þó nota eitrun eða eitraðar lofttegundir sem mjög virkan þátt í baráttu við tófuna. Að sjálfsögðu þarf að hafa fyllstu gát á framkvæmd eitrunar og gott skipulag, svo að eigi hljótist tjón af. Er því gert ráð fyrir, að veiðistjóri skuli segja nákvæmlega fyrir um þetta verk og afhending eiturs háð sérstökum fyrirmælum, svo að tryggt sé, að eitrið sé eingöngu í höndum traustra og trúverðugra manna.

Fuglafriðunarnefnd hefur í bréfi til nefndarinnar tjáð sig andvíga eitrun fyrir refi og minka og fært fram sem rök fyrir þeirri skoðun sinni, að hætta sé á, að útrýmt verði á þann hátt tveim tegundum íslenzkra ránfugla, erninum og fálkanum. Aðrir telja þó meira um vert eyðingu þá, sem minkurinn veldur, einkum á sundfuglum, heldur en þó örn og fálki hyrfu af sjónarsviðinu. Nefndin er þó ekki fyllilega sammála um þetta atriði, og telur einn nefndarmanna (Páll A. Pálsson), að heppilegra væri, að í staðinn fyrir upphafsorð 11. gr., „Skylt er“ stæði: „Heimilt er“. Með þeirri breytingu væri það raunverulega á valdi veiðistjóra, hvar eitrað væri, og væri á þann hátt hægt að taka til greina óskir fuglafriðunarnefndar og eitra

ekki t. d. á þeim hluta Vestfjarða, þar sem heimkynni arnarins eru nú helzt. Fylgt hefur þó verið vilja meiri hluta nefndarinnar í þessu atriði.

Á öðrum stað er nokkuð minnzt á nauðsyn þess að reyna ný eiturefni og eitrunaraðferðir, og skal það ekki endurtekið, aðeins bent á, að sumar þeirra eru ekki eins hættulegar fuglum og aðferðir þær, sem nú tíðkast.

Um 12. gr.

Ætlazt er til þess, að oddvitar taki greinilegar skýrslur af þeim, sem fást við refa- og minkaveiðar, og sendi skýrslur þessar í tvíriti til sýslumanns. Með þessu móti ætti að vera unnt að fylgjast með þróun þessara mála, áætla stærð stofnsins, útbreiðslu hans á vissum landsvæðum, hvar árangur veiðanna er beztur og hvaða vopnum hefur verið beitt þar. Áður hefur verið lögboðið að færa slíkar skýrslur, en víða brostið á, að það hafi verið framkvæmt sem skyldi. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hefur nefndinni ekki tekizt að fá skýrslur frá öllum sýslumönnum, og skýrslurnar hafa sumar verið svo illa færðar, að lítið sem ekkert hefur verið á þeim að græða.

Til þess að girða fyrir slík vanskil, eru í þessari grein ákvæði um, að eigi skuli greiða reikninga fyrir kostnað við eyðingu refa og minka, nema fyrir liggi fullkomnar skýrslur um veiði vargdýra í umdæminu.

Um 13. gr.

Samkvæmt þessari grein er létt nokkru af kostnaði við eyðingu refa og minka af sveitar- og bæjarfélögum frá því, sem nú er, og lagt á ríki og sýslu.

Teljum við þetta réttmætt, þar sem vargdýr þessi eru ekki staðbundin, og þjóðinni sem heild er það tjón, ef fjölgun þeirra verður mikil, en eigi eingöngu hreppum þeim, þar sem dýrin vinnast.

Sveitar- og bæjarfélög bera þó nokkurn hluta kostnaðar, og ætti það að stuðla að því, að fyllstu hagsýni væri frekar gætt, heldur en ef allur kostnaður er greiddur af ríki og sýslu, svo sem sumir hafa talið réttast.

Sýslunefnd skal úrskurða reikninga svo sem verið hefur, enda vel til þess fallin vegna kunnugleika á staðháttum.

Um 14. gr.

Gert er ráð fyrir, að settar verði nokkru fyllri og nákvæmari reglur um leiðbeiningar um eyðingu minka og refa en gilt hafa. Þar til slíkar reglur hafa verið settar, er gert ráð fyrir, að núgildandi stjórnarvaldsreglur haldi gildi sínu.

Um 15. gr.

Auk ákvæða um fjársektir vegna brota á lögum þessum eru í grein þessari ákvæði, þar sem hægt er að svipta sveitar- eða bæjarfélög framlagi ríkissjóðs vegna kostnaðar við vinnslu refa og minka, t. d. ef eigi er leitað í öllum þekktum grenjum á vorin, eða ef leit að minkabælum og eyðing minka er vanrækt, þó að grenjaleit og eyðing refa sé framkvæmd.

Teljum við, að með þessu fáist nokkuð aukið aðhald um framkvæmd laganna.

I. KAFLI

Um refavinnslu og löggjöf.

Refurinn hefur sennilega frá upphafi Íslandsbyggðar verið vargur í sauðahjörð landsmanna. Margar sagnir frá fyrri tímum eru til um ásókn refa á sauðfé, bæði almennt og einnig um einstaka refi, er þóttu öðrum grimmari og slungnari og fengu jafnvel sérheiti. Veitti stundum sami refur bændum þungar búsifjar árum saman. Vegna takmarkaðra vinnslumöguleika var mergð þessara vargdýra víða mikil og því oft ætilítið, ekki sízt í harðindavetrum. Mátti því oft og einatt ekki af sauðfénu líta, er það var á beit. Væri hvarflað frá því stundarkorn, mátti eiga það víst að tófa hefði leynzt í nánd og notað tækifærið til að ná sér í sauðakjöt.

Eins og að var vikið voru vinnslutæki lengst af mjög ófullkomin og afkastalítil. Lengi mun það mest hafa verið gildrur og bogar. Þurfti hvort tveggja mikla ástundun, en árangur tvísýnn. Byssur komu seinna, en voru fátíðar og lélegar. Á síðari hluta 19. aldar var byrjað að eitra fyrir refi. Varð það þegar stórvirkasta aðferðin til útrýmingar refanna. Eru til sagnir um það, að við einn hrossskrokk, sem eitraður var, hafi um vorið legið 30—40 tófur. Voru sumar með hausinn inni í skrokknum. Eitrað var þá með „kransaugum". Fleiri svipaðar sagnir lifa í minnum manna og hafa sumar þeirra verið skráðar. (Sjá t. d. „Úr byggðum Borgarfjarðar").

Alllangt er síðan opinber afskipti hófust um eyðingu refa.

Í Lýsingu Íslands segir Þorvaldur Thoroddsen: „Í alþingissamþykkt um melrakkaveiðar 1295 var ákveðið „at hverr sá maðr, sem hann á 6 sauði at vetri í sinni ábyrgð skal taka einn melrakka gamlan eða tvo unga á 12 mánuðum eða greiða 2 álnir í mat fyrir fardaga." Þetta mun upphaf refatolla eða dýratolla, sem síðan hafa verið goldnir; fyrrum hafa líka verið borguð verðlaun fyrir refadráp. Styrjöldin við tófurnar kostar mikið fé. Kostnaður sveitarsjóða til refaveiða var árið 1907—8 8670 kr. og hefur jafnaðarlega verið 7—9 þúsund krónur árlega seinustu 30 árin. Í Norður- og Austuramti þekktust 1902 2083 greni, og engu færri munu vera til í Suður- og Vesturamti, líklega fleiri, en þaðan vantar skýrslur. Á árunum 1898—1902 voru í Norður- og Austuramti samtals unnin 582 fullorðin dýr og drepnir 1047 yrðlingar, alls fargað 1629 tófum."

1890 eru sett lög um heimild fyrir sýslunefndir til að setja reglugerðir um eyðingu refa, sem amtsráð skal staðfesta. Eru lög þessi byggð á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi frá 1872. Lögum þessum er svo lítils háttar breytt með l. nr. 36 frá 1893. Er þar tekin upp nánari skilgreining á löndum þeim, sem sveitarsjóðir skulu kosta vinnslu á, en það er: Í heimalöndum, í almenningum og í afréttum þeim, sem sveitarfélögin eiga.

Enn er lögunum breytt 1919. Gera þau lög enn ráð fyrir reglugerðum sýslunefnda, sem nú skulu staðfestast af stjórnarráðinu. Þó var eitt nýmæli í þeim lögum, sem ekki var tekið upp við endursamningu laganna, fyrr en við breytingar þær, sem á þeim voru gerðar á Alþingi 1954—1955, en það var fyrirmæli í 3. gr. laganna frá 1919 um það, að skýrslur um eyðingu refa og útlagðan kostnað við hana skulu gerðar af framkvæmdastjórn refaeyðingarsvæða, hvers um sig, eftir fyrirmynd, sem stjórnarráðið semur og sendir sýslumanni eða bæjarfógeta fyrir lok hvers árs. Átti að senda skýrslur þessar sýslunefnd eða bæjarstjórn, sem leiðrétta átti þær, ef ástæða þætti til. Síðan skyldu þær sendar til stjórnarráðsins, sem birta átti þær sem aðrar skýrslur um landshagi á Íslandi.

Árið 1933 var svo lögunum breytt, og eru það fyrstu heildarlög um eyðingu refa fyrir landið allt, reglugerðir einstakra sýslna ekki lengur fyrirskipaðar, leyfðar um einstök atriði, en bannaðar, ef þær koma í bága við lögin. Lög þessi, nr. 108/1933, um refaveiðar og loðdýrarækt, marka ekki nýja stefnu um vinnslu refa. Þau eru einkum einkennd af refaeldinu, sem þá átti sitt blómaskeið, og hinu háa verði, sem þá var á yrðlingum og loðskinnum, enda var þá farið að ala bæði refi og minka í búrum vegna skinnanna.

Loks eru svo núgildandi lög, nr. 56/1949, með þeirri breytingu, sem á þeim var gerð 1955 (l. nr. 10/1955). Merkasta nýmæli laganna frá 1949 var, að nú er kostnaði við refa- og minkavinnslu skipt á milli ríkis, sýslufélaga og hreppsfélaga, enda var svo komið, einkum eftir að óhappið um innflutning og lausagang minkanna átti sér stað, að fátækum og fámennum, en landstórum hreppum var orðið ofviða að halda vargdýrum þessum svo í skefjum sem þjóðarnauðsyn krefst. Þá var gert skylt að eitra fyrir refi og minka þriðja hvert ár í afréttum og heimalöndum. Loks var í lögunum bann gegn minka- og refaeldi. Er það heimild til handa sýslunefndum og bæjarstjórnum. Og samkvæmt lögum um loðdýrarækt nr. 32/1951 er nú ekki lengur heimilt að ala minka í búrum.

Með lögunum frá 1955, um breyt. á lögunum frá 1949, eru gerðar eftirtaldar breytingar:

1. Verðlaun hækkuð úr 60 kr. á hlaupadýr í 180 kr. fyrir refi og 90 kr. fyrir minka.
2. Eitrunarskylda fyrir refi og minka árleg í stað þriðja hvert ár.
3. Ákvæði sett um að ekkert landsvæði verði undanþegið vinnslu.
4. Ákvæði frá 1919 um skýrslugerð tekið upp.
5. Loks var tekið í l. ákvæði l. nr 3/1895, um auðkenni á eitruðum rjúpum, þannig að stýfa skuli hægri væng fugla þeirra, sem eitraðir eru.

Eins og lög þessi bera með sér, þá var tilgangurinn sá, að herða á vinnslu vargdýra þessara; bæði með því að fyrirskipa eitrun árlega, sem ýmsir telja að sé eina ráðið til að halda vargdýrum þessum í skefjum og þeir sem eitrað hafa rækilega áratugum saman telja sig hafa reynslu fyrir því, að tófum hefur stórfækkað, einnig bitdýrum, og einnig með því að fyrirskipa vinnslu á öllum refasvæðum, en eftir hinum eldri lögum var það ekki tryggt, þar sem vinnsluskyldan náði aðeins til sýslufélaga, en eigi til kaupstaða, sem þó eiga sumir slík lönd. Þá var og fyrirskipuð skýrslusöfnun. Séu slíkar skýrslur gerðar samvizkusamlega, ættu þær að geta gefið mikilsverðar bendingar.

II. KAFLI

Um skýrslur og tillögur oddvita.

Formaður kvaddi nefndina saman til fyrsta fundar þann 10. júlí. Var þá þegar ákveðið að kanna þær skýrslur um eyðingu refa og minka, sem oddvitum ber að senda Búnaðarfélagi Íslands, samkvæmt lögum nr. 10/1955. Við þá könnun kom í ljós, að æðimikið vantaði á, að þær skýrslur væru komnar frá öllum oddvitum. Var því ákveðið að gera gangskör að því að innheimta þær skýrslur, sem vantaði, þar sem nefndin taldi þær nauðsynlegan grundvöll, ásamt fleiru, til að byggja tillögur sínar á. Í samræmi við þetta var öllum sýslumönnum skrifað bréf dags. 13. júlí og þeir beðnir um að hlutast til um, að skýrslur þær, sem vantaði, yrðu sendar hið bráðasta. Auk þessa ákvað nefndin að leita frekari gagna og þar á meðal fól hún formanni sínum að afla gagna erlendis frá um eyðingu refa og minka.

Nokkuð hefur síðan borizt af skýrslum oddvita fyrir árið 1955. Hafa þær verið að berast smátt og smátt, þær síðustu eftir áramót. Enn vantar þó 44 skýrslur úr hreppum og frá öllum kaupstöðum nema Ísafirði. Er þó vitað að sumum þeirra fylgja allstór refalönd. Hafa verið gerðar tilraunir, bæði bréflega og símleiðis, að innheimta skýrslur þær, sem vantar. Hafa nokkrir oddvitar sent bréf, þar sem þeir bera fyrir sig, að þeir hafi aldrei fengið hin lögskipuðu eyðublöð.

Nefndin taldi ekki fært að bíða lengur með afgreiðslu þessa máls. Hafði hún undirbúið skýrslur, sem áttu að taka yfir heildarvinnslu refa og minka á öllu landinu, svo og kostnað við þær framkvæmdir, enn fremur að gefa yfirlit yfir þær tillögur, sem menn hefðu fram að færa um vinnslu þessara meindýra. Þrátt fyrir áðurnefnda vöntun taldi þó nefndin rétt að gera útdrátt úr þeim gögnum, sem fyrir hendi voru. Henni er vitanlega alveg ljóst, að þessi útdráttur er ekki tæmandi. En hún taldi þó, að hann mundi gefa bendingar, sem væru betri en ekki, enda yrði að nota þær með áðurnefndum fyrirvara.

Skýrsla I.

Þessi skýrsla skýrir sig að miklu leyti sjálf. Hún sýnir í fyrsta töludálki fjölda hreppa í sýslum og í næsta tölu þeirra hreppa, er sent hafa skýrslur. Þann fyrirvara verður þó að hafa um þær tölur, að nokkrar skýrslur voru þannig gerðar, að þær sýndu eigi nauðsynlega sundurliðun. Er því skýrslan ófullkomnari en skýrslufjöldinn bendir til. Gildir þetta sérstaklega um fjölda þekktra grenja, sem víða vantaði. En þrátt fyrir það áleit nefndin, að skýrslan gæfi það margar bendingar, að rétt væri að taka hana saman.

I.

Útdráttur úr skýrslum þeim, er borizt hafa um refa- og minkavinnslu árið 1955.

Sýslur og kaupstaðir	Tala hreppa		Tala grenja		Eitrað í hr.		Unnin dýr 1955					Vinnsla minka	
	alls	skýrsla úr hr.	þekkt alls	byggð 1955	alls	fyrir kr.	grenja-dýr	yrð-lingar	hlaupa-dýr	á eitri	dýr alls	tala	kostnaður kr.
Gullbringusýsla	8	7	38	8	2	2 717.65	15	37	5	4	61	90	15 900.00
Kjósarsýsla	4	4	12	9	?	–	14	21	–	–	35	75	8 970.00
Borgarfjarðarsýsla	9	9	101	9	5	1 483.20	18	46	–	–	64	184	16 500.00
Mýrasýsla	8	7	128	7	3	1 610.50	12	36	6	5	59	276	23 505.00
Snæfells- og Hnappadalss. .	12	5	?	2	1	386.50	10	17	25	3	55	200	18 000.00
Dalasýsla	9	9	299	29	4	1 841.20	38	91	5	12	146	39	3 480.00
Austur-Barðastrandarsýsla .	5	5	119	14	0	0.00	17	17	29	–	63	1	90.00
Vestur-Barðastrandarsýsla .	6	4	40	9	0	0.00	13	23	60	–	96	0	0.00
Vestur-Ísafjarðarsýsla	6	5	124	7	0	0.00	27	14	34	–	75	0	0.00
Ísafjarðarkaupstaður	1	1	0	0	0	0.00	0	0	3	–	3	–	–
Norður-Ísafjarðarsýsla	9	7	78	5	2	695.00	6	14	187	–	207	0	0.00
Strandasýsla	8	0	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–
Vestur-Húnavatnssýsla	7	7	119	37	1	786.30	39	116	8	–	163	37	4 045.50
Austur-Húnavatnssýsla	10	9	89	20	0	0.00	26	53	27	–	106	75	6 750.00
Skagafjarðarsýsla	14	14	255	28	5	3 702.48	34	113	22	1	170	151	16 095.00
Eyjafjarðarsýsla	12	11	96	3	4	967.75	5	13	10	8	36	0	0.00
Suður-Þingeyjarsýsla	11	9	284	28	2	316.15	71	104	72	3	250	5	7 436.88
Norður-Þingeyjarsýsla	8	7	360	38	1	207.65	55	139	48	4	246	0	0.00
Norður-Múlasýsla	11	11	676	57	4	1 395.35	59	213	17	4	293	0	0.00
Suður-Múlasýsla	16	2	?	1	2	200.00	1	–	2	3	6	0	0.00
Austur-Skaftafellssýsla	6	5	101	26	4	2 250.04	19	102	10	3	134	0	0.00
Vestur-Skaftafellssýsla	7	7	55	5	5	2 157.80	12	26	3	3	44	0	0.00
Rangárvallasýsla	11	11	9	0	3	1 485.80	–	–	1	–	1	183	14 680.00
Árnessýsla	18	16	220	27	10	12 158.35	42	87	9	16	154	326	24 685.00
	216	172	3203	369	58	34 361.72	533	1282	583	69	2467	1642	160 137.38

Skýrsla II.

Á eyðublaði því, sem oddvitum ber að útfylla ár hvert um vinnslu refa og minka og kostnað við hana, er þessi spurning: „Hverjar tillögur til útrýmingar gerið þér?“ Alls hafa 64 skýrslugefendur svarað þessari spurningu. Eru 46 svör viðvíkjandi eyðingu refa, en 25 varðandi útrýmingu minka. — Tölunum ber ekki saman, vegna þess að 7 svara um úrræði til vinnslu beggja flokka þessara meindýra.

II.

Tillögur oddvita um vinnslu refa og minka.
Svör við spurningunni: Hverjar tillögur til útrýmingar gerið þér?

Sýslur	Refir									Minkar								
	Tala hreppa, er svara	Hærri verðlaun	Eitrun	Grenjaleit og grenjavinnsla	Dýrhundar	Betriskotvopn	Sýklasmitun	Táragas	Helikopter-flugvél	Svör frá hreppum	Hækkun verðlauna	Veiðihundar	Skipuleg leit fagmanna	Eitrun	Sýklasmit	Gildrur	Sprengiefni	Róttækar aðgerðir
Gullbringusýsla	1	1	–	–	–	–	–	–	–	1	1	–	–	–	–	–	–	–
Kjósarsýsla	–	–	–	–	–	–	–	–	–	1	–	1	–	–	–	–	–	–
Borgarfjarðarsýsla ...	2	2	–	2	–	–	–	–	–	4	1	1	3	–	–	–	–	–
Mýrasýsla	1	–	1	1	–	–	–	–	–	1	–	–	1	1	–	–	–	–
Snæf.-og Hnappadalss.	1	–	–	1	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–
Dalasýsla	3	–	2	1	–	–	1	–	–	2	1	1	–	–	–	–	–	–
Austur-Barðastr.sýsla.	3	3	–	1	1	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–
Vestur-Barðastr.sýsla.	2	1	–	1	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–
Vestur-Ísafjarðarsýsla.	5	1	2	3	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–
Norður-Ísafjarðarsýsla	4	–	1	3	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–
Strandasýsla	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–
Vestur-Húnav.sýsla ..	1	1	–	–	–	–	–	–	–	1	–	–	–	–	–	–	·	1
Austur-Húnav.sýsla ..	4	2	–	3	–	–	–	1	–	1	1	1	–	–	1	–	–	–
Skagafjarðarsýsla	3	–	2	2	–	–	1	–	–	2	–	–	1	–	1	–	–	–
Eyjafjarðarsýsla	1	–	1	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–
Suður-Þingeyjarsýsla.	2	2	–	1	1	–	–	–	–	1	–	–	1	–	–	–	–	–
Norður-Þingeyjarsýsla	2	1	–	1	1	1	–	–	1	–	–	–	–	–	–	–	–	–
Norður-Múlasýsla ...	3	2	1	–	1	1	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–
Suður-Múlasýsla	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–
Austur-Skaftaf.sýsla ..	3	–	1	2	–	1	1	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–
Vestur-Skaftaf.sýsla ..	1	1	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–
Rangárvallasýsla	1	–	1	–	–	–	–	–	–	6	–	2	3	1	–	1	1	–
Árnessýsla	3	–	3	–	–	–	–	–	–	5	–	2	–	1	1	1	–	–
Alls	46	17	15	22	4	3	3	1	1	25	4	8	9	3	3	2	1	1

Eins og vænta mátti, þá eru hvað refina snertir flestir, sem leggja áherzlu á rækilega grenjaleit á vorin og örugga vinnslu grenjanna. Leggja margir áherzlu á, að farið sé minnst tvisvar yfir refasvæðið. Er það vitanlega mjög áríðandi, því að bæði leggur tófan misjafnlega snemma og einnig leggur hún oft í lítt þekktar holur eða urðir, meðal annars af því að hún nær ekki aðalgrenjunum nógu snemma, en færir sig í betri greni, þegar þau koma upp eða yrðlingarnir fara að stálpast. Einnig er hægara að finna ný greni, þegar yrðlingarnir eru farnir að hlaupa um úti.

Næstflestir, eða 17, óska eftir hærri verðlaunum fyrir hlaupadýr. Aðeins tveir tilnefna upphæðir, 500 kr. hvor.

Þá er þriðji hópurinn, sem leggur til að eitra fyrir refina. Af því að svo virðist sem það sé umdeildasta útrýmingaraðferðin, þá þykir rétt, til viðbótar þeim ályktunum, sem draga má af töflu I, að tilfæra orðrétt það, sem í skýrslunum segir um þessa útrýmingaraðferð.

Eins og skýrsla II sýnir, þá eru það 15, sem mæla með eitrun, en 4, sem telja má mótfallna henni. Skulu fyrst tilfærð ummæli þeirra, en öll þessi svör eru gefin við spurningunni: „Hverjar tillögur til útrýmingar gerið þér?“

1. *Oddviti Klofningshrepps* í Dalasýslu segir: „Eitrun bönnuð.“
2. *Oddviti Rauðasandshrepps* í V.-Barðastrandarsýslu segir: „Er mótfallinn eitrun vegna fuglalífs.“
3. *Oddviti Barðastrandarhrepps* í V.-Barðastrandarsýslu segir: „Almennt er ekki talið æskilegt að eitra hér, það ekki talið eyða býtir, heldur sé það leið til þess að hreinrækta hann.“
4. *Oddviti Ögurhrepps,* N.-Ísafjarðarsýslu: „Eitranir þýðingarlitlar í flestum tilfellum, ef um dýrbít er að ræða.“

Þess skal getið, að ofannefndir oddvitar gera tillögur til útrýmingar, sem falla undir aðra liði skýrslunnar.

Þá eru ummæli þeirra oddvita, sem telja eitrun áhrifamestu og ódýrustu útrýmingaraðferðina við tófuna (og sumir einnig við minkinn):

Oddviti Hvítársíðuhrepps í Mýrasýslu segir: „Rækileg eitrun“ og vísar jafnframt til umsagnar tveggja bænda, sem stundað hafa refaveiðar, annar um áratugi, hinn hátt á annan tug ára. — Þorleifur Þorsteinsson, bóndi á Uppsölum í Hálsahreppi, segir svo: „Eitra rækilega. — Athuga, hvort ekki væru aðrar eiturtegundir líklegri til árangurs en strychnin.“ Um minkavinnslu segir hann svo: „Einnig mundi eitur gera eitthvað í baráttunni við minkinn, því hef ég reynslu fyrir.“ Stefán Ólafsson, bóndi í Kalmanstungu í Hvítársíðuhreppi, segir svo: „Ég er sannfærður um, að ódýrasta og bezta aðferð við eyðingu refa er sú að eitra rækilega. Ég hygg, að flestar tófur fáist til að éta eitur, og líka, að flestar tófur geti lært að drepa fé. Þegar verið er að flokka þessi kvikindi í veiðidýr, hrædýr og bitdýr, álít ég að allt slíkt hjal sé úr lausu lofti gripið.“ Um minkinn segir hann: „Ég tel líka vel trúlegt, að fækka megi mink með eitrun. Það, sem reynt hefur verið hér í þá átt, spáir góðu um það.“

Oddvitinn í Laxárdalshreppi í Dalasýslu: „Líklega helzt með eitrun, en þó einkum sýklahernaði, ef framkvæmanlegt þykir.“

Oddvitinn í Skarðshreppi í Dalasýslu: „Tel að sjálfsagt sé að eitra að vetrinum fyrir refi og ættu að vera fyrirskipanir þar um.“

Oddviti Mosvallahrepps, V.-Ísafjarðarsýslu: „Tel sjálfsagt að reyna að eitra fyrir refi, en sú aðferð á fáa formælendur hér.“

Oddviti Suðureyrarhrepps, V.-Ísafjarðarsýslu: „Engar nema eitrun í harðindatíma.“

Oddviti Reykjarfjarðarhrepps, N.-Ísafjarðarsýslu: „Helzta ráðið til útrýmingar á refum er eitrun á vetrum, þar eð enginn fæst til þess að liggja fyrir þeim á vetrum, eða ganga að tófum.“

Skýrslugjafi Deildardalsupprekstrarfélags, Skagafirði: „Eitra í hörðum vetrum, þegar snjór er yfir allt, samtímis á stóru svæði.“

Oddviti Saurbæjarhrepps, Eyjafjarðarsýslu: „Leggja áherzlu á að eitrun verði framkvæmd sem oftast.“

Oddviti Vopnafjarðarhrepps, N.-Múlasýslu: „Að eitra þá harðindi eru.“

Oddviti V.-Landeyjahrepps, Rangárvallasýslu: „Teljum reynandi eitrun, ef óskaðleg er öðrum skepnum. Sú aðferð er nú tíðkast er vonlaus.“

Skýrslugjafi Ásahrepps- og Holtamannaafréttar, Rangárvallasýslu: „Um eyðingu refa: Skotmenn og eitrun.“

Oddviti Biskupstungnahrepps, Árnessýslu: „Ýmsir telja að bezta ráðið til útrýmingar refum sé rækileg eitrun.“

Oddviti Þingvallahrepps, Árnessýslu: „Allsherjar eitrun á sama tíma að vetrinum, þegar snjór og klaki er yfir öllu.“

Oddviti Grafningshrepps, Árnessýslu: „Ég tel helzt það eigi að eitra silung og

fugla í stórum stíl á veturna, með ám og vötnum, því að minkurinn étur eitrið, ef það er í hans sælgæti."

Refaeyðingarstjóri Hrunamannahrepps: „Að þessu viðbættu hefur svo oft verið eitrað þegar færi hefur gefizt og stundum gefizt vel, en illa gengið að fá refaeitur, sem gagn er að."

Rétt er enn að geta þess, að ýmsir þessara manna eru með tillögur um fleiri úrræði, sem koma fram í öðrum dálkum töflunnar.

Um hin önnur úrræði, sem tafla II sýnir til útrýmingar refum, er ekki ástæða til að ræða. Þau skýra sig sjálf.

Um tillögur þær, sem gerðar eru um eyðingu minka, er hægt að vera fáorður, enda er svo skammur tími síðan hann fór að verða plága hér á landi, að menn eru almennt tæpast farnir að átta sig á tjóni því, er hann veldur, og því síður á hvern hátt gæti tekizt að útrýma honum, eða að minnsta kosti að sporna á móti fjölgun hans.

Minkurinn var fyrst fluttur inn 1931. Þá fékk Gunnar Sigurðsson frá Selalæk eitt „tríó" (tvö kvendýr og eitt karldýr) frá Noregi. 1932 fékk Gunnar allstóra sendingu frá Noregi. Var þá stofnað hlutafélagið h/f Refur. Setti það félag sig niður á Selfossi, en sumt af dýrunum fór austur í Grímsnes. Næsta áratug og allt fram til 1944 voru svo öðru hverju flutt inn minkdýr. Er talið, að þau hafi yfirleitt verið af betri stofni og meira valin en þau dýr, sem fyrst voru flutt inn. Ekki virðist hafa liðið á löngu þar til minkar fóru að sleppa úr búrum og er einkum talið að þau dýr, sem sluppu, hafi verið af lélegasta stofninum, eða þeim, sem fyrst var fluttur inn. Árið 1940 var fyrst farið að greiða fé úr ríkissjóði fyrir dráp villiminka. Þá voru greiddar 30 kr. fyrir minkinn. Sú greiðsla heldur svo áfram og eykst árlega. 1941 er greitt fyrir 34 dýr, 1942 39 dýr, 1943 129 dýr — og 1955 1642 dýr samkvæmt þeim skýrslum, sem borizt hafa nefndinni og tafla I sýnir.

Um tillögur þær til útrýmingar minka, sem oddvitar gefa, nægir að vísa til töflu II. Tillögur þeirra gefa ekki tilefni til nánari skýringa.

Áður en skilið er að fullu við töflur þessar skal þess getið, þar sem það kemur ekki fram á þeim, að margir oddvitar geta þess ýmist á skýrslunum eða í sérstökum bréfum, sem þeir hafa látið fylgja þeim, að stöðugt verði erfiðara að fá hæfar refaskyttur til grenjavinnslunnar og horfi á því sviði til vandræða, þegar hinar gömlu refaskyttur heltast úr lestinni fyrir elli sakir eða af öðrum ástæðum. Er þar sjáanlega um vandamál að ræða, sem tvísýnt er, hvernig ráðið verður fram úr. Til þessa starfs þarf vissa hæfileika og eiginleika. Starfið er kaldsamt í misjafnri tíð, það útheimtir miklar vökur og útilokar reglubundinn vinnutíma. Vegna þeirrar mannfæðar, sem nú er í sveitum, er ekki um marga menn að velja til þess að taka við þessum starfa af hinum eldri.

Hér getur því fyrr en varir orðið um vandamál að ræða, sem verða kann erfitt úrlausnar. Hvetur það ásamt öðru til að leita annarra úrlausna um eyðingu þessara vargdýra, refsins og minksins.

III. KAFLI

Kostnaður.

Kostnaður við eyðingu refa og minka hefur farið ört hækkandi hin síðari ár.

Ef taka á upp skipulega leit og útrýmingu á minkum eins og gert er ráð fyrir í frumvarpi nefndarinnar, mun kostnaður þessi aukast að mun. Erfitt er að gera sér grein fyrir, hve miklu sá viðbótarkostnaður nemur. Minka hefur orðið vart á öllu svæðinu frá Rangárvallasýslu vestur og norður að Suður-Þingeyjarsýslu, að Vestfjörðum undanskildum að mestu. Skipulegar minkaleitir á svo stóru svæði hljóta að kosta mjög mikið fé, þar sem einnig verður að leita minksins í óbyggðum, í nokkrum hluta þess svæðis að minnsta kosti. Einnig mun hækkun verðlauna fyrir unnin dýr hafa í för með sér nokkra hækkun á heildarkostnaðinum við eyðinguna. Hins

vegar telur nefndin, að útgjöld þau, sem óhjákvæmileg eru í sambandi við starf veiðistjóra, muni fljótlega sparast aftur óbeint, ef honum tekst að koma á betra og hagkvæmara skipulagi og taka upp ódýrari og fljótvirkari veiðiaðferðir, t. d. við vinnslu grenja og minkabæla, en þó fyrst og fremst vegna meiri árangurs af veiðistarfinu í heild.

Eftirfarandi tafla sýnir heildarkostnaðinn við eyðingu refa og minka undanfarin 3 ár. Taflan byggist á tölum frá sýslumönnum og bæjarfógetum. Nokkru kann að skeika um einstök ár, vegna þess að greiðslur fyrir unnin dýr hafi flutzt á milli ára, eða eyðingarkostnaður hjá einstökum hreppum hefur verið dreginn saman og greitt t. d. fyrir tvö ár í senn.

Skekkja sú, er af þessu stafar, er þó svo óveruleg, að hún raskar ekki að neinu verulegu leyti þeirri heildarmynd, sem taflan sýnir. Í skýrslu þessari er ekki greindur sundur kostnaður við eyðingu refa og minka í hverri sýslu, þar sem sú sundurliðun var oft mjög óljós í gögnum þeim, er nefndin hafði til afnota, en upphæðir þær, sem greiddar eru í hverri sýslu um sunnan- og vestanvert landið fyrir mink, eru allverulegar.

Eins og taflan sýnir er heildarkostnaður við eyðingu refa og minka árið 1955 kr. 1298202.96, og er allmiklu hærri en næsta ár á undan. Jafnframt má geta þess, að árið 1945 nam verðmæti útfluttra skinna af refum og minkum samtals kr. 1559480.00 samkvæmt verzlunarskýrslum. Nú er þessi útflutningur nær enginn, eða að verðmæti alls kr. 35545.00 árið 1955. Árið 1945 voru greidd verðlaun fyrir 122 villiminka, en 10 árum síðar, 1955, fyrir 1642 minka alls. Virðist því mjög hafa skipazt til hins verra í þessum efnum síðastliðin 10 ár.

Skýrsla um kostnað við eyðingu refa og minka 1953—1955.

	1953 kr.	1954 kr.	1955 kr.
Gullbringu- og Kjósarsýsla	52 708.05	52 706.46	106 031.08
Borgarfjarðarsýsla	26 439.05	30 377.00	38 910.55
Mýrasýsla	23 816.20	29 653.99	48 532.99
Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla	45 383.41	63 006.39	63 487.23
Dalasýsla	44 338.83	53 634.16	63 125.60
Barðastrandarsýsla	27 745.44	29 574.93	56 041.08
Vestur-Ísafjarðarsýsla	16 975.50	23 809.62	24 521.20
Ísafjörður	–	–	540.00
Norður-Ísafjarðarsýsla	21 006.27	22 296.96	43 744.88
Strandasýsla	34 800.25	46 772.62	48 987.00
Vestur-Húnavatnssýsla	31 416.98	48 445.74	68 365.82
Austur-Húnavatnssýsla	39 979.00	48 488.50	63 581.86
Skagafjarðarsýsla	49 922.18	71 879.12	85 678.10
Eyjafjarðarsýsla	31 534.86	25 464.45	23 368.21
Suður-Þingeyjarsýsla	50 104.85	60 272.75	89 933.74
Norður-Þingeyjarsýsla	48 582.81	52 267.97	94 729.28
Norður-Múlasýsla	91 612.58	110 139.22	111 757.76
Suður-Múlasýsla	27 848.40	37 640.54	40 068.23
Austur-Skaftafellssýsla	31 110.12	28 875.89	49 075.02
Vestur-Skaftafellssýsla	32 725.48	34 164.30	41 416.38
Rangárvallasýsla	20 292.83	20 114.11	31 587.83
Árnessýsla	78 563.19	86 398.50	79 039.12
Reykjavík	9 786.45	19 483.97	25 140.00
Ólafsfjörður	–	–	540.00
Akraneskaupstaður	–	120.00	–
	836 692.27	995 587.19	1 298 202.96

IV. KAFLI

Aðgerðir gegn refum og minkum í öðrum löndum.

Nefndin hefur leitað upplýsinga til ýmissa aðila erlendis, sem fylgjast með eða hafa með höndum eyðingu refa og minka.

Í öllum nágrannalöndum okkar eru starfandi stofnanir, sem hafa með höndum hagnýtar dýrafræðirannsóknir og fylgjast með villidýrastofnum, friðunarákvæðum, eyðingu vargdýra o. s. frv. Hefur nefndin snúið sér til þeirra og hafa eftirtaldar stofnanir veitt nefndinni ýmsar upplýsingar varðandi þessi mál:

1. Agricultural Protection Board, Department of Agriculture, Perth, Australia.
2. Ministry of Agriculture, Fisheries and Food, Infestation Control Division, England.
3. Viltbiologisk Station, Kallö, Danmark.
4. State of New York Conservation Department, New York.
5. Michigan Department of Conservation, Lansaig, Mich.
6. Fish and Wildlife Service, United States Department of the Interior, Washington D. C.
7. Statens Veterinär medisinska Anstalt, Stockholm.
8. Statens Veterinære Serum Laboratorium, Köbenhavn.
9. Statens Viltundersökelser, Oslo.

Hjá nágrannaþjóðum okkar í Evrópu, þar sem fjallrefurinn er enn til, er hann friðaður, þar sem óttazt er, að ella verði honum útrýmt með öllu, því að svo auðvelt er þar talið að veiða hann. Sama máli gegnir raunar um rauðrefinn, hann nýtur einnig friðunar í Norður-Evrópu hluta úr árinu.

Í þessum löndum eru refaveiðar ekki stundaðar í sama augnamiði og hér á landi, heldur öllu fremur sem dægradvöl fyrir þá menn, sem gaman hafa af því að stunda veiðar. Í Danmörku eru t. d. drepnir árlega 30000 refir, en stofninum virðist ekki fara fækkandi fyrir það, enda eru þeir sem veiðarnar stunda ekki hlynntir því, að honum fækki um of.

Undir lok síðasta stríðs kom í ljós, að refastofninn í sumum löndum Evrópu hafði smitazt af hundaæði. Til þess að reyna að hamla gegn útbreiðslu þessa ægilega sjúkdóms var tekið það ráð að útrýma refum á samfelldum landssvæðum til þess að hefta á þann hátt útbreiðslu sjúkdómsins. Í þessum tilgangi voru leituð uppi greni (oft með aðstoð hunda) eftir því sem tök voru á og eiturefni (Cymack) dælt eða mokað inn í grenin. Efni þetta, sem er fíngert duft, breytist við áhrif rakans í greninu í eitraða lottegund, Cyanvatnsefni (blásýru), og drepur allt kvikt. Eitur þetta hefur þann kost, að það er ekki talið hættulegt öðrum dýrum en þeim, sem í greninu eru, þegar það er notað á þennan hátt, ef full gát er höfð um meðferð þess. Sá annmarki er þó á, að hið eitraða loft helzt ekki í greninu nema frekar stuttan tíma. Af reynslu, sem fengizt hefur með tilraunum á þessu efni, virðist lofttegund þessi drepa tilraunadýr samstundis, og er að því leyti gott, að dýrin kveljast ekki.

Þegar slík herferð hefur verið framkvæmd nokkur ár í röð, virðist sem takast megi að útrýma refunum að mestu. Nefndin hefur aflað sér upplýsinga um eina slíka herferð gegn refum, er var gerð fyrir nokkrum árum í Suður-Jótlandi og virtist takast með ágætum. Sama aðferð hefur verið notuð í tilraunaskyni til að eyða minkum og er árangur talinn mjög góður. Þessi aðferð mun án efa vel nothæf hér á landi, þar sem greni eru þannig gerð, að auðvelt er að þétta þau, og þar sem aðferðin er fljótvirk og örugg, ætti að hefja tilraunir með hana hér á landi sem fyrst. Þess skal getið, að í Bandaríkjunum er eitur þetta, „Cyanogas", selt almenningi í verzlunum, hættulegra og vandmeðfarnara er það ekki talið þar í landi. Í Noregi er notkun þess aftur á móti bönnuð. Í Bandaríkjunum er unnið að tilraunum með aðrar eiturtegundir fyrir refi, sem þannig er útbúið, að ekki stafi hætta af

fyrir fólk eða hunda, og er full ástæða til þess að fylgjast með tilraunum þessum svo sem kostur er. Í Bandaríkjunum hafa verðlaun lengi verið greidd í mörgum ríkjum fyrir hvern drepinn ref, en nú telja þeir, sem gerst ættu að þekkja til, að verðlaun nái alls ekki tilætluðum árangri. Í sumum ríkjum Bandaríkjanna virðist mest áherzla lögð á eitrun eða eitra greni með eiturlofti. Annars markast baráttan gegn refum í sumum ríkjum Bandaríkjanna af sjúkdómum þeim, sem refirnir geta borið í menn og skepnur (hundaæði).

Refir voru fyrst fluttir til Ástralíu 1917. Síðan hefur þeim fjölgað óðfluga og er stofninn nú talinn margar milljónir og veldur miklu tjóni. Síðan 1928 hafa verið greidd verðlaun fyrir unnin dýr, en þeir, sem starfa að þessum málum þar í landi, telja verðlaunakerfið gagnslaust til þess að útrýma refunum. Telja þeir, að eina leiðin til þess að halda refastofninum í skefjum séu vel skipulagðar eitrunaraðgerðir. Samkvæmt reynslu manna í Ástralíu er stryknin alkaloid talið mjög hentugt refaeitur. Mest er eitrað í kjötbita og tólg eða mör, innyflabita, fuglshausa o. s. frv. Eitrið er útbúið í hæfilega stórum tölum og er ein tala látin í hvern bita með því að skera djúpan skurð í agnið og smeygja tölunni inn í bitann. Það er eftirtektarvert við reynslu Ástralíumanna, að þeir ráða frá því að nota uppleysanlegt stryknin, en það er sú eiturtegund, sem lengst af hefur verið notuð hér á landi sem refaeitur. Telja þeir, að margir refir fælist það vegna þess, hve bragðið af vatnsuppleysanlegu stryknini er sterkt og beiskt. Ef agnið er haft hæfilega stórt, gleypa refirnir það í heilu lagi, og sé snyrtilega frá eitrinu gengið, fylgir því ekki beiskjubragð. Eitur þetta er miklu hægvirkara en vatnsuppleysanlegt stryknin, og þess vegna geta refirnir oft farið langan veg áður en eitrið verkar.

Villiminkar eru óþekktir í Ástralíu.

Í Ástralíu er unnið að ýmsum tilraunum til þess að finna aðrar heppilegar aðferðir til að útrýma refum, og er full ástæða til þess að fylgjast með þeim.

Í Svíþjóð hafa minkar sloppið úr haldi eins og hér á landi og í sumum héruðum valdið nokkru tjóni. Engar skipulagðar aðgerðir gegn villimink eru fyrirskipaðar þar í landi. Mest eru notaðar gildrur og skotvopn. Tilraunir með svefnlyf (chloralos), sem notað er í agn, hafa gefið góðan árangur.

Í Noregi er reynt að halda refunum í skefjum með því að borga verðlaun fyrir unnin dýr. Oftast eru verðlaunin 20—30 norskar krónur, en sums staðar miklu hærri, allt að 200 norskum krónum fyrir hvert dýr, sem drepið er, en þrátt fyrir þessi háu verðlaun virðist stofninn ekki minnka, jafnvel telja sumir, að refunum í Noregi fari fjölgandi. Svefnlyf (veronal) hefur nokkuð verið notað sem refaeitur og er árangurinn talinn sæmilegur. Stjórnarvöld einstakra héraða hafa allfrjálsar hendur um aðgerðir gegn refum og því eru aðgerðir nokkuð mismunandi.

Minkar hafa sloppið úr haldi í Noregi og nokkuð er þar um villimink. Skipulagðar aðgerðir til útrýmingar honum um land allt hafa ekki verið gerðar, en í einstökum héruðum hafa útrýmingaraðgerðir verið teknar allföstum tökum. Vegna ólíkra náttúruskilyrða mun þó takmarkað, hve mikið við getum fært okkur í nyt reynslu Norðmanna í þessu efni. Norskir dýrafræðingar telja skaða þann, sem minkar og refir valda þar í landi, hvergi nærri eins mikinn og almenningur álítur.

Í Bretlandi eru villiminkar varla til. Einstöku sinnum sleppa þeir út, en eru oftast veiddir aftur í gildrur innan fárra daga. Svipuð mun reynslan vera í Danmörku.

Í Bretlandi er bannað að nota eitur í agn, en greni eru svæld með eiturlofti (Cymack). Annars nota Bretar mest skotvopn og hunda við refaveiðar.

Eftir þeim upplýsingum að dæma, sem nefndin hefur aflað, höfum við hér á landi nokkra sérstöðu varðandi eyðingu refa, auk þess sem staðhættir allir og lífsskilyrði eru ólík því, sem annars staðar þekkist. Svipuðu máli gegnir með minkinn. Þar sem hann hefur sloppið úr haldi í nágrannalöndunum, virðist hann ekki hafa náð eins örri og mikilli útbreiðslu eins og hér og ekki vera neitt sérstakt vandamál. Mun það byggjast á því, að meir hefur þar verið hirt um að ná minkum, sem

sloppið hafa, og auk þess munu minkar eiga þar sína náttúrlegu fjendur, sem ekki eru til hér á landi.

Ekki hafa því verið skipulagðar aðgerðir til útrýmingar á mink í nágrannalöndum vorum, enda þótt minkaveiðar séu töluvert stundaðar í sumum löndum vegna skinnanna. Þó að við getum ýmislegt af öðrum þjóðum lært í þessum efnum, virðist sem við verðum samt fyrst og fremst að byggja á okkar eigin reynslu og aðhæfa aðferðir, sem annars staðar eru þekktar, íslenzkum staðháttum.

Hér er því mikið verkefni, sem vinna þarf. Mikil innlend þekking og reynsla er þegar fyrir hendi í þessum efnum. Er nauðsynlegt að gera ráðstafanir til þess, að hún komi að sem fyllstum notum. Þarf því að safna saman reynslu þeirra manna, sem stundað hafa refa- og minkaveiðar með beztum árangri, svo að aðrir geti fært sér hana í nyt. Hundar hafa víða verið notaðir við minkaveiðar, og virðist oft sem tilviljun hafi ráðið, að hundarnir tóku upp á veiðum þessum. Hundum, sem sýnt hafa hæfni til minkaveiða, þyrfti að æxla saman til þess að reyna að fá á þann hátt hunda, sem nokkra kynfestu hefðu sem góðir minkveiðihundar. Einnig kæmi til mála að flytja inn hunda af kynjum, sem líkleg þykja til minkaveiða. Nauðsynlegt er að gefa mönnum kost á leiðbeiningum við temslu hunda í þessu skyni, því að flestallir munu ófróðir í þeim efnum hér á landi. Þess má geta, að þegar mun til vísir að hundastofni hér á landi af útlendu kyni, sem talið er mjög líklegt sem gott minkaveiðikyn. Uppeldi slíkra hunda og þjálfun þeirra þyrfti ekki að vera mjög kostnaðarsöm, ef skipulega væri á málum haldið.

Minkar hafa nú numið hér land og náð útbreiðslu í mörgum héruðum. Virðast lífsskilyrði fyrir þá hagstæð, og hættulega óvini í ríki íslenzkrar náttúru eiga þeir ekki. Má því búast við, að mjög verði erfitt að útrýma þeim til fulls, ef dæma má eftir reynslu þeirri, sem menn hafa í öðrum löndum, þar sem svipað hefur verið ástatt. Þótt takast mætti að útrýma minkum inn til landsins, má búast við, að þeim verði seint útrýmt við ströndina, þar sem lífsskilyrðin eru bezt.

Við veiði á minkum virðast gildrur ýmiss konar mest notaðar. Er gerð þeirra nokkuð mismunandi, og erfitt að segja hver hér hentar bezt, þó að ýmsir, sem hér hafa reynt þessar gildrur, hafi ákveðnar skoðanir í því efni.

Má í því sambandi minna á, að Íslendingar, sem fengizt hafa við minkaveiðar, hafa sumir lýst í blöðum og tímaritum útbúnaði á gildrum, sem þeir telja heppilegastar. Þá hafa og flutzt hingað til lands ýmsar tegundir af gildrum, sem notaðar eru í öðrum löndum. Er dómur manna á þeim misjafn, auk þess mun nokkuð fara eftir staðháttum, hvaða gerð á bezt við. Þessi mál þarf því að rannsaka nokkru nánar og safna saman áliti reyndra veiðimanna, svo að unnt sé að gefa um þessi efni haldgóðar leiðbeiningar.

V. KAFLI

Sjúkdómar og sýklahernaður.

Ýmsir hafa borið fram tillögur um að koma af stað sýkingu í minka- og refastofninum. Slík aðferð hefur um langan aldur verið notuð í baráttunni gegn rottum, einnig hér á landi (Ratin), oft með verulegum árangri. Hin síðari ár hefur aðferð þessari einnig verið beitt gegn kanínum, þar sem þær valda miklu tjóni, t. d. í Ástralíu.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem við höfum aflað, virðist slíkri aðferð hvergi hafa verið beitt gegn refum og minkum. Hins vegar er vitað um, að ýmsir næmir sjúkdómar herja þessi dýr, má þar nefna t. d. hundaæði, minka- og refapest, næma heilabólgu í refum, kláðamaura o. s. frv. Þótt vitað sé, að sumir þessara sjúkdóma hafi öðru hvoru náð töluverðri útbreiðslu, er þó þekking manna á eðli þessara sjúkdóma meðal villtra refa og villiminka mjög takmörkuð, þar sem þetta efni virðist hafa verið lítið rannsakað. Oft virðast sjúkdómar þó geta höggvið nokkurt skarð í stofninn, og er reynsla fyrir því bæði á Grænlandi og í Norður-Ameríku. Fljótlega

hefur stofninn þó aukizt á ný, og það jafnvel þótt um eins alvarlega sjúkdóma og faraldur af hundaæði eða næma heilabólgu hafi verið að ræða.

Hér á landi hafa næmir sjúkdómar, er herjað geta minka og refi, ekki verið rannsakaðir, svo að kunnugt sé. Ýmsir álíta þó, að hin síðari ár hafi borið á fári, einkum í minkum, en eigi hefur það verið staðfest. Engan veginn væri slíkt þó óhugsandi, þar sem talið er, að fárs í loðdýrum hafi áður orðið vart hér á landi, meðan dýr þessi voru enn geymd í búrum. Væri þýðingarmikið að fá staðfest, hvort sú mikla fækkun minka, sem margir telja að átt hafi sér stað í sumum héruðum, stafi af næmum sjúkdómi eða hvort aðrar orsakir komi þar til. Ef hér er um næman sjúkdóm að ræða, kynni að vera unnt að halda honum við, magna hann og dreifa út á stöðum, þar sem mikið er af minkum og sjúkdómsins hefur ekki orðið vart áður.

Þó að ýmsir næmir sjúkdómar, sem sýkja minka og refi í girðingum og búrum, hafi verið allítarlega rannsakaðir, vantar þó enn mikið á, að sú þekking sé svo gagnger, að menn hafi þá fullkomlega á valdi sínu. Einkum á það við sjúkdóma, sem veirur valda. Minkafár, sem af mörgum er talinn álitlegastur næmra sjúkdóma til þess að sýkja minkastofninn, er t. d. mjög breytilegur sjúkdómur, stundum veldur hann miklu tjóni, drepur ca. 60% af öllum dýrum á búinu, en stundum eru sárafá dýr sem drepast, þó að flestöll veikist. Enn er ekki vitað, hvað þessum mismun veldur. Sama máli gegnir, þegar reyna á að sýkja mink í búrum með minkafárveiru, sýkingin tekst stundum svo vel, að yfir helmingur dýranna drepst, en stundum svo illa, að aðeins fáein dýr drepast, þótt nákvæmlega sömu aðferðir séu notaðar í bæði skiptin. Þekking okkar virðist enn of takmörkuð á þessum sjúkdómi. Svipað kemur í ljós, þegar aðgætt er, hvernig mönnum hefur tekizt til við aðra næma sjúkdóma, sem hægt væri að beita gegn refum og minkum. Við það bætist svo, að sumir þeir sjúkdómar, sem hér um ræðir, eru hættulegir húsdýrum, hundafár, og jafnvel mönnum, hundaæði, og koma af þeim sökum vart til greina.

Enda þótt takast mætti að finna sýkingarefni, sem hægt væri að nota til að koma af stað faraldri í refa- og minkastofninum, mun þó fráleitt að ætla, að það eitt gæti útrýmt dýrum þessum til fulls. Ef til samanburðar er tekin hin ægilega drepsótt, myxomatosis, sem tókst að koma af stað í kanínum í Ástralíu og víðar, sést að í byrjun virtust kanínurnar verða nær aldauða á stórum svæðum, en þegar frá leið, kom í ljós, að þeim hafði á engan hátt verið útrýmt til fulls og fjölgar nú aftur.

Ætla má þó, að allverulegt gagn væri hægt að hafa af smitefni, sem kæmi af stað banvænni drepsótt í refa- og minkastofninum. Því ætti það að vera eitt af viðfangsefnum í baráttunni gegn vargdýrum að einangra slík smitefni og gera tilraunir með notkun þeirra. Væri eðlilegt, að veiðistjóri hefði forgöngu um það mál og nyti aðstoðar rannsóknastofnana þeirra, er lúta Háskólanum og fást við læknis- og meinafræði, því að án alls efa þarf mikinn og tímafrekan undirbúning og tilraunir, áður en vænta má nokkurs árangurs.

Ed. 395. Breytingartillaga [10. mál]

við frv. til l. um dýravernd.

Frá menntamálanefnd.

Við 16. gr. Greinin orðist svo:

Menntamálaráðuneyti hefur yfirstjórn allra mála, er varða dýravernd. Ráðuneytið nýtur aðstoðar dýraverndarnefndar um stjórn þeirra málefna. Menntamálaráðuneyti skipar nefndina til fjögurra ára í senn. Í nefndinni eiga sæti 5 menn. Skal einn nefndarmanna skipaður eftir tillögu Búnaðarfélags Íslands, einn eftir

tillögu Dýraverndunarfélags Íslands, einn eftir tillögu Hins íslenzka náttúrufræðifélags, einn eftir tillögu Dýralæknafélags Íslands. Menntamálaráðuneyti skipar einn nefndarmann án tilnefningar, en nefndin kýs sér formann úr sínum hópi.

Tillagna dýraverndarnefndar skal leitað við setningu reglugerða eða annarra stjórnvaldsreglna um dýravernd. Nefndinni er og skylt að gera tillögur til menntamálaráðuneytis um allt það, sem horfir til framdráttar dýravernd í landinu. Dýraverndarnefnd skal láta löggæzlumönnum, ákæruvaldi og dómstólum í té umsagnir um málefni, er varða dýravernd, eftir tilmælum þeirra. Nefndin skal enn fremur beita sér fyrir því að auka þekkingu manna og skilning á dýraverndarmálum.

Dýraverndarnefnd starfar kauplaust, en framlagðan kostnað fær hún greiddan úr ríkissjóði eftir reikningi, er menntamálaráðherra samþykkir.

Nd. 396. Nefndarálit [102. mál]

um frv. til l. um breyt. á heilsuverndarlögum, nr. 44/1955.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin samþykkir að mæla með frumvarpinu.

Alþingi, 2. apríl 1957.

Steingr. Steinþórsson, form. Gunnar Jóhannsson, fundaskr. Kjartan J. Jóhannsson, frsm.

Ragnhildur Helgadóttir. Ben. Gröndal.

Ed. 397. Frumvarp til laga [143. mál]

um breyting á lögum nr. 25 1955, um breyting á lögum nr. 23 1953, um leigubifreiðar í kaupstöðum.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

1. málsl. 1. gr. laganna orðist svo:

Samgöngumálaráðuneytinu er enn fremur heimilt, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélags og meðmælum bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, að takmarka fjölda leigubifreiða í kaupstöðum og í þeim kauptúnum, þar sem íbúar eru 700 eða fleiri, hvort heldur er fólks- eða vörubifreiðar, annað hvort eða hvort tveggja.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 398. Lög [99. mál]

um sölu og útflutning sjávarafurða o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 2. apríl.)

Samhljóða þskj. 193.

Nd. **399. Frumvarp til laga** **[10. mál]**

um dýravernd.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

I. KAFLI
Um meðferð dýra.

1. gr.

Skylt er að fara vel með dýr, svo að þau þjáist ekki að nauðsynjalausu.

2. gr.

Öllum þeim, sem eiga dýr eða ráða yfir þeim að öðru leyti eða hafa umsjá með dýrum fyrir eiganda þeirra eða annan rétthafa, er skylt að sjá svo um, að dýrin fái nægilegt vatn og fóður við þeirra hæfi og viðhlítandi umhirðu. Eiganda eða öðrum rétthafa er skylt að sjá dýrum fyrir hæfilegum vistarverum (geymslustað, vörzlustað), skjólgóðum og rúmgóðum, enda er skylt að ræsta slíka staði með viðunandi hætti.

3. gr.

Óheimilt er:

1. Að beita bareflum á dýr, ef hætt er við, að slíkt spilli heilsu dýra eða valdi þeim miklum sársauka.
2. Að tjóðra dýr eða hefta frelsi þeirra með öðrum hætti, svo að það valdi dýrum kvölum.
3. Að ofbjóða þoli dýra við vinnu eða rekstur eða með öðrum hætti.
4. Að svíða hár eða húð dýra í stað þess að klippa þau eða í því skyni að eyða lús eða öðrum óhreinindum.

4. gr.

Óheimilt er að temja dýr eða aga í því skyni að sýna þau almenningi eða til þess að taka af þeim kvikmyndir, ef tamning dýra í þessu skyni veldur þeim miklum sársauka.

Óheimilt er að hafa dýr til sýnis hér á landi, nema leyfi lögreglustjóra þar á vettvangi, sem sýning á að fara fram, komi til. Menntamálaráðuneyti er rétt að setja sérstakar reglur um eftirlit með starfsemi þeirra manna, sem hafa dýr til sýnis, svo sem um búr, geymslu dýra og heilbrigðisráðstafanir. Ákvæði þessarar málsgreinar taka ekki til búfjársýninga.

Óheimilt er að setja á stofn dýragarða eða koma upp annars konar söfnum lifandi dýra, nema samþykki lögreglustjóra komi til. Menntamálaráðuneyti er heimilt að setja reglugerð um eftirlit með slíkum stofnunum og um aðbúnað að dýrum.

5. gr.

Nú eru dýr eignarmörkuð, og er þá skylt að gæta þess, að mörkunin sé dýrinu jafnkvalalítil og kostur er. Óheimilt er að eyrnamarka fé svo, að meira en helmingur eyrans sé numinn brott.

6. gr.

Nú sýkist dýr eða lemstrast, og er þá eiganda (umráðamanni) skylt að sjá dýrinu fyrir hæfilegri umönnun, en deyða það, ef dýr er helsjúkt eða lemstur banvæn.

7. gr.

Við flutning á dýrum skal þess sérstaklega gætt, að notað sé viðhlítandi farartæki í þessu skyni og dýr njóti hæfilegs aðbúnaðar, meðan á flutningi stendur

II. KAFLI
Um deyðingu dýra og aðgerðir á dýrum.

8. gr.

Þegar dýr eru deydd, ber að gæta þess, að deyðing fari fram með jafnhröðum og sársaukalitlum hætti og frekast er völ á.

Menntamálaráðherra setur nánari ákvæði um þetta í reglugerð.

9. gr.

Óheimilt er að stertstýfa hross, nema það sé gert af heilbrigðisástæðum og að ráði dýralæknis. Dýralæknum einum er heimilt að framkvæma þá aðgerð, og skal deyfa dýrið við aðgerðina. Ákvæði þessi eiga einnig við um skurð á hala á kúm eða á eyrum og rófum á hundum. Þó er heimilt að stýfa rófu á hvolpum, vikugömlum eða yngri.

10. gr.

Löggiltum dýralæknum einum er heimilt að framkvæma læknisaðgerðir á dýrum í öðrum tilvikum en þeim, sem getur í 9. gr., ef ætla verður, að aðgerð muni baka dýri verulega þjáningu. Nú er miklum örðugleikum bundið að ná til dýralæknis eða mjög kostnaðarsamt að kveðja dýralækni á vettvang, og skal þá reyna eftir föngum að leita læknisráða hjá dýralækni um framkvæmd aðgerðar. Hinu sama gegnir, ef vinda þarf svo bráðan bug að aðgerð, að ekki er gerlegt að kveðja dýralækni á vettvang.

III. KAFLI
Um notkun dýra í vísindalegum tilgangi.

11. gr.

Óheimilt er án leyfis yfirdýralæknis að nota dýr við vísindalegar rannsóknir eða tilraunir eða í sambandi við kennslu, ef samfara þessu eru sérstakar aðgerðir á dýrinu, blóðtaka eða dæling efna í dýrið eða yfirleitt, ef meðferð á dýri í þessu skyni vekur dýrinu sérstakan ótta eða þjáningu. Sama gegnir, ef dýr eru notuð við framleiðslu lyfja eða til svipaðra þarfa.

Menntamálaráðuneyti er rétt að setja nánari reglur um efni þau, sem greinir í 1. málsgrein.

Úrlausn yfirdýralæknis samkvæmt 1. málsgrein má skjóta til menntamálaráðuneytis, er úrskurðar mál til þrautar.

12. gr.

Við tilraunir eða aðgerðir á dýrum samkv. 11. gr. ber að gæta þess að baka dýrum ekki meiri þjáningu en óhjákvæmilegt er og nota deyfingu, þar sem við verður komið. Nú verður að ætla, að dýr kveljist, vegna tilrauna eða aðgerðar, til langframa, og skal þá deyða það, er tilraun eða aðgerð er um garð gengin.

IV. KAFLI
Um eftirlit með framkvæmd laganna o. fl.

13. gr.

Löggæzlumenn skulu hafa vakandi auga með því, að lögum þessum sé hlýtt.

Nú kemst löggæzlumaður að því, að aðbúnaði að dýri er ábótavant, eða verður áskynja um annars konar brot á lögum þessum, og skal hann þá gera lögreglustjóra viðvart, ef ekki verður ráðin bót á þessu þegar í stað. Skal lögreglustjóri leggja fyrir aðilja að bæta úr fyrirvaralaust eða innan tiltekins tíma, eftir atvikum. Heimilt er lögreglustjóra að leggja við dagsektir allt að 200 krónum, er renni í ríkissjóð, ef aðili skeytir ekki fyrirmælum. Lögreglustjóri getur meðal annars mælt

svo fyrir, að umráðamaður dýrs skuli flytja dýr á hæfilegan geymslustað, ræsta geymslurúm dýrs, annast um sæmilegan hita í geymslurúmi dýrs, afla nægilegs fóðurs og drykkjar eða jafnvel fækka gripum, ef ekki er annars úrkosta. Lögreglustjóri skal hafa samráð við embættisdýralækni eða löggiltan dýralækni um þessi fyrirmæli, ef föng eru á því.

Nú skipast aðili ekki eftir fyrirmælum lögreglustjóra, og hlutast lögreglustjóri þá til um framkvæmd á fyrirmælum á kostnað eiganda dýra eða annars rétthafa. Ekki er þó heimilt að farga skepnum eða taka þær frá aðilja eða neyta annarra þeirra úrræða, sem valdið geta aðilja miklum fjárútlátum eða miklu fjártjóni, nema héraðsdýralæknir — eða yfirdýralæknir, þar sem ekki er völ á héraðsdýralæknum — hafi lýst sig samþykkan slíkum aðgerðum. Veita skal aðilja færi á að tjá sig um slíkar aðgerðir, áður en til þeirra er gripið. Ef annar er umráðamaður dýrs en eigandi, skal einnig veita eiganda tækifæri á að lýsa afstöðu sinni til máls.

Endurgreiðslukröfur lögreglustjórnar á hendur aðilja samkv. þessari grein eru lögtakskræfar.

14. gr.

Nú er embættisdýralæknir eða löggiltur dýralæknir kvaddur til dýrs, sem er sjúkt eða lemstrað, og rannsókn hans leiðir í ljós, að dýrið sé ekki lífvænlegt, og er honum þá skylt að hlutast til um, að það sé deytt, enda sé dýrið haldið miklum kvölum. Deyðing fer fram á kostnað eiganda (umráðamanns) dýrs. Löggæzlumönnum er skylt að aðstoða við deyðingu dýrs samkvæmt lögmætri ákvörðun dýralæknis, eftir því sem hann mælir fyrir um.

Dýralæknir á kröfu á ríkissjóð samkvæmt 1. málsgr., en ríkissjóður á bakkröfu á hendur eiganda dýrs eða umráðamanni, og er sú krafa lögtakskræf.

15. gr.

Nú verður maður var við dýr, sem er sjúkt, lemstrað eða bjargarvana að öðru leyti, og er honum þá skylt að veita því umönnun eftir föngum og gera eiganda (umráðamanni), löggæzlumönnum eða dýralækni viðvart án ástæðulausrar tafar. Ef högum dýrs er þannig farið, að telja verður sjúkdóm dýrs eða lemstur tvímælalaust banvæn, er þeim, sem sér dýrið, heimilt eða jafnvel skylt að deyða það, ef dýrið er mjög kvalið og ekki er unnt að ná til eiganda (umráðamanns), löggæzlumanns eða dýralæknis með hröðum hætti. Þeim, sem deyðir dýr samkvæmt þessu ákvæði, er skylt að skýra löggæzlumanni frá því jafnskjótt og föng eru á.

V. KAFLI

Stjórn dýraverndarmála.

16. gr.

Menntamálaráðuneyti hefur yfirstjórn allra mála, er varða dýravernd. Ráðuneytið nýtur aðstoðar dýraverndarnefndar um stjórn þeirra málefna. Menntamálaráðuneyti skipar nefndina til fjögurra ára í senn. Í nefndinni eiga sæti 5 menn. Skal einn nefndarmanna skipaður eftir tillögu Búnaðarfélags Íslands, einn eftir tillögu Dýraverndunarfélags Íslands, einn eftir tillögu Hins íslenzka náttúrufræðifélags, einn eftir tillögu Dýralæknafélags Íslands. Menntamálaráðuneyti skipar einn nefndarmann án tilnefningar, en nefndin kýs sér formann úr sínum hópi.

Tillagna dýraverndarnefndar skal leitað við setningu reglugerða eða annarra stjórnvaldsreglna um dýravernd. Nefndinni er og skylt að gera tillögur til menntamálaráðuneytis um allt það, sem horfir til framdráttar dýravernd í landinu. Dýraverndarnefnd skal láta löggæzlumönnum, ákæruvaldi og dómstólum í té umsagnir um málefni, er varða dýravernd, eftir tilmælum þeirra. Nefndin skal enn fremur beita sér fyrir því að auka þekkingu manna og skilning á dýraverndarmálum.

Dýraverndarnefnd starfar kauplaust, en framlagðan kostnað fær hún greiddan úr ríkissjóði eftir reikningi, er menntamálaráðherra samþykkir.

VI. KAFLI
Um refsingu og önnur viðurlög.

17. gr.

Brot á lögum þessum eða á reglum eða reglugerð, sem sett er með stoð í þeim, varðar sektum allt að 10 þús. kr. eða varðhaldi allt að 1 ári. Ef brot er stórfellt eða ítrekað, má beita fangelsisrefsingu allt að 2 árum.

Brot dýralæknis á ákvæðum 14. gr. 1. málsgr. varðar sektum.

Hlutdeild í brotum á lögum þessum og tilraun til brota er refsiverð, sbr. III. kafla almennra hegningarlaga.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð.

18. gr.

Nú hefur maður gerzt sekur um stórfellt eða ítrekað brot á lögum þessum eða eldri refsiákvæðum, er varða dýravernd, og er þá unnt að svipta hann heimild til að eiga dýr, nota þau eða hafa í umráðum sínum, verzla með þau, slátra þeim eða sýsla um þau með öðrum hætti. Heimildarsvipting þessi getur lotið að dýrum almennt eða einstökum dýrategundum, og má ýmist svipta menn þessum heimildum um tiltekið tímabil eða ævilangt. Heimildarsviptingu má beita gagnvart ósakhæfum manni. Ákæruvald getur haft uppi kröfu um heimildarsviptingu í refsimáli eða sérstöku máli á hendur sakborningi.

Aðili, sem sviptur er heimild samkv. 1. málsgr. og skeytir ekki þessu ákvæði dóms, skal sæta sektum. Sá maður, sem veit af slíku dómsákvæði og fær allt að einu dómfellda dýr til umráða andstætt dómsákvæði, skal sæta sektum.

19. gr.

Foreldrum eða öðrum forráðamönnum barna yngri en 15 ára er skylt að stuðla að því, að þau hlýðnist fyrirmælum þessara laga. Nú fremur barn á ofangreindum aldri brot á lögum þessum og brotið er framið með vitund foreldra eða forráðamanna, og skal þeim þá refsað fyrir brotið, ef sannað er, að þeir hafi vanrækt að koma í veg fyrir brotið.

VII. KAFLI
Almenn ákvæði, gildistaka laga og brottfallin lög.

20. gr.

Menntamálaráðuneyti setur reglugerð um slátrun búpenings og um rekstur búfjár til slátrunar og annan flutning búfjár innanlands og um flutning á húsdýrum öðrum en hrossum til útflutnings. Einnig er ráðuneytinu heimilt að setja fyllri reglur í reglugerð um efni þau, sem um ræðir í lögum þessum, auk þeirra atriða, sem greinir í 4., 8. og 11. gr.

Stjórnvaldsreglur um dýravernd, sem settar hafa verið fyrir gildistöku laga þessara, halda gildi sínu, unz nýjar reglur eru settar.

21. gr.

Um rannsókn og meðferð mála út af brotum á lögum þessum fer að hætti laga nr. 27 5. marz 1951, um meðferð opinberra mála.

Kostnaður við framkvæmd laganna telst til almenns löggæzlukostnaðar, nema annars sé getið.

22. gr.

Lög þessi öðlast gildi þremur almanaksmánuðum eftir að þau hafa verið birt. Frá sama tíma eru numin úr gildi þessi lög og lagaákvæði:

1. 179. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.
2. Lög um dýraverndun, nr. 34 3. nóv. 1915, 2. og 3. gr., ásamt breytingarlögum nr. 31 19. júní 1922.

Lög þessi raska hvorki gildi VII. kafla laga nr. 18 22. marz 1948, um forðagæzlu og fóðurbirgðafélög, né laga nr. 50 23. júní 1932, um útflutning hrossa.

Nd. 400. Breytingartillaga [88. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

Frá Ásgeiri Bjarnasyni.

Við 3. gr. Aftan við greinina komi:

Nú er fasteignaskattur til sýsluvegasjóðs kominn í hámark, en einstaklingar eða félög greiða viðbótarframlög til nýlagningar sýsluvega, og skal þá ríkissjóður enn fremur greiða þrefalt framlag á móti þeim.

Sþ. 401. Frumvarp til fjáraukalaga [149. mál]

fyrir árið 1954.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1957.)

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir árið 1954, eru veittar kr. 83 429 123.70 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. gr.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. A er veitt:

1.	Póstmál	kr.	1 276 116.65
	af kr. 1 297 405.93 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
2.	Síminn	—	5 107 719.52
	af kr. 5 664 875.56 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
3.	Áfengisverzlun ríkisins	—	2 066 426.92
	en bruttótekjur urðu kr. 16 614 121.24 umfram fjárlagaáætlun.		
5.	Ríkisútvarpið	—	1 518 682.13
	af kr. 2 633 161.64 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
6.	Ríkisprentsmiðjan Gutenberg	—	234 541.31
	af kr. 464 558.43 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
7.	Áburðarsala ríkisins	—	112 372.37
	af kr. 1 197 289.57 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
9.	Landssmiðjan	—	1 615 741.87
	en tekjur fóru kr. 1 565 116.75 fram úr fjárlagaáætlun.		
10.	Tunnuverksmiðjur ríkisins	—	99 299.57
	af kr. 99 299.57 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
11.	Innkaupastofnun ríkisins	—	132 664.58
	af kr. 529 425.95 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		

13.	Vífilsstaðabú	kr.	58 031.09
	en tekjur fóru kr. 52 534.64 umfram fjárlagaáætlun.		
14.	Kópavogsbú	—	13 297.71
	af kr. 29 456.11 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
15.	Kleppsbú	—	94 189.92
	af kr. 99 285.95 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
17.	Skólabúið á Hólum	—	31 199.29
	af kr. 34 072.94 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
18.	Skólabúið á Hvanneyri	—	82 907.58
	en tekjur fóru kr. 78 107.18 umfram fjárlagaáætlun.		
		Kr.	12 443 190.51

Til viðbótar við gjöldin í 7. gr. eru veittar		kr.	88 946.54
— — — — - 8. — — —		—	433 963.00
— — — — - 10. — — —		—	883 239.82
— — — — - 11. — A. — —		—	2 708 520.00
— — — — - 11. — B. — —		—	648 704.45
— — — — - 11. — C. — —		—	1 695 740.58
— — — — - 11. — D. — —		—	104 263.73
— — — — - 12. — — —		—	387 994.05
— — — — - 13. — A. — —		—	12 103 559.51
— — — — - 13. — B. — —		—	2 871 037.23
— — — — - 13. — C. — —		—	287 068.41
— — — — - 13. — D. — —		—	1 235 092.71
— — — — - 14. — A. — —		—	1 340 918.94
— — — — - 14. — B. — —		—	2 897 975.52
— — — — - 15. — A. — —		—	1 024 023.36
— — — — - 15. — B. — —		—	348 013.24
— — — — - 16. — A. — —		—	1 292 824.21
— — — — - 16. — B. — —		—	434 995.81
— — — — - 17. — — —		—	375 475.40
— — — — - 18. — — —		—	813 230.65
— — — — - 19. — — —		—	11 427 608.10
		Kr.	55 846 385.77
Til eignaaukningar samkvæmt 20. gr. Út eru veittar		—	27 582 737.93
Inn fóru kr. 13 115 845.64 fram úr fjárlagaáætlun.			
		Kr.	83 429 123.70

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna hafa afhent ráðuneytinu tillögur sínar til fjárveitinga í fjáraukalögum fyrir árið 1954. Þeir leggja til, að aukafjárveitingar séu veittar fyrir öllum umframgreiðslum, sem ríkisreikningurinn 1954 sýnir, að undanskilinni 9. gr.

Frumvarp þetta er samið eftir ríkisreikningnum fyrir árið 1954.

Ed. **402. Frumvarp til laga** **[150. mál]**

um samþykkt á ríkisneikningnum fyrir árið 1954.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1957.)

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1954 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum:

Innborganir:				Áætlun:	Reikningur:
1.	Tekjur samkvæmt 2. gr.	fjárlaga ..	kr.	338 800 000.00	kr. 422 719 485.14
2.	— — 3. — A.	— ..	—	98 659 886.00	— 121 316 506.43
3.	— — 3. — B.	— ..	—	10 000.00	— 28 786.58
4.	— — 4. —	— ..	—	1 983 000.00	— 2 903 293.84
5.	— — 5. —	— ..	—	4 100 000.00	— 4 149 299.14
6.	Eignahreyfingar samkv. 20. gr.	fjárlaga	—	3 250 000.00	— 34 104 161.14
			Kr.	446 802 886.00	Kr. 585 221 532.27

Útborganir:				Áætlun:	Reikningur:
1.	Gjöld samkvæmt 7 gr.	fjárlaga ..	kr.	3 417 428.00	kr. 3 506 374.54
2.	— — 8. —	— ..	—	560 161.00	— 994 124.00
3.	— — 9. —	— ..	—	3 744 797.00	— 5 126 074.53
4.	— — 10. — I.	— ..	—	6 416 702.00	— 9 134 455.57
5.	— — 10. — II.	— ..	—	1 061 800.00	— 1 028 652.70
6.	— — 10. — III.	— ..	—	6 461 800.00	— 7 345 039.82
7.	— — 11. — A.	— ..	—	26 398 395.00	— 29 106 915.00
8.	— — 11. — B.	— ..	—	1 596 373.00	— 2 245 077.45
9.	— — 11. — C.	— ..	—	10 704 101.00	— 12 399 841.58
10.	— — 11. — D.	— ..	—	550 000.00	— 654 263.73
11.	— — 12. —	— ..	—	30 164 090.00	— 30 552 084.05
12.	— — 13. — A.	— ..	—	41 597 997.00	— 53 701 556.51
13.	— — 13. — B.	— ..	—	8 167 500.00	— 11 038 537.23
14.	— — 13. — C.	— ..	—	12 211 366.00	— 12 498 434.41
15.	— — 13. — D.	— ..	—	3 310 188.00	— 4 545 280.71
16.	— — 14. — A.	— ..	—	6 132 248.00	— 7 473 166.94
17.	— — 14. — B.	— ..	—	59 823 758.00	— 62 721 733.52
18.	— — 15. — A.	— ..	—	5 044 385.00	— 6 068 408.36
19.	— — 15. — B.	— ..	—	6 249 404.00	— 6 597 417.24
20.	— — 16. — A.	— ..	—	36 287 496.00	— 37 580 320.21
21.	— — 16, — B.	— ..	—	6 102 555.00	— 6 537 550.81
22.	— — 16. — C.	— ..	—	2 123 220.00	— 2 121 716.23
23.	— — 16. — D.	— ..	—	12 774 067.00	— 12 288 595.08
24.	— — 17. —	— ..	—	54 339 485.00	— 54 714 960.40
25.	— — 18. —	— ..	—	12 952 661.00	— 13 765 891.65
26.	— — 19. — 1.	— ..	—	45 900 000.00	— 52 347 858.91
27.	— — 19. — 2.	— ..	—	1 500 000.00	— 4 381 991.69
28.	Eignahreyfingar samkv. 20. gr.	fjárlaga	—	40 934 853.00	— 85 745 926.84
		Greiðslujöfnuður	—	276 056.00	— 48 999 282.56
			Kr.	446 802 886.00	Kr. 585 221 532.27

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1954, sem lagður verður fyrir þingið samtímis frumvarpinu.

Ed. 403. Nefndarálit [58. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 46 25. maí 1949, um iðnfræðslu.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess.

Tveir nefndarmanna (Björgvin Jónsson og Gunnar Thoroddsen) voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. apríl 1957.

Eggert G. Þorsteinsson, form., frsm. Björn Jónsson. Jóhann Þ. Jósefsson.

Sþ. 404. Tillaga til þingsályktunar [151. mál]

um stofnun lífeyrissjóðs fyrir sjómenn.

Flm.: Eggert Þorsteinsson, Pétur Pétursson, Benedikt Gröndal.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa milliþinganefnd til þess að athuga möguleika á stofnun lífeyrissjóðs fyrir sjómenn.

Nefndin ljúki störfum fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Eitt af mestu vandamálum íslenzkra framleiðsluatvinnuvega nú er hinn vaxandi skortur sjómanna til starfa á fiskiskipaflotanum. Öllum Íslendingum er ljós sú hætta, sem af slíkri þróun leiðir. Nú þegar starfa rúmlega þúsund færeyskir sjómenn á íslenzka fiskiskipaflotanum, á sama tíma og innlent fólk er á biðlistum við ýmiss konar störf í landi. Einskis má því láta ófreistað til að stöðva þessa óheillaþróun.

Flutningsmönnum þessarar tillögu þykir rétt til frekari rökstuðnings tillögunni að birta hér sem fylgiskjal meginhluta greinar, sem ritari Sjómannafélags Reykjavíkur, Jón Sigurðsson, ritaði í Alþýðublaðið 3. apríl s. l.

Fylgiskjal.

Hvað er það þá, sem veldur því, að svona illa gengur að fá menn á togarana?

Einfaldlega það, að nú er miklu hægara að fá vinnu í landi fyrir bærileg kjör en áður var, þar sem heita má, að um samfellda vinnu geti verið að ræða allt árið í landi, þótt menn séu ekki fastráðnir í störf, en það er staðreynd, að menn vilja frekar vera við störf í landi en á sjó, þótt þeir beri minna úr býtum.

Þetta var svo áður, og þetta er svo enn.

Þegar ég hætti sjómennsku, fór ég frá 5000.00 kr. árstekjum á togara í fast starf í landi fyrir kr. 3840.00 í árslaun, og svo var um fleiri, er þóttust svo heppnir að fá fast starf í landi, þótt um minni tekjur væri að ræða en á sjónum, og ef vel er að gáð, er þetta eðlilegt, en sýnir jafnframt, að gera verður vel við fiskimenn og aðra sjómenn, svo að hægt verði að manna skipin okkar hraustum og dugmiklum íslenzkum mönnum.

Það er ekki hægt að ganga fram hjá þeirri staðreynd, að störf sjómanna okkar og þá alveg sérstaklega fiskimannanna eru undirstaða meginhluta atvinnulífsins í landinu.

Um langan tíma hefur það verið svo, að 90—95% af gjaldeyristekjum landsins hafa verið fyrir fisk og fiskafurðir, þegar frá eru taldar þær gjaldeyristekjur, er við höfum haft fyrir varnarliðsvinnu hin síðari ár.

Breyting á starfsgreinaskiptingu hefur orðið mikil á 3—4 áratugunum síðustu. Árið 1910 voru um 18% af þjóðinni við fiskveiðar og fiskverkun, árið 1920 18.9%, árið 1930 16.7%, árið 1940 15.9% og árið 1950 10.8%. Þrátt fyrir það, að nú vinna tiltölulega miklu færri við sjávarútveg en áður var, hafa hlutföllin ekki breytzt hvað viðkemur gjaldeyrisöflun, það gerir aukin tækni, betri skip og meiri vinnuafköst við framleiðsluna.

Enn þá er það svo, að meginhlutinn af gjaldeyristekjunum er fyrir þann afla, sem fiskimennirnir flytja að landi, og þjóðin verður að horfast í augu við þá staðreynd, að ef ekki verður þannig búið að sjómönnum, að þeir fáist á skipin, er voðinn vís.

Þegar rætt hefur verið um skattfríðindi handa sjómönnum, hefur verið bent á það af einstökum mönnum, að það væri hættulegt að fara inn á þá braut, því að sjálfsögðu mundu aðrar starfsstéttir koma á eftir og gera kröfur um sömu eða hliðstæð fríðindi.

Það getur átt sér stað, að einhverjir komi á eftir og segist vilja fá þessi eða hin fríðindi vegna þess, að sjómenn hafi þau, þótt ég geri ekki ráð fyrir, að almennt verði kjör sjómanna notuð til viðmiðunar, þegar gerðar eru kröfur um bætt kjör starfsstétta í landi, en væri svo, má benda á, að það eru sárafáir, sem fást til þess að fara á sjóinn fyrir aðeins sömu kjör og hægt er að fá í landi. Kjörin á sjónum verða að vera það miklu betri, að þau verði eftirsóknarverð. Hver verða kjör fólksins í landi — má segja kjör þjóðarinnar, ef ekki fást menn á fiskiskipin? Atvinnuleysi og eymd. Þeirri staðreynd verður ekki haggað, að enn þá erum við fiskveiðiþjóð og verðum lengi enn, þótt sjálfsagt sé að vinna að því í framtíðinni, að við þurfum ekki eingöngu að treysta á sjóinn og gjafmildi hans. Í dag er það svo, að ef gjaldeyristekjur fyrir fisk og fiskafurðir minnka stórlega eða hverfa að mestu, höfum við engan erlendan gjaldeyri til að kaupa fyrir hráefni og vélar til iðnaðar, efnivörur til byggingarframkvæmda, vélar til landbúnaðarins, o. fl., er telja mætti.

Þannig má segja, að á starfi fiskimannsins byggist atvinna starfsstéttanna í landi að verulegu leyti.

Starf fiskimannsins er svo þýðingarmikið fyrir þjóðarbúið og afkomu þess, að heita má, að hann sé alveg í sérflokki innan atvinnustéttanna, og verðum við því að búa fiskimanninum þau kjör, að sæmandi sé, ef ekki á illa að fara.

Þá er spurningin: Hvað þarf að gera til þess, að hægara reynist að fá menn á fiskiskipin?

Ég hef mikið kynnt mér hug manna og þá sérstaklega um þetta efni, og hygg ég, að það, sem talið er hér á eftir, mundi nokkuð leysa vandann:

1. Að tekjur fiskimanna séu að verulegu eða öllu leyti undanþegnar sköttum.
2. Að fiskimenn á útilegubátum fái hafnarfrí eins og togaramenn, svo að þeir geti notið hins stutta landleyfis á heimilum sínum eða á þann hátt, er þeir helzt kjósa.
3. Að fiskimenn á bátum fái frítt fæði, eins og er á togurum og kaupskipum.
4. Að stofnaður verði lífeyrissjóður fyrir alla sjómenn.

Ég hygg, að ef þetta, sem að framan er talið, verði gert fljótt og myndarlega, ásamt smærri lagfæringum á kjörum, verði ekki veruleg vandræði að fá menn á skipin.

Fyrstu þrjá liðina þarf ekki sérstaklega að ræða, en sá fjórði má heita nýmæli. Að vísu hefur stjórn Sjómannafélags Reykjavíkur borið fram kröfu nokkrum sinnum um lífeyrissjóð fyrir farmenn við samningagjörð um kaup þeirra og kjör, og borið hefur verið fram frumvarp á Alþingi um lífeyrissjóð fyrir togaramenn.

Takmarkið á að vera lífeyrissjóður fyrir alla sjómenn.

Margar starfsstéttir í landi hafa nú lífeyrissjóði, ýmist með samningum eða samkvæmt lögum, og njóta þeirra trygginga og hlunninda, er slíkir sjóðir veita.

Allt fastráðið starfsfólk þess opinbera nýtur þeirra trygginga, er lífeyrissjóðir veita, enda mjög eftirsótt að komast í störf þar, sem eðlilegt er.

Hlutskipti sjómannsins að loknu ævistarfi er ekkert eftirsóknarvert. Tekjur hans hafa ekki verið meiri en svo, að þegar ellin sækir á eða starfskraftarnir bila af öðrum ástæðum, hefur hann ekkert fyrir sig að leggja, nema það litla, sem ríkistryggingar veita og vitað er, að ekki er fyrir brýnustu lífsnauðsynjum, þótt betra sé en ekkert.

Í flestum tilfellum er hlutskipti sjómannsins þetta, mannsins, sem unnið hefur baki brotnu að lífsnauðsynlegustu störfum fyrir þjóðarbúskapinn. Ef nokkur stétt á kröfu til þess að hafa slíkar tryggingar sem lífeyrissjóðirnir veita, þá eru það sjómennirnir.

Þetta mál þolir enga bið. Það verður nú þegar að hefjast handa um að undirbúa löggjöf um þetta efni, svo að hægt sé að samþykkja hvort tveggja á næsta Alþingi, skattfríðindin fyrir fiskimenn og lífeyrissjóð fyrir alla sjómenn. Um leið og sú löggjöf væri sett, mætti ekki gleyma þeim, sem verið hafa á sjónum um langa ævi, en hafa nú hætt eða eru að hætta störfum vegna þreytu og aldurs. Þeir verða einnig að fá sinn lífeyri, þá viðurkenningu fyrir sín miklu störf, sem vel er hægt að koma fyrir í löggjöf, t. d. að þeir, sem lengi hafa verið á sjó og komnir eru á þann aldur, að eðlilegt sé, að þeir fari að hætta, fái við setningu laganna viðurkenningu á ákveðnum hluta af þeim tíma, er þeir hafa stundað sjómennsku, og komist þeim mun fyrr í réttindi til lífeyris.

Alþingi ætti að sjá sóma sinn í því, að afgreiða þessi mál, svo að myndarbragur væri að.

En verði það hins vegar ekki, hljóta þessi mál samt sem áður að fá afgreiðslu, er sjómannastéttin má vel við una, þótt kostað geti nokkra baráttu.

Á sínum tíma þurfti verkfall til þess að knýja fram 12 tíma hvíld á togurunum, þótt orðið sé að lögum nú. Á sama hátt væri hægt að knýja fram þetta tvennt, sem hér er aðallega gert að umtalsefni, og verður að sjálfsögðu gert undir forustu hins nýstofnaða sjómannasambands, ef á þarf að halda, en það er á valdi Alþingis, hvort til þess þarf að koma.

Jón Sigurðsson.

Nd. 405. Frumvarp til laga [152. mál]

um breyting á íþróttalögum, nr. 49 7. apríl 1956.

Flm.: Benedikt Gröndal, Pétur Pétursson.

1. gr.

Á eftir 13. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Allir drengir í landinu skulu læra íslenzka glímu í skólum á aldrinum 10 og 11 ára, nema þeir séu óhæfir til þess að dómi skólalæknis. Heimilt er að fella glímu-

kennsluna inn í leikfimikennslu eða kenna glímu í námskeiðum. Nauðsynleg glímubelti skulu vera í eigu hvers skóla. Allir drengir á áður nefndum aldri skulu lesa undir handleiðslu kennara stutta bók um sögu glímunnar, glímubrögð og varnir í glímu.

Árlega skal vera skólaglíma, þar sem drengirnir, sem taka þátt í þessu námi, sýna getu sína og kunnáttu í glímu.

Heimilt er kennslumálastjórn að efna til námskeiða í glímukennslu fyrir íþróttakennara eftir þörfum.

2. gr.

Síðasti málsliður 14. gr. laganna orðist svo:

Enn fremur skulu piltar í æðri skólum eiga kost á tilsögn í glímu.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1957.

Greinargerð.

Íslenzka glíman er sérstæður og merkur þáttur í menningararfi þjóðarinnar. Hefur það valdið vaxandi áhyggjum, að glímunni hefur hnignað og hún er ekki lengur almannaeign.

Með því að gera glímu skyldunámsgrein í barnaskólum landsins á sama hátt og sund er reynt að stíga stórt skref til að vekja á ný almennan áhuga á glímunni og tryggja það, að hver drengur, sem hefur fulla heilsu, hafi að minnsta kosti spennt um sig glímubelti í skóla, tekizt fangbrögðum við jafnaldra sína og lært nokkur skil á glímureglum.

Skólabörn á þeim aldri, sem gert er ráð fyrir að njóti glímukennslu, hafa að jafnaði 2—3 kennslustundir í viku í fimleikum. Algengt er, að hverri slíkri kennslustund sé skipt í tvennt, fyrst sameiginlegar fimleikaæfingar, en síðan ýmsa leiki eða hópíþróttir. Gæti glíman mjög vel komið í stað annarra leikja eða hópíþrótta seinni hluta kennslustundar einu sinni í viku. Skólarnir þyrftu að eignast glímubelti, en að öðru leyti hentar glímunni öll hin sama aðbúð og fimleikar njóta. Ef þessi kennslutilhögun telst ekki hentug, má auðveldlega kenna glímuna á námskeiðum.

Erfiðasti þátturinn í framkvæmd þessarar lagabreytingar er sennilega sá hlutur, sem ætlaður er kennurum. Hingað til hefur þess ekki verið krafizt af þeim, að þeir kenndu glímu, og er því ekki hægt að ætlast til, að þeir séu allir undir það búnir. Úr þessu má bæta með stuttum námskeiðum, eins og lagt er til í frumvarpinu. Bera flutningsmenn það traust til kennarastéttarinnar, að hún muni ekki liggja á liði sínu til að bjarga íslenzku glímunni á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir.

Sþ. 406. Þingsályktun [24. mál]

um árstíðabundinn iðnað.

(Afgreidd frá Sþ. 3. apríl.)

Samhljóða þskj. 24.

Nd. 407. Nefndarálit [72. mál]

um frv. til laga um breyting á girðingalögum, nr. 24 1. febr. 1952.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með því, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr.
   a. Í stað „5 metrar“ í a-lið I. töluliðar komi: 6 metrar.
   b. Í stað „2 gaddavírsstrengjum“ í b.-lið I. töluliðar komi: 3 gaddavírsstrengjum — og í stað „3 strengja“ komi: 4 strengja.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, er orðist svo:
   9. gr. laganna hljóði svo:
   Nú er vegur lagður gegnum tún eða ræktunarland, og skal þá sá, sem veginn leggur, kosta efnið í girðinguna báðum megin vegarins eða leggja til ristarhlið ásamt grindarhliði, ef vegamálastjóri telur það hentugra. Sama gildir, ef girðing er lögð umhverfis slík lönd, er vegur liggur um þau, enda sé girðingin nauðsynleg vegna nytja landsins.
   Eigendum einkavega er því aðeins heimilt að girða meðfram vegum sínum, að um það hafi verið samið við landeigendur. Nú hefur slík girðing verið lögð, án þess að um hafi samizt, og geta landeigendur þá látið taka hana burt.
   Þegar þjóðvegur er lagður gegnum löggirðingu, skal vegagerð ríkisins leggja til ristar og grindur í hlið á veginn eða helming efnis í girðingu meðfram honum, ef vegamálastjóri telur það hentugra. Nú er girðing lögð milli afrétta og heimalanda, er liggur yfir vegi, eða vegir eru lagðir í gegnum hana, og telja matsmenn girðinguna nauðsynlega, og ber þá vegagerð ríkisins að leggja til hlið á veginn og annast viðhald þess.
3. Á eftir 3. gr. komi ákvæði til bráðabirgða, svo hljóðandi:
   Nú hefur eigandi einkavegar girt samkvæmt heimild í 9. gr. laga nr. 24 1. febr. 1952, en landeigandi telur sér svo mikið tjón og girðingunni, að ekki sé viðunandi, og ekki hefur náðst samkomulag um girðinguna, og skulu þá dómkvaddir menn skera úr og ákveða fullar bætur úr hendi landeiganda til eiganda girðingarinnar, ef honum er gert að skyldu að taka hana niður.

Alþingi, 4. apríl 1957.

Ásgeir Bjarnason, form. Jón Sigurðsson, fundaskr. Ágúst Þorvaldsson, frsm.
Jón Pálmason. Gunnar Jóhannsson.

Nd. 408. Frumvarp til laga [153. mál]

um lífeyrissjóð togarasjómanna.

Flm.: Einar Olgeirsson, Gunnar Jóhannsson.

1. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð til þess að tryggja togarasjómönnum, er láta af störfum vegna elli eða vanheilsu, geymdan lífeyri, svo og lífeyri ekkjum þeirra og börnum. Rétt er og að lána togarasjómönnum úr slíkum sjóði til íbúðabygginga handa þeim sjálfum með góðum kjörum. Ríkissjóður leggur lífeyrissjóði togara-

sjómanna sem stofnfé tvær milljónir króna, Landsbanki Íslands tvær milljónir króna og Útvegsbanki Íslands eina milljón króna.

2. gr.

Þau réttindi, er togarasjómenn öðlast með lögum þessum, skulu í engu rýra rétt þeirra til elli- eða örorkulífeyris eða slysa- eða dánarbóta, sem þeim bæri samkvæmt öðrum lögum, heldur bætast við slík hlunnindi. Þá skulu þeir og hafa sama rétt og aðrir til lána til íbúðabygginga, þótt þeir fái lán úr lífeyrissjóði togarasjómanna.

3. gr.

Sjóðfélagar eru allir þeir íslenzkir ríkisborgarar, sem starfað hafa tólf mánuði eða lengur á íslenzkum togurum.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum. Einn skal tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, og skal hann vera formaður stjórnarinnar, annar af ríkisstjórninni og hinn þriðji skal kosinn af sjóðfélögum eða félagsskap þeirra samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Skipunar- og kjörtími stjórnarinnar er þrjú ár.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun fjár hans. Skal ávaxta sjóðinn í tryggum verðbréfum, svo sem skuldabréfum, tryggðum með fyrsta eða öðrum veðrétti í íbúðarhúsum, er togarasjómenn reisa sér eða kaupa til eigin afnota, allt að 60% af brunabótamati þeirra, ríkisskuldabréfum eða öðrum bréfum með ríkisábyrgð eða með öðrum álíka tryggilegum hætti.

Tryggingastofnun ríkisins annast reikningshald og daglega afgreiðslu sjóðsins fyrir þóknun eftir samkomulagi hennar og stjórnar sjóðsins. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af hinni umboðslegu endurskoðun án sérstakrar þóknunar.

6. gr.

Sjóðfélagar greiði ár hvert í iðgjöld til sjóðsins 1% af heildarkaupi því, sem þeir hafa haft á togurum yfir árið. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum þessum eftir af launum sjóðfélaga og standa sjóðnum skil á þeim. Launagreiðendur (togaraeigendur) greiði ár hvert 3% af heildartogarakaupi því, er sjóðfélagi tekur hjá þeim, í iðgjöld til sjóðsins.

Ríkissjóður greiði ár hvert 6% af heildarárskaupi því, er sjóðfélagi fær, í iðgjöld til sjóðsins. Þó skal ekki greitt af hærra árskaupi en því, er samsvarar 45000 kr. grunnlaunum að viðbættri kaupgjaldsvísitölu.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal að fimm árum liðnum frá gildistöku þessara laga og síðan fimmta hvert ár láta tryggingasérfræðing rannsaka fjárhag sjóðsins. Þyki honum rannsókn leiða í ljós, að fjárhagsgrundvöllur sjóðsins sé ótryggur, skal hann gera tillögur til stjórnar sjóðsins um aðgerðir til að efla hann. Sýni rannsókn, að fjárhagur sjóðsins sé svo góður, að hægt væri að lækka iðgjöld eða auka bætur, skal hann athuga vandlega, hvað gera beri, og tjá sjóðsstjórninni niðurstöður sínar.

8. gr.

Við útlán til íbúðabygginga togarasjómanna skal taka tillit til ómegðar þeirra, starfsaldurs og aldurs, og skal sjóðsstjórnin setja um þá útlánastarfsemi nánari ákvæði í reglugerð. Ekkjur togarasjómanna, er rétt hafa til lífeyris, hafa og rétt til lána úr sjóðnum.

9. gr.

Sjóðurinn greiði sjóðfélögum lífeyri og örorkulífeyri og eftirlátnum maka þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum þeim, sem hér fara á eftir.

10. gr.

Hver sjóðfélagi, sem unnið hefur á íslenzkum togara 10 ár eða lengur, þar af a. m. k. fimm ár eftir að lög þessi hafa öðlazt gildi, og annaðhvort er orðinn fullra 60 ára að aldri eða hefur unnið á íslenzkum togurum 30 ár eða lengur, á rétt á árlegum lífeyri úr sjóðnum.

Upphæð lífeyrisins er hundraðshluti af meðalárstekjum hlutaðeigandi sjóðfélaga síðustu 10 starfsár hans, og fer hundraðshluti þessi hækkandi eftir því, sem starfstíminn verður lengri, svo sem hér segir (þó skal aldrei miða greiðslu við hærri meðalárstekjur en iðgjaldagreiðsla er miðuð við):

Starfstími:	Lífeyrir:
10 ár	12.5%
11 —	14.0—
12 —	16.0—
13 —	18.0—
14 —	20.0—
15 —	22.0—
16 —	25.0—
17 —	28.0—
18 —	31.0—
19 —	34.0—
20 —	37.0—
21 —	40.0—
22 —	43.0—
23 —	46.0—
24 —	49.0—
25 —	52.0—
26 —	55.0—
27 —	58.0—
28 —	61.0—
29 —	65.0—
30 — eða lengur	70.0—

Það telst eitt ár samkv. þessari grein, hafi sjóðfélagi verið skráður 8 mánuði á togara á sama almanaksári.

11. gr.

Hver sjóðfélagi, sem ófær verður til að gegna starfi sínu eða missir einhvern hluta af launum sínum sökum varanlegrar örorku, á rétt á örorkulífeyri, ef tryggingalæknir í samráði við landlækni metur örorkuna meiri en 10%.

Ef rekja má aðalorsök örorkunnar til starfs á togurum, er hámark hins árlega örorkulífeyris hans jafnhátt ellilífeyri þeim, er hann hefði öðlazt rétt til, ef hann hefði unnið 30 ár á togurum. Endranær miðast hámark örorkulífeyrisins við starfstíma og meðallaun 10 síðustu starfsár öryrkjans með sama hætti og segir í 10. gr.

Örorkulífeyrir hvers einstaks er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri hans samkv. 2. málsgr. þessarar gr. sem örorka hans er metin. Enginn getur fengið örorkulífeyri, meðan hann heldur fullum launum þrátt fyrir örorkuna.

Skylt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur hans, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt, sem nauðsynlegar eru til þess að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.

Stjórn sjóðsins er heimilt að lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber stjórn sjóðsins að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvíta frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir.

12. gr.

Nú andast sjóðfélagi eða sá maður, sem nýtur lífeyris úr sjóðnum, og lætur hann eftir sig maka á lífi, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt til lífeyris úr sjóðnum, enda hafi hinn látni unnið samtals 10 ár á íslenzkum togara, þar af a. m. k. fimm ár eftir að lög þessi öðlast gildi.

Nú hefur sjóðfélagi, er andast, unnið alls tíu ár á íslenzkum togurum, en skemmri tíma en fimm ár eftir að lög þessi öðlast gildi, og skal eftirlifandi maki þá njóta sama réttar og um getur í 1. málsgr., enda hafi hinn látni verið starfandi á togurum, er lög þessi öðluðust gildi, eða ráðið sig á togara aftur á fyrsta ári þessara laga og starfað þar síðan.

Nú hefur sjóðfélagi, er andast, unnið skemmri tíma en tíu ár á íslenzkum togurum, og skal þá endurgreiða eftirlifandi maka hans iðgjöld þau, er greidd hafa verið á hans nafn í sjóðinn.

Upphæð lífeyris hins eftirlifandi maka fer eftir starfstíma hins látna og meðalárslaunum hans síðustu 10 starfsár hans. Ef starfstíminn er 10 ár, er hinn árlegi lífeyrir 20% af meðalárslaununum, en hækkar síðan fyrir hvert starfsár um 1% af meðalárslaununum, unz hámarkinu, 40% af meðalárslaununum, er náð eftir 30 ára starfstíma.

Sé hinn eftirlifandi maki yngri en 50 ára og hafi hann verið meira en 10 árum yngri en hinn látni, lækkar lífeyrir hans um 1% af meðalárslaununum fyrir hvert ár, sem aldursmunurinn er umfram 10 ár. Þó skal frádrátturinn ekki vera fleiri hundraðshlutar af meðalárslaununum en ár þau, sem hinn eftirlifandi maka vantar á 50 ára aldur.

Verði árlegur lífeyrir maka samkvæmt 4. og 5. málsgr. þessarar greinar lægri en 2500 kr., skal hann hækkaður upp í þá upphæð.

Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband, eftir að hann var orðinn 60 ára, eða á þeim tíma, er hann naut lífeyris úr sjóðnum eða hann var lagztur banaleguna, og úrskurðar þá stjórn sjóðsins, hvort eftirlifandi maki hans skuli njóta lífeyris úr sjóðnum eða eigi.

Réttur til lífeyris samkvæmt þessari grein fellur niður, ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi, sé hinu síðara hjónabandi slitið.

Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og starfar áfram á togara, og hækkar þá réttur hans til ellilífeyris um 2% af meðalárslaunum hans síðustu 10 starfsárin fyrir hvert ár, sem hann frestar að taka ellilífeyri. Á tilsvarandi hátt hækkar lífeyrisréttur maka hans um 1% af meðalárslaunum fyrir hvert ár.

13. gr.

Börn eða kjörbörn, sem sjóðfélagi lætur eftir sig, er hann andast, og yngri eru en 16 ára, skulu fá árlegan lífeyri úr sjóðnum, þar til þau eru fullra 16 ára að aldri, enda hafi hinn látni séð um framfærslu þeirra að nokkru eða öllu leyti. Fósturbörn, er sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, njóta sama réttar og börn og kjörbörn.

Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er lífeyrir þess 25% hærri en meðalmeðlag það, sem félagsmálaráðherra hefur ákveðið með barni á sama aldri í Reykjavík á þeim tíma, sem lífeyririnn á að greiðast. Að öðrum kosti er lífeyririnn tvöfalt meðlag þetta.

Sama rétt öðlast börn og kjörbörn sjóðfélaga, er hann verður öryrki, þó þannig, að lífeyrir þeirra skal þá nema jafnmiklum hundraðshluta af lífeyrisupphæð þeirri, sem greinir í 2. málsgr. þessarar gr., sem örorka sjóðfélagans er metin.

14. gr.

Nú lætur sjóðfélagi í lifanda lífi og af öðrum ástæðum en elli eða örorku af vinnu sinni á togara, og á hann þá alltaf rétt á endurgreiðslu eigin iðgjalda, en um frekari réttindi hans úrskurðar sjóðsstjórn með hliðsjón af ástæðum hans og aðstæðum og veitir honum svipuð réttindi og opinberir starfsmenn hafa samkvæmt 16. gr. laga nr. 64 2. sept. 1955.

15. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um allt, sem varðar framkvæmd laganna.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta Alþingi af sömu þm. og nú og Sigurði Guðnasyni, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Togararnir eru aðalundirstaðan undir þjóðarbúskap vorum. Sjómennirnir á þeim rúmum 40 togurum, sem Íslendingar nú eiga, framleiða helminginn af þeim fiski, sem er aðalútflutningsvara þjóðarinnar. Vinna þeirra og framleiðsla stendur því óbeint undir næstum helmingnum af öllu, sem vér flytjum inn. Lífsafkoma og menningarstig þjóðarinnar er því undir því komið, að togararekstrinn sé öruggur og í vexti, og frumskilyrði þess er, að góðir og dugandi menn fáist á alla þá togara, sem þjóðin á eða vill eignast.

Fyrir þjóðarbúið borgar togararekstrinn sig bezt af öllum rekstri. Hver verkamaður, sem þjóðarbúið fær til vinnu á togara, gefur þjóðarbúinu meira í aðra hönd en nokkur annar maður. Að svo miklu leyti sem heildarframleiðsla vor Íslendinga er meiri að tiltölu en flestra annarra þjóða, þá er það fyrst og fremst togararekstrinum að þakka, hinum góðu fiskimiðum, hinum stórvirku togurum og hinum sókndjörfu, hörðu togarasjómönnum. Og á þeim síðastnefndu byggist það, að hitt tvennt nýtist: fiskimiðin og togararnir.

Hver íslenzkur sjómaður framleiðir í meðalári 70 smálestir af fiski. Sú þjóð, er næst oss er í veröldinni að fiskframleiðslu, miðað við hvern starfandi sjómann, framleiðir um 10 smálestir á sjómann. Það, sem gerir meðaltal vort svo hátt, er, að þeir 1200 sjómenn, sem vinna á 40 togurum, framleiða allt að því 200 smálestir á sjómann á ári.

Það er því þjóðarnauðsyn að geta fengið nægilegt af duglegum sjómönnum á vaxandi togaraflota. Reynslan undanfarin ár hefur hins vegar verið sú, að það hafa ekki einu sinni fengizt nógir menn á þann togaraflota, sem fyrir er. Það hefur jafnvel orðið að fá Færeyinga á flotann.

Hér áður fyrr var sótzt eftir því að komast á togarana, og það var hægt að velja úr beztu sjómennina á þá. Þá var togarasjómennskan líka skást launuð allrar íslenzkrar vinnu, þótt bæði væri hún erfiðust og aðbúnaðurinn miklu lélegri en nú. Nú er togarasjómennskan hvorki betur launuð en aðrar verkamannastöður né öruggari, nema síður sé.

Það er þjóðarnauðsyn, að þessu verði gerbreytt. Þjóðin verður að búa þannig að þessum mönnum, sem taka að sér hið erfiða og áhættusama verk þjóðarbúskaparins að vinna á togurunum, að ungir og knáir menn sækist eftir að vinna þá vinnu. Til þess þarf að vísu fyrst og fremst að bæta laun togarasjómanna, en meðan togararnir eru ekki reknir af ríkinu, verður breyting í þá átt ekki fyrst og fremst gerð með lögum frá Alþingi.

En það er hægt af hálfu Alþingis að gera ýmislegt annað til þess að gera starf togarasjómannsins eftirsóknarverðara.

Þetta frumvarp miðar að því að veita togarasjómönnum sams konar öryggi um eftirlaun, elli- og örorkulífeyri og fjölskyldum þeirra um dánarbætur og starfsmenn

ríkisins nú hafa, — og þó að tvennu leyti meiri: Togarasjómenn skulu njóta réttinda almannatrygginganna auk þessara réttinda, og þeir skulu aðeins greiða lítið gjald fyrir þessi réttindi, 1% iðgjald, en ríkið greiðir hins vegar aðalgjaldið. Ef einhver álítur þetta of mikið, þá má ræða það mál, þegar aðsókn að vinnu á togurunum væri orðin svo mikil, að allir, sem um sæktu, kæmust ekki að á þeim 15 togurum, sem landið þarf að kaupa á næstu tveim árum til þess að halda við togaraflotanum. Þá mundi þetta frumvarp og veita togarasjómönnum þann rétt að geta fengið hagstæð lán úr lífeyrissjóði sínum, og eru það fríðindi, sem starfsmenn ríkisins nú meta mikils.

Ýmsir munu segja, að með þessum ákvæðum öllum væri stigið stórt spor í þá átt að gera togarasjómenn að ríkisstarfsmönnum. Það er að vissu leyti rétt. Þróunin í togararekstri vorum gengur öll í þá átt að gera rekstur togaranna að opinberum rekstri, ýmist bæjar- og sveitarfélaga eða ríkisins, og það er þróun í rétta átt.

Þjóðfélaginu er nauðsyn að fá menn til að vinna að staðaldri á togurunum. Afköst togaranna sem framleiðslutækja eru allt að því tvöföld, þegar vanir togarasjómenn vinna, móts við það, sem óvanir afkasta. Við þessa nauðsyn eru ýmis ákvæði þessa frv. miðuð, og þarfnast þau ekki frekari skýringar við.

Þau rök, sem hér hafa verið flutt fyrir þessu frv., eru öll miðuð við þörf þjóðarheildarinnar. — Það mætti líka færa mörg rök fyrir því, að togarasjómennirnir ættu þau réttindi skilið, sem hér er farið fram á fyrir þá.

Togarasjómenn vinna — eins og bátasjómennirnir — lífshættulegasta starfið, sem unnið er af íslenzkri þjóð.

Togarasjómenn verða að afsala sér — líkt og farmennirnir — fjölskyldulífi lengri tíma ársins en nokkrir aðrir verkamenn.

Togarasjómennirnir vinna lengri vinnutíma og erfiðari vinnu en nokkrir aðrir verkamenn — að bátasjómönnum undanskildum.

Togarasjómaðurinn er útslitinn maður fyrr en flestir aðrir þegnar þjóðfélagsins, ef hann vinnur áratugum saman á togurum. Hann ætti því hvíld skilið á kostnað þjóðarinnar, sem hann hefur unnið allt, sem hann mátti, ef farið væri eftir verðleikum.

En því höfum við sett hin þjóðhagslegu rök hér á undan hinum mannlegu, að við ætlum, að þingmenn muni taka meira tillit til hinna fyrri.

Að síðustu: Vonandi ber Alþingi gæfu til þess að láta þetta frv. verða að lögum. Með því væri unnið nauðsynlegt verk fyrir íslenzkan þjóðarbúskap — og réttlætisverk gagnvart togarasjómönnum. Það væri leitt, ef Alþingi daufheyrðist við þessu réttlætismáli, en togarasjómenn yrðu síðan að knýja það fram með harðfylgi verkfallanna, eins og orðið hefur með ýmis önnur réttlætismál þeirra.

Og kunni einhver að álíta, að hér sé farið inn á „hættulega" braut og fleiri, t. d. bátasjómenn og fleiri verkamenn, kunni að koma á eftir, þá er aðeins gott eitt um það að segja, að með vaxandi framleiðsluafköstum þjóðfélagsins öðlist aðrir vinnandi menn þau réttindi, sem hér er farið fram á fyrir togarasjómenn.

Einstök atriði þessa frv. þurfa vafalaust endurskoðunar við, en í heild hafa lög um lífeyrissjóð opinberra starfsmanna verið höfð til hliðsjónar. Vænta flutningsmenn þess, að það, sem aflaga kann að fara, verði leiðrétt í meðförum Alþingis."

Ed. 409. Nefndarálit [117. mál]

um frv. til umferðarlaga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur farið gaumgæfilega yfir frumvarpið og rætt það á 12 fundum. Hún hefur fengið umsagnir allmargra aðila um það og ýmsa þætti þess. Þá hefur hún átt viðræður um það við sakadómara, lögreglustjóra og forstöðumann bifreiðaeftirlitsins í Reykjavík.

Í frumvarpinu eru ýmis nýmæli, en um þau og efni frv. almennt þykir nægja að vísa til rækilegrar greinargerðar, er því fylgir.

Leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með breytingum, sem prentaðar eru á sérstöku þingskjali og grein verður gerð fyrir í framsögu.

Alþingi, 4. apríl 1957.

Friðjón Skarphéðinsson, form., frsm.
Alfreð Gíslason, fundaskr., með fyrirvara.
Friðjón Þórðarson.
Jón Kjartansson.
Páll Zóphóníasson.

Ed. 410. Breytingartillögur [117. mál]

við frv. til umferðarlaga.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 2. gr.
   a. 3. mgr. orðist svo:
      Akreinar: Samhliða reinar, sem skipta má akbraut í að endilöngu, hæfilega breiðar, hver um sig, fyrir eina röð ökutækja.
   b. Síðari málsliður 12. mgr. falli niður.
2. Við 5. gr.
   a. Aftan við b-lið bætist: Þó skulu vera rauð glampagler á báðum pallhornum vörubifreiðar að aftan. Sama gildir, þótt pallurinn sé yfirbyggður.
   b. 1. málsliður 2. mgr. orðist svo:
      Í fólksbifreiðum, sem flytja mega yfir 30 farþega, skal vera ökuriti, er sýni farna vegalengd og hraða bifreiðarinnar á hverjum tíma.
3. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Dráttarvélar skulu búnar öruggum tengibúnaði og tækjum þeim, sem um getur í 5. gr., eftir því sem við á og nánar skal ákveðið í reglugerð.
4. Við 11. gr. 3. mgr. falli niður.
5. Við 12. gr. Orðin „þegar ökutækið er í notkun“ í síðari málslið 1. mgr. falli niður.
6. Við 15. gr. 1. málsliður 2. mgr. orðist svo:
   Dómsmálaráðherra skipar eftirlitsmenn ökutækja, bifreiðaeftirlitsmenn, og skal veita þeim lögregluvald á starfssviði sínu.
7. Við 17. gr. Síðasti málsliður 2. mgr. falli niður.
8. Við 19. gr. 4. málsgr. orðist svo:
   Verði starfsmaður viðgerðarverkstæðis þess var, að öryggisbúnaði vélknúins ökutækis, sem þar er til viðgerðar eða breytinga, sé áfátt, skal hann skýra yfirmanni verkstæðisins frá því, en honum ber að gera eiganda ökutækisins aðvart og síðan tilkynna það bifreiðaeftirlitsmanni eða lögreglustjóra, ef eigi verður úr bætt.
9. Við 22. gr. Greinin orðist svo:
   Eigendur skráningarskyldra ökutækja greiða skoðunargjald í ríkissjóð eftir reglum, er dómsmálaráðherra setur.
10. Við 24. gr.
    a. Á eftir 2. mgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
       Enginn má neyta æsandi eða deyfandi lyfja við akstur vélknúins ökutækis.
    b. Í stað „1. mgr.“ í 4. mgr. komi: 2. mgr.
11. Við 25. gr.
    a. 7. mgr. orðist svo:
       Ef ástæða er til að ætla, að maður hafi brotið framangreind ákvæði, getur lögreglan fært hann til læknis til rannsóknar, þ. á m. blóð- og þvagrann-

sóknar.. Nú neitar hann að gangast undir þá aðgerð, er læknirinn telur nauðsynlega, og skal þá litið svo á, að hann hafi eigi getað stjórnað ökutækinu örugglega, nema hann geti fært gild rök fyrir undanfærslu sinni.

b. Á eftir 9. mgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Hverfi ökumaður af vettvangi, eftir að hann hefur átt hlut að umferðarslysi, og náist skömmu síðar með áfengisáhrifum, skal talið, að hann hafi við aksturinn haft það áfengismagn í blóði, er hann þá hefur.

12. Við 27. gr.

a. Á eftir 1. málslið 2. mgr. komi nýr málsliður:

Enginn má fá ökuskírteini, ef ástæða er til að ætla, að hann geti misst meðvitund snögglega vegna flogaveiki eða annars sjúkdóms.

b. Í stað orðsins „Hann“ í upphafi 2. málsliðar sömu mgr. komi: Umsækjandi.

13. Við 28. gr.

a. Í stað orðsins „ökuskírteini“ í 1. málslið 1. mgr. komi: skírteini.

b. Síðasti málsliður 1. mgr. falli niður.

14. Við 31. gr. Á eftir orðunum „brot á lögum þessum“ í 2. málslið komi: eða alvarleg brot á áfengislögum.

15. Við 45. gr. Í stað „vegarbrún“ í 2. og 4. mgr. komi: brún akbrautar.

16. Við 46. gr. 2. og 3. mgr. orðist svo:

Ökutæki, sem stefna til vinstri á vegamótum, skal í hæfilegri fjarlægð frá þeim ekið út að vinstri brún akbrautar. Ef beygja á til hægri, skal, ef aðstæður leyfa, ekið að miðlínu vegar, eða, ef um einstefnuakstur er að ræða, yfir að hægri brún akbrautar. Nú eru tvær eða fleiri akreinar fyrir sömu akstursstefnu á vegi, og skal þá ökumaður í tæka tíð, áður en komið er að vegamótum, færa ökutækið á þá rein, sem heppilegust er, miðað við fyrirhugaða akstursstefnu.

Þegar komið er á vegamót og beygt til vinstri, ber að aka eins nálægt vinstri brún akbrautar og unnt er. Þegar beygt er til hægri, skal ökutæki, þegar það er komið yfir vegamót, vera vinstra megin á akbraut þeirri, sem ekið er inn á. Þetta gildir þó ekki um akstur inn á einstefnuakbraut. Ekki má taka beygju til hægri, fyrr en nálæg ökutæki, sem á móti koma, hafa farið fram hjá.

17. Við 47. gr.

a. Í stað orðsins „vegarbrún“ í 1. og 4. mgr. komi: brún akbrautar.

b. Í stað orðanna „tvo eða fleiri merkta akreiti“ í 6. mgr. komi: tvær eða fleiri merktar akreinar.

18. Við 48. gr. Í stað orðsins „vegarbrún“ í 5. mgr. komi: brún akbrautar.

19. Við 51. gr.

a. Í stað orðsins „vegarbrún“ í 2. og 3. mgr. komi: brún akbrautar.

b. e-liður 5. mgr. orðist svo:

Á merktri akrein, eða svo nálægt henni, að torveldi akstur inn á hana eða aðra akrein.

20. Við 52. gr. Í stað orðsins „vegarbrún“ í 2. mgr. komi: brún akbrautar.

21. Við 60. gr. Í stað „18 ára“ í 5. mgr. komi: 17 ára.

22. Við 63. gr. 1. mgr. orðist svo:

Á vegum skulu ríðandi menn halda sig á hægri hluta vegarins. Þeim ber að vikja greiðlega til hægri fyrir þeim, sem á móti koma, en hleypa fram fyrir sig á vinstri hönd þeim, sem fram fyrir vilja fara.

23. Við 76. gr. Fyrri málsgr. orðist svo:

Vátryggingarfélög þau, sem fengið hafa viðurkenningu samkvæmt 70. gr., og landssamband bifreiðaeigenda, ef til er, skulu hvert nefna einn mann í nefnd, en dómsmálaráðherra skal skipa einn mann, og er hann formaður hennar. Nefnd þessari skulu vátryggingarfélög senda gögn, er þau hafa reist á bótagreiðslur sínar samkvæmt lögum þessum. Nefndin kveður á um, hvort endurkröfurétti skuli beitt gegn þeim, sem talinn er eiga sök. Í meðferð hvers máls taka þátt formaður og tveir aðrir nefndarmenn, er hann kveður til. Skal annar þeirra vera sá,

sem félag það, er hlut á að máli, hefur kjörið í nefndina. Hinn skal vera fulltrúi sá, er landssamband bifreiðaeigenda hefur tilnefnt. Sé slíkt landsamband ekki til, nefnir Félag íslenzkra bifreiðaeigenda mann í nefndina eða það félag bifreiðaeigenda, sem sá er félagsmaður í, er krafa beinist gegn.

24. Við 89. gr. Við greinina bætist nýr málsliður:
Ákvæði 1. og 2. mgr. 70. gr. koma þó ekki til framkvæmda fyrr en 1. maí 1958.

Sþ. 411. Tillaga til þingsályktunar [154. mál]

um fullgildingu á alþjóðasamþykkt varðandi atvinnuleysi.

(Lögð fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1956.)

Alþingi ályktar að veita ríkisstjórninni heimild til þess fyrir Íslands hönd að fullgilda samþykkt nr. 2, varðandi atvinnuleysi, sem gerð var á fyrsta þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í Washington 1919, eins og hún liggur fyrir á fylgiskjalinu, sem prentað er með ályktun þessari.

Fylgiskjal.

SAMÞYKKT
nr. 2 varðandi atvinnuleysi

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku hefur kvatt saman í Washington 29. október 1919, hefur ákveðið að samþykkja ákveðnar tillögur varðandi „aðgerðir til þess að koma í veg fyrir atvinnuleysi og afstýra afleiðingum þess", sem er annað málið á dagskrá þingsins í Washington, og þar sem það hefur ákveðið að þessar tillögur skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar, gerir þingið eftirfarandi samþykkt, sem nefna má Atvinnuleysissamþykktina 1919, til fullgildingar aðildarríkja Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í samræmi við ákvæði stjórnarskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar:

1. gr.
Hvert það aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, skal sem oftast og eigi

CONVENTION
(no. 2) concerning unemployment.

The General Conference of the International Labour Organisation,
Having been convened at Washington by the Government of the United States of America on the 29th day of October 1919, and
Having decided upon the adoption of certain proposals with regard to the "question of preventing or providing against unemployment", which is the second item in the agenda for the Washington meeting of the Conference, and
Having determined that these proposals shall take the form of an international Convention,
adopts the following Convention, which may be cited as the Unemployment Convention, 1919, for ratification by the Members of the International Labour Organisation in accordance with the provisions of the Constitution of the International Labour Organisation:

Article 1
Each Member which ratifies this Convention shall communicate to the Inter-

sjaldnar en á þriggja mánaða fresti, senda Alþjóðavinnumálaskrifstofunni allar tiltækilegar upplýsingar, bæði hagfræðilegar og aðrar, varðandi atvinnuleysi, þ. á m. skýrslur um ráðstafanir gegn atvinnuleysi, sem eru gerðar eða fyrirhugaðar. Þegar því verður við komið, skulu þessar upplýsingar vera tilbúnar til að senda þær til Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar eigi síðar en þrem mánuðum eftir lok þess tímabils, sem þær taka til.

2. gr.

1. Hvert það aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, skal koma á fót kerfi af vinnumiðlunarstofnunum, er inni af höndum ókeypis þjónustu og séu undir eftirliti einnar miðstjórnar. Skipaðar skulu nefndir, er í séu fulltrúar atvinnurekenda og verkamanna, til ráðuneytis í málum, sem varða starfsemi þessara stofnana.

2. Þar sem bæði hið opinbera og einstaklingar starfrækja vinnumiðlunarstofnanir, sem veita ókeypis þjónustu, skulu gerðar ráðstafanir til að samræma starfsemi slíkra stofnana um allt land.

3. Alþjóðavinnumálaskrifstofan skal í samráði við hlutaðeigandi ríki samræma starfsemi vinnumiðlunarinnar í hinum ýmsu löndum.

3. gr.

Þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem fullgilda þessa samþykkt og hafa komið upp atvinnuleysistryggingum, skulu með þeim skilyrðum, sem hlutaðeigandi ríki eru ásátt um, gera ráðstafanir til þess að verkamenn frá einu samningsríki, sem vinna í öðru samningsríki, skuli njóta sömu bóta frá þeim tryggingum og verkamenn síðar nefnda ríkisins.

4. gr.

Formlegar fullgildingar á samþykkt þessari, sem gerðar eru í samræmi við skilyrði þau, er greinir í stjórnarskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, skulu sendar framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

national Labour Office, at intervals as short as possible and not exceeding three months, all available information, statistical or otherwise, concerning unemployment, including reports on measures taken or contemplated to combat unemployment. Whenever practicable, the information shall be made available for such communication not later than three months after the end of the period to which it relates.

Article 2

1. Each Member which ratifies this Convention shall establish a system of free public employment agencies under the control of a central authority. Committees which shall include representatives of employers and of workers, shall be appointed to advise on matters concerning the carrying on of these agencies.

2. Where both public and private free employment agencies exist, steps shall be taken to co-ordinate the operations of such agencies on a national scale.

3. The operations of the various national systems shall be co-ordinated by the International Labour Office in agreement with the coutries concerned.

Article 3

The Members of the International Labour Organisation which ratify this Convention and which have established systems of insurance against unemployment shall, upon terms being agreed between the Members concerned, make arrangements whereby workers belonging to one Member and working in the territory of another shall be admitted to the same rates of benefit of such insurance as those which obtain for the workers belonging to the latter.

Article 4

The formal ratifications of this Convention, under the conditions set forth in the Constitution of the International Labour Organisation, shall be communicated to the Director-General of the International Labour Office for registration.

5. gr.

1. Hvert það aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem fullgildir þessa samþykkt, undirgengst að láta ákvæði hennar ná til nýlendna þess og landsvæða, sem eru í eigu þess eða umsjá, og ekki hafa fulla sjálfstjórn,

(a) nema þar sem ákvæði hennar eru óframkvæmanleg vegna aðstæðna þar, eða

(b) með þeim takmörkunum, sem nauðsynlegar kunna að vera til þess að aðhæfa ákvæðin aðstæðum þar á staðnum.

2. Sérhvert aðildarríki skal tilkynna Alþjóðavinnumálaskrifstofunni þær ráðstafanir, sem gerðar eru varðandi hverja einstaka nýlendu þess, eða landsvæði, sem eru í eigu þess eða umsjá, og ekki hafa fulla sjálfstjórn.

6. gr.

Þegar fullgildingar þriggja aðildarríkja Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hafa verið skráðar hjá Alþjóðavinnumálaskrifstofunni, skal framkvæmdastjóri hennar tilkynna það öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

7. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi sama dag og framkvæmdastjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar gefur út slíka tilkynningu, en þá er hún aðeins bindandi fyrir þau aðildarríki, sem hafa látið skrá fullgildingar sínar hjá Alþjóðavinnumálaskrifstofunni. Síðan gengur hún í gildi að því er snertir hvert annað aðildarríki sama dag og fullgilding þess er skráð hjá Alþjóðavinnumálaskrifstofunni.

8. gr.

Hvert það aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, undirgengst að koma ákvæðum hennar í gildi eigi síðar en 1. júlí 1921 og að gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar kunna að vera til þess að gera þessi ákvæði raunhæf.

9. gr.

Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að tíu

Article 5

1. Each Member of the International Labour Organisttion which ratifies this Convention engages to apply it to its colonies, protectorates and possessions which are not fully self-governing—

(a) exept where owing to the local conditions its provisions are inapplicable; or

(b) subject to such modifications as may be necessary to adapt its provisions to local conditions.

2. Each Member shall notify to the International Labour Office the action taken in respect of each of its colonies, protectorates and possessions which are not fully self-governing.

Article 6

As soon as the ratifications of three Members of the International Labour Organisation have been registered with the International Labour Office, the Director-General of the International Labour Office shall so notify all the Members of the International Labour Organisation.

Article 7

This Convention shall come into force at the date on which such notification is issued by the Director-General of the International Labour Office, but it shall then be binding only upon those Members which have registered their ratifications with the International Labour Office. Thereafter this Convention will come into force for any other Member at the date on which its ratification is registered with the International Labour Office.

Article 8

Each Member which ratifies this Convention agrees to bring its provisions into operation not later than 1 July 1921, and to take such action as may be necessary to make these provsions effective.

Article 9

A Member which has ratified this Convention may denounce it after the

árum liðnum frá fyrstu gildistöku hennar. Skal það gert með tilkynningu, er send sé framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn gengur ekki í gildi fyrr en ár er liðið frá því er hún var skráð á Alþjóðavinnumálaskrifstofunni.

10. gr.

Að minnsta kosti einu sinni á hverju tíu ára tímabili, skal stjórn Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar leggja fyrir Allsherjarþingið skýrslu um áhrif þessarar samþykktar, og taka til athugunar, hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins endurskoðun eða breytingar á henni.

11. gr.

Hinn enski og franski texti þessarar samþykktar skulu báðir vera fullgildir.

expiration of ten years from the date on which the Convention first comes into force, by an act communicated to the Director-General of the International Labour Office for registration. Such denunciation shall not take effect until one year after the date on which it is registered with the International Labour Office.

Article 10

At least once in ten years the Governing Body of the International Labour Office shall present to the General Conference a report on the working of this Convention, and shall consider the desirability of placing on the agenda of the Conference the question of its revision or modification.

Article 11

The French and English texts of this Convention shall both be authentic.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Samþykkt þessi var gerð á fyrsta þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem haldið var í Washington árið 1919. Hún gekk í gildi árið 1921 en þá höfðu þrjú aðildarríki fullgilt hana. Alls hafa nú 34 ríki fullgilt samþykktina, þ. á m. Norðurlöndin öll nema Ísland.

Skuldbindingar þær, sem aðildarríkin taka á sig með fullgildingu samþykktarinnar, eru í stuttu máli þessar:

1. Að senda Alþjóðavinnumálaskrifstofunni eigi sjaldnar en á þriggja mánaða fresti upplýsingar um atvinnuleysi og ráðstafanir þær, sem gerðar eru til útrýmingar því.
2. Að koma á fót opinberum vinnumiðlunarstofnunum, er veiti ókeypis þjónustu og séu undir einni miðstjórn. Nefndir, sem fulltrúar verkamanna og atvinnurekenda sitji í, skulu vera til ráðuneytis um rekstur vinnumiðlunarstofnana.
3. Að veita borgurum annarra aðildarríkja, sem hafa fullgilt samþykktina, sama rétt og landsmönnum til atvinnuleysisstyrkja, ef hlutaðeigandi ríki hefur komið á atvinnuleysistryggingum.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 52/1956, er það eitt af hlutverkum vinnumiðlunarinnar, að annast reglulega atvinnuleysisskráningu fjórum sinnum á ári. Þessar atvinnuleysisskráningar ættu að gera það tiltölulega auðvelt að veita Alþjóðavinnumálaskrifstofunni á þriggja mánaða fresti upplýsingar um atvinnuleysi og ráðstafanir, sem gerðar eru til útrýmingar því.

Í samræmi við 1. gr. nefndra laga skal starfrækja vinnumiðlun í hverjum kaupstað landsins og í hverju kauptúni með 300 íbúa eða fleiri. Enn fremur getur félagsmálaráðherra ákveðið með reglugerð, að vinnumiðlun skuli starfrækt annars staðar í landinu, ef ástæða þykir til. Félagsmálaráðuneytið hefur yfirumsjón með allri vinnumiðlun í landinu, en Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands tilnefna sinn manninn hvort til þess að vera ráðuneytinu til aðstoðar við allt það, er varðar vinnumiðlun í landinu.

Sveitarstjórn eða sá aðili, sem hún hefur falið að annast vinnumiðlun, skal hafa

sér til ráðuneytis nefnd, er skipuð sé tveim fulltrúum verkamanna og tveim fulltrúum atvinnurekenda.

Með þessum ákvæðum um vinnumiðlun hér á landi, virðist fullnægt kröfum samþykktarinnar um vinnumiðlun.

Með lögum nr. 29/1956 um atvinnuleysistryggingar eru erlendum verkamönnum, sem hér vinna, tryggðar atvinnuleysisbætur með sömu skilyrðum og íslenzkum verkamönnum,. Ákvæðum samþykktarinnar um þetta atriði er því fullnægt hér á landi.

Samkvæmt því, sem hér að framan segir, er ljóst að með setningu nefndra laga um atvinnuleysistryggingar og vinnumiðlun, er unnt að fullnægja þeim kröfum, sem samþykktin gerir.

Senda skal framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar tilkynningu um fullgildingu samþykktarinnar, og gengur hún í gildi fyrir hlutaðeigandi ríki um leið og hann hefur skrásett fullgildingu þess.

Ed. 412. Nefndarálit [143. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 25 1955, um breyt. á lögum nr. 23 1953, um leigubifreiðar í kaupstöðum.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Á eftir 2. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra ásamt meginmáli laga nr. 25 1955 inn í lög nr. 23 1953 og gefa þau út svo breytt, með fyrirsögninni: Lög um leigubifreiðar í kaupstöðum og kauptúnum.

Alþingi, 5. apríl 1957.

Björgvin Jónsson, form.	Sigurvin Einarsson, fundaskr.	Jón Kjartansson, frsm.
Sigurður Bjarnason.	Friðjón Skarphéðinsson.	

Ed. 413. Frumvarp til laga [155. mál]

um breyting á lögum nr. 16 12. marz 1947, um menntun kennara.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1957.)

1. gr.

Fyrirsögn II. kafla laganna verði: Um kennslu í uppeldisfræðum við Háskóla Íslands.

2. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Við heimspekideild Háskóla Íslands skal fara fram kennsla í uppeldisfræðum. Einn prófessor skal skipaður til þess að annast kennsluna, en auk þess hefur prófessorinn í forspjallsvísindum á hendi kennslu þessa, eftir því sem samrýmist störfum hans.

Um kennslu þá, sem um getur í þessari grein, fer samkvæmt lögum og reglugerð fyrir Háskóla Íslands.

3. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Prófessor sá, sem skipa skal samkvæmt 2. gr., skal skipuleggja kennsluæfingar stúdenta í uppeldisfræðum. Enn fremur skal hann halda fyrirlestra fyrir starfandi kennara og efna til námskeiða fyrir þá. Auk þess skal hann annast um rannsóknir og leiðbeiningarstörf í þágu uppeldismála landsins, eftir því sem nánar verður kveðið á um í reglugerð.

4. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað. Falla þá niður 14., 15. og 16. gr. laga nr. 16/1947, en í 20. gr. sömu laga falla niður orðin „við kennslustofnun".

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt tilmælum Háskóla Íslands, og fylgdi því svofelld greinargerð frá háskólaráði:

II. kafli laga nr. 16/1947, um menntun kennara, fjallar um kennslustofnun í uppeldisvísindum við Háskóla Íslands. Hlutverk þessarar stofnunar er að veita kennaraefnum, sem búa sig undir kennslustörf við barnaskóla og skóla gagnfræðastigs og menntaskóla og ýmsa sérskóla, bóklega og verklega menntun í uppeldisfræði, sálarfræði og kennslufræði. Auk þess skulu kennarar í uppeldisvísindum annast rannsóknir og leiðbeiningar í þágu uppeldismála landsins, eftir því sem samrýmist kennslustörfum þeirra. Samkv. 15. gr. laganna skal skipa einn prófessor til þess að veita stofnun þessari forstöðu. Í 16. gr. er síðan ákvæði um það, hvaða greinar skuli kenndar við stofnun þessa.

Það er skemmst af að segja, að ákvæði II. kafla laga nr. 16/1947 hafa ekki komið til framkvæmdar í því horfi, sem til var ætlazt. Stafar það m. a. af því, að stofnun sú, sem um er fjallað í þessum kafla, skyldi vera í nokkrum tengslum við æfinga- og tilraunaskóla þann, sem um er rætt í III. kafla laganna, en sá skóli hefur enn ekki verið stofnaður. Auk þess eru ákvæði II. kafla l. nr. 16/1947 að ýmsu leyti óheppileg frá sjónarmiði háskólans, þar sem gert er ráð fyrir a. m. k. öðrum þræði, að stofnun í uppeldisvísindum verði sjálfstæð deild og hinum þræði eru tengsl þessarar stofnunar við háskólann ærið óskýr.

Þótt II. kafli laga nr. 16/1947 hafi enn ekki komið til framkvæmdar, hefur háskólinn að nokkru gegnt því hlutverki, sem þessari stofnun var ætlað. Eins og kunnugt er, þurfa þeir menn, sem búa sig undir kennslustörf við gagnfræðaskóla, menntaskóla og ýmsa sérskóla, að ljúka námi í uppeldis- og kennslufræðum til þess að öðlast kennsluréttindi, sbr. 37. gr. laga nr. 48/1946, 15. gr. laga nr. 58/1946 og 49. gr. laga nr. 16/1947. Með breytingu á reglugerð háskólans, nr. 91 28. des. 1950, var háskólanum falið að standa fyrir kennslu í uppeldisfræðum fyrir kennaraefni við framangreinda skóla, svo og að skipuleggja kennsluæfingar. Þessum ákvæðum var breytt að nokkru með reglugerðarbreytingu frá 10. sept. 1951. Er kennsla í uppeldisfræðum fyrir kennaraefni miðuð við það, að nemendur geti meðan þeir stunda nám sitt við háskólann aflað sér kennsluréttinda. Kennsla þessi tekur eitt til tvö ár, og er hún bæði bókleg og verkleg. Verklega kennslan er einkum fólgin í kennsluæfingum. Fer kennslan fram í ýmsum skólum í Reykjavík. Er það að sjálfsögðu mikið starf að skipuleggja þær æfingar, hafa umsjón með nemendum og leiðbeina þeim.

Framangreinda kennslu í uppeldis- og kennslufræðum svo og forstöðu kennsluæfinga hafa að undanförnu annast prófessorinn í forspjallsvísindum og einn aukakennari. Í greinargerð til háskólans, dags. 20. ágúst 1956, hafa kennararnir rökstutt það rækilega, að brýna nauðsyn beri til þess að skipa prófessor til þess að hafa kennslu

þessa á hendi ásamt prófessornum í forspjallsvísindum. Háskólaráð hefur fallizt á rök þeirra, en það telur hins vegar, að ekki sé ráðlegt að skipa prófessorinn samkvæmt 15. gr. laga nr. 16/1947 óbreyttri, heldur sé nauðsynlegt að breyta nokkuð ákvæðum II. kafla laganna, áður en kennarinn verður skipaður. Í frumvarpi þessu felst ekki heimild til að stofna nýtt prófessorsembætti, sú heimild er í gildandi lögum, sbr. 15. gr. l. nr. 16/1947. Það eitt er efni frumvarpsins að breyta ákvæðum um þennan prófessor og færa þau til samræmis við háskólalög. Verður réttarstaða þessa prófessors hin sama og annarra prófessora, og kennsla sú, sem frumvarpið fjallar um, hlítir í hvívetna sömu ákvæðum og kennsla í öðrum greinum við háskólann.

Þess skal getið, að kostnaðurinn við kennslu í uppeldisfræðum nam tæpum 23 þús. kr. s. l. ár. Ef hinum nýja prófessor yrði falið að annast rannsókn á þroskastigi íslenzkra skólabarna, myndi niður falla að mestu fjárveiting í fjárlögum þessa árs í því skyni, kr. 136 364.00.

Að öðru leyti veitir frumvarpið ekki tilefni til athugasemda.

Ed. 414. Frumvarp til laga [156. mál]

um stofnun prófessorsembættis í eðlisfræði við verkfræðideild Háskóla Íslands og starfrækslu rannsóknarstofu til geislamælinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1957.)

1. gr.

Stofna skal nýtt prófessorsembætti í verkfræðideild Háskóla Íslands og veitist það í fyrsta sinn frá 1. okt. 1957 að telja.

Um prófessor þennan gilda að öllu sömu reglur og um prófessora þá, sem fyrir eru við háskólann.

2. gr.

Við Háskóla Íslands skal setja á stofn rannsóknarstofu til mælinga á geislavirkum efnum. Skal hún lúta verkfræðideild háskólans, og er prófessorinn í eðlisfræði jafnframt forstöðumaður hennar.

3. gr.

Menntamálaráðherra setur reglugerð um starfsemi rannsóknarstofunnar, að fengnum tillögum verkfræðideildar háskólans.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni Háskóla Íslands.

Eðlisfræði er ein aðalnámsgrein í fyrra hluta verkfræðináms. Kennslu í þeirri grein er nú þannig hagað, að einn af þremur prófessorum í deildinni hefur á hendi helming hinnar munnlegu kennslu, auk þess sem hann kennir almenna aflfræði og burðarþolsfræði. Tveir stundakennarar annast kennsluna að öðru leyti, annar helming munnlegu kennslunnar, hinn verklegu kennsluna. Auk eðlisfræðikennslunnar í verkfræðideild er eðlisfræði kennd til B.A. prófs í heimspekideild. Mundi hinn nýi prófessor geta annað þeirri kennslu með kennslu í verkfræðideild, a. m. k.

á meðan prófessorinn í aflfræði kennir þar hluta af eðlisfræðinni, eins og að framan segir. Þess er þó að gæta, að námsmagn í eðlisfræði í verkfræðideild fer vaxandi og að vegna skorts á kennslukröftum hefur orðið að hafa sameiginlega kennslu fyrir 2. og 3. árgang stúdenta, sem er að ýmsu leyti óheppilegt og því naumast til frambúðar. Kostnaður við stundakennslu í eðlisfræði við háskólann nam árið 1956 kr. 35 000.00, er sparast mundi við stofnun þessa embættis.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir, að starfrækt verði í framtíðinni rannsóknarstofa til mælinga á geislavirkum efnum, og að prófessorinn í eðlisfræði verði jafnframt forsöðumaður hennar. Hefur nokkurt fé verið veitt til þessarar starfsemi þegar á þessa árs fjárlögum.

Sá þáttur kjarnfræða, sem fyrst í stað mun hafa mesta þýðingu fyrir Ísland, er notkun geislavirkra efna. Í læknisfræði, landbúnaði, iðnaði og við ýmiss konar rannsóknir fer notkun þeirra sívaxandi. Flest stærri sjúkrahús erlendis hafa nú sérstakar ísótópadeildir, sem eru útbúnar til að meðhöndla og mæla geislavirk efni, sem notuð eru til sjúkdómagreininga og til geislalækninga. Landbúnaðarrannsóknir með geislavirkum efnum hafa valdið geysimiklum framförum, og má þar t. d. nefna áburðarrannsóknir. Í iðnaði eru fjölmörg not fyrir geislavirk efni, og geta þau orðið til mikils sparnaðar. Áætlað hefur verið, að notkun geislavirkra efna hafi sparað iðnaði Bandaríkjanna 150—200 milljónir dollara á árinu 1955. Geislaísótópar auka einnig mjög rannsóknarmöguleika á ýmsum sviðum, svo sem í lífefnafræði.

Á því er enginn efi, að Íslendingum ber að notfæra sér þá miklu möguleika, sem notkun geislavirkra efna skapar. Án rannsóknarstofu, sem getur annazt meðferð og mælingar á slíkum efnum, er ógerlegt að notfæra sér þau, svo að nokkru nemi. Það er því brýn nauðsyn, að slíkri rannsóknarstofu verði komið á stofn. Forstaða slíkrar stofnunar hlýtur óhjákvæmilega að kosta nokkurt fé, sennilega ekki innan við kr. 30 000.00 á ári. Er hagkvæmast að tengja þetta starf prófessorsembættinu í eðlisfræði, svo sem hér er ráð fyrir gert í þessu frumvarpi.

Öllum þjóðum er nú ljóst, að mikil og vaxandi þekking í náttúruvísindum, eigi sízt eðlisfræði, er þeim nauðsynleg, jafnvel lífsnauðsyn. Íslendingar eru hér engin undantekning. Er þess að vænta, að stofnun prófessorsembættis í eðlisfræði geti orðið drjúgt skref í þá átt að auka slíka þekkingu og stuðla að því, að hún geti komið að notum í lífsbaráttu þjóðarinnar. Þess má hér geta, að Háskóla Íslands hefur verið ánafnað allmiklu fé, um 46 þús. dollurum, í arfleiðsluskrá Aðalsteins heitins Kristjánssonar í Winnipeg, til kennslu og rannsókna í náttúruvísindum við Háskóla Íslands. Við þessu fé hefur háskólinn ekki enn getað tekið, vegna þess að fjárhæð þessi nægir ekki til þess að standa straum af slíkri starfsemi út af fyrir sig. En ef frumvarp þetta verður að lögum, skapast skilyrði til þess, að háskólinn geti veitt gjöfinni viðtöku og hafið starfsemi í anda arfleiðsluskár Aðalsteins heitins. Mundi nokkuð af vaxtafé dánargjafarinnar geta gengið til þess að greiða hluta af launum hins nýja eðlisfræðiprófessors, en afganginum varið til rannsókna.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið sýnt fram á, mundi stofnun þessa embættis í rauninni ekki hafa nein útgjöld fyrir ríkissjóð í för með sér, umfram það, sem nú er og beinlínis leiðir af ráðstöfunum, sem þegar hafa verið gerðar.

Ed. 415. Frumvarp til laga [157. mál]

um Háskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1957.)

I. KAFLI.
Hlutverk Háskóla Íslands.

1. gr.

Háskóli Íslands skal vera vísindaleg rannsóknarstofnun og vísindaleg fræðslustofnun, er veiti nemendum sínum menntun til þess að gegna ýmsum embættum og störfum í þjóðfélaginu.

II. KAFLI.
Stjórn háskólans.

2. gr.

Stjórn háskólans er falin rektor háskólans og háskólaráði.

Rektor hefur eftirlit með daglegri starfsemi háskólans og er æðsti fulltrúi skólans gagnvart mönnum og stofnunum utan skólans. Hann leysir á eindæmi úr þeim málum, sem þurfa ekki að koma fyrir háskólaráð, háskóladeildir eða stjórnarvöld af laganauðsyn eða samkvæmt venju. Rektor hefur með sama fyrirvara umboð til að skuldbinda háskólann og háskólastofnanir fjárhagslega. Honum er skylt að hlutast til um framkvæmd á samþykktum háskólaráðs og háskóladeilda og þeim ákvörðunum stjórnarvalda, er varða háskólann.

Háskólaráð hefur úrskurðarvald í öllum málefnum háskólans og háskólastofnana, nema lög mæli öðruvísi. Háskólaráð fer með undirbúning þeirra mála, er leggja á fyrir stjórnarvöld eða löggjafarvöld og varða háskólann.

Áður en lögum, er snerta háskólann eða háskólastofnanir, verður breytt eða við þau aukið, skal leita umsagnar háskólaráðs um breytingar eða viðauka, svo og um nýmæli. Nú varðar málefni sérstaklega tiltekna deild, og skal háskólaráð þá leita álits deildarinnar, áður en það lætur uppi umsögn sína.

Háskólinn á stjórnarfarslega undir menntamálaráðherra.

3. gr.

Rektor er kosinn af prófessorum háskólans til þriggja ára í senn, og eru þeir einir kjörgengir.

Rektorskosning fer fram í maímánuði, en rektor tekur við störfum með byrjun háskólaárs.

Sá er rétt kjörinn rektor, sem hlotið hefur atkvæði meiri hluta atkvæðisbærra manna, enda hafi minnst tveir þriðju hlutar þeirra, sem atkvæðisrétt eiga, tekið þátt í atkvæðagreiðslunni. Ef enginn fær svo mörg atkvæði, skal kjósa að nýju um þá tvo eða fleiri, er flest atkvæði fengu, og er þá sá rétt kjörinn, sem flest atkvæði fær. Séu atkvæði jöfn, ræður hlutkesti. Um tilhögun kosningar skal kveða nánar á í reglugerð.

Kjörgengum háskólakennara er skylt að taka við rektorskjöri, nema sérstök atvik hamli. Nú skorast sá, sem kjörinn hefur verið rektor, undan því að taka við kjöri, og metur þá háskólaráð, hvort fallizt verði á afstöðu hans. Ef háskólaráð fellst á sjónarmið hins nýkjörna rektors, skal efna hið fyrsta til nýrrar rektorskosningar.

Rektor má endurkjósa, en honum er ekki skylt að taka við endurkjöri.

Nú fellur rektor frá eða lætur af störfum áður en kjörtímabil hans er liðið, og skal þá kjósa nýjan rektor svo fljótt sem því verður komið við, en varaforseti háskólaráðs gegni rektorsstörfum þangað til. Ef varaforseti er forfallaður, gegni sá

deildarforseti rektorsstörfum, sem lengst hefur haft á hendi kennaraembætti við háskólann. Hinn nýkjörni rektor er kosinn til þriggja ára, en það, sem eftir er háskólaárs, er hann tekur við, skal teljast eitt ár.

4. gr.

Rektor og forsetar háskóladeildanna skipa háskólaráð. Rektor er sjálfkjörinn forseti ráðsins, en varaforseta og ritara kýs ráðið úr sínum hópi til eins árs í senn.

Nú má deildarforseti ekki sækja fund vegna forfalla eða hann er vanhæfur til að taka þátt í úrlausn máls, og tekur þá sá kennari, sem kosinn hefur verið deildarforseti til vara, sbr. 13. gr., sæti hans í ráðinu. Ef þess manns nýtur ekki, kveður rektor til fundarsetu þann prófessor úr deild þeirri, sem í hlut á, er lengst hefur gegnt kennaraembætti í deildinni. Sömu reglur gilda, er deildarforseti gegnir rektorsstörfum í viðlögum, sbr. 3. gr.

Nú er mál til umræðu á fundi háskólaráðs, sem varðar sérstaklega stúdenta háskólans, og er rektor þá heimilt að kveðja á fundinn fulltrúa stúdenta, einn eða fleiri, sem stúdentaráð nefnir til. Hafa fulltrúarnir þar málfrelsi, en atkvæðisrétt eiga þeir ekki.

5. gr.

Háskólaráð heldur fundi eftir þörfum. Æski tveir menn úr háskólaráði fundar, er rektor skylt að boða til fundar. Svo er og, ef einn þriðji hluti prófessora háskólans æskir fundar. Nú er fundur boðaður að frumkvæði kennara, sem eiga ekki sæti í ráðinu, og er þeim þá rétt að senda fulltrúa á fundinn. Hafa slíkir fulltrúar málfrelsi á fundinum, en atkvæðisrétt eiga þeir ekki.

Háskólaráð er ekki ályktunarfært, nema tveir þriðju hlutar háskólaráðsmanna sæki fund hið fæsta. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ef atkvæði eru jöfn, sker atkvæði rektors úr eða þess, er gegnir forsetastörfum, en hlutkesti, ef forseti ráðsins greiðir ekki atkvæði.

6. gr.

Rektor eða háskólaráð geta boðað til almenns kennarafundar til umræðna um einstök málefni háskólans eða stofnana hans. Nú æskir einn þriðji hluti prófessora, dósenta og lektora fundar, og er rektor þá skylt að boða til hans. Allir kennarar háskólans eiga rétt á að sækja almenna kennarafundi og njóta atkvæðisréttar þar. Ályktanir kennarafunda eru ekki bindandi fyrir háskólaráð.

7. gr.

Menntamálaráðherra skipar ritara við háskólann að fengnum tillögum háskólaráðs, en háskólaráð ræður annað starfslið í skrifstofu skólans.

Háskólaráð skipar umsjónarmann með byggingum háskólans og innanstokksmunum.

Um starfslið háskólabókasafns segir í 39. gr. laga þessara, en um starfslið annarra stofnana háskólans og fyrirtækja fer eftir því, sem segir í lögum eða samþykktum þeirra.

8. gr.

Heimilt er að kveða nánar á um starfsvið og starfshætti rektors, háskólaráðs og háskólaritara í reglugerð.

III. KAFLI.
Háskólakennarar og háskóladeildir.

9. gr.

Í Háskóla Íslands eru þessar 5 deildir: guðfræðideild, læknadeild, laga- og viðskiptadeild, heimspekideild og verkfræðideild. Viðskiptadeild skal aðgreind frá lagadeild, þegar þrjú föst kennaraembætti hafa verið stofnuð þar.

10. gr.

Kennarar háskólans eru prófessorar, dósentar, lektorar, aukakennarar, aðstoðarkennarar og erlendir sendikennarar. Dósentar eru skipaðir til ótiltekins tíma, en lektorar eru ráðnir til tveggja ára hið skemmsta, og taka þeir mánaðar- eða árslaun. Aukakennarar og aðstoðarkennarar eru ráðnir til skemmri tíma og eru stundakennarar. Þegar nýr kennari, sem ekki er prófessor, ræðst til háskólans, skal taka fram, hvort hann sé dósent, lektor, aukakennari eða aðstoðarkennari. Menntamálaráðherra ákveður í samráði við háskólaráð, hverjir af kennurum háskólans, sem starfandi eru við gildistöku laga þessara, séu dósentar, lektorar, aukakennarar og aðstoðarkennarar.

11. gr.

Forseti Íslands skipar prófessora, menntamálaráðherra skipar dósenta að fengnum tillögum háskóladeildar, en háskólaráð ræður lektora, aukakennara og aðstoðarkennara samkvæmt tillögum háskóladeilda, eftir því sem fé er veitt til.

Umsækjendur skulu láta fylgja umsókn sinni ítarlega skýrslu um vísindastörf þau, er þeir hafa unnið, ritsmíðar og rannsóknir, svo og námsferil sinn og störf. Með umsókninni skulu send eintök af vísindalegum ritum og ritgerðum umsækjenda, prentuðum og óprentuðum.

Skipa skal hverju sinni þriggja manna nefnd til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna embættinu. Háskólaráð skipar einn nefndarmann, menntamálaráðherra annan, en deild sú, sem kennarinn á að starfa við, hinn þriðja, og er hann formaður nefndarinnar. Í nefnd þessa má skipa þá eina, sem eru kunnáttumenn í þeirri grein, sem umsækjendum er ætlað að kenna.

Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um það, hvort af vísindagildi rita umsækjanda og rannsókna, svo og námsferli hans og störfum megi ráða, að hann sé hæfur til að gegna embættinu. Álitsgerð nefndarinnar skal höfð til hliðsjónar, er embættið er veitt, og má engum manni veita prófessorsembætti við háskólann, nema meiri hluti nefndarinnar hafi látið í ljós það álit, að hann sé hæfur til þess. Enn fremur skal leita álits hlutaðeigandi háskóladeildar um umsækjendur.

Heimilt er að kveða svo á í reglugerð, að framangreind ákvæði um veitingu prófessorsembættis skuli gilda um skipun dósenta og sérfræðinga við háskólastofnanir.

12. gr.

Þegar sérstaklega stendur á, getur menntamálaráðherra, samkvæmt einróma tillögu háskóladeildar og með samþykki háskólaráðs, boðið vísindamanni að taka við kennaraembætti við háskólann, án þess að það sé auglýst laust til umsóknar.

Menntamálaráðherra skal heimilt, samkvæmt tillögu háskóladeildar, að auglýsa kennaraembætti laust til umsóknar, svo að embættið verði veitt ári áður en hinn nýskipaði kennari hefur kennslu sína. Kveða skal á um það hverju sinni, frá hvaða tíma launagreiðslur hins nýskipaða kennara hefjist.

13. gr.

Hver háskóladeild velur úr hópi prófessora deildarinnar deildarforseta og annan til vara. Deildarforseti á sæti í háskólaráði, en varaforseti tekur sæti hans þar eftir reglum 4. gr.

Deildarforseta og varaforseta skal kjósa til tveggja ára í senn. Þó skal kjörtímabil þriggja þeirra deildarforseta, sem fyrst verða kosnir eftir gildistöku laga þessara, aðeins verða eitt ár, og skal hluta um það, eftir að deildarforsetar hafa verið kjörnir, hverjir þeirra skuli gegna störfum eitt ár og hverjir tvö. Kjörgengum kennurum er skylt að taka við kosningu til deildarforseta starfa og til starfa varadeildarforseta. Endurkjósa má deildarforseta, en rétt hefur hann til að skorazt undan endurkjöri. Sá, sem gegnt hefur embætti rektors, getur og skorazt undan kjöri til deildarforseta starfa næsta kjörtímabil, eftir að hann lét af rektorsstörfum. Nú fellur deildarforseti frá eða lætur af störfum, og skal þá kjósa deildarforseta og varaforseta fyrir þann hluta kjörtímabils, sem eftir er.

14. gr.

Hver háskóladeild heldur fundi eftir þörfum. Deildarforseti boðar fundi, og eiga þar sæti prófessorar og forstöðumenn vísindastofnana, er lúta deildinni. Háskóladeild er heimilt að ákveða, að dósentar og lektorar megi sitja deildarfundi og hafa þar atkvæðisrétt.

Nú er fjallað sérstaklega um kennslugreinar dósenta, lektora, aukakennara, aðstoðarkennara eða erlendra sendikennara, og skal forseti þá boða kennara á deildarfund og gefa þeim kost á að ræða það málefni, en atkvæðisrétt eiga þeir ekki, sbr. þó 1. málsgrein, að því er varðar dósenta og lektora.

Nú er mál til umræðu á deildarfundi, sem varðar sérstaklega nemendur deildarinnar, og er deildarforseta þá heimilt að kveðja á fundinn fulltrúa nemenda, einn eða fleiri, er stjórn deildarfélags nefnir til. Hafa fulltrúarnir þar málfrelsi, en eiga ekki atkvæðisrétt.

Rektor er heimilt að taka þátt í meðferð mála í öllum deildum, en atkvæðisrétt á hann þó aðeins í sinni deild.

15. gr.

Deildarforseta er skylt að boða til deildarfundar, ef rektor eða þriðjungur deildarmanna, sem rétt eiga á fundarsetu, æskja fundar.

Deildarfundur er ályktunarfær, ef fund sækja eigi færri en helmingur prófessora deildarinnar. Nú eru atkvæði jöfn, og ræður þá atkvæði deildarforseta eða þess, er gegnir forsetastörfum, en hlutkesti, ef deildarforseti situr hjá.

16. gr.

Hver deild semur lestrar- og kennsluáætlun fyrir sig, og skal þar gerð grein fyrir námsefni, kennsluháttum og prófkröfum.

IV. KAFLI

Kennsla og nemendur.

17. gr.

Kennsluár háskólans skiptist í tvö kennslumisseri, haustmisseri frá 15. sept. til 31. jan. og vormisseri frá 1. febrúar til 15. júní. Háskólaráð getur ákveðið aðra missera skiptingu með samþykki menntamálaráðherra fyrir tilteknar greinar eða deildir. Leyfi og önnur kennsluhlé skulu ákveðin í reglugerð.

18. gr.

Háskólaráð ákveður, að fenginni umsögn háskóladeildar, hver sé kennsluskylda einstakra háskólakennara. Nú unir kennari ekki úrlausn háskólaráðs, og má hann þá skjóta úrlausninni til menntamálaráðherra, sem leysir til fullnaðar úr þessu efni.

Rektor á rétt á að vera leystur undan allt að helmingi þeirrar kennslu, sem honum var skylt að hafa með höndum, er hann tók við rektorsembætti. Ef því er að skipta, ákveður rektor með samþykki menntamálaráðuneytis, hversu ráðstafa skuli þeim hluta kennslunnar.

19. gr.

Rektor getur veitt kennurum lausn í bili undan kennsluskyldu, allt að þremur vikum. Endranær er menntamálaráðherra heimilt með samþykki háskólaráðs, að veita kennara lausn undan kennsluskyldu um takmarkaðan tíma. Kennari sá, er lausn hefur frá kennsluskyldu, ákveður kennara í sinn stað, einn eða fleiri, með samþykki háskóladeildar og menntamálaráðherra.

Menntamálaráðherra ákveður launakjör staðgengils hverju sinni og hvort kennari sá, sem víkur í bili, skuli greiða laun hans að nokkru eða öllu. Nú er maður ráðinn til að gegna kennaraembætti, en ekki settur til starfans, og ákveður deild þá hverju sinni, hvort hann eigi rétt á að sitja deildarfundi og hafi þar atkvæðisrétt.

20. gr.

Fyrirlestrar, æfingar og námskeið eru fyrir skrásetta stúdenta, en kennara er heimilt að veita öðrum kost á að sækja slíka kennslu, nema háskólaráð mæli öðruvísi fyrir.

21. gr.

Hver sá, sem staðizt hefur fullnaðarpróf frá íslenzkum skóla, sem heimild hefur til að brautskrá stúdenta, á rétt á að verða skrásettur háskólaborgari, gegn því að greiða skrásetningargjald, enda hafi stúdent ekki gerzt sekur um neina þá óhæfu, sem geri það varhugavert, að dómi háskólaráðs, að veita honum skólavist.

Háskólaráð getur leyft, að skrásettir verði til náms menn, sem lokið hafa erlendis prófi eða prófum, er tryggja nægan undirbúning til námsins eigi miður en íslenzkt stúdentspróf.

Háskólaráði er heimilt, samkvæmt tillögum háskóladeildar, að ákveða sérstök inntökuskilyrði í einstakar deildir eða greinar innan deildar. Með sama hætti getur háskólaráð mælt svo fyrir í samþykkt, að aðeins ákveðinn fjöldi stúdenta skuli skráður í deild árlega og eftir hverjum reglum hinni tilteknu tölu stúdenta sé veittur aðgangur að deildinni.

Skrásetningargjöld skulu ákveðin í reglugerð.

22. gr.

Ákvæði um heilbrigðisskilyrði í sambandi við skrásetningar háskólastúdenta má setja í reglugerð.

Öllum skrásettum stúdentum er skylt að ganga undir heilbrigðisrannsóknir eftir því, sem háskólaráð áskilur.

23. gr.

Ákvæði um eftirlit með námsástundun háskólastúdenta má setja í reglugerð háskólans.

24. gr.

Allir skrásettir stúdentar eru skyldir að gæta velsæmis bæði í háskólanum og utan hans.

Háskólaráð getur veitt stúdent áminningu eða vikið stúdent úr skóla um tiltekinn tíma eða að fullu, ef hann hefur gerzt sekur um brot á lögum og öðrum reglum háskólans eða reynzt sekur um háttsemi, sem er ósamboðin háskólaborgara. Enn fremur má í reglugerð kveða svo á, að heimilt sé að víkja stúdent úr skóla vegna persónulegra ágalla, eiturlyfjaneyzlu eða annarrar alvarlegrar óreglu.

Áður en brottrekstur er ráðinn, skal leita umsagnar háskóladeildar stúdents. Einnig skal veita stúdent kost á að svara til saka. Enn fremur skal leita umsagnar stjórnar í deildarfélagi stúdents, áður en brottrekstur er ráðinn samkvæmt fyrra málslið 2. málsgreinar.

Brottrekstur skal þegar í stað tilkynna menntamálaráðuneytinu.

Stúdent er heimilt að skjóta úrskurði háskólaráðs til Hæstaréttar eftir reglum um kæru í opinberum málum innan 4 vikna frá því, að honum barst tilkynning

um úrskurðinn. Kæra frestar framkvæmd úrskurðar, en stúdent má þó ekki ganga undir próf, fyrr en úrlausn Hæstaréttar er fengin.

Nú tekur stúdent sig á, og er háskólaráði þá heimilt að fella brott fyrri úrskurð um brottrekstur.

25. gr.

Nú er hafin réttarrannsókn gegn skrásettum háskólastúdent fyrir háttsemi, sem talin er varða við almenn hegningarlög, og skal dómari þá tilkynna það rektor þegar í stað. Rektor er heimilt að vera viðstaddur dómþing, þegar svo stendur á, eða öðrum kennara háskólans, sem hann nefnir til.

Nú verður skrásettur stúdent sekur að lagadómi um verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, og er hann þá rækur.

26. gr.

Afskipti háskólans af háskólastúdent hætta, er stúdent lýkur fullnaðarprófi í grein sinni. Nú tilkynnir stúdent, að hann sé hættur námi við háskólann, og skal þá má nafn hans af stúdentatali skólans. Sama er, ef hann hefur ekki sótt háskólann tvö kennslumisseri samfleytt, nema hann hafi leyfi háskóladeildar sinnar. Sama gegnir og um þá stúdenta, sem hafa ekki staðizt háskólapróf og fyrirmunað er að reyna próf að nýju, sbr. 28. og 30. gr., og enn um þá, sem vikið hefur verið úr skólanum.

V. KAFLI
Próf.

27. gr.

Háskólapróf skulu haldin á þeim tíma, sem reglugerð háskólans mælir fyrir um.

28. gr.

Í reglugerð háskólans skal setja ákvæði um próf, þ. á m. um prófgreinar, einkunnastiga og einkunnagjafir og um lágmarkseinkunn í einstökum greinum eða flokkum greina og í fullnaðareinkunn.

Mæla má svo fyrir í reglugerð, að fullnaðarprófi sé skipt í fleiri hluta en einn, og kveða má á um skemmsta eða lengsta tíma, sem líða megi frá skrásetningu til frumprófa, svo og milli þess, að einstökum prófhlutum eða prófgreinum sé lokið, og milli upphafs náms og lokaprófs.

Heimilt er enn fremur að mæla svo fyrir í reglugerð, að misserisleg eða árleg próf skuli haldin í deild, samkvæmt tillögu deildarinnar, í þeim námsgreinum, sem kenndar hafa verið á tímabilinu, öllum eða nokkrum. Kveða skal í reglugerð á um það, hvort einkunnir þær, sem gefnar eru við þessi próf, hafi gildi í fullnaðarprófi og þá hvert. Nú er mælt fyrir um slík próf í tiltekinni deild, og er þá stúdentum skylt að ganga undir þau próf. Nánari ákvæði skulu að öðru leyti sett í reglugerð.

Í reglugerð er einnig heimilt að setja ákvæði um það, að stúdent, er ganga vill til prófs, skuli áður hafa lokið undirbúningsprófum eða rækt nægjanlega tilteknar greinar á námskeiðum, í æfingaflokkum eða við verklegt nám eða skilað skriflegum úrlausnum.

29. gr.

Í reglugerð skal setja fyrirmæli um frest til að segja sig til prófs og um prófgjöld. Enn fremur skal setja þar ákvæði um prófvottorð og gjöld fyrir þau.

30. gr.

Nú stenzt stúdent ekki próf, gengur frá því, eftir að hann hefur byrjað próf, eða kemur ekki til prófs og hefur þó ekki boðað forföll. Er honum þá heimilt að

þreyta prófið að nýju innan árs. Standist hann enn ekki sama prófið eða gangi frá því, hefur hann fyrirgert rétti sínum til að ganga oftar undir það. Háskóladeild getur þó veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar málsgreinar, ef sérstaklega stendur á.

Í reglugerð má mæla fyrir um rétt manna, sem staðizt hafa próf, til að endurtaka prófið.

31. gr.

Háskólakennarar standa fyrir prófum, en hver deild ræður tilhögun prófa hjá sér, að svo miklu leyti sem ekki eru sett bindandi ákvæði um það í lögum eða reglugerð.

Munnleg próf skulu háð í heyranda hljóði. Þó er háskóladeild heimilt, ef sérstaklega stendur á, að ákveða, að slík próf skuli halda fyrir luktum dyrum.

32. gr.

Við þau próf, sem teljast til fullnaðarprófs, skal vera einn prófdómari utan háskólans. Auk þess geta einstakar deildir samþykkt að hafa einn prófdómara úr hópi deildarkennara í öllum greinum eða nokkrum. Við meistarapróf í íslenzkum fræðum dæma þó kennararnir einir.

Við þau próf, sem teljast ekki til fullnaðarprófs, skal einn kennari deildar þeirrar, sem í hlut á, gegna prófdómarastörfum samkvæmt kvaðningu deildarforseta.

Í forspjallsvísindum dæmir kennarinn einn um prófið.

Menntamálaráðherra skipar prófdómendur þá, sem eru ekki háskólakennarar, samkvæmt tillögum háskóladeildar. Þá eina má skipa prófdómara, sem lokið hafa viðurkenndu fullnaðarprófi við háskóla í þeirri grein, sem prófdómari skal dæma, eða getið hafa sér orðstír fyrir fræðimennsku í greininni. Prófdómendur skulu skipaðir til þriggja ára í senn.

33. gr.

Háskólaráð ákveður, að fenginn umsögn deildar, hvort viðurkenna skuli háskólapróf, sem stúdent hefur tekið erlendis, og að hverju leyti. Setja má almenn ákvæði í reglugerð um viðurkenningu erlendra prófa.

VI. KAFLI
Doktorar og meistarar.

34. gr.

Háskóladeildir hafa rétt til að veita doktorsnafnbót. Slíka nafnbót má veita annaðhvort í heiðurs skyni eða að undangengnu sérstöku prófi. Doktorsnafnbót í heiðurs skyni verður ekki veitt nema með einróma samþykki atkvæðisbærra deildarmanna og með samþykki háskólaráðs. Háskóladeildir standa fyrir doktorsprófi.

35. gr.

Sá, er æskir doktorsnafnbótar, skal að jafnaði hafa lokið kandídatsprófi eða embættisprófi.

Synja má þeim manni, sem sekur hefur gerzt um einhverja þá óhæfu, sem um getur í 1. málsgrein 21. gr., réttar til að ganga undir doktorspróf.

36. gr.

Sá, er æskir að taka doktorspróf, skal láta fylgja umsókn sinni vísindalega ritgerð eða ritgerðir, enda varði ritgerðir, ef því er að skipta, sama meginrannsóknarsvið og myndi nokkra heild. Umsókn skal stíluð til hlutaðeigandi háskóladeildar.

Í reglugerð skulu settar reglur um doktorspróf.

37. gr.

Hver sá, sem hlotið hefur doktorsnafnbót frá háskólanum, á rétt á að halda þar fyrirlestra í vísindagrein sinni í samráði við rektor. Nú þykir doktor misbeita þessum rétti sínum, og getur háskólaráð þá svipt hann réttinum. Hið sama er, ef doktor gerist sekur um einhverja þá óhæfu, sem ylli því, að hann væri rækur úr háskólanum. ef hann væri í tölu háskólastúdenta.

38. gr.

Háskólaráð getur ákveðið í samþykkt samkvæmt tillögum háskóladeildar, að heimilt sé að ganga undir meistarapróf í grein, að loknu embættis- eða kandídatsprófi. Prófið er fólgið í samningu ritgerðar eða ritgerða, og má áskilja, að umsækjandi gangi einnig undir munnlegt próf í tilteknum greinum og haldi opinbera fyrirlestra. Ritgerð skal skila til þeirrar háskóladeildar, sem í hlut á.

Nánari reglur um meistarapróf skal setja í reglugerð.

VII. KAFLI

Stofnanir háskólans og eigur hans.

39. gr.

Háskólaráð hefur yfirumsjón með einstökum háskólastofnunum, svo sem háskólabókasafni, fyrirtækjum háskólans, svo sem happdrætti og kvikmyndahúsi, og með sjóðum skólans og öðrum eigum.

Forseti Íslands veitir embætti háskólabókavarðar samkvæmt tillögu háskólaráðs. Háskólabókavörður skal hafa sérþekkingu í bókasafnsfræðum. Nú kennir háskólabókavörður bókasafnsfræði við háskólann, og tekur hann þá sömu laun og prófessorar. Háskólaráð ræður annað starfslið bókasafns eftir því, sem fé er veitt til á fjárlögum.

Háskólaráð setur einstökum fyrirtækjum háskólans samþykktir.

Um stjórn sjóða fer eftir því, sem stofnskrár eða aðrar samþykktir mæla fyrir um.

Um tengsl atvinnudeildar háskólans við háskólann fer eftir því, sem segir í III. kafla laga nr. 68, 7. maí 1940 og öðrum lögum, er þar að lúta, og um tengsl tilraunastöðvar háskólans í meinafræði við háskólann, svo sem segir í lögum nr. 11, 28. febr. 1947.

VIII. KAFLI

Kennaraembætti og kennarastöður við Háskóla Íslands.

40. gr.

Við Háskóla Íslands eru þessi prófessorsembætti:

1. Í guðfræðideild 4,
2. í læknadeild 8,
3. í laga- og viðskiptadeild 6,
4. í heimspekideild 7,
5. í verkfræðideild 3.

Í reglugerð skal kveða á um, hverjar aðalkennslugreinar teljist til hvers prófessorsembættis um sig.

Nú óskar skipaður prófessor eftir því, að aðalkennslugrein hans verði breytt, er prófessorsembætti verður laust í deild hans, og getur menntamálaráðherra þá heimilað breytinguna, ef deild sú, sem í hlut á, fellst á tilmæli prófessorsins.

41. gr.

Prófessorarnir í lyflæknisfræði og handlæknisfræði veita forstjórn lyflækna- og handlæknisdeildum Landsspítalans, og prófessorinn í meinafræði veitir jafnframt forstöðu rannsóknarstofu í meinafræði. Prófessorinn í heilbrigðisfræði skal auk kennslunnar í þeirri grein annast heilbrigðislegar rannsóknir fyrir heilbrigðisstjórnina, þar á meðal manneldisrannsóknir í samráði við manneldisráð. Prófessorinn í lyfjafræði hefur yfirumsjón með kennslu í lyfsölufræði. Kennarinn í lyfsölufræði hefur jafnframt á hendi eftirlit með lyfjabúðum.

42. gr.

Menntamálaráðherra ákveður tölu dósenta, lektora, aukakennara og aðstoðarkennara í einstökum deildum og greinum, að fengnum tillögum háskólaráðs.

IX. KAFLI
Kennsla í lyfsölufræði.

43. gr.

Við læknadeild skal stofna til kennslu í lyfsölufræði (pharmacia) til undirbúnings fullnaðarfræðslu í þeirri grein, sem gert er ráð fyrir, að fyrst um sinn verði sótt til útlanda.

X. KAFLI
Gildistaka og brottfallin lög.

44. gr.

Lög þessi taka gildi nú þegar.

45. gr.

Menntamálaráðherra leitar staðfestingar forseta Íslands á reglugerð fyrir háskólann, að fengnum tillögum háskólaráðs. Í reglugerðinni er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara. Reglugerðarákvæði þau, sem í gildi eru við gildistöku laganna, halda gildi sínu, unz ný ákvæði eru sett.

46. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi þessi lög og lagaákvæði:

Lög nr. 21 1. febr. 1936, um Háskóla Íslands, ásamt breytingarlögum nr. 78 27. júní 1941, lögum nr. 66 28. des. 1944 og lögum nr. 21 28. marz 1947.

Lög um laun háskólakennara, nr. 36 30. júlí 1909.

Lög nr. 66 28. des. 1944, um breyting á og viðauka við lög nr. 36 30. júlí 1909, um laun háskólakennara, og um breyting á lögum nr. 21 1. febr. 1936, um Háskóla Íslands.

Lög nr. 116 28. des. 1950, um breyting á lögum nr. 66 28. des. 1944.

Lög nr. 85 24. des. 1953, um breyting á lögum nr. 36 30. júlí 1909, um laun háskólakennara.

Lög nr. 34 26. okt. 1917, um stofnun dósentsembættis í læknadeild Háskóla Íslands.

Lög nr. 40 27. júní 1925, um stofnun dósentsembættis við heimspekideild Háskóla Íslands.

Lög nr. 24 19. maí 1930, um háskólakennara.

Lög nr. 33 23. júní 1932, um stofnun nýs prófessorsembættis í læknadeild Háskóla Íslands.

Lög nr. 44 27. júní 1941, um tannlæknakennslu við læknadeild háskólans.
Lög nr. 13 13. febr. 1943, um stofnun embættis háskólabókavarðar við Háskóla Íslands.
Lög nr. 9 24. jan. 1945, um stofnun prófessorsembættis í heilbrigðisfræði í læknadeild Háskóla Íslands.
Lög nr. 31 12. febr. 1945, um stofnun dósentsembættis í guðfræðideild Háskóla Íslands.
Lög nr. 23 23. apríl 1946, um dósentsembætti í íslenzku nútímamáli og hagnýtri íslenzkukennslu í heimspekideild Háskóla Íslands.
Lög nr. 15 6. apríl 1955, um stofnun prófessorsembættis í læknadeild Háskóla Íslands.
Lög nr. 92 24. des. 1955, um laun starfsmanna ríkisins, 14. gr. B,I,4 orðin „dósentar og" falli niður.
Lög nr. 112 30 maí 1940, um lyfjafræðingaskóla Íslands.

47. gr.

Þegar lög þessi taka gildi, skal skipa dósenta þá, sem starfa við háskólann, prófessora.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta, sem flutt er samkvæmt tilmælum Háskóla Íslands, er samið af sérstakri nefnd. Hafa verið gerðar nokkrar breytingar á frv. frá því, sem nefndin lagði til, aðallega að láta haldast að mestu þá skipan, sem verið hefur um hríð um veiting prófessorsembætta, en nefndin vildi gera þar á frekari breytingar. Þá er bætt inn ákvæði um kennslu í lyfsölufræði og um stofnun prófessorsembættis í lyfjafræði, svo sem nánar er vikið að í greinargerð nefndarinnar. Greinargerðin er birt hér á eftir, en þess skal getið, að sérstakar athugasemdir hafa verið felldar inn í greinargerðina vegna breytinga þeirra, sem gerðar voru á frumvarpinu.

Í ársbyrjun 1954 tók til starfa fimm manna nefnd, sem háskólaráð skipaði, til þess að endurskoða lög og reglugerðir um Háskóla Íslands. Haustið 1955 skipaði menntamálaráðherra Bjarni Benediktsson, samkvæmt tilmælum háskólans, sjötta nefndarmanninn, og var hann formaður nefndarinnar. Í upphafi áttu sæti í nefndinni prófessorarnir Ármann Sævarr, Björn Magnússon, Júlíus Sigurjónsson, Leifur Ásgeirsson og Þorkell Jóhannesson. Tveir hinir síðastnefndu viku úr nefndinni eftir nokkurn tíma, annar vegna dvalar erlendis, en hinn sakir annarra starfa. Háskólaráð kvaddi í þeirra stað prófessorana Finnboga R. Þorvaldsson og Steingrím J. Þorsteinsson. Stjórnskipaður formaður nefndarinnar var dr. Benjamín Eiríksson, bankastjóri, en fram til þess að hann var skipaður hafði prófessor Ármann Snævarr verið formaður.

Frumvarp það, er nefndin samdi, var sent til umsagnar öllum deildum háskólans, svo og stúdentaráði háskólans. Eftir að umsagnir bárust, fór nefndin að nýju yfir frumvarpið, og loks gekk háskólaráð til fullnaðar frá frumvarpinu, svo sem boðið er í lögum um undirbúning lagafrumvarpa, sem háskólann varða.

Hér á eftir verður rætt um efni frumvarpsins, en auk þess þykir rétt að víkja nokkuð að þróun Háskóla Íslands og þeim breytingum, sem háskólalög hafa tekið frá öndverðu.

I.

Háskóli Íslands er 45 ára um þessar mundir. Hann er stofnaður 17. júní 1911, en fyrstu lögin um háskólann eru frá 30. júlí 1909. Að skólanum stóðu þegar frá upphafi traustar stoðir, þar sem embættismannaskólarnir þrír, Prestaskólinn, Læknaskólinn og Lagaskólinn urðu hluti háskólans sem stofn guðfræðideildar, læknadeildar og lagadeildar hans.

Á þessu 45 ára starfsskeiði skólans hefur starfsemi hans aukizt að miklum mun, nemendum og kennurum hefur stórfjölgað, stofnað hefur verið til kennslu í

nýjum kennslugreinum og ýmsar rannsóknarstofnanir hafa risið og tengzt háskólanum. Skal þetta nú reifað nokkuð.

Fyrsta árið, sem skólinn starfaði, voru skráðir stúdentar 45 talsins, en í upphafi háskólaárs 1956—1957 voru þeir 750. Fyrsta háskólaárið voru prófessorar 9, en dósentar 2. Í upphafi háskólaárs 1956—1957 voru prófessorar 25, en dósentar 2. Tala aukakennara hefur og margfaldazt. Að loknum vorprófum 1956, voru brautskráðir kandídatar frá Háskóla Íslands um 1170, og eru þá ekki taldir þeir, sem lokið hafa fyrra hluta prófi í verkfræði frá háskólanum, og ekki heldur þeir menn, sem lokið hafa prófi í forspjallsvísindum einum saman. Samkvæmt bráðabirgðaathugunum skiptast brautskráðir kandídatar svo á fræðigreinar:

1. Guðfræði	201
2. Læknisfræði	337
3. Lögfræði	380
4. Íslenzk fræði með eða án aukagreina	75
5. Viðskiptafræði	98
6. Verkfræði	7
7. Tannlæknisfræði	25
8. B.A.-próf	45
	1168

Viðkoma kandídata hefur aukizt mjög hin síðari árin. Á tímabilinu 1921—1926 voru 79 kandídatar brautskráðir frá háskólanum, en árin 1951—1956 brautskráðust þaðan 232 kandídatar.

Á starfsskeiði sínu hefur háskólinn aukið miklu við upprunalegt starfssvið sitt. Námið hefur t. d. verið gert fjölþættara bæði á þá lund, að efnt hefur verið til kennslu í nýjum fræðigreinum að stofni til, og auk þess hefur ýmsu verið aukið við eldri kennslugreinarnar og námið þar gert fjölbreytilegra.

Haustið 1940 var hafin kennsla til fyrra hluta prófs í verkfræði. Með lögum nr. 66/1944 var verkfræðideild stofnuð að formi til, og þá voru lögfest þrjú prófessorsembætti við þá deild. Vegna heimsstyrjaldarinnar gátu þeir stúdentar, sem fyrstir manna luku hér fyrra hluta prófi, ekki sótt síðara hluta námsins til erlendra háskóla. Var þá horfið að því ráði að veita þeim fullnaðarkennslu í byggingarverkfræði hér við háskólann, og luku því prófi 7 kandídatar. Eftir styrjaldarlok var kennsla í greinum síðara hluta verkfræðiprófs lögð niður, og hefur kennsla síðan verið einskorðuð við greinar fyrra hluta prófsins. Hafa nú alls lokið fyrra hluta prófi 101 stúdent, en auk þess hafa 6 þeirra 7 kandídata, sem lokið hafa fullnaðarprófi hér, tekið fyrra hluta próf við Háskóla Íslands.

Þá var hafin kennsla í viðskiptafræði á árinu 1941. Var þá þegar skipaður dósent í viðskiptafræði, en annar dósent settur á næsta ári, þótt lög væru ekki til um þau embætti. Embætti þessi voru lögfest með lögum nr. 66/1944. Viðskiptafræðiprófi hafa lokið 98 kandídatar, svo sem fyrr greinir.

Með lögum nr. 44/1941 var stofnað dósentsembætti í tannlækningum, en kennsla hófst ekki fyrr en haustið 1945. Tannlæknaprófi hafa nú lokið 25 kandídatar.

Loks ber að geta þess, að með breytingu, sem gerð var á háskólareglugerð á árinu 1942, var lagður grundvöllur að kennslu í ýmsum greinum til B.A.-prófa, og fer sú kennsla fram á vegum heimspekideildar. Samkvæmt gildandi reglugerð má halda uppi kennslu í 16 námsgreinum til B.A.-prófa. Þessu prófi hafa nú lokið 45 kandídatar. Í sambandi við þetta nám er rétt að benda á það, að efnt hefur verið til sérstaks prófs í íslenzkum fræðum fyrir erlenda stúdenta, og nefnist sá baccalaureatus philologiae islandicae, sem slíku prófi hefur lokið. Hafa tveir stúdentar lokið þessu prófi.

Jafnframt þessari fjölgun kennslugreina að stofni til hefur námið orðið fjölbreytilegra í greinum þeim, sem kenndar hafa verið frá öndverðu í skólanum. Nýjum

greinum hefur verið bætt við, fjölgað hefur verið verklegum æfingum og námskeiðum, og ríkari kröfur eru gerðar um, að stúdentar skrifi ritgerðir í grein sinni. Þessa fjölbreytni má m. a. rekja til þess, að kennurum hefur fjölgað í gömlu deildunum. Eru prófessorar nú 3 í guðfræðideild og dósent 1, en 1911 voru þar 2 prófessorar og einn dósent. Í læknadeild voru 2 prófessorar 1911, en nú starfa þar 6 prófessorar (af þeim er einn í tannlæknisfræðum), og eitt embætti er óveitt. Í lögfræði voru 3 prófessorar 1911, en nú eru þeir 4. Í heimspekideild voru 2 prófessorar 1911, en einn dósent. Nú starfa þar 6 prófessorar og einn dósent.

Í skjóli háskólans hafa vaxið upp ýmsar rannsóknarstofnanir, sem við hann eru tengdar. Má þar nefna Rannsóknarstofu háskólans í meinafræði, Tilraunastöð háskólans í meinafræði á Keldum, Rannsóknarstofu í líffærafræði og lífeðlisfræði, Rannsóknarstofu í heilbrigðisfræði og loks Atvinnudeild háskólans, en tengsl þeirrar stofnunar við háskólann eru meir í orði en á borði.

Þá er þess að geta, að háskólabókasafnið hefur vaxið verulega á þessum árum, en embætti háskólabókavarðar var stofnað formlega með lögum nr. 13/1943. Samning orðabókar íslenzkrar tungu er unnin á vegum háskólans, og má kalla, að föst rannsóknarstofnun fjalli um það rannsóknarefni.

Við háskólann eru tengd tvö fjármálafyrirtæki, happdrætti háskólans og kvikmyndahúsið Tjarnarbíó. Er háskólanum mikill fjárstyrkur að þeim.

Þetta stutta yfirlit ber það með sér, að mikil gróska og þensla hefur verið í lífi háskólans á þessu 45 ára skeiði. Allt um það hafa lög hans ekki sætt gagngerðum breytingum. Með l. nr. 21 1. febr. 1936 voru háskólanum að vísu sett ný lög að formi til. Í raun réttri kvað þó ekki mjög mikið að efnisbreytingum á eldri lögum, er þau voru sett. Helztu breytingarnar voru þær, að atvinnudeild var stofnuð og tengd háskólanum, kjörtímabil rektors var lengt úr 1 ári í 3 ár, og ákvæðum var breytt um upphaf og endi háskólaárs, svo og um misserisskiptingu. Skyldi háskólinn nú hefja starf sitt 15. sept., í stað 1. okt. fyrr, og ljúka því 15. júní, í stað 30. júní fyrr. Haustmisseri skyldi nú ljúka 1. febr., en áður lauk því 15. febrúar.

Þá var lögunum frá 1936 breytt með l. nr. 78/1941. Var lagadeild þá breytt í laga- og hagfræðideild í sambandi við kennslu, sem þá hófst í viðskiptafræði. Þá var lögfest heimild um að takmarka aðgang að deildum háskólans, og loks var heimilað að setja því tímamörk, hve lengi menn gætu verið með einstaka prófhluta fræðigreinar. Með l. nr. 66/1944 var enn gerð breyting, og var þá verkfræðideild lögfest.

Greinargerð um lagabreytingar ein sér veitir þó ekki rétta yfirsýn yfir þær breytingar, sem orðið hafa á innri starfsemi háskólans. Í reglugerð háskólans, sem er að stofni til frá 1942, eru meginákvæðin um tilhögun náms, einstakar námsgreinar og prófgreinar og aðrar námskröfur, auk ákvæða um einkunnir, þar á meðal lágmarkseinkunnir, sem menn verða að hljóta. Þessi ákvæði skipta í reynd meira máli um daglega starfsemi háskólans en einstök ákvæði háskólalaganna. Hefur kveðið allmikið að breytingum á reglugerð skólans, bæði vegna þess að nýjar námsgreinar hafa verið teknar upp og eins sakir þess, að kennslulag allt hefur verið á reynslustigi, jafnvel í þeim greinum, sem lengst hafa verið kenndar. Er mjög mikilvægt, að ákvæði um starfsemi háskólans, einkum þá er lýtur að námstilhögun og prófum, séu sveigjanleg. Ber því brýna nauðsyn til þess, að lög festi ekki um of námstilhögun, prófhætti og einkunnagjafir, heldur sé þeim atriðum skipað með reglugerð. Er lagt til í frumvarpi þessu, að þeirri lagastefnu sé haldið.

II.

Athugasemdir við einstök ákvæði frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í erlendum háskólalögum tíðkast það víða að lýsa hlutverki háskólans í upphafskafla háskólalaga, sbr. t. d. lög um háskólann í Björgvin, Gautaborg og Ósló og

lög um Verkfræðiháskólann danska. Ákvæði sem þessi fela fyrst og fremst í sér stefnuskrá skólans, en auk þess felst í þeim nokkur mörkun á starfssviði starfsmanna háskólans, t. d. á þá lund, að starfsmenn verða ekki skyldaðir til að inna af höndum störf, sem eru utan marka þessarar skýrgreiningar, nema sérstök lagaheimild komi til eða það sé venju helgað. Er lagt til í 1. gr., að lögin hefjist á slíku ákvæði, og er það nýmæli.

Í 1. gr. er ekki vikið að þeim réttindum, sem háskólapróf veita. Um það efni er fjallað í lögum nr. 36/1911, um forgangsrétt kandídata frá Háskóla Íslands til embætta, ásamt síðari breytingum. Rétt er að vekja athygli á því, að mjög er það mismunandi, hvern rétt einstök háskólapróf veiti. Sum þeirra eru embættispróf, svo sem guðfræði-, lögfræði- og læknisfræðipróf, önnur veita forgangsrétt til starfa, svo sem mag. art.- og cand. mag.-próf í íslenzkum fræðum, eða jafnrétti á við aðra kandídata, svo sem B.A.-próf, en þess eru einnig dæmi, að mjög fá réttindi séu tengd prófi, svo sem er um kandídatspróf í viðskiptafræðum. Nefnd sú, sem samdi drög til frv. þessa, taldi það ekki í verksviði sínu að endurskoða ákvæði um þessi efni. Annað verkefni, sem er þessu skylt, er það álitamál, hvort lögvernda eigi í fyllra mæli en nú er gert stéttar- eða starfsheiti akademiskt menntaðra manna, svo sem heitin lögfræðingur, hagfræðingur, sagnfræðingur, þjóðréttarfræðingur o. s. frv. Nefndin taldi það einnig vera utan starfssviðs síns að móta tillögur um þetta efni.

Um II. kafla.

Hér eru ákvæði um stjórn háskólans, æðstu valdhafa hans, rektor og háskólaráð, störf þeirra og starfsháttu, um starfslið háskólans annað en kennaralið, og loks er þar almennt ákvæði um, að háskólinn lúti menntamálaráðherra. Í þessum kafla eru ýmis nýmæli, eins og sýnt mun verða í athugasemdum við hverja einstaka grein.

Um 2. gr.

Hér eru grundvallarákvæði um starfssvið rektors og háskólaráðs, svo og ákvæði um það, að háskólinn lúti menntamálaráðherra.

Ákvæði 2. málsgr. um starfssvið rektors eru nokkru fyllri en hliðstæð ákvæði í gildandi lögum. Eru þessar reglur frv. að mestu eða öllu í samræmi við þær venjur, sem nú tíðkast, en rétt þykir að lögfesta þessar reglur, þar sem þær skipta meginmáli um réttarstöðu rektors.

Ákvæði 3. málsgr. um verksvið háskólaráðs er svipaðs efnis og 2. gr. háskólalaga nr. 21/1936.

Í 4. málsgr. er boðið, að leita skuli umsagnar háskólaráðs, áður en lögum, sem snerta háskólann eða háskólastofnanir, verður breytt eða við þau aukið, svo og um nýmæli í lögum. Þetta ákvæði er ekki í gildandi lögum, en ákvæði svipaðs efnis er í 5. gr. 2. málsgr. háskólareglugerðar nr. 47/1942. Þykir heppilegra að hafa þetta ákvæði í háskólalögum en í háskólareglugerð. Ákvæði, sem að sínu leyti er hliðstætt efni þessu, er í l. nr. 21/1931, 3. gr., um kirkjuráð.

Í 5. málsgr. segir, að háskólinn eigi stjórnarfarslega undir menntamálaráðherra. Um þetta atriði er ekki ákvæði í lögum, en hér er lagt til, að ríkjandi stjórnsýsluvenju sé veitt lagagildi. Í frv. er jafnan talað um menntamálaráðherra, en ekki menntamálaráðuneyti, og er það með ráði gert, þar sem ætlunin er, að ráðherra fjalli yfirleitt persónulega um málefni háskólans og rektor og háskólaráð eigi beinan aðgang að honum um málefni háskólans.

Um 3. gr.

Hér er mælt fyrir um rektorskjör.

Í 1. málsgr. segir, að prófessorar einir eigi kosningarrétt og séu kjörgengir við rektorskjör. Samkv. 3. gr. gildandi laga eiga prófessorar og dósentar kosningarrétt, en prófessorar einir eru kjörgengir. Hér er lagt til, að dósentar eigi ekki atkvæðis-

rétt, og er ástæðan sú, að samkvæmt frumvarpinu verða dósentar í nokkru lausari tengslum við háskólann en nú er. Þótti því ekki rétt að heita þeim atkvæðisrétti frekar en t. d. lektorum. Mundu áhrif einstakra deilda á rektorskjör og breytast mjög, ef dósentum væri fenginn kosningarréttur, þar sem það verður væntanlega mjög mismunandi, hve marga dósenta deild hefur innan vébanda sinna, ef ákvæði frv. um dósenta verða lögfest.

2. málsgr. er að mestu óbreytt frá gildandi lögum.

Í 3. málsgr. eru ákvæði um rektorskjör. Aðalbreytingin frá 3. gr. gildandi laga er fólgin í því, að sá prófessor einn nær kosningu í fyrstu umferð, sem hlýtur atkvæði meiri hluta atkvæðisbærra manna. Ef prófessorar háskólans eru t. d. 27, þá nær kennari ekki kosningu í þessari umferð, nema hann hljóti 14 atkvæði hið fæsta. Auk þess er það óhjákvæmilegt skilyrði, að minnst tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra kennara eigi þátt í atkvæðagreiðslu, þ. e. 18 menn, miðað við ofangreinda tölu prófessora. Þótt maður skili auðum seðli, tekur hann að sjálfsögðu þátt í atkvæðagreiðslu í skilningi 3. málsgr.

Áskilnaður um, að rektorsefni hljóti algeran meiri hluta atkvæðisbærra manna, á aðeins við um fyrstu kosningaumferð. Í síðari umferðum dugir einfaldur meiri hluti greiddra atkvæða. Við kosningarhætti þá, sem nú tíðkast, getur það borið við, að tiltekinn maður sé kosinn rektor þegar í fyrstu umferð, þótt hann njóti fylgis minni hluta atkvæðisbærra manna, t. d. aðeins 35%. Við nýbreytni þá, sem hér er lögð til, er girt fyrir það, að fyrsta kosningarlota skeri úr um kosningu, nema tiltekinn prófessor hljóti meiri hluta allra atkvæðisbærra manna, og er þá einnig tekið tillit til þeirra, sem ekki sækja kjörfund. Samkv. frumvarpsgreininni skal haga annarri kosningarumferð með sama hætti og nú tíðkast, þ. e. kosning er þá bundin við þá tvo eða fleiri, sem flest fengu atkvæði í fyrstu umferð. Nú fá t. d. þrír menn jafna atkvæðatölu eða einn fær flest atkvæði, en næst flest atkvæði fá tveir menn með jafna atkvæðatölu, og skal þá kjósa um þá þrjá. Í annarri umferð telst sá kosinn, sem flest atkvæði fær, en hlutkesti skal ráða, ef atkvæði verða jöfn. Gert er ráð fyrir því, að fyllri reglur um rektorskjör séu settar í reglugerð. Væri kostur að kveða þar á um rétt kennara, sem getur ekki sótt kjörfund, á að skila bréflegu atkvæði, og enn fremur er gerlegt að mæla fyrir um prófkjör í sambandi við kosningu rektors, ef mönnum lízt svo.

Í 3. málsgr. er ekki ákvæði, er býður prófessor að sækja kjörfund, en telja verður slíka fundarsókn embættisskyldu prófessors.

Ákvæði 4. málsgr., sem skyldar kjörgengan háskólakennara til að taka við rektorskjöri, er nýmæli. Eru hliðstæð ákvæði yfirleitt í norrænum háskólalögum, og styðst það við góð og gild rök. Háskólaráð metur ástæður kennara, sem skorast undan að taka kjöri, og skal efna til kosningar að nýju, ef háskólaráð fellst á sjónarmið hins kjörna rektors. Er ljóst, að veigamiklar ástæður einar geta leitt til þess, að fallizt verði á afstöðu kennarans.

Ákvæði 5. og 6. málsgr. er að mestu í samræmi við gildandi lög.

Ákvæði 6. málsgr. um það, hver gegna skuli rektorsembætti í forföllum rektors eða ef hann fellur frá, eru nokkru fyllri en ákvæði 3. gr. l. nr. 21/1936. Þar sem talað er um „endurkjör“ í 5. málsgr., er að sjálfsögðu aðeins átt við það, að rektor geti skorazt undan því að gegna embættinu samfleytt í fleiri kjörtímabil en eitt. Ef hlé verður á því, að hann gegni rektorsembætti, getur hann ekki skorazt undan kjöri nema samkvæmt ákvæði 4. málsgr.

Um 4. gr.

Greinin fjallar um það, hverjir skipi háskólaráð. Enn fremur eru þar fyrirmæli um það, að heimilt sé að leyfa fulltrúum háskólastúdenta fundarsetu. Auk stúdenta geta fulltrúar kennara átt fundarsetu í háskólaráði samkv. 5. gr. frv.

Ákvæði 1. málsgr. er óbreytt frá 4. gr. gildandi laga, að því frá skildu, að hér er vikið að kosningu ritara.

Í 2. málsgr. eru sett brýn fyrirmæli um það, hvaða kennari skuli sækja fund, ef deildarforseti er forfallaður eða getur ekki tekið þátt í afgreiðslu máls vegna tengsla við mál. Er þá gert ráð fyrir, að varaforseti deildar sæki fund, en ella sá prófessor, sem lengst hefur gegnt kennaraembætti í deildinni (þ. e. embætti fastakennara, en stundakennsla mundi ekki falla undir þetta orðalag). Um þetta efni skortir ákvæði í gildandi lögum og reglugerðum um háskólann, og hefur framkvæmd nokkuð verið á reiki. Þykir heppilegt að taka hér af tvímæli með brýnu ákvæði.

Ákvæði 3. málsgr. um setu stúdenta á fundi háskólaráðs er nýmæli. Má vænta þess, að fulltrúar stúdenta, einn eða fleiri, verði jafnan kvaddir til, þegar fjallað er um mál í háskólaráði, sem varða stúdenta sérstaklega. Í 3. málsgr. 14. gr. er hliðstætt ákvæði að sínu leyti um kvaðningu stúdenta á kennarafundi í deild. Í lögum um háskólann í Ósló, nr. 3 9. des. 1955, eru ákvæði um það, að fulltrúar stúdenta eigi rétt á setu í háskólaráði og hafi þar málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt. Þessir fulltrúar taka einnig þátt í rektorskjöri. Þá sitja kjörnir fulltrúar stúdenta fundi deildakennara með sömu lögkjörum og lýst var um fulltrúa þeirra í háskólaráði. Samkvæmt lögum um háskólann í Björgvin frá 9. júlí 1948 sitja fulltrúar stúdenta fundi deildarkennara sem fullgildir meðlimir, en fulltrúa eiga þeir ekki í háskólaráði. Ekki er kunnugt um önnur norræn háskólalög, sem hafi ákvæði um þessi efni. Stúdentaráð Háskóla Íslands hefur í umsögn sinni um frv. lagt eindregið til, að svipuð ákvæði verði tekin upp í frv. sem eru í lögunum nýju um háskólann í Ósló. Stúdentaráð gerir þó ráð fyrir því, að í reglugerð megi „takmarka rétt fulltrúa stúdenta til að taka þátt í afgreiðslu þeirra mála, sem varða beint vísindaleg málefni". Nefndin, sem samdi frv., taldi ekki ráðlegt að sinni að ganga lengra í þessu efni en svo, að heimila rektor og deildarforseta að kveðja fulltrúa stúdenta á fundi í háskólaráði eða á deildarfundi, þegar málefni, sem sérstaklega varða stúdenta, eru þar til umræðu. Fjölmörg mál koma til umræðu á fundum háskólaráðs og deildarkennara, sem varða ekki stúdenta sérstaklega, og er þá engin ástæða til þess að fulltrúar stúdenta séu viðstaddir slíkar umræður. Um sum mál, sem þar eru rædd, er og ljóst, að stúdentar hafa ekki fræðileg tök á að fjalla um þau eða nægilega reynslu til þess að taka þátt í afgreiðslu þeirra. Þá er ekki heldur fyrir það að synja, að sum mál kunni að vera þess eðlis, að ekki sé heppilegt, að stúdentum berist vitneskja um þau, a. m. k. meðan mál er á tilteknu afgreiðslustigi. Hitt er ljóst, að lögfesting á frv. mundi í reynd hafa það í för með sér, að stúdentar yrðu miklu oftar en nú er kvaddir til fundar um úrlausn mála, og þeir mundu fá betri tök á því en nú er að fylgjast með afgreiðslu mála í háskólaráði og hjá deildum, og er framför að því. Um þessi efni er unnt að setja fyllri ákvæði í reglugerð, sbr. 44. gr. frv.

Um 5. gr.

1. málsgr., sem fjallar um fundarhöld háskólaráðs, er sama efnis og 2. málsgr. 4. gr. gildandi laga. Þegar fundur er boðaður að frumkvæði kennara, er mælt svo fyrir í frv., að kennurum sé rétt að senda fulltrúa á fundinn, en það er ekki bundið eins og er í gildandi lögum, hve margir þessir fulltrúar skuli vera.

Í 2. málsgr. eru sett ákvæði um ályktunarfæri háskólaráðs og um það, hvenær ályktun teljist samþykkt. Þessi ákvæði eru ekki í háskólalögunum frá 1936, en um þau er fjallað í 3. gr. reglugerðar nr. 47/1942. Þykir rétt að hafa ákvæði um þetta efni í háskólalögunum, því að slíkt ákvæði skiptir meginmáli um störf háskólaráðs. Samkvæmt tilvitnuðu ákvæði reglugerðar nægir, að helmingur háskólaráðsmanna sæki fund. Í frv. er lagt til, að háskólaráð sé ekki ályktunarfært, nema tveir þriðju hlutar ráðsmanna sæki fund hið fæsta. Ákvæði frv. um það, hvenær tillaga teljist samþykkt, er nokkru fyllra en ákvæði reglugerðar nr. 47/1942 um það efni.

Um 6. gr.

Hér er kveðið á um almenna kennarafundi, en ákvæði um það efni eru ekki í gildandi lögum. Mælir greinin fyrir um það, hvenær heimilt sé að boða til slíks fundar, hvenær slíkt sé skylt, hverjir eigi rétt á að sækja kennarafundi og njóti atkvæðisréttar þar, og loks segir um skuldbindingargildi þeirra ályktana, sem þar eru gerðar. Samkvæmt greininni binda ályktanir kennarafundar ekki háskólaráð, en að sjálfsögðu má vænta þess, að stjórnarvöld háskólans og stjórnarvöld ríkisins muni taka nokkurt tillit til slíkra ályktana, a. m. k. ef þorri kennara hefur greitt þeim atkvæði sitt.

Háskólaráð gæti þrátt fyrir ákvæði 6. gr. lagt einstök mál til álita fyrir fund, sem t. d. prófessorar einir sæktu.

Um 7. gr.

Hér eru ákvæði um starfslið á skrifstofu háskólans og umsjónarmann. Ákvæði um þetta efni eru ekki í gildandi lögum, en hins vegar eru ákvæði um það í 6. gr. háskólareglugerðar. Þykir réttara að taka þessi ákvæði í lög háskólans. Efnisbreyting er hér sú ein, að menntamálaráðherra skipar ritara að fengnum tillögum háskólaráðs eftir frumvarpsgreininni, en í reglugerð er ekki gert ráð fyrir afskiptum háskólaráðs af skipun ritara.

Um 8. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

Um 9. gr.

Hér segir, hverjar deildir séu við háskólann. Er lagt til, að deildartali núgildandi laga sé breytt svo, að atvinnudeild sé ekki framar háskóladeild. Ákvæði laga nr. 21/1936 um, að atvinnudeild sé meðal deilda háskólans, hefur verið bókstafur einn. Fulltrúi frá atvinnudeild háskólans hefur aldrei setið háskólaráðsfundi, og tengslin milli háskólans og þessarar rannsóknarstofnunar hafa verið mjög lítil, svo að ekki sé fastar að orði kveðið. Ólíklegt þykir, að breyting verði á þessu í bráð, og er því lagt til, að atvinnudeildin verði ekki lengur að formi til háskóladeild, enda er skipulag hennar og starfsemi nú með þeim hætti, að naumast kemur til greina, að hún eigi fulltrúa í háskólaráði. Engin kennsla fer fram á vegum atvinnudeildar eða annars konar skólastarfsemi, og háskólinn hefur engan afskiptarétt af starfsemi þeirrar stofnunar, svo sem þó ætti að vera, ef stofnunin væri háskóladeild. Yfirstjórn þessarar stofnunar er, sem kunnugt er, í höndum Rannsóknarráðs ríkisins, en ekki háskólans. Að óbreyttum lögum um atvinnudeildina getur hún frá skipulagssjónarmiði ekki verið háskóladeild. Nefndin vill benda á, að mikil þörf mun vera á því að endurskoða lagaákvæði um atvinnudeildina, en slík endurskoðun var ekki í verksviði nefndarinnar.

Þess skal getið, að í frv. nefndarinnar, eins og það barst háskólaráði, var lagt til, að laga- og hagfræðideild væri skipt í tvær deildir, lagadeild og viðskiptadeild, og væru deildir þá 6 samtals. Var þó mikill ágreiningur um þetta í nefndinni. Í háskólaráði var samþykkt með 5 atkvæðum gegn 1 að hafa laga- og viðskiptadeild óskipta áfram, en forseti laga- og hagfræðideildar greiddi atkvæði gegn þeirri tillögu. Af hendi meira hlutans í háskólaráði var einkum lögð áherzla á það, að eingöngu tveir fastakennarar væru í þessari deild, ef stofnuð yrði. Þá er einnig á það bent, að í sumum öðrum deildum tíðkast það, að allsundurleitar kennslugreinar séu kenndar í einni og sömu deild, sbr. tannlæknisfræði í læknadeild og kennslu í ýmsum greinum til B.A.-prófa í heimspekideild. Í frumvarpi því, sem hér er flutt, er lagt til, að viðskiptadeild verði sjálfstæð deild, þegar þrú föst kennaraembætti hafa verið stofnuð þar. Þess má geta, að í viðskiptafræðum eru um 100 stúdentar, litlu færri en í lögfræði, en miklu fleiri en í guðfræði og verkfræði. Á það skal bent, að reynslan hefur leitt í ljós, að ógerlegt er að halda uppi sameiginlegri kennslu

fyrir laganema og viðskiptafræðinema að nokkru ráði. Samstaða þessara deildarhluta er því mjög lítil.

Í gildandi lögum er deild sú, sem rætt var um hér síðast, nefnd laga- og hagfræðideild. Það hefur í raun réttri jafnan verið vafasamt að kenna þessa deild við hagfræði. Könnun á Alþingistíðindum (sbr. Alþ.tíð. 1941, A, bls. 212—225) leiðir í ljós, að heiti þetta er sprottið upp af tillögum háskólaráðs um, að efna skyldi til viðskiptafræði- og hagfræðikennslu við háskólann. Tillögum háskólaráðs var hafnað, að því er tekur til hagfræðikennslunnar, en þess var þá ekki gætt að breyta nafni deildarinnar til samræmis við þessa afgreiðslu máls. Er lagt til hér, að deildin heiti laga- og viðskiptadeild.

Um 10. gr.

Í þessu ákvæði eru greindir kennarar háskólans, og er þeim skipað í sex flokka. Auk þess eru staðgenglar kennara, sbr. 19. gr. frv. Miklu skiptir, að skýrt sé um hvern einstakan kennara, til hvaða flokks hann teljist, þar eð réttarstöðu kennara er ekki einn veg farið. Er því boðið í greininni, að taka skuli fram, þegar kennari er skipaður eða ráðinn, til hvaða flokks hann teljist. Þá skal enn fremur ákveða eftir gildistöku laganna, hverjir af kennurum háskólans, sem þá starfa, séu dósentar, lektorar, aukakennarar og aðstoðarkennarar.

Greinin skýrgreinir ekki hvern flokk kennara fyrir sig, enda er vandkvæðum bundið að koma við slíkri skýrgreiningu. Í greininni eru þó nefnd tvö atriði, sem til greina koma við einstaka flokka kennara, þ. e. skipunar- eða ráðningartími og form á launagreiðslum. Dósentar eru skipaðir til ótiltekins tíma, en lektorar eru ráðnir til tveggja ára í senn hið skemmsta. Taka þeir mánaðar- eða árslaun eftir ákvörðun menntamálaráðherra. Aukakennarar og aðstoðarkennarar eru ráðnir til skemmri tíma en tveggja ára og eru stundakennarar. Samkv. 42. gr. frv. ákveður menntamálaráðherra tölu dósenta, lektora, aukakennara og aðstoðarkennara, en prófessorsembætti verða hins vegar ekki stofnuð nema með lögum.

Dósentsembættin eru annars eðlis samkv. þessu frv. en þau eru eftir gildandi lögum. Samkvæmt gildandi reglugerð eru gerðar sömu kröfur til vísindalegs undirbúnings af hendi manns, sem skipaður er dósent, sem til þess manns, er skipaður er prófessor, enda er enginn munur á kennsluskyldu þeirra eða kennsluháttum. Er það og nánast tilviljun háð, hvort embætti er dósentsembætti eða prófessorsembætti. Kennaraembættin í viðskiptafræði eru t. d. dósentsembætti, en hliðstæð embætti í lögfræði eru öll prófessorsembætti. Er lagt til í 40. gr. frv., að þessu verði breytt svo, að öll þau embætti, sem nú eru dósentsembætti, verði prófessorsembætti, enda leiddi rækileg könnun í ljós, að næsta torvelt er að leysa úr því eftir málefnislegum sjónarmiðum, hver embætti eigi að vera dósentsembætti og hver prófessorsembætti.

Samkv. 10. gr. frv. er gert ráð fyrir, að þeir kennarar, sem hafa á hendi kennslu í mikilvægum námsgreinum, verði skipaðir dósentar, ef menntamálaráðherra fellst á tillögur háskólaráðs um það efni, sbr. og 42. gr. frv. Yrði hér í reyndinni aðeins um nafnbreytingu að ræða, þ. e. nokkrir þeirra kennara, sem nú eru aukakennarar, yrðu nefndir dósentar. Mun háskóladeild að jafnaði eiga frumkvæði að því að hreyfa tillögu um þetta efni. Byggt er á því, að þeir einir verði skipaðir dósentar, sem hafi haldgóðan undirbúning til vísindalegra starfa. Ákvæði um skipun dómnefndar vegna veitingar prófessorsembættis á ekki við hér, en heimilt er þó samkv. 4. málsgr. 11. gr. að kveða svo á í reglugerð, að þessi ákvæði skuli taka til dósenta. Launakjör dósenta verða ákveðin af menntamálaráðherra hverju sinni, svo sem nú er um aukakennara, enda er örðugt að setja algild ákvæði um laun þeirra. Þau geta farið mjög eftir því, hvers konar starfi kennarinn gegnir jafnframt kennslustarfi sínu (kennarinn gæti t. d. verið yfirlæknir á sjúkrahúsi). Dósentar þeir, sem hér ræðir um, verða ekki prófessorar, nema þeim sé veitt prófessorsembætti. Lagt er til í 46. gr. frv., að l. nr. 24/1930 um háskólakennara séu felld úr gildi og ákvæði

launalaga nr. 92/1955 um laun dósenta, enda er gert ráð fyrir því í 47. gr. frv., að dósentar þeir, sem starfa við háskólann, er lög þessi taka gildi, verði skipaðir prófessorar. Dósentar þessir eru nú tveir.

Lektorar verða þeir kennarar einir taldir, sem hafa á hendi kennslu í allmikilvægri grein.

Aukakennarar og aðstoðarkennarar eru stundakennarar, en aðstoðarkennarar eru þeir kennarar nefndir, sem kenna í skjóli tiltekins kennara, oft aðeins hluta af grein, sem aðalkennarinn kennir. Aðstoðarkennari stendur yfirleitt ekki fyrir prófi.

Um 11. gr.

Í greininni segir, hver skipi eða ráði einstaka kennara og um aðdraganda þess, að prófessorar og að nokkru dósentar og aðrir sérfræðingar verði skipaðir.

1. málsgr. er að mestu í samræmi við gildandi lög og venjur. Tekið er fram, að menntamálaráðherra skipi dósenta að fengnum tillögum háskóladeildar. Dósentsstaða verður ekki stofnuð samkv. 42. gr. frv., nema menntamálaráðherra samþykki, að fengnum tillögum háskólaráðs, og er það í samræmi við gildandi reglur um aukakennara. Þá er sérregla í lok 10. gr. frv. um þá, sem starfa við gildistöku laganna og til greina kemur að skipa dósenta. Samkvæmt frv. ræður háskólaráð m. a. aukakennara, en þeir eru stundakennarar, og felur frv. því ekki í sér efnisbreytingu um þetta atriði.

Í 3. málsgr. eru fyrirmæli um skipun dómnefndar, sem fjalla á um hæfni umsækjanda til prófessorsembættis. Hliðstætt ákvæði er ekki í gildandi háskólalögum, en hins vegar er slíkt ákvæði í 9. gr. háskólareglugerðar. Í þessu ákvæði er fjallað um mjög mikilvægt atriði, og er einsætt, að fremur beri að hafa það í háskólalögum en reglugerð. Í greininni er boðið að leita álits dómnefndar og háskóladeildar, áður en prófessorsembætti er veitt. Í dómnefnd skulu vera 3 menn.

Í 9. gr. reglugerðar er aftur á móti gert ráð fyrir þeirri höfuðreglu, að dómnefndarmenn séu 5, en heimilt er þó að hafa þá 3. Í reyndinni hafa dómnefndir oftast verið skipaðar 3 mönnum, og hefur stundum reynzt örðugt að fá 5 hæfa menn til starfans. Virðist vera heppilegt að festa tölu dómnefndarmanna og koma á samræmdri framkvæmd á þessu sviði. Um skipun nefndar eru sams konar ákvæði og í gildandi reglugerð. Um hæfni manna til setu í dómnefnd eru þau ákvæði í reglugerð, að engan megi skipa í dómnefnd, sem eigi sé viðurkenndur fræðimaður í vísindagrein þeirri, sem umsækjendum sé ætlað að kenna. Í frv. er lagt til, að þetta atriði sé orðað svo, að í dómnefnd megi skipa þá eina, sem séu kunnáttumenn í þeirri grein, er umsækjendum sé ætlað að kenna. Hér er að vísu ekki allur munur á, en reynslan hefur sýnt, að stundum er ekki kostur á þrem viðurkenndum vísindamönnum hér á landi til dómnefndarstarfa. Hafa þá verið skipaðir menn, sem hafa mikla starfsreynslu og þekkingu á grein, og er slíkt fullkomlega viðhlítandi. Heimilt er hér eftir sem hingað til að kveðja erlenda menn til dómnefndarstarfa.

Samkv. 9. gr. háskólareglugerðar skal dómnefnd láta uppi „rökstutt álit um vísindalegt gildi rita umsækjanda og rannsókna og hvort af þeim megi ráða, að umsækjandi sé hæfur til að gegna embættinu". Menntamálaráðuneytið hefur skýrt ákvæði 9. gr. svo, að dómnefnd sé skylt að meta hæfni umsækjanda til embættis ekki einungis á grundvelli rita hans og rannsókna, heldur og á grundvelli námsferils hans, starfsreynslu og orðstírs þess, er hann hefur getið sér í starfi. Frv. er í samræmi við þessa skýringu. Eins og fræðaiðkunum hér á landi er háttað og aðstöðu ungra manna til þeirra, er oft erfitt að einskorða mat á hæfni umsækjanda við fræðistörf hans ein. Verður einnig að vera heimilt að horfa til annarra atriða, sem ráða má af hæfni manns til embættisins. Að öðru leyti er frumvarpið í samræmi við 9. gr. háskólareglugerðar.

Í 5. málsgr. er heimilað að mæla svo fyrir í reglugerð, að ákvæði um, að skipa skuli dómnefnd og leita beri umsagnar deildar skuli gilda um skipun dósenta og

sérfræðinga við háskólastofnanir. Slík ákvæði gætu bæði verið almenn, svo að þau giltu um allar deildir, en einnig mætti einskorða þau við tilteknar stofnanir eða embætti.

Um 12. gr.

Báðar málsgreinar þessarar greinar eru nýmæli.

1. málsgrein er reist á þeirri hugsun, að stundum kann að vera kostur að fá íslenzkan vísindamann, sem getið hefur sér frábæran orðstír, til þess að takast á hendur kennaraembætti við háskólann. Ýmis atvik geta valdið því, að slíkur maður vilji ekki sækja um embætti, t. d. vegna tillits til þeirrar stofnunar, sem hann vinnur við. Forsendur fyrir því, að sú leið verði farin, sem í greininni felst, eru tvær. Í fyrsta lagi er áskilin einróma samþykkt þeirrar háskóladeildar, sem í hlut á, og í öðru lagi verður háskólaráð að fallast á tilmæli deildar. Þá má einnig benda á, að hér er aðeins um heimild fyrir menntamálaráðherra að ræða, en honum er ekki skylt að fallast á tilmælin. Ákvæði þetta felur í sér frávik frá meginreglu 5. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, en svo tryggilega er búið um ákvæði þetta, að ekki sýnist varhugavert að lögfesta það.

Samkv. 2. málsgr. er menntamálaráðherra heimilt, eftir tillögu háskóladeildar, að auglýsa kennaraembætti laust til umsóknar, svo að embættið verði veitt ári áður en hinn nýskipaði kennari hefur kennslu sína. Ákvæðið lýtur einkum að þeirri aðstöðu, þegar kennari er kominn fast að aldurshámarki embættismanna. Getur deild þá mælzt til þess við menntamálaráðherra, að embætti verði auglýst laust til umsóknar, svo að það verði veitt ári áður en kennarinn lætur af störfum. Einnig getur ákvæðið átt við endranær, þegar skipa á í embætti, t. d. í nýstofnað embætti. Oft getur verið svo ástatt, er kennaraembætti losnar, að ekki sé völ á mönnum, sem fyrirvaralaust gætu tekið við embættinu, þótt annars teljist vel hæfir, og er þeim því oft nauðsynlegt að afla sér aukinnar sérmenntunar vegna hins nýja kennaraembættis eða að kynna sér kennsluaðferðir erlendis í væntanlegum kennslugreinum sínum. Ef ákvæði þetta nær lögfestingu, er menntamálaráðherra heimilt að kveða svo á, að hinn skipaði kennari njóti launa fyrir embætti sitt það ár, sem hann er erlendis til viðbúnaðar embætti sínu. Er mjög mikilvægt að fá ákvæði sem þetta lögfest.

Um 13. gr.

Greinin fjallar um kjör, kjörgengi og kjörtímabil deildarforseta og varaforseta deildar.

Hér eru þau nýmæli, að kjörtímabil deildarforseta skuli vera tvö ár í stað eins árs nú, og enn fremur er mælt fyrir um kosningu varaforseta, sem ekki er tíðkað nú. Í athugasemdum við 4. gr. er nokkuð vikið að þörfinni á því að kjósa varaforseta deildar. Tillaga um lengingu kjörtímabils deildarforseta er studd þeim rökum, að sú tilhögun stuðli að festu í framkvæmd á málefnum deildar, en í annan stað sé það heppilegt fyrir störf háskólaráðs, sem skipað er deildarforsetum samkv. 4. gr., að ekki verði þar of tíð mannaskipti. Jafnframt því, að kjörtímabil deildarforseta er lengt í frv., er lagt til, að annað hvert ár gangi 2 eða 3 háskólaráðsmenn aðrir en rektor úr ráðinu, en hinir sijta áfram. Með þeirri tilhögun er skotið loku fyrir það, að háskólaráð sé skipað að fullu og öllu mönnum, sem ekki hafa starfað þar umliðið háskólaár. Ættu þessi tvenn úrræði að stuðla að festu um meðferð mála í háskólaráði. Kjörtímabil þriggja þeirra deildarforseta, sem kosnir verða í fyrsta skipti eftir gildistöku laga þessara, verður aðeins eitt ár, svo sem greinir í ákvæðinu.

Í greininni segir berlega, að kjörgengum kennara sé skylt að taka við kjöri til starfa deildarforseta og varaforseta. Þar eru einnig ákvæði um það, að deildarforseta sé heimilt að skorast undan endurkjöri, og einnig getur sá, sem lætur af rektorsembætti, neitað að taka við kosningu sem deildarforseti næsta ár á eftir. Eru þetta nýmæli. Um atkvæðisrétt í kosningum deildarforseta og varaforseta deildar er ekki brýnt ákvæði í 13. gr., en um það fer eftir almenna ákvæðinu í 14. gr.

Ákvæði í lok 13. gr. um kjör deildarforseta, ef deildarforseti fellur frá eða lætur af starfi, er nýmæli.

Um 14. gr.

Í greininni er fjallað um fundi háskóladeildar, hverjir sitji fundi almennt og hverja megi kveðja til fundarsetu, ef sérstaklega stendur á.

Að gildandi lögum er nokkuð mismunandi eftir deildum, hverjir kennarar deildar sitji deildarfundi. Í sumum deildum sitja prófessorar og dósentar einir deildarfundi, en í öðrum deildum sitja aukakennarar einnig fundina. Hér er lagt til, að almenn ákvæði séu sett um þetta efni. Nauðsynlegt hefur þótt að virða venjur þær, sem á hafa komizt í einstökum deildum, um fundarsetu. Er því lagt til, að prófessorar og forstöðumenn vísindastofnana, er lúta deild, eigi jafnan rétt á fundarsetu, en jafnframt geti háskóladeild ákveðið, að dósentar og lektorar sitji deildarfundi almennt og eigi þar atkvæðisrétt. Hins vegar eiga aukakennarar, aðstoðarkennarar og erlendir sendikennarar ekki rétt á fastri fundarsetu. Ef samþykkt er gerð um fundarsetu dósenta og lektora, er hún almenns efnis, þ. e. gildir um alla fundi deildar, meðan samþykkt er í gildi.

Í 2. málsgr. segir, að deildarforseti skuli boða dósenta, lektora, aukakennara, aðstoðarkennara og erlenda sendikennara á deildarfund og gefa þeim kost á að ræða mál, sem varðar sérstaklega kennslugreinar þeirra. Ákvæðið verður að skilja í sambandi við 1. málsgr. Ef deild hefur samþykkt, að dósentar og lektorar eigi rétt á fastri fundarsetu, hefur ákvæði 2. málsgr. ekki sjálfstætt gildi, að því er þá varðar.

Í 3. málsgr. er deildarforseta heimilað að kveðja fulltrúa frá nemendum deildar, einn eða fleiri, á deildarfund, ef fjallað er um mál, sem varðar sérstaklega hagsmuni nemenda. Þetta ákvæði er nýmæli, og var vikið að því í athugasemdum við 4. gr. 3. málsgr. Má vænta þess, að fulltrúar nemenda verði alloft kvaddir til fundarsetu, svo sem þegar breyting á námstilhögun eða námsefni er á döfinni eða í sambandi við styrkjaúthlutanir o. m. fl.

4. málsgr. er í samræmi við 8. gr. 2. málsgr. háskólalaganna.

Um 15. gr.

Greinin er að mestu í samræmi við 11. gr. háskólareglugerðar, en rétt þykir, að þetta ákvæði sé í lögum um háskólann. Hér segir ekki berlega um skyldur manna til að sækja deildarfundi, en telja verður, að þeim, sem rétt eiga á fundarsetu, sé jafnframt skylt að sækja fund og þetta sé almenn embættis- eða starfsskylda þeirra. Þetta ákvæði er að mestu í samræmi við 9. gr. gildandi laga.

Um 17. gr.

Í greininni er fjallað um kennslumisseri, leyfi og önnur kennsluhlé. Misseraskiptingin er óbreytt frá gildandi lögum, en henni var breytt 1936, eins og fyrr er getið. Reynslan hefur orðið sú í flestum deildum háskólans, að ókleift er að hefja kennslu að nokkru ráði fyrir 1. okt. Stafar það fyrst og fremst af atvinnuhögum stúdenta og því, að námskostnaður er hér svo hár, að stúdentum veitir ekki af sumarmánuðunum öllum til þess að afla sér tekna. Er kennsluárið óneitanlega skemmra hér en víðast hvar annars staðar, en ekki var talið fært að gera tillögur til breytinga á því. Nokkuð hefur verið um það rætt í einstaka deild að taka upp haustpróf, en afnema jafnframt miðsvetrarprófin í janúar. Mundi það ótvírætt drýgja kennslutímann. Er heimild í 17. gr. til þess að ákveða aðra misseraskiptingu en hina almennu fyrir einstakar deildir eða námsgreinar. Væri þá t. d. unnt að heimila deild að hefja próf 1. sept.

Um 18. gr.

Í greininni segir um kennsluskyldu háskólakennara og kennsluskyldu rektors.

Í háskólalögum eru ekki ákvæði um kennsluskyldu kennara, en í 16. gr. háskólareglugerðar segir, að hver deild ákveði, hve margar kennslustundir komi í hlut

kennara. Hér er lagt til í 1. málsgr., að háskólaráði sé falið að ákveða kennsluskyldu einstakra kennara, að fenginni umsögn háskóladeildar. Stuðlar þessi tillaga að samræmdri framkvæmd þessara mála. Ef kennari unir ekki úrlausn háskólaráðs, getur hann skotið máli sínu til menntamálaráðherra, sem leysir úr þessu efni til þrautar.

2. málsgr. er nýmæli. Samkvæmt því á rektor rétt á að verða leystur undan allt að helmingi þeirrar kennslu, sem honum var skylt að hafa með höndum, er hann tók við rektorsembætti. Rektor háskólans mun vera nálega eini skólastjóri á landi hér, sem hefur jafnmikla kennsluskyldu sem aðrir kennarar skólans, að því er ætla verður. Störf rektors eru þó mikil og hafa farið mjög vaxandi hin síðari ár. Er nú svo komið, að ýmsum kennurum skólans er torvelt og jafnvel ókleift að takast á hendur störf rektors, ef aðalstörf hvíla á þeim óskipt. Er því nauðsynlegt, að slíkt ákvæði, sem hér greinir, sé lögfest, enda er það sanngirnismál.

Um 19. gr.

Ákvæðið fjallar um það, hversu kennari geti fengið lausn undan kennsluskyldu, og að nokkru um lögkjör staðgengla.

Um lausn undan kennsluskyldu segir í 17. gr. reglugerðar um Háskóla Íslands. Þykir gleggra að hafa ákvæði um þetta efni í háskólalögum. Samkv. 1. málsgr. er lagt til, að rektor geti veitt kennara lausn undan kennsluskyldu, allt að þremur vikum. Eftir reglugerð er það háskólaráð, sem veitir þetta leyfi, en frv. er hér í samræmi við ríkjandi venjur. Ef lausn undan kennsluskyldu stendur lengur en 3 vikur, fjallar menntamálaráðherra um tilmæli kennarans, og er ráðherra heimilt að fallast á þau tilmæli, ef samþykki háskólaráðs kemur til.

Þá eru í 2. málsgr. ákvæði um staðgengil, hversu hann sé ráðinn og hver réttarstaða hans sé. Þessi ákvæði eru nýmæli, en eru þó í raun réttri aðeins staðfesting á ríkjandi venjum. Ef staðgengill er settur prófessor, hefur jafnan verið talið, að hann hafi sömu réttindi og skyldur gagnvart háskólanum og prófessor sá, sem veitt hefur verið lausn í bili, þ. á m. rétt og skyldur til að sækja deildarfundi. Ef kennari er ráðinn í stað prófessors, er það nokkuð á reiki, hvort sá kennari hefur t. d. setið deildarfundi. Er lagt til hér, að deild ákveði hverju sinni, hvort hinn ráðni kennari sitji deildarfundi eða ekki. Ef tveir menn eða fleiri eru ráðnir til starfa, ákveður háskóladeild, hvort einhver þeirra skuli sitja deildarfundi.

Um 20. gr.

Greinin víkur að nokkru frá 13. gr. háskólalaga, en er að mestu í samræmi við ríkjandi venjur.

Um 21. gr.

Í þessari grein segir um inntökuskilyrði í háskólann, þau er lúta að fræðilegum undirbúningi manna og siðferði þeirra, svo og um heimild til að takmarka aðgang að einstökum deildum.

1. og 2. málsgr. eru efnislega að mestu í samræmi við 15. gr. háskólalaga, en orðalagi er nokkuð breytt. 2. málsgr. nær bæði til erlendra manna og íslenzkra.

Í 4. málsgr. gætir lítt nýmæla, sbr. 2. málsgr. 15. gr. háskólalaga. Þó segir hér glögglega, að ákveða megi sérstök inntökuskilyrði í einstakar deildir eða greinar innan deildar, t. d. má áskilja, að stúdentspróf frá stærðfræðideild sé inntökuskilyrði í verkfræðideild o. s. frv.

Um 22. gr.

Í fyrri málsgrein er heimilað að setja ákvæði í reglugerð um heilbrigðisskilyrði í sambandi við inngöngu í háskólann, en í síðari málsgrein er ákvæði um heilbrigðisrannsóknir, sem nemendur eru skyldir til að hlíta, bæði er þeir koma í skólann og síðar á námsferli.

Um 23. gr.

Greinin er í samræmi við það, sem nú tíðkast.

Um 24. gr.

Í þessari grein er fjallað um brot stúdenta og viðurlög við þeim, að því leyti sem að háskólanum horfir, og enn um meðferð máls, þegar ákvarða skal viðurlög.

Brot þau, sem ákvæðið víkur að, eru brot á lögum og öðrum reglum háskólans, og enn fremur á ákvæðið við háttsemi, sem er ósamboðin háskólaborgara. Þarf sú háttsemi ekki að vera refsiverð. Í 25. gr. 2. málsgr. er hins vegar fjallað um brot, sem háskólastúdent hefur hlotið refsidóm fyrir, og er þá afleiðing dóms sú, að stúdent er rækur úr skóla, ef verknaður er svívirðilegur að almenningsáliti. Ljóst er, að háskólaráð getur vikið stúdent úr skóla með stoð í 2. málsgr. 24. gr., þótt refsiverður verknaður sé eigi svo stórfelldur sem í 2. málsgr. 25. gr. segir. Rétt er að benda á, að grundvöllur undir brottvikningu er ekki sá einn, að stúdent fremji brot eða ósiðræna háttsemi, heldur er einnig unnt að víkja stúdent úr skóla vegna persónulegra ágalla, eiturlyfjaneyzlu eða annarrar alvarlegrar óreglu, ef heimild 2. málsgr. 24. gr. til setningar reglugerðar um það efni er notuð. Þykir nauðsynlegt að hafa heimild til að kveða á um þetta í reglugerð, ekki sízt að því er tekur til læknadeildar, sbr. 48. gr. núgildandi reglugerðar, sem fjallar um brottvikning stúdents úr læknadeild af þessum sökum.

Viðurlög þau, sem 24. gr. heimilar, eru áminning og brottvikning, um tiltekinn tíma eða að fullu. Samkvæmt lokaákvæði 24. gr. getur háskólaráð jafnan veitt stúdent skólavist að nýju, ef stúdent tekur sig á. Ákvæði þetta á ekki við, ef stúdent er rækur samkvæmt 25. gr. 2. málsgr., en væntanlega gæti háskólaráð heimilað slíkum manni innritun samkvæmt 21. gr. 1. málsgr., þegar mannorðsflekkun hefur eyðzt að lögum (t. d. með uppreist æru o. s. frv.).

Um meðferð máls, þegar áminning er veitt, eru ekki sérstök ákvæði í greininni. Hins vegar er boðið að búa skuli tryggilega um mál, ef til greina kemur að víkja manni úr skóla.

Í fyrsta lagi skal háskólaráð leita umsagnar háskóladeildar stúdents, áður en brottrekstur er ráðinn. Háskólaráð er þó ekki bundið við þá tillögu, sem kann að felast í umsögninni. Í öðru lagi skal leita umsagnar stjórnar í deildarfélagi stúdents, en enn fremur skal að sjálfsögðu veita honum kost á að svara til sakar. Eru sérstök ákvæði um þetta efni ekki í gildandi lögum. Þá er það nýmæli, að stúdent er heimilað að skjóta úrskurði háskólaráðs til Hæstaréttar samkvæmt reglum um kæru í opinberum málum. Er þetta ákvæði orðað eftir fyrirmynd frá lögum um háskólann í Osló frá 1955. Menntamálaráðuneyti er ekki heimilað að skjóta úrskurði háskólaráðs til Hæstaréttar, enda mun þess sjaldnast þörf. Þessi nýju ákvæði eru reist á því sjónarmiði, að brottvikning úr háskóla sé mjög örlagarík ákvörðun fyrir stúdent og vandamenn hans, og sé því rík þörf á að búa sem tryggilegast um málsmeðferð í því sambandi.

Um 25. gr.

Greinin er efnislega í samræmi við 18. gr. 1. málsgr. og 19. gr. gildandi háskólalaga.

Um 26. gr.

Í greininni er kveðið á um það, með hverjum hætti skólavist stúdents geti lokið. Ákvæðið er fyllra en hliðstætt ákvæði í gildandi lögum. Efnisbreytingar eru hér tvær. Fyrst sú, að má skal nafn stúdents af stúdentatali, þegar hann hefur ekki sótt háskólann í tvö kennslumisseri, nema hann hafi leyfi háskóladeildar sinnar. Samkvæmt gildandi lögum ber að fella nafn stúdents af stúdentaskrá, ef hann sækir ekki skólann fjögur kennslumisseri. Sérstakar ástæður geta að sönnu legið til þess, að stúdent sæki ekki háskólann tiltekið háskólaár, en þá er stúdent jafnan unnt að fá til þess leyfi háskóladeildar sinnar, ef ástæður eru frambærilegar. Er háskólanum það að ýmsu leyti til trafala að hafa menn á nemendatali sínu, sem eru alls óvirkir, og er því heppilegt að stytta tíma þann, sem hér um ræðir.

Hin breytingin, sem felst í greininni, er sú, að stúdent telst ekki framar nemandi háskólans, er hann tilkynnir, að hann sé hættur námi. Er það sjálfsagt ákvæði.

Í greininni segir, að fella skuli niður af stúdentaskrá nafn stúdents, „ef hann hefur ekki sótt háskólann tvö kennslumisseri samfleytt". Hér er það ekki ákvarðað, hvað felist í því, að stúdent sæki háskólann. Mætti setja lágmarkskröfur í því efni í reglugerð.

Um 27. gr.

Greinin er í samræmi við 21. gr. l. nr. 21/1936. Að sjálfsögðu verða háskólapróf að fara fram á háskólaárinu, sbr. 17. gr., en háskólaráð getur þó veitt undanþágu frá því, sbr. athugasemdir við 17. gr., að fengnu samþykki menntamálaráðherra.

Um 28. gr.

Hér eru skráðar meginreglurnar um próf í háskólanum.

1. málsgr. er að mestu í samræmi við 22. gr. gildandi laga. Hér segir berlega, að unnt sé að áskilja lágmarkseinkunn fyrir tiltekna flokka námsgreina.

2. málsgr. er einnig að mestu í samræmi við 22. gr. gildandi laga. Hér er mælt sérstaklega um heimild til þess að ákveða í reglugerð, hve langur tími megi líða frá upphafi náms til lokaprófs.

Um 3. málsgr. er þess að geta, að 22. gr. háskólalaga hefur í framkvæmd verið skilin svo, að hún heimili að setja ákvæði um árleg eða misserisleg próf í deild, sbr. ákvæði reglugerðar um nám í verkfræðideild. Gleggra þykir þó að hafa sérákvæði um það efni í lögum, og styðst 3. málsgr. við þau sjónarmið.

4. málsgr. er að mestu í samræmi við 22. gr. háskólalaga. Hér er þó íþróttaskyldunni sleppt, enda hefur ákvæðum um hana ekki verið haldið uppi í framkvæmd hin síðari ár.

Um 29. gr.

Í 23. gr. 1. málsgr. háskólalaga eru fyrirmæli um fresti, sem menn hafa til að segja sig til prófs, og um fjárhæð prófgjalda. Þykir óheppilegt að hafa brýn ákvæði um það efni í lögum, svo sem nú er, og mun haganlegra að kveða á um þau efni í reglugerð.

Um 30. gr.

Hér er mælt um það, er stúdent fellur á prófi, gengur frá prófi eða kemur ekki til prófs og hefur þó ekki boðað forföll. Er honum þá heimilt að þreyta prófið að nýju, en hann skal hafa lokið því í síðasta lagi ári eftir að hann reyndi próf fyrsta sinni. Er þetta nýmæli. Ef hann fellur þá á prófinu, gengur frá því eða kemur ekki til prófs án þess þó að boða forföll, er honum yfirleitt ekki heimilt að reyna próf að nýju. Eru þetta nýmæli. Háskóladeild er heimilað að veita undanþágur frá báðum þessum reglum, ef sérstaklega stendur á, svo sem ef stúdent er sjúkur eða miður sín í prófi af ástæðum, sem honum eru ósjálfráðar. Þessar nýju reglur eru settar vegna þeirra, sem annaðtveggja hafa litla getu til að stunda háskólanám eða slá slöku við námið. Mun ákvæði þetta skapa mönnum aðhald um að beita sér við nám sitt.

2. málsgr. gefur ekki tilefni til athugasemda.

Um 31. gr.

Greinin er að mestu í samræmi við 25. gr. háskólalaga. Í 2. málsgr. er háskóladeild þó heimilað að ákveða, að munnleg próf skuli háð fyrir luktum dyrum, ef sérstaklega stendur á. Háskóladeild getur þurft að grípa til þessa ráðs, t. d. rúmsins vegna, og tillit til stúdents, sem próf þreytir, getur líka skipt hér máli, eða prófsverkefnið, sbr. t. d. við sum læknapróf. Greinin er í samræmi við framkvæmd mála nú.

Um 32. gr.

Hér eru ákvæði um tölu prófdómenda og um skipun þeirra.

Samkv. 26. gr. háskólalaga skulu jafnan vera tveir prófdómendur við þau próf, sem teljast til fullnaðarprófs, og er skylt að annar þeirra a. m. k. sé utanháskóla-

maður. Í frv. er lagt til, að nægilegt sé að hafa einn prófdómanda, enda sé hann utan háskólans. Einstakar deildir geta þó samþykkt að hafa einn prófdómara að auki úr hópi deildarkennara, í öllum greinum eða nokkrum. Eins og nú er, hefur það verið nokkuð mismunandi eftir deildum, hversu til hagar um prófdómendur. Í sumum deildum eru tveir utanskólamenn prófdómendur, og á það einkum við laga- og hagfræðideild. Í öðrum deildum er aðeins einn prófdómari utan skólans, en auk þess gegnir einn deildarkennari störfum prófdómara. Í þeim deildum háskólans, sem flesta hafa stúdenta, er erfitt að koma því við fyrir deildarkennara að sinna prófdómarastörfum. Af umsögnum deilda um frv. má ráða, að kennarar háskólans telja yfirleitt fulltryggilegt, að einn prófdómari sé við próf. Geta má þess, að víða um lönd eru engir prófdómendur við háskólapróf. Sumar deildir munu óska þess, að prófdómendur verði tveir og sé þá annar úr hópi deildarkennara. Skýtur frv. ekki loku fyrir þá tilhögun. Ef greinin verður lögfest, mun nokkur sparnaður verða af því.

Um skipun prófdómenda eru svipuð ákvæði í frv. sem í 26. gr. háskólalaga, þ. e. menntamálaráðherra skipar prófdómendur þá, sem eru ekki deildarkennarar, samkv. tillögum háskóladeildar. Rétt mun vera að setja brýn ákvæði um það í reglugerð, að deild stingi t. d. upp á tveimur mönnum, er skipa skal prófdómanda, og geti þá ráðherra valið á milli þeirra.

Um hæfni prófdómenda skortir ákvæði í gildandi háskólalög og reglugerð. Hér er lagt til, að þá eina megi skipa prófdómendur, sem lokið hafa viðurkenndu fullnaðarprófi við háskóla í þeirri grein, sem prófdæma skal, en þó má einnig skipa þá, sem getið hafa sér orðstír fyrir fræðimennsku í greininni, þótt ekki hafi háskólapróf. Ef ekki er völ á slíkum manni hér á landi, verður þrautaráðið að skipa þann mann, sem fróðastan má telja um þau efni, sem dæma á um.

Skipunartímabil prófdómenda er 3 ár samkv. frv., en er 6 ár eftir 26. gr. háskólalaganna. Breytingin styðst við þau rök, að prófdómari er stundum ófús að binda sig til sex ára, og einnig getur verið heppilegt fyrir háskóladeild, að breytt sé um prófdómendur.

Gert er hér ráð fyrir óbreyttum reglum um þau próf, sem ekki teljast til fullnaðareinkunnar, þ. á m. próf í forspjallsvísindum. Sérákvæði um meistarapróf í íslenzkum fræðum haldast einnig.

Um 33. gr.

Grein þessi er nýmæli. Það færist mjög í vöxt, að stúdentar, sem ljúka einstökum prófum erlendis, stundi nám við háskólann. Rís þá oft vafi um, hversu meta eigi slík próf. Þykir nauðsynlegt að kveða á um það, hver það er, sem leysir úr þessu álitaefni, og einnig þykir rétt að setja í reglugerð leiðbeiningarreglur í sambandi við mat á viðurkenningu þess konar prófa. Minna má í þessu sambandi á auglýs. nr. 85 23. ágúst 1954.

Um 34.—37. gr.

Hér er fjallað um doktorspróf og veitingu doktorsnafnbóta í heiðursskyni. Um síðargreinda atriðið eru sett ákvæði í 34. gr. Er hér áskilið, að allir atkvæðisbærir deildarmenn þurfi að samþykkja að veita slíka nafnbót, en auk þess er áskilið samþykki háskólaráðs.

Ákvæðin um doktorspróf í 35.—37. gr. eru að mestu leyti óbreytt frá gildandi lögum. Í 36. gr. segir þó sérstaklega, að taka megi gildar til doktorsprófs fleiri ritgerðir en eina, sem doktorsefni hefur samið, enda varði þær þá sama meginrannsóknarsviðið. Samkv. þessu væri t. d. ekki unnt að taka gildar ritgerðir, þar sem ein væri úr stjórnlagafræði, önnur úr refsirétti og þriðja úr sifjarétti.

Um 38. gr.

Í greininni er mælt fyrir um meistarapróf, sem taka má upp í deildum, ef sett eru um það ákvæði í reglugerð. Gert er hér ráð fyrir, að slík próf séu tekin að undangengnum kandídats- eða embættisprófum, og mynda þessi próf þá nokkurs konar

millistig milli þeirra prófa og doktorsprófa. Er ætlunin, að meistarapróf þessi verði svipuð því, sem gerist um lísentiatpróf í Svíþjóð og Finnlandi. Mörgum kandídötum er torvelt að þreyta doktorspróf, enda er það oft bæði tíma- og kostnaðarfrekt. Þeir kunna hins vegar að hafa hug á að bæta nokkru við sig, og raunar gera margir kandídatar það með námsdvöl erlendis um nokkra hríð. Er æskilegt að veita slíkum mönnum kost á því að afla sér nokkurrar viðurkenningar á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir. Síðar mætti taka til athugunar að tengja einhver réttaráhrif við slík próf, t. d. svo að þau skiptu nokkru máli við embættisveitingar.

Þess skal getið, að ákvæði þetta haggar ekki sérákvæðum um meistarapróf í íslenzkum fræðum, en þreyta má það próf, þótt kandídatspróf sé ekki á undan gengið.

Um 39. gr.

Hér verður aðeins tilefni til að víkja að 39. gr. 2. málsgr. Í því ákvæði er lagt til, að forseti Íslands veiti embætti háskólabókavarðar, en ekki menntamálaráðherra, svo sem nú er, sbr. 1. gr. l. nr. 13/1943. Þá er kveðið á um þekkingarkröfur, að því er varðar háskólabókavörð. Loks er það ákvæði, að háskólabókavörður taki laun sem prófessor, ef hann kennir bókasafnsfræði við háskólann. Bókasafnsfræði er nú kennd við háskólann, og liggur hendi næst, að háskólabókavörður fari með kennslu í þeirri grein, svo sem er og nú. Mælir öll sanngirni með því, að háskólabókavörður taki þá sömu laun sem prófessorar, en eigi laun samkv. V. launaflokki, svo sem nú er.

Um VIII. kafla.

Það er efni þessa kafla að kveða á um kennaraembætti og kennarastöður við háskólann. Ákvæði þessa kafla eru skyld ákvæðum III. kafla þessa frv., en allt um það þótti gleggra að skipa þessum ákvæðum í sérstakan kafla.

Um 40. gr.

Svo sem nú hagar til, fjalla 14 lög um embætti prófessora og dósenta við háskólann, en talið hefur verið, að óheimilt sé að stofna slík embætti án sérstakrar lagasetningar. Í 40. gr. er þessum einstöku lögum steypt saman í eina lagagrein, en auk þess er lagt til, að stofnað verði prófessorsembætti í lyfjafræði, og felst það í 2. tölulið 1. mgr. 40. gr. Eins og nú hagar til, eru 27 kennaraembætti við háskólann, 17 þeirra eru prófessorsembætti (2 í guðfræði, 5 í læknisfræði, 4 í lögfræði, 3 í heimspeki og íslenzkum fræðum og 3 í verkfræði), en 10 dósentsembætti (2 í guðfræði, 2 í læknisfræði, 4 í íslenzkum fræðum og 2 í viðskiptafræði). Í athugasemdum við 10. gr. frv. er vikið að því, að það ræðst ekki af málefnislegum sjónarmiðum, hvort embætti er prófessorsembætti eða dósentsembætti, enda eru miklir örðugleikar að skera úr um það, til hvors flokksins beri að fella tiltekið embætti. Af ástæðum, sem raktar eru í athugasemdum við 10. gr. að öðru leyti, er hér lagt til, að öll dósentsembætti í núverandi mynd við háskólann verði gerð að prófessorsembættum. Þess skal getið, að nú starfa aðeins tveir dósentar við háskólann, og verður annar þeirra prófessor haustið 1957 að óbreyttum lögum nr. 24/1930. Aðrir kennarar, sem skipaðir hafa verið í dósentsembætti, eru nú orðnir prófessorar.

Eins og fyrr greinir, er lagt til í 2. tölulið 1. málsgr., að stofnað sé til prófessorsembættis í lyfjafræði (pharmacologiu). Að undanförnu hefur aukakennari annazt kennslu í þessari grein, sem er þó ein af höfuðgreinum læknisfræði og önnur megingrein í öðrum prófhluta læknisfræði samkvæmt núgildandi reglugerð. Hefur læknadeild óskað þess lengi, að prófessorsembætti verði stofnað í þessari grein. Þess skal getið, að tilætlunin er, að prófessorinn í lyfjafræði hafi jafnframt forstöðu lyfjaverzlunar ríkisins. Verður því engin sérstök gjaldaaukning fyrir ríkissjóð samfara stofnun þessa prófessorsembættis. Prófessornum er enn fremur ætlað að hafa yfirumsjón með kennslu í lyfsölufræði.

Í 2. málsgr. segir, að í reglugerð skuli ákveða, hverjar séu aðalkennslugreinar hvers prófessorsembættis um sig. Þetta ákvæði er nýmæli, en þó er þess getið um

nokkur kennaraembætti, hver sé aðalkennslugrein kennara. Skapar það festu, ef starfssvið hvers kennara er afmarkað með nokkrum hætti, og getur það verið til leiðbeiningar fyrir þá menn, sem hyggjast afla sér menntunar til þess að takast á hendur embætti við háskólann.

3. málsgr. er nýmæli, en hún er þó í samræmi við ríkjandi stjórnsýsluvenjur.

Um 41. gr.

Greinin er í samræmi við lög og ríkjandi venjur.

Um 42. gr.

Um efni greinarinnar má að mestu vísa til athugasemda við 10. gr. frv. Víða erlendis eru svonefndar „stipendiat" stöður tengdar háskólum. Eru þær ætlaðar ungum og efnilegum mönnum, sem vinna að vísindalegum rannsóknum eða öðrum fræðilegum viðfangsefnum. Menn þessir hafa nokkra kennsluskyldu, en þó ekki meiri en svo, að þeir geti helgað sig verulega rannsóknarstörfum. Er mjög æskilegt, að unnt sé að koma slíkum stöðum upp hér við háskólann. Hvorttveggja er, að slíkt myndi stórbæta aðstöðu ungra manna til fræðaiðkana, og auk þess myndi háskólanum verða mikill styrkur að kennslu slíkra manna. Greinin veitir menntamálaráðherra heimild til þess að koma á slíkum stöðum, enda myndu slíkir menn að jafnaði verða aukakennarar. Stöður þessar eru ekki fastar. Yrðu þær veittar um stutt tímabil, og væri þá ekki skylt að veita þær að nýju, jafnskjótt og ráðningartímabil væri á enda runnið hverju sinni.

Um 43. gr.

Hér á landi er nú skortur manna, sem til þess eru lærðir að starfa í lyfjabúðum, og verður sá skortur æ tilfinnanlegri því meira sem lyfjabúðum fjölgar, en kröfur um fjölgun lyfjabúða hafa verið háværar um skeið, og er líklegt, að því fari fram um skeið.

Sýnt þykir, að sú tilhögun, sem verið hefur á þessari fræðslu nú undanfarið, endist ekki til að bæta úr skorti á þessum sérlærðu starfsmönnum. Hefur aðgangur að náminu takmarkazt af því, hve mörgum nemendum hefur verið unnt að koma fyrir til verklegs náms í lyfjabúðum Reykjavíkur og Hafnarfjarðar.

Þar sem stúdentar eiga einir aðgang að námi því, sem hér um ræðir, þykir eðlilegt, að það sé tengt háskólanum og þá læknadeild hans. Gert er ráð fyrir, að kennari sá, er annist kennslu í lyfsölufræði, hafi jafnframt á hendi eftirlit með lyfjabúðum, sbr. 41. gr. frv. Yrði kennarinn ráðinn til þessara starfa af háskólaráði, samkvæmt tillögu læknadeildar, sbr. 11. gr. 1. málsgr. frumvarpsins. Í 41. gr. frv. er mælt svo fyrir, að prófessorinn í lyfjafræði hafi yfirumsjón með kennslunni í lyfsölufræði.

Stúdentar, sem lokið hafa fyrra hluta lyfsalaprófs hér á landi, hafa nú um hríð undantekningarlaust sótt framhaldsnám sitt til Danmerkur. Njóta Íslendingar þar sérstakrar fyrirgreiðslu. Í Danmörku hefur nýlega verið ákveðin töluverð breyting á tilhögun upphafsnáms lyfsölufræðinga. Verður námstíminn styttur úr þremur árum í tvö, enda fyrrahlutaprófsmönnum eftirleiðis ekki ætluð önnur réttindi en þau að fá inngöngu í Lyfsölufræðiháskólann í Kaupmannahöfn. Væri rétt að hafa hliðsjón af skipun þessa undirbúningsnáms í Danmörku, þegar hliðstæðu námi hér verður skipað með reglugerð.

Um 44.—46. gr.

Í 44. gr. er lagt til, að þeirri venju sé haldið, að forseti Íslands staðfesti reglugerð Háskóla Íslands. Árétta má það hér, að breyting sú á laundögum nr. 92/1955, sem 45. gr. felur í sér, stafar af ákvæðum frv. um breytingu á stöðum dósenta.

Um 47. gr.

Eins og fyrr er greint, starfa tveir dósentar nú við háskólann. Hér er lagt til, að þessir dósentar verði skipaðir prófessorar, þegar er lögin taka gildi.

Ed. 416. Breytingartillögur [107. mál]

við frv. til umferðarlaga.

Frá Alfreð Gíslasyni.

Við 25. gr.

a. 3. málsgr. orðast svo:

Ef vínandamagn í blóði manns er 0.5‰ til 1.20‰, telst hann eigi geta stjórnað tækinu örugglega.

b. Í stað „1.30‰“ í 4. málsgr. kemur: 1.20‰.

Ed. 417. Nefndarálit [127. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 53 11. júní 1938, um mat á matjessíld og skozkverkaðri síld.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþykkt án breytinga.

Alþingi, 5. apríl 1957.

Björn Jónsson, form., frsm. Friðjón Skarphéðinsson, fundaskr. Sigurður Bjarnason.

Björgvin Jónsson. Jóhann Þ. Jósefsson.

Nd. 418. Lög [10. mál]

um dýravernd.

(Afgreidd frá Nd. 5. apríl.)

Samhljóða þskj. 399.

Sþ. 419. Tillaga til þingsályktunar [158. mál]

um athugun á því, hvernig ungir menn verði örvaðir til þátttöku í sjómennsku, og um skólaskip.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Sigurður Ágústsson, Magnús Jónsson, Kjartan J. Jóhannsson.

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna nefnd til þess að rannsaka og gera tillögur um leiðir til þess að örva unga menn til þátttöku í sjómennsku og fiskveiðum. Skal hún m. a. athuga möguleika á rekstri skólaskips fyrir ung sjómannaefni og gera tillögur og kostnaðaráætlun um útgerð þess og tilhögun hennar.

Nefndin skal hafa samráð við Fiskifélag Íslands, Landssamband íslenzkra útvegsmanna, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands og Alþýðusamband Íslands.

Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að undanfarin ár hefur ríkt mikill og vaxandi skortur á sjómönnum til þess að manna íslenzka fiskiskipaflotann. Hefur

því orðið að fá erlenda sjómenn til starfa á skipunum, bæði togurum og vélbátum. Samkvæmt upplýsingum Landssambands íslenzkra útvegsmanna munu nú vera um 1000 færeyskir sjómenn á íslenzkum fiskiskipum. Er það a. m. k. ⅓ hluti allra þeirra sjómanna, sem á flotanum eru.

Engum dylst, að ef Íslendingar verða framvegis að manna fiskiskipaflota sinn erlendum mönnum, er vá fyrir dyrum. Þessi þjóð byggir útflutning sinn enn sem komið er nær eingöngu á sjávarútvegi og sjósókn. Arður hennar byggist fyrst og fremst á þátttöku hennar í þessari atvinnugrein. Rekstur hennar með erlendu vinnuafli kostar mikil útgjöld í erlendum gjaldeyri, þar sem greiða verður hinum erlendu sjómönnum laun að meira eða minna leyti í mynt þeirra eigin lands.

Í tillögu þessari er því lagt til, að Alþingi feli 5 manna nefnd, er það kýs sjálft, að rannsaka og gera tillögur um leiðir til þess að örva unga menn til þátttöku í sjómennsku og fiskveiðum. Er m. a. gert ráð fyrir því, að hún athugi möguleika á rekstri skólaskips fyrir ung sjómannaefni og geri tillögur og kostnaðaráætlun um útgerð þess og tilhögun hennar.

Margir sjómenn, fiskimenn og farmenn hafa haldið því fram, að rekstur skólaskips væri líklegur til þess að auka áhuga ungra manna fyrir sjósókn og siglingum. Er þá einnig á það bent, að mestu siglingaþjóðir heims hafa rekið slík skip með góðum árangri.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja, að hér sé um svo merkilegt mál að ræða, að nauðsynlegt sé að kryfja það til mergjar og fá úr því skorið, hvort íslenzk sjómannastétt, samtök hennar og stofnanir sjávarútvegsins telja, að rekstur skólaskips gæti orðið hér að því gagni, sem um hefur verið rætt.

Þá er og gert ráð fyrir því í tillögunni, að nefnd sú, sem Alþingi kýs til þess að vinna þetta þýðingarmikla verk, hafi samvinnu og náin samráð við samtök sjómanna og útvegsmanna. Ef stofnað hefur verið sérstakt samband sjómannafélaga í landinu, meðan á athugun þeirri stendur, sem tillagan gerir ráð fyrir, ber að sjálfsögðu að leita álits þess og tillagna.

Sþ. 420. Nefndarálit [91. mál]

um till. til þál. um innflutning véla í fiskibáta.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt ýtarlega um tillöguna svo og um skylt mál, er fram kom í umræðum, óhóflega kappsiglingu fiskibáta á miðin. Leitað var álits nokkurra viðkomandi aðila, sbr. fylgiskjöl.

Það er álit nefndarinnar, að bæði atriðin þurfi ýtarlegrar rannsóknar við. Innflutningur véla í báta hefur oft verið gerður af vafasamri fyrirhyggju, mjög hefur skort á þjónustu við vélarnar og mikið óhagræði hefur hlotizt af skorti á varahlutum. Þá hefur kappsigling fiskibáta á mið, sem er aðalorsök tíðra vélaskipta, verið ævaxandi áhyggjuefni kunnugra. Sýnilegt er, að þetta ástand veldur auknum oliukostnaði, auknu sliti á bátum og vélum og kann að stofna öryggi sjómanna í hættu. Tilkostnaður og áhætta útgerðarinnar vaxa verulega, en heildarafli bátanna á hverju veiðisvæði vex trauðla.

Því leggur nefndin til, að tillagan verði samþykkt með breytingu. Björn Jónsson áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja öðrum brtt. Einn nefndarmanna (BÓ) var fjarstaddur.

BREYTINGARTILLAGA:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara rannsókn sérfróðra manna á því:

a) hvort eða hvernig hægt sé að koma í veg fyrir óhóflega kappsiglingu fiskibáta á mið og hindra þannig óþarft slit véla og báta og sóun verðmæta vegna tíðra vélaskipta í bátum, og
b) hvort eða hvernig unnt sé að haga innflutningi á vélum í fiskibáta þannig, að aukin trygging fáist fyrir kaupum hentugra véla og nauðsynlegar birgðir varahluta verði ávallt til í landinu.

Alþingi, 5. apríl 1957.

Benedikt Gröndal, form., frsm.	Eiríkur Þorsteinsson, fundaskr.	Björn Jónsson, með fyrirvara.
Steingr. Steinþórsson.	Ásgeir Bjarnason.	Jón Sigurðsson.

Fylgiskjal I.

FISKIFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 21. marz 1957.

Vér höfum haft til athugunar bréf hv. allsherjarnefndar, dags. 8. f. m., þar sem óskað er umsagnar um meðfylgjandi till. til þál. um innflutning véla í fiskibáta. Enn fremur er óskað álits vors á því, hvort unnt sé að fyrirbyggja, að stækkun véla í gömlum bátum gangi út í öfgar, leiði til sóunar verðmæta eða jafnvel stofni öryggi bátanna í hættu.

Félagsstjórnin hefur samþykkt að mæla með því, að sú athugun, sem í tillögunni greinir, verði látin fara fram eins og þar er gert ráð fyrir.

Varðandi síðara atriðið, sem um er spurt, er þar um að ræða mjög margþætt og flókið mál, sem ekki verða gerð nein skil í stuttu máli og án undangenginnar nákvæmrar athugunar. Telur stjórnin því eðlilegast, að hinum sömu aðilum sem tillagan gerir ráð fyrir verði einnig falið að athuga það og verði þá orðalagi tillögunnar breytt samkvæmt því.

Virðingarfyllst,

Davíð Ólafsson.

Til allsherjarnefndar sameinaðs þings, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

SKIPASKOÐUNARSTJÓRINN

Reykjavík, 11. febrúar 1957.

Bréf allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis, dags. 9. þ. m., hef ég móttekið ásamt 150. tillögu til þingsályktunar um innflutning véla í fiskibáta, flm. Pétur Pétursson, svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara athugun á því, á hvern hátt sé unnt að skipuleggja innflutning á vélum í fiskibáta þannig, að aukin trygging fáist fyrir því, að keyptar séu hentugar og góðar vélar, bæði um stærð og endingu, og að tryggt sé, að ávallt séu til í landinu nægar birgðir af varahlutum í vélarnar.

Þessi athugun skal gerð í samráði við skipaskoðunarstjóra ríkisins, Fiskifélag Íslands og Landssamband íslenzkra útvegsmanna."

Framangreinda tillögu tel ég mjög athyglisverða. Vélainnflutningur hefur verið mjög tilviljanakenndur undanfarin ár, og vélasalar eru mjög misjafnlega færir um að veita nægjanlegar og sannar upplýsingar um tæknileg atriði vélanna. Þar

eð útgerðarmenn eru heldur ekki allir vélfróðir menn, hafa stundum orðið leið mistök í vélakaupum.

Vélategundum fjölgar stöðugt hér í fiskiskipum, og þar með eykst þörfin fyrir varahlutabirgðir. Mörgum umboðsmönnum er um megn fjárhagslega að hafa hér á eigin kostnað miklar birgðir varahluta, og ekki munu verksmiðjur hafa varahluti hér á eigin kostnað, enda erfiðleikum háð vegna íslenzkra innflutningsákvæða. Hvaða leiðir gætu talizt færar til úrbóta, er vandsvarað í stuttu máli, en þar eð úrbóta er vissulega þörf, þá tel ég rétt að mæla með því, að umrædd athugun verði látin fara fram.

Í bréfi allsherjarnefndar er þess getið, að við umræður um mál þetta hafi komið fram óskir um, að nefndin leitaði álits míns á því, hvort fært yrði að fyrirbyggja stækkun véla í gömlum bátum.

Þetta mál hefur oftsinnis verið rætt, og m. a. ræddi herra sjávarútvegsmálaráðherra Lúðvík Jósefsson um málið við mig fyrir alllöngu síðan.

Öllum ber saman um, að vélastærð svonefndra landróðrabáta sé orðin óhófleg. Þess ber og að gæta, að hér er ekki vélastærð aukin vegna þarfa fiskveiðanna sjálfra, heldur vegna kapphlaups milli bátanna að komast sem fyrst á miðin. Fjárhagslega væri það raunverulega engin óhagur, þótt hver bátur þyrfti t. d. hálfri klukkustund lengri tíma til að komast á miðin, en mikið vélarafl kostar meira í stofnkostnaði, og eyðir meiri olíu en eðlilegt má teljast. Hins vegar eru þau lögmál fyrir ganghraða skips, að þegar vélarorka ákveðins skips er komin að vissu marki, eykst ganghraði sáralítið brot úr mílu, ef nokkuð, jafnvel þótt hestaflafjöldi sé tvöfaldaður. Sjálft meinið, sem orsakar þetta kapphlaup, er fyrirkomulag veiðanna, og auðvitað er eðlilegast að ráða bót á meininu þar sem það er, þ. e. a. s. með meiri gæzlu og skipulagningu á veiðisvæðum. Á þessu eru þó taldir miklir örðugleikar, og verður þá einnig að taka til athugunar, hvort fært er að setja ákvæði um takmörkun vélastærðar, ef ógerlegt reyndist að koma veiðafyrirkomulaginu í skynsamlegra horf en nú er.

Einn galla ber fyrst að nefna á takmörkun vélastærðar. Bezt er með vél farið, ef álag hennar er ekki að jafnaði meira en rétt yfir 80% fullrar orku. Ef vélastærð er takmörkuð og haldið verður áfram núverandi kapphlaupskerfi á miðin, þá er ekki efi á, að allar vélar yrðu þrautpíndar, þannig að ending véla yrði sennilega minni en nú er að óbreyttu veiðafyrirkomulagi.

Eftir bréfi allsherjarnefndar að dæma er hér eingöngu um að ræða takmörkun á stækkun véla í gömlum bátum, en ekki ákvæði um stærð véla í nýjum bátum. Ef setja ætti reglur, sem takmörkuðu vélastærð, þegar skipt er um vél í eldra skipi, án þess að takmarka vélastærð í nýjum skipum, er hætt við, að eldri skipin yrðu fljótlega ónothæf, samanborin við þau nýrri.

Skal því hér rætt um vélastærð í fiskiskipum almennt og möguleika á ákvæðum um hámarksstærð.

Slík ákvæði hlytu að byggjast á tveimur stærðum, hestaflafjölda vélarinnar og stærð skipsins.

Mælingu hestafla má framkvæma á marga mismunandi vegu, og til eru fleiri skilgreiningar á, hvað er hestafl. Sé gengið út frá hestaflamælingu í metrakerfinu, þarf því enn fremur að skilgreina nákvæmlega, hvernig mæla skuli orku vélanna og hvar hún skuli mæld. Ef mæla ætti allar aðkeyptar vélar hér á landi, mundi það kosta dýrt húsnæði og tilraunastofu. Eigi að mæla vélarnar í vélsmiðju vélaframleiðenda, verður að fylgja sömu reglum alls staðar og hafa eftirlit með, að mælingin fari eins fram hjá öllum verksmiðjum.

Enn flóknara verður þó málið, þegar ákveða skal, við hvaða stærðartölu skipsins skal miða leyfilegan hestaflafjölda. Hér er oftast getið um brúttórúmlestir, þegar rætt er um stærð skipa. Brúttórúmlestatalan er hins vegar algerlega ónothæf til að miða hestaflaþörf aflvélar skipsins við, því að brúttórúmlestatalan er rúmmálsmæling á ákveðnu rúmmáli inni í skipinu samkvæmt nákvæmum reglum þar um.

Rúmlestatalan gefur hins vegar engar upplýsingar um hestaflaþörf skipsins til að knýja það áfram með vissum hraða, því að þar ræður bæði stærð og lag skipsins. Um lag skips er hins vegar ekki hægt að setja reglur nema að mjög takmörkuðu leyti með stuðlum vatnslínu, miðbands-, prisma- og kassastuðli og fleiri hlutföllum. Fjölmargar aðferðir eru notaðar við áætlun hraða og hestaflafjölda skipa, en öruggust er að sjálfsögðu tilraun með líkan af skipinu. Slíkar tilraunir eru hins vegar tiltölulega dýrar fyrir svo lítil skip, nema um mörg eins skip sé að ræða.

Ef settar eru reglur um vélastærð og t. d. miðað við ytri aðalmál skipsins, vatnslínulengd og ýmis hlutföll þess, þá yrðu úr þessu mjög flókin tæknileg ákvæði, því að ekki yrði komizt hjá að binda um leið í reglur ákvæði um stöðugleika skipanna og sjóhæfni, svo að ekki yrði gengið á það lagið að auka ganglag skipanna á kostnað stöðugleika og sjóhæfni þeirra.

Þótt hér hafi aðeins verið stiklað á stóru og ekki farið neitt inn í tæknileg atriði málsins, þá vænti ég þess þó, að ljóst sé, að þetta mál er ekki auðleyst.

Slíkar reglur yrði að semja eftir nákvæma rannsókn á nauðsynlegustu atriðum slíkra skipa, og reglurnar mundu verða mikið rannsóknarverkefni frá skipaverkfræðilegu sjónarmiði, enda mun hvergi vera til fordæmi fyrir slíkum ákvæðum. Slíkar reglur er án efa hægt að semja, en það yrði mikið verk og vandasamt, og eðlilega tæki það nokkurn tíma, áður en slík ákvæði lægju fyrir. Ef Alþingi teldi rétt, að slík athugun yrði látin fram fara, þá tel ég nauðsynlegt, að samtímis yrði reynt, hvort ekki væri fært að ráða bót á sjálfu meininu, sem sé fyrirkomulagi veiðanna hjá landróðrabátum, t. d. ef merki um leyfi til að hefja lagningu veiðarfæra væri gefið á miðunum, en ekki í landi, eins og nú tíðkast.

Hjálmar R. Bárðarson.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis, Reykjavík.

Fylgiskjal III.

FISKVEIÐASJÓÐUR ÍSLANDS

Reykjavík, 2. marz 1957.

Háttvirt allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis hefur með bréfi 8. f. m. óskað eftir umsögn vorri um tillögu til þingsályktunar um innflutning véla í fiskibáta.

Vér höfum beðið annan aðalmatsmann vorn (hr. Kr. Einarsson) um álit hans á málinu, og fylgir álitsgerð hans hér með.

Þá sendum vér hér með afrit af bréfi, er reyndur skipstjóri skrifaði oss um þetta mál 21. sept. 1954.

Telja má, að leitað sé eftir lánum úr Fiskveiðasjóði svo til alltaf, þegar skipt er um vél í fiskiskipum. En sjóðurinn hefur þann hátt á að veita ekki slík lán, nema fyrir liggi umsögn frá skipaskoðunarstjóranum og meðmæli hans með því, að skipt sé um vél í skipinu.

Að sjálfsögðu mundi Fiskveiðasjóður fagna hverjum þeim ráðstöfunum, sem gætu tryggt sem skynsamlegasta meðferð þessara mála og þeir aðilar, sem málið snertir mest, þ. e. sjómenn og útgerðarmenn, gætu sætt sig við.

Vér látum fylgja hér með skýrslu um lánveitingar vorar vegna vélaskipta í fiskiskipum s. l. fjögur ár.

Virðingarfyllst,

Fiskveiðasjóður Íslands.

Elías Halldórsson. G. Halldórsson.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis, Alþingi, Reykjavík.

Alþt. 1956. A. (76. löggjafarþing). 126

Fskj. 1.

Reykjavík, 1. marz 1957.

Ég hef móttekið bréf yðar varðandi tillögu til þingsályktunar um innflutning véla í fiskibáta.

Út af því vil ég taka fram eftirfarandi:

Allir íslenzkir fiskibátar, sem ég veit um, eru gerðir fyrir þungbyggðar eða meðalþungbyggðar vélar.

Mér vitanlega eru engar reglur til um hestaflafjölda véla í fiskibáta, miðað við rúmlestafjölda bátsins, enda er það, að mínu áliti, ógerlegt að binda aflþörf við rúmlestafjölda vegna mismunandi gerða bátanna.

Miða verður hestaflaþörfina við lögun bátsins og þann hraða, sem lögun bátsins leyfir, því að það er fyrst og fremst hún, sem ákveður nýtanlegan hámarkshraða bátsins. Allt það afl, sem vélin framleiðir fram yfir það, fer að mestu leyti til ónýtis.

Það er því að mínu áliti vissulega rétt, að stækkun á vélum í gömlum bátum hafi í mörgum tilfellum farið út í öfgar og sé langt frá því að vera hagkvæm og að mestu leyti sóun verðmæta. Þegar svo er, að of mikið vélaafl er notað í gömlu skipi, verður afleiðingin oft sú, að skipið liðast, hampþéttun losnar og sjóhæfni skipsins minnkar.

Hvað viðkemur hentugum og góðum vélum, bæði um stærð og endingu, svo og um varahlutaþörf, álít ég, að heppilegasta leiðin væri sú að fela einhverri stofnun eða stofnunum í landinu og þá fyrst og fremst skipaskoðun ríkisins að sjá um og leiðbeina mönnum um vélakaup, stærð og gerð. Að sjálfsögðu þarf þessi stofnun að hafa aðstöðu til að sannreyna þær vélar, sem boðnar eru til innflutnings, bæði hvað snertir stærð og aðra kosti og hagkvæmni til notkunar í því skipi, sem hún er ætluð í. Hvað viðvíkur varahlutum, tel ég skilyrðislaust sjálfsagt að leyfa ekki innflutning véla nema með því skilyrði, að framleiðandi þeirra véla, sem fluttar eru inn í landið, ætti hér varahlutabirgðir í vörzlu umboðsmanna sinna, nægilegar til að fyrirbyggja stöðvun báta, sem svo oft hefur komið fyrir, jafnvel á aðalvertíð, vegna skorts á varahlutum.

Virðingarfyllst,

Kristinn Einarsson.

Fiskveiðasjóður Íslands, Reykjavík.

Fskj. 2.

Reykjavík, 21. sept. 1954.

Svo sem yður er kunnugt, hafa verið mikil vélaskipti nú undanfarið og eru nú yfirstandandi í vélbátaflotanum. Nýjar og stærri vélar settar í bátana. Um það út af fyrir sig er ekki nema gott að segja, en ég óttast, að með þeirri notkun, sem nú er á vélum fiskibátanna, sem róa úr landi á vetrarvertíð hér sunnanlands, verði vélarnar skammlífar í bátunum, ekki eingöngu vegna óhófslegs slits, heldur einnig að mönnum muni finnast þær of litlar, þ. e. báturinn ekki nógu ganggóður í hinni fáránlegu kappkeyrslu á miðin. Það verður aldrei hægt að láta 30 báta frá sömu verstöð ganga jafnt, og þar með mun vélakapphlaupið halda áfram endalaust, ef ekki verður að gert. Ég hef hugsað mikið um þetta mál og komizt að ákveðinni niðurstöðu, sem ég vil láta í ljós með þessu bréfi mínu. Mér er ljóst, að góðir menn og gegnir munu sjálfsagt finna aðrar og betri lausnir þessa máls, en hvað um það, þetta er mitt álit.

Ég álít, að góður og hæfilegur hámarkshraði fiskibátanna, sem róa úr landi, sé ca. 8.5 sjómílur. Ég er meðmæltur þessum hraða vegna þess, að það hefur sýnt sig, að flestir 50—60 smálesta bátar, sem eru búnir sæmilega kraftmikilli vél, þurfa ekki að nota vélaaflið óhóflega til að ná þessum hraða, þótt þeir þurfi að yfirkeyra vélina til að ná 9 sjómílna hraða. Þessi hálfa sjómíla (frá 8½—9) hefur reynzt svo erfið flestum bátunum, að hún er allt að því jafndýr í olíukostnaði og fyrstu 7—8 mílurnar. Þetta er ofur eðlilegt, góður fiskibátur fyrir íslenzka staðhætti verður ekki byggður sem hraðsnekkja. Hvað hefur svo þessi hálfa sjómíla að segja fyrir bátana og afkomumöguleika þeirra? Tökum dæmi: Margir bátar frá Keflavík ganga um 9 sjómílur á leið í róður, með þrautkeyrðum vélum. Segjum, að bátarnir sigli í 3 stundir frá merkjunum við Gerðhólma, þar til þeir byrja að leggja línuna. Þeir hafa því siglt 3×9 sjómílur = 27 sjómílur. Ef við gerum ráð fyrir, að fiskur standi 27 sjómílur og þar út, sem þeir leggja línuna, munu bátarnir eiga ófarna 1½ sjómílu, ef þeir hefðu látið sér nægja 8½ sjómílna hraða og notað vélaaflið ca. 25% minna. Þeir hefðu því byrjað að leggja línuna um 10 mín. seinna en með 9 sjómílna keyrslu. Það hlýtur öllum að vera ljóst, að einar 10 mín. gera hvorki til né frá, ef allir bátarnir eru samhliða, sem þeir væru með 8.5 sjómílna hámarkshraða, en 10 mín. mismunur á gangi geti gert mikinn skaða, ef innbyrðis afstaða bátanna er 10. mín. mismunur á gangi á 27 sjómílna vegalengd, hvort heldur meðalganghraði bátanna er 9, 10 eða 11 sjómílur.

Síðustu bátarnir eiga alltaf á hættu að lenda með lóðir sínar á bólfærum bátanna, sem á undan eru, og koma þar með með minni afla og skemmd veiðarfæri að landi. Það er einmitt þarna, sem hundurinn liggur grafinn, þetta er meginorsök kappkeyrslunnar, og henni mun ekki linna að óbreyttum aðstæðum. Ég tel, að setja þurfi reglugerð um þetta mál, fyrir bátana að fara eftir. Ég hef aðeins rætt þetta mál við nokkra kunningja mína, sem eru skipstjórar á bátum héðan við Faxaflóa og í Vestmannaeyjum.

Álit þeirra og undirtektir eru eins misjöfn og þeir eru margir, sumir talið þetta hreina fásinnu, aðrir talið sjálfsagt að koma á skipulagi um keyrslu bátanna. Ég er því nokkurn veginn viss um, að lög og reglur um þetta munu mælast misjafnlega fyrir — í fyrstu.

En ég er líka sannfærður um, að þegar frá líður mun takmörkun á hraða bátanna á miðin þykja sjálfsögð og eðlileg ráðstöfun og öllum til góðs, ekki einungis að hinn bágborni fjárhagur margra útgerðarmanna muni batna með langt um minni viðhaldskostnaði vélanna, eða sjómannanna, sem kæmu með betri hlut frá borði, en einnig þjóðfélginu í heild.

Efnislega ætti innihald þessarar reglugerðar að vera þetta:

> Settir væru 4—6 formenn á hverri veiðistöð sem eftirlitsmenn (með svipuðu fyrirkomulagi og er með róðrartímann) til að sjá um, að allir bátarnir fari með sama hraða á miðin (8.5 sm.). Bátar þeirra yrðu auðkenndir með einhvers konar ljósi, meðan dimmt er af nóttu. Allir bátarnir hefðu lögboðin ljós, þegar þeir byrjuðu að leggja línuna (sem þeir eru skyldir til samkv. siglingarlögunum, 9. gr.).

Viðurlög, ef út af er brugðið, með svipuðum reglum og með róðrartímann. Ýmis smærri ákvæði væru sett í samráði við greinda formenn í veiðistöðinni. Ég tel ekki heppilegt, að varðskip ríkisins hefðu afskipti af þessu, ýmissa hluta vegna.

Í góðri meiningu,

Magnús Grímsson.

Fskj. 3.

Lánveitingar Fiskveiðasjóðs Íslands til endurnýjunar á aflvélum í fiskiskipum.

Ár	Skip		Nýjar vélar				Lán kr.
			Hestöfl		Heildarverð[1]) kr.	Meðalverð á hestafli kr.	
	Tala	Rúmlestir	Samtals	Meðaltal pr. rúmlest			
1953	29	950	3861	4,06	4 390 500,00	1 137,00	2 895 500,00
1954	50	2045	8948	4,38	9 053 000,00	1 012,00	5 820 300,00
1955	44	1312	6463	4,93	7 517 590,00	1 163,00	4 895 000,00
1956	48	2479	10453	4,22	11 801 000,00	1 129,00	7 661 400,00

1) Kostnaður við niðursetningu er ekki talinn með.

Nd. 421. Frumvarp til laga [72. mál]

um breyting á girðingalögum, nr. 24 1. febr. 1952.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

1. gr. laganna hljóði svo:

Girðingar í lögum þessum eru:

I. Fullgildar girðingar.
   a) Gaddavírsgirðing 5 strengja, einn metri á hæð frá jafnsléttu og ekki lengra milli jarðfastra staura hennar en 6 metrar, eða vírnetsgirðing, er jafngildi henni að vörzlunotum.
   b) Skurður eigi grynnri en 1.50 m, eigi mjórri en 3 m að ofan og með 3 gaddavírsstrengjum á öðrum hvorum bakkanum, eða jafngildi gaddavírsins af vírneti. Bil milli jarðfastra girðingarstaura sé eigi meira en 5 m.

      Nú leyfir aðstaðan ekki dýpri skurð eða skurðkafla en 1 metra, eða uppundir 1.50 m, og skal þá 4 strengja gaddavírsgirðing, eða jafngildi hennar af vírneti, koma á skurðbakkann.

II. Stórgripagirðingar.
   a) Gaddavírsgirðingar með 2 strengjum og sé eigi minna en 65 cm frá jörðu upp að neðri vírstreng.
   b) Skurður eigi grynnri en 2 m og eigi mjórri en 3.70 m að ofan.

2. gr.

9. gr. laganna hljóði svo:

Nú er vegur lagður gegnum tún eða ræktunarland, og skal þá sá, sem veginn leggur, kosta efnið í girðinguna báðum megin vegarins eða leggja til ristarhlið ásamt grindarhliði, ef vegamálastjóri telur það hentugra. Sama gildir, ef girðing er lögð umhverfis slík lönd, er vegur liggur um þau, enda sé girðingin nauðsynleg vegna nytja landsins.

Eigendum einkavega er því aðeins heimilt að girða meðfram vegum sínum, að um það hafi verið samið við landeigendur. Nú hefur slík girðing verið lögð, án þess að um hafi samizt, og geta landeigendur þá látið taka hana burt.

Þegar þjóðvegur er lagður gegnum löggirðingu, skal vegagerð ríkisins leggja til ristar og grindur í hlið á veginn eða helming efnis í girðingu meðfram honum, ef vegamálastjóri telur það hentugra. Nú er girðing lögð milli afrétta og heimalanda, er liggur yfir vegi, eða vegir eru lagðir í gegnum hana, og telja matsmenn girðinguna nauðsynlega, og ber þá vegagerð ríkisins að leggja til hlið á veginn og annast viðhald þess.

3. gr.

Á eftir 1. málsgr. 10. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú verður ágreiningur um landamerkjagirðingu, á hvern hátt eða úr hvaða efni hún skuli gerð, og skulu aðilar þá hlíta úrskurði úttektarmanna.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Nú hefur eigandi einkavegar girt samkvæmt heimild í 9. gr. laga nr. 24 1. febr. 1952, en landeigandi telur sér svo mikið tjón og girðingunni, að ekki sé viðunandi, og ekki hefur náðst samkomulag um girðinguna, og skulu þá dómkvaddir menn skera úr og ákveða fullar bætur úr hendi landeiganda til eiganda girðingarinnar, ef honum er gert að skyldu að taka hana niður.

Ed. 422. Frumvarp til umferðarlaga. [117. mál]

(Eftir 2. umr. í Ed.)

I. Inngangur.

1. gr.

Ákvæði laga þessara gilda um umferð á vegum.

Þar, sem vegir eru fyrir sérstaka umferð, gilda reglur laga þessara um þá, eftir því sem við á.

Ákvæði laganna gilda einnig, eftir því sem við á, um umferð ökutækja á lóðum, lendum, afréttum og almenningum.

2. gr.

Í lögum þessum merkir:

Vegur: Vegur, gata, götuslóði, torg, brú, húsasund, stígur eða þess háttar, sem notað er til almennrar umferðar.

Akbraut: Sá hluti vegar, sem ætlaður er ökutækjum.

Akreinar: Samliða reinar, sem skipta má akbraut í að endilöngu, hæfilega breiðar, hver um sig, fyrir eina röð ökutækja.

Vegfarandi: Hver, sem fer um veg eða er staddur á vegi eða í ökutæki á vegi.

Vegamót: Þar, sem tveir eða fleiri vegir mætast.

Ökutæki: Tæki, sem aka má á hjólum, beltum, völtum eða meiðum og eigi rennur á spori.

Vélknúið ökutæki: Sérhvert ökutæki með aflvél til að knýja það áfram.

Bifreið: Vélknúið ökutæki, sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga, svo og til annarra nota, ef það er gert til hraðari aksturs en 30 km á klst. án verulegra breytinga á því.

Bifhjól: Vélknúið ökutæki með 2 hjólum. Einnig vélknúið ökutæki með 3 hjólum, ef eigin þungi þess er 400 kg eða minni.

Reiðhjól með hjálparvél: Sérhvert reiðhjól, sem í er aflvél, minni en 1 hestafl, þó ekki yfir 50 rúmsentimetra strokkrúmmál og ekki yfir 50 kg að þyngd.

Dráttarvél: Vélknúið ökutæki, sem aðallega er ætlað til að draga annað ökutæki eða vinnutæki og ekki er gert til hraðari aksturs en 30 km á klst. án verulegra breytinga á því.

Vinnuvél: Vélknúið ökutæki, sem aðallega er ætlað til nota sem vinnutæki og ekki er gert til hraðari aksturs en 30 km á klst. án verulegra breytinga á því.

Tengivagn: Ökutæki, sem vélknúið ökutæki dregur og ætlað er til fólks- eða vöruflutninga, þó að undanteknum festivögnum.

Festivagn: Ökutæki, sem fest er við vélknúið ökutæki þannig, að ökutækið eða farmur þess hvílir að nokkru leyti á dráttartækinu, og ætlað er til fólks- eða vöruflutninga. Vélknúið ökutæki, sem annað ökutæki dregur, telst þó ekki tengi- eða festivagn.

Hliðarvagn: Ökutæki á einu hjóli, sem fest er á hlið bifhjóls og ætlað er til fólks- eða vöruflutninga.

Tengitæki: Önnur ökutæki, sem tengd eru eða fest við vélknúin ökutæki.

Eigin þyngd: Þyngd ökutækis, sem tilbúið er til notkunar, að meðtöldum öllum tækjum, sem nauðsynleg eru til notkunar þess. Þyngd eldsneytis, smurningsolíu og kælivatns, svo og ökumanns, telst ekki til eigin þyngdar ökutækis.

Heildarþyngd: Eigin þyngd ökutækis, að viðbættu eldsneyti, smurningsolíum og kælivatni, svo og ökumanni, farþegum og farmi.

Leyfð heildarþyngd: Heildarþyngd ökutækis, sem leyfð er við skráningu þess.

Öxulþungi: Sá hluti þyngdar ökutækis, með eða án farms, sem kemur á hvern öxul.

Ljósatími: Tíminn frá hálfri klukkustund eftir sólarlag til hálfrar klukkustundar fyrir sólarupprás. Ákvæði laganna um ljósatíma gilda einnig þótt á öðrum tíma sé, í þoku og við önnur svipuð birtuskilyrði.

3. gr.

Nú rís ágreiningur um það, til hverrar tegundar, samkvæmt 2. gr., ökutæki skuli teljast, og sker dómsmálaráðherra þá úr til fullnaðar.

Ef ágreiningsefnið varðar gjaldskyldu, skal leita álits fjármálaráðherra, áður en úrskurðað er.

II. Ákvæði um ökutæki.

A. *Gerð og búnaður ökutækja.*

4. gr.

Sérhvert ökutæki skal svo gert og haldið þannig við, að af notkun þess leiði hvorki óþarfa hættu né óþægindi, þar með talinn hávaði, reykur eða óþefur eða hætta á skemmdum á vegi.

Eigandi eða umráðamaður ber ábyrgð á, að ökutæki sé í lögmæltu ástandi. Sérstaklega skal þess gætt, að stjórntæki og hemlar verki vel og örugglega og að skráningarmerki og merkjatæki séu í lagi.

5. gr.

Í hverri bifreið skal vera:

a. Stýris- og hemlabúnaður.
b. Ljósker, er lýsi fram fyrir bifreiðina, a. m. k. eitt rautt ljós, er lýsi aftur fyrir hana, og ljósker til lýsingar á aftara skráningarmerki hennar. Enn fremur rauðlitað glampagler aftan á bifreiðinni. Þó skulu vera rauð glampagler á báðum pallhornum vörubifreiðar að aftan. Sama gildir, þótt pallurinn sé yfirbyggður.
c. Tæki til þess að gefa með hljóðmerki og stefnumerki.
d. Hraðamælir.

e. Búnaður, er tryggi nauðsynlega útsýn ökumanns.
f. Gúmbarðar á hjólum.
g. Ef hált er, skal hafa snjókeðjur á hjólum eða annan búnað, sem bifreiðaeftirlit ríkisins viðurkennir.
h. Búnaður til aksturs aftur á bak, sé eigin þyngd bifreiðar yfir 400 kg.
i. Merki, er sýni framleiðsluverksmiðju og framleiðslunúmer bifreiðarinnar.
j. Á útblásturspípum hreyfla skulu vera tæki, er dragi úr hávaða og reyk.

Í fólksbifreiðum, sem flytja mega yfir 30 farþega, skal vera ökuriti, er sýni farna vegalengd og hraða bifreiðarinnar á hverjum tíma. Eiganda bifreiðar ber að geyma árituð eyðublöð tækisins í eitt ár, og er skylt að sýna þau lögreglumönnum, ef óskað er. Eigi má nota aðrar tegundir ökurita en þær, er bifreiðaeftirlit ríkisins viðurkennir.

Bifhjól skal búið sömu tækjum og bifreið, þó ekki tækjum til að gefa með stefnumerki.

6. gr.

Dráttarvélar skulu búnar öruggum tengibúnaði og tækjum þeim, sem um getur í 5. gr., eftir því sem við á og nánar skal ákveðið í reglugerð.

7. gr.

Í hverri vinnuvél skal vera:
a. Stýris- og hemlabúnaður.
b. Rauðlitað glampagler aftan á vinnuvélinni og hvítt að framan, ef þar er ekki ljósker.
c. Ljósker, ef vinnuvélin er notuð á ljósatíma. Skal annað lýsa fram fyrir, en hitt aftur fyrir vélina.

8. gr.

Á hverju reiðhjóli skal vera:
a. Hæfilega traustur hemill.
b. Ljósker, er sýni hvítt eða daufgult ljós í hæfilegri fjarlægð framan frá, þegar reiðhjólið er notað á ljósatíma.
c. Rauðlitað glampagler eða ljósker aftan á reiðhjólinu.
d. Bjalla. Eigi má nota annað hljóðmerkjatæki á reiðhjóli.
e. Lás.

Ákvæði 1. mgr. gilda einnig um reiðhjól með hjálparvél með þeirri viðbót: *Að* á þeim skulu vera tveir hemlar, sem verka sjálfstætt, hvor um sig, og rafmagnsljós, tengt við rafal. Í stað bjöllu má nota eintóna horn.

9. gr.

Við notkun hestvagna skal örugglega búið um aktygi og festingar.

Aftan á hestvögnum, sem notaðir eru á ljósatíma á vegum, skal vera rauðlitað glampagler.

10. gr.

Dómsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um gerð ökutækja, búnað o. fl. Hann getur og veitt nauðsynlegar undanþágur fyrir ökutæki, sem ætluð eru til sérstakra nota, og enn fremur kveðið á um áritanir og merki, sem nauðsynlegt er að setja á ökutæki til eftirlits.

B. *Skráning ökutækja og eftirlit með þeim.*

11. gr.

Eigandi eða umráðamaður bifreiðar, bifhjóls, dráttarvélar eða reiðhjóls með hjálparvél skal senda lögreglustjóra þess umdæmis, sem hann er búsettur í, til-

kynningu um ökutæki sitt, áður en það er tekið í notkun. Sama er um tengivagna og festivagna, sem eru 500 kg að eigin þyngd eða meira.

Fullnægi ökutækið settum reglum, skráir lögreglustjóri það í ökutækjaskrá. Jafnframt skulu sett skráningarmerki framan og aftan á ökutækið.

Á hverjum ársfjórðungi ber forstöðumanni bifreiðastöðvar að senda hlutaðeigandi lögreglustjóra skrá um allar bifreiðar og bifreiðastjóra á stöðinni.

Lögreglustjóri gefur út skráningarskírteini ökutækis og skal það ávallt fylgja því.

12. gr.

Lögreglustjóri lætur í té skráningarmerki af þeirri gerð og gegn því gjaldi, sem dómsmálaráðherra ákveður. Merkin skulu ávallt vera vel læsileg, og má eigi hylja þau.

Nú glatast skráningarmerki eða verður ónothæft, og skal það þegar tilkynnt lögreglustjóra í því umdæmi, sem ökutækið er skráð í, en ef það er í öðru umdæmi, þá jafnframt lögreglunni þar.

13. gr.

Lögreglustjóri getur, er sérstaklega stendur á, heimilað, samkvæmt reglum, sem dómsmálaráðherra setur, akstur skráningarskyldra ökutækja án skráningar. Skal í þessum reglum ákveða, að gjald komi fyrir leyfið.

14. gr.

Nú verða eigendaskipti að skráðu ökutæki, og skal þá bæði hinn fyrri og hinn nýi eigandi tafarlaust tilkynna það lögreglustjóra í því umdæmi, sem ökutækið er skráð í. Ef nýi eigandinn er búsettur í öðru umdæmi, skal hann jafnframt tilkynna lögreglustjóra þar eigendaskiptin, og skal ökutækið þá skráð af nýju, en afskráð í umdæminu, sem það fluttist frá.

Nú flyzt eigandi ökutækis búferlum með ökutæki sitt í annað lögsagnarumdæmi, og skal hann þá senda tilkynningu um flutninginn til lögreglustjóra beggja umdæmanna. Skal ökutækið þá afskráð í umdæmi því, er það fluttist frá, en skráð af nýju í umdæmi því, sem það flyzt í, og fá þar ný skráningarmerki. Ef aðeins er um að ræða 6 mánaða eða skemmri dvöl í öðru umdæmi, er umskráning ekki nauðsynleg.

Um leið og ökutæki er afskráð, skal afhenda lögreglustjóra skráningarmerkin endurgjaldslaust.

15. gr.

Sérstök stofnun, bifreiðaeftirlit ríkisins, er lýtur yfirstjórn dómsmálaráðherra, annast skoðun og eftirlit ökutækja.

Dómsmálaráðherra skipar eftirlitsmenn ökutækja, bifreiðaeftirlitsmenn, og skal veita þeim lögregluvald á starfssviði sínu. Hann ákveður umdæmi þeirra og starfssvið. Eftirlitsmenn skulu vera sérfróðir um þau mál, er vélknúin ökutæki varða, gerð þeirra, akstur og aðra meðferð, svo og lög þau og reglur, er um þau gilda. Engan má skipa eftirlitsmann, nema hann hafi lokið prófi, er sýni, að hann sé þeim kostum búinn og hafi þá kunnáttu, sem nauðsynleg er til starfsins. Dómsmálaráðherra setur reglur um kennslu, prófkröfur og önnur hæfniskilyrði eftirlitsmanna, svo og reglur um starfsemi bifreiðaeftirlits ríkisins.

16. gr.

Innflytjendum skráningarskyldra, vélknúinna ökutækja er skylt að senda bifreiðaeftirliti ríkisins nákvæma lýsingu og myndir af nýjum gerðum vélknúinna ökutækja, sem þeir ætla að flytja til landsins. Tollstjórum er óheimilt að tollafgreiða skráningarskylt, vélknúið ökutæki, nema sú gerð ökutækja hafi hlotið viðurkenningu bifreiðaeftirlits ríkisins.

17. gr.

Þegar lögreglustjóri hefur fengið tilkynningu um ökutæki, samkvæmt 11. gr., lætur hann eftirlitsmann skoða það, og sker hann úr um, hvort ökutækið fullnægi kröfum laga og reglugerða.

Eftirlitsmaður ákveður, hve marga farþega ökutækið má flytja, meðal annars, hve marga í sætum við hlið ökumanns. Hann ákveður og, hve mikla þyngd vörubifreið má flytja. Aldrei má hlaða ökutæki meira né flytja á því fleiri farþega en heimilað er. Leyfð farþegatala og farmsþyngd skal skráð í skráningarskírteini.

Eftirlitsmaður ákveður, samkvæmt reglum, sem dómsmálaráðherra setur, hvort heimilt sé að nota vörubifreið til flutnings farþega á palli. Skal það skráð í skráningarskírteini.

18. gr.

Lögreglustjórar eða eftirlitsmenn geta, hvenær sem er, krafizt þess, að öll ökutæki, sem skráð eru eða notuð í umdæmi þeirra, séu færð til skoðunar á tiltekna stað í umdæminu, svo að ganga megi úr skugga um, hvort þau séu í lögmæltu ástandi. Dómsmálaráðherra ákveður, hve oft almenn skoðun skráningarskyldra ökutækja skuli fara fram. Hann getur ákveðið í reglugerð, að fengnum tillögum bifreiðaeftirlits ríkisins, að tilteknar gerðir ökutækja séu skoðaðar á skemmra fresti en almennt er boðið. Lögreglustjóri ákveður, hvenær og hvar í umdæmi hans skoðun ökutækja fer fram. Eftirlitsmenn rita vottorð um skoðun ökutækja í skráningarskírteini.

19. gr.

Lögreglustjóri eða bifreiðaeftirlitsmaður getur, hvenær sem er, krafizt þess, að skráningarskylt ökutæki, sem skráð er eða notað í umdæmi hans, sé fært til sérstakrar skoðunar á þann stað, er hann ákveður.

Eftirlitsmönnum og öðrum lögreglumönnum er heimilt, hvenær sem er, að stöðva ökutæki, skoða það samstundis og athuga ökuskírteini.

Ávallt skal skoða ökutæki, er umskráning þess fer fram.

Verði starfsmaður viðgerðarverkstæðis þess var, að öryggisbúnaði vélknúins ökutækis, sem þar er til viðgerðar eða breytinga, sé áfátt, skal hann skýra yfirmanni verkstæðisins frá því, en honum ber að gera eiganda ökutækisins aðvart og síðan tilkynna það bifreiðaeftirlitsmanni eða lögreglustjóra, ef eigi verður úr bætt.

20. gr.

Nú kemur í ljós, að skráningarskylt ökutæki fullnægir ekki lögum og reglum, eða er eigi fært til skoðunar, þegar krafizt er, og getur þá lögreglustjóri bannað notkun þess og tekið af því skráningarmerki, unz bætt hefur verið úr því, sem áfátt var eða vanrækt. Skal þá eftirlitsmaður skoða ökutækið, áður en skráningarmerkin eru afhent aftur.

Heimilt er lögreglustjóra að afskrá ökutæki án samþykkis eiganda, ef það er ónýtt að dómi eftirlitsmanns. Tilkynna skal nafnskráðum rétthöfum ökutækisins um afskráninguna með hæfilegum fyrirvara.

Nú vill eigandi ökutækis fá það afskráð sem ónýtt, og skal þá fylgja beiðninni vottorð eftirlitsmanns þess efnis. Annars verður beiðninni ekki sinnt.

21. gr.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um ökutækjaskrá, skráningu og afskráningu ökutækja. Hann getur og fyrirskipað skráningu á reiðhjólum og ákveðnum tegundum vinnuvéla og tengitækja.

22. gr.

Eigendur skráningarskyldra ökutækja greiða skoðunargjald í ríkissjóð eftir reglum, er dómsmálaráðherra setur.

C. *Erlend ökutæki.*

23. gr.

Erlend ökutæki, sem nota má hér á landi um stundarsakir samkvæmt alþjóðasamningum, sem Ísland er aðili að, skulu fullnægja ákvæðum 5.—10. gr., að svo miklu leyti, sem þau eiga stoð í samningnum. Ökutæki, sem eru skráningarskyld samkvæmt 11. gr., má nota án skráningar hér á landi, ef þau eru löglega skráð í heimalandi, enda sé á þeim þjóðernismerki, auk skráningarmerkis, sbr. þó 3. mgr.

Í reglugerð skal kveðið á um eftirlit með erlendum ökutækjum, hve lengi þau mega vera hér á landi, tilkynningu þeirra og skráningu.

Ef eigandi (umráðamaður) skráningarskylds ökutækis, sem flutt hefur verið hingað frá útlöndum, er búsettur hér á landi, skal skrá ökutækið hjá hlutaðeigandi lögreglustjóra eða afhenda honum skráningarmerki þess innan hálfs mánaðar, eftir að það kom til landsins. Taki eigandi (umráðamaður) hins erlenda ökutækis sér búsetu hér á landi, eða ef ökutækið verður eign aðila, sem hér er búsettur, skal skrá ökutækið eða afhenda hin erlendu skráningarmerki innan hálfs mánaðar.

III. Um ökumenn.

24. gr.

Sérhver ökumaður skal vera líkamlega og andlega fær um að stjórna ökutæki því, sem hann fer með.

Enginn má aka eða reyna að aka ökutæki, ef hann, vegna veikinda, ofreynslu, svefnleysis, undanfarandi neyzlu áfengis, æsandi eða deyfandi lyfja eða annarra slíkra orsaka, er haldinn slíkri þreytu eða sljóleika, að hann geti eigi stjórnað ökutækinu á tryggilegan hátt. Það telst til þyngingar við ákvörðun refsingar, ef maður hefur í slíku ástandi ekið leigubifreið til mannflutninga.

Tóbaksreykingar eru bannaðar við akstur leigubifreiða til mannflutninga.

Eigi má fela manni, sem er í því ástandi, sem um ræðir í 1. mgr., stjórn ökutækis.

Ákveða má í reglugerð lágmark hvíldartíma í sólarhring hverjum fyrir ökumenn, og skal þá höfð hliðsjón af hættu, sem stafað getur af ofþreytu eða svefnleysi.

25. gr.

Enginn má neyta áfengis við akstur vélknúins ökutækis.

Enginn má aka eða reyna að aka vélknúnu ökutæki, ef hann vegna áfengisneyzlu verður eigi talinn geta stjórnað því örugglega.

Ef vínandamagn í blóði manns er 0.60‰ til 1.30‰, telst hann eigi geta stjórnað tækinu örugglega.

Ef vínandamagn í blóði ökumanns nemur 1.30‰ eða meira, telst hann óhæfur til að stjórna vélknúnu ökutæki.

Enginn má stjórna eða reyna að stjórna hestvagni eða reiðhjóli, ef hann er með svo miklum áfengisáhrifum, að hann geti ekki með fullu öryggi stjórnað hestvagninum eða reiðhjólinu.

Bannað er að fela manni, sem er í því ástandi, sem um getur í 2.—5. mgr., stjórn vélknúins ökutækis, reiðhjóls eða hestvagns.

Ef ástæða er til að ætla, að maður hafi brotið framangreind ákvæði, getur lögreglan fært hann til læknis til rannsóknar, þ. á m. blóð- og þvagrannsóknar, og er honum þá skylt að hlíta þeirri meðferð, sem læknirinn telur nauðsynlega vegna rannsóknarinnar. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um þessi efni.

Það leysir ekki undan sök, þótt maður ætli vínandamagn í blóði sínu vera minna en greinir í 2. og 3. mgr.

Nú hefur ökumaður neytt áfengis við akstur eða fyrir hann, þannig að vínandamagn í blóði hækkar eftir að akstri lauk, og skal þá litið svo á, sem hið aukna vínandamagn hafi verið í blóði hans við aksturinn.

Þegar maður hefur neytt áfengis á opinberum veitingastað og veitingamaður eða þjónar hans vita, eða hafa ástæðu til að ætla, að hann muni verða brotlegur við framangreind ákvæði, ber þeim að gera það, sem unnt er, til að hindra brotið, þar á meðal að gera lögreglunni viðvart.

Bannað er að selja eða afhenda ökumanni vélknúins ökutækis eldsneyti eða annað, sem þarf til aksturs, ef hann er með áhrifum áfengis.

26. gr.

Ökumanni er skylt að sýna prúðmennsku og varkárni gagnvart farþegum og öðrum vegfarendum.

Ökumaður skal hafa góða útsýn úr sæti sínu frameftir vegi og til hliðar. Hann skal ávallt gæta þess, að ökutæki og búnaður þess, einkum stjórntæki, hemlar, ljósker og merkjatæki séu í fullkomnu lagi.

Ökumaður vélknúins ökutækis skal hafa gát á, að notkun þess valdi ekki óþarfa hávaða, reyk, gufu eða óþef.

27. gr.

Enginn má stýra bifreið, nema hann hafi fengið til þess ökuskírteini hjá lögreglustjóra. Bifreiðarstjóri skal ávallt hafa skírteinið meðferðis, er hann ekur bifreið, og sýna það, er löggæzlumaður krefst þess.

Skilyrði til þess að öðlast ökuskírteini eru þau, að umsækjandi sé fullra 17 ára, sé áreiðanlegur, samvizkusamur og reglusamur, hafi góða sjón og heyrn og sé nægjanlega hraustur andlega og líkamlega. Enginn má fá ökuskírteini, ef ástæða er til að ætla, að hann geti misst meðvitund snögglega vegna flogaveiki eða annars sjúkdóms. Umsækjandi skal hafa notið kennslu löggilts ökukennara og staðizt próf í umferðarlöggjöf, akstri bifreiðar og meðferð hennar. Lögreglustjóri getur neitað um ökuskírteini, ef varhugavert þykir vegna fyrri hegðunar umsækjanda að veita honum það. Ef óskað er eftir ökuskírteini hjá lögreglustjóra utan heimilissveitar umsækjanda, skal hann láta beiðninni fylgja samþykki lögreglustjóra í heimilissveit sinni.

Enginn getur fengið leyfi til að aka leigubifreið til mannflutninga né vörubifreið, sem skráð er fyrir 5 smálesta farm eða meira, nema hann sé fullra 20 ára, hafi staðizt viðbótarpróf og fullnægi frekari skilyrðum, sem ákveðin eru í reglugerð. Heimilt er og að setja með reglugerð sérstök skilyrði til að öðlast ökuskírteini til aksturs fólksbifreiða, er flytja mega fleiri en 16 farþega.

Ökuskírteini til aksturs bifreiða, sem notaðar eru til farþegaflutninga í atvinnuskyni, skal eigi veita þeim, sem hafa flekkað mannorð, samkvæmt dómi.

Ökuskírteini gildir í 5 ár frá útgáfudegi. Gefa má þó ökuskírteini út til skemmri tíma, ef sérstakar ástæður þykja til. Ef endurnýjunar á ökuskírteini er óskað, verður hlutaðeigandi að sanna af nýju fyrir lögreglustjóra, að hann fullnægi skilyrðum til þess að fá ökuskírteini. Lögreglustjóri ákveður, hvort hlutaðeigandi skuli þá af nýju ganga undir bifreiðastjórapróf.

Lögreglustjóri getur, hvenær sem er, svipt mann ökuskírteini, ef það vitnast, að hann fullnægi ekki settum skilyrðum. Skírteinishafa er skylt að sæta nauðsynlegum rannsóknum til úrskurðar samkvæmt þessari málsgrein.

Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um bifhjól, eftir því sem við á.

28. gr.

Enginn má stýra dráttarvél, nema hann hafi fengið skírteini til bifreiðaaksturs eða sérstakt skírteini til aksturs dráttarvéla. Slík skírteini má ekki veita yngri mönnum en 16 ára. Eigi þarf ökuskírteini til aksturs dráttarvéla, þegar þær eru notaðar við jarðyrkju- eða heyskaparstörf utan alfaravega.

Enginn má stýra vinnuvél, fyrr en hann er orðinn 17 ára. Sé vinnuvél ekið um vegi, skal ökumaður þó hafa skírteini til bifreiðaaksturs.

Enginn má stýra reiðhjóli með hjálparvél, nema hann sé orðinn 15 ára.

Ákvæði 6. mgr. 27. gr. gilda og um stjórnendur ökutækja þeirra, sem grein þessi fjallar um.

Dómsmálaráðherra setur reglur um skilyrði til að öðlast réttindi til aksturs dráttarvéla og reiðhjóla með hjálparvél og ákveður gjald fyrir.

29. gr.

Dómsmálaráðherra getur leyft, að sérstök ökuskírteini séu veitt mönnum, enda þótt þeir fullnægi ekki almennum kröfum um líkamshreysti, og setur þá hverju sinni nánari reglur um efni skírteinisins. Hann getur og leyft, að fatlaðir menn, sem eru orðnir 16 ára, fái ökuskírteini til aksturs hægfara, vélknúinna ökutækja fyrir sjúklinga.

30. gr.

Lögreglustjórar skulu halda skrá um öll veitt ökuskírteini samkvæmt reglum, sem dómsmálaráðherra setur.

31. gr.

Rétt til að hafa á hendi kennslu í akstri og meðferð bifhjóla og bifreiða hafa þeir einir, sem hlotið hafa til þess löggildingu dómsmálaráðherra, en hann ákveður gjald fyrir hana og framlengingu hennar. Engum má veita slíka löggildingu, nema hann sé 25 ára að aldri, hafi óflekkað mannorð, hafi ekki gerzt sekur um alvarleg eða ítrekuð brot á lögum þessum eða alvarleg brot á áfengislögum, hafi leyfi til að aka leigubifreið til mannflutninga, hafi frá útgáfu þess leyfis stundað akstur að staðaldri þann tíma, sem dómsmálaráðherra ákveður í reglugerð, og hafi staðizt sérstakt próf fyrir ökukennara. Í reglugerð skal nánar kveðið á um prófgreinar og tilhögun prófsins, svo og um, til hve langs tíma löggilding veitir rétt til ökukennslu. Dómsmálaráðherra getur, hvenær sem er, svipt mann ökukennararéttindum, ef ástæða þykir til.

32. gr.

Enginn má æfa sig í bifreiðaakstri, nema við hlið hans sitji löggiltur ökukennari, og telst ökukennarinn þá stjórnandi bifreiðarinnar. Nemandinn telst þó stjórnandi, er prófakstur fer fram. Nú óskar maður, sem áður hefur fengið ökuskírteini, að æfa sig í akstri af nýju í viðurkenndri kennslubifreið hjá löggiltum ökukennara, og telst þá ökukennari stjórnandi bifreiðarinnar. Ákvæði 24. og 25. gr. gilda þó ávallt einnig um nemandann.

Enginn má æfa sig í akstri bifhjóls, nema undir stjórn og umsjón löggilts ökukennara.

Ökukennari ber ábyrgð á, að æfingarakstur fari fram á þeim stöðum og þannig, að eigi stafi hætta af.

Engum má veita tilsögn í akstri, fyrr en 3 mánuðum áður en hann hefur aldur til að fá ökuskírteini, og engum, sem sviptur hefur verið rétti til að fá ökuskírteini, fyrr en 1 mánuði áður en hann öðlast þau réttindi aftur.

33. gr.

Dómsmálaráðherra löggildir prófdómendur og setur reglur um kennslu, próf, prófgjald og gerð ökuskírteina. Í ökuskírteini skal vera mynd af skírteinishafa.

Ákveða má með reglugerð hámarksgjald fyrir ökukennslu.

34. gr.

Þeir, sem dveljast hér á landi um stundarsakir og hafa eigi íslenzkt ökuskírteini, mega stjórna ökutækjum hér sem í heimalandi sínu samkvæmt alþjóðasamningum, sem Ísland er aðili að. Að öðru leyti ákveður lögreglustjóri með hvaða skilyrðum þeir, sem útlend ökuskírteini hafa, megi aka bifreið hér á landi, eftir reglum, sem dómsmálaráðherra setur.

35. gr.

Enginn má fela stjórn ökutækis manni, sem ekki hefur réttindi til aksturs þess konar ökutækis.

Þegar lögreglan krefst þess, er eiganda (umráðamanni) ökutækis skylt að gera grein fyrir, hver hafi stjórnað ökutæki hans á tilteknum tíma.

IV. Umferðarreglur.

A. *Almenn ákvæði.*

36. gr.

Ákvæði þessa kafla um ökutæki, akstur og ökumenn, gilda einnig um hjólreiðar, akstur handvagna og hestvagna og umferð ríðandi manna, eftir því sem við á.

Ákvæði um fótgangandi vegfarendur gilda einnig um þá, sem leiða reiðhjól eða aka barnavagni. Ökutæki fatlaðra manna, önnur en vélknúin, mega fara um gangstéttir þar, sem aðstæður leyfa.

37. gr.

Vegfarendum er skylt að sýna varúð í umferð, gæta þess að trufla ekki né tefja að óþörfu aðra vegfarendur og valda eigi þeim eða öðrum, sem búa eða staddir eru við umferðarleið, hættu eða óþægindum.

Sérstaka varúð skal sýna í nánd við skóla, leikvelli og aðra staði, þar sem vænta má, að börn séu að leik. Sömuleiðis skal skylt að sýna sérstaka varúð gagnvart þeim, sem eru á ferð og bera merki fatlaðs fólks. Dómsmálaráðherra setur reglur um gerð slíkra merkja.

38. gr.

Vegfarendum er skylt að hlýða leiðbeiningum eða fyrirmælum, sem lögregluyfirvöld eða vegamálastjórn gefa með umferðarmerkjum, sem sett eru samkvæmt heimild í lögum þessum.

Stjórnendur lögreglubifreiða, sjúkrabifreiða og slökkvibifreiða eru þó eigi háðir ákvæðum þessum, ef brýna nauðsyn ber til, enda gæti þeir sérstakrar varúðar.

Vegfarendum ber að fara eftir fyrirmælum lögreglunnar og merkjum, sem hún notar við umferðarstjórn, og nema staðar, þegar lögreglan gefur bendingar um það.

Bannað er að nema á brott eða skemma umferðarmerki.

39. gr.

Vegfarendum er skylt að víkja fyrir líkfylgdum, hópgöngum skólabarna og öðrum lögmætum hópgöngum.

40. gr.

Þegar ökumaður lögreglubifreiðar, sjúkrabifreiðar, slökkvibifreiðar eða björgunarbifreiðar gefur hljóð- og ljósmerki, skal öllum vegfarendum skylt að víkja úr vegi í tæka tíð. Stjórnendum annarra ökutækja er skylt að aka til hliðar og nema staðar, ef ástæða er til.

Dómsmálaráðherra ákveður, hvernig merkjum sbr. 1. mgr. skuli háttað. Þau má eingöngu nota, þegar nauðsyn ber til, og er stjórnendum ökutækjanna skylt að taka fullt tillit til annarra vegfarenda.

Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda einnig um vélknúin ökutæki, sem í einstök skipti eru notuð í þjónustu lögreglu, slökkviliðs, eða í lífsnauðsyn, svo sem við flutning sjúkra manna eða slasaðra. Þegar ökutækið er notað þannig, skal það auðkennt greinilega með hvítri veifu. Ökumaður skal tilkynna lögreglunni innan sólarhrings um aksturinn.

Framangreind ökutæki eru, þegar brýna nauðsyn ber til, undanþegin ákvæðum laga þessara um hámarkshraða og um takmarkanir, sem settar kunna að vera um akstur á ákveðnum vegum, enda séu þá notuð merki þau, er um ræðir í 1. og 3. mgr.

41. gr.

Nú verður umferðarslys, sem vegfarandi á hlut að, og skal hann þá þegar nema staðar, hvort sem hann á nokkra sök á eða ekki. Veita skal hann hverja þá hjálp og aðstoð, sem þörf er á.

Hver sá, sem hlut á að umferðarslysi eða hefur verið sjónarvottur að því, skal, ef þess er óskað, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi. Eigi má hann hverfa af vettvangi, fyrr en þær ráðstafanir hafa verið gerðar, sem slysið gefur efni til. Ef meiðsl hefur orðið á mönnum eða dýrum eða skemmdir á ökutækjum, munum eða mannvirkjum, skal hann, svo fljótt sem verða má, sjá um, að lögreglunni verði skýrt frá slysinu.

Nú hefur umferðarmerki eða varúðarmerki laskazt eða færzt til við umferðarslys, og skal þá hver sá, sem hlut á að því slysi, skyldur til að lagfæra merkið tafarlaust, svo sem honum er unnt, og tilkynna síðan lögreglunni hið fyrsta. Sama skylda hvílir á hverjum þeim, sem verður þess var, að umferðar- eða varúðarmerki er verulega laskað, numið brott eða fært úr stað.

42. gr.

Bannað er að stökkva af eða upp í ökutæki, hanga í því, standa á aurhlífum þess eða annars staðar utan á því, þegar það er á ferð. Bannað er að tengja vagn eða sleða aftan í ökutæki, sbr. þó 57. og 58. gr.

Sleða-, skíða- eða rennibrautir má eigi gera á alfaravegi, nema lögreglustjóri leyfi. Eigi má heldur vera að leikjum á vegum, þannig að hætta eða umferðartruflun geti hlotizt af, nema á vegum, sem merktir eru sem leikgötur. Þar mega ekki aðrir fara með ökutæki en íbúar gatnanna eða menn í erindum til þeirra. Á leikgötum skal gæta ýtrustu varúðar og tillitssemi gagnvart börnum.

43. gr.

Eigi má án leyfis lögreglunnar skilja eftir eða geyma á alfaravegum muni eða tæki, sem geta orðið til trafala fyrir umferð, nema sérstakar ástæður geri bráðabirgðageymslu nauðsynlega. Ef eigi er unnt að setja slíka hluti eða tæki út fyrir akbraut, skal þeim komið fyrir svo utarlega á henni, sem unnt er. Ef talið verður, að umferðarhætta geti stafað af slíkum hlutum eða tækjum, skal vörður gæta þeirra eða staðurinn merktur viðvörunarmerkjum. Þetta gildir einnig um vegagerðarefni.

Muni, sem eru á vegi og 1. mgr. fjallar um, skal á ljósatíma merkja greinilega með ljóskerum með ólituðu gleri eða á annan hátt, er sýni, hve langt hluturinn nær inn á veginn.

Eigi má fleygja eða skilja eftir á vegi neitt það, sem getur haft í för með sér hættu eða óþægindi fyrir umferðina, svo sem steina, glerbrot, nagla, ávaxtahýði eða olíu.

B. *Ákvæði um akstur og ökutæki.*

44. gr.

Þar, sem vegi er skipt í sérstakar brautir fyrir ýmsar tegundir umferðar, skal vegfarandi nota þá braut, sem honum er ætluð.

45. gr.

Ökumenn skulu halda ökutækjum sínum vinstra megin á akbraut eftir því, sem við verður komið og þörf er á vegna annarrar umferðar.

Þar, sem útsýn er slæm, svo sem í beygjum, við hæðarbrúnir, eða ef skyggni er lélegt, skal ávallt aka við vinstri brún akbrautar, nema þar sem einstefnuakstur er.

Aka skal vinstra megin við umferðarmerki, sem sett eru á akbraut, nema önnur fyrirmæli séu skráð á merkið.

Skylt er ökumönnum að gæta þess sérstaklega, er þeir beygja á vegi eða aka af stað frá brún akbrautar, að það valdi ekki hættu eða verulegum óþægindum fyrir þá, sem á eftir eða móti koma.

Ökutæki, sem ekið er á eftir öðru ökutæki, skal vera í svo mikilli fjarlægð frá því, að eigi sé hætta á árekstri, þótt ökutækið, sem á undan er, stöðvist eða dregið sé úr hraða þess. Gæta skal þess, þegar stórar bifreiðar, eða bifreiðar með tengivagna, eru á ferð utan þéttbýlis, að hæfileg fjarlægð sé á milli þeirra, þannig að eigi verði erfiðleikum bundið að komast fram fyrir þær. Ef heildarþyngd ökutækis er yfir 10 smálestir, skal fjarlægð milli þess og næsta ökutækis eiga vera minni en 30 m, þegar ekið er yfir brýr.

Víkja má frá framangreindum reglum við vegagerð, ef nauðsyn ber til, en gæta skal þá ávallt ýtrustu varúðar.

46. gr.

Ökumaður skal aðgæta vandlega, áður en hann beygir, að unnt sé að gera það án hættu fyrir þá, sem á eftir koma.

Ökutæki, sem stefna til vinstri á vegamótum, skal í hæfilegri fjarlægð frá þeim ekið út á vinstri brún akbrautar. Ef beygja á til hægri, skal, ef aðstæður leyfa, ekið að miðlínu vegar, eða, ef um einstefnuakstur er að ræða, yfir að hægri brún akbrautar. Nú eru tvær eða fleiri akreinar fyrir sömu akstursstefnu á vegi, og skal þá ökumaður í tæka tíð, áður en komið er að vegamótum, færa ökutækið á þá rein, sem heppilegust er, miðað við fyrirhugaða akstursstefnu.

Þegar komið er á vegamót og beygt til vinstri, ber að aka eins nálægt vinstri brún akbrautar og unnt er. Þegar beygt er til hægri, skal ökutæki, þegar það er komið yfir vegamót, vera vinstra megin á akbraut þeirri, sem ekið er inn á. Þetta gildir þó ekki um akstur inn á einstefnuakbraut. Ekki má taka beygju til hægri, fyrr en nálæg ökutæki, sem á móti koma, hafa farið fram hjá.

Ekki má snúa ökutækjum á vegi eða aka þeim aftur á bak, nema unnt sé að gera það án áhættu eða óþæginda fyrir aðra umferð.

47. gr.

Skatti þeim, sem innheimtur verður samkvæmt lögum þessum, skal skipt þannig: ⅓ hluti renni til Veðdeildar Búnaðarbanka Íslands og ⅔ hlutar til Byggingasjóðs ríkisins.

10. gr.

Skattur samkvæmt lögum þessum skal ákveðinn af skattstjóranum í Reykjavík, sem einnig úrskurðar kærur út af álagningu skattsins. Úrskurði skattstjóra má þó áfrýja til ríkisskattanefndar. Skattgreiðandi og fjármálaráðherra geta — hvor um sig — skotið úrskurði ríkisskattanefndar til dómstólanna, enda sé mál höfðað innan þess tíma, sem ákveðinn verður með reglugerð.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um álagningu skattsins, kærur út af honum, fresti, úrskurði og gjalddaga. Um framtöl og aðra skyldu til skýrslugjafar, innheimtu, lögtaksrétt, vangoldinn skatt, viðurlög og önnur þau atriði, sem ekki er sérstaklega kveðið á um í lögum þessum eða reglugerðum, settum samkvæmt þeim, fer eftir ákvæðum laga nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem við á.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta um skatt á stóreignir er einn þáttur þeirra ráðstafana í efnahagsmálum, sem ákveðnar voru fyrir síðustu áramót, enda þá lýst yfir, að frumvarp um þetta efni mundi verða lagt fram innan skamms.

Á undanförnum árum hefur verðlag hér á landi yfirleitt hækkað mikið vegna vaxandi verðbólgu. Af þessu hefur aftur leitt bæði vaxandi ósamræmi í eignaskiptingunni milli þegna þjóðfélagsins og lítt viðráðanlega erfiðleika við rekstur atvinnuvega landsmanna.

Með lögum nr. 86 frá 22. des. 1956, um útflutningssjóð o. fl., voru gerðar verulegar breytingar á fjármálakerfi landsins, í því skyni að stöðva verðbólguna og koma efnahagsmálunum á traustari grundvöll, með því að afla fjármagns til þess að jafna halla, sem orðinn var á útflutningsframleiðslunni. Til þess að ná þessu marki er óhjákvæmilegt að leggja verulegar fjárhagsbyrðar á þjóðfélagsþegnana, og þykir rétt, að þyngstu byrðarnar komi á þá, sem mest hafa hagnazt af verðbólgu undanfarinna ára, þá, sem mestar eignir eiga. Nauðsyn ber til að vinna gegn nýrri verðbólgumyndun, og einn þátturinn í því er álagning þess skatts á stóreignir, sem frumvarp þetta fjallar um. Þar sem skattur þessi er lagður á með sérstöku tilliti til verðbólgunnar, eru sparifjáreignir manna, svo og eignir í ríkisskuldabréfum og skuldabréfum með ríkisábyrgð, undanþegnar skattinum eftir sömu reglum og gilda um skattfrelsi sparifjár samkvæmt ákvæðum III. kafla laga nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

Um 1. gr.

Sérstakur eignarskattur verði lagður á alla einstaklinga, sem skattskyldir eru samkvæmt 1. og 2. kafla laga nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt, og miðast skatturinn við eignir þeirra í árslok 1956.

Um 2. gr.

Í greininni eru fyrirmæli um mat á eignum til þessa sérstaka skatts.

Fasteignir skal telja með því nýja fasteignamatsverði, sem ákveðið verður samkvæmt lögum nr. 33/1955, að viðbættri 200% hækkun.

Samkvæmt lögum nr. 33/1955 um samræmingu á mati fasteigna hefur sérstök landsnefnd unnið að endurskoðun fasteignamatsins frá 1942 og aukafasteignamats, sem síðan hefur farið fram. Nýjar framkvæmdir hafa verið metnar eftir sömu grundvallarreglum og matið frá 1942 var byggt á. Samkvæmt 6. gr. nefndra laga hefur nefndin síðan skipt fasteignunum niður í flokka og ákveðið hækkun eða lækkun matsins í hverjum flokki. Í þeim flokki fasteigna, sem hækkar mest, er álagið á gamla matið 400%, en það hámark var ákveðið í lögunum. Skal hér sýnt með dæmum, hvernig mat fasteignanna verður samkvæmt þessu frumvarpi, í samanburði við matsverð þeirra 1942. Er útreikningurinn miðaður við eignir, sem þá voru metnar á 10 þúsund krónur.

1. dæmi:

I. flokkur.

Fasteignamat 1942	10 000
Hækkun landsnefndarinnar, samkv. lögum nr. 33/1955, 400%	40 000
Nýtt fasteignamat	50 000
Álag samkv. frumv. 200%	100 000
Kr.	150 000

Hér er því matsverðið 15 sinnum hærra en fasteignamatið 1942.

2. dæmi:

V. flokkur.

Fasteignamat 1942	10 000
Hækkun landsnefndar 200%	20 000
Nýtt fasteignamat	30 000
Álag samkv. frumv. 200%	60 000
Kr.	90 000

Hér er gamla matið 9-faldað.

3. dæmi:

VIII. flokkur.

Fasteignamat 1942	10 000
Hækkun landsnefndar 100%	10 000
Nýtt fasteignamat	20 000
Álag samkv. frumv. 200%	40 000
Kr.	60 000

Þetta dæmi sýnir 6-földun á gamla matinu.

Þess má geta, að fasteignamatið, sem gekk í gildi 1942, var miðað við verðlag áranna 1939 og 1940.

Vegna þess, hvað langt er liðið síðan sá grundvöllur var lagður, sem fasteignamatið byggist á, má gera ráð fyrir, að nú sé orðið ósamræmi í mati á lóðum á þéttbýlustu stöðunum og mati annarra fasteigna. Þykir því rétt að láta endurskoða sér-

staklega mat á einstökum lóðum og leiðrétta það, ef fram kemur við athugun, að það sé nú orðið í ósamræmi við mat á öðrum fasteignum. Er þetta verkefni falið landsnefndinni, sem áður er nefnd, en lagt til, að yfirnefnd, kjörin og skipuð eins og segir í frumvarpsgreininni, fjalli um kærur út af matinu og úrskurði þær.

Sérákvæði er um mat á frystihúsum, sláturhúsum og öðrum húseignum, sem notaðar eru fyrir vinnslustöðvar sjávarafurða og landbúnaðarafurða. Frá matsverði þeirra, þ. e. nýja fasteignamatinu, skal draga 20%, en við matsverðið, þannig lækkað, bætist svo 200% álag, eins og við matsverð annarra fasteigna. Af þessum eignum hefur verið heimilt að reikna fyrningu samkvæmt lögum nr. 59/1946, um sérstakar fyrningarafskriftir.

Sérstök ákvæði eru um mat á skipum og flugvélum. Er þar lagt til grundvallar vátryggingarverð, en ákveðinn hundraðshluti dreginn frá vátryggingarverðinu. Er sá frádráttur 20% af vátryggingarverði flugvéla og skipa, annarra en fiskiskipa. Frá vátryggingarverði fiskiskipanna er frádrátturinn nokkru meiri, eða 33⅓%. Er sá munur gerður vegna þess, að síðustu árin hafa fiskiskip yfirleitt ekki verið eins arðvænleg eign og kaupskip, og má því ætla, ef sölur hefðu átt sér stað, að söluverð fiskiskipanna hefði verið nokkru lægra en hinna, miðað við vátryggingarverðið.

Um matsverð á öðrum vélum, tækjum alls konar og öðru lausafé, sem talið er í c-lið 19. gr. laga nr. 46/1954, verði settar sérstakar reglur. Í þeirri reglugerð sé heimilt að ákveða álag á bókfært verð þessara eigna, enda verði álagið þannig takmarkað, að matsverðið fari ekki fram úr því verði, sem ætla má að eignirnar séu seljanlegar fyrir, og sé þar höfð hliðsjón af ákvæðum laganna um tekjuskatt og eignarskatt viðkomandi mati á slíkum eignum til eignarskatts.

Eins og segir í upphafi greinarinnar, skal mat á verðmæti annarra eigna en þeirra, sem hér hafa verið nefndar, fara eftir ákvæðum laganna um tekjuskatt og eignarskatt.

Rétt þykir, að ógreiddur söluskattur vegna viðskipta 1956 teljist með skuldum í árslokin, til frádráttar eignum, þó að hann sé ekki á lagður og innheimtur fyrr en á árinu 1957. Einnig teljist með skuldum ógreidd slysatrygginga- og atvinnurekendaiðgjöld vegna ársins 1956, samkvæmt lögum um almannatryggingar, og ógreidd gjöld vegna sama árs samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar. Við erlendar skuldir, sem stóðu í árslok 1956, bætist yfirfærslugjald samkvæmt lögum nr. 86/1956.

Loks er í grein þessari ákvæði um, að eignir, sem afhentar hafa verið á árinu 1956 til fyrirframgreiðslu upp í arf, skuli teljast með eignum þess, er afhenti þær, en dragast frá eign erfingjans. Hliðstætt ákvæði er í lögum nr. 128/1947, um dýrtíðarráðstafanir. Einn kafli þeirra laga var um eignaraukaskatt, sem leggja skyldi á eignarauka, sem orðið hafði á tímabilinu 1. jan. 1940 til 31. des. 1947. Þar var ákveðið í 9. gr. laganna, að fyrirframgreiðsla upp í arf á árunum 1946 og 1947 skyldi í árslok 1947 leggjast við eign þess, er greiðsluna innti af hendi, en dragast frá eign viðtakanda. Með þessu ákvæði var komið í veg fyrir, að fyrirframgreiðsla upp í arf á síðustu tveim árum áður en skattskyldur eignarauki var reiknaður út yrði til þess að lækka eignarauka þess aðila, er greiðsluna lét af hendi. Rétt þótti að setja hliðstætt ákvæði í þetta frumvarp. Hins vegar þótti eigi ástæða til að láta það gilda fyrir lengra tímabil en eitt ár, og er það styttri tími en ákveðinn var í lögunum frá 1947.

Um 3. gr.

Innstæðufé í bönkum, sparisjóðum og innlánsdeildum, sem er undanþegið eignarskatti samkv. III. kafla laga nr. 46/1954, á einnig að vera undanþegið skatti samkv. þessu frumvarpi, eftir þeim reglum, sem ákveðnar eru í áðurnefndum III. kafla tekju- og eignarskattslaganna. En hér á undanþágan einnig að ná til eigna í ríkisskuldabréfum og skuldabréfum með ríkisábyrgð, eftir sömu reglum og gilda um skattfrelsi innstæðufjárins.

Um 4. gr.

Eins og segir í 1. grein frv., leggst skatturinn á einstaklinga, sem skattskyldir eru samkvæmt lögunum um tekjuskatt og eignarskatt. En félög eru ekki skattgreiðendur með sama hætti, þ. e. a. s. skattur reiknast ekki af eignum þeirra í heild. Í þessari grein er hins vegar ákvæði um, að hreinum eignum félaga, reiknuðum samkvæmt ákvæðum frv., skuli skipt niður á eigendur félaganna í réttu hlutfalli við hlutafjár- og stofnfjáreign þeirra hvers um sig, og teljast þær eignir með öðrum eignum einstaklinga við skattálagninguna. Þetta gildir einnig um eignir félaga, sem hlotið hafa undanþágu frá greiðslu tekju- og eignarskatts samkv. sérstökum lögum.

Það ákvæði, sem hér hefur verið nefnt, er samhljóða fyrirmælum, sem voru í 12. gr. laga nr. 22/1950 um álagningu stóreignaskatts. Í þeirri lagagrein var enn fremur það, er hér greinir:

„Með eignum félaga, sem skiptast samkvæmt framansögðu, teljast ekki þær eignir, sem samkvæmt landslögum er óheimilt að skipta milli félagsmanna við félagsslit, en eiga þá að afhendast því opinbera til varðveizlu, sbr. lög nr. 46/1937."

Hér er vitnað til laganna um samvinnufélög. Ákvæði þetta var framkvæmt þannig, að frá eignum samvinnufélaga voru dregnar innstæður í óskiptilegum sameignarsjóðum, áður en eignunum var skipt niður á félagsmenn.

Samkvæmt 2. málsgr. frumvarpsgreinarinnar á framkvæmdin nú að verða með sama hætti og 1950, þ. e. að með eignum félaga, sem koma til skiptingar, telst ekki innstæðufé í sameignarsjóðum, sem samkvæmt landslögum er óheimilt að skipta milli félagsmanna við félagsslit, en á þá að afhendast því opinbera til varðveizlu, sbr. lög nr. 46/1937.

Með hliðsjón af ákvæðunum um skiptingu á eignum félaga þykir sanngjarnt, að eignum dánarbúa verði skipt niður á erfingja við útreikning á skattskyldri eign, og er svo ákveðið í síðustu málsgr. greinarinnar. Þó sé dánarbú skattlagt sem einstaklingur, ef ekki fæst fullnægjandi greinargerð um, hvernig eignir þess eiga að skiptast, áður en skatturinn er á lagður.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Hér eru fyrirmæli um greiðslu á skattinum og um veð til tryggingar greiðslu. Sé skattur hærri en kr. 10 000.00, er gjaldanda heimilt að borga 90% af því, sem þar er fram yfir, með skuldabréfum, og greiðist andvirði þeirra með jöfnum árlegum afborgunum á eigi lengri tíma en 10 árum og ársvextir séu 6%.

Samkvæmt síðari málsgreininni á ríkissjóður að fá veð í eign gjaldanda til tryggingar greiðslu á skuldabréfi, er hann gefur út vegna skattheimtunnar, og er eign veðhæf fyrir fjárhæð, er samsvarar matsverði hennar til þessa skatts. Hlutabréf eru ekki veðhæf. Gert er ráð fyrir því, að afborgunartími skuldabréfanna verði ákveðinn misjafnlega langur eftir því, hvernig veðið er, eins og gert var við innheimtu stóreignaskattsins 1950. Ákvæðið um tilnefningu nefndar, er hafi rétt til að ákveða, að niður falli kvöð á gjaldanda um veðsetningu, ef talið verður, að veðsetningin hindri eðlilegan atvinnurekstur hans, er samhljóða ákvæðum, er voru í lögum nr. 22/1950 viðkomandi stóreignaskattinum.

Um 7. gr.

Ákveðið er, að félög skuli annast greiðslu á þeim hluta skatts, sem lagður er á félagsmenn þeirra eða hluthafa vegna eigna í félögunum, og sé sá hluti skattsins innheimtur hjá félögunum. Í lögunum frá 1950 var félögum einnig gert að greiða þann hluta stóreignaskattsins, sem lagður var á félagsmenn þeirra eða hluthafa vegna eigna í félögunum. Til viðbótar þessu er hér ákveðið, að félög hafi rétt til þess að *endurkrefja félagsmenn eða hluthafa um þær skattupphæðir, er þau þurfa* að borga vegna eigna þeirra í félögunum, en um það atriði voru engin ákvæði í lög-

unum um stóreignaskatt, nr. 22/1950. Þykir rétt að veita félögunum nú þessa heimild. Sú takmörkun er þó hér sett, að samvinnufélögum er aðeins heimilt að endurkrefja félagsmenn um þann hluta skatts, sem reiknaður hefur verið af stofnsjóðseignum þeirra í félögunum. Er þetta byggt á því, að við brottför úr samvinnufélagi eða við félagsslit geta einstakir félagsmenn aðeins fengið útborgaðar stofnsjóðsinnstæður sínar, en ekki hluta af sameiginlegum eignum félagsins.

Ákvæði 2. málsgr. um útreikning á þeim hluta skatts, er félagi ber að annast greiðslu á, og um skiptingu skattgreiðslu á félög, eru efnislega samhljóða ákvæðum um sama efni í lögum nr. 22/1950.

Í 3. málsgr. segir, að dánarbú skuli annast greiðslu á þeim hluta skatts, sem lagður er á eign arftaka í búinu, og dregst sá skattur, sem dánarbú borgar vegna arftaka, frá arfahluta hans. Að sjálfsögðu skal þó, sbr. 1. málsgr., innheimta hjá félagi þann hluta skatts, sem lagður er á eign arftaka í félaginu.

Um 8. gr.

Greinina þarf ekki að skýra.

Um 9. gr.

Samkvæmt ákvæðum greinarinnar rennur ⅓ hluti skattsins til Veðdeildar Búnaðarbanka Íslands og ⅔ hlutar til Byggingasjóðs ríkisins.

Um 10. og 11. gr.

Skýringar óþarfar.

Ed. 436. Frumvarp til laga [160. mál]

um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1957.)

I. KAFLI

Um húsnæðismálastofnun ríkisins.

1. gr.

Setja skal á stofn húsnæðismálastofnun ríkisins. Hún heyrir undir félagsmálaráðuneytið.

Verkefni húsnæðismálastofnunar ríkisins er að beita sér fyrir umbótum í byggingarmálum, hafa á hendi stjórn byggingarsjóðs ríkisins og yfirumsjón lánsfjáröflunar og lánveitinga til íbúðabygginga í landinu.

Húsnæðismálastjórn veitir húsnæðismálastofnuninni forstöðu. Í húsnæðismálastjórn eiga sæti 5 menn, fjórir kosnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi til 3 ára í senn og einn skipaður af félagsmálaráðherra samkvæmt tilnefningu Landsbanka Íslands. Skal hann eigi hafa atkvæðisrétt um lánveitingar. Varamenn skulu vera jafnmargir og valdir á sama hátt. Félagsmálaráðherra skipar formann húsnæðismálastjórnar, en að öðru leyti skiptir hún með sér verkum.

Félagsmálaráðherra ákveður þóknun húsnæðismálastjórnar, en kostnaður af störfum hennar greiðist úr ríkissjóði.

Húsnæðismálastjórn ræður sér framkvæmdarstjóra með samþykki félagsmálaráðherra. Hann skal hafa sérþekkingu á byggingarmálum. Laun framkvæmdarstjóra og annarra starfsmanna ákveður húsnæðismálastjórn.

2. gr.

Húsnæðismálastofnun ríkisins skal vinna að umbótum í byggingarmálum og lækkun á byggingarkostnaði með því meðal annars:

1. Að gera grein fyrir raunverulegri þörf landsmanna fyrir íbúðabyggingar á hverjum tíma, og gera tillögur og áætlanir um, hvernig þeirri þörf verði fullnægt á sem hagkvæmastan hátt og með minnstum tilkostnaði. Félagsmálaráðherra er heimilt í þessu skyni að fela húsnæðismálastjórn, í samvinnu við sveitarstjórnir, fasteignamat ríkisins og Hagstofuna, að koma upp spjaldskrá yfir allt íbúðarhúsnæði í landinu.
2. Að fylgjast jafnan nákvæmlega með byggingarkostnaði í landinu í því skyni að finna, hverjir byggja ódýrust hús, hvaða gerðir íbúðarhúsnæðis reynast beztar og hagkvæmastar, og með hvaða hætti þeim verði komið upp með minnstum kostnaði. Í þessu skyni er húsnæðismálastjórn heimilt að láta fara fram samkeppni um uppdrætti og byggingu hagkvæmra íbúða og veita lán þeim, sem geta tekið að sér að byggja hagkvæmar íbúðir af ákveðinni meðalstærð með minnstum kostnaði.
3. Að setja þau skilyrði fyrir lánum, sem telja má að stuðli að því að byggðar verði fyrst og fremst hagkvæmar íbúðir af hóflegri stærð.
4. Að koma á fót og annast leiðbeiningarstarf í því skyni að lækka byggingarkostnað og koma á hvers konar umbótum í húsagerð og vinnutækni við byggingu íbúðarhúsa.
5. Að leggja áherzlu á stöðlun (standardiseringu) sem flestra hluta til íbúðarhúsabygginga, fjöldaframleiðslu slíkra hluta og leiðbeiningar til húsbyggjenda um notkun þeirra.
6. Að gangast fyrir tæknirannsóknum og kynningu nýjunga í byggingariðnaði, tilraunum, sýningum, námskeiðum, útgáfu rita, heimsóknum erlendra sérfræðinga, náms- og kynnisferðum íslenzkra byggingarmanna erlendis. Enn fremur með byggingu tilraunahúss, þar sem reyndar verði nýjungar í húsagerð.
7. Að beita sér fyrir útvegun hagkvæmra íbúðateikninga.
8. Að beita sér fyrir endurskoðun byggingarsamþykkta, eftir því sem þörf krefur.
9. Að beita sér fyrir lækkun á verði byggingarefnis með því meðal annars að stuðla að hagkvæmum innkaupum.
10. Að beita sér fyrir því, að úthlutun lóða tefji ekki byggingar.
11. Að semja og gefa út reglur um lágmarkskröfur um byggingar, sem lán eru veitt til, svo sem um lágmarkseinangrun, lágmarkslofthæð o. s. frv., sem og leiðbeiningar um undirbúning teikninga og áætlana.
12. Að beita sér fyrir því, að vinna við íbúðabyggingar sé sem samfelldust árið um kring og sem jöfnust frá ári til árs.

Húsnæðismálastjórn er heimilt að láta undirbúa byggingu íbúðarhúsahverfa í kaupstöðum með því að láta gera skipulagsuppdrætti af þeim í samráði við skipulag bæja. Þegar slíkir skipulagsuppdrættir hafa verið samþykktir af skipulagi bæja og félagsmálaráðherra, er viðkomandi bæjarfélagi skylt að heimila byggingarnar og láta af hendi eða útvega landsvæði fyrir þær, ef með þarf með eignarnámi, og fer um eignarnám samkvæmt lögum nr. 61 frá 1917. Sömuleiðis er viðkomandi bæjarfélagi skylt að leggja nauðsynlega vegi og leiðslur um slík hverfi innan hæfilegs tíma að mati húsnæðismálastjórnar og félagsmálaráðherra.

Við lausn þessara mála er húsnæðismálastofnun ríkisins heimilt að leita samvinnu við hvern þann aðila, sem hefur sérþekkingu á þessum málum, og er slíkum aðilum skylt að veita stofnuninni hverjar þær upplýsingar, sem hún óskar.

Húsnæðismálastjórn til aðstoðar og ráðuneytis um tæknileg mál skal starfa nefnd 9 manna, er skipuð sé einum manni frá hverjum eftirtalinna aðila: Verkfræðingafélagi Íslands, Húsameistarafélagi Íslands, Sveinasambandi byggingamanna, Landssambandi iðnaðarmanna, enn fremur forstöðumaður byggingarefnarannsókna At-

vinnudeildar háskólans, skipulagsstjóri, húsameistari ríkisins og 2 skipaðir af ráðherra til viðbótar.

Félagsmálaráðherra ákveður þóknun nefndarmanna.

Húsnæðismálastofnun ríkisins skal ár hvert gefa út opinbera skýrslu um íbúðabyggingar í landinu, er m. a. sýni, hver árangur hafi náðst með ráðstöfunum hennar til að lækka byggingarkostnað og greiða fyrir byggingu hagkvæmra íbúða.

II. KAFLI

Um byggingarsjóð ríkisins og veðlán til íbúðabygginga.

3. gr.

Stofna skal byggingarsjóð ríkisins, er lýtur stjórn húsnæðismálastjórnar.

Hlutverk sjóðsins skal vera að annast lánveitingar til íbúðabygginga og standa straum af framkvæmdum, er húsnæðismálastjórn kann að ráðast í til lausnar á húsnæðisvandamálum almennings.

Stofnfé sjóðsins skal vera:

1. Varasjóður hins almenna veðlánakerfis.
2. Lán ríkisins til Lánadeildar smáíbúða.
3. A-flokka bréf ríkisins, er keypt voru fyrir tekjuafgang ríkissjóðs 1955.
4. ⅔ af væntanlegum stóreignaskatti.

Árlegar tekjur sjóðsins skulu vera:

a. 1% álag, er innheimta skal aukalega, á tekju- og eignarskatt og stríðsgróðaskatt og aðflutningsgjöld samkvæmt tollskrá með gildandi viðaukum.
b. Afborganir og vextir lána, sem veitt hafa verið eða veitt verða af framlögum ríkisins til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis.
c. Lántökugjald af lánum, sem húsnæðismálastjórn veitir, svo og vaxtatekjur sömu lána.
d. Höfuðstóll og vaxtafé, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, sé þess eigi vitjað innan 20 ára frá gjalddaga, sbr. 18. gr. laga nr. 55/1945.

Byggingarsjóður þessi skal vera í vörzlu veðdeildar Landsbanka Íslands, en lán úr sjóðnum, hvort sem um er að ræða A- eða B-lán, skulu veitt á sama hátt og önnur lán samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

Veðlánakerfi til íbúðabygginga skal starfrækt undir stjórn húsnæðismálastjórnar og veðdeildar Landsbanka Íslands, og skulu lánveitingar innan þess vera í samræmi við hinar almennu útlánareglur húsnæðismálastjórnar.

Í þessu skyni skal veðdeild Landsbankans vera heimilt að gefa út bankavaxtabréf, sem nemur allt að 100 millj. króna næstu 10 ár. Vaxtabréf þessi skulu vera þannig, að annar hlutinn, A-flokkur, verði með föstum vöxtum og afborgunum, en hinn hlutinn, B-flokkur, allt að 50 millj. króna á ári, verði með vísitölukjörum, þannig að greiðslur afborgana og vaxta séu bundnar vísitölu framfærslukostnaðar.

Eigi skal öðrum en veðdeild Landsbanka Íslands heimilt að gefa út vísitölubundin verðbréf, nema sérstök lagaheimild komi til.

Ákvæði III. kafla laga nr. 46/1954 og 1. gr. laga nr. 48 1954 gilda um bankavaxtabréf þessi og vexti af þeim. Byggingarsjóður ríkisins og veðdeild Landsbankans, eftir tillögu húsnæðismálastjórnar, hafa heimild til að taka erlend lán til íbúðabygginga, enda komi leyfi ríkisstjórnarinnar til.

Ábyrgð ríkissjóðs er á bankavaxtabréfum samkvæmt þessari grein. Um verðbréfaútgáfu þessa gilda ákvæði laga nr. 55/1945, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, að svo miklu leyti sem ekki er öðruvísi fyrir mælt í lögum þessum. Í reglugerð má þó ákveða annan frest um innlausn bankavaxtabréfa en ákveðinn er í 16. gr. laga nr. 55/1945.

5. gr.

Til útlána eða framkvæmda á vegum húsnæðismálastjórnar kemur:

A. Fé byggingarsjóðs ríkisins samkvæmt 3. gr. og sparnaðarfé samkvæmt 9. og 10. gr.
B. Fé það, sem aflast með sölu bankavaxtabréfa samkvæmt 4. gr.
C. Lán, sem bankar, sparisjóðir, byggingarfélög, opinberir byggingarsjóðir og lífeyrissjóðir veita beint til lántakenda samkvæmt útlánareglum húsnæðismálastjórnar.
D. Erlend lán, sem byggingarsjóður ríkisins eða veðdeild Landsbanka Íslands kunna að taka til íbúðabygginga.

6. gr.

Útlánareglur húsnæðismálastjórnar skulu vera þessar:

A. Lánin veitast aðeins til byggingar nýrra íbúða, meiri háttar viðbygginga eða kaupa á nýjum íbúðum. Þau skulu greidd lántakendum í peningum. Lánin koma til útborgunar í hlutfalli við það, hversu langt er komið byggingu húsnæðisins, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð. Ef byggingarfélag er lántakandi, skal láninu skipt á hlutaðeigandi íbúðir að byggingu lokinni eftir ákvörðun húsnæðismálastjórnar. Sé um að ræða byggingarfélag, sem nýtur ríkisábyrgðar, getur húsnæðismálastjórn veitt því bráðabirgðalán gegn ríkisábyrgð af fé byggingarsjóðs, enda verði láninu skipt að byggingu lokinni á eigendur hlutaðeigandi íbúða gegn 1. veðrétti og fellur ríkisábyrgð þá niður.
B. Lánaupphæðin má nema allt að ⅔ hlutum verðmætis íbúðar samkvæmt mati trúnaðarmanna veðdeildar Landsbankans, þó ekki meira en 100 þúsund krónur út á hverja íbúð. Ef fleiri íbúðir eru í sama húsi, má lána út á hverja íbúð fyrir sig. Þó skal engum einstaklingi veitt lán nema út á eina íbúð.
C. Lán til hverrar íbúðar skal vera í tvennu lagi, A- og B-lán. Skulu þeir, sem fengið hafa A-lán hjá bönkum, sparisjóðum eða öðrum, sem taldir eru í C-lið 5. gr. þessara laga, eiga rétt á B-láni, sem má vera allt að því jafnhátt, enda séu A-lánin að öllu leyti veitt í samræmi við reglur húsnæðismálastjórnar, og það staðfest af henni.
D. A-lánin skulu tryggð með 1. veðrétti, en B-lánin með 1. samhliða veðrétti í hlutaðeigandi íbúð.
E. A-lánin skulu vera jafngreiðslulán með 7% ársvöxtum til allt að 25 ára, B-lánin skulu vera með 5½% ársvöxtum og jöfnum afborgunum til allt að 15 ára, en að öðru leyti með hliðstæðum kjörum og vísitölubundnu veðbréfin. Enn fremur skulu lántakendur greiða ¼% ársvexti af þeim A-lánum, sem veitt eru af andvirði seldra bankavaxtabréfa, og B-lánum, eins og þessi bréf eru á hverjum tíma, til greiðslu kostnaðar við starfrækslu veðdeildarinnar í þágu byggingarsjóðs ríkisins.
F. Heimilt er húsnæðismálastjórn að breyta vaxtakjörum og lánstíma á nýjum lánum, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar.
G. Félagsmálaráðherra skal, að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar, setja með reglugerð nánari ákvæði um úthlutun lána, er húsnæðismálastjórn hefur með höndum. Um lánveitingar til einstaklinga skal þar m. a. setja ákvæði, sem tryggi, að farið sé eftir ástæðum umsækjenda, húsnæði, fjölskyldustærð, efnahag o. fl. Enn fremur um hámarksstærð íbúða, sem veita má lán til. Forgangsréttar að lánum samkvæmt þessum kafla laganna skulu þeir njóta, er eigi hafa fengið önnur föst veðlán út á byggingar sínar.

Á meðan ekki er unnt að fullnægja lánsfjárþörf til íbúðarhúsabygginga skulu þeir umsækjendur að öðru jöfnu sitja fyrir, er byggja minni íbúðir, enda fullnægi íbúðarstærðin þörfum viðkomandi fjölskyldu að dómi húsnæðismálastjórnar. Þá er og húsnæðismálastjórn heimilt að veita á hverjum tíma hlutfallslega hærri lán til þeirra íbúða, er hún telur af hóflegri stærð, miðað við fjölskyldustærð umsækjanda.

Einnig skal ákveðið í reglugerð, hver skilríki umsækjandi skuli láta fylgja umsókn sinni og um önnur almenn skilyrði fyrir lánveitingu.

Heimilt er að setja það skilyrði fyrir láni, að bygging skuli hafin á tilsettum tíma árs, að bygging sé ekki hafin áður en lán er veitt, nema leyfi húsnæðismálastjórnar komi til, og að bygging sé undirbúin með þeim hætti, sem húsnæðismálastjórn telur nauðsynlegan.

7. gr.

Heimilt er með samþykki ríkisstjórnarinnar að lána byggingarsjóði Búnaðarbankans og byggingarsjóði verkamanna af fé því, sem húsnæðismálastjórn hefur til útlána samkv. 6. gr. Slík lán skulu veitt sem A-lán og B-lán.

8. gr.

Húsnæðismálastjórn ákveður, hverjum skuli veitt lán samkvæmt lögum þessum af fé byggingarsjóðs samkvæmt 3. gr. og fé því, sem aflað er með sölu bankavaxtabréfa samkv. 6. gr., en veðdeild Landsbankans skal sjá um afgreiðslu lánanna og innheimtu afborgana og vaxta.

III. KAFLI

Um sparnað til íbúðabygginga.

9. gr.

Sérstök innlánsdeild skal starfa á vegum byggingarsjóðs ríkisins.

Þeir, sem leggja fé inn í deildina, skulu að minnst 5 árum liðnum frá því innlög hófust eiga kröfu á að fá það útborgað, að viðbættum venjulegum innlánsvöxtum, enda nemi hin innlagða upphæð minnst 5 þús. krónum á ári. Skylt er að láta þá, er taka þátt í innlögum þessum, sitja fyrir um lán til íbúðabygginga frá húsnæðismálastjórn, að öðru jöfnu, og mega þau lán vera allt að 25% hærri en almennt gerist þá, þó aldrei yfir ⅔ hluta af matsverði viðkomandi íbúðar. Nánari ákvæði um réttindi og skyldur samkvæmt þessari grein skulu sett í reglugerð.

Tilsvarandi ákvæði gilda um þá menn utan kaupstaða og kauptúna, sem leggja á þennan hátt fé í veðdeild Búnaðarbankans.

10. gr.

Öllum einstaklingum á aldrinum 16—25 ára skal skylt að leggja til hliðar 6% af launum sínum, sem greidd eru í peningum eða sambærilegum atvinnutekjum, í því skyni að mynda sér sjóð til íbúðarbygginga eða til bústofnunar í sveit. Fé það, sem á þennan hátt safnast, skal ávaxtað í innlánsdeild byggingarsjóðs ríkisins fyrir alla þá, sem búsettir eru í kaupstöðum og kauptúnum, en í veðdeild Búnaðarbanka Íslands fyrir þá, sem búsettir eru í sveitum.

Fé það, sem skylt er að spara á þennan hátt, er undanþegið tekjuskatti og útsvari.

Þegar sá, er safnað hefur fé í sjóð samkv. 1. mgr., hefur náð 25 ára aldri, eða gengur í hjónaband og stofnar heimili, skal hann eiga þess kost að fá sparifé sitt endurgreitt að viðbættum þeim vöxtum og uppbót vegna vísitöluhækkunar, sem greidd er af vísitölubundnum verðbréfum á innlánstímanum. Enn fremur skulu þeir, að öðru jöfnu, sitja fyrir um lán til íbúðabygginga frá húsnæðismálastjórn, og mega þau lán vera allt að 25% hærri en almennt gerist þá, þó eigi yfir ⅔ hluta af matsverði viðkomandi íbúðar. Þessi forgangsréttur til lána er þó bundinn því skilyrði, að sparifjársöfnun þeirra, sem að byggingu hlutaðeigandi íbúðar standa, nemi samanlagt að minnsta kosti kr. 25 000.00.

Sérhverjum skal heimilt að leggja til hliðar í þessu skyni hærri hluta launa sinna en 6%, byrja sparnaðinn fyrr en tilskilið er og halda honum áfram lengur. Þeir, sem lagt hafa fé í veðdeild Búnaðarbankans og vilja stofna bú í sveit, skulu njóta hliðstæðrar fyrirgreiðslu um lán til bústofnunar úr deildum Búnaðarbankans. Heimilt er Búnaðarbanka Íslands og húsnæðismálastjórn að semja um, að réttindi þessi verði gagnkvæm.

11. gr.

Undanþegnir sparnaðarskyldu eru:

a. gift fólk, sem hefur stofnað heimili,
b. skólafólk, sem stundar nám í skóla 6 mánuði eða meira á ári, og iðnnemar meðan þeir stunda iðnnám,
c. þeir, sem hafa börn eða aðra skylduómaga á framfæri sínu, þó ekki þeir, er hafa yfir 30 þús. kr. skattskyldar tekjur, enda hafi þeir ekki fyrir heimili að sjá.

Heimilt er sveitarstjórnum að veita tímabundna undanþágu frá sparnaðarskyldu þeim, sem verða fyrir veikindum, slysum eða eiga af öðrum ástæðum erfitt með framfærslu. Ákvörðun sveitarstjórnar má áfrýja til félagsmálaráðherra.

12. gr.

Vegna framkvæmda á ákvæðum þessa kafla skulu gefin út sparimerki, og skulu allir atvinnurekendur og aðrir kaupgreiðendur skyldir til að greiða tilskilinn hluta launa með slíkum merkjum, hverju sinni, er kaup kemur til útborgunar. Um framkvæmdina fer að öðru leyti eftir lögum nr. 16/1943, um orlof, eftir því sem við getur átt og eftir því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

IV. KAFLI

Um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis.

13. gr.

Húsnæðismálastjórn skal af hálfu ríkisvaldsins vera aðili að ráðstöfunum til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum, þar með taldir herskálar, og hafa um það samvinnu við bæjar- og hreppsfélög, er beita sér fyrir slíkum framkvæmdum.

14. gr.

Bæjar- og hreppsfélög, sem hafa ákveðið að gera ráðstafanir til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum, skulu senda húsnæðismálastjórn áætlanir sínar og rökstuddar greinargerðir fyrir þeim.

15. gr.

Íbúðir, sem byggðar eru í því skyni að útrýma heilsuspillandi íbúðum, skulu geta notið lána samkv. lögum þessum.

16. gr.

Nú leggur sveitarfélag fram fé til íbúðabygginga í því skyni að útrýma heilsuspillandi húsnæði, annaðhvort sem óafturkræft framlag eða lán, og skal þá ríkissjóður lána jafnháa upphæð á móti, allt að 4 millj. króna ár hvert næstu 10 ár. Lánveiting ríkissjóðs er þó ávallt bundin því skilyrði, að hið ónothæfa húsnæði hafi verið tekið úr notkun um leið og hið nýbyggða húsnæði er fullgert. Húsnæðismálastjórn ráðstafar lánum ríkissjóðs í þessu skyni.

Komi til ágreinings í sveitar- og bæjarstjórn um ráðstöfun íbúða, sem reistar eru á þessum grundvelli, sker húsnæðismálastjórn úr ágreiningsatriðum.

V. KAFLI

Um breyting á I. kafla laga nr. 36/1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

17. gr.

Fyrsti töluliður 3. gr. laganna orðist svo:

Frá og með árinu 1958 greiði sveitarsjóðir, sem um ræðir í 2. gr., í sjóðinn árlega upphæð, sem nemi eigi minna en 24 krónum og eigi meira en 36 krónum fyrir hvern íbúa sveitarfélagsins, og ákveður sveitarstjórn upphæðina með sérstakri samþykkt.

18. gr.

Á eftir orðunum „fyrirkomulag bygginganna“ í 3. tölulið 6. gr. laganna bætist inn í greinina orðin: þar á meðal stærð íbúðanna.

19. gr.

Fjórði töluliður 6. gr. laganna orðist svo:

Að félagsmenn séu fjárráða, heimilisfastir innan kaupstaðarins eða kauptúnsins, hafi ekki átt viðunandi íbúð fyrir sig og fjölskyldu sína s. l. tvö ár og hafi eigi haft yfir 50 þúsund króna árstekjur miðað við meðaltal þriggja síðustu ára, að viðbættum 5 þúsund krónum til viðbótar fyrir hvern ómaga á framfæri, né yfir 75 þúsund króna skuldlausa eign, allt miðað við þann tíma, þegar félagsmaður kaupir íbúðina. Tölur þessar breytast í samræmi við vísitölu framfærslukostnaðar.

20. gr.

Aftan við 5. tölulið sömu greinar bætist: enda skal bygging íbúðanna jafnan boðin út.

21. gr.

Í stað orðanna „4 ára“ í 1. mgr. 8. gr. laganna komi: 3 ára.

22. gr.

Kosning sjóðsstjórnar, samkvæmt næstu grein á undan, skal fara fram þegar eftir gildistöku laga þessara.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

23. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

24. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 55/1955, um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða.

25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þegar hið almenna veðlánakerfi var sett á stofn með lögum nr. 53/1955, um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða, voru áætlanir miðaðar við að byggja þyrfti 900 nýjar íbúðir í kaupstöðum og kauptúnum, til þess að mæta fjölgun þjóðarinnar og útrýma á fimm árum öllu heilsuspillandi húsnæði, þar með taldir herskálar.

Þetta veðlánakerfi var fyrst og fremst byggt á samningum við bankana um ákveðin framlög til íbúðalána. Voru samningar þessir sem kunnugt er gerðir til tveggja ára og eru nú útrunnir. Samkvæmt þessum samningum skuldbundu bankarnir sig til þess að leggja fram 20 milljónir króna hvort ár um sig til íbúðalána, og skyldu lánin veitt af húsnæðismálastjórn. Enn fremur ábyrgðist Landsbankinn allt að 20 millj. kr. sölu á vísitölubundnum bankavaxtabréfum og 4 millj. kr. framlag frá tryggingafélögum, sem ekki eru í opinberri eigu, hvort árið um sig. Þá var einnig gert ráð fyrir, að Almannatryggingarnar og Brunabótafélag Íslands legðu veðlánakerfinu tvær milljónir hvort árið.

Af framlagi bankanna fékk Byggingarsjóður Búnaðarbankans 12 millj. króna hvort árið um sig.

Áætlað var, að útlán til íbúðabygginga gætu samtals orðið 100 milljónir hvort árið, 1955 og 1956, enda var þá reiknað með, að frá sparisjóðum og lífeyrissjóðum

kæmu inn í lánakerfið um 40 milljónir króna. En reyndin varð sú, að þó bæði lífeyrissjóðir og sparisjóðir lánuðu fyllilega þessa fjárhæð, þá beindu þeir ekki lánastarfsemi sinni nema að litlu leyti gegnum veðlánakerfið heldur lánuðu beint utan þess, og urðu því lánveitingar húsnæðismálastjórnar fram til ársloka 1956 aðeins um 75 milljónir króna.

Hins vegar varð reyndin sú, að lánaþörfin varð miklu meiri en búizt var við, og söfnuðust brátt hátt á þriðja þúsund umsóknir um byggingarlán, sem ekki var hægt að sinna. Eru nú hjá húsnæðismálastjórn nær 2000 umsóknir, sem enga afgreiðslu hafa hlotið, og auk þess rúmlega 1000 umsóknir, sem aðeins hefur verið sinnt að mjög litlu leyti með smá byrjunarlánum.

Þannig hefur hið almenna veðlánakerfi, sem fyrst og fremst var byggt á samningum við bankana, ekki reynzt þess megnugt að leysa húsnæðislánamálin til nokkurrar hlítar eða frambúðar.

Þess ber þó að geta, að nokkurt fé hefur nú þegar safnazt í varasjóð veðlánakerfisins á þessum tveimur árum, en sá sjóður er samt fjarri því að vera nógu öflugur vísir að sjálfstæðum byggingarlánasjóði. En uppbyggingu slíks sjóðs verður einmitt að telja æskilegustu lausnina á hinum mikla vanda húsnæðismálanna. Hafa frændþjóðir okkar á Norðurlöndum einmitt farið þá leið í þessum málum með mjög góðum árangri. — Er ítarlegar upplýsingar um byggingarmálin á Norðurlöndum að finna í skýrslu hr. Halldórs Halldórssonar arkitekts, sem prentuð er með frumvarpi þessu sem fylgiskjal I, en hann hefur nýlega kynnt sér þessi mál erlendis á vegum ráðuneytisins.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir stofnun byggingarsjóðs ríkisins, og honum lagt það ríflegt stofnfé, að hann á að geta innan langs tíma orðið allöflugur. Virðist auðsætt, að hann eigi smám saman og í vaxandi mæli að geta að verulegu leyti staðið straum af meginþunga nauðsynlegustu útlána til íbúðabygginga. — Einnig ætti byggingarsjóður með svo ríflegu eigin fé að geta lækkað vextina og bætt lánakjörin verulega, þegar fram í sækir og honum vex enn fiskur um hrygg.

Annað megin nýmæli þessa frumvarps er svo skyldusparnaður ungs fólks á aldrinum 16—25 ára til íbúðabygginga og samningsbundinn sparnaður annarra í sama skyni. Er gerð nánari grein fyrir þeim nýmælum hér á eftir.

Að öðru leyti er reynt að samrýma það tvennt í frumvarpinu, að varðveita í senn frelsi manna til að byggja íbúðarhúsnæði, og tryggja það þó jafnframt, að íbúðir af hóflegri stærð eigi forgangsrétt til lána. Meðan húsnæðisskorturinn er eins mikill og hann er nú, verður að leggja áherzlu á að byggja vandaðar, en smáar íbúðir. Nauðsyn krefst þess, að allt sé gert, sem unnt er, til að nýta sem bezt fjármagn og byggingarefni með það fyrir augum að geta leyst úr húsnæðisskorti sem allra flestra.

Margvíslegar heimildir eru í frumvarpinu til ráðstafana, er dragi úr byggingakostnaði, og er þess full þörf hér á landi, þar sem byggingakostnaður og húsnæðiskostnaður er óhóflega hár og í algeru ósamræmi við það, sem gerist í nágrannalöndum okkar.

Gert er ráð fyrir því í frumvarpi þessu, að hið almenna veðlánakerfi starfi áfram við hlið byggingarsjóðs með svipuðum hætti og áður.

Mun ríkisstjórnin sjá um, að Húsnæðismálastjórn fái til úthlutunar á árinu 1957 eigi minni fjárhæð auk byggingarsjóðsins en 44 millj. króna, og mun hún taka upp samninga við banka og tryggingafélög til þess að tryggja þetta.

Af fé þessu fái byggingasjóður Búnaðarbankans allt að sömu upphæð og hann hefur fengið undanfarin tvö ár.

Þá mun ríkisstjórnin beita sér fyrir því, að sparisjóðir og aðrir aðilar, sem lagt hafa fram fé til veðlánakerfisins undanfarin tvö ár, leggi eigi minna fé fram árið 1957 en hvort hinna áranna um sig.

Sé gerður samanburður á fjármagni því, sem fór á s. l. ári til húsnæðismálanna og því fé, sem nú er ákveðið að fara skuli til sömu verkefna, lítur sá samanburður þannig út:

Til byggingasjóðs verkamanna voru á fjárlögum seinasta árs aðeins tæpar 2 milljónir.

Nú er sú fjárveiting tvöfölduð, og auk þess greiðir ríkissjóður 8 miljónir króna til verkamannabústaða. Framlagið í ár verður því 12 miljónir, þó að ekki sé reiknað með, að sveitarfélögin hækki sín framlög í ár til jafns við fjárveitinguna á fjárlögum.

Til útrýmingar heilsuspillandi íbúða eru nú 4 milljónir á fjárlögum, og 5 milljónir eru auk þess til frá fjárveitingum fyrri ára.

Þannig verður unnt að verja 18 miljónum króna til útrýmingar heilsuspillandi íbúða á þessu ári, ef sveitarfélögin leggja fram fé að hálfu í því skyni lögum samkvæmt. Aðrir nýir tekjuliðir á þessu ári gera um kr. 16 milljónir.

Framlög til íbúðalána árið 1957 geta þannig orðið a. m. k. þrjátíu og þremur milljónum króna hærri en þau urðu s. l. ár, og eru þá ekki talin mótframlög bæjar- og sveitarfélaga.

Hér á eftir fara athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

Um I. kafla.

Um 1. gr.

Eins og áður er vikið að hafa hinar Norðurlandaþjóðirnar, sem náð hafa góðum árangri með skipulagningu húsnæðismálanna, komið upp sérstökum stofnunum eða jafnvel sérstökum ráðuneytum, sem fara með yfirstjórn þessara mála. Í grein þessari er gert ráð fyrir myndun húsnæðismálastofnunar ríkisins, er fari með stjórn húsnæðismálanna hér. Lagt er til, að húsnæðismálastjórn veiti húsnæðismálastofnuninni forstöðu. Skulu eiga sæti í henni fimm menn, fjórir kosnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi til þriggja ára í senn og einn skipaður af félagsmálaráðherra samkvæmt tilnefningu Landsbanka Íslands til sama tíma. Hefur fulltrúi Landsbankans ekki atkvæðisrétt um lánveitingar.

Um 2. gr.

Í grein þessari eru talin upp helztu verkefni húsnæðismálastofnunar ríkisins. Eitt hið allra þýðingarmesta verkefni stofnunarinnar verður að lækka byggingarkostnaðinn í landinu og vinna að hvers konar umbótum í byggingarmálum.

Í þessum efnum ríkir, sem kunnugt er, hið mesta skipulagsleysi, einkum varðandi byggingar í kaupstöðum og kauptúnum. Hefur lítið sem ekkert átak verið gert hér á landi fram að þessu í þá átt að lækka byggingarkostnaðinn með skipulagningu í húsgerð og vinnutækni. Fyrir sveitirnar hefur hins vegar starfað sérstök stofnun á vegum Búnaðarbankans, teiknistofa landbúnaðarins, er unnið hefur mikið gagn fyrir bændastéttina í þessu efni. Í gildandi lögum um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða, eru að vísu ákvæði um, að húsnæðismálastjórn skuli vinna að umbótum í byggingarmálum með ýmsu móti, sem þar er tilgreint, en þessi starfsemi húsnæðismálastjórnar hefur enn þá ekki komizt á, að neinu verulegu marki.

Skal nú vikið að einstökum töluliðum þessarar greinar, hverjum fyrir sig.

Um 1. tölulið:

Hér er gert ráð fyrir, að rannsókn fari fram á því, hver sé raunveruleg þörf landsmanna fyrir íbúðabyggingar á hverjum tíma, og hvernig fullnægja eigi þeirri þörf á sem hagkvæmastan og ódýrastan hátt. Nokkrar athuganir hafa verið gerðar á þessu áður í Reykjavík, en þær athuganir eru hvergi nærri fullnægjandi. Til þess að geta komizt að raun um byggingarþörfina á hverjum tíma er nauðsynlegt að hafa jafnan fyrir hendi yfirlit um allt íbúðarhúsnæði og hvernig það sé notað. Hér er þess vegna lagt til, að komið verði upp, í samvinnu við sveitarstjórnir, fasteignamat ríkisins og Hagstofuna spjaldskrá yfir allt íbúðarhúsnæði í landinu. Er þá jafnframt haft í huga, að spjaldskrá þessi hafi að geyma upplýsingar um, hvernig

húsnæðið sé notað, þ. e. a. s. hve margir búi í hverri íbúð, hve stór hún sé o. s. frv. og verði breytingar á þessu jafnan færðar inn á spjöldin samkvæmt manntali Hagstofunnar.

Um 2. tölulið:
Það er alkunna, að mjög mikill munur er á byggingarkostnaði í hinum einstöku landshlutum. Mun jafnvel þekkjast, að menn byggi jafnvandaðar og jafnstórar íbúðir sums staðar úti á landi fyrir allt að helmingi lægri fjárhæð en almennt er gert í Reykjavík. Þá er og alkunna, að byggingarkostnaður er mjög mismunandi á sömu stöðum og veldur þar að sjálfsögðu mismunandi hagsýni, dugnaður og fyrirhyggja þeirra, sem við byggingar fást. Með grein þessari er húsnæðismálastofnun ríkisins falið að fylgjast nákvæmlega með því, hverjir byggi ódýrust hús, og hvaða gerðir íbúðarhúsnæðis reynist beztar og hagkvæmastar. Er húsnæðismálastofnuninni í þessu skyni heimilað að láta fara fram samkeppni um uppdrætti og byggingu hagkvæmra íbúða og veita þeim lán, sem geta tekið að sér að byggja ódýrast og bezt.

Um 3. tölulið:
Undanfarin ár hefur verið byggt meira í Reykjavík og nágrenni en nokkurn tíma áður í sögu þjóðarinnar á jafnskömmum tíma. Hefur fjárfestingin verið svo mikil og ör, að efnahagslífi þjóðarinnar hefur verið hætta búin. Það er að sjálfsögðu nauðsynlegt, að sérhver geti búið í viðunandi húsnæði, en á það hefur mikið skort og skortir enn í dag. Mikill hluti þess fjármagns, sem gengið hefur til íbúðabygginga, hefur verið notaður til þess að byggja óhóflega stór og íburðarmikil hús. Afleiðingin er auðvitað sú, að færri af þeim, sem búa við óviðunandi og heilsuspillandi húsnæði, komast í viðunandi íbúðir. Lán þau, sem veitt hafa verið á vegum hins almenna veðlánakerfis, undanfarin tvö ár, hafa verið veitt mönnum án tillits til þess, hvort þeir byggðu óhófsíbúðir eða hóflegar íbúðir. Það er stefna ríkisstjórnarinnar, að það fjármagn, sem verður að verja til íbúðabygginga, verði nýtt sem bezt, þannig að sem flestir geti fengið viðunandi húsnæði. Þessu er ætlunin að ná með því að setja þau skilyrði fyrir lánveitingum til íbúða, að þær séu hagkvæmar og af hóflegri stærð.

Um 4.—7. tölulið:
Þessir töluliðir greinarinnar miða allir að því, að gerðar verði ráðstafanir til lækkunar á byggingarkostnaði íbúðarhúsnæðis. Erlendis, þar sem byggingariðnaðurinn er á háu stigi, er búið að taka upp stöðlun (standardiseringu) fjölmargra byggingarhluta, og er auðsætt, hversu þýðingarmikil sú skipulagning er.
Þá er allmikið gert að því erlendis að byggja tilraunahús, þar sem reyndar eru nýjungar í húsagerð. Er sums staðar gengið svo langt í því, að allt að því 50. hvert hús er byggt sem tilraunahús.

Um 8. tölulið:
Hér er húsnæðismálastofnuninni falið að beita sér fyrir endurskoðun byggingarsamþykkta. Er slíkt hið mesta nauðsynjamál.

Um 9. tölulið:
Með þessum tölulið er fyrst og fremst átt við það, að byggingarsamvinnufélög og byggingarfélög verkamanna geti keypt sjálf inn byggingarefni, ef það reynist hagkvæmara.

Um 10. tölulið:
Nokkur brögð hafa orðið að því, að lóðaúthlutun sumra bæjarfélagi hafi dregizt svo, að menn hafi aðeins átt um annað tveggja að velja, að fresta byggingu til næsta árs, eða hefja byggingu án nægilegs undirbúnings. Hlýzt oft af þessu stórtjón. Er húsnæðismálastofnuninni ætlað að vinna að umbótum á þessu sviði.

Um 11. og 12. tölulið:

Eitt af því, sem áhrif hefur á byggingarkostnaðinn er skipulagning bæjarhverfa, auk þess, sem slík skipulagning er þýðingarmikil að mörgu öðru leyti. Rétt þykir, að húsnæðismálastjórn hafi heimild til skipulagningar bæjarhverfa til þess að tryggja það, að bæjarfélög geti ekki með skipulagsaðgerðum hindrað byggingu húsa af tiltekinni gerð og stærð, sem húsnæðismálastjórn telur þó hagkvæmt að byggð verði.

Til þess að tryggja sem farsælasta framkvæmd þeirra ákvæða, sem hér hafa verið rakin, er gert ráð fyrir nefnd, er starfi með húsnæðismálastjórn, henni til aðstoðar og ráðuneytis. Er til þess ætlazt, að nefnd þessi sé skipuð 9 mönnum, er séu að meiri hluta sérfróðir um byggingarmál, hver á sínu sviði.

Þá er loks sú skylda lögð á húsnæðismálastofnun ríkisins, að gefa árlega út opinbera skýrslu um íbúðabyggingar í landinu, og greina frá, hver árangur hafi náðst af ráðstöfunum hennar til að lækka byggingarkostnað, svo og til að skýra frá öðrum störfum hennar í þá átt að greiða fyrir byggingu hagkvæmra íbúða.

Um II. kafla.

Um 3. gr.

Í grein þessari er gert ráð fyrir stofnun byggingarsjóðs ríkisins, er lúti stjórn húsnæðismálastjórnar. Er hlutverk sjóðsins að annast lánveitingar til íbúðabygginga og standa straum af framkvæmdum húsnæðismálastjórnar. Er hér átt við bæði kostnað við störf húsnæðismálastjórnar og einnig kostnað, er leiða mundi af því, ef talið væri rétt, að húsnæðismálastjórn léti sjálf byggja tilraunahús.

Stofnfé sjóðsins er áætlað um 118 milljónir króna og skiptist sem hér segir:

1. Varasjóður hins almenna veðlánakerfis	um	20.9	millj. kr.
2. Lán ríkisins til Lánadeildar smáíbúða	—	32.8	— —
3. A-flokkabréf ríkisins, er keypt voru fyrir tekjuafgang ríkissjóðs 1955	—	11.3	— —
4. ⅔ hlutar af væntanlegum stóreignaskatti	—	53.2	— —
Samtals	um	118.2	millj. kr.

Auk árlegra tekna af þessu stofnfé sjóðsins sem áætlað er að nemi á árinu 1958 um kr. 23 millj., er svo gert ráð fyrir árlegri tekjuöflun til hans samkv. a—d liðum, sem áætlað er að muni nema um 7—8 millj. kr., svo og tekjur af sparnaðarframlögum samkvæmt III kafla, en árleg sparnaðarframlög eru áætluð um 15 millj. kr. og má gera ráð fyrir að meginhluti þess fjár geti verið í útlánum á hverjum tíma. Samanlagt má því gera ráð fyrir, að árlegt eigið fé sjóðsins til útlána verði á næstu árum um 40 millj. kr., en eigið fé hans vex að sjálfsögðu verulega frá ári til árs. Má geta þess að áætlað er að eign sjóðsins muni í árslok 1966 nema nær 300 milljónum króna.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir að hið almenna veðlánakerfi, sem myndað var með lögum nr. 55/1955, um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga o. fl., starfi áfram, og er þessi grein í meginatriðum samhljóða 3. gr. þeirra laga. Þó er heimiluð útgáfa á hærri fjáræð í vísitölubundnum bankavaxtabréfum en áður var. Er það með hliðsjón af því, að sala þessara bréfa hefur gengið vel.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Grein þessi fjallar um útlánareglur húsnæðismálastjórnar. A—F liðir eru í meginatriðum samhljóða A—G liðum 6. gr. laga nr. 55/1955, um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga o. fl.

Í A-lið eru þó sett nokkru fyllri ákvæði um heildarlán til félaga og í B-lið er gerð sú takmörkun, að engum einstaklingi skuli veitt lán, nema út á eina íbúð. Þá er í C-lið heimild til að hækka B-lán í hlutfalli við A-lán frá því sem nú er.

G-liður þessarar greinar er nýmæli. Er hér gert ráð fyrir, að sett séu með reglugerð fyrirmæli um lánveitingar, er tryggi að farið sé eftir ástæðum umsækjenda, húsnæði, fjölskyldustærð, efnahag o. fl. Enn fremur er gert ráð fyrir því, að sett séu ákvæði um hámarksstærð íbúða, er lána má til. Er þessum reglum ætlað að stuðla að því, að ekki séu byggðar óhóflegar íbúðir, og að það fjármagn, sem varið er til íbúðabygginga, nýtist þannig sem bezt.

Önnur ákvæði greinarinnar þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 7. gr. laga nr. 55/1955 og þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um III. kafla.

Um 9. gr.

Hér er gert ráð fyrir sérstakri innlánsdeild á vegum byggingarsjóðs ríkisins, og taki hún við frjálsum sparnaðarframlögum manna í kaupstöðum og kauptúnum í því skyni að safna sér fé til íbúðabygginga og öðlast forgangsrétt til lána frá húsnæðismálastjórn eftir vissan tíma, og þegar safnazt hefur tiltekin fjárhæð. Er hér um að ræða tilraun til að örva sparnaðarviðleitni, einkum ungs fólks.

Þeir, sem í sveitum búa, eiga kost á að leggja á sama hátt fé í veðdeild Búnaðarbankans og fá þeir þá rétt til hærri lána en almennt gerist úr stofnlánadeildum Búnaðarbankans.

Gert er ráð fyrir að í reglugerð verði sett nánari ákvæði um réttindi og skyldur samkv. þessari grein, þ. á m. um samninga, er gerðir verði um innlögin milli þess, sem leggur inn og þess sem við innlögum tekur.

Um 10. gr.

Grein þessi fjallar um skyldusparnað fólks á aldrinum 16—25 ára í sama skyni og hinn frjálsi sparnaður samkv. 9. gr. Þar sem um er að ræða skyldusparnað, þykir rétt að sparifé þetta verði vísitölutryggt. Að öðru leyti veitir þessi sparnaður sama rétt til lána og hinn frjálsi sparnaður. Rétt þykir, að mönnum sé frjálst að taka þátt í sparnaði samkvæmt þessari grein yngri en 16 ára og eldri en 25 ára og einnig að leggja meira fram en 6% af launum.

Þá þykir rétt að undanþiggja hinn lögboðna sparnað, 6% af tekjum, tekjuskatti og útsvari.

Þeir, sem í sveitum búa, skulu leggja sparnað sinn í veðdeild Búnaðarbankans og fá þeir hliðstæðan rétt til lána til bústofnunar úr einhverri deilda Búnaðarbankans.

Um 11. gr.

Nauðsynlegt þykir að gera nokkrar undantekningar á sparnaðarskyldu samkv. 10. gr. Eru undanþágurnar taldar í þessari grein. Þarfnast greinin eigi skýringa.

Um 12. gr.

Þarfnast eigi skýringa.

Um IV. kafla.

Um 13.—16. gr.

Kafli þessi er efnislega samhljóða II. kafla laga nr. 55/1955 og þarfnast ekki skýringa.

Um V. kafla.

Nauðsyn þykir til bera, vegna þess aðhalds, sem gert er ráð fyrir um lánveitingar samkv. frumvarpi þessu, að gera nokkrar breytingar á lögum um verkamannabústaði. Miða þessar breytingar einkum að því að tryggja, að þeir einir hljóti stuðning samkvæmt lögum um verkamannabústaði, sem hans hafa mesta þörf. Enn fremur að tryggt sé, að byggingar verkamannabústaða verði sem ódýrastar.

Gert er ráð fyrir, að heildarendurskoðun lagaákvæða um verkamannabústaði og byggingarsamvinnufélög fari fram fyrir næsta reglulegt Alþingi og þau lagaákvæði verði síðan felld inn í þessi lög.

Um VI. kafla.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Skýrsla um athugun á íbúðabyggingum í Noregi, Svíþjóð og Danmörku. gerð á ferð í marz 1957.

Það, sem einkennir meðferð og framkvæmd nýbyggingar íbúða í ofangreindum löndum, er fastmótuð skipulagning, byggð á samstarfi ríkis, bæjarfélaga, félagssamtökum og frjálsri samkeppni einstaklinga. Markmið þessarar skipulagningar er: a) fullnægt verði þörfum almennings fyrir nóg og gott húsnæði, b) að tryggja sem bezta nýtingu þess fjármagns, sem varið er til byggginganna, c) húsnæðiskostnaðurinn verði viðráðanlegur fyrir láglaunastéttirnar og d) að byggingarvinnan verði sem jöfnust frá ári til árs.

Með tilstyrk ríkisins er tryggður fjárhagslegur grundvöllur byggingarstarfseminnar þannig, að veitt er lán til nýbyggingar frá 75% og allt að 95% byggingarkostnaðar, þar af er algengast að lánin séu milli 80% og 85%. Í Svíþjóð fá bæjarfélögin lánuð 100% byggingarkostnaðar. Auk þess sem ríkissjóður baktryggir lán þau, sem veitt eru til nýbygginga, kemur jafnan nokkur hluti lánsfjárins beint frá ríkissjóði. Þannig munu lán út á 15—30% byggingarkostnaðarins í Svíþjóð koma beint frá ríkissjóði; þar af helmingurinn sem afskriftarlán, þ. e. lán án afborgana og vaxta. Í Noregi leggur ríkissjóður einnig til afskriftarlán, frá 15—20%. Í Danmörku er þessu fé varið á annan hátt, til niðurgreiðslu húsaleigunnar fyrir láglaunafólk.

Í þéttbýlinu, þ. e. borgum og bæjum, er framkvæmd byggingarmálanna aðallega í höndum byggingarfélaga. Þau annast allan undirbúning framkvæmda; kaup á landi, útvegun teikninga, byggingarútboð og útvegun lánsfjár. Hlutverk þessara félaga er, í stórum dráttum, að skipuleggja byggingarframkvæmdir og að annast húsnæðisfjármál meðlima sinna.

Þáttur byggingarmeistara og byggingingarfyrirtækja er svo sá að framkvæma sjálfar húsbyggingarnar að undangenginni útboðskeppni. Byggingarfélögin annast sjálf aldrei þennan þátt byggingarstarfseminnar á eigin ábyrgð né eftir reikningi.

Byggingarmeistarar eða byggingarfyrirtæki vita að umsamið byggingarfé er fyrir fram tryggt. Í samkeppninni nýtur sín að fullu tækni, hagsýni og reynsla hvers einstaklings sem svo verður til þess að lækka byggingarkostnaðinn og halda honum niðri á hverjum tíma.

Noregur.

Á styrjaldarárunum lá byggingarstarfsemi að mestu leyti niðri og í sumum bæjum hafði orðið verulegt tjón á húsum. En auk þessa var hið gamla húsnæði að verulegu leyti mjög ófullkomið. Yfirgnæfandi meiri hluti íbúðanna voru aðeins 1 eða 2 herbergi og eldhús eða eldhúskrókur og án allra nútíma þæginda. Þess vegna var þörf Norðmanna alveg sérstaklega brýn fyrir miklar og skjótar aðgerðir að styrjaldarlokum.

Húsbankinn. Árið 1946 stofna Norðmenn sérstakan banka, sem eingöngu er helgaður húsnæðismálinu, Husbanken. Þessi banki hefur síðan lánað 60—70% af stofnkostnaði út á íbúðarhús. Fé sitt fær bankinn með skuldabréfasölu frá öðrum peningastofnunum, bönkum, sparisjóðum og tryggingarfélögum. En það, sem á vantaði, að hann fái þannig nægilegt fé til þess að fullnægja lánsfjárþörfinni, hefur hann fengið beint frá ríkissjóði. Lánin eru með 2½% vöxtum og 1% afborgun, þegar um steinhús er að ræða, en 1⅓% fyrir timburhús. Árleg greiðsla er því aðeins 3½% (3⅚%) stofnláns. Vegna síhækkandi verðlags hafa Norðmenn nú hækkað vextina um 1%, í 3½% og þá hina árlegu greiðslu í 4½% (4⅚%).

Auk þessa fást 15—20% kostnaðarverðs sem lán út á nýbyggingar, afborgana- og rentulaust. Þetta fé er að ⅔ hlutum frá ríkissjóði, en ⅓ hluta frá viðkomandi bæjarsjóði. Þessi lán eru nefnd afskriftarlán. Auk hinna lágu vaxta og langa afborgunartíma stofnlánsins miðar þessi ráðstöfun að því að fá húsnæðiskostnaðinn sem allra lægstan og viðráðanlegan fyrir láglaunafólk. Sé hinum árlegu greiðslum lánanna jafnað niður á alla lánsupphæðina verða þær sem næst 2.6—3.0% af heildarlánsupphæð, miðað við 2½% vexti af stofnláni, en 3.4—3.8% miðað við 3½% vexti af stofnláni.

Fari verðlag mjög hækkandi, er að 10 árum liðnum hægt að breyta afskriftarlánum þannig, að af þeim verði greiddir vextir og afborgun líkt og af öðru lánsfé. Auk þess er hægt að hækka afborgun grunnlánanna til samræmis við húsnæðiskostnað á hverjum tíma. En vaxtastofninn, þ. e. 2½%, og af síðari lánum 3½% af eftirstöðvum lánsupphæðarinnar, verður þó óbreyttur.

Til viðbótar framangreindu um lánakjörin skal þess getið, að barnafjölskyldur fá lækkun húsnæðiskostnaðarins, vissa upphæð á hvert barn, 5 kr. á mánuði, þó ekki fyrir eitt barn. Vegna hinna hærri vaxta, sem verulega auka húsnæðiskostnaðinn, á nú að hækka húsaleigustyrkinn.

Ég kom í þriggja herbergja íbúð í sambyggingu. Húsið var byggt fyrir 2 árum. Leiga var þar 135.00 kr. norskar á mánuði og frádráttur vegna tveggja barna var 10 kr. Leigan því aðeins 125.00 kr. á mánuði. Mér var sagt að vegna hækkandi verðlags mundu sams konar íbúðir, byggðar á þessu ári, vera með 150—160 kr. mánaðarleigu.

Sem skilyrði fyrir lánveitingum eru settar ýmsar reglur. Stærð íbúða skal stillt í hóf, einangrun útveggja sé mjög góð, gluggar séu tvöfaldir, það og vatnssalerni svo og miðstöðvar- eða rafhitun eru skilyrðin fyrir lánveitingu. Áður en veitt eru loforð fyrir láni, skal senda Húsbankanum teikningu, og sé um fjölbýlishús að ræða, skal fylgja teikningunni verðtilboð frá byggingarfyrirtæki. Lán fæst því aðeins að tryggt sé að byggingarkostnaður sé innan viðurkennds ramma. Þegar öllum skilyrðum hefur verið fullnægt, veitir Húsbankinn loforð fyrir láni. Að því loknu, en alls ekki fyrr, geta menn hafið byggingarframkvæmdir.

Húsbankinn greiðir lánsfé þó ekki fyrr en byggingu er að fullu lokið og trúnaðarmenn bankans hafa tekið út verkið. Á meðan á byggingu stendur verður að leita til hinna almennu peningastofnana um bráðabirgðalán.

Framkvæmd húsbygginganna. Í bæjum eru byggingarframkvæmdir að miklu leyti í höndum byggingarfélaga. Þó geta einstaklingar eða byggingarfyrirtæki framkvæmt íbúðarhúsabyggingu til sölu og fengið til þess lán hjá Húsbankanum með hinum venjulegu kjörum. Að sjálfsögðu verða þeir að fullnægja sömu skilyrðum og sett eru almennt. En auk þess setja Norðmenn það skilyrði, að viðkomandi fyrirtæki afhendi bæjarfélögum húsin til sölu og fyrir það verð, sem Húsbankinn hefur viðurkennt sem lántökuverð.

Skipulag og starf byggingarfélaganna er þannig, að mynduð eru smærri félög um takmarkaðar framkvæmdir. Síðan mynda þessi smáfélög sambandsfélag, er hefur á höndum aðalbyggingarframkvæmdirnar. Í Osló er eitt slíkt sambandsfélag langstærst: Olso Bolig- og Sparelag, skammstafað OBOS. Oslóborg er þátttakandi í þessu félagi og á fulltrúa í stjórn þess. Þessi félagsstofnun undirbýr allar framkvæmdir

undirfélaganna, með því að kaupa byggingarland, útvega eða láta gera teikningar, semja byggingarlýsingu og annast útboð bygginganna. Það annast útvegun bráðabirgðalána, á meðan á byggingu stendur, og gengur síðan frá lántöku hjá Húsbankanum. Þangað gengur eigið framlag allra einstaklinga er sækja um byggingar.

Á meðan húsnæðiseklan var sem mest eftir stríðið í Osló, varð OBOS að afhenda bæjarfélaginu til ráðstöfunar helminginn af hinum byggðu íbúðum. Nú er það aðeins 1/10 hluti nýbyggðra íbúða sem bæjarfélagið fær til ráðstöfunar. En það er nú ekki aðeins að OBOS annist byggingu íbúðarhúsa, heldur flestar eða allar opinberar byggingar fyrir Oslóborg, svo sem skóla, sjúkrahús, elliheimili o. s. frv. Auk þessa sér OBOS um gatnagerð að verulegu leyti í þeim hverfum, sem það byggir. Kostnaðurinn af gatnagerðinni telst til stofnkostnaðar húsanna þegar um hreinar íbúðargötur er að ræða, og eru lánveitingarnar þá miðaðar við byggingarkostnað + götukostnað og lóðarverð.

Auk OBOS er starfandi í Osló eitthvað af smærri byggingarfélögum á sama grundvelli. Eins og áður er getið, er Oslóborg þó aðeins þátttakandi í OBOS.

Utan Oslóborgar er starfandi fjöldi byggingarfélaga. En þau ásamt OBOS mynda sambandsfélag sín á milli sem hefur aðsetur í Osló. Þessi félagsstofnun gegnir líku hlutverki fyrir byggingarfélög utan Oslóar og OBOS fyrir undirfélögin í Oslóborg. Þessi stofnun undirbýr byggingarframkvæmdir deildanna með útvegun teikninga, gerð á byggingarlýsingum og með því að annast byggingarútboðin. Til þessarar stofnunar er leitað með útvegun á byggingarefni, sem erfitt er að fá á hinum smærri stöðum. En sjálf rekur stofnunin hvorki verzlun með byggingarvöru né gegnir hlutverki byggingarmeistara. Þessi stofnun annast einnig framkvæmdir að verulegu leyti á byggingum ríkisins víðs vegar um landið, enda á ríkisstjórnin fulltrúa í stjórn stofnunarinnar.

Lögð er áherzla á vandaðan frágang og að nýtízku þægindi fylgi hverri íbúð. Hinar nýju íbúðir eru nokkru stærri en áður var og fara heldur stækkandi. Miðað við herbergjafjölda í íbúðum byggðum á árinu 1955 eru hlutföllin eftirfarandi í %:

1 herbergi með eldhúskrók	1 herbergi með eldhúsi	2 herbergi með eldhúsi	3 herbergi með eldhúsi	4 herbergi með eldhúsi	5 herbergi o. fl.
1.4	4.7	14.3	39.5	22.7	17.4

Algengasta gólfflatarstærð 3 herbergja íbúðar er um 80—90 ferm.

Í Noregi er mikill hluti hinna nýju íbúða enn í smáhúsum. Aðeins í hinum stærstu borgum mun verulegur hluti íbúðanna byggður í fjölbýlishúsum.

Samkvæmt skýrslu Húsbankans er flokkun íbúðarhúsa sem byggð voru á árinu 1955 sem hér segir:

Einbýli	Tvíbýli	3- og 4-býli	5—9 íbúðir í húsi	10 íbúðir o. fl.	Ýmisl.
30.9%	34.4%	7.6%	3.6%	15.3%	8.2%

Svíþjóð.

Lánakerfi til íbúðarhúsabygginga er með öðrum hætti en í Noregi. Þar er ekki neinn aðalbanki, er hafi því hlutverki einu að gegna að tryggja lánsfé til bygginganna. Lánsfé er því veitt af ýmsum peningastofnunum. Þar mun það regla, að bankarnir veiti 50—60% (algengast 60%) af stofnkostnaði út á 1. veðrétt. Í stofnkostnaði er innifalið lóðarverð og að nokkru leyti götukostnaður. Þennan hluta lánsfjárins nefna Svíar grunnlán. Af því eru greiddir 3% vextir, en lánin eru *afborgunarlaus*, þ. e. þau standa sem varanleg eign lánsstofnunarinnar í byggingunum. Auk þess veita bankarnir út á annan veðrétt lán ca. 10% stofnkostnaðar. Þessi lán eru með 3½% vöxtum og endurgreiðist á 40 árum. Samanlagt nema því lán bankanna um 60—70% miðað við stofnkostnað.

Þar næst kemur svo þátttaka ríkissjóðs í lánastarfseminni. Ríkislánin eru tryggð með 3. veðrétti í húseign. Upphæð þessara lána mun nema 15—30% stofnkostnaðar.

Ef viðkomandi bæjarfélag veitir baktryggingu fyrir láni, getur heildarlánveiting numið allt að 95%, og framlag einstaklings þá aðeins 5% stofnkostnaðar. Þessum ríkislánum er skipt í tvennt. Annar hluti lánsfjárins er með 3% vöxtum og afborgunartími 40 ár fyrir fjölbýlishús, en 25 ár fyrir einbýlishús. Hinn hluti ríkislánanna er afskriftarlán, þ. e. án vaxta og afborgana. Bæjarfélögin leggja til örlítinn hluta þessa lánsfjár, eða 1/10, en ríkið 9/10. Án bakábyrgðar bæjarfélags fást aðeins 85% sem lán, og framlag einstaklings er þá 15%, allt miðað við stofnkostnað.

Í Svíþjóð fer byggingarkostnaður hækkandi. Frá 1949 mun byggingarkostnaðurinn hafa hækkað um 40%. Þessu mun líkt farið í Noregi og Danmörku. Þess vegna er nú verið að breyta lánakjörunum með því að hækka alla vexti um 1% og stytta lánstímann úr 40 árum í 30 ár. Framvegis verða þá 1. og 3. veðréttarlánin með 4% vöxtum og 2. veðréttarlánin með 4½% vöxtum. Eftir að afskriftarlán hefur staðið í 10 ár, má breyta því í vaxta- og afborgunarlán. Barnafjölskyldur fá leiguafslátt. Þessi styrkur nemur 150 kr. á ári á barn, en getur undir vissum kringumstæðum orðið 210 kr. á ári og í öðrum tilfellum aðeins 75.00 kr. á ári. Auk þessa fá sömu fjölskyldur hitunarstyrk, ef þær búa í einbýlishúsum. Sá styrkur nemur 240—300 kr. á ári á íbúð. Mestur er þessi styrkur í nyrztu héruðunum. Til þess að draga úr hækkun húsaleigunnar, sem leiðir af hinum breyttu lánakjörum, á nú að hækka verulega áður umtalaðan húsaleigustyrk.

Sænska ríkisstjórnin hefur sérstaka og mikla stjórnardeild, sem annast leyfisveitingar fyrir byggingar og skipuleggur lánastarfsemina. Þangað koma allar umsóknir um byggingarleyfi. Þar eru sett þau skilyrði, sem menn verða að hlíta með stærð, tilhögun og frágang bygginganna. Svo sem í Noregi verða að fylgja umsóknarskilríkjum kostnaðartilboð í byggingar. Enginn má hefja byggingarframkvæmdir fyrr en að fullu er gengið frá þessum undirbúningi og fyrir liggur loforð frá stjórnarskrifstofunni um lánveitingu. En í Svíþjóð fæst lánsfé greitt á meðan bygging er í smíðum.

Í Svíþjóð byggja bæjarfélögin um 30% allra íbúða. Svo sem áður er sagt, geta þau fengið allt að 100% stofnkostnaðar að láni, þar af 70% frá almennum lánastofnunum og allt að 30% frá ríkinu.

Samvinnubyggingarfélög taka öflugan þátt í byggingarstarfsemi í Svíþjóð. Þar af er eitt félag langsamlega stærst, Hyresgästernas Sparekasse och Byggnadsförening, HSB.

Deildir þessa félags munu nú vera um 180 og mynda með sér sambandsfélag, sem hefur aðsetur í Stokkhólmi. Líkt og samband byggingarfélaga í Noregi annast þessi stofnun undirbúning framkvæmda og útboð. En auk þessa rekur félagið verkstæði, eða öllu heldur verksmiðjur, sem framleiða innréttingar, glugga, hurðir, húsgögn og ísskápa. Það hefur steinsteypuverkstæði og jafnvel marmaravinnslu. Sumar verksmiðjur þess framleiða timburhús, sem síðan eru sett saman á byggingarstaðnum. Engin skylda hvílir þó á byggingarfyrirtækjum, er byggja hús félagsins samkvæmt verksamningi, að skipta við verksmiðjur HSB.

Í byggingariðnaði Svía er stöðlun meira notuð en í Noregi og Danmörku. Í Svíþjóð eru íbúðir að meðaltali nokkru smærri en í Noregi.

Eftir fjölda herbergja flokkast nýbygging íbúðarhúsa á árinu 1955 þannig í hundraðshlutum:

1 herb. með eldh. eða eldh.krók	2 herb. með eldh. eða eldh.krók	3 herb. og eldh.	4 herb. og eldh.	5 herb. o. fl.
19.3%	33.0%	25.3%	14.1%	8.3%

En séu íbúðir byggðar á sama ári flokkaðar eftir fjölbýli verða hlutföllin eftirfarandi:

Einbýli	Tvíbýli	Fleirbýli	Ýmislegt
23.5%	3.7%	72.1%	0.7%

Ofanskráðar tölur sýna, að í Svíþjóð er fjölbýli í húsum mun algengara byggðarform heldur en í Noregi.

Danmörk.

Í Danmörku er lánakerfið með enn öðru sniði en í Noregi og Svíþjóð. Veðlánastofnanir lána aðeins 35% stofnkostnaðar (þar er einnig lóðarverð og götukostnaður að nokkru innifalið í stofnkostnaði).

Hinn hluti lánanna kemur frá danska ríkinu. Stjórnin hefur heimild til að fá fé að láni gegnum skuldabréfasölu.

Nú eru í gildi lög um 4 ára framkvæmdaáætlun, og með þeim eru fastákveðin framlög ríkisins til þessara mála.

Fjárveitingar ríkisins samkv. þessari áætlun eru sem hér segir:

1955—1956	335	millj.	kr.	danskar.
1956—1957	315	—	—	—
1957—1958	300	—	—	—
1958—1959	300	—	—	—

Heildarlán til einstaklinga, þ. e. 1. veðlán + ríkislán, getur numið 75—85% og með baktryggingu viðkomandi bæjarfélags geta lánin náð allt upp að 97% kostnaðar. Reglur um þessar lánveitingar eru mjög margbrotnar og með ótal skilyrðum um stærð, frágang og byggingarkostnað.

Til skamms tíma voru ríkislánin með 2% vöxtum og greiddi ríkissjóður þá þann vaxtamismun sem var á þeim lánum er ríkið tók og útlánsvöxtum. Nú hefur þessu verið breytt þannig, að ríkislánin eru með þeim vaxtakjörum, sem gildandi eru á hinum almenna lánamarkaði. Lánstíminn er 60 ár og þar af 15 fyrstu árin afborgunarlaus. Þessari breytingu lánakjaranna er svo mætt með niðurgreiðslu húsaleigunnar fyrir lágtekjufólk. Sú niðurgreiðsla nemur um 36% húsaleigunnar. Samkvæmt lögum er niðurgreiðslan þó aðeins ákveðin fram að árinu 1967 og fer minnkandi næstu 7 árin. Eftir þann tíma fellur hún svo algerlega niður. Þessar ráðstafanir eru efalaust miðaðar við áætlað og síhækkandi almennt verðlag.

Byggingarfélögin annast undirbúning framkvæmdanna líkt og í Noregi og Svíþjóð. Og byggingarverkið er þar einnig boðið út. Í Danmörku eru byggingarfélögin minna tengd innbyrðis en í Noregi og Svíþjóð. Þar eru fjöldamörg smáfélög. Jafnvel í smábæjum með 10 þúsund manna byggð eru stundum starfandi fleiri sjálfstæð félög. Þessi félög hafa þó eitt sambandsfélag, sem hefur aðsetur í Kaupmannahöfn. Þetta sambandsfélag vinnur aðallega leiðbeiningarstarf, en tekur ekki, nema þá að litlu leyti, þátt í framkvæmdarstarfi félagsdeildanna líkt og HSB í Svíþjóð. Þetta mun sennileg ástæða fyrir því, að stöðlun í byggingariðnaði Dana er ekki eins mikil og í Svíþjóð.

Niðurlag.

Í framangreindum löndum er unnið mikið að alls konar tilraunum og rannsóknum á byggingariðnaðinum. Einnig er geysimikið starf lagt í skýrslusöfnun og hagfræðilegar ransóknir varðandi húsnæðismálin. Óefað á þetta allt eftir að móta þróun byggingarframkvæmdanna í náinni framtíð.

Þátttaka ríkisins í lánveitingum til íbúðabygginga er sá grunnur, sem allt annað byggist á. Árið 1955 byggðu Danir um 24 000 íbúðir eða sem næst 5.4 íbúðir á 1000 íbúa. Í Noregi voru byggðar á sama ári rúml. 32 000 íbúðir eða 9.5 íbúðir á móti 1000 íbúum. Í báðum þessum löndum fást ríkislán út á 80—90% íbúðanna. Árið 1955 voru byggðar um 58 000 íbúðir í Svíþjóð, ca. 7.8 íbúðir á móti 1000 íbúum. Þar af voru um 93% íbúðanna byggðar fyrir tilstyrk ríkislána.

Heildarlánsupphæð til hverrar íbúðar miðar að því, að öllum þorra manna sé ekki ofvaxið að kaupa sér rétt til húsnæðis. Með lágum vöxtum og húsaleigustyrkjum er reynt að leysa þann vanda, að hinir lægst launuðu geti veitt sér vandað og ekki of þröngt húsnæði. Í þessu sambandi er vert að geta þess, að kjallaraíbúðir í hinum nýju húsum sjást hvergi, enda veitir ríkið ekki lán til slíkra bygginga. Í gegnum lánveitinguna eru gerðar kröfur um stærðir íbúðanna, frágang þeirra og sjálfsögð almenn þægindi, en jafnframt litið til þess, að hvergi gæti óhófs. Óeðlilegur gróði á húsasölu virðist vera útilokaður. Á þessari lánastarfsemi ríkisins hvílir enn fremur skipulagning og starf samvinnubyggingarfélaganna og það samstarf, sem tekizt hefur á milli þeirra og byggingarfyrirtækja, er annast hinar verklegu framkvæmdir eftir leiðum frjálsrar samkeppni.

Reykjavík í apríl 1957.

Halldór Halldórsson.

Fylgiskjal II.

Lausleg áætlun um lánveitingar og fjármagn byggingarsjóðs ríkisins.

	A-lán			Lán til útrýmingar heilsusp. húsn.	Lán alls	Eign í árslok
	Af fé varasjóðs (byggingarsjóðs)	Framlög	Samtals			
1956	–	–	–	–	–	69 350
1957	6 850	3 000	9 850	4 000	13 850	80 020
1958	7 840	15 330	23 330	4 000	27 330	103 700
1959	9 790	8 660	18 450	4 000	22 450	122 270
1960	11 340	8 670	20 010	4 000	24 010	142 090
1961	12 980	8 660	21 640	4 000	25 640	163 230
1962	14 730	8 670	23 400	4 000	27 400	185 780
1963	16 610	8 660	25 270	4 000	29 270	209 830
1964	18 620	8 670	27 290	4 000	31 290	235 500
1965	20 780	8 660	29 440	4 000	33 440	262 900
1966	23 080	8 670	31 750	4 000	35 750	292 170

Fylgiskjal III.

Lausleg áætlun um tekjur af skyldusparnaði (miðað við óbreytt verðlag og tekjur).

	Innkomið nýtt sparifé	Vextir 6%	Útgreitt 15% á ári	Sjóður í árslok
1957	7 500	–	–	7 500
1958	15 000	450	1 125	21 825
1959	15 000	1 310	3 270	34 865
1960	15 000	2 090	5 230	46 725
1961	15 000	2 800	7 010	57 515
1962	15 000	3 450	8 630	67 335
1963	15 000	4 040	10 100	76 275
1964	15 000	4 575	11 440	84 410
1965	15 000	5 065	12 660	91 815
1966	15 000	5 510	13 770	98 555

Nd. 437. Lög [143. mál]

um breyting á lögum nr. 25 1955, um breyting á lögum nr. 23 1953, um leigubifreiðar í kaupstöðum.

(Afgreidd frá Nd. 11. maí.)

Samhljóða þskj. 426.

Nd. 438. Nefndarálit [85. mál]

um frv. til l. um heimili fyrir öryrkja vegna geð- og taugasjúkdóma.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Eins og fram kemur í áliti meiri hluta heilbrigðis- og félagsmálanefndar á þskj. 424, hefur nefndin ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hlutinn leggur til, að því sé vísað til hæstv. ríkisstjórnar, en við leggjum til, að frv. verði samþykkt.

Nefndin hefur rætt frv. á nokkrum fundum og sent það til umsagnar landlæknis og yfirlæknis á Kleppi.

Allir nefndarmenn voru sammála um, að æskilegt væri, að gerð væri tilraun með slíkt heimili, en meiri hl. nefndarinnar taldi ekki fært að samþykkja það nú á þessu þingi, eftir að búið er að afgreiða fjárlög. Við teljum hins vegar, að þörfin á heimilinu sé svo brýn, að ekki megi lengur dragast að hefja undirbúning að stofnun þess.

Þetta mál hefur verið athugað gaumgæfilega, og sú athugun bendir til þess, að slík heimili gætu losað rúm í geðveikrahæli, svo að verulegu næmi, enn fremur, að miklu ódýrara er að reisa slíkt heimili en að stækka geðveikrahælið, sem óhjákvæmilegt verður, ef ekki er farið inn á nýja braut. Fyrir ríkissjóð er þetta því mjög hagkvæm lausn, svo hagkvæm, að heimilið beinlínis borgaði sig fjárhagslega fyrir ríkissjóð á nokkrum árum, þótt hann legði fram allan stofnkostnað. En samkvæmt áætlun Geðverndarfélagsins er gert ráð fyrir, að það nægi, rekstrarkostnaðinn geti heimilismenn sjálfir borið.

Víða um land munu vera geðsjúklingar, sem nauðsynlega þurfa sjúkrahúsvist, en ekki er hægt að taka við vegna þrengsla.

Má því ekki að nauðsynjalausu tefja, að úr sé bætt að nokkru, þegar það er jafnauðvelt og hér er bent á.

Alþingi, 11. apríl 1957.

Kjartan J. Jóhannsson, frsm. Ragnhildur Helgadóttir.

Fylgiskjal I.

HELGI TÓMASSON

Reykjavík, 18. jan. 1957.

Ég hef meðtekið til umsagnar frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis frv. til laga um heimili fyrir öryrkja vegna geð- og taugasjúkdóma.

Það er skemmst um mál þetta að segja, að ég álít, að nái það fram að ganga, geti það verið þýðingarmikið spor í þá átt (1) að hjálpa geðsjúklingum til þess að verða heilbrigðir og starfandi þjóðfélagsborgarar, og (2) að hjálpa sumum, sem ekki er von til að verði heilbrigðir, til þess þó að geta starfað sem nýtir borgarar, lifað öðrum til minni byrði og sjálfum sér til ánægju.

Af hverjum þeim 100 sjúklingum, er veikjast svo á geði, að þeir þurfi á sjúkrahússvist að halda, er vitað, að hér á landi verða um 15 innlyksa á spítala, þ. e. króniskt veikir. 3—4 deyja á fyrsta ári, en hinir, rúm 80%, fara út í lífið aftur. Af þeim veikjast um 16% aftur innan 5 ára, eða 12—13 manns, og ¾ af þessum veikjast þá aðeins í það eina sinn á ný, en ¼, eða 3—4 af hverjum 100, sem veikjast í fyrsta sinn, svo að þeir þurfi á spítalavist að halda, veikjast á ný oftar en einu sinni, flestir tvisvar, en þó einstaka oftar og sumir margoft, stundum svo, að það stutt er á milli veikindakastanna, að varla tekur því fyrir sjúklinginn að fara af spítalanum, með því að þolinmæði aðstandenda er þá venjulega fljótt þrotin til þess að taka á móti sjúklingunum. Hygg ég, að einn maður muni veikjast þannig 3.—4. hvert ár eða svo hér á landi.

Sem stendur mun láta nærri, að um 185 manns veikist árlega svo í fyrsta sinn, að þeir þurfi á geðspítalavist að halda. Af þeim verða 28 króniskt veikir, spítala- eða hælisvistar þurfi, 7—8 af þeim, sem batnar, veikjast á ný oftar en tvisvar, og af þeim einn öðru hvoru svo margoft, að hann af þeim ástæðum að lokum tæplega á afturkvæmt út í lífið, þó að hann á milli veikindakastanna gæti verið á við meðalmann til ýmissa starfa. Um marga af þessum mönnum er það svo, að ef þeir dvelja á spítalanum langvistum eða í öðru skýlandi umhverfi, þá virðist þeim minni hætta á að fá endurtekin veikindaköst en ella.

Eru venjulega 10—12 manns, sem þannig er ástatt um hér á Kleppsspítala (alkoholistar ekki meðtaldir), þ. e. a. s. sjúklingar, sem í augnablikinu eru frískir til þess að gera og um lengri eða skemmri tíma í einu gætu verið utan spítalans, ef þeir hefðu einhvers staðar höfði sínu að að halla, þar sem þeir gætu talið vera sitt heimili.

Auk þess eru venjulega nokkru fleiri króniskt veikir sjúklingar, sennilega 18—20 að jafnaði, sem enga eiga að, er við þeim gætu tekið, en gætu verið svo og svo mikið utan spítalans, í skýlandi umhverfi, og þar unnið nokkra arðbæra vinnu, a. m. k. í köflum.

Loks er svo um marga sjúklinga í afturbata, að þeir treysta sér illa að hefjast handa, er þeir koma beint af sjúkrahúsinu, en gengur betur, ef hægt er á einhvern hátt að brúa bilið fyrir þá á milli sjúkrahússins og lífsins utan þess, t. d. með dvöl á hressingarheimili eða iðnheimili, eins og talað er um í frv. Er þá oft betra, að heimili þau, sem um er að ræða, tilheyri formlega ekki spítalanum, heldur að sjúklingurinn sé brautskráður þaðan, þó að náin samvinna verði að vera á milli þess og spítalans, einkum læknis og ármanna eða árkvenna hans. — Eru því svipuð heimili annars staðar oftast rekin af einhverjum kirkjufélögum eða góðgerðafélögum eða sem sjálfseignarstofnanir. Og er framlag þessara félaga venjulega aðeins meiri eða minni persónuleg sjálfboðavinna við það að vera bakhjarl heimilismanna, en einmitt það virðist margt þessa fólks fyrst og fremst vanta, að eiga samúð einhvers lifandi mannlegs vinar, sem við er mælandi og einhvers má sín, heldur en ópersónulegrar stofnunar eða hælis. Fyrir geðheilsu manna skiptir þetta oft sköpum.

Til þess að þannig persónulegt samband geti orðið, má heimilið ekki vera of stórt, 6—8 manns, með einni húsmóður, og þarf þá að vera stutt af einum til þrem góðviljuðum sjálfboðaármönnum eða árkonum, t. d. á vegum Geðverndarfélagsins og í samvinnu við lækni og sjúkrahúsið.

Þess vegna hefur fyrst komið til mála að reyna að fara af stað með aðeins eitt 6—8 manna heimili.

Á Kleppsspítala er þegar nokkur reynsla með vinnulækningar, og auðvitað gæti rekstur svona heimilis eða heimila verið liður í rekstri geðspítalans. En með því missti það þó sennilega síns aðalmarks, að vera brú á milli spítalans og lífsins, einmitt þegar hjálpa þarf sjúklingnum að losna við spítalann og það veikindaandrúmsloft, sem sjúkrahúsunum enn þá fylgir, og að komast út í iðandi heilbrigt líf. Vitanlega ganga vinnulækningar á spítalanum sinn gang fyrir þessu.

Af þessum sökum er æskilegt, að formlega komi þarna inn annar aðili, eins og

t. d. Geðverndarfélagið, sem sæi um reksturinn, aðstoðaði við útvegun á heppilegri vinnu eða heppilegum iðnaði, sölu á honum o. s. frv.

Rekstur slíkra heimila, eða slíks heimilis, má vænta að verði sæmilega hagkvæmur, ef stærðin ekki fer fram úr „heimilisstærðinni", þ. e. a. s. ekki fer að verða „stofnun". Framlag heimilisfólksins er gert ráð fyrir að þyrfti að vera fullur örorkustyrkur að viðbættri 2—3 klst. vinnu á dag, a. m. k. fyrst um sinn. Ætti þetta að nægja til daglegs rekstrar og til þess að leggja nokkuð í „stofnsjóð" heimilisins, eða sjóð til þess að færa út starfsemina. Það, sem fólkið ynni umfram 2—3 klst. á dag, fengi það greitt venjulegt kaup fyrir, sem það réði sjálft, hvernig það ráðstafaði. Vitanlega þyrfti um rekstrarfyrirkomulag að vera samkomulag við Tryggingastofnunina, þannig að fólkið héldi örorkustyrk sínum, á meðan það dveldi á heimilinu.

8 sjúklingar, sem sem stendur eru á Kleppsspítala og fyrirsjáanlega munu verða þar um næstu 10 ár, munu koma til með að kosta hið opinbera (miðað við dagkostnað 1955) 71.46 kr. á dag, eða rúm 26 þús. kr. á ári hver, 260 þús. kr. að viðbættum vöxtum í 10 ár, eða rúmar 2 millj. kr. auk vaxta allir.

Ef þessir sömu menn geta dvalið á heimili eins og hér um ræðir, mundi kostnaður hins opinbera þeirra vegna vera (miðað við hámarksörorkustyrk 1956) 8217 kr. á ári fyrir hvern, eða rúm 82 þúsund á mann að viðbættum vöxtum yfir 10 ár, eða rúm 656 þúsund að viðbættum vöxtum fyrir þá alla. Mismunurinn er um hálf önnur milljón króna, sem það kostar meira að hafa sjúklinga þessa á spítala heldur en á iðnheimili, ef á því er völ.

Af þessari upphæð (1½ millj. kr.) fer frv. fram á, að Geðverndarfélaginu sé lánað ein milljón króna, eða því sem næst mismunurinn á því, sem fyrirsjáanlega mun kosta að vista þetta fólk á spítala og á iðnheimili, eins og um ræðir í frv. (að viðbættum vöxtum af milljóninni).

Með því að ríkissjóður hafi veð í eigninni, sem félagið þyrfti að kaupa, virðist áhætta ríkissjóðs ekki vera mikil við að gera þessa tilraun.

Jafnframt mundu og losna 8 rúm í Kleppsspítala, og mundi kosta hátt upp í milljónina, ef ætti að nýbyggja þau til viðbótar.

Þá má á það benda, að það getur verið nokkurs virði í heilbrigðismálum yfirleitt, og þá ekki síst geðheilbrigðismálum, fyrir heilbrigðisstjórnina (og sjúklinga) að fá til samvinnu áhugafélög borgaranna um ýmsa þætti heilbrigðismála. Þó að Geðverndarfélag Íslands sé ungt og fámennt til þess að gera og láti ekki mikið yfir sér eða til sín taka út yfir það að fræða félaga sína um ýmislegt, er varðar geðheilbrigði, þá eru þó í því ýmsir menn, sem meiri skilning hafa sýnt á þessum málum en gerist og gengur, svo sem dómarar, málflutningsmenn, prestar, hjúkrunarkonur, kennarar, læknar o. fl. o. fl. Félagið er aðili að alþjóðafélagasambandi geðverndarfélaga, sem m. a. er sá aðili, er hefur almennast yfirlit yfir geðheilbrigðismál í öllum löndum. Það hefur einnig, þótt í kyrrþey sé, þegar aðstoðað allmargt fólk á ýmsan hátt í erfiðleikum þess í sambandi við geðsjúkdóma svo og unnið nokkuð að almennri fræðslu um geðheilbrigðismál.

Ég býst við, að félaginu mundi ekki verða skotaskuld úr því, að koma iðnheimili í gang og finna hæfilegt form fyrir rekstri þess.

Það er því álit mitt, að efni frumvarpsins sé hið þarfasta mál.

Virðingarfyllst,

Helgi Tómasson.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis.

Fylgiskjal II.

LANDLÆKNIR

Reykjavík, 19. desember 1956.

Háttvirt heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis hefur sent mér til umsagnar frumvarp til laga um heimili fyrir öryrkja vegna geð- og taugasjúkdóma á þskj. 135.

Mér virðist, að hér sé brytt upp á eftirtektarverðri hugmynd og þess eðlis, að fögnuð mætti vekja, að áhugafólk taki sig fram um að vinna að henni og leita eftir því, hvernig takast kynni í reynd, en hér mun vera um slíka nýjung að ræða, að erfitt er að spá um árangur fyrir fram. Allt fyrir það tel ég hugmyndina þess verða, að hið opinbera styðji tilraunina frá byrjun og fylgist rækilega með henni. Sá stuðningur, sem farið er fram á, virðist mér hóflegur og sanngjarn, og tel ég mér skylt, um leið og mér er ljúft, að mæla hið bezta með því, að hann verði látinn í té.

Vilm. Jónsson.

Til heilbrigðis- og félagsmálanefndar neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Ed. 439. Nefndarálit [148. mál]

um frv. til laga um eyðingu refa og minka.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Upphaf 2. gr. orðist svo:
   Veiðistjóri skal, svo sem kostur er, afla upplýsinga um refa- og minkastofninn og útbreiðslu hans í landinu, leiðbeina veiðimönnum o. s. frv.
2. Við 3. gr. 1. málsgr. orðist svo:
   Sýslumenn og bæjarfógetar skulu ásamt veiðistjóra sjá um, að stjórnir bæja og sveita annist eyðingu refa og minka, hver á sínu svæði. Eigi fleiri sveitir eða bæir sameiginlegt upprekstrarland, skal fela stjórn viðkomandi upprekstrar- eða fjallskilafélags eyðingu nefndra vargdýra, og skal kostnaði við eyðingu jafnað á þá aðila, er upprekstrarrétt eiga, án tillits til þess, hvort upprekstrarréttur er notaður eða ekki.
3. Við 9. gr. Í stað orðanna „kr. 125.00 í verðlaun“ í 2. málsgr. komi: kr. 150.00 í verðlaun.
4. Við 10. gr. Í stað síðasta málsliðar komi:
   Ekki má láta hunda hlaupa á greni á grenjavinnslutímanum. Varast skal einnig að hafa þar óþarfa umgang eða hark.
5. Við 11. gr. Í stað fyrsta málsliðar komi:
   Skylt er að eitra fyrir refi og minka ár hvert í afréttum og heimalöndum, þar sem þessara vargdýra hefur orðið vart. Veiðistjóri getur þó ákveðið, að ekki skuli eitrað á vissum svæðum, ef henta þykir eða hætta er á, að eitrið geti útrýmt sjaldgæfum fuglategundum úr náttúruríki landsins.

Einn nefndarmanna (FRV) var fjarstaddur.

Alþingi, 11. apríl 1957.

Páll Zóphóníasson, form.	Sigurvin Einarsson, fundaskr.	Friðjón Þórðarson, frsm.
	Sigurður Ó. Ólafsson.	

Nd. 440. Frumvarp til umferðarlaga. [117. mál]

(Eftir 3. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 422 með þessum breytingum:

24. gr. hljóðar svo:

Sérhver ökumaður skal vera líkamlega og andlega fær um að stjórna ökutæki því, sem hann fer með.

Enginn má aka eða reyna að aka ökutæki, ef hann, vegna veikinda, ofreynslu, svefnleysis, undanfarandi neyzlu áfengis, æsandi eða deyfandi lyfja eða annarra slíkra orsaka, er haldinn slíkri þreytu eða sljóleika, að hann geti eigi stjórnað ökutækinu á tryggilegan hátt. Það telst til þyngingar við ákvörðun refsingar, ef maður hefur í slíku ástandi ekið leigubifreið til mannflutninga.

Enginn má neyta æsandi eða deyfandi lyfja við akstur vélknúins ökutækis.

Tóbaksreykingar eru bannaðar við akstur leigubifreiða til mannflutninga.

Eigi má fela manni, sem er í því ástandi, sem um ræðir í 2. mgr., stjórn ökutækis.

Ákveða má í reglugerð lágmark hvíldartíma í sólarhring hverjum fyrir ökumenn, og skal þá höfð hliðsjón af hættu, sem stafað getur af ofþreytu eða svefnleysi.

47. gr. hljóðar svo:

Þegar ökutæki mætast, skulu stjórnendur þeirra aka út að vinstri brún akbrautar í tæka tíð og draga úr hraða, ef nauðsyn krefur. Ef hindrun er á vegi, skal ökumaður, sem ekur á þeim vegarhelmingi, þar sem hún er, nema staðar, ef nauðsynlegt er.

Ef ökutæki mætast, þar sem vegur er svo mjór, að hvorugt kemst fram hjá öðru, áhættulaust, skal sá ökumaður, sem betur fær því við komið, aka út af vegi eða aftur á bak.

Ökumenn skulu hleypa fram fyrir sig á hægri hönd þeim, sem fram fyrir vilja. Eigi má aka fram úr ökutæki, nema unnt sé án hættu eða óþæginda fyrir aðra umferð, enda sé útsýn yfir akbraut góð. Eigi má aka fram úr ökutæki á vegamótum, beygjum, ef þær eru brattar eða þröngar, né við eða á afmörkuðum brautum fyrir gangandi fólk.

Aka skal fram fyrir ökutæki hægra megin við það. Ef ástæða er til, skal sá, sem fram hjá ætlar, gefa þeim, sem á undan fer, merki, þannig að hann megi vita um þá ætlan. Sá, sem á undan er, skal þá, er hann verður var við þann, sem á eftir kemur, víkja til vinstri og draga úr hraða, ef nauðsynlegt er, eða nema staðar, þannig að áhættulaust sé að aka fram hjá. Sá, sem fram fyrir hefur ekið, má ekki aka að vinstri brún akbrautar, fyrr en hann er kominn svo langt, að hinu ökutækinu geti ekki stafað hætta eða veruleg óþægindi af.

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. má við vegamót, ef aðstæður leyfa, aka vinstra megin fram hjá ökutæki, sem á undan fer, ef ökumaður þess gefur greinilega merki um, að hann ætli að aka til hægri.

Þar sem akbraut er skipt í tvær eða fleiri merktar akreinar með sömu akstursstefnu, má aka vinstra megin fram úr ökutæki, en gæta skal þá sérstakrar varúðar.

Aka má fram hjá vegagerðartæki með þeim hætti, sem hagkvæmastur er, miðað við aðstæður, enda sé gætt sérstakrar varúðar.

73. gr. hljóðar svo:

Nú hefur viðurkennt vátryggingarfélag, sbr. 70. gr., greitt bætur samkvæmt framangreindu, og á það þá endurkröfurétt á hendur hverjum þeim, sem valdið hefur slysi eða tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Lækka má endurkröfuna með hliðsjón af sök tjónvalds, efnahag hans, fjárhæð tjónsins og öðrum atvikum. Bannað er að kaupa tryggingu gegn endurkröfu vátryggingarsala.

80. gr. hljóðar svo:

Brot gegn lögum þessum og reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, varðhaldi eða fangelsi, allt að einu ári.

Við ákvörðun sekta skal hafa hliðsjón af efnahag sökunauts. Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð.

Brot gegn 2. sbr. 4. mgr. 25. gr., misnotkun merkja þeirra, sem 2. og 3. mgr. 40. gr. fjalla um, notkun skráningarmerkis á annað ökutæki en til er ætlazt og akstur vélknúins ökutækis, er ökumaður hefur verið sviptur ökuleyfi eða réttindum til að öðlast það, varðar varðhaldi eða fangelsi, allt að tveim árum.

Ítrekuð brot gegn 1., 2. sbr. 3. og 6. mgr. 25. gr. og 2. og 5. mgr. 24. gr., varða varðhaldi eða fangelsi allt að tveim árum.

Ef brot gegn lögum þessum eða reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, er framið eftir fyrirmælum eða með vitund og vilja bifreiðareigandans eða stjórnanda í starfi, skal honum einnig refsað fyrir brotið.

Mál út af brotum gegn lögum þessum og reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, skulu rekin að hætti opinberra mála.

Nd. 441. Breytingartillaga [16. mál]

við frv. til l. um breyting á lögum nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Meginmál a-liðar 1. gr. orðist svo:

Á hverju þilfarsskipi skal þó, auk annarra björgunartækja, sem ákveðin eru í lögum eða reglugerðum á hverjum tíma, vera gúmbjörgunarbátur, einn eða fleiri, og sé stærð þeirra miðuð við, að þeir rúmi minnst þá, sem á skipi eru. Ráðherra setur í reglugerð fyrirmæli um gerð þeirra og búnað. Skipaskoðunarstjóri veitir þeim, sem hafa ekki þegar aflað sér gúmbáta í skip sín, hæfilegan frest til öflunar þeirra. Með reglugerð um notkun björgunartækja, er ráðuneytið setur, skal eftir föngum tryggja það, að sjómönnum verði kennd meðferð gúmbjörgunarbáta.

Ed. 442. Nefndarálit [150. mál]

um frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1954.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og borið það saman við ríkisreikninginn. Láðst hefur að bæta á rekstrarreikning kr. 2 097 757.50, sem flutt er af 24. gr., við 27. tölul. frv. Ber nefndin fram brtt. til lagfæringar á því.

Yfirskoðunarmenn hafa að venju borið fram ýmsar athugasemdir við ríkisreikninginn. Eftir að hafa fengið svör ráðherra leggja yfirskoðunarmenn ýmist til, að við svo búið megi standa eða að athugasemdin sé til athugunar framvegis o. s. frv. 4.—7. og 17. athugasemd vísa þeir til aðgerða Alþingis. En hvaða ráðstafanir sem Alþingi kynni að gera út af þessum atriðum, mundu þær ekki breyta ríkisreikningnum fyrir árið 1954. Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við útborganir, 27. tölul. Fyrir „4 381 991.69“ komi: 6 479 749.19.
2. Við greiðslujöfnuð. Fyrir „48 999 282.56“ komi: 46 901 525.06.

Alþingi, 10. apríl 1957.

Bernh. Stefánsson, form., frsm. Björn Jónsson, fundaskr. Eggert G. Þorsteinsson.
Jóhann Þ. Jósefsson. Gunnar Thoroddsen.

Nd. 443. Lög [133. mál]

um vísitölu byggingarkostnaðar.

(Afgreidd frá Nd. 12. apríl.)

Samhljóða þskj. 325.

Nd. 444. Lög [137. mál]

um breyting á lögum nr. 14 4. apríl 1955, um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

(Afgreidd frá Nd. 12. apríl.)

Samhljóða þskj. 358.

Nd. 445. Breytingartillögur [117. mál]

við frv. til umferðarlaga.

Frá Skúla Guðmundssyni.

1. Við 70. gr. Við greinina bætist ný málsgrein, þannig:
   Tryggingarfélagi er ekki heimilt að borga skaðabótakröfu samkv. þessari grein, nema lögreglurannsókn hafi farið fram á því slysi eða tjóni, sem krafan er gerð út af.
2. Við 73. gr. Á eftir 2. málslið komi tveir nýir málsliðir, svo hljóðandi:
   Skylt er þó að krefja um eigi minna en 30% af tjóninu. Endurkröfurétti þessum fylgir lögveð samkvæmt reglunni í 69. gr., síðustu málsgr., þó þannig, að veðband það, sem um ræðir í þeirri grein, gangi fyrir.
3. Við 81. gr.
   a. 2. málsgr. orðist svo:
      Nú hefur stjórnandi vélknúins ökutækis gerzt brotlegur við 1. eða 2. sbr. 3. og 4. mgr. 25. gr., og skal hann þá að fullu sviptur ökuleyfi eða rétti til að öðlast það.
   b. Í stað 1. og 2. málsl. 3. málsgr. komi:
      Réttindasvipting samkv. 1. málsgr. skal vera um ákveðinn tíma, eigi skemur en 1 ár, eða að fullu og öllu, ef miklar sakir eru eða um ítrekað brot er að ræða.
   c. Orðin „nema 6 ár séu liðin frá síðustu réttindasviptingu“ í niðurlagi 4. málsgr. falli burt.

Ed. 446. Frumvarp til laga [16. mál]

um breyting á lögum nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

a. Aftan við 2. tölulið D-liðar 34. gr. laganna komi:
Á hverju þilfarsskipi skal þó, auk annarra björgunartækja, sem ákveðin eru í lögum eða reglugerðum á hverjum tíma, vera gúmbjörgunarbátur, einn eða fleiri, og sé stærð þeirra miðuð við, að þeir rúmi minnst þá, sem á skipi eru. Ráðherra setur í reglugerð fyrirmæli um gerð þeirra og búnað. Skipaskoðunarstjóri veitir þeim, sem hafa ekki þegar aflað sér gúmbáta í skip sín, hæfilegan frest til öflunar þeirra. Með reglugerð um notkun björgunartækja, er ráðuneytið setur, skal eftir föngum tryggja það, að sjómönnum verði kennd meðferð gúmbjörgunarbáta.

b. Síðasti málsliður 4. töluliðar D-liðar 34. gr. laganna orðist svo:
Ef öruggt þykir, má leyfa, að slík tæki komi að nokkru leyti í stað báta, annarra en gúmbáta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 447. Frumvarp til laga [148. mál]

um eyðingu refa og minka.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Landbúnaðarráðuneytið hefur yfirstjórn allra mála, er varða eyðingu refa og minka.

Ráðuneytið nýtur aðstoðar veiðistjóra, sem skipaður er af landbúnaðarráðherra. Skal hann hafa sérþekkingu á lifnaðarháttum minka og refa og veiðiaðferðum þeim, sem unnt er að beita gegn vargdýrum þessum.

2. gr.

Veiðistjóri skal, svo sem kostur er, afla upplýsinga um refa- og minkastofninn og útbreiðslu hans í landinu, leiðbeina veiðimönnum, er fást við eyðingu refa og minka, halda námskeið fyrir veiðimenn og skipuleggja aðgerðir á stærri svæðum, þegar nauðsyn þykir, og gera tilraunir með ný tæki og vinnsluaðferðir, er líklegar þykja til þess að eyða dýrum þessum. Hann skal árlega gera yfirlit um veiðiaðgerðir í landinu og árangur þeirra, enda er sýslumönnum skylt að senda honum allar veiðiskýrslur og upplýsingar, er veiðistjóri þarf vegna starfs síns. Yfirlit þetta skal birta ár hvert opinberlega.

Skylt er veiðistjóra að gera tillögur til landbúnaðarráðuneytisins um allt það, er hann telur að stuðla megi að útrýmingu refa og minka.

3. gr.

Sýslumenn og bæjarfógetar skulu ásamt veiðistjóra sjá um, að stjórnir bæja og sveita annast eyðingu refa og minka, hver á sínu svæði. Eigi fleiri sveitir eða bæir sameiginlegt upprekstrarland, skal fela stjórn viðkomandi upprekstrar- eða fjallskilafélags eyðingu nefndra vargdýra, og skal kostnaði við eyðingu jafnað á

þá aðila, er upprekstrarrétt eiga, án tillits til þess, hvort upprekstrarréttur er notaður eða ekki.

Nú hefur hreppur farið í eyði, og skal þá sýslumaður sjá um framkvæmd laga þessara á því svæði á kostnað ríkissjóðs, sem svarar hluta hreppsins.

4. gr.

Sérhver sveitar- og bæjarstjórn eða stjórn upprekstrarfélags, sbr. 3. gr., skal á hverju vori sjá um grenja- og minkaleitir í heima- og afréttarlöndum hreppsins (bæjarfélagsins), hvort sem lönd þessi liggja utan eða innan sýslufélagsins (bæjarfélagsins), og sjá um vinnslu grenja og minkabæla.

5. gr.

Stjórnir sveita, bæja eða upprekstrarfélaga skulu ráða veiðimenn, einn eða fleiri, til þess að leita að og vinna greni og minkabæli á þeim svæðum, sem þeim ber skylda til.

Ráða skal sérstakan mann eða menn (skotmenn) til þess að vinna greni. Heimilt er einnig að ráða vökumann, sem skotmaður tekur gildan til þess að vera með skotmanni á greni.

Þar sem betur þykir henta, skal að fengnu samþykki skotmanns ráða sérstakan mann eða menn til þess að vinna mink og minkabæli. Skal sýslumaður, í samráði við veiðistjóra, hafa eftirlit með því, að veiðimenn þessir geri tvisvar á ári að minnsta kosti skipulagða leit á þeim slóðum í lögsagnarumdæminu, sem minka er helzt von, í því skyni að eyða mink.

Veiðimenn þeir, sem hér um ræðir, skulu reiðubúnir til starfs, þegar þörf krefur og hvenær sem greni eða minkabæli finnst.

6. gr.

Óheimilt er öðrum en skotmönnum, sem til þess eru ráðnir samkvæmt 5. gr., að vinna greni eða taka yrðlinga, nema svo hafi staðið á, að ekki hafi náðst til skotmanns í tæka tíð.

7. gr.

Þegar greni finnst, sem lagt er í, hvort heldur í grenjaleit eða á öðrum tíma, skal það ekki yfirgefið, ef kostur er, fyrr en skotmaður er kominn á vettvang. Ef einn maður finnur grenið, og geti hann ekki komið vitneskju til skotmanns nema fara sjálfur, skal hann hraða för sinni og tilkynningu um fundinn svo sem frekast er unnt. Kostnaður við slíkt telst með öðrum refaeyðingarkostnaði.

8. gr.

Skotmenn og vökumenn, sem liggja á grenjum, sbr. 5. gr., skulu taka laun fyrir störf sín samkvæmt samningi við aðila þá, er sjá um vinnslu grenja. Heimilt er að semja um verðlaun fyrir unnin dýr og yrðlinga, þegar ráðningarkjör veiðimanna þessara eru ákveðin.

Á sama hátt skal semja um kaup þeirra manna, er taka að sér að vinna mink og minkabæli, sbr. 5. gr.

9. gr.

Nú vinnst hlaupadýr, og á þá sá, sem vinnur, kr. 250.00 í verðlaun fyrir hverja tófu.

Fyrir hvern mink, sem vinnst, skulu greiddar kr. 150.00 í verðlaun. Oddviti (bæjarstjóri) greiðir verðlaun þessi, enda séu honum færðar sannanir fyrir vinnslu dýranna.

10. gr.

Stjórnir sveitar- og bæjarfélaga skulu halda skrá yfir öll þekkt greni ásamt lýsingu á þeim. Gera má vörður eða skotbyrgi við greni, þar sem þörf er, og skulu skotmenn halda þeim við.

Heimilt er að eyðileggja greni, sem torunnin eru, og lagfæra önnur, sem eru auðunnin. Um slíkar aðgerðir skal hafa samráð við oddvita eða veiðistjóra. Ekki má láta hunda hlaupa á greni á grenjavinnslutímanum. Varast skal einnig að hafa þar óþarfa umgang og hark.

11. gr.

Skylt er að eitra fyrir refi og minka ár hvert í afréttum og heimalöndum, þar sem þessara vargdýra hefur orðið vart. Veiðistjóri getur þó ákveðið, að ekki skuli eitrað á vissum svæðum, ef henta þykir eða hætta er á, að eitrið geti útrýmt sjaldgæfum fuglategundum úr náttúruríki landsins. Skal við eitrun fylgja leiðbeiningum og fyrirmælum veiðistjóra. Stýfa skal hægri væng fugla, sem eitraðir eru. Oddvitar eða bæjarstjórar sjá um eitrun, hver á sínu svæði. Héraðslæknar og lyfjaverzlanir láta oddvitum í té eitur samkvæmt fyrirmælum landbúnaðar- og heilbrigðismálaráðuneytisins.

12. gr.

Oddvitar, bæjarstjórar eða formenn upprekstrarfélaga skulu árlega gera skýrslur um eyðingu refa og minka, hver á sínu svæði, og skulu skýrslurnar, í tvíriti, fylgja reikningum yfir veiðikostnað til sýslumanns. Óheimilt er að greiða reikninga þessa nema veiðiskýrslur fylgi.

13. gr.

Stjórnir sveitarfélaga eða aðrir, sem annast eyðingu refa og minka samkvæmt lögum þessum, skulu ár hvert gera sundurliðað reikningsyfirlit um kostnað við starfsemi þessa. Skulu reikningar lagðir fyrir sýslunefnd til úrskurðar. Nú úrskurðar sýslunefnd reikninga rétta og hóflega, og ber þá að endurgreiða þeim aðilum, sem annast eyðingu minka og refa, 5/6 hluta upphæðarinnar, greiðast 2/3 hlutar af því úr ríkissjóði, en 1/6 hluti úr sýslusjóði.

Veiðistjóri tekur laun samkvæmt VI. flokki launalaga auk nauðsynlegs ferða- og skrifstofukostnaðar.

14. gr.

Landbúnaðarráðuneytið setur að fengnum tillögum veiðistjóra reglugerð um meðferð og notkun eiturs til eyðingar refa og minka, um boga, gildrur, skotvopn og notkun þeirra. Enn fremur um skýrsluhald vegna refa- og minkaveiða.

Einnig er ráðuneytinu heimilt eftir tillögum veiðistjóra að setja fyllri ákvæði í reglugerð um efni þau, sem um ræðir í lögum þessum.

Stjórnarvaldsreglur um eyðingu refa og minka, sem settar hafa verið fyrir gildistöku þessara laga, halda gildi sínu, þar til nýjar reglur hafa verið settar.

15. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglum eða reglugerðum, sem settar eru með stoð í þeim, varða sektum allt að 10000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Nú vanrækir sveitar- eða bæjarstjórn að framfylgja fyrirmælum þessara laga, og skal þá landbúnaðarráðuneytinu heimilt að svipta það sveitar- eða bæjarfélag framlagi því úr ríkissjóði, sem gert er ráð fyrir í lögum þessum, eitt ár í senn.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi þremur almanaksmánuðum eftir birtingu þeirra. Frá sama tíma eru numin úr gildi eftirgreind lög og lagaákvæði:

Lög nr. 3 15. febrúar 1895, um auðkenni á eitruðum rjúpum.

Lög nr. 56 25. maí 1949, um eyðingu refa og minka, og lög nr. 10 23. marz 1955, um breytingu á þeim lögum.

Ed. 448. Lög [102. mál]

um breytingu á heilsuverndarlögum, nr. 44/1955.

(Afgreidd frá Ed. 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 204.

Ed. 449. Breytingartillaga [106. mál]

við frv. til laga um aukinn skattfrádrátt til handa skipverjum á fiskiskipum.

Frá fjármálaráðherra.

Síðari málsl. 1. gr. orðist svo:

Auk þeirra, sem taldir eru í h-lið 10. gr. laga nr. 46 frá 1954, skulu allir aðrir skipverjar á togurum njóta frádráttar samkvæmt þessari grein.

Nd. 450. Breytingartillögur [117. mál]

við frv. til umferðarlaga.

Frá Magnúsi Jónssyni.

1. Við 25. gr.
   a. Aftan við 1. mgr. bætist: og eigi heldur síðustu þrjár klukkustundirnar áður en akstur hefst.
   b. Í stað „0.60‰ til 1.30‰“ í 3. mgr. komi: 0.50‰ til 1.20‰.
   c. Í stað „1.30‰“ í 4. mgr. komi: 1.20‰.
   d. Aftan við 6. mgr. bætist: eða stuðla á annan hátt að því, að hann taki að sér stjórn ökutækis, svo sem með þvingunum, hótunum, hvatningum eða ginningum.
   e. Aftan við 7. mgr. bætist: og má þar m. a. kveða á um skyldu lækna til þess að framkvæma ákveðnar rannsóknir á mönnum, sem grunaðir eru um að hafa verið undir áhrifum áfengis við akstur.
   f. Á eftir 8. mgr. komi ný mgr., svo hljóðandi:
      Nú hefur maður ástæðu til að ætla, að hann sé grunaður um að hafa neytt áfengis fyrir eða við stjórn vélknúins ökutækis og að lögreglurannsókn kunni að verða gerð vegna akstursins, og má hann þá einskis áfengis neyta næstu þrjár klukkustundir, eftir að akstri lauk. Skal ella litið svo á, að það áfengismagn, sem finnast kann í blóði hans, hafi verið þar, er akstri lauk.
2. Við 81. gr.
   a. Málsliðurinn „Ef sérstakar málsbætur eru, má sleppa sviptingu réttinda vegna brota á 1. og 2. sbr. 3. mgr. 25. gr.“ í 2. mgr. falli niður.
   b. Á eftir orðunum „þó eigi skemmri en 1 ár“ í 3. mgr. komi: og aldrei skemmri en 3 mánuðir fyrir brot gegn 1. og 3. mgr. 25. gr.
   c. Aftan við 4. mgr. bætist: og þó því aðeins, að hann hafi eigi verið sviptur ökuleyfi fyrir ítrekaðan ölvunarakstur.

Ed. 451. Lög [16. mál]

um breyting á lögum nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum.

Afgreidd frá Ed. 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 446.

Sþ. 452. Tillaga til þingsályktunar [161. mál]

um athugun á stofnun lífeyrissjóðs fyrir sjómenn, verkamenn, bændur, útvegsmenn og aðra þá, sem ekki njóta lífeyristryggingar hjá sérstökum lífeyrissjóðum.

Flm.: Ólafur Jóhannesson, Björgvin Jónsson, Halldór E. Sigurðsson, Sveinbjörn Högnason, Sigurvin Einarsson, Ágúst Þorvaldsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta athuga, hvort tiltækilegt sé að stofna lífeyrissjóð fyrir sjómenn, verkamenn, bændur, útvegsmenn og aðra þá, sem ekki njóta lífeyristryggingar hjá sérstökum lífeyrissjóðum.

Greinargerð.

Á síðari árum hefur þeim starfsmannahópum stöðugt fjölgað, sem njóta lífeyristryggingar hjá sérstökum lífeyrissjóðum, sem ýmist hafa verið stofnaðir með lögum eða samningum launþega og atvinnurekenda. Er nú svo komið, að yfirleitt allir fastráðnir starfsmenn þess opinbera njóta eða eiga kost á að njóta lífeyristryggingar hjá lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins eða öðrum sérstökum lífeyrissjóðum, svo sem lífeyrissjóði barnakennara eða lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna. En upphaflega var lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins aðeins ætlaður embættismönnum. Bankarnir hafa sérstaka lífeyrissjóði fyrir starfsmenn sína, og svo er um ýmis viðskiptafyrirtæki, þ. á m. Samband ísl. samvinnufélaga. Verzlunarmannafélag Reykjavíkur hefur sinn eigin lífeyrissjóð. Njóta skrifstofu- og verzlunarmenn í Reykjavík, sem í því félagi eru, lífeyristryggingar í þeim sjóði.

Það leikur ekki á tveim tungum, að lífeyrisréttindin eru veruleg hlunnindi. Sjóðfélagar njóta ellilífeyris, sem getur farið allt upp í 60% af meðallaunum þeirra síðustu árin, auk þess sem maka og börnum sjóðfélaga er tryggður nokkur lífeyrir. Sjóðfélagi kaupir sér að vísu þessi lífeyrisréttindi með því að greiða til lífeyrissjóðsins ákveðinn hundraðshluta af launum sínum. En jafnframt greiðir atvinnuveitandi, hvort heldur er ríki eða annar, tillag til sjóðsins. En auk þess hafa sjóðfélagar, a. m. k. í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, átt þess kost að fá lán úr sjóðnum til byggingar eigin íbúða. Hafa lán þessi verið sérlega hagfelld. Hafa sjóðfélagar notið þar mikils hagræðis, og má fullyrða, að þeir margir hverjir hefðu alls ekki eignazt þak yfir höfuðið, ef ekki hefði notið við þessara lána. En með þessum hætti hafa lífeyrissjóðirnir einnig gert mikið gagn. Hjá þeim hefur orðið fjársöfnun, og með því fé hafa þeir bætt úr lánsfjárþörf.

Væntanlega verður því ekki mótmælt, að æskilegt sé, að öllum þjóðfélagsþegnum, hvar í stétt sem standa, sé séð fyrir viðunandi ellilífeyri. Það er aðalsmerki hvers þjóðfélags að búa vel að gömlu fólki. Það er auðvitað ekkert réttlæti í því, að fólk, sem á að baki langa og stranga starfsævi, verði í elli sinni að búa við öryggisleysi og stórum lakari kjör en fyrr á ævi. Með lögunum um almannatryggingar er vissulega stefnt í rétta átt, þó að ellilífeyrir samkvæmt þeim lögum sé auðvitað langt frá því að vera fullnægjandi. En skilyrði þess, að viðunandi ellilífeyrir verði greiddur, er auðvitað það, að myndaður hafi verið nægilega öflugur sjóður í því skyni. Þann sjóð þarf fyrst að mynda. Hér er því eigi aðeins spurning um það, hvað sé æskilegt, heldur og hitt, hvað sé framkvæmanlegt. Um það verður ekkert sagt nema að undangenginni ýtarlegri rannsókn.

Flutningsmönnum þessarar tillögu virðist tímabært, að það sé tekið til rækilegrar og gagngerrar athugunar, hvort tök séu á að stofna lífeyrissjóð, er veitti öllum þeim, sem ekki eru nú sjóðfélagar í hinum sérstöku lífeyrissjóðum, hliðstæð réttindi þeim, sem opinberir starfsmenn njóta. Að sjálfsögðu er þá gert ráð fyrir því, að slíkur sjóður starfaði á hreinum lífeyrisgrundvelli, þ. e. a. s. að lífeyririnn yrði keyptur gegn iðgjöldum samkvæmt útreikningi tryggingafræðinga og að menn gætu

ekki öðlazt lífeyrisréttindi, fyrr en þeir hefðu greitt til sjóðsins iðgjöld í tiltekinn tíma.

Það er skoðun flutningsmanna, að það sé í alla staði réttmætt, að þær fjölmennu starfsstéttir, sem nefndar eru í ályktun þessari, njóti hliðstæðra réttinda sem opinberir starfsmenn að því er lífeyristryggingu varðar, enda væri með þeim hætti stuðlað að auknu öryggi í þessum starfsstéttum, og e. t. v. geti það ýtt undir, að ungir menn sæktu þangað meir en nú. Hins vegar má vel vera, að á því séu ýmsir framkvæmdarerfiðleikar að láta lífeyristryggingu taka til þessara stétta. Hinir sérstöku lífeyrissjóðir hafa yfirleitt hingað til verið bundnir við fastráðna starfsmenn, en hafa ekki tekið til þeirra, sem fengizt hafa við sjálfstæðan atvinnurekstur, né heldur til lausráðinna manna. Hér hljóta fjölmörg atriði að koma til athugunar. Er eigi á færi flutningsmanna að fullyrða neitt um það á þessu stigi, hvort fært sé að taka þannig upp almenna lífeyristryggingu landsmanna allra, þótt slíkar alþjóðartryggingar muni nú hafa verið upp teknar annars staðar og almannatryggingarnar hér hjá okkur séu vísir að slíkri alþjóðarlífeyristryggingu. Við athugun máls þessa yrði að sjálfsögðu haft samráð við stéttasamtökin. Vera má, að þessi athugun leiði í ljós, að takmarka verði trygginguna við einhverjar þeirra stétta, sem hér eru nefndar.

En sé framkvæmanlegt að taka upp slíka alþjóðartryggingu, er ljóst, að hún mundi stuðla að eðlilegu og sjálfsögðu jafnrétti meðal þegnanna. Enn fremur mundu safnast sjóðir, sem að sjálfsögðu yrðu m. a. lánaðir sjóðfélögum með hliðstæðum hætti og átt hefur sér stað um lánveitingar úr lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Með stofnun slíks lífeyrissjóðs væri fólki fyrst og fremst tryggt fjárhagslegt öryggi í elli sinni. En auk þess gæti slík sjóðsstofnun stuðlað að varanlegri fjármagnsmyndun, ef rétt væri á haldið, og sjóðfélögum gætu opnazt lánsmöguleikar. Slíkur sjóður gæti t. d. létt undir með hinu almenna veðlánakerfi. Sömuleiðis væri sennilegt, að bændur og útvegsmenn gætu, ef þeir væru tryggðir í sjóðnum, fengið þar hagstæð lán til nauðsynlegra framkvæmda o. fl.

Eitt þeirra atriða, sem athuga þarf, er hversu háttað yrði stjórn alþjóðartryggingarinnar, ef til kæmi, hvort setja ætti á fót sjálfstæða stofnun eða fela Tryggingastofnun ríkisins þetta verkefni. Er engin afstaða tekin til þess hér.

Ed. 453. Breytingartillaga [106. mál]

við frv. til laga um aukinn skattfrádrátt til handa skipverjum á fiskiskipum.

Frá Sigurði Bjarnasyni og Friðjóni Þórðarsyni.

Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Öllum skipverjum, sem verið hafa lögskráðir á íslenzk fiskiskip 4 mánuði eða lengur á viðkomandi skattári, skal við ákvörðun tekjuskatts veittur sérstakur frádráttur, er nemi 30% af tekjum fyrir störf á fiskiskipum.

Sþ. 454. Nefndarálit [100. mál]

um till. til þál. um fullgildingu á alþjóðasamþykkt um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og leitað um hana álits Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt tillögunnar án breytinga, en einn nefndarmanna (BÓ) áskilur sér rétt til sérstöðu í málinu. Einn nefndarmanna (JS) var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 29. apríl 1957.

Benedikt Gröndal, form. | Eiríkur Þorsteinsson, fundaskr. | Björn Jónsson, frsm. | Ásgeir Bjarnason.
Ólafur Jóhannesson. | Björn Ólafsson, með fyrirvara.

Sþ. 455. Nefndarálit [101. mál]

um till. til þál. um fullgildingu á alþjóðasamþykkt um nauðungarvinnu eða skyldu-vinnu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt tillögunnar. Einn nefndarmanna (JS) var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 29. apríl 1957.

Benedikt Gröndal, form. | Eiríkur Þorsteinsson, fundaskr. | Björn Jónsson, frsm. | Ásgeir Bjarnason.
Ólafur Jóhannesson. | Björn Ólafsson.

Nd. 456. Nefndarálit [128. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 90 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess, en flytur nokkrar breytingartillögur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 30. apríl 1957.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. | Emil Jónsson, fundaskr. | Einar Olgeirsson.
Ólafur Björnsson. | Jóhann Hafstein.

Nd. 457. Breytingartillögur [128. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 90 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 1. gr. Á eftir 16. tölul. kemur nýr tölul., svo hljóðandi:

Nr. 7—8a í 79. kafla orðast svo:	Toll-eining	Vörumagns-tollur Aurar	Verð-tollur %
Blásturshljóðfæri:			
7 — önnur og hlutar til þeirra	1 kg	7	30
8 Harmoníkur	—	7	30
8a Hlutar til harmoníka	—	7	15

2. Við 2. gr. Á eftir p-lið kemur nýr stafliður, svo hljóðandi:
v-liður orðast svo:

v. Að fella niður eða lækka aðflutningsgjöld á allt að 50 bifreiðum árlega fyrir fólk með útvortis bæklanir eða lamanir, enn fremur fólk með lungnasjúkdóma og aðra hliðstæða sjúkdóma og loks fólk, sem þjáist af afleiðingum slysa, allt á svo háu stigi, að það getur ekki farið ferða sinna án farartækis. Enn fremur að fella niður aðflutningsgjöld af hjólastólum og gervilimum, enda sé þörf fyrir þessar vörur sönnuð með nákvæmu læknisvottorði. Eftirgefin aðflutningsgjöld af hverri einstakri bifreið mega ekki nema hærri fjárhæð en kr. 40 000.00.

Fjármálaráðherra skipar þriggja manna nefnd, sem úrskurðar umsóknir um eftirgjafir aðflutningsgjalda af bifreiðum, og er ákvörðun nefndarinnar fullnaðarúrskurður um þetta efni. Skulu nefndarmenn vera læknar, og er einn nefndarmanna skipaður eftir tilnefningu Sambands íslenzkra berklasjúklinga, annar eftir tilnefningu Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra og sá þriðji án tilnefningar.

Fjármálaráðherra setur nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara ákvæða, ef með þarf. Frá 1. júní og til ársloka 1957 er þó aðeins heimilt að fella niður eða lækka aðflutningsgjöld af 25 bifreiðum.

Nd. 458. Frumvarp til laga [106. mál]

um aukinn skattfrádrátt til handa skipverjum á fiskiskipum.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Við ákvörðun tekjuskatts skal hlífðarfatakostnaður sá, er um ræðir í h-lið 10. gr. laga nr. 46 frá 1954, hækkaður hjá togarasjómönnum um kr. 200.00 fyrir hvern lögskráningarmánuð, en kr. 300.00 hjá öðrum fiskimönnum.

Auk þeirra, sem taldir eru í h-lið 10. gr. laga nr. 46 frá 1954, skulu allir aðrir skipverjar á togurum njóta frádráttar samkvæmt þessari grein.

2. gr.

Öllum skipverjum, sem verið hafa lögskráðir á íslenzk fiskiskip í 3 mánuði eða lengur á viðkomandi skattári, skal við ákvörðun tekjuskatts veittur sérstakur frádráttur, kr. 500.00 fyrir hvern lögskráningarmánuð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 459. Nefndarálit [38. mál]

um frv. til l. um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Kópavogskaupstað land jarðanna Kópavogs og Digraness og um eignarnámsheimild á erfðafesturéttindum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og sent það til umsagnar jarðeignadeild ríkisins. Leggur nefndin einróma til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. 1. málsliður 2. málsgr. orðist svo:

Náist ekki samkomulag um söluverð landsins, skal það metið af gerðardómi, þar sem kaupandi og seljandi tilnefni hvor sinn aðila, en bæjarfógeti Kópavogskaupstaðar oddamann.

Alþingi, 30. apríl 1957.

Páll Zóphóníasson, form. Sigurvin Einarsson, fundaskr., frsm. Finnbogi R. Valdimarsson.

Friðjón Þórðarson. Sigurður Ó. Ólafsson.

Nd. 460. Nefndarálit [126. mál]

um frv. til laga um landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. um landnám, ræktun og byggingar í sveitum og orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, er nefndin flytur á sérstöku þingskjali.

Frv. það, sem hér um ræðir, felur í sér mörg nýmæli, ásamt stórauknu fjárframlagi þess opinbera til nýbýlanna og þeirra býla, sem hafa litla ræktun. Er það fagnaðarefni fyrir alla, sem hlut eiga að máli, að áfram skuli miða á þeirri braut, sem þegar er mörkuð, þ. e. aukinni nýtingu á gróðurmoldinni, sem áður fyrr skapaði þau verðmæti, sem heita mátti, að allur landslýður lifði af. Þótt með sanni megi segja nú, að hafið umhverfis landið færi okkur aðalgjaldeyristekjurnar, þá rýrir það á engan hátt gildi landbúnaðarins fyrir þjóðarbúskapinn, þar sem fækkandi fólki til sveita hefur tekizt að stórauka landbúnaðarframleiðsluna, svo að nú er flutt út bæði kjöt, gærur, ostar o. fl. Auk þess er ekki annað sýnilegt en að landbúnaðurinn geti séð íslenzku þjóðinni fyrir því, er hún þarfnast af landbúnaðarvörum, og það alveg eins, þótt fólksfjölgun haldi áfram í framtíðinni. Það er ástæða til að líta um öxl nú og sjá, hver árangurinn af landnámi ríkisins er síðustu 10 árin. Eftir upplýsingum frá landnámsstjóra, Pálma Einarssyni, hafa verið samþykkt 498 einstaklingsnýbýli og stofnað til 12 byggðahverfa í 10 sýslum, en þar koma til með að vera 70 býli, þar af 28 byggð nú. Auk þessa hafa notið styrkja landnámsins býlaflutningar 46 talsins og 109 eyðibýli notið aðstoðar.

Með þessu frv. er hækkað um helming framlag til landnáms ríkisins. Jafnframt þessu er landnáminu ætlað að skila nýbýlingum í byggðahverfum fullræktuðu 10 ha túni, en það voru áður 5 ha. Sömu réttinda eiga þeir að njóta, sem reisa einstaklingsnýbýli utan byggðahverfa. Þá skal leggja fram minnst 1½ millj. kr. árlega til þess að veita nýbýlingum allt að 25 000 kr. framlag til íbúðarhúsabygginga. — Það er kunnara en frá þurfi að segja, hversu erfitt það hefur reynzt nýbýlingum að koma fyrir sig fótunum fjárhagslega á undanförnum árum, enda þarf samtímis að mörgu að hyggja, þar sem í senn þarf að rækta og byggja yfir fólk og fénað, jafnframt því sem kaupa þarf bústofn og auka hann eftir þörfum, svo að hagstæður fjárhagsgrundvöllur náist fyrir búreksturinn. Þá er í þessu frv. aukið starfssvið nýbýlastjórnar til þess að veita fjárhagslegan stuðning til gróðurhúsaræktunar, smábýla í sveitum og til þess að koma í veg fyrir, að jarðir fari í eyði. Enn fremur er nýbýlastjórn heimilað að veita fjárhagslegan stuðning, þegar um félagsbúskap á einni og sömu jörð er að ræða, og skal sú aðstoð miðast við framlag til nýbýlamanna.

Eitt af stærstu nýmælum þessa frv. er, að landnámi ríkisins er nú ætlað að koma

til aðstoðar þeim bændum, sem hafa minna tún en 10 ha, og skal nú samkv. frv. þessu úthluta þeim viðbótarframlagi við jarðræktarframlagið, þeirri upphæð, sem á vantar til þess, að þeir fái allt að helmingi kostnaðarins við stækkun túnanna greiddan af ríkinu. Til þessa má landnámið verja 4 millj. kr. nú í ár og 5 millj. kr. næstu 4 ár. Það er sjálfsagt margt, sem veldur því, hversu ræktun hefur miðað áfram í einstökum landshlutum og á einstökum býlum undanfarin ár. En það verður að teljast höfuðnauðsyn að geta jafnað aðstöðumun bændanna, þar sem þeir eiga að búa sem sama verðlagsgrundvöll.

Víða hagar svo til nú orðið, að hægt er að fá vélar til að brjóta og vinna land. Einnig hafa samgöngur batnað, svo að auðveldara er að flytja vélarnar, en erfiðleikar á tilfærslu véla torvelduðu mjög ræktun í einstökum landshlutum og á einstökum býlum.

Landnámsstjóri telur, að á 5926 sérmetnum jörðum í landinu sé túnstærðin þannig:

Tún	0.1— 5 ha	1815	jarðir	eða	30.6%
—	5—10 —	2149	—	—	36.3%
—	10—15 —	1104	—	—	18.6%
—	15—20 —	486	—	—	8.2%
—	20—30 —	289	—	—	4.9%
Yfir	30 —	83	—	—	1.4%

Af jörðum með tún undir 10 ha eru 891, sem enginn bústofn er á, en nytjaðar af öðrum aðilum, og liggja ekki fyrir nákvæmar skýrslur um, hvernig þeirri ábúð er varið. Þær jarðir, sem eru sérmetnar og í ábúð, sem bústofn fylgir, eru því 5157 og túnstærð þeirra skiptist þannig:

Jarðir með	0.1— 5 ha	1085	=	21.1%
—	—	5—10 —	1988	=	38.6%
—	— yfir	10 —	2084	=	40.3%

Athugun sú, sem gerð hefur verið, nær til allra sveitahreppa landsins og sýnir meðal annars, að auka þarf ræktun á 1085 jörðum um 1865 ha, til þess að þær hafi allar 5 ha tún. Enn fremur þarf að auka ræktun á 1988 jörðum, til þess að allar þessar jarðir hafi 10 ha tún, um 5261 ha. Það þarf því að rækta 7125 ha, til þess að því takmarki verði náð, að 1085 jarðir hafi 5 ha tún og 1988 jarðir hafi 10 ha tún, auk þeirra, sem stærri tún hafa. Sé að því stefnt, að allar jarðir hafi minnst 10 ha tún, eins og frv. gerir ráð fyrir, þá vantar 5 ha til viðbótar á 1085 jarðir, sem eru í lægsta stærðarflokki, en það eru samtals 5425 ha. Alls þarf því að rækta 12550 ha, til þess að allar jarðir nái 10 ha túnstærð.

Hér er um mikið átak að ræða, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, að náð verði innan 5 ára. Sé gert ráð fyrir, að heyöflun sé nú nægileg fyrir þann bústofn, sem fyrir er, ætti hinn nýi túnauki að nægja fyrir rúml. 12000 nautgripi, eða um 250000 fjár.

Þá felur frv. í sér breytingu varðandi Teiknistofu landbúnaðarins, þar sem sérstök nefnd á að starfa að byggingarmálum sveitanna í samráði við Teiknistofu landbúnaðarins. — Með ári hverju vex þörfin fyrir peningshúsabyggingar, enda er það eðlileg afleiðing af aukinni ræktun. Byggingarefni er misjafnt. Sama má segja um fyrirkomulag húsa. En til bygginganna verður að gera þá kröfu, að þær geti verið varanlegar, þægilegar og ódýrar. Þá er í senn þjónað hagsmunum almennings og öruggari þróun þessara mála í framtíðinni.

Til viðbótar við breytingartillögur þær, sem nefndin öll er sammála um, áskilja þeir Jón Pálmason og Gunnar Gíslason sér rétt til að flytja tvær breytingartillögur til samræmis við tillögur milliþinganefndarinnar, sem frumvarpið samdi, en breytt hefur verið af öðrum. Er í fyrsta lagi breyting við 26. gr. á þá leið, að til framlags til íbúðarhúsabygginga verði varið 2 milljónum króna á ári, eins og milliþinganefndin lagði til. Í öðru lagi, að framlag til byggingarsjóðs samkvæmt 43. gr. sé fært

til samræmis við tillögur milliþinganefndarinnar, er miðast við það, að lán til íbúðarhúsabygginga sveitanna geti orðið minnst 100 þús. kr.

Alþingi, 30. apríl 1957.

Ásgeir Bjarnason, form., frsm. Gunnar Gíslason, fundaskr. Jón Pálmason.
Ágúst Þorvaldsson. Gunnar Jóhannsson.

Nd. 461. Breytingartillögur [126. mál]

við frv. til l. um landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. 2. gr. orðist svo:
   Nýbýlastjórn er skipuð 5 mönnum, er kosnir séu hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi til 4 ára í senn. Varamenn skulu kosnir á sama hátt. Landbúnaðarráðherra skipar formann nýbýlastjórnar úr hópi þeirra, sem kosnir eru.
   Nýbýlastjórn ræður sér framkvæmdastjóra, er nefnist landnámsstjóri. Laun hans skulu vera söm og búnaðarmálastjóra.
2. Við 5. gr. Í stað orðsins „ríkisstjórnin“ í upphafi greinarinnar komi: landnámsstjóri.
3. Við 7. gr.
   a. Fyrir orðið „ríkið“ komi: landnámsstjóri.
   b. Í staðinn fyrir „5. gr. laga nr. 35“ komi: 3. og 4. gr. l. nr. 36.
4. Við 10. gr. Fyrir orðið „bæjarfélaginu“ í 1. málsgr. komi: bæjarfélagsins.
5. Við 13. gr.
   a. 1. málsl. orðist svo: Í hverri sýslu skal vera þriggja manna nýbýlanefnd.
   b. Á eftir orðinu „búnaðarsambandi“ í 2. málsl. komi: að viðhafðri hlutfallskosningu, ef óskað er.
6. Við 14. gr.
   a. a-liður 1. tölul. orðist svo:
      Að ræktanlegt land til túnræktar, garðræktar eða akuryrkju sé minnst 25 ha á hverju býli eða þar séu aðrar jafngildar landsnytjar að dómi nýbýlastjórnar.
   b. b-liður sama tölul. orðist svo:
      Að nýbýli fylgi beitiland, sem að dómi nýbýlastjórnar er fullnægjandi með tilliti til þeirra búgreina, sem telja má, að hagkvæmt verði að hafa á því, og með hliðsjón af möguleikum til beitiræktar þar.
   c. Síðasti málsl. 2. tölul. orðist svo:
      Um skilyrði fyrir aðstoð samkvæmt þessum lið skal nánar ákveðið í reglugerð.
   d. 4. töluliður orðist svo:
      Enn fremur er heimilt að veita fjárhagslega aðstoð til garðyrkjubýla, er hafa umráð jarðhita til gróðurhúsaræktunar, er ætla má að dómi nýbýlastjórnar ríkisins að gefi meðalfjölskyldu nægilegar tekjur. Hitaréttindi þurfa þó að fullnægja hitaþörf 1000 fermetra flatar, miðað við nothæft hitagildi á viðkomandi stað.
      Slíkum býlum má því aðeins veita framlags- og lánaréttindi, að þau séu utan skipulagðra svæða kaupstaða, og því aðeins skulu þau veitt í skipulagsskyldum þorpum, að veðhæfi ræktunarlands og lóða samrýmist lánareglum Ræktunarsjóðs.

Innan kauptúna og skipulagsskyldra þorpa gilda þó ekki ákvæði 26. gr. né ákvæði b-liðs 44. greinar.

e. Í stað orðanna „eða handverki“ í 5. tölul. komi: handverki eða garðyrkju.

7. Við 22. gr. Á eftir orðunum „veitt er“ komi: bændum á.
8. Við 24. gr. Orðin „sem framlags njóta“ í b-lið falli niður.
9. Við 25. gr.
   a. Í stað orðsins „má“ í fyrsta málslið komi: skal.
   b. Í stað orðanna „sbr. þá 28. gr.“ í sama málslið komi: sbr. þó 28. gr.
   c. Í stað orðanna „er heimilt að“ í þriðja málslið komi: skal.
   d. Í stað síðasta málsliðar komi:

   Skal slík greiðsla, ef um nýbýli á óræktuðu landi er að ræða, við það miðast, að framlag sé veitt á 10 ha ræktun og að það að viðbættu jarðabótaframlagi svari til meðalkostnaðar við ræktun í byggðahverfum, og ákveðin á hverjum stað áður en til einstakra býla er stofnað samkvæmt þessu ákvæði.

   Heimilt er við ákvörðun nýbýlaframlags að taka tillit til þess kostnaðar, sem leiðir af heimreið að býlinu.
10. Við 26. gr.
    a. Á eftir orðinu „krónum“ í 1. málsgr. bætist: á hverju býli.
    b. Á eftir orðunum „ríkissjóður fram“ í síðari málsgr. komi: minnst.
11. Við 33. gr. Fyrir „30. gr.“ komi: 32. gr.
12. Við 34. gr. Orðið „nýbýlasjóðs“ í síðari málslið falli niður.
13. Við 37. gr. Í staðinn fyrir „32. gr.“ í 3. málslið komi: 34. gr.
14. Við 38. gr. Á eftir orðunum „skorts á ræktun“ í 1. málslið komi: eða vegna brunatjóns.
15. Við 44. gr. Í stað orðanna „enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til“ komi: enda séu þær í erfðaábúð, ella komi samþykki landbúnaðarráðherra til.
16. Við 53. gr. Í stað orðsins „brunatryggingarstofnun“ í 2. tölulið komi: byggingarnefndum.
17. Við 62. gr.
    a. Orðin „íbúðarhúsa og“ í fyrstu málsgrein falli niður.
    b. Orðin „rafstöðva fyrir sveitir og sveitahluta og einstaka sveitabæi“ í sömu málsgrein falli niður.
18. Við 77. gr.
    a. Orðin „og undir umsjá“ í fyrri málslið falli niður.
    b. Í stað orðanna „framkvæma rannsókn á gerð og gæðum húsa“ í síðari málslið komi: rannsaka gerð og gæði húsa.
19. Við 81. gr. Á eftir orðinu „aðstoðar“ í 2. málsl. greinarinnar bætist: húsgagnaarkitekta.
20. Við 85. gr. Orðin „sbr. 63. gr.“ falli niður.
21. Ákvæði til bráðabirgða orðist svo: Heimilt er nýbýlastjórn að láta greiðslu framlaga fara fram eftir lögum þessum á þeim nýbýlum, er eigi hafa notið fullnaðaraðstoðar samkvæmt lögum nr. 20 31. jan. 1952.

Nd. 462. Breytingartillögur [126. mál]

við frv. til l. um landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá Jóni Pálmasyni og Gunnari Gíslasyni.

1. Við 26. gr. Fyrir „1½ milljón króna“ í annarri málsgrein komi: 2 milljónir króna.
2. Við 43. gr. Fyrir „2½ milljón króna“ komi: 5 milljónum króna.

Ed. 463. Nefndarálit [109. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Við leggjum til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 2. maí 1957.

Jón Kjartansson, frsm. Friðjón Þórðarson.

Ed. 464. Nefndarálit [109. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en ekki orðið sammála um afstöðu til þess. Tveir nefndarmanna (JK, FÞ) eru andvígir því, en undirritaðir mæla með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 2. maí 1957.

Friðjón Skarphéðinsson, form., frsm. Alfreð Gíslason, fundaskr. Páll Zóphóníasson.

Nd. 465. Breytingartillaga [106. mál]

við frv. til laga um aukinn skattfrádrátt til handa skipverjum á fiskiskipum.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Öllum skipverjum, sem verið hafa lögskráðir á íslenzk fiskiskip 4 mánuði eða lengur á viðkomandi skattári, skal við ákvörðun tekjuskatts veittur sérstakur frádráttur, er nemi 30% af tekjum fyrir störf á fiskiskipum.

Nd. 466. Frumvarp til laga [150. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1954.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1954 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum:

	Innborganir:	Áætlun:	Reikningur:
1.	Tekjur samkvæmt 2. gr. fjárlaga ..	kr. 338 800 000.00	kr. 422 719 485.14
2.	— — 3. — A. — ..	— 98 659 886.00	— 121 316 506.43
3.	— — 3. — B. — ..	— 10 000.00	— 28 786.58
4.	— — 4. — — ..	— 1 983 000.00	— 2 903 293.84
5.	— — 5. — — ..	— 4 100 000.00	— 4 149 299.14
6.	Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárlaga	— 3 250 000.00	— 34 104 161.14
		Kr. 446 802 886.00	Kr. 585 221 532.27

	Útborganir:							Áætlun:		Reikningur:
1.	Gjöld samkvæmt	7.	gr.		fjárlaga	..	kr.	3 417 428.00	kr.	3 506 374.54
2.	— —	8.	—		—	..	—	560 161.00	—	994 124.00
3.	— —	9.	—		—	..	—	3 744 797.00	—	5 126 074.53
4.	— —	10.	—	I.	—	..	—	6 416 702.00	—	9 134 455.57
5.	— —	10.	—	II.	—	..	—	1 061 800.00	—	1 028 652.70
6.	— —	10.	—	III.	—	..	—	6 461 800.00	—	7 345 039.82
7.	— —	11.	—	A.	—	..	—	26 398 395.00	—	29 106 915.00
8.	— —	11.	—	B.	—	..	—	1 596 373.00	—	2 245 077.45
9.	— —	11.	—	C.	—	..	—	10 704 101.00	—	12 399 841.58
10.	— —	11.	—	D.	—	..	—	550 000.00	—	654 263.73
11.	— —	12.	—		—	..	—	30 164 090.00	—	30 552 084.05
12.	— —	13.	—	A.	—	..	—	41 597 997.00	—	53 701 556.51
13.	— —	13.	—	B.	—	..	—	8 167 500.00	—	11 038 537.23
14.	— —	13.	—	C.	—	..	—	12 211 366.00	—	12 498 434.41
15.	— —	13.	—	D.	—	..	—	3 310 188.00	—	4 545 280.71
16.	— —	14.	—	A.	—	..	—	6 132 248.00	—	7 473 166.94
17.	— —	14.	—	B.	—	..	—	59 823 758.00	—	62 721 733.52
18.	— —	15.	—	A.	—	..	—	5 044 385.00	—	6 068 408.36
19.	— —	15.	—	B.	—	..	—	6 249 404.00	—	6 597 417.24
20.	— —	16.	—	A.	—	..	—	36 287 496.00	—	37 580 320.21
21.	— —	16.	—	B.	—	..	—	6 102 555.00	—	6 537 550.81
22.	— —	16.	—	C.	—	..	—	2 123 220.00	—	2 121 716.23
23.	— —	16.	—	D.	—	..	—	12 774 067.00	—	12 288 595.08
24.	— —	17.	—		—	..	—	54 339 485.00	—	54 714 960.40
25.	— —	18.	—		—	..	—	12 952 661.00	—	13 765 891.65
26.	— —	19.	—	1.	—	..	—	45 900 000.00	—	52 347 858.91
	Útborganir:							Áætlun:		Reikningur:
27.	— —	19.	—	2.	—	..	—	1 500 000.00	—	4 381 991.69
28.	Eignahreyfingar samkv.	20.	gr.		fjárlaga		—	40 934 853.00	—	85 745 926.84
					Greiðslujöfnuður		—	276 056.00	—	48 999 282.56
								Kr. 446 802 886.00	Kr.	585 221 532.27

Ed. 467. Frumvarp til laga [128. mál]

um breyting á lögum nr. 90 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. eru gerðar þessar breytingar:

		Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
1.	Á eftir nr. 58 í 28. kafla kemur nýtt númer, svo hljóðandi:			
	58a Netjatjara	1 kg		2
2.	Á eftir orðunum „koma í veg fyrir ketilstein“ í nr. 59 í 28. kafla kemur: ryð.			
3.	Aftan við nr. 2 í 39A. kafla kemur svo hljóðandi athugasemd:			

Aths. Ráðuneytinu er heimilt að lækka aðflutningsgjöld af plastumbúðum af sérstakri gerð utan um íslenzkar afurðir til útflutnings.

	Toll-eining	Vörumagns-tollur Aurar	Verð-tollur %
4. Á eftir nr. 6 í sama kafla kemur nýtt númer, svo hljóðandi:			
6a — plastflot til netjagerðar	1 kg	2	2
5. Í stað nr. 4 í 39B. kafla koma þrjú númer, svo hljóðandi:			
— plötur, þræðir, stengur ót. a.:			
4 — — úr svampgúmmíi til skógerðar	—	7	8
4a — — úr svampgúmmíi til annars	—	7	20
4b — — úr öðru	—	7	8
6. Nr. 33 í 44. kafla (Vaxbornar umbúðir). Liðurinn fellur niður.			
7. Aftan við nr. 34 í 44. kafla kemur svo hljóðandi athugasemd:			
Aths. Ráðuneytinu er heimilt að lækka aðflutningsgjöld af pappaumbúðum af sérstakri gerð utan um íslenzkar afurðir til útflutnings.			
8. Nr. 1 og 2 í 45. kafla orðast svo:			
— með íslenzkum texta			
— — bundið	—	2	25
— — annað	—	2	15
9. Við athugasemdina við nr. 2 í 45. kafla bætist:			
Enn fremur er ráðuneytinu heimilt að fella niður aðflutningsgjöld af ritum, sem Vestur-Íslendingar láta prenta vestan hafs á íslenzku, og af forn- og fræðiritum og öðrum þess háttar ritum á íslenzku.			
10. Í stað nr. 15 í 45. kafla koma tvö númer, svo hljóðandi: Auglýsingaspjöld og auglýsingaskilti, áletruð, einnig úr öðrum efnum:			
15 — með íslenzkum texta	—	2	25
15a — önnur	tollfrjáls		
11. Á eftir nr. 27 í 63. kafla kemur nýtt númer, svo hljóðandi:			
27a Vélavírdúkur	—	2	8
12. Í stað nr. 85—86a í 63. kafla koma tvö númer, svo hljóðandi:			
Blikkdósir og kassar:			
85 — málað, áletrað, lakkað eða skreytt	—	7	30
86 — annað	—	7	20
13. Nr. 5 í 67. kafla orðast svo:			
5 Blýlóð (sökkur) svo og nótablý	—		2
14. Nr. 36 í 72. kafla orðast svo:			
36 — allt að 100 hestafla	—	2	8
15. Aftan við nr. 3 í 75. kafla koma tvö ný númer, svo hljóðandi:			
3a — kranabifreiðar	—	2	10
3b — steypuhræribifreiðar	—	2	10
16. Nr. 1—5 í 79. kafla orðast svo:			
1 Flygel og píanó	—	7	30
2 Hlutar til flygela og píanóa	—	7	15
3 Orgel og harmonium	—	7	30
Aths. Ráðuneytinu er heimilt að fella niður verðtoll af orgelum til kirkna og hljóðfærum fluttum inn til notkunar við kennslu í skólum.			
4 Hlutar til orgela og harmonía	—	7	15
5 Strengjahljóðfæri og hlutar til þeirra, ót. a.	—	7	30

		Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
17.	Nr. 7—8a í 79. kafla orðast svo:			
	Blásturshljóðfæri:			
	7 — önnur og hlutar til þeirra	1 kg	7	30
	8 Harmoníkur	—	7	30
	8a Hlutar til harmoníka	—	7	15
18.	Aftan við nr. 7 í 85. kafla kemur nýtt númer, svo hljóðandi:			
	8 Ferðaskrín og önnur þess háttar skrín með speglum, burstum og öðrum snyrtiáhöldum, búsáhöldum o. þ. h., ót. a.	—	7	50

2. gr.

Á 3. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

Í stað p- og r-liða kemur nýr liður, svo hljóðandi:

p. Að láta koma til framkvæmda tollfrelsisákvæði alþjóðasamnings frá 25. sept. 1956, um sameiginlega greiðslu kostnaðar af tiltekinni flugþjónustu á Íslandi.

v-liður orðast svo:

v. Að fella niður eða lækka aðflutningsgjöld á allt að 50 bifreiðum árlega fyrir fólk með útvortis bæklanir eða lamanir, enn fremur fólk með lungnasjúkdóma og aðra hliðstæða sjúkdóma og loks fólk, sem þjáist af afleiðingum slysa, allt á svo háu stigi, að það getur ekki farið ferða sinna án farartækis. Enn fremur að fella niður aðflutningsgjöld af hjólastólum og gervilimum, enda sé þörf fyrir þessar vörur sönnuð með nákvæmu læknisvottorði. Eftirgefin aðflutningsgjöld af hverri einstakri bifreið mega ekki nema hærri fjárhæð en kr. 40 000.00.

Fjármálaráðherra skipar þriggja manna nefnd, sem úrskurðar umsóknir um eftirgjafir aðflutningsgjalda af bifreiðum, og er ákvörðun nefndarinnar fullnaðarúrskurður um þetta efni. Skulu nefndarmenn vera læknar, og er einn nefndarmanna skipaður eftir tilnefningu Sambands íslenzkra berklasjúklinga, annar eftir tilnefningu Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra og sá þriðji án tilnefningar.

Fjármálaráðherra setur nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara ákvæða, ef með þarf. Frá 1. júní og til ársloka 1957 er þó aðeins heimilt að fella niður eða lækka aðflutningsgjöld af 25 bifreiðum.

Á eftir bb-lið koma fjórir nýir liðir, svo hljóðandi:

cc. Meðan tilbúinn áburður er tollfrjáls, að endurgreiða Áburðarverksmiðjunni aðflutningsgjöld af umbúðum og efnivörum til framleiðslunnar.

dd. Meðan heimilt er að fella niður aðflutningsgjöld af ómöluðu korni, að fella niður á sama hátt aðflutningsgjöld af kornvörum, kornblöndum og melassa til skepnufóðurs.

ee. Að innheimta sömu aðflutningsgjöld af hvalveiðaskutlum, hvalveiðabyssum og skotfærum til þeirra og veiðarfærum.

ff. Að fella niður eða lækka aðflutningsgjöld af vefnaðargarni úr baðmull og gerviefnum, ef viðtakandi vörunnar rekur dúkaverksmiðju og þess er getið í aðflutningsskýrslu, að garnið verði einungis notað til framleiðslunnar.

3. gr.

Síðari málsliður síðustu málsgr. 7. gr. laganna fellur niður.

4. gr.

Á eftir 25. gr. laganna kemur ný grein, sem verður 26. gr., svo hljóðandi:

Aðflutningsgjöld skal innheimta í heilum krónum, þannig að 50 aurar og þar fram yfir telst 1 króna, en minni upphæð skal sleppt.

5. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 2. málsgr. 36. gr. laga nr. 32 14. júní 1929, um loftferðir.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 468. Lög [106. mál]

um aukinn skattfrádrátt til handa skipverjum á fiskiskipum.

(Afgreidd frá Nd. 2. maí.)

Samhljóða þskj. 458.

Ed. 469. Nefndarálit [67. mál]

um frv. til laga um Tunnuverksmiðjur ríkisins.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og er sammála um að mæla með, að það verði samþykkt *með svofelldum*

BREYTINGUM:

1. Á eftir 4. gr. komi ný grein, er verði 5. gr., svo hljóðandi:
   Nú telur ríkisstjórnin þörf á fleiri tunnuverksmiðjum en þeim, sem um getur í 1. gr., og er henni þá heimilt að byggja og starfrækja þriðju verksmiðjuna á Austur- eða Norðausturlandi.
2. 5. gr., er verði 6. gr., hljóði svo:
   Til greiðslu kostnaðar, er leiðir af ákvæðum 4. og 5. gr., heimilast ríkisstjórninni að taka lán, allt að 5 milljónum króna.

Einn nefndarmanna (JJós) var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. maí 1957.

Eggert G. Þorsteinsson, form.	Björgvin Jónsson, fundaskr.	Björn Jónsson, frsm.

Gunnar Thoroddsen.

Nd. 470. Nefndarálit [159. mál]

um frv. til laga um skatt á stóreignir.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og rætt um það á þrem fundum, en nefndarmenn eru ekki allir sammála um afgreiðslu þess.

Undirritaðir mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt, en áskilja sér rétt til að flytja brtt.

Alþingi, 3. maí 1957.

Skúli Guðmundsson, form., frsm.	Emil Jónsson, fundaskr.	Einar Olgeirsson.

Ed. 471. Frumvarp til laga [38. mál]

um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Kópavogskaupstað land jarðanna Kópavogs og Digraness og um eignarnámsheimild á erfðafesturéttindum.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Kópavogskaupstað allt land jarðanna Digraness og Kópavogs að undanskildum nýbýlum og því landi, sem heilbrigðismálaráðuneytinu hefur verið afhent vegna rekstrar hæla ríkisins í Kópavogi og búrekstrar ríkisins í sambandi við þau.

Náist ekki samkomulag um söluverð landsins, skal það metið af gerðardómi, þar sem kaupandi og seljandi tilnefni hvor sinn aðila, en bæjarfógeti Kópavogskaupstaðar oddamann. Þó skal Kópavogskaupstað ekki gert að greiða þá verðhækkun landsins, sem orðið hefur vegna framkvæmda bæjarfélagsins sjálfs, síðan farið var að skipta landinu í byggingarlóðir.

Andvirði landsins skal Kópavogskaupstað heimilt að greiða á 25 árum.

Þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggingarlóða úr landinu undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær og þá við sama verði hlutfallslega og Kópavogskaupstað var gert að greiða fyrir landið.

2. gr.

Bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar er heimilt að taka eignarnámi erfðafesturéttindi í eignarlandi kaupstaðarins, ef nauðsyn krefur vegna skipulags. Um framkvæmd eignarnámsins skal fara eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 472. Nefndarálit [147. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 81 5. júní 1947, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. á tveim fundum og leitað um það álits Fiskimálasjóðs, Fiskveiðasjóðs, S. Í. F., L. Í. Ú. og Félags síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi.

Umsagnir þessara aðila eru í stuttu máli á þessa lund: Stjórn Fiskveiðasjóðs og Félags síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi mæla með samþykkt frv. Stjórn Fiskimálasjóðs er hlynnt meginefni frv., en er andvíg hlutfallslegri lækkun á tekjum sjóðsins. Stjórn Landssambands ísl. útvegsmanna telur varhugavert að hækka útflutningsgjald af sjávarafurðum, einkum saltfiski. Stjórn S. Í. F. mótmælir eindregið hækkun útflutningsgjalds af saltfiski, en tekur ekki afstöðu til frv. að öðru leyti.

Að athugun lokinni leggur sjútvn. til, að frv. verði samþykkt.

Tveir nefndarmanna (SB og JJós) voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. maí 1957.

Björn Jónsson, form.	Friðjón Skarphéðinsson, fundaskr.	Björgvin Jónsson, frsm.

Nd. **473. Frumvarp til laga** [126. mál]

um landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

I. KAFLI

1. gr.

Tilgangur þessara laga er að efla og auka byggð í sveitum landsins með því að stuðla að fjölgun nýbýla, ræktun og byggingum í sveitum og þá m. a. að stækkun túna á þeim jörðum, þar sem ræktun er skemmst á veg komin.

Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi varða.

2. gr.

Nýbýlastjórn er skipuð 5 mönnum, er kosnir séu hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi til 4 ára í senn. Varamenn skulu kosnir á sama hátt. Landbúnaðarráðherra skipar formann nýbýlastjórnar úr hópi þeirra, sem kosnir eru.

Nýbýlastjórn ræður sér framkvæmdastjóra, er nefnist landnámsstjóri. Laun hans skulu vera söm og búnaðarmálastjóra.

3. gr.

Landnámsstjóri annast framkvæmdir og dagleg störf samkvæmt lögum þessum eftir ákvörðun nýbýlastjórnar. Hann undirbýr tillögur og áætlanir um frumræktun lands til stofnunar einstakra nýbýla, byggðahverfa í sveitum og til nytja fyrir kauptún og kaupstaði. Einnig skal hann hafa yfirumsjón með þeim framkvæmdum, sem nýbýlastjórn hefur ákveðið að fengnu samþykki þeirra aðila, sem hlut eiga að máli.

Búnaðarfélag Íslands og Atvinnudeild Háskólans skulu veita nýbýlastjórn og landnámsstjóra þá sérfræðilega aðstoð, sem þeim er unnt.

II. KAFLI

Um landnám ríkisins.

4. gr.

Stofnun sú og starfsemi, er nýbýlastjórn og landnámsstjóri veita forstöðu, nefnist Landnám ríkisins.

5. gr.

Landnámsstjóri lætur eftir tillögum nýbýlastjórnar undirbúa ræktun lands, þar sem stofna skal byggðahverfi í sveitum, nýbýli einstaklinga utan byggðahverfa eða hefja meiri háttar ræktunarframkvæmdir við kauptún og kaupstaði.

Til þessara framkvæmda greiðir ríkissjóður minnst 5 milljónir króna á ári næstu 25 ár, í fyrsta sinn 1957.

6. gr.

Landnámsstjóri skal, eftir því sem við verður komið, láta gera heildaruppdrætti af byggð landsins og á grundvelli þeirra, í samráði við hreppsnefndir og héraðsstjórnir, gera tillögur um skipulag byggðarinnar, hvernig hagkvæmast sé að þétta byggðina með skiptingu jarða og hvaða lönd séu hentug til afnota fyrir byggðahverfi. Skulu hreppsnefndir og héraðsstjórnir, að fengnum slíkum tillögum, vinna að því, að þeim sé framfylgt við uppbyggingu og skipting jarða.

7. gr.

Undirbúningur lands til ræktunar, sem landnámsstjóri framkvæmir til stofnunar byggðahverfa, skal vera í því fólginn að ná á eina hönd samfelldu landi til ræktunar og nytja, ræsa fram það land, sem rækta skal, svo og að undirbúa land til beitiræktar með framræslu og á annan hátt, leggja nýbýlavegi samkvæmt ákvæðum 3. og 4. gr. laga nr. 36 14. maí 1955, eftir því sem fé er veitt til þeirra á fjárlögum, svo og að leggja frá þeim nauðsynlega heimreiðarvegi að býlunum, enn fremur að leggja aðalæðar til vatnsleiðslu og skolpleiðslu.

8. gr.

Landnám til stofnunar byggðahverfa skal fara fram á landi, sem er eign ríkisins eða bæjar- eða sveitarfélaga. Þó skal kaupa land í þessu skyni, ef þess gerist þörf. Heimilt er að taka jarðir, sem ekki eru í sjálfsábúð eða erfðaábúð, eignarnámi til þessara nota og einnig landsspildur af einstökum jörðum, sem eru í sjálfsábúð eða erfðaábúð og þær geta án verið. Eignarnám má þó því aðeins fara fram, að öll nýbýlastjórn sé því samþykk og fullreynt sé að dómi landbúnaðarráðherra, að samkomulag náist ekki um kaup á landinu.

9. gr.

Áður en landnámsframkvæmdir eru hafnar á hverjum stað, skal landnámsstjóri, eftir tillögum nýbýlastjórnar, láta fara fram rannsókn á skilyrðum til ræktunar, rafvirkjunar, afnota af jarðhita, samgangna, markaðsskilyrðum og öðru, sem mestu máli skiptir í sambandi við stofnun byggðar á staðnum. Jafnframt skal hann láta gera skipulagsuppdrátt og kostnaðaráætlun um landnámið og þá byggð, sem þar á að rísa, ef um byggðahverfi er að ræða, og gera áætlanir og tillögur um það, hvers konar búskapur þar skuli rekinn.

Áætlanir og rannsóknir landnámsstjóra skulu lagðar fyrir nýbýlastjórn til samþykktar, áður en framkvæmdir hefjast.

10. gr.

Áður en landnám er hafið, skal sveitarstjórn, þar sem það á að fara fram, gefinn kostur á því að gera grein fyrir, hver áhrif hið fyrirhugaða landnám muni hafa á afkomuöryggi bújarða þeirra, sem fyrir eru í sveitinni, kauptúninu eða kaupstaðnum, og sveitar- eða bæjarfélagsins í heild.

Verði ágreiningur um fyrirætlanir nýbýlastjórnar við hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnir, sker landbúnaðarráðherra úr.

11. gr.

Þegar lokið er undirbúningi samkv. 7. gr. og ræktun, sem landnámi ríkisins ber að framkvæma samkvæmt þessum lögum, vegna fyrirhugaðrar stofnunar byggðahverfis, skal landið leigt einstaklingum á erfðaleigu með skilmálum, sem nánar skulu teknir fram í reglugerð. Leigan skal miðuð við fasteignamat lands og mannvirkja, sem kostuð eru af landnámsfé, og skal leigan vera 5% af fasteignamatsverðinu.

12. gr.

Nýbýlastjórn er heimilt að semja við búnaðarsambönd eða ræktunarsamtök, sem hafa sett sér jarðræktarsamþykktir samkvæmt lögum nr. 7 12. jan. 1945, um að þau taki að sér að ræsa fram og undirbúa til ræktunar land þar, sem reisa á einstök býli. Þessi heimild skal þó aðallega notuð þar, sem hagkvæmt er að framkvæma verkið með fullkomnustu vélum.

13. gr.

Í hverri sýslu skal vera þriggja manna nýbýlanefnd. Skulu tveir þeirra kosnir af hlutaðeigandi búnaðarsambandi, að viðhafðri hlutfallskosningu, ef óskað er, en

einn skipaður af nýbýlastjórn, og er hann formaður. Skipa skal héraðsráðunaut, þar sem því verður við komið. Kosning og skipun nefndarmanna gildir til 4 ára. Hlutverk nefndarinnar er að vera nýbýlastjórn og landnámsstjóra til aðstoðar og ráðuneytis innan sýslu um val á landi til nýbýla og undirbúnings þeim framkvæmdum, sem fyrirhugaðar eru samkvæmt lögum þessum, svo og að hafa eftirlit með því, að fyrirmælum laga þessara sé fylgt.

III. KAFLI

Um almenn skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð Landnáms ríkisins.

14. gr.

Landnám ríkisins veitir fjárhagslega aðstoð samkv. lögum þessum sem hér segir:

1. Til stofnunar nýbýla, sem hafa landumráð og búrekstrarskilyrði, sem að lögum gilda um stærð lögbýla, að fengnu leyfi nýbýlastjórnar til nýbýlastofnunar, þó þannig:
   a. Að ræktanlegt land til túnræktar, garðræktar eða akuryrkju sé minnst 25 ha á hverju býli eða þar séu aðrar jafngildar landsnytjar að dómi nýbýlastjórnar.
   b. Að nýbýli fylgi beitiland, sem að dómi nýbýlastjórnar er fullnægjandi með tilliti til þeirra búgreina, sem telja má, að hagkvæmt verði að hafa á því, og með hliðsjón af möguleikum til beitiræktar þar.
2. Ef tveir eða fleiri bændur stofna til búskapar á sömu jörð með því að reka á henni félagsbú, í stað þess að stofna á henni nýbýli, er heimilt að veita þeim aðstoð til ræktunar og bygginga þannig, að um sömu aðstoð til bændafjölgunar sé að ræða og veita bæri, ef nýbýlamenn ættu í hlut. Um skilyrði fyrir aðstoð samkvæmt þessum lið skal nánar ákveðið í reglugerð.
3. Til þess að endurreisa byggð á eyðijörðum og koma í veg fyrir, að jarðir fari í eyði, enda hafi jarðirnar eigi lakari skilyrði til búrekstrar en krafizt er fyrir nýbýli samkv. lögum þessum, m. a. að því er varðar landsstærð og ræktunarhæfi lands.
4. Enn fremur er heimilt að veita fjárhagslega aðstoð til garðyrkjubýla, er hafa umráð jarðhita til gróðurhúsaræktunar, er ætla má að dómi nýbýlastjórnar ríkisins að gefi meðalfjölskyldu nægilegar tekjur. Hitaréttindi þurfa þó að fullnægja hitaþörf 1000 fermetra flatar, miðað við nothæft hitagildi á viðkomandi stað.

   Slíkum býlum má því aðeins veita framlags- og lánaréttindi, að þau séu utan skipulagðra svæða kaupstaða, og því aðeins skulu þau veitt í skipulagsskyldum þorpum, að veðhæfi ræktunarlands og lóða samrýmist lánareglum Ræktunarsjóðs.

   Innan kauptúna og skipulagsskyldra þorpa gilda þó ekki ákvæði 26. gr. né ákvæði b-liðs 44. greinar.
5. Til smábýla í sveitum fyrir þá, er aðalatvinnu hafa af iðnaði, handverki eða garðyrkju eða gegna föstum störfum í almenningsþágu, enda eigi þeir umráð a. m. k. 6 ha ræktunarhæfs lands og tilsvarandi beitarréttindi miðað við þær búgreinar, sem arðvænlegastar teljast á staðnum.

IV. KAFLI

Um byggðahverfi.

15. gr.

Þegar reisa skal byggðahverfi á landi, sem ríkið hefur numið samkvæmt II. kafla, skal landnámsstjóri í samráði við nýbýlastjórn gera áætlanir um stofnun byggðahverfanna, og sér hann síðan um framkvæmdir samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

16. gr.

Byggðahverfi nefnist í lögum þessum minnst 3 býli, þar sem framkvæmdir allar við ræktun og byggingar eru gerðar eftir ákveðnu skipulagi, enda sé fullnægt skilyrðum 14. gr.

17. gr.

Þegar ákveðið hefur verið, að byggðahverfi skuli stofnað, skal Landnám ríkisins rækta 10 ha túns fyrir hvert býli. Landnámsstjóri sér um, að reist séu íbúðarhús, nauðsynlegustu peningshús, hlöður og verkfæraskemmur við hæfi þess búrekstrar, sem fyrirhugaður er á býlunum. Til byggingánna útvegar hann lán úr Byggingarsjóði og Ræktunarsjóði Íslands. Um fjárhæð þeirra lána fer samkvæmt lögum og reglum, er um útlán þessara sjóða gilda á hverjum tíma. Um framlag til íbúðarhúsa fer eftir ákvæðum 26. greinar.

18. gr.

Býli, sem reist eru í byggðahverfi, skulu leigð, þegar byggingar hefjast á hverju býli, í erfðaábúð samkvæmt lögum nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð. Forgangsrétt að erfðaábúð skulu hafa bændur og börn bænda á þeim jörðum, sem hverfislandið er fengið úr, og þar næst ábúendur í viðkomandi sýslu, sem ekki geta fengið lán úr Byggingarsjóði vegna þess, að jarðir þeirra dæmast ekki hæfar til framtíðarábúðar.

19. gr.

Ef erfðaábúðarhafi býlis í byggðahverfi vill selja býli sitt, hefur Byggingarsjóður forkaupsrétt að því gegn kostnaðarverði að frádreginni fyrningu. Þetta gildir þó ekki, ef eigandi býlis selur það foreldri sínu, systkini, barni, stjúpbarni, tengdabarni, kjörbarni, fósturbarni eða barni þeirra, enda sé söluverðið eigi hærra en kostnaðarverð að frádreginni fyrningu og kaupandi gerist þar sjálfur ábúandi.

20. gr.

Hver bóndi í byggðahverfi skal hafa fullræktað land það, sem til ræktunar er ætlað, á eigi skemmri tíma en 10 árum frá því er hann tók við býlinu og þeirri ræktun, sem Landnám ríkisins framkvæmir, enda ber honum skylda til að rækta að minnsta kosti á ári hverju 1/10 hluta þess lands, sem hann tók við óræktuðu, nema hann hafi næstu ár á undan lokið meiri ræktun en honum ber skylda til samkvæmt þessum ákvæðum. Vanræki hann þetta, hefur hann fyrirgert rétti sínum til leigu og ábúðar á býlinu. Skal nýbýlastjórn skylt að hafa eftirlit með því, að jarðirnar séu vel setnar og svo sem lög þessi og reglugerðir, sem settar verða eftir þeim, mæla fyrir, og er heimilt að víkja af býlunum bændum þeim, sem uppfylla ekki þau fyrirmæli, sem sett eru um ábúð þeirra.

21. gr.

Ef erfðaábúðarhafi jarðar í byggðahverfi missir rétt sinn til leigu og ábúðar á býlinu samkvæmt 19. og 20. gr., eða vanefnda þeirra atriða erfðaábúðarlaga nr. 116 30. des. 1943, sem útbyggingu varða, skal Byggingarsjóður taka við því og greiða fráfarandi það, sem hann hefur í býlið lagt samkvæmt mati dómkvaddra manna.

22. gr.

Eigendum og ábúendum jarða í byggðahverfi veitist, eftir að stofnframkvæmdum er lokið, fjárhagsleg aðstoð samkvæmt sömu reglum og veitt er bændum á öðrum lögbýlisjörðum.

V. KAFLI
Um nýbýli einstaklinga utan byggðahverfa.

23. gr.

Sá, sem reisa vill nýbýli og hefur tryggt sér til þess umráðarétt á landi, sendi landnámsstjóra umsókn um, að hann fái heimild til að reisa býli, er njóti þeirra hlunninda, er lög þessi veita. Nýbýlastjórn lætur þá athuga alla aðstöðu til stofnunar nýbýlisins og úrskurðar, hvort hún sé nægilega góð til þess, að stutt skuli að því, að býlið verði reist.

Landnámsstjóra ber að veita aðstoð við útvegun lands til nýbýla samkvæmt þessum kafla, eftir því sem unnt er, sé þess óskað af hlutaðeigendum.

24. gr.

Nú telur sá, er reisa vill nýbýli og hefur fengið til þess samþykki nýbýlastjórnar, sér henta að ljúka meiri eða minni undirbúningsframkvæmdum, svo sem framræslu og ræktun á hinu fyrirhugaða nýbýlalandi, áður en byggingar eru reistar, og skal hann þá njóta sama framlags frá Landnámi ríkisins til þeirra framkvæmda og þeir, sem byggja fyrst og rækta svo. Slíkt framlag er þó bundið eftirfarandi skilyrðum:

a. Að hlutaðeigandi hafi full eignarumráð eða erfðaábúðarréttindi á landi því, sem nýbýlið verður stofnað á.
b. Að framkvæmdirnar séu gerðar í samráði við nýbýlastjórn eða trúnaðarmenn hennar.
c. Að hlutaðeigandi skuldbindi sig til að hafa reist nauðsynlegar byggingar á landinu ekki síðar en 5 árum eftir að ræktunarframlag var fyrst greitt. Að öðrum kosti endurgreiði hann Landnámi ríkisins framlagið með 5% vöxtum frá greiðsludegi.
d. Stofnandi nýbýlisins setji land nýbýlisins að veði með 1. veðrétti sem tryggingu fyrir því, að staðið verði við framangreindar skuldbindingar.

Veðbinding þessi fellur niður, þegar íbúðarhús hefur verið reist á landinu.

25. gr.

Til nýbýla utan byggðahverfa skal veita fjárhagslegan stuðning samkvæmt lögum þessum, hvort sem þau eru reist á ræktuðu landi, sbr. þó 28. gr., eða á landi, sem er vel fallið til ræktunar og búskapar, en eigi áður ræktað, enda sé fullnægt skilyrðum 14. gr. Nýbýlið skal fá úrskipt land með ákveðnum landamerkjum, hvarvetna þar, sem því verður við komið. Nýbýlastjórn skal verja ákveðinni fjárhæð til undirbúnings hvers býlis og greiða hana þeim, er býlið stofnar, eftir því sem ræktun miðar áfram á býlinu. Skal slík greiðsla, ef um nýbýli á óræktuðu landi er að ræða, við það miðast, að framlag sé veitt á 10 ha ræktun og að það að viðbættu jarðabótaframlagi svari til meðalkostnaðar við ræktun í byggðahverfum, og ákveðin á hverjum stað áður en til einstakra býla er stofnað samkvæmt þessu ákvæði.

Heimilt er við ákvörðun nýbýlaframlags að taka tillit til þess kostnaðar, sem leiðir af heimreið að býlinu.

26. gr.

Til íbúðarhúsabygginga á nýbýlum einstaklinga utan byggðahverfa og í byggðahverfum er heimilt að veita framlag allt að 25 þúsund krónum á hverju býli, sem greiðist að hálfu, þegar hús er fokhelt, og að fullu, þegar byggingu þess er lokið, sbr. 17. gr.

Til þessara ráðstafana leggur ríkissjóður fram minnst 1½ milljón króna árlega, í fyrsta sinn 1957.

27. gr.

Nýbýli, sem stofnuð eru úr landi einstaklinga, njóta því aðeins þeirra réttinda, er um getur í 25. gr., að stofnandi býlisins hafi eignarumráð á því landi, sem býlinu fylgir, og að landið sé laust við öll veðbönd, þegar stofnunarheimild er útgefin.

28. gr.

Þegar nýbýli er stofnað í landi jarðar, skal þess gætt, að jörðin hafi eftir minnst 10 ha tún, ef verið hefur svo stórt, og svo mikið landrými, að nægilegt teljist til búskapar að dómi nýbýlastjórnar.

29. gr.

Heimilt er nýbýlastjórn að láta reisa nýbýli samkvæmt þessum kafla, eitt eða fleiri, á jörðum ríkisins, sem losna úr ábúð. Einnig er henni heimilt að kaupa lönd í sama skyni. Skal þá undirbúningur undir stofnun býlanna vera með sama hætti og stofnun nýbýla í byggðahverfum og forkaupsréttur að býlunum með sama hætti.

30. gr.

Nú vill eigandi nýbýlis selja það eða verður að láta það af hendi, og skal þá, ef fram er tekið í samningi með samþykki landnámsstjóra, sá, er landið lét af hendi af eign sinni, og börn hans eiga forkaupsrétt að því fyrir kostnaðarverð að frádreginni fyrningu, enda sjái kaupandi um, að nýbýlið sé í sérstakri ábúð. Þetta gildir þó því aðeins, að nýbýlið sé stofnað á landi einnar jarðar. Að öðru leyti gilda um sölu og afhendingu nýbýlis samkv. þessari grein, sömu reglur og í byggðahverfum, sbr. 19. gr.

VI. KAFLI

Um endurbyggingu eyðijarða, eftirlit með ábúð á jörðum og sérframlög til jarða, þar sem ræktun er skemmst á veg komið.

31. gr.

Skylt er nýbýlastjórn að sporna við því eftir föngum, að jarðir (sérmetnar) fari í eyði, sem að dómi trúnaðarmanna nýbýlastjórnar og jarðræktarráðunauts Búnaðarfélags Íslands eru vel fallnar til jarðræktar og búrekstrar. Skal hún hafa um það samráð við hlutaðeigandi sveitarstjórnir, að notaðar séu heimildir ábúðarlaganna til að koma í veg fyrir jarðníðslu og að byggilegar jarðir séu lagðar í eyði. Nýbýlastjórn ber enn fremur að vinna að því í samstarfi við hlutaðeigandi sveitarstjórnir, að jarðir, sem komnar eru í eyði, en veita þau skilyrði til búrekstrar, er að framan greinir, byggist aftur þar til hæfum mönnum. Skylt er hreppstjóra hverjum að senda nýbýlastjórn skýrslu um hver áramót um allar jarðir í hreppnum, byggðar og óbyggðar, þar með taldar þær jarðir, er 3. gr. ábúðarlaganna ræðir um. Skýrslur þessar skulu gerðar eftir fyrirsögn nýbýlastjórnar, og ber henni að ganga eftir því, að þær séu gerðar. Henni ber og að láta gera jarðaskýrslu fyrir allt landið ár hvert.

32. gr.

Nýbýlastjórn skal, svo fljótt sem tök eru á, láta rannsaka skilyrði til ræktunar og búrekstrar á eyðijörðum og jörðum, sem ekki eru nytjaðar nema að einhverju leyti, sbr. 3. gr. ábúðarlaganna. Við rannsókn þessa skal safna upplýsingum um öll þau atriði, er máli skipta vegna búrekstrar á hverri einstakri jörð, og hvað varð þess valdandi, að hún fór að einhverju eða öllu leyti í eyði. Skal þetta þannig gert, að þeir, sem falast eftir jarðnæði, geti fengið rétta og greinilega hugmynd um jörðina og þá aðstöðu til búrekstrar, er hún veitir.

Nýbýlastjórn skal árlega gera sérstaka skrá yfir þær af þessum jörðum, sem hún telur rétt að byggja og eru lausar til ábúðar. Skrá þessi skal birt almenningi.

33. gr.

Skylt er nýbýlastjórn að veita þeim, er þess óska og hafa hug á að reisa bú í sveit, upplýsingar um þær jarðir, sem eru lausar til ábúðar og um ræðir í 32. gr. Umsækjendur um jarðnæði, sem uppfylla þær kröfur, er gera verður til búandi manna í sveit, skulu njóta þeirrar aðstoðar nýbýlastjórnar við útvegun jarðnæðis, er hún getur í té látið.

34. gr.

Nú leiðir rannsókn í ljós, að einhver ákveðinn annmarki veldur því, að jörð, sem nýbýlastjórn hefur full umráð yfir, byggist ekki, en jörðin er að öðru leyti vel fallin til ræktunar og búrekstrar, og er nýbýlastjórn þá heimilt að ráða bót á þessu, ef þess er kostur. Kostnaður af þessum framkvæmdum má þó aldrei fara fram úr áætluðum meðalkostnaði býlis í byggðahverfi.

35. gr.

Heimilt er nýbýlastjórn að kaupa einstakar jarðir, þar með talin eyðibýli, ef hún telur það nauðsynlegt til þess að koma betra skipulagi á byggðina og tryggja örugga ábúð á jörðunum. Kaupverð slíkra jarða skal eigi fara fram úr því verði, er nýbýlastjórn greiðir á sama tíma fyrir lönd undir byggðahverfi.

36. gr.

Verði jarðeigandi brotlegur við ákvæði 3. gr. ábúðarlaganna, og hlutaðeigandi sveitarstjórn notar ekki þá heimild, sem henni er veitt samkvæmt 3. og 4. gr. sömu laga til að ráðstafa jörð, sem komin er í eyði eða niðurníðslu og nýbýlastjórn telur vel fallna til búrekstrar, er nýbýlastjórn heimilt að gera hverjar þær ráðstafanir, er ábúðarlögin heimila hreppsnefndum, til þess að jörðin verði endurbyggð af þar til hæfum manni. Nýbýlastjórn er enn fremur heimilt að ganga í þau kaup, er um ræðir í 2. málsgr. 4. gr. ábúðarlaganna, að hlutaðeigandi hreppsnefnd frágenginni, ef nýbýlastjórn telur það henta.

37. gr.

Jarðir, sem nýbýlastjórn fær eignarumráð yfir samkv. heimild 35. og 36. gr., skulu auglýstar til sölu og ábúðar. Skylt er kaupanda að gera jörðina að ættaróðali samkvæmt ákvæðum laga nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð. Söluverð jarðar sé kostnaðarverð nýbýlastjórnar, þar með talinn kostnaður við þær umbætur, sem gerðar kunna að verða á jörðinni samkv. 34. gr. Heimilt er þó nýbýlastjórn að veita styrk vegna ræktunarumbóta tilsvarandi ákvæðum 25. gr., þegar jörðin hefur verið tekin til ábúðar. Jarðir þessar njóta réttar til lána úr Byggingarsjóði og Ræktunarsjóði Íslands, að ábúð tryggðri, eftir sömu reglum og byggðar jarðir.

38. gr.

Sé hætta á að jarðir fari í eyði vegna vöntunar á viðunandi lífsafkomu fyrir meðalfjölskyldu sökum skorts á ræktun eða vegna brunatjóns, skal landnámsstjóri athuga búrekstrarskilyrði á þeim og leita um þær umsagnar hlutaðeigandi nýbýlanefnda. Telji hann tryggt, að jörð sé hægt að bæta svo með ræktun, að þar megi hafa minnst 10 ha tún, og önnur búskaparskilyrði eru allgóð, þá er nýbýlastjórn ríkisins heimilt að veita til hennar óafturkræft framlag samkv. þessum lögum, sbr. 14. gr., 3. tölul., og 41. gr. Óafturkræft framlag má þó ekki vera hærra en sem nemi að viðbættu framlagi samkv. jarðræktarlögum 50% af ræktunar- og girðingarkostnaði. Framræslukostnaður og framlög til hans samkv. jarðræktarlögum koma ekki til greina við útreikning framlags samkv. þessari grein.

39. gr.

Landnámsstjóri getur í samráði við stjórnir og framkvæmdastjóra ræktunarsambanda á grundvelli rannsóknar, er Landnám ríkisins framkvæmir, gert áætlun um ræktunarframkvæmdir samkv. 38. gr. á hverju ræktunarsambandssvæði, enda sé þar fram tekið, hvaða jarðir falli undir ákvæði greinarinnar. Jafnan skal þess gætt, að slík aðstoð sé veitt fyrst á þeim svæðum, þar sem það getur komið í veg fyrir, að heill hreppur eða verulegur hluti hrepps fari í eyði.

40. gr.

Þar, sem Landnám ríkisins eða ræktunarsambönd taka að sér ræktunarframkvæmdir, svo sem framræslu, jarðvinnslu og frágang ræktunar, eiga þessar stofnanir forgangsrétt til þeirra framlaga, er greidd verða út á umbæturnar samkvæmt jarðræktarlögum og ákvæðum 38. gr.

41. gr.

Til þeirra framkvæmda, er um getur í 38. gr., greiðir ríkissjóður 4 milljónir króna á árinu 1957, og síðan 5 millj. kr. á ári næstu 4 árin.

VII. KAFLI
Um Byggingarsjóð sveitabæja.

42. gr.

Sjóðurinn heitir Byggingarsjóður sveitabæja og er deild í Búnaðarbanka Íslands, í lögum þessum nefndur Byggingarsjóður. Stofnfé sjóðsins er: Byggingarsjóður, Nýbýlasjóður og Smábýladeild Búnaðarbanka Íslands, eins og þeir eru nú.

43. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Vaxtatekjur.
2. Árlegt framlag úr ríkissjóði, er nemur minnst 2½ miljón króna, næstu 25 ár, í fyrsta skipti árið 1957.

44. gr.

Sjóðurinn veitir lán gegn veði í jörðum ásamt húsum og öðrum mannvirkjum, er þeim fylgja:

a. Til endurbyggingar íbúðarhúsa á sveitabýlum samkv. VIII. kafla þessara laga.
b. Til byggingar íbúðarhúsa og peningshúsa á nýbýlum samkv. IV. og V. kafla, VI. og VII. kafla þessara laga.
c. Til byggingar peningshúsa samkv. 55. gr.

Lánin mega vera það hæst, að samtals hvíli á jörðinni allt að 75% fasteignamatsverðs, að viðbættu kostnaðarverði þeirra bygginga, sem reistar kunna að verða. Þó má aldrei veita hærri lán en 75% kostnaðarverðs til einstakrar byggingar. Reikninga um byggingarkostnað úrskurðar bankastjóri Búnaðarbankans.

Þrátt fyrir ákvæði 45. gr. laga nr. 116 30. des. 1943, má lána út á jarðir í opinberri eign á sama hátt og aðrar jarðir, enda séu þær í erfðaábúð, ella komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

45. gr.

Þegar stjórn Byggingarsjóðs hefur gefið loforð um lánveitingu samkvæmt 44. gr., er henni heimilt að veita bráðabirgðalán meðan á framkvæmdum stendur, gegn persónulegum tryggingum og veði í framkvæmdinni, allt að 80% af hinu áætlaða endanlega láni, en slík bráðabirgðalán skulu greidd að fullu um leið og hin föstu lán eru afgreidd. Skal bráðabirgðalán veitt jafnóðum og verkinu miðar áfram. Vextir af bráðabirgðalánum skulu vera 5%.

46. gr.

Byggingarsjóði er heimilt, ef stofnfé hrekkur ekki til fyrir þeim lánum, sem álitin eru æskileg, að taka lán eða gefa út handhafavaxtabréf, allt að þreföldum stofnsjóði sínum.

Handhafavaxtabréfin skulu tryggð með skuldabréfum lántakenda, stofnfé sjóðsins og ábyrgð ríkissjóðs.

47. gr.

Lán þau, er sjóðurinn veitir, skulu endurgreidd með jöfnum árlegum greiðslum, og skulu þær árlegu greiðslur við það miðast, að vextir af lánsfénu séu 3½%. Skal stjórn sjóðsins ákveða um hvert lán, til hve langs tíma það er veitt, og skal þá meðal annars á það litið, hve vandaðar byggingar þær eru, sem fyrir lánsféð eru reistar. Lánin skulu þó aldrei veitt til lengri tíma en 42 ára.

48. gr.

Heimilt er að telja lán eða eftirstöðvar láns úr Byggingarsjóði komnar í gjalddaga án uppsagnar:

1. Þegar áskilið árgjald er ekki greitt á réttum gjalddaga.
2. Ef veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að gildi, að lánið er ekki lengur tryggt að dómi lánveitanda.
3. Ef lántakandi hættir landbúnaðarframleiðslu eða störfum fyrir landbúnað.

49. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefur Byggingarsjóður heimild til þess að láta selja veðið við opinbert uppboð án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms samkvæmt ákvæðum í tilskipun um fjárráð ómyndugra, 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja sjóðnum það út til eignar, ef þörf er á.

Byggingarsjóður getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fram fara í skrifstofu uppboðshaldara.

50. gr.

Ef veð er selt á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, ber uppboðshaldara að geta þess í uppboðsgerðinni, að eignin sé veðsett Byggingarsjóði, og skal stjórn sjóðsins gert aðvart svo tímanlega, að hún geti látið fulltrúa sína vera við uppboðið.

51. gr.

Byggingarsjóður er undanþeginn öllum tekjuskatti og öðrum sköttum til ríkis og sveitarfélaga.

52. gr.

Búnaðarbanki Íslands annast framkvæmdastjórn sjóðsins, og skal bankastjórinn ákveða allar lánveitingar hans. Um lánveitingar til nýbýla jafnt í byggðahverfum sem til einstakra býla skal hann fara eftir tillögum nýbýlastjórnar. Um lánveitingar til byggingar íbúðarhúsa á öðrum sveitabýlum skal bankastjóri hafa samráð við nýbýlastjórn eða framkvæmdastjóra hennar.

VIII. KAFLI

Um endurbyggingu íbúðarhúsa á jörðum.

53. gr.

Lán úr Byggingarsjóði til endurbyggingar íbúðarhúsa á jörðum skulu veitt með þessum skilyrðum:

1. Að húsið sé gert úr góðum og viðurkenndum byggingarefnum, og sé gerð hússins utan og innan samþykkt af stjórn sjóðsins.
2. Að lögð hafi verið fram stutt lýsing af bæjarhúsum umsækjanda, frá hlutaðeigandi byggingarnefndum, og beri sú lýsing því vitni, að endurbyggingar sé þörf á íbúð hans.
3. Að nýbýlastjórn hafi fengið fullnægjandi upplýsingar um, að býlið sé til frambúðar, og að íbúðarhús það, sem reisa á, sé við hæfi þess og að það verði reist á hentugum stað miðað við ræktun, vatnsból, vegi, síma, rafleiðslur og annað það, er tryggir framtíðargildi þess.

54. gr.

Lán úr Byggingarsjóði skulu enn fremur því aðeins veitt til endurbyggingar íbúðarhúsa á sveitabýlum, að hús eða viðbygging við hús sé allt byggt að nýju, eða gamalt hús endurbyggt þannig, að telja megi það jafngilt nýju húsi til íbúðar.

55. gr.

Ef nýbýlastjórn telur nauðsynlegt, að bæjarhús séu færð, getur Byggingarsjóður sett að skilyrði fyrir láni til endurbyggingar, að það sé gert. Hins vegar á þá býlið rétt til láns úr Byggingarsjóði til endurbyggingar peningshúsa, ef staðfærsla íbúðarhúss hefur í för með sér, að peningshús séu líka færð úr stað.

IX. KAFLI.

Um viðhaldsskyldu o. fl.

56. gr.

Nýbýlastjórn skal halda skýrslur um öll þau býli, sem reist eru eða endurbyggð samkvæmt lögum þessum. Skal nákvæmlega frá því skýrt, hvenær hvert býli er reist eða endurbyggt, hver hefur orðið kostnaður við landnám það, sem fallið hefur í hlut býlisins, við ræktun þess og byggingu, hver lánskjörin hafa verið, hvernig lánin hafa greiðzt, hve mikið eigendur þess og ábúendur hafa lagt fram til þess að koma því upp, auk annars, sem nauðsynlegt þykir að skýra frá. Þá skal nýbýlastjórn afla sér skýrslna um rekstrarafkomu hvers býlis svo sem við verður komið. Getur hún lagt þá kvöð á ábúanda hvers býlis, er lán fær úr Byggingarsjóði, að halda búreikninga, er gerðir séu eftir fyrirsögn Búreikningaskrifstofu ríkisins, enda sé þá greitt fyrir slíkt reikningshald eins og Búreikningaskrifstofan telur hæfilegt. Yfirlitsskýrslur um býli þau, sem reist eru með lánum úr sjóðnum, svo og afkomu búrekstrarins á býlunum skal nýbýlastjórn birta svo oft sem ástæða þykir til og eigi sjaldnar en fimmta hvert ár.

57. gr.

Skylt er hverjum þeim, sem fengið hefur lán úr Byggingarsjóði, að halda vel við byggingum þeim, sem hann hefur fengið lán til. Nýbýlanefndir í héruðum skulu hafa eftirlit með viðhaldi bygginganna og tilkynna stjórn sjóðsins þegar, ef því er að einhverju leyti ábótavant. Skal þá stjórn sjóðsins veita hlutaðeigandi ábúanda áminningu, og er útbyggingar- og eignarnámssök, ef áminningin er ekki tekin til greina.

58. gr.

Ef ábúenda- og eigendaskipti verða við sölu á fasteign, sem veðbundin er Byggingarsjóði, skal sjóðurinn, nema um erfðaskipti sé að ræða eða sölu til einhvers þess aðila, sem nefndur er í 2. málsl. 19. gr., hafa forkaupsrétt að eigninni, og ef um nýbýli er að ræða, gegn kostnaðarverði að frádregnu metnu álagi vegna fyrningar og skemmda, enda er enginn kaupsamningur um eignina gildur nema með árituðu samþykki sjóðsstjórnarinnar eða þess fulltrúa hennar, sem umboð hefur til slíkrar áritunar. Þegar býlin skipta um eigendur við erfðaskipti, hafa erfingjar forkaupsrétt umfram Byggingarsjóð, en að öðru leyti skal mat á þeim og staðfesting eigendaskiptanna háð sömu reglum og þegar um venjulega sölu er að ræða. Sveitarstjórn hefur þó rétt til að ganga inn í forkaupsrétt Byggingarsjóðs, ef hún óskar þess. Um sölu óðalsjarða og ættarjarða fer samkvæmt lögum nr. 116 30. des. 1943. Ákvæði 1. og 2. gr. laga nr. 55 5. júní 1926, um forkaupsrétt á jörðum, skulu víkja fyrir ákvæðum þessarar greinar, eftir því sem nauðsyn krefur. Ef Byggingarsjóður eða sveitarstjórn kaupa jörð samkvæmt heimildum þessara laga, er þeim skylt að selja eða leigja jörðina gegn veði eða leigukjörum, er samsvarar kaupverðinu.

X. KAFLI
Um Ræktunarsjóð Íslands.

59. gr.

Sjóðurinn heitir Ræktunarsjóður Íslands og er í lögum þessum kallaður Ræktunarsjóður. Hlutverk hans er að styðja landbúnað Íslendinga með hagkvæmum stofnlánum.

60. gr.

Stofnfé sjóðsins er:
1. Höfuðstóll Ræktunarsjóðs Íslands, eins og hann er nú.
2. Varasjóður Ræktunarsjóðs Íslands.
3. Sá hluti höfuðstóls Viðlagasjóðs, sem er eign Ræktunarsjóðs Íslands.
4. Varasjóður Loðdýralánadeildar Búnaðarbanka Íslands.

61. gr.

Tekjur sjóðsins eru:
1. Vaxtatekjur.
2. Tekjur af þjóðjörðum og andvirði þeirra þjóðjarða, sem seldar kunna að verða.
3. Árlegt framlag úr ríkissjóði, 1.6 millj. kr. á ári, í fyrsta sinn árið 1956.

62. gr.

Ræktunarsjóður veitir stofnlán til jarðræktar, peningshúsa og geymsluhúsa og annarra mannvirkja við landbúnað, þar með talin jarðyrkja, vermirækt og loðdýrarækt, enn fremur til mannvirkja í þágu landbúnaðarins, svo sem mjólkurvinnslustöðva, kjötfrystihúsa, ullarverksmiðja, skinnaverksmiðja, þvottahúsa, viðgerðarstöðva, landbúnaðarverkfæra, verkstæða fyrir iðnaðarmenn í sveitum, svo og til bústofnsauka og til kaupa á vélum, sem notaðar eru við landbúnað.

Upphæð lánanna má vera allt að 60% kostnaðarverðs, eins og það er áætlað að meðaltali árlega. Til vélgrafinna skurða má þó lána allt að 85% kostnaðarverðs. Njóti framkvæmdin framlags samkvæmt jarðræktarlögum, lækkar lánsupphæðin sem svarar framlaginu. Við það skal miðað, að kostnaðarverð framkvæmdanna sé að dómi sjóðsstjórnarinnar ekki hærra en eðlilegt má teljast samkvæmt verðlagi á hverjum tíma. Skulu framkvæmdirnar metnar á kostnað lántakanda, eftir því sem þörf er á, svo sem nánar verður fyrir mælt í reglugerð.

Um lánveitingar, er stjórn sjóðsins telur vafa leika á, hvort veita skuli, skal hún leita álits Búnaðarfélags Íslands eða nýbýlastjórnar ríkisins, eftir því sem við á.

Við ákvörðun lánanna skal stjórn sjóðsins taka tillit til þess, hvað mikil önnur veðlán hvíla á eigninni.

Lán þessi skulu ekki veitt fyrr en að fullloknum framkvæmdum eða kaupum þeim, sem þau eru veitt til.

63. gr.

Þegar stjórn Ræktunarsjóðs hefur ákveðið að veita lán samkvæmt 62. gr., er henni heimilt að veita bráðabirgðalán, meðan á framkvæmdum stendur, gegn veði í framkvæmdinni og öðrum tryggingum, ef þurfa þykir, svo sem handveði, persónulegum ábyrgðum eða öðru, er hún tekur gilt sem tryggingu fyrir bráðabirgðaláninu.

Þessi lán mega nema allt að 80% af hinu áætlaða láni, og skulu þau greidd að fullu um leið og stofnlánið er tekið.

64. gr.

Vextir af öllum stofnlánum Ræktunarsjóðs skulu vera 4%, en af bráðabirgðalánum 5%.

65. gr.

Lánin má veita gegn þessum tryggingum:

1. Gegn veði í fasteign, enda hvíli eigi á veðskuldir til annarra en Byggingarsjóðs eða annarra opinberra sjóða undan veðrétti þeim, er Ræktunarsjóður fær. Ef umbætur þær, sem lánið er veitt til, eru gerðar á fasteign þeirri sjálfri, sem veðsett er, skal heimilt að telja verð umbótanna til viðbótar verðgildi eignarinnar óbættrar.
2. Gegn veði í þeim húsum, sem lánið er veitt til, ásamt tilheyrandi lóð og lóðarréttindum, ef þau eru byggð fyrir sjálfstæðan rekstur, svo sem rafstöðvar eða verksmiðjur.
3. Gegn veði í þeim vélum og verkfærum, sem keypt eru.
4. Gegn veði í tilteknum flokki eða flokkum búfjár, þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga um veð frá 4. nóv. 1887.

Tryggingar þær, sem taldar eru undir tölulið 1, skulu fullgildar einar saman, ef um er að ræða lán til ræktunar eða byggingar peningshúsa og geymsluhúsa á sveitabýlum, en ef um er að ræða lán til verksmiðja og véla, gróðurhúsa og bústofnsauka, skulu þau veð, sem látin eru til tryggingar samkv. tölulið 2—4, styrkt með fasteignaveði eða ábyrgð sýslufélags. Ábyrgð sýslufélags kemur því aðeins til greina, að um verksmiðjur eða vinnustöðvar sé að ræða, sem félag stendur að, enda komi þá til heimild æðri stjórnarvalda.

Hús, vélar og fénaður er því aðeins fullgilt veð fyrir lánum úr Ræktunarsjóði, að vátryggð séu í vátryggingarstofnun, er sjóðurinn tekur gilda.

Þrátt fyrir ákvæði 45. gr. laga nr. 116 30. des. 1943, má lána út á jarðir í opinberri eign á sama hátt og aðrar jarðir, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

66. gr.

Ríkissjóður aflar Ræktunarsjóði lánsfjár að upphæð tíu millj. kr., með 1½% vöxtum. Sjóðurinn endurgreiðir lánið með jöfnum afborgunum á 20 árum.

Seðladeild Landsbanka Íslands er skylt, ef ríkisstjórn óskar þess, að lána Ræktunarsjóði nauðsynlega fjárupphæð vegna starfsemi hans, þó eigi yfir 10 millj. kr., gegn 1½% vöxtum. Ræktunarsjóðurinn skal endurgreiða seðladeild Landsbankans lán þetta með jöfnum afborgunum á 20 árum. Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Ræktunarsjóðs gagnvart seðladeildinni.

67. gr.

Ræktunarsjóði er heimilt að gefa út handhafavaxtabréf allt að fjórföldum stofnsjóði sínum. Handhafavaxtabréfin skulu tryggð með skuldabréfum lánþega, stofnfé sjóðsins og ábyrgð ríkissjóðs.

68. gr.

Lántakandi skal á hverjum 5 ára fresti eða oftar, ef stjórn Ræktunarsjóðs krefst þess, sýna skilríki frá trúnaðarmanni Búnaðarfélags Íslands eða öðrum þeim, er stjórn sjóðsins tekur gildan, fyrir því, að veði því, sem lánað hefur verið út á, hafi vel verið við haldið og að það hafi ekki rýrnað. Nánari ákvæði um þetta skulu sett í reglugerð.

69. gr.

Lánstíminn skal vera 5—25 ár, eftir því til hvers lánað er. Ef lánið er til túnræktar eða nýrra bygginga, má lánstíminn vera allt að 25 árum, svo og til þeirra framkvæmda við vermirækt, sem varanlegar teljast, en til vélakaupa, girðinga, bústofnsaukningar og annars þess, sem ekki á trygga langa endingu, eigi nema 5—12 ár. Skal nánar greint í reglugerð, hve langur lánstíminn má vera til hvers konar lána.

Lán til túnræktar mega vera afborgunarlaus þrjú fyrstu árin, en annars skulu öll lán sjóðsins greidd jöfnum afborgunum, nema lántakandi vilji greiða þau fyrr og fljótar en venja er.

70. gr.

Heimilt er að telja lán eða eftirstöðvar láns úr Ræktunarsjóði komnar í gjalddaga án uppsagnar:

1. Þegar áskilið árgjald er ekki greitt á réttum gjalddaga.
2. Við eigendaskipti að veði fyrir láni, ef Ræktunarsjóði hefur ekki verið tilkynnt um eigendaskipti.
3. Ef veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að gildi, að lánið er ekki lengur tryggt að dómi lánveitanda.
4. Ef lögð er niður landbúnaðarframleiðsla eða störf fyrir landbúnaðinn á eignum þeim, er veðsettar eru Ræktunarsjóði.

71. gr.

Þegar lán eru komin í gjalddaga, hefur Ræktunarsjóður heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð eða fara með það á annan hátt, eins og venja er um veð fyrir lánum, sem í gjalddaga eru komin.

72. gr.

Ef veð er selt á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, ber uppboðshaldara að geta þess í uppboðsgerðinni, að eignin sé veðsett Ræktunarsjóði, og skal stjórn sjóðsins gert aðvart svo tímanlega, að hún geti látið fulltrúa sína vera við uppboðið.

73. gr.

Ræktunarsjóður er undanþeginn öllum tekjuskatti og öðrum sköttum til ríkis og sveitarfélaga.

74. gr.

Stjórn Búnaðarbanka Íslands hefur á hendi stjórn Ræktunarsjóðs samkvæmt lögum nr. 115 frá 9. okt. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

75. gr.

Í reglugerð fyrir Ræktunarsjóðinn má setja þau ákvæði um stjórn sjóðsins og starfrækslu, er nauðsynleg þykja, þótt ekki sé gert sérstaklega ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda brjóti þau ekki í bága við nein ákvæði í lögunum.

XI. KAFLI

Um Teiknistofu landbúnaðarins.

76. gr.

Stofnunin heitir Teiknistofa landbúnaðarins og starfar á vegum Búnaðarbanka Íslands.

77. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar 5 manna nefnd, er hafi það verkefni í samvinnu við Teiknistofu landbúnaðarins að gefa sem ákveðnastar leiðbeiningar um hagkvæmustu gerð bygginga á sveitabýlum, og þá sérstaklega peningshúsa. Nefndin lætur rannsaka gerð og gæði húsa, sem nú eru til eða reist verða, með tilliti til þess, að með því fáist grundvöllur undir öruggari leiðbeiningastarfsemi í byggingarmálum sveitanna.

78. gr.

Í nefndinni skulu vera: Forstöðumaður Teiknistofu landbúnaðarins, yfirdýralæknir, nautgriparæktarráðunautur og sauðfjárræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands og einn maður, er landbúnaðarráðherra skipar í nefndina án tilnefningar. Landbúnaðarráðherra ákveður, hver skuli vera formaður nefndarinnar.

79. gr.

Heimilt er nefndinni með samþykki landbúnaðarráðherra að ráða sérfræðing til þess að framkvæma þær rannsóknir, sem nefndin telur nauðsynlegt að gera. Hann skal hafa eftirlit með athugunum og rannsóknum, er gerðar verða í þágu byggingarstarfseminnar hjá einstökum bændum eða á opinberum búum, og vinna úr gögnum þeim, sem aflað er, í samráði við nefndina.

Kostnaður við byggingarrannsóknir nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum.

80. gr.

Verkefni teiknistofunnar er að gera uppdrætti að húsum, sem lán eru veitt til úr Byggingarsjóði, Ræktunarsjóði Íslands eða öðrum opinberum sjóðum, sem stofnaðir hafa verið eða stofnaðir kunna að verða að tilhlutun ríkisins og veita lán til bygginga í sveitum. Skal það vera skilyrði fyrir slíkum lánum, að teiknistofan hafi gert eða samþykkt uppdrætti að húsunum.

81. gr.

Teiknistofan lætur gera uppdrætti að einföldum og ódýrum húsgögnum. Enn fremur leitar hún aðstoðar húsgagnaarkitekta, íslenzkra listamanna og viðurkenndra hannyrðakvenna og smiðameistara utan stofnunarinnar um gerð húsgagna, til þess að þau verði sem smekklegust og í þjóðlegum stíl. Allir, sem rétt hafa til lána úr sjóðum þeim, er um ræðir í 80. gr., svo og stjórnir byggingarfélaga verkamanna og byggingarsamvinnufélaga skulu endurgjaldslaust fá teikningar af húsgögnum, eftir því sem teiknistofan getur í té látið.

82. gr.

Nú verður komið á fót verkstæðum við bændaskóla, húsmæðraskóla, héraðsskóla eða annars staðar til að annast smíði á húsgögnum og fleira, er að húsgagnagerð lýtur, svo sem vefnað á húsgagnafóðri og gluggatjöldum, og skal þá teiknistofan veita verkstæðum þessum alla nauðsynlega aðstoð, svo að þau geti komið að sem almennustum notum við húsgagnagerð.

83. gr.

Teiknistofan veitir bændum leiðbeiningar um byggingarkostnað, efnisval og annað, er við kemur húsagerð. Hún skal gefa út handbók með almennum leiðbeiningum í þessum efnum og fyrirmyndar uppdráttum af húsum og húsgögnum. Teiknistofunni ber að fylgjast með erlendum og innlendum nýjungum í húsagerð, rannsaka þær og gera tilraunir með það, er til framfara mætti verða í gerð og notkun húsa, eftir því sem við verður komið.

84. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar forstöðumann teiknistofunnar og ákveður laun hans, unz þau verða ákveðin í launalögum. Forstöðumaður annast stjórn teiknistofunnar í samráði við stjórn Búnaðarbanka Íslands og nýbýlastjórn. Forstöðumaður ræður sér menn til aðstoðar, að fengnu samþykki stjórnar Búnaðarbanka Íslands.

85. gr.

Kostnaður við rekstur teiknistofunnar greiðist úr sjóðum þeim, er lán veita til húsbygginga í sveitum. Greiðsla hvers sjóðs skal ákveðin af landbúnaðarráðherra í sem réttustu hlutfalli við það fjármagn, sem sjóðirnir veita til byggingannna.

XII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

86. gr.

Um framlög ríkisins til ræktunar og útihúsa fer eftir jarðræktarlögum.

87. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði, er nauðsynleg þykja, um framkvæmd þessara laga.

88. gr.

Um endurskoðun Byggingarsjóðs og Ræktunarsjóðs Íslands, starfsskýrslur o. fl., fer eins og mælt er fyrir í lögum nr. 115 9. okt. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

89. gr.

Reikningar Landnáms ríkisins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Búnaðarbanka Íslands og birtir með reikningum bankans. Reikningarnir skulu sendir landbúnaðarráðherra og lagðir fyrir landbúnaðarnefndir Alþingis ár hvert.

90. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru þá úr gildi felld lög nr. 20 31. jan. 1952, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum, lög nr. 66 31. maí 1947, um Ræktunarsjóð Íslands, svo og önnur lagaákvæði, sem kunna að brjóta í bága við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Heimilt er nýbýlastjórn að láta greiðslu framlaga fara fram eftir lögum þessum á þeim nýbýlum, er eigi hafa notið fullnaðaraðstoðar samkvæmt lögum nr. 20 31. jan. 1952.

Ed. 474. Nefndarálit [141. mál]

um frv. til l. um sjúkrahúsasjóð og heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að setja á stofn talnahappdrætti.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og rætt það á nokkrum fundum, en ekki getað orðið á eitt sátt um afgreiðslu þess. Telur meiri hluti nefndarinnar þá hugmynd að stofna sjúkrahúsasjóð, er afli tekna með ríkisreknu happdrætti, að vísu mjög athyglisverða, en treystir sér ekki til að dæma um það á þessu stigi, hvort getraunahappdrætti það, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, sé ákjósanlegra en aðrar tegundir happdrættis eða vænlegra til árangurs. Enn fremur álítur meiri hlutinn vafamál, hvort rétt sé, að Alþingi eigi yfirleitt að stuðla að stofnun nýs happdrættis, á meðan þrjár stofnanir í landinu (Háskólinn, S.Í.B.S. og D.A.S.) hafa hver um sig fastan, stórfelldan happdrættisrekstur.

Í trausti þess, að þetta mál verði athugað nánar og síðan fram borið, er henta þykir, mælir meiri hluti nefndarinnar með því að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 4. maí 1957.

Alfreð Gíslason, form., frsm.	Karl Kristjánsson, fundaskr.	Eggert G. Þorsteinsson.

Ed. 475. Nefndarálit [29. mál]

um frv. til l. um gjald af innlendum tollvörutegundum og tollvöruframleiðslu.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin athugaði mál þetta skömmu eftir að því var til hennar vísað og ákvað þá að leita umsagnar tollstjórans í Reykjavík og Félags íslenzkra iðnrekenda. Á fundi nefndarinnar í dag ræddi hún við tollstjórann um málið, og mælir hann eindregið með samþykkt frumvarpsins. Félag íslenzkra iðnrekenda hefur sent álit um frv., og er óskað eftir ýmsum breytingum á því. Nefndin mun taka þær tillögur til athugunar fyrir 3. umr. málsins og e. t. v. bera þá fram breytingartillögur. Einstakir nefndarmenn áskilja sér og rétt til að bera þá fram breytingartillögur. Nefndin leggur til, að frumv. verði samþykkt.

Einn nefndarmanna (JJós) var fjarverandi.

Alþingi, 4. maí 1957.

Bernh. Stefánsson, form., frsm. Björn Jónsson, fundaskr. Gunnar Thoroddsen. Eggert G. Þorsteinsson.

Nd. 476. Breytingartillaga [126. mál]

við frv. til l. um landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 21. gr. Á undan orðunum „vanefnda þeirra“ bætist: vegna.

Nd. 477. Nefndarálit [135. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 66 17. júlí 1944, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á nokkrum fundum og er sammála um að mæla með, að það verði samþykkt.

Alþingi, 6. maí 1957.

Páll Þorsteinsson, form. Benedikt Gröndal, fundaskr. Kjartan J. Jóhannsson, frsm.

Einar Olgeirsson. Ragnhildur Helgadóttir.

Ed. 478. Nefndarálit [141. mál]

um frv. til laga um sjúkrahúsasjóð og heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að setja á stofn talnahappdrætti.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur haft frv. þetta til athugunar, en ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Leggur meiri hlutinn (AG, KK, EggÞ) til, að því verði vísað til ríkisstjórnarinnar, en undirritaðir leggja til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 4. maí 1957.

Sigurður Ó. Ólafsson, frsm. Friðjón Þórðarson.

Nd. 479. Nefndarálit [93. mál]

um frv. til laga um kirkjuþing og kirkjuráð íslenzku þjóðkirkjunnar.

Frá menntamálanefnd.

Menntamálanefnd hefur haft frv. þetta til athugunar. Með frv. er stefnt að því að koma á þeirri skipan, að kirkjuþing íslenzku þjóðkirkjunnar skuli haldið reglulega annað hvert ár og að þar eigi sæti kjörnir fulltrúar úr hópi presta og leikmanna. Í sambandi við kjör fulltrúa á kirkjuþing skal landinu skipt í 7 kjördæmi og 2 fulltrúar kosnir í hverju kjördæmi. Kirkjuþing skal hafa tillögurétt um kirkjuleg málefni, sem sæta úrskurði ríkisvaldsins. Það á að hafa rétt til að gera samþykktir um innri málefni kirkjunnar. Og því ber að kjósa 4 menn í kirkjuráð til 6 ára í senn. — Menntamálanefnd mælir með því, að frv. verði samþykkt. Tveir nefndarmenn (EOl og KJJ) hafa þó fyrirvara um nál.

Alþingi, 29. apríl 1957.

Páll Þorsteinsson, form., frsm. Benedikt Gröndal, fundaskr. Ragnhildur Helgadóttir.
Kjartan J. Jóhannsson, með fyrirvara.

Ed. 480. Frumvarp til laga [126. mál]

um landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

Samhljóða þskj. 473 með þessari breytingu:

21. gr. hljóðar svo:

Ef erfðaábúðarhafi jarðar í byggðahverfi missir rétt sinn til leigu og ábúðar á býlinu samkvæmt 19. og 20. gr., eða vegna vanefnda þeirra atriða erfðaábúðarlaga, nr. 116 30. des. 1943, sem útbyggingu varða, skal Byggingarsjóður taka við því og greiða fráfaranda það, sem hann hefur í býlið lagt samkvæmt mati dómkvaddra manna.

Ed. 481. Frumvarp til laga [67. mál]

um Tunnuverksmiðjur ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórnin starfrækir tvær tunnuverksmiðjur, aðra á Akureyri, hina á Siglufirði. Nafn fyrirtækisins er Tunnuverksmiðjur ríkisins.

2. gr.

Verkefni Tunnuverksmiðja ríkisins er að annast smíði á tunnum fyrir saltsíldarframleiðslu, saltkjötsframleiðslu og aðrar framleiðsluvörur, eftir því sem henta þykir.

3. gr.

Stefnt skal að því, að allar tunnur, sem síldarframleiðslan þarfnast, séu smíðaðar í Tunnuverksmiðjum ríkisins, að svo miklu leyti sem það brýtur ekki í bága við milliríkjasamninga. Leitast skal við að vanda framleiðslu verksmiðjanna og gera hana samkeppnisfæra við erlenda framleiðslu um verð og gæði.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að endurbæta verksmiðjurnar og búa þær húsa- og vélakosti, svo að fullnægt verði ákvæðum 3. gr. Nær heimild þessi til þess að byggja tunnugeymsluskýli við verksmiðjuna á Akureyri, er rúmi allt að 50 þús. tunnum, og einnig til þess að gera nauðsynlegar endurbætur á verksmiðjuhúsinu.

5. gr.

Nú telur ríkisstjórnin þörf á fleiri tunnuverksmiðjum en þeim, sem um getur í 1. gr., og er henni þá heimilt að byggja og starfrækja þriðju verksmiðjuna á Austureða Norðausturlandi.

6. gr.

Til greiðslu kostnaðar, er leiðir af ákvæðum 4. og 5. gr., heimilast ríkisstjórninni að taka lán, allt að 5 milljónum króna.

7. gr.

Síldarútvegsnefnd, sbr. lög nr. 74 29. des. 1934, annast allar framkvæmdir samkvæmt lögum þessum og hefur á hendi stjórn verksmiðjanna.

8. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara skulu, ef þurfa þykir, sett með reglugerð.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 33 23. apríl 1946, um tunnusmíði, og lög nr. 41 9. maí 1947, um breyting á þeim lögum.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 482. Breytingartillögur [128. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 90 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl.

Frá Birni Ólafssyni og Pétri Ottesen.

Við 2. gr. Á eftir 1. málslið bætist:
h-liður orðast svo:
Að undanþiggja hvers konar aðflutningsgjöldum hampgarn til veiðarfæragerðar, vélar í fiskiskip og sjálfvirkar fiskflökunarvélar.

Nd. 483. Frumvarp til laga [162. mál]

um breyting á læknaskipunarlögum, nr. 16 9. apríl 1955.

Flm.: Gunnlaugur Þórðarson.

1. gr.

Á eftir 9. gr. laganna komi ný grein, sem verði 10. gr., svo hljóðandi:
Í læknishéruðum, sem eigi hafa sjúkrahús eða sjúkraskýli innan sinna takmarka, skal leggja héraðslækni til nauðsynleg lækningatæki. Kostnað við kaup á tækjunum skal greiða að ⅔ hlutum úr ríkissjóði, en að ⅓ úr hlutaðeigandi sveitarsjóði eða sveitarsjóðum. Með reglugerð, er landlæknir semur og ráðherra staðfestir, skal ákveðið, hvaða lækningatæki sé skylt að hafa í læknishéruðum þeim, er ákvæði þessi taka til, og sé þar einnig kveðið nánar á um framkvæmd ákvæðanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Vafalaust munu fáir menn gera sér grein fyrir því, að hvorki hvílir skylda á hlutaðeigandi héraðslækni né heilbrigðisstjórn að hafa tiltæk nauðsynleg lækningatæki í læknishéruðum. Vissulega er bæði kostnaðarsamt og oft torvelt fyrir unga lækna að koma sér upp nauðsynlegum lækningatækjum. Hins vegar er bæði eðlilegt og nauðsynlegt, að heilbrigðisstjórnin sjái svo um, að læknishéruðum, sem hvorki hafa sjúkrahús né sjúkraskýli innan sinna takmarka, fylgi slík tæki. Vafalaust gæti það einnig greitt fyrir því að fá lækna til starfa í strjálbýlinu. Segja má og með sanni, að almenningur í hverju læknishéraði eigi heimtingu á því, að hlutaðeigandi héraðslæknir hafi til taks öll þau tæki, sem óhjákvæmileg þykja á hverjum tíma til læknisaðgerða, og jafnframt mundi það skapa aukið öryggi í strjálbýlinu, að vel sé fyrir öllu séð, þegar um mannslíf er að tefla. Gera má ráð fyrir því, að öll sjúkrahús og sjúkraskýli eigi sjálf öll nauðsynleg lækningatæki, og því ekki eins aðkallandi, að embættum héraðslækna í þeim héruðum fylgi slík lækningatæki.

Telja má víst, að það komi helzt í hlut þeirra læknishéraða, sem hafa lítið fjárhagslegt bolmagn, að leggja til umrædd tæki, og því er eðlilegt, að ríkissjóður hlaupi undir bagga á svipaðan hátt og þegar koma skal upp sjúkraskýli.

Sþ. 484. Tillaga til þingsályktunar [163. mál]

um sumarstörf ungmenna á fiskiskipum.

Flm.: Gunnlaugur Þórðarson, Bragi Sigurjónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því við stjórnendur útgerðarfyrirtækja, sem fengið hafa ríkisábyrgð fyrir lánum eða lán til togarakaupa, að skráðir verði á skipin sem hásetar a. m. k. 2—3 unglingar á aldrinum 14—16 ára, þrjá til fjóra sumarmánuði ár hvert. Einhver þar til hæfur skipverji skal síðan bera ábyrgð á því, að ungmennin fái tilsögn í algengri sjóvinnu, hreinlæti og snyrtilegri umgengni um borð. Skulu útgerðarstjórnir senda atvinnumálaráðuneytinu á hverju hausti skýrslu um ungmenni þau, sem verið hafa hásetar á vegum útgerðarinnar.

Greinargerð.

Undanfarin ár hefur það háð íslenzkri togaraútgerð nokkuð, að hana skortir vana sjómenn, eins og það er orðað. Og vissulega má það vera þjóðinni áhyggjuefni, að ungir menn skuli í seinni tíð vera næsta fráhverfir sjómennsku. Raunar eiga útgerðarmennirnir sjálfir nokkra sök á þessu, því að það hefur verið vandkvæðum bundið fyrir unglinga að komast á sjó að sumrinu nema fyrir kunningsskap.

Á aldrinum 14—16 ára er hvað mest um vert, að hugir ungmenna hneigist að sjómennsku, og það verður einna helzt gert með því að gefa þeim kost á að kynnast henni af eigin raun. Það er ósennilegt, að íslenzka þjóðin hafi efni á því í nánustu framtíð, að halda úti skólaskipi, og raunar eru fiskiskipin sjálf beztu skólaskipin. Það verður því að sjá til þess, að ungir menn eigi þess kost að komast á fiskiskip, þótt ekki sé nema stuttan tíma í senn, á þann hátt, sem hér er bent á. Það er kostnaðarlítið fyrir hið opinbera, ef þessi leið yrði farin. Hins vegar er sanngjarnt, að útgerðarfyrirtæki, sem notið hafa fyrirgreiðslu hins opinbera við kaup á fiskiskipi, taki á sig nokkrar skyldur varðandi uppeldi sjómannsefna, og það mun án efa verða þjóðinni til hagsbóta, er fram líða stundir.

Skýrslugerð sú, sem gert er ráð fyrir í tillögunni, tryggir, að hið opinbera geti fylgzt með því, að útgerðarfyrirtækin láti ekki undir höfuð leggjast að skrá umrædd ungmenni í skiprúm, og jafnframt veitir hún vitneskju um, hverja raun þessi ráðstöfun gefur, t. d. hversu margir unglinganna haldi áfram sjómennsku. Þá geta unglingarnir, þegar þeir hyggja á frekara nám í sjómennsku, lagt fram skilríki, sem gefa vísbendingu um störf þeirra og hæfileika.

Þess skal getið, að ein mesta siglingaþjóð heims hefur áratugum saman viðhaft svipaða aðferð við uppeldi og þjálfun sjómannsefna sinna.

Árið 1953 lagði Gils Guðmundsson fyrir Alþingi frumvarp til laga um sjóvinnuskóla, og telja flutningsmenn tillögu þessarar, að þar hafi verið borið upp mál, sem fyllilega sé þess vert, að tekið yrði til nánari athugunar af hlutaðeigandi stjórnarvöldum.

Sþ. 485. Tillaga til þingsályktunar [164. mál]

um forgangsrétt sjómanna til fastlaunaðra starfa í landi.

Flm.: Gunnlaugur Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að athuga, hvort og þá með hvaða hætti unnt væri að tryggja sjómönnum, sem verið hafa hásetar á togurum eða kaup-

skipum í millilandasiglingum samfleytt ákveðið árabil og náð hafa vissum aldri, forgangsrétt til tiltekinna fastlaunaðra starfa í landi; enn fremur að athuga á sama hátt, hvort eigi sé rétt að tryggja, að sjómenn, sem verið hafa hásetar á togurum í 15 ár samfleytt, gangi að jafnaði fyrir um hásetarúm á kaupskipum í millilandasiglingum. Jafnframt verði kannaðir möguleikar á því, að háseti, sem verið hefur á togurum eða stundað siglingar á íslenzku kaupskipi samfleytt í ákveðið árabil og ræðst til starfs hjá ríki eða bæ, fái reiknaða ⅗ hluta af sjómennskutímanum sem þjónustutíma, þegar ákveða skal laun og önnur réttindi hans sem starfsmanns í landi.

Greinargerð.

Það er óumdeilt, að íslenzku sjómennirnir, sem fjarri eru heimilum sínum vikum og jafnvel mánuðum saman við öflun verðmæta í þjóðarbúið, séu útverðir og framherjar þjóðarinnar. Íslenzka þjóðin hefur um langan aldur átt því láni að fagna að eiga dugmikla sjómannastétt, sem vissulega hefur átt drjúgan þátt í því, að okkur Íslendingum hefur auðnazt að halda hér uppi menningarþjóðfélagi, er megnugt sé að standa á eigin fótum. Sjómennirnir hafa sýnt það með starfi sínu og afköstum, að þeir hafa fyllilega staðið erlendum stéttarbræðrum sínum á sporði, að eigi sé fastar að orði kveðið. Nú óttast ýmsir, að svo kunni að fara, að við getum ekki lengur stært okkur af því að eiga dugmestu sjómenn heims, en vegna fámennis þjóðarinnar þurfa þeir að vera sérlega afkastamiklir, svo sem þeir hafa jafnan verið.

Það er staðreynd, að nú mun æ fátíðara, að ungir menn ráðist til sjómennsku, en þjóðin á vissulega tilveru sína undir því, að íslenzkir sjómenn færi henni björg í bú. Það er án efa margt, sem veldur þessari öfugþróun, og verða þær orsakir ekki raktar til hlítar hér, heldur einungis drepið á eina þá veigamestu að dómi flutningsmanns tillögu þessarar.

Það er alkunna, að sjómaður, sem verið hefur háseti á fiskiskipum í 20—30 ár og hefur náð 45—50 ára aldri, á naumast eftir starfsþrek til að gegna áfram sömu störfum til loka starfsævi sinnar. Reynslan sýnir, að á framangreindum aldri láta fjölmargir hásetar af sjómennsku. En þegar þessir menn, sem eytt hafa beztu árum ævi sinnar við lýjandi störf í þágu þjóðarinnar, koma í land og vilja leita sér að fastri atvinnu, bíða þeirra fæstra önnur störf en daglaunavinna í samkeppni við unga og ólúna verkamenn. Málum er nú svo komið í okkar þjóðfélagi, að 45 ára gömlum mönnum gengur illa að fá fastlaunuð störf nema þá helzt fyrir kunningsskap. Hins vegar er um að ræða fjölmörg störf í landi, sem þeir gætu innt af hendi engu síður en yngri menn, svo sem hvers konar almenn gæzlustörf, störf hjá póstmálastjórn, tollgæzla o. fl.

Með öðrum þjóðum tíðkast mjög að veita þeim mönnum, sem gegnt hafa mikilvægum störfum fjarri ættlandi sínu, forgangsrétt að ýmsum opinberum störfum að loknum tilteknum þjónustutíma.

Flutningsmaður telur víst, að sjómenn, sem eru hásetar á togurum og kaupskipum, telji meira virði að eiga í vændum fasta atvinnu í landi að sjómennsku lokinni heldur en að þeim séu tryggð eftirlaun úr lífeyrissjóði á efri árum og því sé rétt að freista þess að koma á þeirri skipan, sem hér er lagt til.

Að endingu skal vikið að þeirri hugmynd að veita togarasjómönnum forgangsrétt að hásetastörfum á kaupskipum í millilandasiglingum. Það er alkunna, að þau störf eru miklu þægilegri og fjölbreyttari að ýmsu leyti en sjómennska á togurum, auk þess fylgja þeim föst gjaldeyrisfríðindi, og eru þau því mjög eftirsótt, en sanngjarnt, að þeir, sem verið hafa hásetar á togurum, hafi forgangsrétt að slíkum störfum.

Ed. 486. Lög [109. mál]

um breyting á lögum nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

(Afgreidd frá Ed. 6. maí.)

Samhljóða þskj. 231.

Ed. 487. Frumvarp til laga [165. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jarðirnar Granda í Ketildalahreppi í Vestur-Barðastrandarsýslu og Skógarkot í Andakílshreppi í Borgarfjarðarsýslu.

Flm.: Páll Zóphóníasson, Sigurvin Einarsson, Finnbogi R. Valdimarsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja:

a. Hallgrími Ottóssyni á Bíldudal eyðijörðina Granda í Ketildalahreppi í Vestur-Barðastrandarsýslu;
b. Óskari Hjartarsyni á Grjóteyri í Andakílshreppi í Borgarfjarðarsýslu jörðina Skógarkot í Andakílshreppi.

2. gr.

Verð jarðanna skal ákveðið af dómkvöddum mönnum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Grandi í Ketildalahreppi er eyðijörð með ónothæfum húsakynnum. Jörðin hefur oft verið auglýst laus til ábúðar, en enginn ábúandi komið. Fasteignamat jarðarinnar er: landverð kr. 2300.00, húsaverð kr. 2100.00. Nágrannajarðir Granda hafa nægjanlegt landrými og þurfa þeirrar jarðar því ekki með. Hallgrímur Ottósson, er var síðasti ábúandi þar og hefur nytjað jörðina, óskar að fá hana keypta, enda mælir hreppsnefnd Ketildalahrepps með því, að honum verði seld jörðin. Þar sem engar líkur eru til, að jörð þessi byggist, þykir rétt að verða við óskum þessa síðasta ábúanda hennar, sem hyggst að nytja hana til slægna handa skepnum sínum, er hann á á Bíldudal.

Skógarkot er eyðijörð, húsalaust fylgikot með Hvanneyri. Halldór Vilhjálmsson skólastjóri notaði jörðina endrum og eins til beitar fyrir hross að sumri til, sem þó gengu aðallega á annarra landi. Runólfur Sveinsson skólastjóri mun hafa notað hana eitt sumar á sama hátt. Núverandi skólastjóri á Hvanneyri mun hins vegar aldrei hafa notfært sér land þetta. Skógarkot liggur sem tunga inn í Grjóteyrarland. Er það um 1600 m að lengd og um 400 m að breidd eða um 64 ha. Fasteignamat er kr. 1200.00. Landið er, vegna stærðar og legu, ónothæft fyrir aðra en Grjóteyrarbóndann og aðeins til beitar og því eðlilegast, að hann fái jörðina keypta.

Nd. 488. Nefndarálit [159. mál]

um frv. til laga um skatt á stóreignir.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Megintilgangur frv. þess, er hér liggur fyrir, er sá að afla fjár til veðdeildar Búnaðarbanka Íslands og Byggingarsjóðs ríkisins. Okkur er fyllilega ljós nauðsyn þess, að þessum stofnunum sé útvegað aukið fjármagn, en hins vegar lítum við svo á, að skattaálagning sú, sem gert er ráð fyrir í frv., muni skapa svo alvarleg vandamál í atvinnulífi landsmanna, að óaðgengilegt sé með öllu að fallast á hana í þeirri mynd, sem hún nú liggur fyrir.

Það er alkunna, að mestallur atvinnurekstur landsmanna á nú við mjög mikinn skort rekstrarfjár að etja. Er sýnilegt, að rekstrarfjárskorturinn hlýtur að fara vaxandi í næstu framtíð, enda þótt ekki yrði um neina nýja skattaálagningu að ræða af því tagi, sem frv. gerir ráð fyrir. Veldur því fyrirsjáanleg hækkun framleiðslukostnaðar, svo sem kaupgjalds, auk þess sem bankarnir eiga í vaxandi mæli við örðugleika að etja að því er snertir fullnægingu eftirspurnar atvinnurekstrarins eftir rekstrarfé, þar sem sparifjármyndun hefur farið minnkandi. Ef það á að bætast við þá stórfelldu örðugleika, sem atvinnuvegirnir eiga nú við að stríða um öflun rekstrarfjár, að þeim sé gert að greiða 8 millj. kr. árlega í afborgun af stóreignaskatti auk vaxta, er sýnt, að fjöldi fyrirtækja hlýtur að öllu óbreyttu að komast í greiðsluþrot, og fer ekki hjá því, að þær truflanir, sem af því hlyti að leiða í atvinnurekstrinum, hafa í för með sér tilfinnanlegan atvinnumissi fyrir það fólk, er hjá fyrirtækjum þeim starfar, er harðast verða úti af völdum skattsins.

Engin grein er fyrir því gerð í frv., hvernig þetta vandamál eigi að leysa, og vekur það furðu okkar, því að með ólíkindum má telja, að ríkisstjórninni sé það ekki ljóst.

Vandkvæði þau, sem á því eru að útvega fjármagn til íbúðarhúsabygginga í sveitum og við sjávarsíðuna og til veðdeildar Búnaðarbankans, eru aðeins einn þáttur þess fjármagnsskorts, sem þjóðin á nú við að etja og öðru fremur á rót sína að rekja til þeirrar minnkunar sparifjármyndunar, sem átt hefur sér stað, síðan nýrri verðbólguöldu var ýtt af stað með verkföllunum vorið 1955. Að okkar áliti er sú leið eins vænleg til þess að leysa þetta vandamál, að komið verði á því jafnvægi í efnahagsmálum þjóðarinnar, að frjáls sparifjármyndun vaxi svo, að hún verði eigi minni en á árunum 1953—54.

Hitt er að okkar áliti síður en svo lausn á þessu máli, þótt lagður sé skattur á eignir, sem nær eingöngu eru bundnar í atvinnurekstri. Með tilliti til rekstrarfjárskorts atvinnuveganna hlýtur sú leið aðeins að skapa ný vandamál, sem stjórnarvöld landsins verða með einhverju móti að finna lausn á, ef forða á stórfelldu atvinnutjóni fyrir fjölda launafólks. Lánsfjárvandamál þjóðarinnar verða að okkar áliti aðeins leyst með því að sjá fyrir nýju fjármagni, innlendu eða erlendu. Hitt er sjálfsblekking, að ætla sér að ráðstafa fjármagni því, sem bundið er í atvinnurekstrinum, til íbúðarhúsabygginga eða annarrar fjárfestingar, hversu nauðsynleg sem hún er. Við viljum einnig á það benda, að hinir auknu skuldafjötrar atvinnurekstrarins, sem leiða mundu af samþykkt slíkrar skattaálagningar, gera áframhaldandi verðbólguþróun að hagsmunamáli atvinnurekenda í miklu ríkara mæli en nú er, og ætti það ekki að þurfa nánari skýringar við, að slíkt torveldar baráttuna gegn verðbólgunni.

Það er því skoðun okkar, að frv. þetta sé engin raunhæf lausn á því vandamáli, sem því er ætlað að leysa, og eigi þessi skattaálagning því ekki rétt á sér, eins og viðhorf eru nú, þótt hún geti átt rétt á sér við aðrar aðstæður. Við teljum hins vegar rétt að freista þess að sníða af frv., eins og það liggur fyrir, verstu agnúana, sem á því eru að okkar áliti.

Við höfum því í fjárhagsnefnd lagt fram ýmsar brtt. við frv. og greinargerð fyrir þeim, en tillögur þessar miðuðu í fyrsta lagi að því að auðvelda fyrirtækjum og einstaklingum greiðslu skattsins og í öðru lagi að því að tryggja réttlátari álagningu hans að okkar dómi. Óskuðum við þess, að meiri hlutinn tæki afstöðu til tillagna þessara fyrir 2. umræðu, en meðnefndarmenn okkar töldu, að það mundi flýta afgreiðslu málsins, að það biði þar til milli 2. og 3. umræðu, að tekin væri endanleg afstaða til einstakra tillagna okkar. Með tilliti til þeirrar afstöðu meiri hl. ákváðum við að fresta því til 3. umr. að leggja brtt. okkar fram.

Alþingi, 6. maí 1957.

Ólafur Björnsson, frsm. Jóhann Hafstein.

Nd. 489. Nefndarálit [58. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 25. maí 1949, um iðnfræðslu.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt óbreytt. — BBen var fjarverandi, er málið var afgreitt.

Alþingi, 7. maí 1957.

Emil Jónsson, form., frsm. Ágúst Þorvaldsson, fundaskr. Ingólfur Jónsson.
Bragi Sigurjónsson.

Nd. 490. Nefndarálit [150. mál]

um frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1954.

Frá fjárhagsnefnd.

Frumvarpið er í samræmi við ríkisreikninginn, og mælir nefndin með því, að það verði samþykkt.

Alþingi, 7. maí 1957.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Emil Jónsson, fundaskr. Ólafur Björnsson.
Einar Olgeirsson. Jóhann Hafstein.

Nd. 491. Breytingartillaga [128. mál]

við brtt. á þskj. 482 [Tollskrá o. fl.].

Frá Ingólfi Jónssyni og Jóni Pálmasyni.

Meginmál till. orðist svo:

Að undanþiggja hvers konar aðflutningsgjöldum hampgarn til veiðarfæragerðar, vélar í fiskiskip, sjálfvirkar fiskflökunarvélar og landbúnaðarvélar.

Nd. 492. Breytingartillaga [128. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 90 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 1. gr. Í stað „30%“ í 5. tölul. 4a komi: 20%.

Nd. 493. Nefndarálit [38. mál]

um frv. til l. um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Kópavogskaupstað land jarðanna Kópavogs og Digraness og um eignarnámsheimild á erfðafesturéttindum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 7. maí 1957.

Ásgeir Bjarnason, form. Gunnar Gíslason, fundaskr. Gunnar Jóhannsson, frsm.

Ágúst Þorvaldsson. Jón Pálmason.

Sþ. 494. Fyrirspurn [166. mál]

til samgöngumálaráðherra um veitingu sérleyfa til fólksflutninga með bifreiðum.

Frá Jóni Kjartanssyni.

1. Hvers vegna synjaði ráðherra á s. l. vetri Verzlunarfélagi Vestur-Skaftfellinga í Vík um leyfi til áætlunarferða fólksbifreiðar með vörupalli — og einnig síðar um undanþágu — á leiðinni Reykjavík—Vík—Hörgsland þrátt fyrir einróma meðmæli skipulagsnefndar fólksflutninga með bifreiðum?
2. Hefur ráðherra á þessu ári synjað öðrum umsóknum um sérleyfi, sem skipulagsnefnd hafði einróma mælt með, og ef svo er, hverjum?

Ed. 495. Nefndarálit [123. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 77 27. júní 1921, um hlutafélög.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Undirritaðir mæla með, að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Í stað „bæjar- eða sveitarfélög“ í 1. gr. komi: sveitarfélög.

Alþingi, 8. maí 1957.

Friðjón Skarphéðinsson, form. Alfreð Gíslason, fundaskr., frsm.

Nd. 496. Nefndarálit [138. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 16. maí 1955, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Í frv. felast tvær breytingar á gildandi lögum um Fiskveiðasjóð Íslands:

1. Hámarksstærð skipa, sem sitja fyrir lánum úr sjóðnum, er samkv. frv. 300 rúmlestir í stað 200 rúmlesta í lögunum, sbr. 1. gr. frv.
2. Hámark lánsupphæða er afnumið samkv. frv., sbr. 2. gr. En áfram gildir það, að lána megi allt að ¾ af verði skipa, sem smíðuð eru innanlands, allt að ⅔ af verði skipa, sem smíðuð eru erlendis, og allt að ⅗ af verði fiskvinnslustöðva.

Nefndin hefur rætt frv. og fengið um það umsögn stjórnar Fiskveiðasjóðs Íslands.

Að athuguðu máli leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

Við 2. gr.

1. Í stað „hljóðar“ komi: orðist.
2. 2. málsgr. orðist svo:
   Um útborgun lána vegna skipa í smíðum skal ákveðið í reglugerð.

Alþingi, 8. maí 1957.

Gísli Guðmundsson, form., frsm. Karl Guðjónsson, fundaskr. Pétur Ottesen.
Sigurður Ágústsson. Áki Jakobsson.

Nd. 497. Breytingartillögur [148. mál]

við frv. til l. um eyðingu refa og minka.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Við 9. gr.

1. Í stað „kr. 250.00“ komi: kr. 400.00.
2. Í stað „kr. 150.00“ komi: kr. 200.00.

Ed. 498. Nefndarálit [13. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 88 1953, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar, og leggur meiri hl. hennar (BSt, EggÞ, BjörnJ) til, að það verði samþykkt.

Tveir nefndarmanna (GTh og JJós) voru fjarstaddir, er málið var afgreitt í nefndinni, og eru því óbundnir um afstöðu til þess.

Alþingi, 8. maí 1957.

Bernh. Stefánsson, form. Björn Jónsson, fundaskr., frsm. Eggert G. Þorsteinsson.

Sþ. 499. Þingsályktun [100. mál]

um fullgildingu á alþjóðasamþykkt um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf.

(Afgreidd frá Sþ. 8. maí.)

Alþingi ályktar að veita ríkisstjórninni heimild til þess fyrir Íslands hönd að fullgilda samþykkt nr. 100, um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf, sem gerð var á 34. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í Genf 1951, eins og hún liggur fyrir á fylgiskjalinu, sem prentað er með ályktun þessari.

Jafnframt ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að gera hið fyrsta ráðstafanir til, að samþykktin komist í framkvæmd hér á landi.

Fylgiskjal.

Samhljóða fskj. á þskj. 196.

Sþ. 500. Þingsályktun [101. mál]

um fullgildingu á alþjóðasamþykkt um nauðungarvinnu eða skylduvinnu.

(Afgreidd frá Sþ. 8. maí.)

Samhljóða þskj. 197.

Sþ. 501. Tillaga til þingsályktunar [167. mál]

um efnaiðnaðarverksmiðju í Hveragerði.

Flm.: Sigurður Ó. Ólafsson, Ágúst Þorvaldsson.

Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnarinnar að láta athuga skilyrði fyrir staðsetningu efnaiðnaðarverksmiðju í Hveragerði.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt að beiðni hreppsnefndarinnar í Hveragerðishreppi, og hefur flutningsmönnum borizt eftirfarandi greinargerð frá oddvita hreppsins:

„Næst vatnsorkunni er jarðhitinn stærsta auðlind Íslands. Enn er þessi auðlind ekki nýtt nema að litlu leyti. Með borunum og betri nýtingu hitans skapast möguleikar á mikilli eflingu íslenzks atvinnulífs. Margir telja, að í framtíðinni verði iðnaður helzti atvinnuvegur landsmanna. Fólksfjölgun er mikil og vaxandi.

Árið 1955 fjölgaði landsmönnum um rúml. 3400, eða 21,7 af þús. Undanfarna áratugi hefur iðnaðurinn tekið við fólksfjölguninni. Verður þróunin og án efa sú í framtíðinni.

Vegna þess, hve landið er snautt af hráefnum, yrði fyrst og fremst um efnaiðnað að ræða. Þar yrði jarðhitinn stærsti orkugjafinn. Í hveravatni, gufu og hveraleir eru fjölmörg efni, sem orðið gætu undirstaða efnaiðnaðar. Í annan stað má benda á, að auðvelt er að vinna raforku úr gufunni, og skal um það efni vísað til fróðlegrar greinar eftir Gunnar Böðvarsson verkfr., Um framleiðslu raforku á „Suðursvæðinu“ (Hveragerði). (Skýrsla um rannsóknir á jarðhita í Hengli, Hveragerði og nágrenni árin 1947—1949, síðari hl., bls. 254—259).

Sem flestum mun kunnugt, er Hveragerði eitt mesta jarðhitasvæði á Íslandi, og ekkert jarðhitasvæði er betur í sveit sett, — ef svo mætti að orði komast, — með tilliti til efnaiðnaðar, þar sem þorpið er í þéttbýlasta landbúnaðarhéraði landsins, um 46 km frá Reykjavík, og 22 km eru héðan til næstu hafnar, hinnar ört vaxandi verstöðvar í Þorlákshöfn.

Árin 1947—49 fóru fram á vegum jarðborunardeildar raforkumálastjórnar ríkisins víðtækar rannsóknir á jarðhita í Hveragerði og nágrenni. Skýrslur þær, sem starfsmenn jarðborunardeildar og rannsóknaráðs ríkisins hafa samið um þessar rannsóknir, veita mikinn fróðleik um jarðhitann á þessu svæði. Um iðnaðarmöguleika, sem jarðhitinn skapar, hafa þeir samið merkar skýrslur, Baldur Líndal B.S. og danski verkfræðingurinn Haldor Topsoe: „Hagnýting jarðhita í iðnaði." Þar er fjallað um fjölmörg atriði, sem til greina kæmu við hagnýtingu jarðgufunnar í efnaiðnaði, t. d. aluminiumoxid-vinnslu, þaravinnslu og vinnslu á þungu vatni.

Sumarið 1953 dvöldust hér á landi um skeið þrír efnafræðingar frá Battellestofnuninni í Ohio, Bandaríkjunum, til þess að athuga og gefa álit sitt á því, hverjir möguleikar væru fyrir því að nýta hverahita og vatnsafl landsins í enn ríkari mæli en hingað til hefur verið gert, einkum með tilliti til aukins efnaiðnaðar. Að lokinni heimsókn sinni skiluðu þeir skýrslu, þar sem þeir fjalla um niðurstöður af athugunum sínum og viðræðum við íslenzka sérfræðinga.

Í skýrslunni segir m. a. á þessa leið: „Þörfin fyrir nýjan og aukinn iðnað á Íslandi til þess að veita auknum íbúafjölda atvinnu og greiða fyrir sívaxandi innflutningi, sem bætt lífskjör fólksins hafa í för með sér, hlýtur að vera öllum ljós.

Sem betur fer, er legu landsins, veðurfari og dugnaði fólksins þann veg farið, að þetta hjálpast allt að til þess að gera mögulegar víðtækar tæknilegar framfarir jafnhliða umfangsmikilli útflutningsverzlun, sem byggist á framleiðslu nýrra vöruteguna. Heitt hveravatn er önnur stærsta auðlind landsins, og áætla má, að hverir, sem dreifðir eru milli hér um bil 200 staða víðs vegar um landið, geti látið í té vatnsmagn, er nemur 112 000 l á mínútu. Vitað er um 10 gufusvæði á Íslandi, og hafa nokkur þeirra verið tekin til allnákvæmrar rannsóknar með nýtingu gufunnar í iðnaði fyrir augum. Ef gert er ráð fyrir, að gufuhverir þeir, sem hér um ræðir, séu svipaðrar tegundar og á Ítalíu, mun afl þeirra haldast óbreytt í margar tugþúsundir ára."

Í skýrslunni eru talin upp helztu efni, sem fundizt hafa hér á landi og líkleg eru til þess að geta komið til greina sem hráefni, a. m. k. að nokkru leyti, við ýmiss konar efnaframleiðslu, t. d. þungt vatn, brennisteinn, klór og þari, og er tekið fram, að nýjar uppfinningar og framfarir á sviði efnaiðnaðar hafi skapað mikla möguleika til margvíslegrar framleiðslu úr þara.

Nú nýlega hefur Baldur Líndal verkfr. lokið við að semja ritgerð um þaravinnslu, og Rannsóknaráð ríkisins gerir einmitt ráð fyrir, að slíkri verksmiðju verði valinn staður í Hveragerði, og á B. L. nú bréfaskipti við Battelle-stofnunina varðandi þaravinnslu hér á landi.

Rannsókn og hagnýting ísl. náttúruauðæfa hefur oft verið rædd á Alþingi hin síðari ár, og um þau mál hefur þingið gert merkar ályktanir. Snemma árs 1953 voru samþykktar á Alþingi tvær ályktanir um þetta efni. Í annarri ályktuninni var ríkisstj. falið að láta hraða sem mest rannsókn á því, hvernig jarðhiti yrði sem bezt hagnýttur, m. a. til orkuframleiðslu og iðnaðar, og að láta gera áætlanir um hagnýtingu jarðhitans á sem flestum stöðum á landinu og undirbúa löggjöf um hagnýtingu þessarar auðlindar. Tveimur árum síðar kaus Alþingi sjö manna milliþinganefnd til að gera tillögur um eflingu núverandi atvinnugreina til framleiðslu- og atvinnuaukningar og hagnýtingar náttúruauðæfa landsins, og á síðasta þingi var samþykkt að láta fara fram rækilega athugun á því, hverjir möguleikar eru hér á landi til hagnýtingar kjarnorku og geislavirkra efna í þágu atvinnuveganna.

Enn sem komið er hafa fáar tillögur komið fram um staðsetningu efnaiðnaðarverksmiðja. Því er það, að hér er þess farið á leit, að þegar til framkvæmda kemur,

verði slíkum iðnaði valinn staður í Hveragerði. Þorpsbúar hafa þörf fyrir aukna atvinnu, og eins og áður segir, er þorpið á því svæði, að um ákjósanlegri stað er ekki að ræða. Því vænta Hvergerðingar þess, að undirbúningi (þar á meðal frekari borunum hér) og athugunum verði hraðað, svo sem frekast er unnt, og að þeim loknum verði framkvæmdir þegar hafnar hér í Hveragerði."

Ed. 502. Nefndarálit [157. mál]

um frv. til l. um Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndinni hafa borizt umsagnir um frv. frá þessum aðilum: Háskóla Íslands, stúdentaráði háskólans, Lyffræðingafélagi Íslands og forstöðumanni Lyfjaverzlunar ríkisins. Nefndin hefur athugað frv. og rætt það á nokkrum fundum svo og frv. til laga um stofnun prófessorsembættis við verkfræðideild Háskóla Íslands og starfrækslu rannsóknarstofu til geislamælinga, og enn fremur frv. til laga um breyting á lögum nr. 16 12. marz 1947, um menntun kennara. Bæði þessi frv. fjalla að sínu leyti um málsatriði, er snerta Háskóla Íslands. Umsagnir um þau bárust frá Háskóla Íslands, stúdentaráði háskólans, forstöðumanni Lyfjaverzlunar ríkisins og einnig frá Sambandi ísl. barnakennara um hið síðarnefnda.

Að athuguðu máli ákvað nefndin að leggja til, að efni hinna tveggja síðarnefndu frv. yrði tekið upp í frv. til laga um Háskóla Íslands. Sýnist að því hagræði, enda þykir ekkert því til fyrirstöðu, að svo verði gert.

Einn nefndarmanna (FRV) var ekki viðstaddur, er málið var afgreitt.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja breytingartillögur við frv., en nefndin í heild leggur til, að það verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr. Aftan við 2. málslið 3. mgr. bætist: enda þótt tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra manna hafi þá ekki tekið þátt í atkvæðagreiðslu.
2. Við 9. gr. 2. málsliður orðist svo:
   Viðskiptadeild skal verða sjálfstæð deild, þegar þrjú föst kennaraembætti hafa verið stofnuð í viðskiptafræðum.
3. Við 24. gr. Síðari málsliður 2. mgr. orðist svo:
   Enn fremur má í reglugerð kveða svo á, að heimilt sé að víkja stúdent úr skóla vegna persónulegra ágalla eða alvarlegrar óreglu.
4. Við 30. gr. Í stað 2. málsliðar 1. mgr. komi:
   Er honum þá heimilt að þreyta prófið tvívegis að nýju. Milli prófa skal eigi líða lengri tími en eitt ár.
5. Við 40. gr.
   a. Í stað „7" í 4. tölulið komi: 8.
   b. Í stað „3" í 5. tölulið komi: 4.
6. Við 41. gr.
   a. Fyrir „lyfsölufræði" á tveim stöðum í greininni komi: lyfefnafræði.
   b. Við greinina bætast þrjár nýjar málsgreinar, svofelldar:
      Prófessorinn í eðlisfræði er jafnframt forstöðumaður rannsóknarstofu til mælinga á geislavirkum efnum. Rannsóknarstofa þessi lýtur verkfræðideild, og skal setja ákvæði um starfsemi hennar í reglugerð Háskóla Íslands.
      Prófessorinn í uppeldisfræðum skal skipuleggja kennsluæfingar nemenda í uppeldisfræðum. Hann skal halda fyrirlestra fyrir starfandi kennara og efna til námskeiða fyrir þá. Auk þess skal hann annast rannsóknir og

leiðbeiningarstörf í þágu uppeldismála landsins, eftir því sem kveðið verður á í reglugerð.

Prófessorinn í forspjallsvísindum hefur á hendi kennslu í uppeldisfræðum, eftir því sem samrýmist störfum hans.

7. Við 43. gr. Greinin orðist svo:

Við læknadeild skal stofna til kennslu í lyfefnafræði (pharmacia), og skal kveða á um námstilhögun í reglugerð.

8. Við 46. gr. Við greinina bætist:

Lög nr. 16 12. marz 1947, um menntun kennara, 15. gr. — Í 20. gr. sömu laga falli niður orðin „við kennslustofnun".

Alþingi, 8. maí 1957.

Sigurvin Einarsson, form.	Friðjón Skarphéðinsson, fundaskr., frsm.	Gunnar Thoroddsen.
	Sigurður Ó. Ólafsson.	

Ed. 503. Breytingartillaga [157. mál]

við frv. til l. um Háskóla Íslands.

Frá Sigurvin Einarssyni og Friðjóni Skarphéðinssyni.

Við 2. gr. 3. mgr. orðist svo:

Háskólaráð hefur úrskurðarvald í málefnum háskólans og háskólastofnana svo sem lög mæla og nánar segir í reglugerðum.

Nd. 504. Lög [135. mál]

um breyting á lögum nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

(Afgreidd frá Nd. 9. maí.)

Samhljóða þskj. 388.

Ed. 505. Nefndarálit [46. mál]

um frv. til laga um breyt. á lögum nr. 18 28. maí 1941, um sandgræðslu og heftingu sandfoks.

Frá landbúnaðarnefnd.

Víst má telja, að landnámsmennirnir hafi, strax og þeir hófu að græða tún við býli sín, farið að græða upp og rækta sanda. Vitna tún víða um það, þar sem þau eru grædd upp á melhólum og sandi og þeim þeirra, sem í halla liggja, er hætt við að brenna í þurrkavorum. Vafalaust hafa þeir þá notað töðusalla til að sá, eins og vitað er að bændur notuðu á nítjándu öld (t. d. Jón Skúlason, Söndum).

1745 sendi konungur þrjár tunnur melfræs til Vestmannaeyja, er sáð var þar til heftingar sandfoks, og eru það fyrstu sagnir hérlendar um tilraunir til sandgræðslu með sáningu mels. Síðan þá hafa einstakir menn hér og þar um landið unnið

að sandgræðslu, en skipulagslaust til 1907. Við og við sendi konungur melfræ til að sá í sand og hefta sandfok (Búðardal 1774, Sperðli 1777, Odda 1839, Reykjanesi 1850), og í Sauðlauksdal var reynt að hefta það með görðum. En 1907 hefst Búnaðarfélag Íslands handa um að vinna að græðslu sanda og heftingu sandfoks, og strax árið eftir er farið að glíma við Reykjasand á Skeiðum og þá girt fyrsta sandgræðslugirðingin, er friðaði 265 ha lands og var 9.88 km löng. Nú er land innan hennar mikið gróið, og í stað þess að þurfa að leggja Reyki í auðn, eins og allir bjuggust við kringum 1908—1910, eru nú risin upp þar 3 prýðileg nýbýli. Frá 1908 og til 1948, eða um 40 ára skeið, hafa verið girtar 400 km langar girðingar til vörzlu á 33 landsvæðum með 50 702 ha innan girðinga, sem voru sumpart örfoka sandar, er ógnuðu grónu landi með eyðingu, en á öðrum stöðum sandar eða landflæmi, sem voru að blása upp. Á þessum 40 ára starfsferli sandgræðslunnar voru notaðar sömu aðferðirnar til að reyna að græða upp sandinn og verjast uppblæstri, en þær voru:

1. Að friða landið og stuðla þannig að því, að það greri upp af sjálfu sér.
2. Að sá mel í landið til að binda sandinn og hefta sandfok.
3. Að setja garða, ýmislega gerða, á sandinn, þvert á stefnu sandfoksins til þess að stöðva það.

Þessar aðferðir þóttu seinvirkar. Þær hafa þó leitt til þess, að öll þessi 33 svæði, sem girt voru fyrir 1948, eru meira eða minna gróin og sandfok á þeim mörgum hætt og öðru landi stafar nú hvergi hætta af sandfoki og uppblæstri frá þeim. Á sumum þeirra eru jarðir, sem áður voru komnar í eyði, byggðar á ný, eins og á Landi og Rangárvöllum.

Árið 1948 verða tímamót í sögu sandgræðslunnar. Þá er fyrst sáð grasfræi í sandinn og borinn á hann áburður. Var það bæði gert á Rangárvöllum og í Sauðlauksdal. Árið 1905 var að vísu fyrst sáð erlendu fræi, öðru en mel, í sandbrekku í suðvesturhorni neðri gróðrarstöðvarinnar á Akureyri, og hefur hún haldið sér síðan. Í fyrstu voru þetta tilraunir til þess að fá skorið úr, hvaða grasfrætegundir og stofnar yxu bezt í sandinum og jafnframt hvaða áburðarskammta skyldi nota við ræktun á sandi. Síðan hefur þessum tilraunum verið haldið áfram, og hafa þær sýnt, að hvergi er ódýrara að rækta en í sandi. Þetta leiddi til þess, að síðast, þegar jarðræktarlögin voru endurskoðuð, var styrkur til nýræktar hafður ¼ lægri, ef um nýrækt væri að ræða í sandi. Síðan hefur árlega verið veittur jarðræktarstyrkur á nokkur sandgræðslutún, og 1955 var ráðizt í að rækta 100 ha, sem Austur-Eyfellingar hugsuðu sér síðar að nota sem beitiland fyrir sauðfé. Kostnaðurinn við að girða og rækta þessa 100 hektara á Skógasandi varð þessi:

1.	Girðing, 12 km að lengd (efni)	kr.	43 132.00
2.	Grasfræ	—	60 000.00
3.	Áburður	—	88 600.00
4.	Vélavinna	—	8 575.00
5.	Mannavinna, reiknuð með Dagsbrúnartaxta ..	—	25 525.00
		Alls kr.	225 820.00

eða kr. 2258.20 pr. ha, og er um kr. 1600.00 af því kostnaður við ræktunina, en kr. 658.00 við girðinguna, hvort tveggja miðað við ha. Á þessa ræktun og girðingu var greiddur styrkur eftir jarðræktarlögum, og nam hann kr. 105 800.00 alls, og hefur það því kostað bóndann nálægt kr. 1200.00 að fá hektaranum á Skógasandi breytt í tún.

Frumvarp það, er hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir því, að sandgræðslan geti tekið land til uppgræðslu, þó að ekki stafi af því fokhætta, og skuli gilda um það sams konar reglur hvað þátttöku í kostnaði snertir af hálfu landeiganda og hafa gilt um foksvæðin. Öllum landsmönnum þykir ánægjulegt að sjá svartan sandinn breytast í iðjagrænt tún, og enginn minnsti vafi er á því, að að því vilja menn vinna og allir sjá, hve mikið gagn leiðir af því fyrir landið allt.

Síðan 1948 hefur 9 sandgræðslusvæðum verið bætt við og þau girt með 142.2 km langri girðingu. Stærð þeirra er 22 145 ha. Allvíða eru enn svæði, sem blása upp og grónu landi stafar hætta af, og eru 5 þeirra athuguð lauslega. Áætlað er, að um þau þurfi 100 km langar girðingar, er mundu friða 50—60 þús. ha. Sandgræðslustjóri telur, að hann hafi ekki nægilegt fé til að geta tekið fyrir og friðað þau svæði, sem nauðsynlegt sé til að verja frekari eyðingu lands af völdum sandfoks, og eigi hann að taka til uppgræðslu sanda og lítt grýtta mela, sem öðru landi stafi ekki hætta af, verði til þess að koma sérstök fjárveiting. Sama gildir og, eigi að bæta við sandgræðsluna öðrum viðfangsefnum.

Nú er það svo, að um sandgræðslu gilda fern lög, og eru þau öll nokkuð gömul. Lög þessi eru:

1. Lög nr. 6 15. febr. 1895, um heimild fyrir sýslunefndir til að gera samþykktir um hindrun sandfoks og sandgræðslu.
2. Lög nr. 50 7. maí 1928, um Strandarkirkju og sandgræðslu í Strandarlandi.
3. Lög nr. 18 28. maí 1941, um sandgræðslu og heftingu sandfoks.
4. Lög nr. 76 10. nóv. 1943, um breyt. á l. nr. 18 28. maí 1941, um sandgræðslu og heftingu sandfoks.

Mörg ákvæði þessara laga eru orðin úrelt og í algeru ósamræmi við nútímaframkvæmd í sandgræðslumálum. Þegar af þeirri ástæðu er því ástæða til að endurskoða þau og færa ákvæði þeirra saman í ein lög, að svo miklu leyti sem rétt þætti að halda þeim óbreyttum, en bæta að öðru leyti við og breyta þeim eftir því, sem athugun leiddi í ljós. Má í því sambandi benda á, að hvergi er léttara að rækta korn né grasfræ en í sandjörð, og tala sumir um, að rétt væri að víkka út starfssvið sandgræðslunnar og láta hana stunda korn- og grasfræræktt.

Að öllu þessu athuguðu hefur nefndin orðið sammála um, að frumvarpið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin skipi fimm manna nefnd, er endurskoði öll lög, er lúta að sandgræðslu, í þeim tilgangi, að lögin verði samræmd nútíma framkvæmd sandgræðslu, og athugi möguleika á að auka starfsemi hennar, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 9. maí 1957.

Páll Zóphóníasson, form., frsm. Sigurvin Einarsson, fundaskr. Sigurður Ó. Ólafsson.
Friðjón Þórðarson. F. R. Valdimarsson.

Sþ. 506. Nefndarálit [25. mál]

um till. til þál. um rannsókn á möguleikum jarðgangagerðar og yfirbyggingar á fjallvegum.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur rætt tillögu þessa og leitað um hana álits vegamálastjóra. Fylgir álit hans hér með sem fylgiskjal.

Vegamálastjóri telur mjög kostnaðarsamar þær athuganir, sem tillagan gerir ráð fyrir. Með hliðsjón af þeim upplýsingum telur nefndin ekki fært að hefja almenna athugun á möguleikum til jarðgangagerðar og yfirbyggingar fjallvega. Hins vegar telur nefndin mikla nauðsyn á því að gera vegasamgöngur milli byggðarlaga eins öruggar og kostur er og leggur því til, að tillagan verði samþykkt óbreytt, með það

í huga, að rannsóknin verði takmörkuð við þá vegi eða vegastæði, þar sem telja má líklegt, að jarðgangagerð eða yfirbygging sé viðráðanleg af fjárhagsástæðum.

Alþingi, 9. maí 1957.

Karl Guðjónsson, form. Halldór Ásgrímsson, fundaskr. Magnús Jónsson, frsm. Pétur Ottesen.
Sveinbjörn Högnason. Áki Jakobsson. Jón Kjartansson.
Karl Kristjánsson. Halldór E. Sigurðsson.

Fylgiskjal.

VEGAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 16. marz 1957.

Tillaga til þingsályktunar á þskj. 25, „um rannsókn á möguleikum jarðgangagerðar og yfirbyggingar á fjallvegum".

Með bréfi til mín, dags. 15. nóv. f. á., barst mér til umsagnar ofangreind tillaga til þingsályktunar.

Um bæði þau atriði, sem tillagan fjallar um, liggja fyrir nokkrar athuganir, eins og hér skal greina:

1. **Jarðgangagerð.**

Einu jarðgöngin, sem byggð hafa verið á vegi hér á landi, eru 34 m löng göng, sem gerð voru á Súðavíkurvegi 1949. Unnið var þar með frekar ófullkomnum tækjum, og varð kostnaður um 100 kr. á m^3. Göngin voru 5 m breið, þversnið 25 m^2.

Síðan hafa verið byggð jarðgöng við virkjanir Sogs og Grímsár og því fengizt nokkur aukin reynsla á þessu sviði.

Nú liggur fyrir áætlun um byggingu á 900 m löngum jarðgöngum í gegnum Stráka á Siglufjarðarvegi ytri. Þessi göng eiga að vera ríflega 6 m breið, þ. e. þversnið þeirra verður um 35 m^2.

Kostnaður við þessi göng er áætlaður 7—8.5 þús. kr. á lengdarmetra, eða 200—240 kr. á m^3, og fer kostnaður innan þessara marka eftir því, hve haganlega vinna má verkið, en það fer að mestu eftir stærð fjárveitinga. Með stórum fjárveitingum má beita afkastameiri vélum, og fæst þá jafnframt ódýrari vinna.

Á ofangreinda áætlunarupphæð bætist verulegur aukakostnaður, ef bergið er það lélegt, að fóðra þarf göngin með steinsteypu. Í ofangreindum jarðgöngum er að áliti jarðfræðings ekki talið líklegt að fóðra þurfi göngin.

Við þennan mjög háa stofnkostnað getur síðar bætzt mikill árlegur rekstrarkostnaður, ef göngin eru það löng, eða aðstæður þannig, að sjá þurfi fyrir stöðugri loftræstingu og þá oft einnig sérstakri raflýsingu.

Þessi atriði fara að sjálfsögðu eftir aðstæðum á hverjum stað, og er því ógerlegt að segja til um það almennt, hver kostnaður sé við jarðgangagerð, nema að undangenginni ýtarlegri rannsókn hverju sinni.

Varðandi vegi þá, er flutningsmenn tillögunnar benda sérstaklega á í greinargerð, vil ég taka þetta fram:

Breiðadalsheiði:

Vegurinn um Breiðadalsheiði liggur hæst í 630 m hæð, og er snjóþyngsti hluti vegarins í svonefndri Kinn, rétt sunnan við háheiðina. Með um 600 m löngum jarðgöngum má losna við þennan snjóþyngsta kafla, og lækkar þá vegurinn um leið niður í um 550 m hæð. Slík jarðgöng mundu ófóðruð kosta 4—5 millj. kr., miðað

við 35 m² þversnið. Slík jarðgöng ein sér dygðu þó ekki til þess að bæta vetrarsamgöngur um veginn, þar sem mikill hluti hans er ruddur vegur eða svo lágur, að hann lokast í fyrstu snjóum.

Samhliða byggingu jarðganga þyrfti að endurbyggja allt að því 13 km af veginum, og yrði kostnaður við það tæpast undir 2 millj. kr., ef byggja ætti háan og greiðfæran veg.

Bolungavíkurvegur:

Um jarðgöng milli Hnífsdals og Syðridals í Bolungavík er ekki hægt að segja neitt að svo stöddu, þar sem möguleikar til jarðgangagerðar á þeirri leið hafa ekki verið athugaðir.

2. **Yfirbygging vega.**

Lausleg athugun hefur verið gerð á yfirbyggingu fjallvega og þar stuðzt við norskar byggingaraðferðir. Kostnaður við slík mannvirki er áætlaður 6—7 þús. kr. á lengdarmetra, og er nokkur munur á því, hvort vegur er á jafnsléttu eða í hliðarhalla. Sést á því, að slík mannvirki eru lítið eitt ódýrari en jarðgöng, en verða án efa dýrari, ef tekið er tillit til viðhalds og takmarkaðrar endingar.

Í Noregi er löngu hætt að byggja yfir vegi til varnar gegn snjó vegna þess, hve kostnaðarsamt það er. Einnig eru nú til mun stórvirkari tæki til snjóruðnings, sem hentugra þykir að beita en byggja yfir vegina.

Framangreindar kostnaðartölur eru miðaðar við yfirbyggingu úr timbri. Á vegi eins og Bolungavíkurvegi kæmi slík yfirbygging þó ekki til greina vegna grjóthruns. Yrði þar að steypa yfirbygginguna, og er lítill vafi á því, að það yrði ekki síður kostnaðarsamt en yfirbygging úr timbri.

Með tilliti til þessa lít ég svo á, að yfirbygging vega hérlendis komi tæpast til greina sem úrræði til tryggingar á vetrarumferð á snjóþungum vegum.

Varðandi athuganir á möguleikum til jarðgangagerðar er það að segja, að þær eru mjög kostnaðarsamar og tæpast réttlætanlegt að leggja í þann kostnað, nema líkur séu fyrir því, að bygging jarðganga á viðkomandi stað sé hugsanleg af fjárhagslegum ástæðum, miðað við þann kostnað, sem getið er um hér að framan.

Virðingarfyllst,

Sigurður Jóhannsson.

Fjárveitinganefnd Alþingis, Alþingi.

Ed. 507. Breytingartillögur [157. mál]

við frv. til laga um Háskóla Íslands.

Frá Alfreð Gíslasyni.

1. Við 3. gr. 1. málsgr. orðist svo:
   Rektor er kosinn af prófessorum, dósentum og lektorum háskólans til þriggja ára í senn, og eru prófessorar einir kjörgengir.
2. Við 4. gr. 3 málsgr. orðist þannig:
   Nú er til umræðu á fundi háskólaráðs mál, er varðar sérstaklega stúdenta háskólans, og skal rektor þá kveðja á fundinn einn fulltrúa stúdenta, sem stúdentaráð nefnir til. Hefur fulltrúinn þar málfrelsi og atkvæðisrétt.

3. Við 11. gr. 2. málsliður 4. málsgr. orðist svo:
   Álitsgerð nefndarinnar skal höfð til hliðsjónar, er embættið er veitt, og má engum manni veita prófessorsembætti við háskólann, ef nefndin hefur einróma látið í ljós það álit, að hann sé óhæfur til þess.
4. Við 14. gr.
   a. 1. málsgr. orðist svo:
      Hver háskóladeild heldur fundi eftir þörfum. Deildarforseti boðar fundi, og eiga þar sæti prófessorar, dósentar, lektorar og forstöðumenn vísindastofnana, er lúta deildinni.
   b. 2. málsgr. orðist þannig:
      Nú er fjallað sérstaklega um kennslugreinar aukakennara, aðstoðarkennara eða erlendra sendikennara, og skal forseti þá boða kennara á deildarfundi og gefa þeim kost á að ræða það málefni, en atkvæðisrétt eiga þeir ekki.
5. Við 15. gr. Fyrri málsliður 2. málsgr. orðist þannig:
   Deildarfundur er ályktunarfær, ef fund sækja eigi færri en helmingur þeirra, er þar eiga sæti.
6. Við 21. gr. Síðari málsliður 3. málsgr. falli niður.

Nd. 508. Nefndarálit [83. mál]

um frv. til l. um lax- og silungsveiði.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og ekki orðið á eitt sátt um afgreiðslu þess. Minni hl., þm. A-Húnv., skilar séráliti. Þeir Ágúst Þorvaldsson, 1. þm. Árn., og Gunnar Gíslason, 2. þm. Skagf., skrifa undir nefndarálitið með þeim fyrirvara, að þeir áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að vera bornar. Að öðru leyti leggur meiri hl. nefndarinnar til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 35. gr. Greinin orðist svo:
   1. Milli fastra veiðivéla, hvort sem þær eru sömu megin í straumvatni eða sitt frá hvoru landi, skal jafnan vera 100 metra bil eftir endilöngu vatni, þar sem skemmst er á milli þeirra. Þó má bil aldrei vera skemmra en fimmföld lengd veiðivéla frá bakka og út á vatn. Leiðari, er liggur frá fastri veiðivél, telst hluti hennar. Ráðherra er rétt að veita undanþágu frá ákvæði þessarar málsgreinar, þegar sérstaklega stendur á og veiðimálastjóri mælir með því.
   2. Lengd fastrar veiðivélar skal miða við það, að meðalrennsli sé í straumvatni.
   3. Til lengdar fastrar veiðivélar samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar telst fjarlægð hennar frá bakka straumvatns, hvort sem girt er yfir allt það svæði eða eigi. Leiðari telst til fastrar veiðivélar. Nú rýrnar veiðiaðstaða vegna þessa ákvæðis. Þá skal þeim, er í missir, bætt að fullu samkvæmt mati það, sem er fram yfir 30%. Við mat á þessum bótum skal leggja til grundvallar veiði síðustu 10 ára fyrir gildistöku þessara laga svo og fækkun lagna, er orsakast af ákvæði 1. og 2. málsliðar þessarar málsgreinar.
   4. Í matsnefnd samkvæmt 3. mgr. þessarar greinar skulu eiga sæti þrír menn, er ráðherra skipar, og skal einn þeirra vera meðal dómara hæstaréttar. Bætur skulu metnar í eitt skipti fyrir öll, en greiðast með jöfnum afborgunum á 25 árum frá gildistöku laganna. Ríkissjóður greiðir bætur þessar að ¾, en sýslusjóður eða sýslusjóðir viðkomandi héraða að ¼. Sýslunefndir skulu við skiptingu á gjaldi þessu taka tillit til þeirra breytinga, sem verða á veiðiaðstöðu

vegna ákvæða þessarar greinar. Matsnefnd skal ljúka störfum eigi síðar en tveim árum eftir gildistöku laganna. Kostnaður við matið greiðist á sama hátt og bæturnar.

5. Nú hagar svo til, að styttra verður milli lagna tveggja veiðieigenda en leyfilegt er samkvæmt þessari grein, en hvorugur vill víkja, og skal mat skera úr ágreiningi. Þar sem föst veiðivél er sett, skal lögn vera löggilt af lögreglustjóra í samráði við veiðimálastjóra. Nánari ákvæði um löggildingu lagna getur ráðherra sett.

2. Við 97. gr. 2. mgr. greinarinnar falli niður.

Alþingi, 9. maí 1957.

Ásgeir Bjarnason, form.	Gunnar Gíslason, fundaskr., með fyrirvara.	Gunnar Jóhannsson, frsm.
	Ágúst Þorvaldsson, með fyrirvara.	

Ed. 509. Nefndarálit [126. mál]

um frv. til laga um landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarp þetta er stjórnarfrumvarp, sem upphaflega var samið af milliþinganefnd, en síðan lagt fyrir neðri deild Alþingis í nokkuð breyttu formi. Frumvarp þetta hefur hlotið rækilega meðferð í landbúnaðarnefnd neðri deildar, og fylgir því allýtarleg greinargerð frá hennar hálfu. Nefndin hefur yfirfarið frumvarpið, og eru allir nefndarmenn sammála um að greiða fyrir framgangi þess á þessu þingi, svo sem verða má. Þó telja allir nefndarmenn óhjákvæmilegt að gera á því tvær breytingar. Nefndarmenn hefðu kosið að gera á frumvarpinu nokkrar efnisbreytingar umfram þær, sem fram komu við umræður í neðri deild, en hafa fallið frá því, þar sem svo áliðið er orðið þings, en allir sammála um að stuðla að því, að frumvarpið verði að lögum á þessu þingi, svo sem áður greinir.

Tveir nefndarmanna, Friðjón Þórðarson og Sigurður Ó. Ólafsson, áskilja sér þó rétt til að flytja tvær breytingartillögur til samræmis við tillögur milliþinganefndarinnar, sem frumvarpið samdi upphaflega, en breytt var, áður en það var lagt fyrir þingið.

Þrátt fyrir þetta hafa nefndarmenn orðið sammála um að gefa út sameiginlegt nefndarálit og mæla með samþykkt frumvarpsins með eftirtöldum

BREYTINGUM:

1. Við 18. gr. Á eftir orðunum „nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð“ komi: sbr. þó 11. gr.
2. Við 65. gr. Síðasta málsgr. orðist svo:
   Þrátt fyrir ákvæði 45. gr. laga nr. 116 30. des. 1943 má lána út á jarðir í opinberri eigu á sama hátt og aðrar jarðir, séu þær í erfðaábúð, en ella komi veðleyfi landbúnaðarráðherra til hverju sinni.

Alþingi, 9. maí 1957.

Páll Zóphóníasson, form., frsm.	Sigurvin Einarsson, fundaskr.	F. R. Valdimarsson.
	Sigurður Ó. Ólafsson.	Friðjón Þórðarson.

Ed. 510. Breytingartillögur [126. mál]

við frv. til l. um landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá Friðjóni Þórðarsyni og Sigurði Ó. Ólafssyni.

1. Við 26. gr. Fyrir „1½ milljón króna“ í 2. málsgr. komi: 2 milljónir króna.
2. Við 43. gr. Fyrir „2½ milljón króna“ komi: 5 milljónir króna.

Sþ. 511. Tillaga til þingsályktunar [168. mál]

um sameiningu Áfengisverzlunar ríkisins og Tóbakseinkasölu ríkisins.

Flm.: Magnús Jónsson, Sigurður Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að auðið sé að sameina í eitt fyrirtæki Áfengisverzlun ríkisins og Tóbakseinkasölu ríkisins, og leggja fyrir Alþingi, svo fljótt sem verða má, tillögur um þær breytingar, sem gera þarf á gildandi lögum um stofnanir þessar í sambandi við sameininguna.

Greinargerð.

Árið 1950 lagði fjármálaráðherra í umboði ríkisstjórnarinnar fyrir Alþingi frumvarp til laga um Áfengis- og tóbakseinkasölu ríkisins. Í athugasemdum við frumvarpið var svo að orði komizt um tilgang þess:

„Í frumvarpi þessu er lagt til að sameina í eina stofnun Áfengisverzlun ríkisins og Tóbakseinkasölu ríkisins. Ríkisstjórnin hefur leitazt við að finna leiðir til þess að draga úr kostnaði við ríkisrekstur inn og gera hann hagfelldari. Hefur verið skýrt frá nokkrum ráðstöfunum, sem ríkisstjórnin hefur ýmist gert í þessu skyni eða mun gera tillögur um. Ein þeirra er sú að sameina þessi tvö fyrirtæki, svo sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir. Telja menn sig mega vona, að af þessu leiði sparnað í beinum rekstrarkostnaði stofnananna.“

Frumvarp þetta varð ekki útrætt, og hefur málið ekki verið tekið upp síðan.

Naumast mun vera ágreiningur um nauðsyn þess að reyna með einhverju móti að draga úr rekstrarkostnaði ríkisins, og það var á sínum tíma álit þáverandi — og einnig núverandi — fjármálaráðherra, sem manna bezta aðstöðu hefur til að meta þau atriði, að sameining þessara tveggja ríkisstofnana gæti leitt til töluverðs sparnaðar í rekstri fyrirtækjanna. Engin ástæða er til að álíta, að ekki sé nú hægt að ná sama árangri með sameiningu fyrirtækjanna.

Þegar umrætt stjórnarfrumvarp var flutt árið 1950, mun það m. a. hafa átt töluverðan þátt í að hindra framgang málsins, að forstjórastaðan við hvorugt fyrirtækið var þá laus. Nú standa hins vegar svo sakir, að forstjóri annars fyrirtækisins er að hætta störfum, svo að sameiningin þarf ekki að leiða til þess, að af þeim sökum þurfi að láta forstjóra annars fyrirtækisins víkja.

Flutningsmenn þessarar tillögu hafa því talið rétt að hreyfa þessari sparnaðartillögu nú með hliðsjón af þessum aðstæðum. Teljum við réttara að taka málið upp í þingsályktunartillöguformi heldur en endurflytja stjórnarfrumvarpið frá 1950, þar sem nú er orðið áliðið þings og óvíst, að frumvarp fengi fullnaðarafgreiðslu. Það skiptir líka mestu máli, að Alþingi láti í ljós vilja sinn um sameininguna, áður en skipaður verður nýr forstjóri Áfengisverzlunar ríkisins, því að síðar má ganga frá nauðsynlegum formsatriðum varðandi sameiningu fyrirtækjanna.

Ed. 512. Breytingartillaga [29. mál]

við frv. til l. um gjald af innlendum tollvörutegundum.

Frá Gunnari Thoroddsen.

Við 3. gr. Orðin „og er selt í 150 g umbúðum eða stærri“ í 1. tölulið 2. kafla falli burt.

Ed. 513. Frumvarp til laga [128. mál]

um breyting á lögum nr. 90 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. eru gerðar þessar breytingar:

		Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
1.	Á eftir nr. 58 í 28. kafla kemur nýtt númer, svo hljóðandi:			
	58a Netjatjara og netjalitur	1 kg		2
2.	Á eftir orðunum „koma í veg fyrir ketilstein“ í nr. 59 í 28. kafla kemur: og ryð.			
3.	Aftan við nr. 2 í 39A. kafla kemur svo hljóðandi athugasemd:			
	Aths. Ráðuneytinu er heimilt að lækka aðflutningsgjöld af plastumbúðum af sérstakri gerð utan um íslenzkar afurðir til útflutnings.			
4.	Á eftir nr. 6 í sama kafla kemur nýtt númer, svo hljóðandi:			
	6a — plastflot til netjagerðar	—	2	2
5.	Í stað nr. 4 í 39B. kafla koma þrjú númer, svo hljóðandi:			
	— plötur, þræðir, stengur ót. a.:			
	4 — — úr svampgúmmíi til skógerðar	—	7	8
	4a — — úr svampgúmmíi til annars	—	7	20
	4b — — úr öðru	—	7	8
6.	Nr. 33 í 44. kafla (Vaxbornar umbúðir). Liðurinn fellur niður.			
7.	Aftan við nr. 34 í 44. kafla kemur svo hljóðandi athugasemd:			
	Aths. Ráðuneytinu er heimilt að lækka aðflutningsgjöld af pappaumbúðum af sérstakri gerð utan um íslenzkar afurðir til útflutnings.			
8.	Nr. 1 og 2 í 45. kafla orðast svo:			
	— með íslenzkum texta			
	— — bundið	—	2	25
	— — annað	—	2	15
9.	Við athugasemdina við nr. 2 í 45. kafla bætist:			
	Enn fremur er ráðuneytinu heimilt að fella niður aðflutningsgjöld af ritum, sem Vestur-Íslendingar láta prenta vestan hafs á íslenzku, og af forn- og fræðiritum og öðrum þess háttar ritum á íslenzku.			
10.	Í stað nr. 15 í 45. kafla koma tvö númer, svo hljóðandi: Auglýsingaspjöld og auglýsingaskilti, áletruð, einnig úr öðrum efnum:			
	15 — með íslenzkum texta	—	2	25
	15a — önnur	tollfrjáls		

		Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
11.	Á eftir nr. 27 í 63. kafla kemur nýtt númer, svo hljóðandi:			
	27a Vélavírdúkur	1 kg	2	8
12.	Í stað nr. 85—86a í 63. kafla koma tvö númer, svo hljóðandi:			
	Blikkdósir og kassar:			
	85 — málað, áletrað, lakkað eða skreytt	—	7	30
	86 — annað	—	7	20
13.	Nr. 5 í 67. kafla orðast svo:			
	5 Blýlóð (sökkur) svo og nótablý	—		2
14.	Nr. 36 í 72. kafla orðast svo:			
	36 — allt að 100 hestafla	—	2	8
15.	Aftan við nr. 3 í 75. kafla koma tvö ný númer, svo hljóðandi:			
	3a — kranabifreiðar	—	2	10
	3b — steypuhræribifreiðar	—	2	10
16.	Nr. 1—5 í 79. kafla orðast svo:			
	1 Flygel og píanó	—	7	30
	2 Hlutar til flygela og píanóa	—	7	15
	3 Orgel og harmonium	—	7	30
	Aths. Ráðuneytinu er heimilt að fella niður verðtoll af orgelum til kirkna og hljóðfærum fluttum inn til notkunar við kennslu í skólum.			
	4 Hlutar til orgela og harmonía	—	7	15
	5 Strengjahljóðfæri og hlutar til þeirra, ót. a.	—	7	30
17.	Nr. 7—8a í 79. kafla orðast svo:			
	Blásturshljóðfæri:			
	7 — önnur og hlutar til þeirra	—	7	30
	8 Harmoníkur	—	7	30
	8a Hlutar til harmoníka	—	7	15
18.	Aftan við nr. 7 í 85. kafla kemur nýtt númer, svo hljóðandi:			
	8 Ferðaskrín og önnur þess háttar skrín með speglum, burstum og öðrum snyrtiáhöldum, búsáhöldum o. þ. h., ót. a.	—	7	50

2. gr.

Á 3. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

Í stað p- og r-liða kemur nýr liður, svo hljóðandi:

p. Að láta koma til framkvæmda tollfrelsisákvæði alþjóðasamnings frá 25. sept. 1956, um sameiginlega greiðslu kostnaðar af tiltekinni flugþjónustu á Íslandi.

v-liður orðast svo:

v. Að fella niður eða lækka aðflutningsgjöld á allt að 50 bifreiðum árlega fyrir fólk með útvortis bæklanir eða lamanir, enn fremur fólk með lungnasjúkdóma og aðra hliðstæða sjúkdóma og loks fólk, sem þjáist af afleiðingum slysa, allt á svo háu stigi, að það getur ekki farið ferða sinna án farartækis. Enn fremur að fella niður aðflutningsgjöld af hjólastólum og gervilimum, enda sé þörf fyrir þessar vörur sönnuð með nákvæmu læknisvottorði. Eftirgefin aðflutningsgjöld af hverri einstakri bifreið mega ekki nema hærri fjárhæð en kr. 40 000.00.

Fjármálaráðherra skipar þriggja manna nefnd, sem úrskurðar umsóknir um eftirgjafir aðflutningsgjalda af bifreiðum, og er ákvörðun nefndarinnar fullnaðarúrskurður um þetta efni. Skulu nefndarmenn vera læknar, og er einn

nefndarmanna skipaður eftir tilnefningu Sambands íslenzkra berklasjúklinga, annar eftir tilnefningu Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra og sá þriðji án tilnefningar.

Fjármálaráðherra setur nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara ákvæða, ef með þarf. Frá 1. júní og til ársloka 1957 er þó aðeins heimilt að fella niður eða lækka aðflutningsgjöld af 25 bifreiðum.

Á eftir bb-lið koma þrír nýir liðir, svo hljóðandi:

cc. Meðan tilbúinn áburður er tollfrjáls, að endurgreiða Áburðarverksmiðjunni aðflutningsgjöld af umbúðum og efnivörum til framleiðslunnar.

dd. Meðan heimilt er að fella niður aðflutningsgjöld af ómöluðu korni, að fella niður á sama hátt aðflutningsgjöld af kornvörum, kornblöndum og melassa til skepnufóðurs.

ee. Að innheimta sömu aðflutningsgjöld af hvalveiðaskutlum, hvalveiðabyssum og skotfærum til þeirra og veiðarfærum.

3. gr.

Síðari málsliður síðustu málsgr. 7. gr. laganna fellur niður.

4. gr.

Á eftir 25. gr. laganna kemur ný grein, sem verður 26. gr., svo hljóðandi:

Aðflutningsgjöld skal innheimta í heilum krónum, þannig að 50 aurar og þar fram yfir telst 1 króna, en minni upphæð skal sleppt.

5. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 2. málsgr. 36. gr. laga nr. 32 14. júní 1929, um loftferðir.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 514. Nefndarálit [33. mál]

um till. til þál. um aðstoð til bænda vegna fjárskipta í Dala- og Strandasýslum.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna allýtarlega á nokkrum fundum og einnig sent hana sauðfjársjúkdómanefnd til umsagnar.

Svar sauðfjársjúkdómanefndar var á þá leið, að hún hafi „ekkert á móti því, sem tillagan fer fram á, þ. e. að ríkisstjórnin láti fara fram athugun á fjárhag bænda á fjárskiptasvæðinu í Dala- og Strandasýslum“, en tekur um leið fram, að hún sé „ekki sannfærð um, að bændur verði fyrir stórfelldu, fjárhagslegu tjóni við fjárskiptin, almennt séð“.

Fjárveitinganefnd hefur orðið sammála um að mæla með því, að athugun sú, er tillagan hljóðar um, fari fram. Hins vegar telur nefndin rétt, að orðalagi tillögunnar verði að nokkru breytt, svo að enn skýrar komi fram, hvers vegna athugunin skal gerð og við hvað hún skal miðuð.

Nefndin leggur til, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram athugun á því, hversu þungbær áhrif á efnahag bænda í Dala- og Strandasýslum hinn nýafstaðni, endurtekni niðurskurður sauðfjár þar hefur haft, og gera að þeirri athugun lokinni tillögur um sérstaka aðstoð, ef þurfa þykir.

2. Fyrirsögn tillögunnar orðist þannig:
Tillaga til þingsályktunar um athugun á nauðsyn aðstoðar til bænda vegna fjárskipta í Dala- og Strandasýslum.

Alþingi, 10. maí 1957.

Karl Guðjónsson, form.	Halldór Ásgrímsson, fundaskr.	Karl Kristjánsson, frsm.
Sveinbjörn Högnason.	Halldór E. Sigurðsson.	Magnús Jónsson.
Jón Kjartansson.	Pétur Ottesen.	Áki Jakobsson.

Nd. 515. Lög [87. mál]

um breyting á lögum nr. 66 27. júní 1921, um fasteignaskatt.

(Afgreidd frá Nd. 10. maí.)

Samhljóða þskj. 146.

Nd. 516. Lög [58. mál]

um breyting á lögum nr. 46 25. maí 1949, um iðnfræðslu.

(Afgreidd frá Nd. 10. maí.)

Samhljóða þskj. 75.

Nd. 517. Lög [38 mál]

um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Kópavogskaupstað land jarðanna Kópavogs og Digraness og um eignarnámsheimild á erfðafesturéttindum.

(Afgreidd frá Nd. 10. maí.)

Samhljóða þskj. 471.

Nd. 518. Lög [150. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1954.

(Afgreidd frá Nd. 10. maí.)

Samhljóða þskj. 466.

Nd. 519. Frumvarp til laga [138. mál]

um breyting á lögum nr. 40 16. maí 1955, um Fiskveiðasjóð Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Í stað orðanna „200 rúmlesta“ í a-lið 4. gr. laganna komi: 300 rúmlesta.

2. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Fiskveiðasjóður lánar einungis gegn 1. veðrétti. Mega lán nema allt að ⅔ — tveimur þriðju hlutum — af kostnaðarverði eða virðingarverði nýrra fiskiskipa og ⅗ — þremur fimmtu hlutum — til nýrra fiskvinnslustöðva og annarra fasteigna útvegsins. Til nýrra fiskiskipa, sem smíðuð eru innanlands, mega lán þó nema allt að ¾ — þremur fjórðu hlutum — kostnaðar- eða virðingarverðs. Um lán út á eldri skip en eins árs fer eftir ákvörðun sjóðsstjórnar í hvert skipti. Lengsti lánstími er 20 ár.

Um útborgun lána vegna skipa í smíðum skal ákveðið í reglugerð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 520. Frumvarp til laga [30. mál]

um breyting á lögum nr. 2 frá 10. febr. 1888, um Söfnunarsjóð Íslands.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

C-liður 6. gr. laga nr. 2 frá 10. febr. 1888, um Söfnunarsjóð Íslands, orðist svo:

Söfnunarsjóðnum er heimilt að áskilja sér allt að 7 af hundraði í ársvexti af lánum, er tryggð eru með veði í fasteign eða handveði. Þó má aldrei semja um hærri vexti samkvæmt þessari heimild en Landsbanki Íslands reiknar sér á sama tíma.

Óheimilt er að segja upp lánum, breyta lánssamningum né hækka vexti af lánum, er veitt hafa verið fyrir gildistöku þessara laga, enda hafi lántaki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart sjóðnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 521. Breytingartillaga [46. mál]

við till. til rökstuddrar dagskrár á þskj. 505 [Sandgræðsla og hefting sandfoks].

Frá Jóni Kjartanssyni og Karli Kristjánssyni.

Á eftir orðunum „starfsemi hennar“ bætist: þ. á m. með kornrækt, grasfrærækt og hagarækt.

Ed. 522. Breytingartillaga [157. mál]

við frv. til laga um Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Við IX. kafla. Í stað „lyfsölufræði“ í fyrirsögn kaflans komi: lyfefnafræði.

Ed. 523. Breytingartillögur [157. mál]

við frv. til l. um Háskóla Íslands.

Frá Gunnari Thoroddsen og Sigurði Ó. Ólafssyni.

1. Við 7. gr. Í stað orðanna „að fengnum tillögum“ í 1. mgr. komi: samkvæmt tillögum.
2. Við 11. gr.
   a. Í stað orðanna „að fengnum tillögum“ í 1. mgr. komi: samkvæmt tillögum.
   b. 4. mgr. orðist svo:

      Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um það, hvort af vísindagildi rita umsækjanda og rannsókna svo og námsferli hans og störfum megi ráða, að hann sé hæfur til að gegna embættinu. Enn fremur skal dómnefnd skipa umsækjendum í röð eftir hæfni. Álitsgerð dómnefndar skal skila í hendur forseta hlutaðeigandi háskóladeildar, og lætur deildin uppi rökstutt álit sitt á því, hvern umsækjanda hún telur hæfastan. Engan má skipa prófessor, nema meiri hluti dómnefndar hafi talið hann hæfan til að gegna embættinu. Nú er meiri hluti atkvæðisbærra deildarmanna sammála um að leggja til, að tiltekinn umsækjandi, sem dómnefnd hefur einróma talið hæfastan, verði skipaður í embætti, og er þá skylt að skipa hann.

Nd. 524. Nefndarálit [83. mál]

um frv. til l. um lax- og silungsveiði.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Það frumvarp, sem hér liggur fyrir, fjallar um eitt viðkvæmasta og heitasta hagsmunalegt deilumál, sem til er í landi voru. Það er ævaforn eignarréttur bændanna í landinu yfir veiðihlunnindum jarða sinna. Í allri þeirri ásókn, sem yfir hefur gengið og nú er í hámarki, til eyðingar á öllum eignarrétti einstaklinga, þá er að vonum, að þessi réttur bændanna sé eigi undanskilinn. Með lögum um lax- og silungsveiði frá 1932 var svo freklega gengið á þennan rétt, að eigi hefur tekizt að framkvæma þau lög í sumum héruðum vegna mótstöðu hlutaðeigandi manna. Hefur sums staðar gengið á málaferlum og stórdeilum út af þeim efnum. Það er því vissulega þörf að setja ný lög um þetta efni og vanda þar vel til. En þau þurfa að byggjast á ýtarlegri ákvæðum og meiri sanngirni en nú er til stefnt.

Þetta frumvarp er samið af 5 manna milliþinganefnd, þar sem veiðiréttareigendur áttu engan fulltrúa. Það ber líka greinilega á sér þann svip, að annað hefur fyrir vakað en að tryggja rétt þeirra manna, sem þessar eignir eiga, enda engin

dul á það dregin. Í greinargerð veiðimálastjórans segir meðal annars: „Með aukinni borgarmenningu og styttum vinnutíma hefur komið fram nýtt vandamál hér á landi á síðari árum, það, hversu þegnarnir skuli verja tómstundum sínum á gagnlegan hátt. Hið opinbera lætur þetta vandamál meira og meira til sín taka með síauknum fjárframlögum, t. d. til félagsheimila, íþróttastarfsemi og annarrar félagsstarfsemi og námskeiðahalds. Erlendis hefur aðstaða til stangarveiði verið efld af opinberum aðilum í því skyni að leysa umrætt vandamál.“ Með þessum orðum er réttilega lýst hinum sanna tilgangi þess frumvarps, sem hér er um að ræða. Bændurnir, sem vinna lengst allra manna í landinu, þurfa ekki að leita sér að tómstundavinnu. Tómstundirnar eru fáar. Og okkar þjóðfélagi er svo komið, að bezt gengur að sækja verkafólk til annarra landa handa landbúnaði og sjávarútvegi. Hvað eiga svo bændurnir, sem hafa nóg annað að gera, að vera að fást við lax- og silungsveiði?

Það stendur að vísu í 2. gr. frumvarpsins, „að landeiganda sé einum heimil veiði í vatni á landi sínu“, en því er við bætt, að „enda sé eigi öðruvísi mælt í lögum þessum“. Það var líka óhætt að bæta þessu við, því að með þessu frumvarpi er þessi réttur svo mikið skertur, ef að lögum verður, að hann er litils virði núlifandi mönnum. Að vísu er til þess ætlazt samkvæmt 108. gr., að eigendur fái bætur, ef rétturinn er tekinn allur með lögunum, en þó að tekið sé t. d. 10—99% af eignarréttinum, þá á engar bætur að greiða. Ef slík ákvæði eru talin samrýmanleg okkar stjórnarskrá, þá eru eignarréttarákvæði hennar orðin lítils virði.

Það er látið í veðri vaka af öllum meðmælendum þessa máls, að tilgangurinn sé eingöngu sá að friða fiskistofninn og tryggja verðmæti hlunnindanna í framtíðinni. Þetta lætur vel í eyrum og blekkir alla þá, sem litla eða enga þekkingu hafa á málinu, en er ekki nema að litlu leyti rétt. Fiskinn á samkvæmt frumvarpinu að drepa eftir sem áður, en aðeins af öðrum mönnum, þ. e. þeim, sem stangarveiðarnar stunda. Þess má geta því til sönnunar, að frumvarpið gerir ráð fyrir að lengja veiðitímann fram á haustið, þegar veiðin er hættulegust. Stangarveiði má stunda alla daga í 3—4 mánuði á ári, en net má ekki neins staðar leggja nema 3 nætur í viku á sama tíma. Stangarveiði má stunda í öllum árósum, en net má þar hvergi leggja, eins og rétt er. Þetta og fleira sýnir mismuninn, og mun það verða nánar rakið síðar.

Um meðferð málsins á Alþingi fram til þessa vil ég taka þetta fram: Frumvarpið var lagt fram í efri deild 3. nóv. 1955 og var til athugunar í landbúnaðarnefnd þeirrar deildar til loka þess þings. Aftur kom það fyrir sömu deild 14. des. s. l. og hefur verið þar til meðferðar þar til eftir miðjan marzmánuð þessa árs. Um 40 breytingartillögur hefur efri deild samþykkt við þetta frumvarp, og eru margar þeirra til nokkurra bóta. Þann 21. marzmánaðar kom þetta mál svo fyrir landbúnaðarnefnd neðri deildar og hefur verið þar rætt á nokkrum fundum að viðstöddum veiðimálastjóra. Kom brátt í ljós, að sumir nefndarmenn vildu samþykkja þetta frumvarp athugunarlaust. Nokkuð voru þó einstök atriði rædd. Sannaðist við þær umræður, að meiri hluti nefndarinnar vildi eigi gera neinar breytingar, sem verulega skipta máli. Lesin voru þá þau bréf og tillögur, sem borizt hafa víðs vegar að.

Ég get eigi fallizt á þau vinnubrögð að hespa þetta flókna, vandasama og viðkvæma deilumál gegnum aðaldeild Alþingis næstum athugunarlaust. Frumvarpið er þannig samið, að nauðsyn ber til að athuga það ýtarlega og ræða í helztu veiðihéruðum landsins. Það mundi því hafa gott af að bíða eitt ár. En þar sem ljóst er, að nú á að knýja það í gegn, þá hef ég gert tilraun til að leiðrétta nokkur atriði þessa frumvarps. Flyt ég því 22 breytingartillögur á sérstöku þingskjali. Miða þær að því annars vegar að tryggja nokkru betur eignarrétt veiðieigendanna og hins vegar að því að auka friðunina með samræmi milli neta- og stangarveiðiréttinda, auk þess sem ég geri tilraun til að leiðrétta nokkrar villur og gera ákvæði skýrari. Nokkrar tillögur tek ég upp, sem nýlega komu fram frá fulltrúum veiðifélaga Ár-

nesinga og Borgfirðinga. En þó að ég hafi farið gegnum frumvarpið allnákvæmlega, dettur mér ekki í hug, að eigi sé þörf á enn nákvæmari athugun og breytingum. Svo viðkvæmt, flókið og vandasamt er þetta mál. Verði aðalatriðin í mínum breytingartillögum samþykkt, mundi ég þó fylgja málinu. Annars ekki. Að svo stöddu legg ég því eigi til að vísa því frá.

Alþingi, 12. maí 1957.

Jón Pálmason.

Nd. 525. Breytingartillögur [83. mál]

við frv. til l. um lax- og silungsveiði.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

1. Við 1. gr.
   a. Skýring orðsins „kvísl“ verði þannig:
      Hluti af straumvatni, sem fellur ekki í einu lagi, heldur skiptist um kletta, hólma eða sandeyrar, sem eru upp úr, þegar vatnsborð er lægst að staðaldri.
   b. Á eftir „kvísl“ bætist:
      Leirur: Þau svæði meðfram ám og vötnum, sem eru þurr um stórstraumsfjöru, en sjór eða vatn gengur yfir um stórstraumsflóð, og ógróin svæði við stöðuvötn, sem vötn og ár ganga yfir í flóðum, en eru þurr eða með grunnum vöðlum, þegar vötn eru lítil.
   c. Skýring orðanna „ós í sjó“ verði þannig:
      Sá staður, þar sem straumur ár hverfur í sjó um stórstraumsfjöru.
   d. Orðið „ósasvæði“ ásamt skýringu falli burt.
   e. Á eftir orðunum „Ósalt vatn“ í skýringu orðsins „stöðuvatn“ bætist: ofan ósa.
2. Við 5. gr. Greinin orðist þannig:
   Þar sem sveitarfélög eða upprekstrarfélög hafa keypt afréttarlönd, hafa þau ein heimild til allrar veiði í vötnum þeirra afrétta, enda hafi veiðiréttur eigi verið undanskilinn við sölu. Engum er heimil veiði á slíkum afréttum nema með leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar, eða sveitarstjórna, ef fleiri hreppar en einn eru aðilar. Þar sem einstaklingar eiga afréttarlönd, fylgir þeim á sama hátt allur veiðiréttur. Ef fiskiræktarfélag eða veiðifélag er stofnað, þar sem veiðiréttur á afréttum kemur til greina, þá fara oddvitar þeirra sveitarfélaga, sem hlut eiga að máli, með atkvæðisrétt, en ella eigendur, ef um einkaeign er að ræða.
3. Við 8. gr.
   a. Aftan við 1. málsgr. bætist: Þó koma eigi aðrir þar til greina en ábúendur í þeirri sveit eða þeim sveitum, sem land eiga að vatni.
   b. Aftan við 2. málsgr. bætist: Gildir þá um það sama regla og tilgreind er í 1. málsgr.
4. Við 13. gr. 2. málsgr. orðist þannig:
   Ráðherra skal setja reglur um gæðamat á laxi og silungi, sem boðinn er til sölu.
5. Við 14. gr. Í stað orðanna „og er ráðherra þá rétt að leyfa það að fengnu samþykki veiðimálanefndar“ í 5. málsgr. komi: og skal þeim það þá heimilt.
6. Við 15. gr. Í stað orðsins „veiðimálastjóra“ á tveim stöðum í greininni komi: veiðifélags og sýslunefndar.

7. Við 16. gr.
   a. Orðin „eða ósasvæði“ í 1. málsgr. falli burt.
   b. 2. málsgr. orðist þannig:
      Eigi má stunda neina veiði í árósi í á eða árósi í stöðuvatn og eigi 100 metra upp frá slíkum ósum eða 250 metra niður frá þeim. Eigi má heldur veiða fisk í árósi úr stöðuvatni, er lax eða göngusilungur fer um, né 100 metra upp eða niður frá slíkum ósi.
8. Við 17. gr. Á eftir orðunum „eftir miðju vatni“ í 1. málslið komi: þegar lægst er í.
9. Við 18. gr.
   a. Fyrir „20. september“ í 1. og 3. málsgr. komi: 15. september.
   b. 2. málsgr. orðist þannig:
      Nánari reglur um veiðitíma í vatni hverju skulu settar í samþykkt veiðifélags, þar sem það er til, ella af ráðherra með samþykki veiðimálanefndar.
10. Við 19. gr. 1. málsgr. orðist þannig:
    Á veiðitíma þeim, er um getur í 18. gr., skal lax og göngusilungur vera friðaður gegn allri veiði 60 stundir á viku hverri, frá föstudagskvöldi kl. 9 til mánudagsmorguns kl. 9. Ádrátt má aldrei hafa frá kl. 9 síðdegis til kl. 9 árdegis og aldrei nema tvo daga í viku.
11. Við 20. gr. 2. málsgr. orðist svo:
    Ráðherra er heimilt að friða heilt vatn gegn allri veiði ákveðið tímabil, enda sé sú friðun nauðsynleg til verndar fiskstofni þess vatns, en leita verður hann samþykkis hlutaðeigandi veiði- eða fiskiræktarfélags, ef til er, annars sýslunefndar þess héraðs, sem vatnið er í.
12. Við 23. gr. Fyrir „25. september“ í upphafi greinarinnar komi: 20. september.
13. Við 29. gr. 3. málsgr. orðist þannig:
    Lagnet og króknet, sem notuð eru í vatni, sem lax og göngusilungur fer um, og ætluð eru til veiða göngusilungs, skulu vera 4.5 cm milli hnúta, þegar net eru vot, en hvorki minna né meira. Séu netin ætluð til laxveiða, skulu þau eigi vera smáriðnari en svo, að 5.8 cm séu milli hnúta, þegar net eru vot.
    Þessi ákvæði bæði gilda eins um leiðara frá krókneti eða annarri veiðivél.
14. Við 34. gr.
   a. 1. málsgr. orðist svo:
      Aldrei má föst veiðivél né nokkur hluti hennar ná lengra út frá bakka en svo, að utan hennar verði ⅔ af þeirri breidd ár eða óss, sem er þegar lægst er í vatni, sbr. 17. gr., og skal mælt þvert á meginstraumstefnu. Aldrei má veiðivél eða net ná lengra út en í aðalstraumlínu eða miðjan höfuðál neins vatns.
   b. 2. málsgr. orðist svo:
      Í vatni, sem lax eða göngusilungur fer um, skulu lagnet, króknet og net í öðrum veiðivélum vera 4.5 cm milli hnúta, þegar net eru vot, ef veiða skal silung, en eigi minna en 5.8 cm milli hnúta á sama hátt, ef þau eru ætluð til laxveiða. Í görðum og kistum má eigi vera skemmra milli spela en 5 cm.
15. Við 43. gr. Við greinina bætist: svo og veiði- eða fiskiræktarfélag, ef til er.
16. Við 46. gr. Í stað „⅓“ í 3. málsgr. komi: ⅔.
17. Við 47. gr. Aftan við greinina bætist: enda séu mættir minnst ⅔ þeirra manna, sem félagið nær til. Teljast þeir einnig mættir, sem hafa umboðsmenn.
18. Við 52. gr. Í stað orðanna „meiri hluta félagsmanna“ í 4. málsgr. komi: ⅔ hluta félagsmanna.
19. Við 59. gr. Í stað orðanna „ef allir félagsmenn hverfa að einu ráði ... 46. gr. laga þessara“ komi: ef allir félagsmenn samþykkja.
20. Við 63. gr. Aftan við 3. málsgr. bætist:
    Veiðieigendur neðar á veiðisvæðinu hafa þó rétt til að gerast félagsmenn, ef þeir óska þess.

21. Við 70. gr. Á eftir orðunum „við niðurjöfnun veiði eða arðs af henni“ í 1. málsgr. komi: skal leggja til grundvallar veiðimagn eða veiðiarð síðustu 15 ára, enda sé tekið tillit til aðstöðu o. s. frv.
22. Við 108. gr.
    a. Upphaf 1. málsgr. orðist svo:
    Nú hefur eigandi veiðijarðar, er átti veiðirétt, áður en lög þessi komu til framkvæmda, misst réttinn að nokkru eða öllu vegna ákvæða laganna eða fyrir þá sök o. s. frv.
    b. Í stað síðari málsliðar í 2. málsgr. komi:
    Bætur greiðast úr ríkissjóði. Skulu þær greiddar árlega.

Sþ. 526. Tillaga til þingsályktunar [169. mál]

um sameining Landsbókasafns og Háskólabókasafns o. fl.

(Lögð fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1957.)

Alþingi ályktar:

1. að sameina beri Háskólabókasafn Landsbókasafni eins fljótt og unnt er á næstu árum, þannig að Landsbókasafn verði aðalsafn, en í Háskólabókasafni sé sá þáttur starfseminnar, sem miðast við handbóka- og námsþarfir stúdenta og kennsluundirbúning og rannsóknir kennara,
2. að fela ríkisstjórninni að gera nauðsynlegar ráðstafanir í þessa átt,
3. að nú þegar verði svo náið samstarf upp tekið milli Landsbókasafns og Háskólabókasafns sem við verður komið að áliti forráðamanna þeirra, og hliðsjón höfð af væntanlegri sameining safnanna.

Greinargerð.

Nefnd sú, er skipuð var á síðastliðnu hausti til að athuga, hvort hagkvæmt mundi að sameina Háskólabókasafn og Landsbókasafn að einhverju eða öllu leyti, skilaði áliti því, sem hér er prentað sem fylgiskjal, og vísast til þess um rökstuðning fyrir tillögunni.

Fylgiskjal.

Álit bókasafnsnefndar.

Með bréfi menntamálaráðherra, Gylfa Þ. Gíslasonar, dags. 11. sept. s. l., var skipuð nefnd 5 manna til þess að athuga, „hvort fjárhagslega og skipulagslega muni eigi hagkvæmt að sameina Háskólabókasafn og Landsbókasafn að einhverju eða öllu leyti, þannig að Háskólabókasafnið yrði framvegis handbókasafn fyrir Háskólann, en Landsbókasafn tæki við öðrum hlutverkum þess.“ Í nefndinni áttu sæti próf. Þorkell Jóhannesson, formaður, ráðuneytisstjóri Birgir Thorlacius, háskólabókavörður Björn Sigfússon, cand. mag. Bjarni Vilhjálmsson og landsbókavörður Finnur Sigmundsson.

Nefndin hélt alls 8 fundi. Þegar á fyrsta fundi nefndarinnar lýsti formaður nefndarinnar, Þorkell Jóhannesson, þeirri skoðun sinni, að hann teldi skipulagslega óheppilegt og fjárhagslega óhagstætt, að hér væri haldið uppi tveimur vísindalegum bókasöfnum, er hefðu, svo sem verið hefur til þessa, litla sem enga samvinnu sín á milli. Að vísu yrði ekki hjá því komizt að hafa í Háskólanum allmikinn bókakost, sem miðaður væri við handbóka- og námsþarfir stúdenta og kennsluundirbúning og rannsóknir kennara. Og sú bókaþörf mundi fara vaxandi, ef unnt reyndist með tímanum að koma upp sérstökum vinnuherbergjum og vinnuæfingum fyrir deildir

Háskólans, en það nauðsynjamál hefur til þessa strandað á húsnæðisskorti. Hins vegar væri ekki unnt að leysa bókaþörf Háskólans í heild sinni með sameiningu við Landsbókasafnið á viðunandi hátt og til frambúðar með öðru móti en því að reisa nýtt safnhús fyrir Landbókasafnið í næsta nágrenni við háskólabygginguna. Að þessu bæri því að stefna og flýta þessu máli sem allra mest. Höfuðtillögur nefndarinnar hlytu því að beinast að þessu atriði. En með tilliti til þess, að undirbúningur og framkvæmd slíks stórvirkis hlyti að taka nokkurn tíma, væri sjálfsagt að athuga sér í lagi, hvað rétt væri að gera og unnt að framkvæma til hagsbóta fyrir bæði söfnin, meðan þau eru aðskilin, svo sem nú er, þannig að betur nýttust en áður starfskraftar safnvarða og fjárframlög til bókaöflunar. Féllust nefndarmenn á þetta höfuðsjónarmið.

Upp frá þessu beindust umræður á fundum nefndarinnar og athuganir nefndarmanna milli funda í fyrsta lagi að því, hvort takast mætti að finna hentugan stað fyrir nýtt safnhús í nágrenni háskólans, eigi fjær honum en svo, að auðvelt mætti teljast að sækja þangað frá sjálfri háskólabyggingunni fyrir nemendur og kennara. Hér studdist nefndin að nokkru leyti við athuganir nefndar, sem skipuð var af fyrrv. menntamálaráðherra, Bjarna Benediktssyni, til þess að athuga, hversu komið yrði fyrir tryggilegri bóka- og handritageymslu fyrir dýrmætustu bækur og handrit Landsbókasafnsins, samkvæmt ályktun Alþingis, en niðurstaða nefndarinnar var sú, að slíkt yrði svo kostnaðarsamt, ef þetta ætti að gera í sambandi við Safnahúsið á Arnarhóli, að heppilegra mundi að gera þetta í sambandi við nýja safnhúsbyggingu, enda komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að nauðsyn bæri til að reisa nýtt safnhús, á öðrum stað, vegna þess 1. Að gamla húsið væri þegar fyrir löngu of lítið. 2. Að ekki væri unnt að stækka það, eins og nú væri komið. 3. Að gamla húsið gæti ekki talizt lengur tryggilegur geymslustaður fyrir þau miklu verðmæti, sem þar eru geymd, ef eitthvað kæmi fyrir. — Þessi nefnd kynnti sér nokkuð möguleika fyrir nýjum stað fyrir safnhús og taldi mögulegt að reisa það á Melum, vestan Suðurgötu, gegnt lóð Háskólans. Taldi hún, að það hús ætti einnig að rúma Þjóðskjalasafn, eins og sjálfsagt er og nauðsynlegt. — Af lauslegum viðræðum við skipulagsstjóra bæjarins, skilst bókasafnsnefndinni nú, að möguleikar væru á slíku, og er nauðsynlegt, að þeir séu kannaðir sem fyrst og til fullrar hlítar af yfirstjórn þessara mála. En reynist þetta hægt, þá má kalla, að grundvöllur sé fenginn fyrir umræðum um framkvæmd á nánara samstarfi og sameiningu safnanna.

Þá þykir rétt að ræða nokkuð um söfnin hvort um sig, hlutverk þeirra og fjárhagsástæður, áður en hægt er að snúa sér að því að athuga, að hverju og hve miklu leyti nánari samvinna og sameining þeirra sé fjárhagslega og skipulagslega hagkvæm.

Á fyrstu árum Háskólans var nokkurt fé veitt úr ríkissjóði til bókakaupa vegna aðkallandi þarfa einstakra deilda, en allt var það í smáum stíl, enda ekkert verulegt húsnæði fyrir bókasafn í alþingishúsinu, þar sem Háskólinn starfaði þangað til 1940. Þó áttu einstakar háskóladeildir nokkurn bókakost. 1910 veitti ríkið gömlu embættismannaskólunum, Presta-, Lækna- og Lagaskólunum, samtals 1500 kr. til bókakaupa. Við stofnun Háskólans var þessi fjárveiting hækkuð í 1800 kr. og stóð svo til ársins 1914. Á því ári hækkaði fjárveitingin í 8 þús. kr. En árið eftir var hún 2500 kr. Síðan fékk Háskólinn 3 þús. kr. á ári til bókakaupa til 1920. Þá fékk Háskólinn Sáttmálasjóðinn í sínar hendur, og hefur sá sjóður síðan staðið undir bókaöflun Háskólans. Eini beini stuðningur ríkisins við Háskólabókasafnið síðan 1920 er sá, að það hefur síðan 1940 greitt laun háskólabókavarðar. Kostnaður Háskólans af bókasafninu mun á síðustu árum hafa numið um 70 þús. kr., eða um 13 þús. kr. meira en vaxtatekjur Sáttmálasjóðsins, eins og þær leggja sig, en þeim var í upphafi ætlað að hrökkva einnig fyrir utanfararstyrkjum kandídata, námsferðum prófessora o. s. frv. Er nú svo komið vegna rýrnandi verðgildis peninganna, að ekki verður lengur hjá því komizt að leita til ríkisins á ný um framlög til Háskólabókasafnsins, sem er orðið allt of stór liður á fjárhagsáætlun sjóðsins, þótt hann sé raunar mikils til of lágur miðað við þarfir Háskólans. Skal þetta síðasta atriði rakið nokkru betur.

Auknar þarfir Háskólans á bókakosti stafa í fyrsta lagi af því, að hann hefur um langan tíma orðið að búa við allt of kröpp kjör um öflun bóka vegna fjárskorts og því hlotið að dragast aftur úr í flestum greinum. Í öðru lagi má nefna það, að síðan 1920, er Sáttmálasjóður tók að sér að standa undir bókaöflun skólans, hafa þarfirnar aukizt stórkostlega, einkum á síðustu 10—15 árum. Veldur þessu stórhækkað bókaverð og bókbandskostnaður, fjölgun háskóladeilda og stóraukin tala kennara og nemenda. Síðan 1920 hefur stúdentatalan nífaldazt. Árið 1920 voru 14 prófessorar og dósentar í Háskólanum. Nú eru þeir 27. Á sama tíma hefur tala aukakennara sjöfaldazt, úr 6 árið 1920 í rúmlega 40, svo sem verið hefur nokkur undanfarin ár. — Hér má enn nefna orðabók yfir íslenzkt mál, sem unnið er að í Háskólanum. Sömuleiðis útgáfu íslenzkra handrita, sem Háskólinn annast fyrir ríkið, en þetta hvort tveggja krefur allmikils bókakosts.

Sá tími er því kominn, að Háskóli Íslands verður að óbreyttum aðstæðum að leita verulegs stuðnings frá ríkinu til þess að efla safnið. Helztu orsakirnar, svo sem fjölgun háskóladeilda, starfsmanna og námsmanna, varðar hér miklu. Hér má enn telja vaxandi hlutverk Háskólans í þróun mennta og menningar innanlands og varðandi sóma og hagsmuni ríkisins út á við. Þá ber að gæta þess, að nú fer í hönd öld kjarnfræða og geislatækni, sem veldur djúptækum áhrifum í æ fleiri vísindagreinum. Hér ber Háskólanum brýn skylda til að vera vel á verði um að fylgjast jafnótt með öllu, sem hin nýja stökkbreyting náttúruvísinda getur fært þeim þjóðum, sem vilja og geta notfært sér slíkt. Í nokkrum fræðigreinum hverrar háskóladeildar leiða kjarnfræðin eða öllu heldur hjálpargreinar þeirra í geislafræðum, rafeindanotkun og sjálfvirkni, efnagreiningu o. s. frv. til nýrra grundvallarrannsókna með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Þetta með öðru gerir nauðsynlegra en nokkru sinni fyrr að halda mörg og dýr tímarit. En nú er svo komið um Háskólabókasafn, að kalla má, að allt starfsfé þess sé þegar bundið frá ári til árs í áskriftum tímarita og uppsláttarrita og öðrum óhreyfanlegum kostnaðarliðum. Samt er tímaritahald safnsins innan við 100 tímarit. En við háskóla, sem hliðstæðir eru að kennara- og nemendafjölda, t. d. í Björgvin og Gautaborg, er sú tala 6—10 sinnum hærri, og þykir engum þar of mikil.

Langt mál mætti rita um ástand Háskólabókasafns, en hér skal því einu við bætt, að þótt þar séu orðin 77 þúsund bindi auk smáprents og með hverju ári þurfi þar í fleiri horn að líta, er þar aðeins einn bókavörður, en hefur haft lítils háttar aðstoð, kostaða úr Sáttmálasjóði. Nú verður ekki lengur komizt hjá að fá fastan aðstoðarbókavörð.

Þess þarf varla að geta, að húsrými safnsins verður brátt ónógt. Knýr sú orsök þá til sameiningar eigi síður en aðrar orsakir.

Um Landsbókasafnið gegnir að mörgu leyti sama máli og um Háskólabókasafnið. Fjárframlög til Landsbókasafnsins eru allt of lítil til þess, að það geti gegnt öðru aðalhlutverki sínu, því að vera höfuðvísindasafn landsins. Eins og er berst það í bökkum með að gegna þeirri skyldu að vera þjóðbókasafn, þ. e. að eignast og varðveita allt, sem varðar Ísland og íslenzkar bókmenntir. Húsnæði þess er fyrir löngu svo til þurrðar gengið, að horfir til fulls öngþveitis fyrir daglega starfsemi þess, hvað þá að það geti af höndum leyst bráðnauðsynleg verk, er varða bókasafnsmál landsins í heild sinni. Þannig hefur vegna þrengsla í báðum söfnum reynzt ókleift að starfrækja skráningarmiðstöð fyrir bækur í vörzlu ríkisstofnana, sem þó er mælt fyrir um í lögum og reglugerð og má kalla höfuðnauðsyn til þess að að fullum notum geti komið það fé, sem árlega er varið af ýmsum aðilum, á kostnað ríkisins, til bókaöflunar í ýmsum greinum utan höfuðbókasafnanna. Úr þessum vanhögum verður ekki bætt nema með nýju safnhúsi, svo sem um var rætt í upphafi þessa máls.

Nefndin telur, að eigi sé unnt að sameina söfnin eins og nú hagar til um húsnæði þeirra, en álítur nauðsynlegt að taka þá ákvörðun, að þau sameinist svo fljótt sem húsakostur leyfir, og að þau hefji nú þegar, í samræmi við þá ákvörðun, svo

náið samstarf sem unnt er til þess að nýta sem hagkvæmlegast þá fjármuni, sem veittir eru til starfseminnar.

Verði eigi horfið að þessu ráði, má búast við óheppilegri þróun safnanna á margan hátt, og hvort safn um sig mun reyna að fá húsnæðismál sitt leyst, án tillits til hins, og kynni þá samruni þeirra að reynast örðugri síðar.

Það, sem einkum mundi vinnast við sameiningu safnanna, er að losna við tvíkaup bóka og tímarita, betri hagnýting bókakosts og starfskrafta og sameining embætta forstöðumanna, þegar núverandi forstöðumenn láta af embætti.

Þetta, sem nú var talið, og sitthvað fleira, sem til mætti tína, styrkir þá skoðun, að það hljóti að vera skipulagslega og fjárhagslega hagstætt að sameina söfnin, enda hefur sú leið hvarvetna í löndum farin verið, þar sem líkt stóð á og hér. Það er eðlilegt, að hér verði Landsbókasafn aðalbókasafnið. Hitt er óhjákvæmilegt, að í Háskólanum verði eftir sem áður varðveitt verulegt safn af bókum, sem nota þarf við dagleg námsstörf stúdenta í lestrarsal skólans, svo og uppsláttarrit handa kennurum. Þannig er um fjölda fræðilegra tímarita, sem kennarar Háskólans mega sízt án vera, en geymast ættu er frá liði í aðalsafninu. — Annars skal hér ekki rætt nánar um væntanlegt fyrirkomulag á samruna safnanna á þessu stigi málsins. En vegna þess að vænta má, að nokkur frestur verði á því, að nýtt safnhús verði tilbúið, enda þótt tillögur nefndarinnar væri samþykktar í höfuðdráttum af ríkisstjórn og Alþingi, viljum vér leggja áherzlu á, að náin samvinna verði upp tekin milli stjórnar Landsbókasafns og Háskólabókasafns með tilliti til hagsmuna beggja safnanna og sameiningar þeirra í náinni framtíð.

Að lokum leggur nefndin til:

1. Að Landsbókasafn og Háskólabókasafn verði sameinuð. Landsbókasafn verði aðalsafn, en Háskólabókasafnið verði miðað við handbóka- og námsþarfir stúdenta og kennsluundirbúning og rannsóknir háskólakennara.
2. Að reist verði bókasafnshús í næsta nágrenni við Háskólann, til þess að sameining safnanna verði framkvæmanleg.
3. Að nánari samvinna verði upp tekin milli Landsbókasafns og Háskólabókasafns, meðan beðið er eftir nýju bókasafnshúsi, og nauðsynleg fyrirmæli sett um það í reglugerð Landsbókasafns, að fengnum tillögum forstöðumanna beggja safna.

Reykjavík, 11. janúar 1957.

Þorkell Jóhannesson. Finnur Sigmundsson. Björn Sigfússon.
Bjarni Vilhjálmsson. Birgir Thorlacius.

Sþ. 527. Tillaga til þingsályktunar [170. mál]

um, að biskup Íslands skuli hafa aðsetur í Skálholti.

Flm.: Sveinbjörn Högnason, Gísli Guðmundsson, Friðjón Skarphéðinsson, Gunnar Jóhannsson, Alfreð Gíslason, Sigurður Ó. Ólafsson, Gunnar Gíslason, Ágúst Þorvaldsson.

Alþingi ályktar, að biskup Íslands skuli hafa aðsetur í Skálholti.

Jafnframt ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að undirbúa þá löggjöf, sem nauðsynleg kann að reynast vegna flutnings biskupsstólsins.

Greinargerð.

Það er söguleg staðreynd, að Skálholt var biskupssetur og eign stólsins frá því á dögum Gissurar biskups Ísleifssonar á ofanverðri 11. öld þangað til 1. og 3. gr. a konungstilskipunar frá hinum 29. apríl 1785 skipa svo fyrir, að færa skuli setrið til Reykjavíkur og reisa þar nýtt biskupssetur m. m.

Að vísu sat Ísleifur biskup Gissurarson í Skálholti, en það var föðurleifð hans. Er hann gerðist biskup, hinn fyrsti hérlendra, varð hann að slíta sambúð sinni við konu sína, Döllu Þorvaldsdóttur, en hún vildi búa á hálfu landi, og segir um í Ísleifsþætti, að um óhægindi hafi verið að leika með mönnum og skipta fjám með þeim. Í Hungurvöku segir og, að Gissur, sonur þeirra, hafi eigi haft allt til ábúðar í Skálholti, af því að móðir hans vildi búa á sínum hluta landsins, meðan hún lifði. En eftir andlát hennar eignaðist Gissur allt landið og lagði það til kirkjunnar, er hann lét reisa og vígði Pétri postula. Þessar tvær heimildir eru því samhljóða um meginefni og brjóta ekki í bág við hina eldri heimild Ara fróða í Íslendingabók, sem segir, að Gissur hafi látið í lög leggja, að stóll biskups, er á Íslandi væri, skyldi í Skálholti vera, en áður var hvergi, og lagði hann til stólsins Skálholtsland og margs konar auðæfi önnur, bæði í löndum og lausum aurum. Af skiljanlegum ástæðum eru nærri samhljóða heimildir í Kristnisögu og Haukdælaþætti, þar sem þær munu styðjast við Íslendingabók.

Gissur Ísleifsson stofnar þannig til biskupsstóls hér á landi í eiginlegum skilningi, og til þess, að mál það nái fram að ganga, gefur hann fyrst og fremst ættaróðal sitt, svo að fullnægt verði kirkjulegu lögmáli, að biskup hafi fast aðsetur.

Um aldirnar eru Skálholt hinn mikli miðdepill menningar- og athafnalífs, auk þess sem það er aðalstöðvar kirkjuhöfðingjanna. Í augum landsmanna lagði ætíð meiri ljóma af Skálholtsstað en nokkrum öðrum, að Hólastað frágengnum. Siðaskiptin ollu hér engri breytingu á, og jafnvel er ekki trútt um, að menn hafi rennt vonaraugum til Skálholts í hörmungum 18. aldarinnar og skyggnt þá merki forns frelsis og fornrar frægðar, er þjóðin var að því komin að glata sjálfri sér. Því skal ekki heldur gleymt, að í Skálholti voru fyrst prentuð öndvegisrit íslenzkrar sagnaritunar.

En hörmungar og niðurlæging 18. aldar leiddu m. a. af sér, að eftir Móðuharðindin var svo komið, að Skálholtsstaður var hálffallinn og þurfti mikillar endurreisnar við, þótt þar sætu hinir merku feðgar Finnur og Hannes biskupar. Enn fremur voru nýir tímar að færast í hönd. Reykjavík var þá þegar ákvörðuð til þess að vera aðsetur stjórnarvalda hérlendis. Og hinn mikli jarðarstóll Skálholts var um árabil til óhæginda vegna slæmrar aðstöðu almennt til búskapar.

Auk þess má og benda á skoðanir þær, sem ofarlega voru í Danmörku, um að gera sem flesta bændur að sjálfseignarbændum. Úr þessu öllu verður svo það, að stóll og skóli verða fluttir til Reykjavíkur, og hefst þá fullkominn eymdartími í sögu Skálholtsstaðar. Gripir dómkirkjunnar tvístrast og glatast flestir; sjálf er hún rifin, komin að hruni, eftir að sóknarpresturinn hefur neitað að messa í henni.

Það er þó bærilegra að koma heim að Hólum, þar sem tókst að reisa stóra og myndarlega dómkirkju úr steini, er enn stendur og tengir nútímann við liðna sögu.

Reyndar hafði Finnur biskup leitað til stjórnarvalda um það að reisa steinkirkju í Skálholti, þar sem undirstaðan væri þar öllu betri en á Hólum. Úr því varð ekki. Og því fór sem fór, að Skálholt hefur verið í hinni mestu niðurlægingu fram á síðustu ár, að stjórnarvöld hafa hafið þar mikla endurreisn fyrir fé, sem Alþingi hefur veitt til þeirra mála.

Tilskipunin hinn 29. apríl 1785 gerði í 1. gr. ráð fyrir, að biskupssetrið væri flutt til Reykjavíkur, en 3. gr. a, að biskup hefði lánsheimild allt að 1200 rd. til að reisa bústað fyrir, sem áttu svo að hvíla á embættinu. Enn fremur mátti hann kjósa eina af jörðum kóngs í Gullbringu- og Kjósarsýslu sér til hlunninda og að auki eina af stólsjörðum handa biskupsekkju, ef væri, ella svari hann sjálfur til jarðarinnar gegn afgjaldi. Framkvæmd á þessu varð engin, því að Hannes biskup kaus að sitja í Skálholti, sem hann keypti sjálfur. Eftirmaður hans, dómkirkjupresturinn í Reykjavík, Geir Vídalín, varð eigi heldur aðnjótandi ákvæða tilskipunarinnar 1785. Sótti hann eftir á ýmsum tímum að fá Bessastaði eða Elliðavatn fyrir stólsetur, en úr því varð ekki. Hann sat á Lambastöðum til 1806, er hann fékk leigt

hús það, er Petreus kaupmaður átti í Aðalstræti, þar sem nú er nýlenduvöruverzlun Silla og Valda, og var loks fenginn konungsúrskurður um kaup á því húsnæði til bráðabirgða 27. sept. 1822 fyrir 500 rbd. seðla. Ekki var hærra risið þá, og höfðu þó gerzt miklar breytingar enn, því að 1801 voru biskupsdæmin fornu sameinuð og Geir þannig síðastur Skálholtsbiskup, ef telja skyldi, og fyrsti biskup yfir Íslandi.

Breytingin 1801 leiddi af sér, að Norðlendingar misstu í senn stól og skóla, og komu þar engar bætur fyrir. Stóls- og skólaeignir voru allar seldar, en andvirðið hvarf í hinni almennu verðfellingu. Þá höfðu Norðlendingar haft sinn biskup samfleytt frá 1106, og reyndar fyrr, því að um daga Ísleifs biskups dvaldist Bjarnharður biskup saxlenzki um 20 ára skeið á Norðurlandi, en minningin um það knúði fram kröfuna um biskup, er var fullnægt með vígslu Jóns helga Ögmundssonar 1106.

Steingrímur biskup Jónsson vildi eðlilega ekki una við að vera hálfgildings niðursetningur í Reykjavík, og hinn 2. apríl 1825 var fenginn konungsúrskurður um, að reisa skyldi biskupssetur. Hinn 5. apríl 1826 er úrskurðað, að það skyldi reist í Laugarnesi. Hinn 28. sept. 1838 var svo úrskurðað, að Laugarneslandið skyldi allt keypt vegna biskups. Á Laugarnesi hafði þá verið reist með miklum kostnaði biskupssetur, en mörgum er kunnugt, hvernig tókst með smíð þá. Allt eyðilagðist í raka vegna þakleka, og fóru leikar svo, að hinn 8. apríl 1856 er leyft, að biskupinn flytji til Reykjavíkur og fái 200 rd. í húsaleigustyrk árlega, en Laugarnesið selt, þótt erfiðlega gengi. Upp frá því hefur biskup Íslands setið í sjálfri Reykjavík og notið húsaleigustyrks, nema þau fáu ár, sem stjórnarvöld fengu biskupnum ríkissjóðseignina Gimli til íbúðar.

Þetta ástand er ekki viðunandi til lengdar. Flutningur stólanna og sala stólseignanna á sínum tíma voru ekki sprottin af neinum illvilja. En hinn mikli sjóður, sem myndaðist við söluna, varð að engu vegna verðfalls peninga í og eftir Napóleonsstyrjaldirnar. Og bygging Laugarnesstofu tókst með eindæmum.

En þetta hefur einnig haft þau áhrif, að tign biskups hefur sett ofan, og eftir að framkvæmdavaldið færðist heim til landsins, hefur þróunin orðið sú, að biskup er fjarri því að vera fullvalda um ýmis veraldleg mál kirkjunnar.

Skálholt og Hólar eru ásamt Þingvöllum, Odda og Reykholti sennilega þeir staðir, er hæst ber í hugum innlendra sem erlendra manna.

Og nú hefur Skálholt á áþreifanlegan hátt tengt saman fortíð og nútíð. Sennilega gleymir því enginn, er viðstaddur var, er kista Páls biskups Jónssonar var opnuð. Þá gerði úrhelli rétt eins og daginn, er útför hans fór fram. Og er lokið var tekið af kistunni, sáu menn kaldan tíguleik dauðans og fundu ofurþunga sögunnar. Þá fundu menn tengsl, raunveruleg og sterk, við hina liðnu fortíð. Og orð Pálssögu biskups fengu þá áþreifanlega sönnun og staðfestingu, og beinin, er lágu í nekt sinni, töluðu sína sterka máli. Það var og sögu ríkara að sjá og skynja, hversu feikistór kirkjan forna hafði verið. Og eins stór var og reyndar Hóladómkirkja hin forna.

Á Norðurlöndum hefur viðreisn Skálholts fengið glæsilegan byr. Kirkjur Norðurlanda hafa gefið góðar og miklar klukkur, 4 að tölu, silfurstjaka og annan altarisbúnað og font úr færeysku grjóti. Einstaklingar í Danmörku hafa gefið altaristöflu skorna, vandað pípuorgel, glermálverk í alla glugga kirkjunnar, einstaklingar í Noregi trjávið, þilplötur og hellur á allt þak kirkjunnar. Og von er á fleiri gjöfum erlendis frá.

Það má með sönnu segja, að fá innlend málefni hafa fengið jafnvirkan stuðning erlendis frá eins og endurbygging Skálholts.

Endurreisn biskupsstóls í Skálholti gerir kleift að bæta fyrir það, sem tjón var að. Þar er hinn virðulegasti staður, sögustaður, er allir þekkja, sem er hið rétta aðsetur biskups og veitir embættinu stoð og stuðning liðinna alda.

Það var heppileg ráðstöfun, að æðsta manni þjóðarinnar skyldu fengnir Bessastaðir til ábúðar. Og hið mikla endurreisnarstarf í Skálholti gerir það kleift að búa að öðru mesta og elzta virðingarembætti þjóðarinnar þar á viðeigandi hátt.

Ýmsum kann að finnast, að óhyggilegt sé að setja biskup Íslands niður í sveit. Svo er ekki. Það er einn liður í því að gera kirkjuna óháðari ríkisvaldinu (enda liggur annar liður hér fyrir í frumvarpi því um kirkjuþing og kirkjuráð, sem Alþingi fjallar um þessa dagana). Það er óhyggilegt, hættulegt og vart viðeigandi að binda allar menningarmiðstöðvar við Reykjavík. Styrkur hefur það verið Svíum að halda Uppsölum og Englendingum Kantaraborg sem höfuðstöðvum kirkna sinna. Og fyrir biskupsstólinn hér á landi mundi flutningur hans að þeim stað, er Alþingi á sínum tíma ákvað sem stólsetur, merkja aukna virðingu og aukið sjálfstæði. Með þeim flutningi er bætt fyrir fornar syndir og mistök og biskupnum sköpuð viðeigandi aðstaða og aukin virðing.

Nd. 528. Nefndarálit [148. mál]

um frv. til laga um eyðingu refa og minka.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta og er sammála um að mæla með samþykkt þess með svofelldum

BREYTINGUM:

1. 1. gr. orðist svo:
   Landbúnaðarráðuneytið hefur í samráði við Búnaðarfélag Íslands yfirstjórn allra aðgerða til útrýmingar refum og minkum og nýtur aðstoðar veiðistjóra, sem skipaður er af landbúnaðarráðherra. Skal hann hafa sérþekkingu á lifnaðarháttum minka og refa og veiðiaðferðum þeim, sem unnt er að beita gegn vargdýrum þessum.
   Ef landbúnaðarráðherra telur henta, að fengnu áliti Búnaðarfélags Íslands, getur hann falið veiðistjóra yfirumsjón með eyðingu svartbaks og annarra skaðlegra dýra, er herja kunna í náttúruríki landsins. Þá getur hann einnig falið veiðistjóra vernd og yfirumsjón hreindýrastofnsins.
2. Við 9. gr.
   Í stað orðanna „kr. 250.00 í verðlaun“ í 1. málsgr. komi: kr. 350.00 í verðlaun — og í stað orðanna „kr. 150.00 í verðlaun“ í 2. málsgr. komi: kr. 200.00 í verðlaun.
3. 11. gr. orðist svo:
   Skylt er að eitra fyrir refi og minka á tilteknum svæðum, þegar veiðistjóri mælir fyrir um, að svo skuli gert. Óheimilt er að eitra fugla, en að öðru leyti skal við eitrun fylgja leiðbeiningum og fyrirmælum veiðistjóra. Oddvitar og bæjarstjórar sjá um eitrun, hver á sínu svæði. Héraðslæknar og lyfjaverzlanir láta oddvitum í té eitur samkvæmt fyrirmælum landbúnaðar- og heilbrigðismálaráðuneytisins.
4. Við 16. gr. 1. málsliður orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.
5. Á eftir 16. gr. komi svofellt ákvæði til bráðabirgða:
   Ef ekki fæst maður nú þegar með sérþekkingu í starfi veiðistjóra, sbr. ákvæði 1. gr., er landbúnaðarráðherra heimilt að ráða mann til starfsins, þar til sérmenntaður maður fæst.

Einn nefndarmanna var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. maí 1957.

Ásgeir Bjarnason, form.	Jón Sigurðsson, fundaskr.	Ágúst Þorvaldsson, frsm.
	Jón Pálmason.	

Ed. 529. Frumvarp til laga [126. mál]

um landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 473 með þessum breytingum:

18. gr. hljóðar svo:

Býli, sem reist eru í byggðahverfi, skulu leigð, þegar byggingar hefjast á hverju býli, í erfðaábúð samkvæmt lögum nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð, sbr. þó 11. gr. Forgangsrétt að erfðaábúð skulu hafa bændur og börn bænda á þeim jörðum, sem hverfislandið er fengið úr, og þar næst ábúendur í viðkomandi sýslu, sem ekki geta fengið lán úr Byggingarsjóði vegna þess, að jarðir þeirra dæmast ekki hæfar til framtíðarábúðar.

21. gr. hljóðar svo:

Ef erfðaábúðarhafi jarðar í byggðahverfi missir rétt sinn til leigu og ábúðar á býlinu samkvæmt 19. og 20. gr., eða vegna vanefnda þeirra atriða erfðaábúðarlaga, nr. 116 30. des. 1943, sem útbyggingu varða, skal Byggingarsjóður taka við því og greiða fráfaranda það, sem hann hefur í býlið lagt, samkvæmt mati dómkvaddra manna.

65. gr. hljóðar svo:

Lánin má veita gegn þessum tryggingum:

1. Gegn veði í fasteign, enda hvíli eigi á veðskuldir til annarra en Byggingarsjóðs eða annarra opinberra sjóða undan veðrétti þeim, er Ræktunarsjóður fær. Ef umbætur þær, sem lánið er veitt til, eru gerðar á fasteign þeirri sjálfri, sem veðsett er, skal heimilt að telja verð umbótanna til viðbótar verðgildi eignarinnar óbættrar.
2. Gegn veði í þeim húsum, sem lánið er veitt til, ásamt tilheyrandi lóð og lóðarréttindum, ef þau eru byggð fyrir sjálfstæðan rekstur, svo sem rafstöðvar eða verksmiðjur.
3. Gegn veði í þeim vélum og verkfærum, sem keypt eru.
4. Gegn veði í tilteknum flokki eða flokkum búfjár, þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga um veð frá 4. nóv. 1887.

Tryggingar þær, sem taldar eru undir tölulið 1, skulu fullgildar einar saman, ef um er að ræða lán til ræktunar eða byggingar peningshúsa og geymsluhúsa á sveitabýlum, en ef um er að ræða lán til verksmiðja og véla, gróðurhúsa og bústofnsauka, skulu þau veð, sem látin eru til tryggingar samkvæmt tölulið 2—4, styrkt með fasteignaveði eða ábyrgð sýslufélags. Ábyrgð sýslufélags kemur því aðeins til greina, að um verksmiðjur eða vinnustöðvar sé að ræða, sem félag stendur að, enda komi þá til heimild æðri stjórnarvalda.

Hús, vélar og fénaður er því aðeins fullgilt veð fyrir lánum úr Ræktunarsjóði, að vátryggð séu í vátryggingastofnun, er sjóðurinn tekur gilda.

Þrátt fyrir ákvæði 45. gr. laga nr. 116 30. des. 1943 má lána út á jarðir í opinberri eigu á sama hátt og aðrar jarðir, séu þær í erfðaábúð, en ella komi veðleyfi landbúnaðarráðherra til hverju sinni.

Ed. 530. Nefndarálit [123. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 77 27. júní 1921, um hlutafélög.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Leggur minni hlutinn (AG og FS) til, að það verði samþykkt, en meiri hlutinn (FÞ, PZ og JK), að það verði afgreitt með rökstuddri dagskrá.

Gildandi lög um hlutafélög eru frá árinu 1921. Er því mjög eðlilegt, að endurskoða þurfi ýmis ákvæði þeirra og færa þau í það horf, er svari kröfum tímans. Þetta sjónarmið hefur og verið viðurkennt. Árið 1953 lagði ríkisstjórnin fram á Alþingi frumvarp til nýrra laga um hlutafélög. Var frumvarp þetta undirbúið og samið af hinum færustu mönnum. En það varð ekki útrætt á því þingi, heldur dagaði uppi, og hafa engar sögur farið af því síðan.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, fjallar aðeins um eina breytingu á hlutafélagalögunum. Samkvæmt framanrituðu telur meiri hluti allsherjarnefndar fulla þörf á að endurskoða löggjöf þessa í heild og leggja hið fyrsta fram á Alþingi frumvarp til laga um þetta efni. Er því lagt til, að frumvarp þetta verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti hið fyrsta undirbúa og leggja fyrir Alþingi frumvarp til nýrrar löggjafar um hlutafélög, telur deildin ekki ástæðu til að taka afstöðu til þessa frumvarps að sinni og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 13. maí 1957.

Friðjón Þórðarson, frsm. Páll Zóphóníasson. Jón Kjartansson.

Ed. 531. Breytingartillaga [29. mál]

við frv. til laga um gjald af innlendum tollvörutegundum og tollvöruframleiðslu.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 3. gr., 2. kafla, tölul. 1. Fyrir „150 g umbúðum“ komi: 100 g umbúðum.

Sþ. 532. Tillaga til þingsályktunar [171. mál]

um fræðslustofnun launþega.

Flm.: Bragi Sigurjónsson, Benedikt Gröndal, Eggert Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að semja og leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi frumvarp til laga um fræðslustofnun launþega. Starfssvið stofnunarinnar sé að veita trúnaðarmönnum og félagsfólki verkalýðsfélaga, félaga opinberra starfsmanna og annarra launþegasamtaka raunhæfa fræðslu um hlutverk slíkra samtaka í nútíma þjóðfélagi, einnig sögu þeirra, skipulag og starfshætti.

Stofnun þessari sé ætlað að nota fræðslutækni nútímans sem gerst við starf sitt.

Greinargerð.

Frumvörp um verkalýðsskóla hafa áður verið lögð fram á Alþingi, og í málefnasamningi núverandi ríkisstjórnar var stofnun slíks skóla heitið. Er flutningsmönnum kunnugt, að menntamálaráðuneytið hefur safnað víðtækum gögnum til undirbúnings því máli. Engin ákvörðun mun þó hafa verið tekin um framkvæmdir.

Með flutningi þáltill. er máli þessu hreyft á nokkuð öðrum grundvelli en áður hefur verið gert á Alþingi, þar sem gert er ráð fyrir almennri fræðslustofnun í stað venjulegs skóla. Þykir flutningsmönnum ólíklegt, að enn sé grundvöllur fyrir verkalýðsskóla hér á landi, og óvíst, að nemendur fáist til að setjast á skólabekk í 1—2 vetur til að búa sig undir störf, sem hljóta með fáum undantekningum að verða ólaunuð aukastörf. Þykir slík stofnun sem hér er gert ráð fyrir mun líklegri til árangurs, enda gæti hún strax og aðstæður leyfa haldið námskeið, er næðu tilgangi áðurnefndrar skólahugmyndar.

Fyrirmyndir að slíkri fræðslustofnun launþega má finna víða um heim, og er höfuðþáttur í starfi þeirra að efna til stuttra og langra námskeiða, oft í nánu samstarfi við ýmsa skóla. Hér á landi mætti halda slík námskeið að sumarlagi í skólabyggingum um land allt, bæði í sveit og bæ, og vafalaust tengja sum þeirra námskeiða við orlof. Stutt námskeið, 1—3 daga, fara mjög í vöxt erlendis. Einnig mætti halda margra vikna námskeið, t. d. í samvinnu við háskólann, er þörf reynist fyrir þau.

Þá mundi fræðslustofnun launþega senda fyrirlesara um land allt til að mæta á fundum launþegasamtaka. Þyrfti stofnunin í því sambandi að eignast myndræmur, skuggamyndir og kvikmyndir til stuðnings fyrirlestrum eða til sjálfstæðra sýninga.

Enn er hugsanlegt, að fræðslustofnunin gefi út í samvinnu við heildarsamtök launþega ýmiss konar fræðslurit, blöð og jafnvel bækur, er stuðla að takmarki stofnunarinnar. Bókasafn þarf hún sjálf að eignast, er fram líða stundir, og safna þar sem flestum heimildum um sögu og starf launþegasamtaka hér á landi og erlendis.

Æskilegt væri, að launþegasamtökin gætu sjálf annazt þá fræðslu, sem hér ræðir um. En þau hafa ekki bolmagn til slíks starfs í nægilega stórum stíl. Hins vegar er það þjóðfélagsleg nauðsyn, að starfsemi launþegasamtaka sé sem farsælust og þau nái höfuðtilgangi sínum, að bæta kjör félagsmanna sinna, eftir því sem efni standa til og án þess að mikil vinna og verðmæti tapist í verkföllum. Öruggasta leiðin til að ná slíku marki er aukinn félagsþroski og skilningur á heilbrigðu hlutverki og starfsháttum samtakanna. Fræðslustofnun eins og sú, sem hér er lagt til að koma á fót, gæti lagt fram þýðingarmikinn skerf í þá átt.

Ed. 533. Frumvarp til laga [157. mál]

um Háskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

I. KAFLI
Hlutverk Háskóla Íslands.

1. gr.

Háskóli Íslands skal vera vísindaleg rannsóknarstofnun og vísindaleg fræðslustofnun, er veiti nemendum sínum menntun til þess að gegna ýmsum embættum og störfum í þjóðfélaginu.

II. KAFLI
Stjórn háskólans.

2. gr.

Stjórn háskólans er falin rektor háskólans og háskólaráði.

Rektor hefur eftirlit með daglegri starfsemi háskólans og er æðsti fulltrúi skólans gagnvart mönnum og stofnunum utan skólans. Hann leysir á eindæmi úr þeim málum, sem þurfa ekki að koma fyrir háskólaráð, háskóladeildir eða stjórnarvöld af laganauðsyn eða samkvæmt venju. Rektor hefur með sama fyrirvara umboð til að skuldbinda háskólann og háskólastofnanir fjárhagslega. Honum er skylt að hlutast til um framkvæmd á samþykktum háskólaráðs og háskóladeilda og þeim ákvörðunum stjórnarvalda, er varða háskólann.

Háskólaráð hefur úrskurðarvald í málefnum háskólans og háskólastofnana, svo sem lög mæla og nánar segir í reglugerðum.

Áður en lögum, er snerta háskólann eða háskólastofnanir, verður breytt eða við þau aukið, skal leita umsagnar háskólaráðs um breytingar eða viðauka, svo og um nýmæli. Nú varðar málefni sérstaklega tiltekna deild, og skal háskólaráð þá leita álits deildarinnar, áður en það lætur uppi umsögn sína.

Háskólinn á stjórnarfarslega undir menntamálaráðherra.

3. gr.

Rektor er kosinn af prófessorum háskólans til þriggja ára í senn, og eru þeir einir kjörgengir.

Rektorskosning fer fram í maímánuði, en rektor tekur við störfum með byrjun háskólaárs.

Sá er rétt kjörinn rektor, sem hlotið hefur atkvæði meiri hluta atkvæðisbærra manna, enda hafi minnst tveir þriðju hlutar þeirra, sem atkvæðisrétt eiga, tekið þátt í atkvæðagreiðslunni. Ef enginn fær svo mörg atkvæði, skal kjósa að nýju um þá tvo eða fleiri, er flest atkvæði fengu, og er þá sá rétt kjörinn, sem flest atkvæði fær, enda þótt tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra manna hafi þá ekki tekið þátt í atkvæðagreiðslu. Séu atkvæði jöfn, ræður hlutkesti. Um tilhögun kosningar skal kveða nánar á í reglugerð.

Kjörgengum háskólakennara er skylt að taka við rektorskjöri, nema sérstök atvik hamli. Nú skorast sá, sem kjörinn hefur verið rektor, undan því að taka við kjöri, og metur þá háskólaráð, hvort fallizt verði á afstöðu hans. Ef háskólaráð fellst á sjónarmið hins nýkjörna rektors, skal efna hið fyrsta til nýrrar rektorskosningar.

Rektor má endurkjósa, en honum er ekki skylt að taka við endurkjöri.

Nú fellur rektor frá eða lætur af störfum áður en kjörtímabil hans er liðið, og skal þá kjósa nýjan rektor svo fljótt sem því verður komið við, en varaforseti háskólaráðs gegni rektorsstörfum þangað til. Ef varaforseti er forfallaður, gegni sá deildarforseti rektorsstörfum, sem lengst hefur haft á hendi kennaraembætti við háskólann. Hinn nýkjörni rektor er kosinn til þriggja ára, en það, sem eftir er háskólaárs, er hann tekur við, skal teljast eitt ár.

4. gr.

Rektor og forsetar háskóladeildanna skipa háskólaráð. Rektor er sjálfkjörinn forseti ráðsins, en varaforseta og ritara kýs ráðið úr sínum hópi til eins árs í senn.

Nú má deildarforseti ekki sækja fund vegna forfalla eða hann er vanhæfur til að taka þátt í úrlausn máls, og tekur þá sá kennari, sem kosinn hefur verið deildarforseti til vara, sbr. 13. gr., sæti hans í ráðinu. Ef þess manns nýtur ekki, kveður rektor til fundarsetu þann prófessor úr deild þeirri, sem í hlut á, er lengst hefur gegnt kennaraembætti í deildinni. Sömu reglur gilda, er deildarforseti gegnir rektorsstörfum í viðlögum, sbr. 3. gr.

Nú er til umræðu á fundi háskólaráðs mál, er varðar sérstaklega stúdenta háskólans, og skal rektor þá kveðja á fundinn einn fulltrúa stúdenta, sem stúdentaráð nefnir til. Hefur fulltrúinn þar málfrelsi og atkvæðisrétt.

5. gr.

Háskólaráð heldur fundi eftir þörfum. Æski tveir menn úr háskólaráði fundar, er rektor skylt að boða til fundar. Svo er og, ef einn þriðji hluti prófessora háskólans æskir fundar. Nú er fundur boðaður að frumkvæði kennara, sem eiga ekki sæti í ráðinu, og er þeim þá rétt að senda fulltrúa á fundinn. Hafa slíkir fulltrúar málfrelsi á fundinum, en atkvæðisrétt eiga þeir ekki.

Háskólaráð er ekki ályktunarfært, nema tveir þriðju hlutar háskólaráðsmanna sæki fund hið fæsta. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ef atkvæði eru jöfn, sker atkvæði rektors úr eða þess, er gegnir forsetastörfum, en hlutkesti, ef forseti ráðsins greiðir ekki atkvæði.

6. gr.

Rektor eða háskólaráð geta boðað til almenns kennarafundar til umræðna um einstök málefni háskólans eða stofnana hans. Nú æskir einn þriðji hluti prófessora, dósenta og lektora fundar, og er rektor þá skylt að boða til hans. Allir kennarar háskólans eiga rétt á að sækja almenna kennarafundi og njóta atkvæðisréttar þar. Ályktanir kennarafunda eru ekki bindandi fyrir háskólaráð.

7. gr.

Menntamálaráðherra skipar ritara við háskólann að fengnum tillögum háskólaráðs, en háskólaráð ræður annað starfslið í skrifstofu skólans.

Háskólaráð skipar umsjónarmann með byggingum háskólans og innanstokksmunum.

Um starfslið háskólabókasafns segir í 39. gr. laga þessara, en um starfslið annarra stofnana háskólans og fyrirtækja fer eftir því, sem segir í lögum eða samþykktum þeirra.

8. gr.

Heimilt er að kveða nánar á um starfsvið og starfshætti rektors, háskólaráðs og háskólaritara í reglugerð.

III. KAFLI
Háskólakennarar og háskóladeildir.

9. gr.

Í Háskóla Íslands eru þessar 5 deildir: guðfræðideild, læknadeild, laga- og viðskiptadeild, heimspekideild og verkfræðideild. Viðskiptadeild skal verða sjálfstæð deild, þegar þrjú föst kennaraembætti hafa verið stofnuð í viðskiptafræðum.

10. gr.

Kennarar háskólans eru prófessorar, dósentar, lektorar, aukakennarar, aðstoðarkennarar og erlendir sendikennarar. Dósentar eru skipaðir til ótiltekins tíma, en lektorar eru ráðnir til tveggja ára hið skemmsta, og taka þeir mánaðar- eða árslaun. Aukakennarar og aðstoðarkennarar eru ráðnir til skemmri tíma og eru stundakennarar. Þegar nýr kennari, sem ekki er prófessor, ræðst til háskólans, skal taka fram, hvort hann sé dósent, lektor, aukakennari eða aðstoðarkennari. Menntamálaráðherra ákveður í samráði við háskólaráð, hverjir af kennurum háskólans, sem starfandi eru við gildistöku laga þessara, séu dósentar, lektorar, aukakennarar og aðstoðarkennarar.

11. gr.

Forseti Íslands skipar prófessora, menntamálaráðherra skipar dósenta að fengnum tillögum háskóladeildar, en háskólaráð ræður lektora, aukakennara og aðstoðarkennara samkvæmt tillögum háskóladeilda, eftir því sem fé er veitt til.

Umsækjendur skulu láta fylgja umsókn sinni ítarlega skýrslu um vísindastörf þau, er þeir hafa unnið, ritsmíðar og rannsóknir, svo og námsferil sinn og störf. Með umsókninni skulu send eintök af vísindalegum ritum og ritgerðum umsækjenda, prentuðum og óprentuðum.

Skipa skal hverju sinni þriggja manna nefnd til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna embættinu. Háskólaráð skipar einn nefndarmann, menntamálaráðherra annan, en deild sú, sem kennarinn á að starfa við, hinn þriðja, og er hann formaður nefndarinnar. Í nefnd þessa má skipa þá eina, sem eru kunnáttumenn í þeirri grein, sem umsækjendum er ætlað að kenna.

Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um það, hvort af vísindagildi rita umsækjanda og rannsókna, svo og námsferli hans og störfum megi ráða, að hann sé hæfur til að gegna embættinu. Álitsgerð nefndarinnar skal höfð til hliðsjónar, er embættið er veitt, og má engum manni veita prófessorsembætti við háskólann, nema meiri hluti nefndarinnar hafi látið í ljós það álit, að hann sé hæfur til þess. Enn fremur skal leita álits hlutaðeigandi háskóladeildar um umsækjendur.

Heimilt er að kveða svo á í reglugerð, að framangreind ákvæði um veitingu prófessorsembættis skuli gilda um skipun dósenta og sérfræðinga við háskólastofnanir.

12. gr.

Þegar sérstaklega stendur á, getur menntamálaráðherra, samkvæmt tillögu háskóladeildar og með samþykki háskólaráðs, boðið vísindamanni að taka við kennaraembætti við háskólann, án þess að það sé auglýst laust til umsóknar.

Menntamálaráðherra skal heimilt, samkvæmt tillögu háskóladeildar, að auglýsa kennaraembætti laust til umsóknar, svo að embættið verði veitt ári áður en hinn nýskipaði kennari hefur kennslu sína. Kveða skal á um það hverju sinni, frá hvaða tíma launagreiðslur hins nýskipaða kennara hefjist.

13. gr.

Hver háskóladeild velur úr hópi prófessora deildarinnar deildarforseta og annan til vara. Deildarforseti á sæti í háskólaráði, en varaforseti tekur sæti hans þar eftir reglum 4. gr.

Deildarforseta og varaforseta skal kjósa til tveggja ára í senn. Þó skal kjörtímabil þriggja þeirra deildarforseta, sem fyrst verða kosnir eftir gildistöku laga þessara, aðeins verða eitt ár, og skal hluta um það, eftir að deildarforsetar hafa verið kjörnir, hverjir þeirra skuli gegna störfum eitt ár og hverjir tvö. Kjörgengum kennurum er skylt að taka við kosningu til deildarforseta starfa og til starfa varadeildarforseta. Endurkjósa má deildarforseta, en rétt hefur hann til að skorast undan endurkjöri. Sá, sem gegnt hefur embætti rektors, getur og skorazt undan kjöri til deildarforseta starfa næsta kjörtímabil, eftir að hann lét af rektorsstörfum. Nú fellur deildarforseti frá eða lætur af störfum, og skal þá kjósa deildarforseta og varaforseta fyrir þann hluta kjörtímabils, sem eftir er.

14. gr.

Hver háskóladeild heldur fundi eftir þörfum. Deildarforseti boðar fundi, og eiga þar sæti prófessorar og forstöðumenn vísindastofnana, er lúta deildinni. Háskóladeild er heimilt að ákveða, að dósentar og lektorar megi sitja deildarfundi og hafa þar atkvæðisrétt.

Nú er fjallað sérstaklega um kennslugreinar dósenta, lektora, aukakennara, aðstoðarkennara eða erlendra sendikennara, og skal forseti þá boða kennara á deildar-

fund og gefa þeim kost á að ræða það málefni, en atkvæðisrétt eiga þeir ekki, sbr. þó 1. málsgrein, að því er varðar dósenta og lektora.

Nú er mál til umræðu á deildarfundi, sem varðar sérstaklega nemendur deildarinnar, og er deildarforseta þá heimilt að kveðja á fundinn fulltrúa nemenda, einn eða fleiri, er stjórn deildarfélags nefnir til. Hafa fulltrúarnir þar málfrelsi, en eiga ekki atkvæðisrétt.

Rektor er heimilt að taka þátt í meðferð mála í öllum deildum, en atkvæðisrétt á hann þó aðeins í sinni deild.

15. gr.

Deildarforseta er skylt að boða til deildarfundar, ef rektor eða þriðjungur deildarmanna, sem rétt eiga á fundarsetu, æskja fundar.

Deildarfundur er ályktunarfær, ef fund sækja eigi færri en helmingur prófessora deildarinnar. Nú eru atkvæði jöfn, og ræður þá atkvæði deildarforseta eða þess, er gegnir forsetastörfum, en hlutkesti, ef deildarforseti situr hjá.

16. gr.

Hver deild semur lestrar- og kennsluáætlun fyrir sig, og skal þar gerð grein fyrir námsefni, kennsluháttum og prófkröfum.

IV. KAFLI
Kennsla og nemendur.

17. gr.

Kennsluár háskólans skiptist í tvö kennslumisseri, haustmisseri frá 15. sept. til 31. jan. og vormisseri frá 1. febrúar til 15. júní. Háskólaráð getur ákveðið aðra missera skiptingu með samþykki menntamálaráðherra fyrir tilteknar greinar eða deildir. Leyfi og önnur kennsluhlé skulu ákveðin í reglugerð.

18. gr.

Háskólaráð ákveður, að fenginni umsögn háskóladeildar, hver sé kennsluskylda einstakra háskólakennara. Nú unir kennari ekki úrlausn háskólaráðs, og má hann þá skjóta úrlausninni til menntamálaráðherra, sem leysir til fullnaðar úr þessu efni.

Rektor á rétt á að vera leystur undan allt að helmingi þeirrar kennslu, sem honum var skylt að hafa með höndum, er hann tók við rektorsembætti. Ef því er að skipta, ákveður rektor með samþykki menntamálaráðuneytis, hversu ráðstafa skuli þeim hluta kennslunnar.

19. gr.

Rektor getur veitt kennurum lausn í bili undan kennsluskyldu, allt að þremur vikum. Endranær er menntamálaráðherra heimilt, með samþykki háskólaráðs, að veita kennara lausn undan kennsluskyldu um takmarkaðan tíma. Kennari sá, er lausn hefur frá kennsluskyldu, ákveður kennara í sinn stað, einn eða fleiri, með samþykki háskóladeildar og menntamálaráðherra.

Menntamálaráðherra ákveður launakjör staðgengils hverju sinni og hvort kennari sá, sem víkur í bili, skuli greiða laun hans að nokkru eða öllu. Nú er maður ráðinn til að gegna kennaraembætti, en ekki settur til starfans, og ákveður deild þá hverju sinni, hvort hann eigi rétt á að sitja deildarfundi og hafi þar atkvæðisrétt.

20. gr.

Fyrirlestrar, æfingar og námskeið eru fyrir skrásetta stúdenta, en kennara er heimilt að veita öðrum kost á að sækja slíka kennslu, nema háskólaráð mæli öðruvísi fyrir.

21. gr.

Hver sá, sem staðizt hefur fullnaðarpróf frá íslenzkum skóla, sem heimild hefur til að brautskrá stúdenta, á rétt á að verða skrásettur háskólaborgari, gegn því að greiða skrásetningargjald, enda hafi stúdent ekki gerzt sekur um neina þá óhæfu, sem geri það varhugavert, að dómi háskólaráðs, að veita honum skólavist.

Háskólaráð getur leyft, að skrásettir verði til náms menn, sem lokið hafa erlendis prófi eða prófum, er tryggja nægan undirbúning til námsins eigi miður en íslenzkt stúdentspróf.

Háskólaráði er heimilt, samkvæmt tillögum háskóladeildar, að ákveða sérstök inntökuskilyrði í einstakar deildir eða greinar innan deildar. Með sama hætti getur háskólaráð mælt svo fyrir í samþykkt, að aðeins ákveðinn fjöldi stúdenta skuli skráður í deild árlega og eftir hverjum reglum hinni tilteknu tölu stúdenta sé veittur aðgangur að deildinni.

Skrásetningargjöld skulu ákveðin í reglugerð.

22. gr.

Ákvæði um heilbrigðisskilyrði í sambandi við skrásetningar háskólastúdenta má setja í reglugerð.

Öllum skrásettum stúdentum er skylt að ganga undir heilbrigðisrannsóknir eftir því, sem háskólaráð áskilur.

23. gr.

Ákvæði um eftirlit með námsástundun háskólastúdenta má setja í reglugerð háskólans.

24. gr.

Allir skrásettir stúdentar eru skyldir að gæta velsæmis bæði í háskólanum og utan hans.

Háskólaráð getur veitt stúdent áminningu eða vikið stúdent úr skóla um tiltekinn tíma eða að fullu, ef hann hefur gerzt sekur um brot á lögum og öðrum reglum háskólans eða reynzt sekur um háttsemi, sem er ósamboðin háskólaborgara. Enn fremur má í reglugerð kveða svo á, að heimilt sé að víkja stúdent úr skóla vegna persónulegra ágalla eða alvarlegrar óreglu.

Áður en brottrekstur er ráðinn, skal leita umsagnar háskóladeildar stúdents. Einnig skal veita stúdent kost á að svara til saka. Enn fremur skal leita umsagnar stjórnar í deildarfélagi stúdents, áður en brottrekstur er ráðinn samkvæmt fyrra málslið 2. málsgreinar.

Brottrekstur skal þegar í stað tilkynna menntamálaráðuneytinu.

Stúdent er heimilt að skjóta úrskurði háskólaráðs til Hæstaréttar eftir reglum um kæru í opinberum málum innan 4 vikna frá því, að honum barst tilkynning um úrskurðinn. Kæra frestar framkvæmd úrskurðar, en stúdent má þó ekki ganga undir próf, fyrr en úrlausn Hæstaréttar er fengin.

Nú tekur stúdent sig á, og er háskólaráði þá heimilt að fella brott fyrri úrskurð um brottrekstur.

25. gr.

Nú er hafin réttarrannsókn gegn skrásettum háskólastúdent fyrir háttsemi, sem talin er varða við almenn hegningarlög, og skal dómari þá tilkynna það rektor þegar í stað. Rektor er heimilt að vera viðstaddur dómþing, þegar svo stendur á, eða öðrum kennara háskólans, sem hann nefnir til.

Nú verður skrásettur stúdent sekur að lagadómi um verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, og er hann þá rækur.

26. gr.

Afskipti háskólans af háskólastúdent hætta, er stúdent lýkur fullnaðarprófi í grein sinni. Nú tilkynnir stúdent, að hann sé hættur námi við háskólann, og skal þá

má nafn hans af stúdentatali skólans. Sama er, ef hann hefur ekki sótt háskólann tvö kennslumisseri samfleytt, nema hann hafi leyfi háskóladeildar sinnar. Sama gegnir og um þá stúdenta, sem hafa ekki staðizt háskólapróf og fyrirmunað er að reyna próf að nýju, sbr. 28. og 30. gr., og enn um þá, sem vikið hefur verið úr skólanum.

V. KAFLI
Próf.

27. gr.

Háskólapróf skulu haldin á þeim tíma, sem reglugerð háskólans mælir fyrir um.

28. gr.

Í reglugerð háskólans skal setja ákvæði um próf, þ. á m. um prófgreinar, einkunnastiga og einkunnagjafir og um lágmarkseinkunn í einstökum greinum eða flokkum greina og í fullnaðareinkunn.

Mæla má svo fyrir í reglugerð, að fullnaðarprófi sé skipt í fleiri hluta en einn, og kveða má á um skemmsta eða lengsta tíma, sem líða megi frá skrásetningu til frumprófa, svo og milli þess, að einstökum prófhlutum eða prófgreinum sé lokið, og milli upphafs náms og lokaprófs.

Heimilt er enn fremur að mæla svo fyrir í reglugerð, að misserisleg eða árleg próf skuli haldin í deild, samkvæmt tillögu deildarinnar, í þeim námsgreinum, sem kenndar hafa verið á tímabilinu, öllum eða nokkrum. Kveða skal í reglugerð á um það, hvort einkunnir þær, sem gefnar eru við þessi próf, hafi gildi í fullnaðarprófi og þá hvert. Nú er mælt fyrir um slík próf í tiltekinni deild, og er þá stúdentum skylt að ganga undir þau próf. Nánari ákvæði skulu að öðru leyti sett í reglugerð.

Í reglugerð er einnig heimilt að setja ákvæði um það, að stúdent, er ganga vill til prófs, skuli áður hafa lokið undirbúningsprófum eða rækt nægjanlega tilteknar greinar á námskeiðum, í æfingaflokkum eða við verklegt nám eða skilað skriflegum úrlausnum.

29. gr.

Í reglugerð skal setja fyrirmæli um frest til að segja sig til prófs og um prófgjöld. Enn fremur skal setja þar ákvæði um prófvottorð og gjöld fyrir þau.

30. gr.

Nú stenzt stúdent ekki próf, gengur frá því, eftir að hann hefur byrjað próf, eða kemur ekki til prófs og hefur þó ekki boðað forföll. Er honum þá heimilt að þreyta prófið tvívegis að nýju. Milli prófa skal eigi líða lengri tími en eitt ár. Standist hann enn ekki sama prófið eða gangi frá því, hefur hann fyrirgert rétti sínum til að ganga oftar undir það. Háskóladeild getur þó veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar málsgreinar, ef sérstaklega stendur á.

Í reglugerð má mæla fyrir um rétt manna, sem staðizt hafa próf, til að endurtaka prófið.

31. gr.

Háskólakennarar standa fyrir prófum, en hver deild ræður tilhögun prófa hjá sér, að svo miklu leyti sem ekki eru sett bindandi ákvæði um það í lögum eða reglugerð.

Munnleg próf skulu háð í heyranda hljóði. Þó er háskóladeild heimilt, ef sérstaklega stendur á, að ákveða, að slík próf skuli halda fyrir luktum dyrum.

32. gr.

Við þau próf, sem teljast til fullnaðarprófs, skal vera einn prófdómari utan háskólans. Auk þess geta einstakar deildir samþykkt að hafa einn prófdómara úr

hópi deildarkennara í öllum greinum eða nokkrum. Við meistarapróf í íslenzkum fræðum dæma þó kennararnir einir.

Við þau próf, sem teljast ekki til fullnaðarprófs, skal einn kennari deildar þeirrar, sem í hlut á, gegna prófdómarastörfum samkvæmt kvaðningu deildarforseta.

Í forspjallsvísindum dæmir kennarinn einn um prófið.

Menntamálaráðherra skipar prófdómendur þá, sem eru ekki háskólakennarar, samkvæmt tillögum háskóladeildar. Þá eina má skipa prófdómara, sem lokið hafa viðurkenndu fullnaðarprófi við háskóla í þeirri grein, sem prófdómari skal dæma, eða getið hafa sér orðstír fyrir fræðimennsku í greininni. Prófdómendur skulu skipaðir til þriggja ára í senn.

33. gr.

Háskólaráð ákveður, að fenginni umsögn deildar, hvort viðurkenna skuli háskólapróf, sem stúdent hefur tekið erlendis, og að hverju leyti. Setja má almenn ákvæði í reglugerð um viðurkenningu erlendra prófa.

VI. KAFLI

Doktorar og meistarar.

34. gr.

Háskóladeildir hafa rétt til að veita doktorsnafnbót. Slíka nafnbót má veita annaðhvort í heiðurs skyni eða að undangengnu sérstöku prófi. Doktorsnafnbót í heiðurs skyni verður ekki veitt nema með einróma samþykki atkvæðisbærra deildarmanna og með samþykki háskólaráðs. Háskóladeildir standa fyrir doktorsprófi.

35. gr.

Sá, er æskir doktorsnafnbótar, skal að jafnaði hafa lokið kandídatsprófi eða embættisprófi.

Synja má þeim manni, sem sekur hefur gerzt um einhverja þá óhæfu, sem um getur í 1. málsgrein 21. gr., réttar til að ganga undir doktorspróf.

36. gr.

Sá, er æskir að taka doktorspróf, skal láta fylgja umsókn sinni vísindalega ritgerð eða ritgerðir, enda varði ritgerðir, ef því er að skipta, sama meginrannsóknarsvið og myndi nokkra heild. Umsókn skal stíluð til hlutaðeigandi háskóladeildar.

Í reglugerð skulu settar reglur um doktorspróf.

37. gr.

Hver sá, sem hlotið hefur doktorsnafnbót frá háskólanum, á rétt á að halda þar fyrirlestra í vísindagrein sinni í samráði við rektor. Nú þykir doktor misbeita þessum rétti sínum, og getur háskólaráð þá svipt hann réttinum. Hið sama er, ef doktor gerist sekur um einhverja þá óhæfu, sem ylli því, að hann væri rækur úr háskólanum, ef hann væri í tölu háskólastúdenta.

38. gr.

Háskólaráð getur ákveðið í samþykkt samkvæmt tillögum háskóladeildar, að heimilt sé að ganga undir meistarapróf í grein, að loknu embættis- eða kandídatsprófi. Prófið er fólgið í samningu ritgerðar eða ritgerða, og má áskilja, að umsækjandi gangi einnig undir munnlegt próf í tilteknum greinum og haldi opinbera fyrirlestra. Ritgerð skal skila til þeirrar háskóladeildar, sem í hlut á.

Nánari reglur um meistarapróf skal setja í reglugerð.

VII. KAFLI
Stofnanir háskólans og eigur hans.

39. gr.

Háskólaráð hefur yfirumsjón með einstökum háskólastofnunum, svo sem háskólabókasafni, fyrirtækjum háskólans, svo sem happdrætti og kvikmyndahúsi, og með sjóðum skólans og öðrum eigum.

Forseti Íslands veitir embætti háskólabókavarðar samkvæmt tillögu háskólaráðs. Háskólabókavörður skal hafa sérþekkingu í bókasafnsfræðum. Nú kennir háskólabókavörður bókasafnsfræði við háskólann, og tekur hann þá sömu laun og prófessorar. Háskólaráð ræður annað starfslið bókasafns eftir því, sem fé er veitt til á fjárlögum.

Háskólaráð setur einstökum fyrirtækjum háskólans samþykktir.

Um stjórn sjóða fer eftir því, sem stofnskrár eða aðrar samþykktir mæla fyrir um.

Um tengsl atvinnudeildar háskólans við háskólann fer eftir því, sem segir í III. kafla laga nr. 68 7. maí 1940 og öðrum lögum, er þar að lúta, og um tengsl tilraunastöðvar háskólans í meinafræði við háskólann, svo sem segir í lögum nr. 11 28. febr. 1947.

VIII. KAFLI
Kennaraembætti og kennarastöður við Háskóla Íslands.

40. gr.

Við Háskóla Íslands eru þessi prófessorsembætti:

1. Í guðfræðideild 4,
2. í læknadeild 8,
3. í laga- og viðskiptadeild 6,
4. í heimspekideild 8,
5. í verkfræðideild 4.

Í reglugerð skal kveða á um, hverjar aðalkennslugreinar teljist til hvers prófessorsembættis um sig.

Nú óskar skipaður prófessor eftir því, að aðalkennslugrein hans verði breytt, er prófessorsembætti verður laust í deild hans, og getur menntamálaráðherra þá heimilað breytinguna, ef deild sú, sem í hlut á, fellst á tilmæli prófessorsins.

41. gr.

Prófessorarnir í lyflæknisfræði og handlæknisfræði veita forstjórn lyflæknis- og handlæknisdeildum Landsspítalans, og prófessorinn í meinafræði veitir jafnframt forstöðu rannsóknarstofu í meinafræði. Prófessorinn í heilbrigðisfræði skal auk kennslunnar í þeirri grein annast heilbrigðislegar rannsóknir fyrir heilbrigðisstjórnina, þar á meðal manneldisrannsóknir í samráði við manneldisráð. Prófessorinn í lyfjafræði hefur yfirumsjón með kennslu í lyfefnafræði. Kennarinn í lyfefnafræði hefur jafnframt á hendi eftirlit með lyfjabúðum.

Prófessorinn í eðlisfræði er jafnframt forstöðumaður rannsóknarstofu til mælinga á geislavirkum efnum. Rannsóknarstofa þessi lýtur verkfræðideild, og skal setja ákvæði um starfsemi hennar í reglugerð Háskóla Íslands.

Prófessorinn í uppeldisfræðum skal skipuleggja kennsluæfingar nemenda í uppeldisfræðum. Hann skal halda fyrirlestra fyrir starfandi kennara og efna til námskeiða fyrir þá. Auk þess skal hann annast rannsóknir og leiðbeiningarstörf í þágu uppeldismála landsins, eftir því sem kveðið verður á í reglugerð.

Prófessorinn í forspjallsvísindum hefur á hendi kennslu í uppeldisfræðum, eftir því sem samrýmist störfum hans.

42. gr.

Menntamálaráðherra ákveður tölu dósenta, lektora, aukakennara og aðstoðarkennara í einstökum deildum og greinum, að fengnum tillögum háskólaráðs.

IX. KAFLI
Kennsla í lyfefnafræði.

43. gr.

Við læknadeild skal stofna til kennslu í lyfefnafræði (pharmacia), og skal kveða á um námstilhögun í reglugerð.

X. KAFLI
Gildistaka og brottfallin lög.

44. gr.

Lög þessi taka gildi nú þegar.

45. gr.

Menntamálaráðherra leitar staðfestingar forseta Íslands á reglugerð fyrir háskólann, að fengnum tillögum háskólaráðs. Í reglugerðinni er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara. Reglugerðarákvæði þau, sem í gildi eru við gildistöku laganna, halda gildi sínu, unz ný ákvæði eru sett.

46. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi þessi lög og lagaákvæði:

Lög nr. 21 1. febr. 1936, um Háskóla Íslands, ásamt breytingarlögum nr. 78 27. júní 1941, lögum nr. 66 28. des. 1944 og lögum nr. 21 28. marz 1947.

Lög um laun háskólakennara, nr. 36 30. júlí 1909.

Lög nr. 66 28. des. 1944, um breyting á og viðauka við lög nr. 36 30. júlí 1909, um laun háskólakennara, og um breyting á lögum nr. 21 1. febr. 1936, um Háskóla Íslands.

Lög nr. 116 28. des. 1950, um breyting á lögum nr. 66 28. des. 1944.

Lög nr. 85 24. des. 1953, um breyting á lögum nr. 36 30. júlí 1909, um laun háskólakennara.

Lög nr. 34 26. okt. 1917, um stofnun dósentsembættis í læknadeild Háskóla Íslands.

Lög nr. 40 27. júní 1925, um stofnun dósentsembættis við heimspekideild Háskóla Íslands.

Lög nr. 24 19. maí 1930, um háskólakennara.

Lög nr. 33 23. júní 1932, um stofnun nýs prófessorsembættis í læknadeild Háskóla Íslands.

Lög nr. 44 27. júní 1941, um tannlæknakennslu við læknadeild háskólans.

Lög nr. 13 13. febr. 1943, um stofnun embættis háskólabókavarðar við Háskóla Íslands.

Lög nr. 9 24. jan. 1945, um stofnun prófessorsembættis í heilbrigðisfræði í læknadeild Háskóla Íslands.

Lög nr. 31 12. febr. 1945, um stofnun dósentsembættis í guðfræðideild Háskóla Íslands.

Lög nr. 23 23. apríl 1946, um dósentsembætti í íslenzku nútímamáli og hagnýtri íslenzkukennslu í heimspekideild Háskóla Íslands.

Lög nr. 15 6. apríl 1955, um stofnun prófessorsembættis í læknadeild Háskóla Íslands.

Lög nr. 92 24. des. 1955, um laun starfsmanna ríkisins, 14. gr. B,I,4 orðin „dósentar og“ falli niður.

Lög nr. 112 30 maí 1940, um lyfjafræðingaskóla Íslands.

Lög nr. 16 12. marz 1947, um menntun kennara, 15. gr. — Í 20. gr. sömu laga falli niður orðin „við kennslustofnun“.

47. gr.

Þegar lög þessi taka gildi, skal skipa dósenta þá, sem starfa við háskólann, prófessora.

Nd. 534. Frumvarp til laga [29. mál]

um gjald af innlendum tollvörutegundum og tollvöruframleiðslu.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Enginn má reka framleiðslu á vörutegund, sem gjald ber af að greiða samkvæmt lögum þessum, nema hann hafi áður fengið til þess leyfisbréf hjá tollyfirvaldi, þar sem framleiðslan fer fram.

Fyrir leyfisbréfið skal gjalda kr. 2000.00 til ríkissjóðs.

Slíkt leyfisbréf má því aðeins láta af hendi, að réttur til verzlunar eða iðjureksturs hafi ekki verið dæmdur af umsækjanda og hann hafi ekki áður verið sviptur leyfi til tollvörugerðar og uppfylli þessi skilyrði:

1. Sé heimilisfastur hér á landi, þegar leyfisbréfið er veitt, og hafi verið það síðasta árið.
2. Sé fjárráður.
3. Hafi forræði á búi sínu og hafi haft það síðasta árið. Hafi ekki orðið tvisvar gjaldþrota, nema komizt hafi á löglegir samningar um skuldagreiðslur milli hans og lánardrottna hans.
4. Hafi ekki verið dæmdur sekur um verk, sem er svívirðilegt að almenningsáliti, og liggi ekki undir ákæru fyrir slíkan verknað.
5. Hafi þá þekkingu á bókhaldi og vörum, sem talin er nauðsynleg til þess að reka tollvörugerð.

Nú missir maður eitthvert framangreindra skilyrða, og fellur þá leyfisbréf hans úr gildi.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari skilyrði fyrir því, að leyfisbréf megi láta af hendi, svo og um missi leyfisbréfs og hvernig framfylgja skuli slíkri leyfissviptingu.

2. gr.

Enginn má hefja tollvöruframleiðslu, nema hann hafi áður tilkynnt það tollyfirvaldi með minnst 14 daga fyrirvara. Skal hann þá hafa aflað sér húsnæðis, sem fullnægir skilyrðum til tollvöruframleiðslu að dómi tollyfirvalds og fullnægir kröfum hlutaðeigandi heilbrigðisyfirvalda.

Stöðvi tollvörugerðarmaður rekstur sinn um lengri tíma en einn mánuð í senn, skal hann tilkynna það tollyfirvaldi með minnst 7 daga fyrirvara og sömuleiðis, ef hann hefur vörugerð að nýju.

3. gr.

Af vörum, sem framleiddar eru hér á landi og taldar eru í eftirfarandi gjaldskrá, skal greiða innlent tollvörugjald eftir því, sem segir í skránni.

1. kafli.

Sykur- og lakkrísvörur.

Gjaldskrárnr.	Vörutegund.	Gjaldeining	Vörumagnsgjald Aurar
1.	Marzipan, það er möndlumassi blandaður sykri, perzipan og aðrar sykurblandaðar marzipan- og perzipanvörur	1 kg	1386
2.	Brjóstsykur, sælgætistöflur og pastillur	—	1386
3.	Tyggigúmmi, húðað með sykri og óhúðað	—	1386
4.	Töggur (karamellur)	—	1386
5.	Sykruð ber og sykraðir ávextir, hlaup og aðrar svipaðar vörur, ef þær eru mótaðar í stengur, plötur eða önnur form	—	1386
6.	Lakkrísvörur sérhverrar tegundar	—	1386
7.	Önnur sætindi ótalin undir öðrum liðum	—	1386

2. kafli.

Súkkulaði, súkkulaði- og kakóvörur.

1.	Hreint súkkulaði alls konar, iðnsúkkulaði og suðusúkkulaði, sem hefur allt að 28% fituinnihald og er selt í 100 g umbúðum eða stærri	—	693
2.	Annað iðn- og suðusúkkulaði	—	1386
3.	Átsúkkulaði alls konar, svo sem súkkulaðihúðað munngæti (kremsúkkulaði, krókantsúkkulaði, marzipansúkkulaði, núgatsúkkulaði og konfekt), ávaxtasúkkulaði, hnotsúkkulaði og möndlusúkkulaði	—	1386
4.	Kokosbollur	—	1386
5.	„Negrakossar“	—	1386
6.	Rjómalengjur	—	1386
7.	Aðrar kakóvörur	—	1386

3. kafli.

Kaffibætir og kaffilíki.

1.	Kaffibætir	—	90
2.	Kaffilíki	—	396

4. kafli.

Drykkjarvörur og ýmislegir vökvar.

1.	Gosdrykkir	1 l	117
2.	Maltöl	—	66
3.	Annað öl	—	168
4.	Óáfeng vín	—	693
5.	Aldin- og limonaðisöft	—	140
6.	Litað sykurvatn með kjörnum	—	462
7.	Aðrir slíkir drykkir og vökvar	—	462

5. kafli.

Tóbaksvörur.

1.	Vindlar	1 kg	7260
2.	Vindlingar	—	9900

Verði ágreiningur um það, hvaða vörur séu gjaldskyldar eftir lögum þessum, fellir fjármálaráðherra um það fullnaðarúrskurð.

4. gr.

Tollvörugjald það, sem um ræðir í 3. gr., skal greiða eftir magni varanna án umbúða. Af vörum þessum skal reikna ¾ úr tolleiningu og þar yfir sem heila, ¼ allt að ¾ hálfa, en minna broti skal sleppt.

5. gr.

Vörur verða gjaldskyldar samkvæmt lögum þessum jafnótt og þær eru framleiddar. Gjaldið skal vörugerðarmaður greiða til hlutaðeigandi tollyfirvalds, áður en varan er seld, látin í umboðssölu eða flutt burt af framleiðslustað.

Ráðherra getur þó með reglugerð heimilað innheimtumanni að veita frest á greiðslu gjaldsins, þó aldrei lengur en svo, að allt gjaldið sé greitt fyrir 15. næsta mánaðar á eftir. Gjaldfrest má binda skilyrðum, þ. á m. að vörugerðarmaður setji þá tryggingu, sem innheimtumaður tekur gilda.

Vörugerðarmaður skal skila innheimtumanni skýrslu innan viku frá lokum hvers mánaðar um gjaldskylt vörumagn í mánuðinum, vörubirgðir í byrjun og lok mánaðarins og framleitt og selt vörumagn í mánuðinum. Skýrslunni skulu fylgja samrit af sölunótum eða sölureikningum eða afhendingarnótum yfir hið gjaldskylda vörumagn, en á þeim skal greina nafn kaupanda vörunnar, vörumagnið í kílóum eða lítrum, tegundarheiti vörunnar og verð í krónum, enda er óheimilt að selja eða afhenda vöru, án þess að sölu- eða afhendingarnóta fylgi. Heimta má vottorð, útbúið á þann hátt, er getur í 145. gr. hegningarlaganna, um framtal vöru.

Hafi greiðsla gjaldsins ekki farið fram fyrir lok þess mánaðar, sem hún skal greiðast í, skal greiða dráttarvexti 1% fyrir hvern byrjaðan mánuð frá gjalddaga. Þá getur tollyfirvald bannað vörugerðarmanni alla framleiðslu, sölu og afhendingu á öllum innlendum tollvörutegundum og efnivörubirgðum og látið lögregluna loka útsölu, vörugeymslu og verkstofu vörugerðarmanns og framfylgja banninu að öllu leyti, unz skil eru gerð á gjaldinu. Sama gildir og, ef vörugerðarmaður skilar ekki skýrslu yfir framleiðslu sína á réttum tíma, eða færir ekki bókhald sitt eins og fyrir er mælt.

6. gr.

Vörur, sem gjaldskyldar eru samkvæmt lögum þessum og vörugerðarmaður hefur ekki látið af hendi, eða látið ólöglega af hendi, vörur, er hann á í umboðssölu, svo og allar efnivörur hans til tollvörugerðar, skulu vera að veði fyrir gjaldinu, vöxtum, sektum og kostnaði. Séu skil ekki gerð samkvæmt 5. gr., getur tollyfirvald selt þær birgðir af tilbúinni vöru og efnivörum, sem fyrirfinnast, án undangengins lögtaks eða fjárnáms til lúkningar gjaldi, vöxtum og kostnaði. Skal það gert á uppboði, er boðað sé með minnst viku fyrirvara, og má tollyfirvald krefjast greiðslu við hamarshögg. Náist þannig ekki næg fjárhæð til lúkningar gjaldi, vöxtum, sektum og kostnaði, má án undanfarinnar birtingar gera lögtak fyrir því, sem á vantar, í öðrum eignum gjaldanda.

7. gr.

Nú verður tollvara ósöluhæf, áður en vörugerðarmaður lætur hana af hendi, og má þá undanþiggja hana gjaldi, enda sé hún eyðilögð undir eftirliti tollyfirvalds. Sama gildir, ef gallar koma fram á vöru strax eftir afhendingu.

8. gr.

Heimilt skal fjármálaráðherra að endurgreiða gjald, sem greitt hefur verið samkvæmt lögum þessum af vörum, sem fluttar hafa verið til útlanda, ef útflutningur varanna fer eftir reglum tolllaga um endursending vara og útflutningsskýrslur og skjöl þau, sem fylgja, bera það með sér, að vörurnar séu sendar til útlanda til sölu þar.

Þá skal og heimilt að endurgreiða tollvörugjald, sem greitt hefur verið af iðnsúkkulaði, framleiddu hér á landi, ef það hefur verið selt öðrum tollvörugerðar-

manni til tollvöruframleiðslu. Slík endurgreiðsla má því aðeins fara fram, að vörugerðarmaður færi sönnur á, að hann hafi notað iðnsúkkulaðið til framleiðslu gjaldskyldrar vöru, sem hann hefur greitt tollvörugjald af.

9. gr.

Tollvörugerðarmönnum er óheimilt að láta af hendi vörur, gjaldskyldar samkvæmt lögum þessum, nema í sérstökum þar til gerðum umbúðum. Skal á umbúðunum greina heiti vörunnar, nafn eða firmaheiti vörugerðarmanns og innihald í lítrum eða kílóum.

Vörugerðarmaður skal afhenda tollyfirvaldi sýnishorn af öllum umbúðum af framleiðsluvörum sínum, innan 14 daga, eftir að lög þessi hafa öðlazt gildi. Skulu sýnishornunum fylgja upplýsingar um, hver séu aðalefni vörunnar. Áður en sala vörutegundar hefst, sem vörugerðarmaður hefur ekki áður framleitt, eða breytt hefur verið umbúðum vöru, sem áður hefur verið framleidd, skal vörugerðarmaður senda tollyfirvaldi sýnishorn af vörunni eða umbúðunum 14 dögum áður en sala vörunnar hefst.

Verzlunum og öðrum smásölustöðum, sem selja vörur gjaldskyldar samkvæmt lögum þessum, er óheimilt að hafa á boðstólum tollvörur, nema þær séu merktar þannig, að þær beri með sér frá hvaða framleiðanda þær eru. Vanræksla í þessum efnum varðar framleiðanda og seljanda sektum, og skulu vörurnar upptækar.

10. gr.

Heimilt er tollyfirvaldi hvenær sem er að kanna tollvörubirgðir verzlana og annarra sölustaða, sem selja til neytenda gjaldskyldar vörur samkvæmt lögum þessum. Skulu á slíkum sölustöðum jafnan vera fyrir hendi innkaupareikningar yfir allar innlendar tollvörur, sem á boðstólum eru, og skal tollyfirvald hafa aðgang að þeim hvenær sem er.

11. gr.

Hver sá, sem kaupir eða tekur við vörum, sem gjaldskyldar eru eftir lögum þessum, í því skyni að selja þær aftur, skal, ef hann veit eða hefur ástæðu til að ætla, að gjald verði ekki greitt af vörunum, tilkynna það hlutaðeigandi tollyfirvaldi án tafar. Vanræki hann það, skal hann ábyrgjast greiðslu gjaldsins.

12. gr.

Heimilt er tollyfirvaldi hvenær sem er að rannsaka allt bókhald tollvörugerðarmanns og taka það til sín í því skyni. Einnig er tollyfirvaldi heimilt að rannsaka birgðir vörugerðarmanns af unnum og óunnum vörum og leggja fyrir hann að gera birgðatalningu undir tolleftirliti. Enn fremur er tollyfirvaldi heimilt að ákveða, að allar framleiddar vörur vörugerðarmanns skuli settar í geymslu undir lás eða innsigli tollgæzlunnar, og skal tollvörugerðarmaður sem endranær leggja til hæfilegt húsnæði fyrir vöruna.

13. gr.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um vörugerðina, um húsrúm og útbúnað, þar sem vörugerð fer fram, um geymslu á hráefnum og tilbúnum óafhentum vörum, um gerð og merking umbúða, um afhending og sölu varanna, um allt bókhald vörugerðar og hverjum viðurlögum það sæti, ef bækur eru ekki færðar eins og fyrir er mælt, eða ef þær eru eyðilagðar, um eftirlit til tryggingar gjaldheimtunni og annað það, er að framkvæmd laganna lýtur og þurfa þykir til að tryggja gjaldheimtuna, þar á meðal um gerð, sölu og notkun tollmerkja á einstakar eða allar tollvörutegundir.

Enn fremur má í reglugerðinni ákveða sektir fyrir brot gegn henni, þar á meðal dagsektir.

14. gr.

Brot gegn fyrirmælum laga þessara eða reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum.

Verði vörugerðarmaður uppvís að því að hafa sagt rangt til um vörugerð sína, efnivörur, birgðir, hversu mikið hann hefur selt af birgðum eða hann selur þær í heimildarleysi, án þess að gjaldið sé greitt, þá varðar það hann sektum allt að kr. 50 000.00, nema þyngri refsing liggi við að lögum. Auk þess ber honum að greiða tvöfalda upphæð gjalds þess, sem reynt hefur verið að draga undan. Verði eigi sannað, hve há sú upphæð hefur verið, skal ákveða hið tvöfalda gjald eftir málavöxtum.

15. gr.

Mál, sem rísa af brotum gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, skulu rekin að hætti opinberra mála. Sektir allar renna í ríkissjóð.

16. gr.

Fyrir gjaldheimtum og sektum eftir lögum þessum skal gera reikning eftir reglum þeim, sem settar verða um opinber reikningsskil.

17. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 60 frá 30. desember 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

Leyfisbréf til vörugerðar, er gefin hafa verið út samkvæmt eldri lögum, halda gildi sínu.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 535. Breytingartillaga [83. mál]

við frv. til laga um lax- og silungsveiði.

Frá Ágúst Þorvaldssyni og Halldóri E. Sigurðssyni.

Við 19. gr. Þriðji málsl. 1. málsgr. orðist svo:

Stangarveiði og veiði með færi má eigi stunda frá kl. 10 síðdegis á sunnudegi til kl. 7 árdegis á þriðjudegi og aðra daga vikunnar eigi frá kl. 10 síðdegis til kl. 7 árdegis og aldrei lengur en 12 stundir á sólarhring hverjum.

Sþ. 536. Tillaga til þingsályktunar [172. mál]

um ferðir strandferðaskipsins Herðubreiðar.

Flm.: Gísli Guðmundsson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að hlutast til um, að hætt verði við að láta strandferðaskipið Herðubreið snúa við á Austfjörðum í strandferðum austur um land frá Reykjavík.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt vegna endurtekinna kvartana frá höfnum norðan Langaness, einkum frá Þórshöfn, en þar leggjast hin stærri strandferðaskip ekki að

bryggju. En þar sem svo stendur á, er þess sérstök þörf, að minni skipin komi við, enda voru þau í öndverðu einkum til þess ætluð. Nú kemur það oft fyrir, að Herðubreið er látin snúa við á Austfjörðum (Fáskrúðsfirði, Seyðisfirði, Vopnafirði, Bakkafirði) og kemur þá ekki norður fyrir Langanes. Verður ekki við það unað, að öðru óbreyttu.

Nánar í framsögu.

Ed. 537. Nefndarálit [138. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 16. maí 1955, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt.
Tveir nefndarmanna (SB, JJós) voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. maí 1957.

Björn Jónsson, form., frsm.	Friðjón Skarphéðinsson, fundaskr.	Björgvin Jónsson.

Nd. 538. Nefndarálit [67. mál]

um frv. til laga um Tunnuverksmiðjur ríkisins.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og er sammála um að mæla með, að það verði samþykkt óbreytt, eins og það er afgreitt frá efri deild.
Einn nefndarmanna, Ingólfur Jónsson, var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. maí 1957.

Emil Jónsson, form.	Ágúst Þorvaldsson, fundaskr.	Bragi Sigurjónsson, frsm.
	Bjarni Benediktsson.	

Nd. 539. Frumvarp til laga [173. mál]

um breyting á lögum nr. 94 27. des. 1956, um heimild fyrir ríkisstjórnina til skipakaupa, lántöku og sérstakra ráðstafana í útgerðarmálum til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

5. gr. laganna breytist sem hér segir:

a. Í stað „sex“ komi: tólf.
b. Í stað „kr. 15000000.00 — fimmtán“ komi: kr. 38000000.00 — þrjátíu og átta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt beiðni ríkisstjórnarinnar. Frá ríkisstjórninni fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Í lögum, sem sett voru í lok s. l. árs, um heimild fyrir ríkisstjórnina til skipakaupa o. fl. (5. gr.), er ríkisstjórninni veitt heimild til að gera fyrir hönd ríkissjóðs samninga um kaup og smíði allt að sex fiskiskipa — 150—250 tonna — og að taka til þess lán fyrir hönd ríkissjóðs allt að 15 millj. kr.

Nú hefur atvinnutækjanefnd í bréfi, dags. 18. marz s. l., lagt til við ríkisstjórnina, að heimilað verði að semja um kaup og smíði á allt að 12 skipum — þ. e. sex til viðbótar við það, sem heimilað er í lögunum — og lánsheimildin jafnframt hækkuð upp í 38 milljónir. Er þá miðað við, að hvert skip kosti ca. 3½ millj. kr.

Í samræmi við þessa tillögu atvinnutækjanefndar er hér lagt til, að gerðar verði breytingar á 5. gr. laganna á þann hátt, sem tekið er fram í 1. gr. frv.

Atvinnutækjanefnd hefur fyrir nokkru gert tillögur um ráðstöfun þeirra sex skipa, sem heimilt er að kaupa samkvæmt lögunum, enda er þegar samið um smíði þeirra erlendis, svo sem kunnugt er."

Ed. 540. Nefndarálit [160. mál]

um frv. til l. um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið ýtarlega og rætt það á 9 fundum, þar af þrem fundum með heilbrigðis- og félagsmálanefnd Nd.

Nefndin hefur ekki orðið sammála í nokkrum atriðum og ekki heldur um það, í hvaða formi málið skuli afgreitt frá nefndinni. Minni hluti nefndarinnar, Friðjón Þórðarson og Sig. Ó. Ólafsson, mun sennilega gera grein fyrir skoðunum sínum í sérstöku nefndaráliti.

Meiri hlutinn leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingartillögum, sem hann ber fram á þskj. 541.

Nánar mun gerð grein fyrir áliti meiri hlutans og einstökum breytingartillögum í framsögu.

Alþingi, 15. maí 1957.

Alfreð Gíslason, form.	Karl Kristjánsson, fundaskr.	Eggert G. Þorsteinsson, frsm.

Ed. 541. Breytingartillögur [160. mál]

við frv. til laga um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

1. Við 1. gr. Í stað 4. og 5. málsgr. komi:

Félagsmálaráðherra skipar húsnæðismálastofnuninni framkvæmdarstjóra að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar og ákveður honum laun. Einnig ákveður ráðherrann þóknun til húsnæðismálastjórnar.

Þóknun húsnæðismálastjórnar og laun framkvæmdarstjórans greiðast úr ríkissjóði, en annar kostnaður stofnunarinnar úr byggingarsjóði ríkisins.

2. Við 2. gr.
   a. 10. töluliður orðist svo:
      Að beita sér fyrir því, að úthlutun lóða tefji ekki, að byggingar geti hafizt.
   b. Upphaf 2. málsgr. orðist svo:
      Húsnæðismálastjórn er heimilt að láta undirbúa byggingu íbúðarhúsahverfa í kaupstöðum með því að láta gera skipulagsuppdrætti af þeim í samráði við skipulagsnefnd ríkisins. Þegar slíkir skipulagsuppdrættir hafa verið samþykktir af skipulagsnefnd og félagsmálaráðherra, er viðkomandi bæjarfélagi — — —
   c. Í stað orðanna „slíkum aðilum“ í 3. málsgr. komi: opinberum aðilum.
   d. Í stað 4. og 5. málsgr. komi:
      Heimilt er félagsmálaráðherra að skipa nefnd sérfróðra manna húsnæðismálastjórn til aðstoðar og ráðuneytis um tæknileg mál, og ákveður ráðherra þóknun til nefndarmanna.
3. Við 3. gr.
   a. 4. töluliður hljóði svo:
      Tveir þriðjungar skatts af stóreignum, álagðs 1957.
   b. Liður c. orðist svo:
      1% lántökugjald af lánum, er húsnæðismálastjórn veitir, svo og vaxtatekjur byggingarsjóðs.
   c. Liður d. orðist svo:
      Höfuðstóll vaxtabréfa samkvæmt 4. gr. og vaxtafé af þeim, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, sé þessa ekki vitjað innan 20 ára frá gjalddaga, sbr. 18. gr. laga nr. 55/1945.
4. Við 4. gr.
   a. 1. málsliður 2. málsgr. orðist svo:
      Í þessu skyni skal veðdeild Landsbankans heimilt að gefa út bankavaxtabréf, sem nema allt að 100 milljónum króna árlega næstu 10 ár.
   b. 1. málsliður 4. málsgreinar verði sérstök málsgrein.
5. Við 5. gr. Liður C. orðist þannig:
   Lán, sem bankar, sparisjóðir, tryggingafélög, opinberir tryggingasjóðir og lífeyrissjóðir veita beint til lántakenda samkvæmt útlánareglum húsnæðismálastjórnar og staðfest eru af henni.
6. Við 6. gr.
   a. 2. málsliður í E-lið orðist þannig:
      Enn fremur skulu lántakendur greiða ¼% ársvexti af þeim A-lánum, sem veitt eru af andvirði seldra bankavaxtabréfa, lánum byggingarsjóðs ríkisins og B-lánum, eins og þessi bréf eru á hverjum tíma, til greiðslu kostnaðar við starfrækslu veðdeildarinnar í þágu byggingarsjóðs.
   b. Liður G. orðist þannig:
      Félagsmálaráðherra skal að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar setja með reglugerð nánari ákvæði um veitingu lána, er húsnæðismálastjórn hefur með höndum. Um lánveitingar til einstaklinga skal þar m. a. setja ákvæði, sem tryggi, að farið sé eftir ástæðum umsækjenda, húsnæði, fjölskyldustærð, efnahag, lántökumöguleikum o. fl. Enn fremur um hámarksstærð íbúða, sem veita má lán til.
      Við skiptingu lánsfjárins milli byggðarlaga skal tekið tillit til nauðsynlegs jafnvægis í byggð landsins.
   c. Í stað orðanna „Einnig skal ákveðið“ í upphafi næstsíðustu málsgr. komi: Ákveðið skal.
   d. Í stað orðanna „áður en lán er veitt“ í síðustu málsgr. komi: áður en skriflegt lánsloforð er gefið.
7. Við 7. gr. Í stað „samkv. 6. gr.“ komi: samkv. 3. og 4. gr.

8. Við 8. gr.
   a. Í stað „samkv. 6. gr.“ komi: samkv. 4. gr.
   b. Aftan við greinina bætist svo hljóðandi málsliður:
      Skal veðdeildin sjá um, að afgreiðslan og innheimtan geti farið fram í peningastofnunum sem víðast á landinu.
9. Við 9. gr. 2. málsgr. orðist svo:
   Þeir, sem leggja fé inn í deildina, skulu að minnst 5 árum liðnum, frá því að innlög hófust, eiga kröfu á að fá það útborgað, að viðbættum venjulegum innlánsvöxtum. Nemi hin innlagða upphæð minnst 5 þús. krónum á ári, er skylt að láta þá, er taka þátt í innlögum þessum, sitja fyrir um lán til íbúðabygginga frá húsnæðismálastjórn, að öðru jöfnu, og mega þau lán vera allt að 25% hærri en almennt gerist, þó aldrei yfir ⅔ hluta af matsverði viðkomandi íbúðar. Nánari ákvæði um fyrirkomulag þessarar innlánsdeildar og um réttindi og skyldur samkvæmt þessari grein skulu sett í reglugerð.
10. Við 10. gr.
   a. Í stað orðanna „náð 25 ára aldri“ í 1. málslið 3. málsgr. komi: náð 26 ára aldri.
   b. Aftan við greinina komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
      Fé, sem lagt er til hliðar samkvæmt þessari grein og 9. gr., skal vera skatt- og útsvarsfrjálst sem eign og ekki framtalsskylt. Enn fremur skulu vextir af þessu fé undanþegnir framtalsskyldu til tekju- og eignarskatts og skatt- og útsvarsfrjálsir.
11. Við 11. gr.
   a. Síðari málsgr. orðist svo:
      Heimilt er undirskattanefndum að veita tímabundna undanþágu frá sparnaðarskyldu þeim, sem verða fyrir veikindum eða slysum eða hafa sérstaklega þungar fjárhagsbyrðar. Skýrslur um slíkar undanþágur skal senda húsnæðismálastjórn. Ákvörðun undirskattanefndar má áfrýja til félagsmálaráðherra.
   b. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
      Þó að maður kunni að eiga rétt á undanþágu frá sparnaðarskyldu, verður hann að láta hið tilskilda sparifé af hendi, þar til hann hefur fengið formlega undanþágu, en þá á hann rétt á endurgreiðslu, svo fljótt sem við verður komið.
12. Við 12. gr. Greinin orðist svo:
   Vegna framkvæmda á ákvæðum þessa kafla skal heimilt að gefa út sparimerki, og skulu atvinnurekendur og aðrir kaupgreiðendur þá skyldir til að greiða tilskilinn hluta launa með slíkum merkjum hverju sinni, er kaup kemur til útborgunar.
   Sett skulu í reglugerð glögg ákvæði um framkvæmd þessa kafla.
13. Við 16. gr. 2. málsgr. orðist svo:
   Ef ágreiningur verður um ráðstöfun íbúða, sem reistar eru á þessum grundvelli, má skjóta ágreiningnum til úrskurðar húsnæðismálastjórnar.
14. Við 19. gr. Orðin „til viðbótar“ falli niður.
15. Á eftir 21. gr. kemur ný grein, er verður 22. gr., svo hljóðandi:
   Í stað orðanna „fjögurra ára“ í síðari málsgr. 9. gr. laganna kemur: þriggja ára.
16. Við 22. gr. Greinin orðist þannig:
   Kosning sjóðsstjórnar og endurskoðenda, samkvæmt 21. og 22. gr., skal fara fram þegar eftir gildistöku laga þessara, enda falli umboð fyrri sjóðsstjórnar og endurskoðenda niður um leið.

Sþ. 542. Þingsályktun [25. mál]

um rannsókn á möguleikum jarðgangagerðar og yfirbyggingar á fjallvegum.

(Afgreidd frá Sþ. 15. maí.)

Samhljóða þskj. 25.

Sþ. 543. Þingsályktun [33. mál]

um athugun á nauðsyn aðstoðar til bænda vegna fjárskipta í Dala- og Strandasýslum.

(Afgreidd frá Sþ. 15. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram athugun á því, hversu þungbær áhrif á efnahag bænda í Dala- og Strandasýslum hinn nýafstaðni, endurtekni niðurskurður sauðfjár þar hefur haft, og gera að þeirri athugun lokinni tillögur um sérstaka aðstoð, ef þurfa þykir.

Ed. 544. Frumvarp til laga [174. mál]

um menningarsjóð og menntamálaráð.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1957.)

I. KAFLI
Um menningarsjóð.

1. gr.

Hlutverk menningarsjóðs er að styðja íslenzka menningu með því að efla listir og vísindi.

2. gr.

Menntamálaráð hefur á hendi yfirstjórn menningarsjóðs. Menntamálaráð gerir árlega áætlun um tekjur og gjöld menningarsjóðs. Skal hún borin undir menntamálaráðherra til samþykktar. Þegar sett hafa verið lög um vísindasjóð og Listasafn ríkisins, skal leita umsagnar stjórna þessara stofnana um fjárframlög til þeirra, áður en fjárhagsáætlun menningarsjóðs er samin. Tekjum menningarsjóðs og þeirra stofnana, sem reknar verða á vegum hans, má eingöngu verja í þágu sjóðsins (sbr. 4. gr.).

3. gr.

Til menningarsjóðs falla árlega þessar tekjur:

a. Gjald af aðgöngumiðum að kvikmyndasýningum og dansleikjum samkvæmt lögum um skemmtanaskatt.
b. Allar tekjur af seldu áfengi, hverju nafni sem nefnist, sem ólöglega er flutt til landsins og upptækt gert af réttvísinni, allar tekjur af seldum skipum, sem af sams konar ástæðu hafa verið gerð upptæk, svo og allar sektir fyrir brot á áfengislöggjöfinni, bæði samkvæmt landslögum og lögreglusamþykktum.

4. gr.

Tekjum menningarsjóðs skal varið til eftirfarandi menningarmála:

a. Til vísindasjóðs (árlegt framlag).
b. Til bókaútgáfu.

c. Til kaupa á listaverkum í Listasafn ríkisins.
d. Til stuðnings gerð íslenzkra menningar- og fræðslukvikmynda.
e. Til eflingar þjóðlegum fræðum og athugana á náttúru landsins.
f. Til styrktar íslenzkri tónlist og myndlist.
g. Til kynningar á íslenzkri menningu, innan lands og utan.
h. Til greiðslu fargjalda, sbr. 7. gr.
i. Til annarrar menningarstarfsemi, að fengnu samþykki menntamálaráðherra.

5. gr.

Að minnsta kosti 5% af árlegum heildartekjum menningarsjóðs samkvæmt 3. gr. a. og b. skulu lögð í sérstakan sjóð, er nefnist stofndeild menningarsjóðs. Höfuðstól stofndeildar má aldrei skerða, en þó er menntamálaráði heimilt, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, að verja fé stofndeildar til kaupa á fasteignum, sem notaðar yrðu í þágu menningarmála, svo sem húsnæðis fyrir starfsemi menningarsjóðs og stofnana hans. Heimilt er menntamálaráði að verja vöxtum af fé stofndeildar og tekjum af fasteignum hennar til almennrar starfsemi menningarsjóðs.

II. KAFLI

Um menntamálaráð.

6. gr.

Menntamálaráð skipa fimm menn. Skulu þeir, ásamt jafnmörgum varamönnum, kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi á fyrsta þingi eftir hverjar alþingiskosningar. Hlutgengur í menntamálaráð er hver íslenzkur borgari, sem hefur kosningarrétt til Alþingis og er búsettur í Reykjavík eða svo nærri bænum, að hann eigi auðvelt með að sækja þangað daglega fundi. Menntamálaráð skiptir sjálft með sér verkum í byrjun hvers kjörtímabils. Skal þóknun fyrir störf þess ákveðin af menntamálaráðherra.

7. gr.

Hlutverk menntamálaráðs Íslands er:

a. Að hafa með höndum yfirstjórn menningarsjóðs og ákvarða um árlega heildarskiptingu á tekjum sjóðsins milli þeirra flokka menningarmála, er sjóðnum ber að styðja (sbr. 4. gr.).
b. Að annast yfirstjórn Bókaútgáfu menningarsjóðs og velja bækur þær, sem út eru gefnar.
c. Að hafa yfirumsjón með Listasafni ríkisins, þar til lög verða sett um safnið, og standa fyrir sýningum innan lands og utan á íslenzkri list, listiðnaði, bókum og handritum.
d. Að hafa yfirumsjón með listaverkaskreytingum opinberra bygginga.
e. Að láta gera íslenzkar menningar- og fræðslukvikmyndir eða að stuðla að gerð þeirra og styðja á annan hátt innlenda kvikmyndagerð.
f. Að veita styrki til rannsókna á þjóðlegum fræðum, til athugana á náttúru landsins og til eflingar íslenzkri tónlist og myndlist.
g. Að úthluta námsstyrkjum þeim og námslánum, sem og þeim styrkjum öðrum, sem fé er veitt til í fjárlögum og menntamálaráði er þar falið að úthluta.
h. Að úthluta ókeypis fari milli Íslands og annarra landa til manna, sem fara til útlanda til námsdvalar o. fl.
i. Að hafa á hendi yfirstjórn sjóða, er stofnaðir kunna að verða til eflingar listum og vísindum á Íslandi, enda sé menntamálaráði falið þetta vald í stofnskrám sjóðanna.
j. Að efla á annan hátt íslenzka menningarviðleitni, eftir því sem tök eru á og hagur menningarsjóðs á hverjum tíma leyfir.

8. gr.

Menntamálaráðherra skipar forstjóra menningarsjóðs að fengnum tillögum menntamálaráðs. Skal honum falið að annast daglega stjórn og fjárreiður sjóðsins og sjá um framkvæmdir á ákvörðunum menntamálaráðs.

Laun forstjóra menningarsjóðs skulu ákveðin í launalögum, en þangað til það verður gert, skal menntamálaráðherra ákveða þau.

Forstjóri menningarsjóðs á sæti á fundum menntamálaráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 7 frá 12. apríl 1928, um menntamálaráð Íslands, og lög nr. 54 frá 7. maí 1928, um menningarsjóð.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Gildandi lög um Menntamálaráð Íslands og Menningarsjóð, sem samþykkt voru að frumkvæði þáverandi menntamálaráðherra, Jónasar Jónssonar, eru nú orðin nær 20 ára gömul. Á sínum tíma var hér um hina merkustu lagasetningu að ræða. Síðastliðna tvo áratugi hefur þó svo margt breytzt í íslenzku þjóðfélagi, að tími er til þess kominn að endurskoða lögin og sníða þeim nýjan búning. Hitt er þó mikilvægara, að brýna nauðsyn ber til þess að sjá Menningarsjóði fyrir auknu fé. Árlegar tekjur sjóðsins undanfarin ár hafa numið 500 000—600 000 kr. Hefur það fé hvergi nærri hrokkið til þess að unnt væri að rækja vel þau hlutverk, sem sjóðnum hafa verið falin í gildandi lögum, hvað þá að honum hafi verið kleift að takast á hendur ný verkefni, þótt breyttir þjóðfélagshættir hafi gert slíkt eðlilegt og nauðsynlegt.

Samkvæmt gildandi lögum er Menningarsjóði ætlað að annast bókaútgáfu, kaup á listaverkum í Listasafn ríkisins og styrkja náttúrufræðirannsóknir. Skulu tekjur sjóðsins skiptast að jöfnu milli þessara verkefna. Fé það, sem verið hefur til ráðstöfunar, sérstaklega til bókaútgáfu og listaverkakaupa, hefur reynzt allt of lítið, og er nauðsynlegt að auka það svo, að bókaútgáfan geti orðið fjölbreyttari og hægt sé að sinna stærri verkefnum en nú er unnt og til þess að hægt sé að kaupa meira af listaverkum í Listasafn ríkisins. Þá þarf Menningarsjóður og að geta sinnt nýjum verkefnum, og skulu hér nefnd hin helztu:

1. Stofna þarf Vísindasjóð, er styrki rannsóknir, bæði á sviði raunvísinda og hugvísinda. Samhliða þessu frv. er flutt frv. um stofnun slíks sjóðs. Er þar gert ráð fyrir, að Menningarsjóður leggi til hans a. m. k. 800 000 kr. árlega. Vísindasjóðurinn tæki að mestu leyti að sér hlutverk náttúrufræðideildar Menningarsjóðs, sem haft hefur tæpar 200 000 kr. til umráða undanfarin ár. Eðlilegt er þó, að Menningarsjóður hafi áfram heimild til að styrkja sjálfur ýmsar þess háttar athuganir leikmanna á náttúru landsins, sem raunvísindadeild Vísindasjóðs teldi ekki hlutverk sitt að kosta.

2. Mjög æskilegt er að stuðla að gerð íslenzkra kvikmynda um sögu og þjóðlíf Íslendinga og kvikmynda af merkum mönnum og atburðum. Fræðslukvikmyndir ryðja sér nú enn fremur æ meira til rúms sem kennslutæki, og væri mjög gagnlegt að geta stutt gerð slíkra mynda hér á Íslandi. Hin nýja segulbandstækni gerir og kleift að varðveita handa síðari kynslóðum margs konar menningararf. Væri æskilegt að geta stuðlað að slíku.

3. Nauðsynlegt er að styðja íslenzka tónlist og myndlist meira en nú er gert, bæði tónlistar- og myndlistarfræðsluna og sjálfa listsköpunina.

4. Mikilvægt er að geta stutt iðkun þjóðlegra fræða meira en nú á sér stað. Þótt komið yrði á fót Vísindasjóði, sem m. a. styrkti rannsóknir í sagnfræði, bókmennt-

um og málvísindum, og veitt sé árlega í fjárlögum til styrktar vísinda- og fræðimönnum nokkur upphæð, sem Menntamálaráði er falið að úthluta, þá er gagnlegt, að Menningarsjóður hafi skilyrði til þess að styrkja tiltekin verkefni á þessu sviði, t. d. í ættfræði, staðfræði (topografi), örnefnasöfnun, almennri menningarsögu o. fl.

5. Til skamms tíma hafði Menntamálaráð til ráðstöfunar ókeypis farmiða til útlanda og úthlutaði þeim efnalitlum námsmönnum, fræðimönnum og listamönnum. Varð þetta til gagns, og þyrfti Menningarsjóður að hafa fé til þess að geta aftur tekið að sinna þessu verkefni.

Athugun menntamálaráðuneytisins hefur leitt í ljós, að til þess að geta rækt vel það hlutverk, sem Menningarsjóður á nú að rækja, og tekizt á hendur að sinna þeim nýju verkefnum, sem nefnd eru hér að framan, þurfi tekjur hans að aukast um 2 millj. kr. Er þá jafnframt gert ráð fyrir því, að sjóðurinn greiði sjálfur skrifstofukostnað sinn, sem nú er greiddur úr ríkissjóði og nemur nokkuð á annað hundrað þúsund krónum. Í frv. um breyting á gildandi l. um skemmtanaskatt, sem flutt er jafnhliða þessu frv., er lagt til, að þessa fjár verði aflað með því að innheimta 1 kr. gjald af aðgöngumiðum að kvikmyndasýningum, öðrum en barnasýningum, og 2 kr. gjald af aðgöngumiðum að dansleikjum. Þessar samkomur eru þegar skattlagðar í þágu Þjóðleikhúss og félagsheimila. Efling Menningarsjóðs og stofnun Vísindasjóðs eru skyld verkefni. Þrátt fyrir hið nýja gjald yrðu aðgöngumiðar að kvikmyndasýningum og dansleikjum tiltölulega ódýrari en þeir voru, áður en hin mikla verðlagsbreyting síðasta hálfs annars áratugs hófst, og verð þeirra lægra en aðgangseyrir að hliðstæðum skemmtunum í nágrannalöndum.

Í desembermánuði síðastliðnum fól menntamálaráðuneytið eftirtöldum mönnum að endurskoða gildandi lög um Menningarsjóð og Menntamálaráð: Friðfinni Ólafssyni forstjóra, og var hann formaður nefndarinnar, Gils Guðmundssyni skrifstofustjóra, Hauk Snorrasyni ritstjóra, Jakob Benediktssyni magister og Vilhjálmi Þ. Gíslasyni útvarpsstjóra. Síðar fól ráðuneytið þeim enn fremur að fjalla um endurskoðun skemmtanaskattslaganna, sem verið var að vinna að í ráðuneytinu, sem og frumvarp um stofnun Vísindasjóðs, sem einnig var verið að undirbúa. Í bréfi ráðuneytisins sagði m. a.: „Að því er varðar gildandi lög um Menningarsjóð og Menntamálaráð, óskar ráðuneytið þess, að eftirfarandi atriði séu tekin til sérstakrar athugunar:

1. Fjáröflun í Menningarsjóð og hvernig hún verði aukin.
2. Skipting tekna milli deilda sjóðsins.
3. Hlutverk sjóðsins, hvort fá eigi honum ný verkefni og þá hver.
4. Stjórn sjóðsins, þ. e. skipun Menntamálaráðs."

Nefndin varð sammála um tillögur sínar til ráðuneytisins. Frv. þetta er í öllum aðalatriðum samhljóða tillögum nefndarinnar. Þó er þess að geta, að nefndin gerði ráð fyrir, að í stað einstakra styrkja, sem nú eru veittir í fjárlögum til nafngreindra vísindamanna, fræðimanna og listamanna, kæmi ein fjárhæð, sem rynni í Menningarsjóð, en Menntamálaráð úthlutaði síðan. Er þessi hugmynd til athugunar, þegar fjárlög verða sett næst.

Nefndin mælti og einróma með þeirri fjáröflun til Menningarsjóðs, sem gert er ráð fyrir í frv. því til breytingar á l. um skemmtanaskatt, sem flutt er samtímis þessu frv.

Skal nú vikið að einstökum greinum frv.

Um 1. gr.

Þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 2. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir því, að Menntamálaráð geri árlega áætlun um tekjur og gjöld Menningarsjóðs, og skal hún samþykkt af menntamálaráðherra.

Það hefur ekki reynzt heppilegt, að tekjum sjóðsins sé skipt í ákveðnum hlutföllum, svo sem ráð er fyrir gert í gildandi lögum.

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um tekjuöflun til Menningarsjóðs. Gert er ráð fyrir, að núgildandi ákvæði um tekjur sjóðsins haldist, en að við bætist tekjur af 1 kr. gjaldi af aðgöngumiðum að kvikmyndasýningum, öðrum en barnasýningum, og 2 kr. gjaldi af aðgöngumiðum að dansleikjum. Gera má ráð fyrir, að tekjur af hinum eldri gjaldstofni verði um 550 000 kr., en af hinum nýja um 2 000 000 kr.

Um 4. gr.

Hér er kveðið á um hlutverk Menningarsjóðs. Meginverkefnin eru að styrkja vísindarannsóknir, annast bókaútgáfu og kaupa listaverk. Varðandi styrk til vísindarannsókna vísast til greinargerðar fyrir frv. um Vísindasjóð. Til skýringar á nauðsyn þess að bæta skilyrði Menningarsjóðs til bókaútgáfu fer hér á eftir kafli úr nefndaráliti nefndar þeirrar, er áður var getið:

„Í lögum nr. 54 7. maí 1928, um Menningarsjóð, er ákveðið, að þriðjungi af tekjum sjóðsins skuli „varið til þess að gefa út góðar alþýðlegar fræðibækur og úrvals skáldrit, frumsamin eða þýdd.“ Einn meginþáttur í starfsemi Menningarsjóðs hefur því frá upphafi verið bókaútgáfa. Á árunum 1928—1940 gaf Menningarsjóður út nokkrar merkar bækur, er seldar voru á almennum bókamarkaði. Árið 1940 hóf Menningarsjóður í samvinnu við Hið íslenzka þjóðvinafélag umfangsmikla bókaútgáfu með nýju sniði. Mönnum var gefinn kostur á að gerast félagar í útgáfunni fyrir mjög lágt gjald og fengu gegn því gjaldi nokkrar bækur á ári, hinar svonefndu félagsbækur. Með þessari starfsemi var stefnt að því, að gera sem flestum heimilum um land allt fært að koma upp án tilfinnanlegra fjárútláta nokkru bókasafni. Þessu nýja skipulagi var mjög vel tekið. Útgáfan náði á skömmum tíma meiri útbreiðslu en dæmi eru til um önnur bókaútgáfufélög hér á landi. Lætur nærri, að félagsbækur Menningarsjóðs og Þjóðvinafélagsins hafi nú um alllangt skeið farið inn á þriðja hvert íslenzkt heimili. Í stórum sveitum og jafnvel heilum héruðum eru félagsmenn á nálega hverju byggðu bóli.

Á síðastliðnum 17 árum hefur Bókaútgáfa Menningarsjóðs og Þjóðvinafélagsins gefið út 89 félagsbækur. Nemur upplag þeirra samtals um einni milljón og sextíu þúsund eintökum. Þessar 89 bækur hafa félagsmenn fengið fyrir 596 kr. samtals (óbundnar). Hver bók hefur því kostað félagsmenn tæpar 7 krónur til jafnaðar. Samanlagður síðufjöldi bókanna er um 15800 blaðsíður. Sést af þessu, að félagsmenn hafa fengið mikinn bókakost við mjög lágu verði.

Sakir mjög mikillar hækkunar á útgáfukostnaði, sem segja má að vaxið hafi stórlega með hverju ári nú um hríð, mundi ókleift að halda félagsútgáfunni með svipuðu sniði hér eftir sem hingað til, nema því aðeins að bókadeild Menningarsjóðs fengi nokkru meira fé til umráða. Yrði að öðrum kosti að draga úr útgáfunni eða hækka mjög tilfinnanlega árgjaldið. Á undanförnum árum hefur bókadeild Menningarsjóðs greitt svonefndan „andlegan kostnað“ við bókaútgáfuna, þ. e. a. s. ritlaun og prófarkalestur. Tvö síðustu árin hafa tekjur bókadeildar þó ekki hrokkið til, að standa fullkomlega straum af þeim kostnaðarlið. Verði fjárhagur Menningarsjóðs hins vegar rýmkaður svo, að sjóðurinn geti greitt hinn andlega kostnað, má væntanlega gera ráð fyrir, að útgáfa félagsbókanna geti að öðru leyti staðið undir sér sjálf fjárhagslega, svo sem hún hefur alla tíð gert.

Hér skal ekki fjölyrt um einstakar félagsbækur, sem Bókaútgáfa Menningarsjóðs hefur gefið út á undanförnum árum. Meðal þeirra eru hin gömlu og þjóðlegu ársrit, Þjóðvinafélagsalmanakið og Andvari, úrvalsljóð íslenzkra skálda (15 bindi), Heimskringla, merk erlend skáldrit, ýmis fræðirit, þar á meðal hinar vönduðu landafræðibækur „Lönd og lýðir“, en af þeim bókaflokki eru komin út 9 bindi.

Auk félagsbókanna hefur Bókaútgáfa Menningarsjóðs og Þjóðvinafélagsins gefið út rúmar sextíu bækur. Þær bækur eru seldar á almennum bókamarkaði, en félagsmenn njóta þeirra hlunninda, að þeir fá aukabækurnar á um það bil fjórðungi lægra verði en þær eru seldar í bókaverzlunum.

Hér skulu nefnd nokkur þeirra rita, sem Bókaútgáfa Menningarsjóðs vinnur nú að eða hefur í undirbúningi.

Saga Íslendinga. Þetta er yfirlitsrit um sögu íslenzku þjóðarinnar frá upphafi til vorra daga. Rit þetta verður alls 10 bindi og er fyrsta stóra, samfellda Íslandssagan, sem þjóðin eignast. Fimm bindi þessa mikla rits eru þegar komin út og hið sjötta er nú í prentun.

Rit Stephans G. Stephanssonar. Forlagið vinnur að heildarútgáfu á ritum skáldsins Stephans G. Stephanssonar. Bréf Stephans og ritgerðir, fjögur bindi alls, eru þegar komin út, einnig þrjú stór bindi af kvæðasafni hans, Andvökum. Er þá aðeins eftir eitt bindi, svo að lokið sé heildarútgáfu á ritum þessa stórbrotna skálds.

Handbækur Menningarsjóðs. Í þessum flokki eru gefnar út bækur, sem flytja ýmsan hagnýtan fróðleik. Þrjár slíkar bækur eru þegar komnar út og hafa allar átt að fagna miklum vinsældum. Eru það bækurnar Lög og réttur, handbók um lögfræðileg efni eftir Ólaf Jóhannesson prófessor, Búvélar og ræktun, handbók fyrir bændur eftir Árna G. Eylands og Bókband og smíðar eftir Guðmund Frímann. Hafa forráðamenn útgáfunnar hug á að halda áfram útgáfu fleiri slíkra handbóka um margvísleg hagnýt efni, enda auðsætt, að með þeim er bætt úr brýnni þörf.

Lýsing Íslands. Umfangsmesta útgáfa, sem Menningarsjóður hefur hingað til gert áætlun um, er hin stóra Íslandslýsing, sem verið hefur á döfinni um hríð. Gert hefur verið ráð fyrir, að Íslandslýsing þessi verði a. m. k. 11 stór bindi. Ekki er hægt að segja um það nú, hvenær útgáfan sjálf getur hafizt. Verkið er tímafrekt og kostnaðarsamt og raunar lítt framkvæmanlegt, nema aðalritstjóri geti sinnt því sem föstu starfi um nokkurt skeið. Takist að tryggja fé til útgáfunnar er þess að vænta, að hægt verði á nokkrum árum að hrinda þessari þörfu fyrirætlun í framkvæmd.

Lýsing íslenzkra sögustaða. Nú um nokkur ár hefur verið unnið að undirbúningi íslenzkrar sögustaðalýsingar, svipaðrar þeirri, sem Kaalund ritaði á síðustu öld og náði yfir þjóðveldistímann. Svo er þó til ætlazt, að hin nýja staðalýsing nái fram til ársins 1874. Við samningu hennar verður að sjálfsögðu hagnýttur sá fróðleikur, sem fram hefur komið um þetta efni, síðan Kaalund samdi lýsingu sína. Gert er ráð fyrir, að rit þetta verði alls 4 bindi, hver fjórðungur sér í bók. Jón Jóhannesson prófessor hefur unnið að þessu verki fyrir Menningarsjóð.

Rit Bjarna Sæmundssonar. Menningarsjóður vinnur nú að nýrri og endurskoðaðri útgáfu hinna merku og vinsælu alþýðlegu fræðirita Bjarna Sæmundssonar um fiskana, spendýrin og fuglana. Fyrsta ritið, „Fiskarnir", kemur út á þessu ári. Fiskifræðingarnir Jón Jónsson og Árni Friðriksson hafa samið viðauka við bókina.

Leikritasafn Menningarsjóðs. Menningarsjóður hefur í samvinnu við Þjóðleikhúsið og Bandalag íslenzkra leikfélaga gefið út samtals tólf leikrit, íslenzk og erlend. Tvö bætast við á þessu ári. Er útgáfa þessi tvímælalaust mikilvægur stuðningur við leikfélög og leikflokka víðs vegar um land og þyrfti að halda áfram.

Margar og merkar útgáfuhugmyndir hafa verið ræddar á fundum Menntamálaráðs, þótt ekki hafi verið talið kleift að ráðast í þær sakir fjárskorts. Eru ýmsar þeirra þess eðlis, eigi sízt þær, sem mestur fengur væri að, að þær mundu binda töluvert fjármagn um hríð, þótt ætla mætti, að það endurheimtist að mestu eða öllu, eftir að ritin væru komin út.

Verður hér lauslega drepið á nokkur verkefni, sem telja má æskilegt að Bókaútgáfa Menningarsjóðs hefði fjárhagslegt bolmagn til að hrinda í framkvæmd.

Undirstöðuútgáfur á ritum íslenzkra skálda. Þrátt fyrir mikla og allfjölbreytta bókaútgáfu hér á landi mörg undanfarin ár, skortir mjög á, að til séu sómasamlegar útgáfur á ritum ýmissa merkisskálda vorra frá síðari öldum. Verk sumra þeirra

hafa að vísu verið prentuð í útgáfum, sem við mátti hlíta á sinni tíð, en eru horfin af bókamarkaði fyrir einum eða tveimur mannsöldrum. Má þar til nefna ljóð og ljóðaþýðingar Jóns Þorlákssonar á Bægisá, ljóð Eggerts Ólafssonar og Benedikts Jónssonar Gröndals, svo að dæmi séu tilfærð. Um rit annarra merkisskálda gildir hvorttveggja, að þau hafa aðeins komið í lélegum útgáfum, en eru þar að auki fyrir löngu uppseld. Svo er t. a. m. um rit Sigurðar Péturssonar. Nefna má jafnvel stórskáld, svo sem séra Hallgrím Pétursson og séra Matthías Jochumsson, þar sem svo er ástatt, að engin viðhlítandi grundvallarútgáfa er til af ljóðum þeirra. Loks eru merkisskáld, sem aldrei hefur verið sá sómi sýndur, að út hafi komið eftir þau sæmilegt ljóðaúrval, svo að ekki sé minnzt á heildarútgáfu. Má þar til nefna prestana Einar Sigurðsson í Eydölum, Bjarna Gizurarson í Þingmúla og Gunnar Pálsson í Hjarðarholti.

Vafalaust liggja tvær meginástæður til þess, að útgefendur hafa sneitt hjá því þjóðnytjastarfi, að efna til vandaðrar útgáfu á verkum þessara mætu skálda og margra annarra ónefndra. Hin fyrri er sú, að slík undirstöðuútgáfa kostar mikla og alldýra undirbúningsvinnu manna, sem kunna til verka við vandasamt útgáfustarf. Hin síðari er sú, að tæplega er hægt að gera ráð fyrir skjótri sölu ritanna. Hins vegar má telja fullvíst, að vandaðar útgáfur á ritum íslenzkra góðskálda seljast smám saman, og eru því ekki mjög áhættusamar frá sjónarmiði forleggjara, þótt í þeim verði bundið nokkurt fé um hríð.

Það leikur naumast á tveim tungum, að undirstöðuútgáfa á ritum þeirra merkisskálda íslenzkra frá síðari öldum, sem um má segja, að liggi óbætt hjá garði, væri hið mesta þjóðnytjastarf og verðugt verkefni fyrir Bókaútgáfu Menningarsjóðs. Slík útgáfa ætti að miðast við það, að hún uppfylli strangar kröfur um vandaða meðferð texta, en hitt þó jafnframt haft í huga, að ritin verði gerð mönnum svo aðgengileg til lestrar, sem við verður komið, án þess að fræðilegt gildi útgáfunnar rýrni um of. Þá er slík undirstöðuútgáfa liggur fyrir, vel og vandlega unnin, er hægt að byggja á henni alþýðlegar útgáfur á komandi tímum.

Íslenzk orðabók handa skólum og almenningi. Tilfinnanlegur skortur er á handhægri, hæfilega stórri orðabók um íslenzkt nútímamál, ætlaðri skólafólki og fróðleiksfúsum almenningi. Mörg ár munu líða, unz hin mikla, vísindalega orðabók Háskóla Íslands kemur út, en auk þess mun hún verða alltof viðamikil, fræðileg og dýr til þess, að hún geti komið í stað þeirrar orðabókar, sem hér er á drepið. Menntamálaráð hefur hins vegar farið fram á það, að sá maður eða þeir menn, er tækju að sér samningu handhægrar orðabókar á vegum Menningarsjóðs, mættu hagnýta hið mikla efni, sem starfsmenn hinnar vísindalegu orðabókar Háskólans hafa dregið saman. Hefur því máli verið vel tekið. Orðabók slík sem þessi, 30—40 arkir að stærð, mundi bæta úr brýnni þörf.

Hér hefur verið stuttlega drepið á nokkur verkefni, sem bíða Bókaútgáfu Menningarsjóðs og öll eru þess eðlis, að þar er um að ræða nauðsynlegt og þjóðlegt menningarstarf. Til þess að úr framkvæmdum megi verða, þarf útgáfan á auknu fjármagni að halda.“

Um listaverkakaupin farast nefndinni svo orð í áliti sínu:

„Nefndin gerir ráð fyrir því, að ákveðnum hluta af tekjum Menningarsjóðs verði hér eftir sem hingað til varið til kaupa á listaverkum handa Listasafni ríkisins. Enda þótt samdar kunni að verða nýjar reglur um listaverkakaupin og þau falin öðrum aðila en fram að þessu hefur haft þau með höndum, sér nefndin ekki ástæðu til að gera tillögur um aðra tekjuöflunarleið til listaverkakaupa en þá, að fé verði greitt úr Menningarsjóði. Hins vegar er þess full þörf, að fjárráð sjóðsins til þessarar nauðsynlegu starfsemi verði aukin. Skal það nú rökstutt að nokkru.

Eins og kunnugt er, hefur fé Menningarsjóðs skipzt að jöfnu milli þriggja deilda sjóðsins, listadeildar, sem kaupir verk íslenzkra listamanna handa Listasafni ríkisins, bókadeildar, sem annast ýmiss konar bókaútgáfu, og náttúrufræði-

deildar, sem styrkir rannsóknir á náttúru landsins. Síðustu þrjú árin hafa árlegar tekjur hverrar deildar numið um 180 þús. kr. Hafa tekjurnar, að því er varðar listadeild og bókadeild, reynzt algerlega ófullnægjandi.

Hlutverk listadeildar hefur einkum verið tvíþætt: Í fyrsta lagi að stuðla að því, að ríkið eignaðist úrval íslenzkra listaverka, sem vel gætu sómt sér í íslenzku listasafni og sýndu sem fullkomnast yfirlit um það, sem innlend myndlist hefur bezt að bjóða. Í öðru lagi hefur starf listadeildar beinzt að því að styrkja þá listamenn, sem þykja efnilegir, en hafa átt örðugt með að stunda list sína sakir fjárskorts. — Er þetta hvort tveggja í samræmi við gildandi lög um Menningarsjóð.

Síðan peningavelta og verðbólga óx hér á landi hefur verð listaverka margfaldazt. Af þeim sökum hefur Menntamálaráð oft hin síðari ár átt erfitt með eða reynzt allsendis ókleift að kaupa ýmis þau listaverk, sem verið hafa á boðstólum og mestur fengur hefur verið að. Mikil gróska hefur og verið í íslenzkri myndlist hin síðari ár og hlutgengum listamönnum fjölgað mjög. Fjárráð listadeildar hafa verið alltof lítil til þess, að hún hafi að undanförnu getað keypt það úrval íslenzkra listaverka, sem nú er bezt fáanlegt á ári hverju.

Listasafn ríkisins var opnað almenningi til afnota sumarið 1951. Ljóst má vera, hversu mikilvægt það er fyrir þjóðina, að sem bezt verði hægt að vanda val þeirra mynda, sem til sýnis eru í listasafninu. Listasafnið þarf að eignast úrval listaverka, sem gefur eins góða og rétta mynd af íslenzkri málara- og höggmyndalist og mögulegt verður. Raunin hefur hins vegar orðið sú, vegna lítilla fjárráða listadeildar, að ekki hefur verið nægilega vel að safninu búið í þessu efni. Eftir að verk fremstu og viðurkenndustu listamanna vorra hækkuðu mjög í verði, hefur listadeildin lítt getað keppt um þau við aðra kaupendur. Hún hefur því misst af fjölda listaverka, sem að réttu lagi ættu heima í Listasafni ríkisins og nauðsynlegt er, að þangað komist fyrr eða síðar, ef safnið á að gegna hlutverki sínu sem skyldi.

Þegar litið er á þau atriði, sem hér hefur verið lauslega drepið á, má ljós vera nauðsyn þess, að fé til listadeildar Menningarsjóðs verði aukið."

Um nauðsyn á eflingu íslenzkrar kvikmyndagerðar segir nefndin:

„Hafinn er á vegum Menntamálaráðs undirbúningur að því, að gerðar verði stuttar kvikmyndir um íslenzka listamenn og af verkum þeirra. Fyrsta myndin, um Ásgrím Jónsson listmálara, er senn fullgerð og þykir hafa tekizt vel. Færi vel á því, að Menningarsjóður gæti beitt sér fyrir gerð fleiri slíkra fræðslukvikmynda og stutt að nokkru þróun innlendrar kvikmyndagerðar, er menningarsnið væri á. Er því lagt til, að hluta af tekjum sjóðsins megi verja í slíku skyni."

Varðandi nauðsyn þess, að Menningarsjóður geti veitt styrki til eflingar þjóðlegra fræða og athugana á náttúru landsins, segir nefndin:

„Á fjárlögum, 15. gr. A. XXX, hefur um alllangt skeið staðið svofelldur liður: „Til vísindamanna og fræðimanna samkvæmt úthlutun Menntamálaráðs." Nam sú fjárhæð á fjárlögum 1956 kr. 149 391. Jafnframt hafa staðið á sömu gr. fjárlaga ýmsir liðir til einstakra fræðimanna (15. gr. A. X. 14—15, 17—22, 26, XIV—XVII og XXIV). Nema þeir samtals að fjárhæð kr. 121 900. — Með stofnun Vísindasjóðs má telja eðlilegt, að ýmsir þeir vísinda- og fræðimenn, sem áður hafa hlotið styrki af úthlutunarfé Menntamálaráðs eða sérstaka styrki á fjárlögum, njóti framvegis stuðnings úr Vísindasjóði. Hins vegar mundu aðrir, einkum þeir, sem leggja stund á alþýðlega sagnfræði og ritstörf, einskis stuðnings njóta úr Vísindasjóði. — Telur nefndin því eðlilegt, að hóflegum hluta af tekjum Menningarsjóðs verði árlega úthlutað til fræðimanna, er þess þykja verðir, en koma ekki til greina við styrkveitingar úr Vísindasjóði. Hins vegar er nauðsynlegt, að full samvinna verði milli stjórnar Vísindasjóðs og þess aðila, sem hefur fyrrgreinda úthlutun með höndum. Leggur nefndin til, að nokkru af fé Menningarsjóðs skuli varið til styrktar fræðimönnum, og sé sú úthlutun falin Menntamálaráði, er hafi í því starfi hliðsjón af fjárveitingu úr Vísindasjóði.

Eins og fyrr segir, hefur ⅓ af tekjum Menningarsjóðs lögum samkvæmt

runnið til náttúrufræðideildar sjóðsins. Markmið þeirrar deildar hefur frá öndverðu verið það, að styrkja náttúrufræðinga til rannsóknaferða um landið. Á síðari árum hafa ferðir þessar orðið margfalt dýrari en áður vegna stóraukins ferðakostnaðar. Íslenzkum náttúrufræðingum, sem hafa með höndum vísindalegar rannsóknir, hefur einnig fjölgað mjög. Þörfin fyrir styrk til rannsóknaferða hefur því margfaldazt frá því, sem áður var, þótt gætt sé fyllsta sparnaðar um styrkveitingar. Þrátt fyrir hinn aukna tilkostnað er þó náttúrufræðideildin eina deild Menningarsjóðs, sem verið hefur sæmilega stödd fjárhagslega og á dálítið fé í sjóði. Stafar það m. a. af því, að styrkir þeir, sem Menntamálaráð hefur veitt vegna náttúrufræðirannsókna, eru einungis ferðastyrkir. Menningarsjóður greiðir vísindamönnum ekki laun fyrir rannsóknirnar, heldur hjálpar þeim aðeins til að greiða nauðsynlegan ferðakostnað.

Á undanförnum árum hafa verið framkvæmdar ýmsar merkilegar rannsóknir fyrir styrkveitingar úr náttúrufræðideild Menningarsjóðs. Ber nauðsyn til að halda áfram slíkri fjárhagsaðstoð við þá menn, sem að því vinna að kanna hina fjölbreytilegu náttúru landsins. Gera má ráð fyrir, að með samþykkt löggjafar um Vísindasjóð verði það hlutverk þess sjóðs að standa straum af þeim kostnaði að verulegu leyti. Sá sjóður mundi þó ekki styrkja sjálfmenntaða menn, er fást við náttúrurannsóknir, en nokkrir slíkir menn hafa unnið merkileg störf á þessu sviði og hlotið til þess styrk úr náttúrufræðideild Menningarsjóðs. — Nefndin leggur til, að Menntamálaráði verði framvegis falið að úthluta nokkurri upphæð af fé Menningarsjóðs til þeirra náttúrufræðirannsókna, sem Vísindasjóður mun ekki styrkja."

Um nauðsyn kynningar á íslenzkri menningu, innan lands og utan, segir nefndin:

„Hinn tilfinnanlegi fjárskortur listadeildar Menningarsjóðs hefur valdið því, að Menntamálaráði hefur ekki reynzt kleift að koma í framkvæmd ýmsum merkum tillögum, sem fram hafa komið og að því stefna, að efla listsmekk þjóðarinnar og gefa henni aukinn kost á að njóta þeirra listaverka, sem þegar eru orðin eign Listasafns ríkisins.

Þá hafa og verið uppi athyglisverðar tillögur um það, á hvern hátt mætti auðvelda æsku landsins að kynnast listaverkum og njóta þeirra. Allar slíkar hugmyndir hafa þó fram að þessu strandað á fjárskorti Menningarsjóðs.

Hið sama gildir að mestu um tillögur, sem uppi hafa verið um kynningu á íslenzkri list og íslenzkri menningu á erlendum vettvangi.

Meðal þeirra tillagna, sem fram hafa komið í Menntamálaráði um fyrrgreind efni, má nefna þessar:

1. Að efnt verði til umferðarsýninga í kaupstöðum landsins á úrvali íslenzkra listaverka.
2. Að efnt verði til hæfilega stórra umferðarsýninga listaverka í íslenzkum skólum — Með því móti væri af opinberri hálfu gert það, sem með sanngirni er hægt að krefjast, til þess að þjóðin fái yfirlit um hið bezta og lærdómsríkasta í íslenzkri myndlist. Uppeldisáhrif góðrar myndlistar eru svo almennt viðurkennd, að um þau þarf ekki að fjölyrða.
3. Skólar og aðrar opinberar stofnanir, sem áður höfðu listaverk ríkisins til varðveizlu, hafa nú orðið að skila þeim til Listasafns ríkisins. Hefur greinilega komið í ljós, sem vonlegt er, að þessir aðilar telja sig hafa mikils misst. Menntamálaráð hefur oft um það rætt, hvort eigi muni kleift að bæta þessum stofnunum missinn að nokkru. Nú er hægt að fá gerðar erlendis án gífurlegs kostnaðar mjög góðar eftirlíkingar málverka, jafnvel svo góðar, að vart er hægt að þekkja þær frá frummyndunum. Væri mjög æskilegt, að hægt væri að vinna að því á næstu árum, að gera slíkar eftirprentanir af völdum íslenzkum listaverkum, og gefa síðan skólum og öðrum opinberum stofnunum kost á að fá þær til að prýða með salarkynni sín. Einnig kæmi til mála, að listadeild Menningarsjóðs hafi forgöngu um að útvega í sama skyni eftirprentanir heimsfrægra erlendra listaverka.

4. Æskilegt væri, að listadeild Menningarsjóðs hefði yfir að ráða nokkru fé til að styrkja eða efna öðru hvoru til íslenzkra listsýninga erlendis, þá er sérstök ástæða þætti til.
5. Meðal þess, sem Menntamálaráð hefur á prjónunum, er undirbúningur að umferðarsýningum valinna íslenzkra bóka og handrita (einkum ljósprentana af handritum), er farið gæti land úr landi, t. d. milli háskóla og annarra menningarstofnana. Gæti slík sýning, þótt ekki væri umfangsmikil, orðið einkar handhæg og gagnleg til að kynna Ísland, íslenzkan menningararf og menningarviðleitni.

Nefndin leggur til, að Menntamálaráði verði heimilað að verja hóflegum hluta af árlegum tekjum Menningarsjóðs til slíkrar kynningar á íslenzkum listum og íslenzkri menningu, sem hér hefur verið á drepið.“

Varðandi úthlutun ókeypis fargjalda til útlanda segir nefndin:

„Meðan Eimskipafélag Íslands naut skattfrelsis með sérstökum lögum veitti það árlega 80 ókeypis för til eða frá útlöndum með skipum sínum, og var Menntamálaráði falin úthlutun þeirra. (Sbr. 2. gr. gildandi laga um Menntamálaráð Íslands.) Skyldi þeim úthlutað „til manna, sem fara til útlanda til alþjóðargagns“. Hlunninda þessara hafa einkum notið skáld og listamenn, efnalitlir kennarar, námsmenn og aðrir menntamenn. Í ársbyrjun 1956 tilkynnti h/f Eimskipafélag Íslands Menntamálaráði, að það mundi ekki lengur veita nein ókeypis för milli landa. Síðan hefur Menntamálaráð ekki haft nein slík för til úthlutunar.

Nefndin leggur til, að Menntamálaráði verði heimilað að verja nokkru fé úr Menningarsjóði í því skyni að úthluta allt að 80 ókeypis förum árlega milli Íslands og annarra landa. Má telja líklegt, að Menntamálaráð geti náð samningum við skipafélög og flugfélög um verulegan afslátt á slíkum fargjöldum. Kostnaður Menningarsjóðs af þessari starfsemi ætti því ekki að þurfa að verða mikill.“

Um 5. gr.

Um þessa grein segir í áliti nefndarinnar:

„Hér er um nýmæli að ræða. Enda þótt Menningarsjóður hafi nú starfað um nær 30 ára skeið og m. a. rekið umfangsmikla bókaútgáfu, eru eignir sjóðsins að heita má engar. Öll starfsemin fer fram í leiguhúsnæði, er eigendur geta tekið til eigin nota fyrr en varir. Bókaeign útgáfunnar hefur verið á 2—3 stöðum í kjöllurum og herskála. Geymslurúm fyrir pappírsbirgðir hefur útgáfan ekkert. Aðstaða þessi er að sjálfsögðu óviðunandi til frambúðar og háir útgáfunni mjög. Er þess full þörf, að Menningarsjóður geti að því stefnt að koma upp húsnæði fyrir starfsemi sína. Sjóðnum og þeim menningarmálum, sem honum er ætlað að hlynna að, væri og ómetanleg trygging í því, er fram liðu stundir, að styðjast við eigur Stofndeildar. Nefndin leggur því eindregið til, að ákvæðið um Stofndeild Menningarsjóðs verði lögfest.“

Um 6. gr.

Grein þessi er efnislega óbreytt frá núgildandi lögum að öðru leyti en því, að gert er ráð fyrir kosningu varamanna í Menntamálaráð. Verður sú breyting að teljast sjálfsögð.

Um 7. gr.

Hér er kveðið á um hlutverk Menntamálaráðs og vísast um það til skýringa við 4. gr.

Um 8. gr.

Menntamálaráð hefur ráðið framkvæmdastjóra Menningarsjóðs. Hér er lagt til, m. a. með hliðsjón af aukinni starfsemi sjóðsins, að framkvæmdastjórastarfið verði föst staða, er ráðherra veitir.

Ed. 545. Frumvarp til laga [175. mál]

um vísindasjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1957.)

I. KAFLI

Stofnun og verksvið vísindasjóðs.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist vísindasjóður. Tekjur sjóðsins eru árlegt framlag úr menningarsjóði, a. m. k. 800 þús. kr.

2. gr.

Það er hlutverk vísindasjóðs að efla íslenzkar vísindarannsóknir.

Í þessum tilgangi styrkir sjóðurinn:

a. Einstaklinga eða vísindastofnanir vegna tiltekinna rannsóknaverkefna.
b. Kandídata til vísindalegs sérnáms og þjálfunar.
c. Rannsóknastofnanir til kaupa á tækjum, ritum eða rannsóknaefnum.

II. KAFLI

Skipulag og stjórn vísindasjóðs.

3. gr.

Vísindasjóður greinist í tvær deildir, raunvísindadeild og hugvísindadeild. Raunvísindadeild annast styrkveitingar til rannsókna á sviði náttúruvísinda, þar með taldar eðlisfræði og kjarnorkuvísindi, efnafræði, stærðfræði, læknisfræði, líffræði, jarðfræði, dýrafræði, grasafræði, verkfræði og tæknifræði.

Hugvísindadeild annast styrkveitingar á sviði sagnfræði, bókmennta, málvísinda, félagsfræði, lögfræði, hagfræði, heimspeki, guðfræði, sálfræði og uppeldisfræði.

4. gr.

Stjórn vísindasjóðs skal skipuð 7 mönnum. Skulu 4 þeirra ásamt jafnmörgum varamönnum kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi á fyrsta þingi eftir hverjar almennar alþingiskosningar. Tveir stjórnarmenn og jafnmargir varamenn skulu tilnefndir af deildarstjórnum vísindasjóðs, en formaður og varaformaður skulu skipaðir af menntamálaráðherra.

Stjórn vísindasjóðs er í fyrirsvari fyrir sjóðinn gagnvart stjórnarvöldum og öðrum aðilum og sér um fjárvörzlu sjóðsins. Hún ákveður einnig, hvernig skipta skuli fjárframlagi til vísindasjóðs á milli deilda hans, og setur, að höfðu samráði við menntamálaráðherra, reglur um verkefnaval og styrkveitingar úr sjóðnum, en deildarstjórnirnar úthluta síðan fénu til einstakra verkefna og framkvæmda, sbr. 6. gr.

Stjórn vísindasjóðs skal vera ólaunuð.

5. gr.

Menntamálaráðherra skipar deildarstjórnir til fjögurra ára samkvæmt því sem hér segir:

a. Stjórn raunvísindadeildar er skipuð fimm mönnum. Skal einn tilnefndur af rannsóknaráði ríkisins, einn af læknadeild Háskóla Íslands, einn af verkfræðideild Háskóla Íslands og einn af fundi fulltrúa frá vísindastofnunum, sem fást við rannsóknir á sviði raunvísinda. Menntamálaráðherra boðar til fundarins, og skal ákveðið í reglugerð, hverja þangað skuli boða.

b. Stjórn hugvísindadeildar er skipuð fimm mönnum. Heimspekideild Háskóla Íslands tilnefnir tvo, laga- og hagfræðideild einn og Félag íslenzkra fræða einn.
c. Menntamálaráðherra skipar formenn deildarstjórna án tilnefningar.
d. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.

6. gr.

Deildarstjórnir úthluta styrkjum hvor úr sínum hluta vísindasjóðs og hafa eftirlit með því, að þeim sé varið í samræmi við það, sem áskilið var, er þeir voru veittir. Styrkur er að jafnaði ekki veittur nema eftir umsókn. Stjórn deildar getur þó boðið vísindamanni eða forráðamanni rannsóknastofnunar fjárstyrk til ákveðinna rannsókna. Styrkur er veittur til eins árs í senn, en heimilt er að endurveita hann.

Stjórn deildar getur átt frumkvæði að rannsóknum á tilteknum efnum og skipulagt þær.

7. gr.

Menntamálaráðuneytið getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, að fengnum tillögum stjórnar vísindasjóðs.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á undanförnum áratug hafa orðið meiri framfarir á sviði vísinda, einkum raunvísinda, en nokkru öðru jafnlöngu skeiði í sögu mannkynsins. Jafnframt hafa flestar þjóðir stóraukið framlög til vísindarannsókna, og á það bæði við opinbera aðila og einkafyrirtæki. Viðurkennt er, að engin þjóð getur gert sér von um að verða hluttakandi í þeim almennu framförum, sem vísindi nútímans eru að leggja grundvöll að, nema hún eigi á að skipa vísindamönnum, sem annaðhvort ryðja nýjar brautir eða kunna skil á þeim atriðum, sem framþróunin grundvallast á. Hinar smærri þjóðir geta að sjálfsögðu varla vænzt þess að gegna forystuhlutverki í þessum efnum, en þeim er það engu að síður brýn nauðsyn að eiga vísindamenn, sem geta haft forgöngu um hagnýtingu hinnar nýju þekkingar.

Á tímabili því, sem liðið er, síðan heimsstyrjöldinni síðari lauk, hafa fjölmargar menningarþjóðir, bæði stórar og smáar, stofnað sjóði, sem haft hafa það hlutverk að styrkja vísindarannsóknir, bæði frumrannsóknir og hagnýtar rannsóknir á grundvelli þeirra. Hér á landi hefur mál þetta verið athugað og rætt á ýmsum vettvangi, m. a. í Rannsóknarráði ríkisins, atvinnumálaráðuneytinu og menntamálaráðuneytinu. Á árunum 1953 og 1954 vann Rannsóknarráð ríkisins að undirbúningi tillagna um stofnun vísindasjóðs og sendi atvinnu- og menntamálaráðuneytinu greinargerð um málið seint á árinu 1954. Í samráði við Steingrím Steinþórsson, sem þá fór með málefni Rannsóknarráðs ríkisins og Atvinnudeildar háskólans, lét ráðið semja frumvarp um málið 1955, og var það sent sömu ráðuneytum. Var þar gert ráð fyrir því, að sjóðurinn styrkti eingöngu rannsóknir á sviði raunvísinda. Meðal hugvísindamanna var hins vegar einnig ríkjandi áhugi á því, að aukinn væri styrkur til rannsókna á sviði hugvísinda. Varð það síðan að samkomulagi milli Steingríms Steinþórssonar, sem eins og áður segir fór með málefni Rannsóknarráðs ríkisins og Atvinnudeildar háskólans, og Bjarna Benediktssonar, þáv. menntamálaráðherra, að hinn síðar nefndi skyldi skipa nefnd, sem skipuð væri fulltrúum bæði raunvísinda- og hugvísindamanna, til þess að undirbúa málið frekar. Var sú nefnd skipuð 24. marz 1956. Í henni áttu sæti þeir Birgir Kjaran hagfræðingur, formaður, Ármann Snævarr prófessor, dr. Björn Sigurðsson, formaður Rannsóknarráðs ríkisins, dr. Júlíus Sigurjónsson prófessor og Pálmi Hannesson rektor.

Samdi nefnd þessi frumvarp um Vísindasjóð ásamt ýtarlegri greinargerð og skýrslu um vísindasjóði í öðrum löndum og sendi menntamálaráðuneytinu hinn 4. janúar 1957. Núverandi menntamálaráðherra, sem einnig fer með málefni Rannsóknarráðs ríkisins og Atvinnudeildar háskólans, fól síðan nefnd, sem skipuð var hinn 28. des. 1956 og í áttu sæti þeir Friðfinnur Ólafsson forstjóri sem formaður, Gils Guðmundsson skrifstofustjóri, Haukur Snorrason ritstjóri, Jakob Benediktsson magister og Vilhjálmur Þ. Gíslason útvarpsstjóri, frekari athugun á málinu ásamt öðrum verkefnum.

Menntamálaráðuneytið hefur athugað öll þau gögn, sem fyrrgreindir aðilar hafa safnað, og tillögur þær, sem þeir hafa gert. Með hliðsjón af þeim og öðrum upplýsingum, sem ráðuneytið hefur aflað, hefur það samið frumvarp þetta. Fara hér á eftir skýringar við einstakar greinar frumvarpsins.

Þá eru hér enn fremur prentaðir sem fylgiskjöl kaflar úr greinargerð þeirri, sem fylgdi frumvarpi þeirra Birgis Kjaran, Ármanns Snævar, dr. Björns Sigurðssonar, dr. Júlíusar Sigurjónssonar og Pálma Hannessonar.

Um 1. gr.

Hér er mælt fyrir um stofnun Vísindasjóðs og heiti hans lögfest.

Um 2. gr.

Í þessari grein er markað verksvið sjóðsins almennt og kveðið á um, til hvers styrkir skuli veittir. Er sjóðnum ætlað að styrkja hagnýt vísindi fyrst og fremst, en einnig frumvísindi. Samkvæmt a-lið er sjóðnum heimilt að styrkja einstaklinga eða vísindastofnanir til að leysa af hendi ákveðnar rannsóknir. Eftir b-lið frv. geta kandídatar fengið styrki „til vísindalegs sérnáms og þjálfunar". Með þessu er átt við, að óheimilt sé að styrkja kandídata til venjulegs framhaldsnáms eftir kandídatspróf, heldur verða þeir að sinna ákveðnum sérfræðilegum rannsóknum eða afla sér vísindaþjálfunar. Samkvæmt c-lið er ætlazt til, að unnt sé að festa kaup á tækjum, ritum og efnum til afnota fyrir einstaka rannsóknarmenn.

Um 3. gr.

Sjóðnum er með þessari grein skipt í tvær deildir og mælt fyrir um, hverjar vísindagreinar skuli teljast til hvorrar um sig, þótt upptalningin sé ekki tæmandi.

Um 4. gr.

Einsætt virðist að ætla Alþingi hlutdeild í ráðstöfun svo mikils fjár, sem Vísindasjóði er fengið, og er því gert ráð fyrir, að þingið kjósi að afstöðnum hverjum almennum alþingiskosningum 4 menn af sjö í stjórn sjóðsins og jafnmarga varamenn. Stjórnir hugvísinda- og raunvísindadeilda skulu nefna sinn manninn hvor í stjórnina og varamenn þeirra, en menntamálaráðherra skipar formenn og varaformenn.

Stjórn Vísindasjóðs ákveður, hvernig skipta skuli fé sjóðsins milli deilda hans, og er henni einnig ætlað að setja í samráði við menntamálaráðherra reglur um val rannsóknarefna og styrkveitingar úr sjóðnum. Deildarstjórnirnar skipta hins vegar fénu milli hinna einstöku verkefna og rannsóknarmanna.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir, að menntamálaráðherra skipi stjórn hugvísinda- og raunvísindadeilda til fjögurra ára í senn.

Í raunvísindadeild: Einn samkvæmt tilnefningu Rannsóknarráðs ríkisins, einn samkvæmt tilnefningu læknadeildar, einn samkvæmt tilnefningu verkfræðideildar og einn samkvæmt tilnefningu fundar, er menntamálaráðherra boðar til með fulltrúum vísindastofnana, sem fást við rannsóknir á sviði raunvísinda. Eigi þykir rétt að binda í lögum, hvaða stofnanir skuli senda fulltrúa á þann fund, þar eð

slíkt kann að vera breytingum háð, — en eins og nú háttar, mundu væntanlega til kvaddir fulltrúar frá kjarnfræðanefnd, Atvinnudeild háskólans, Náttúrugripasafni, Tilraunastöð háskólans í meinafræði, Keldum, rannsóknarstofu háskólans í sýklafræði, rannsóknarstofu Fiskifélags Íslands og raforkumálaskrifstofunni.

Í hugvísindadeild: Tvo samkvæmt tilnefningu heimspekideildar háskólans og tvo samkvæmt tilnefningu laga- og hagfræðideildar.

Menntamálaráðherra skipar síðan formenn og varaformenn deildarstjórnanna án tilnefningar. Varamenn fyrir aðra stjórnarnefndarmenn skulu valdir á sama hátt og aðalmenn.

Um 6. gr.

Deildarstjórnir úthluta styrkjum til einstakra rannsóknarverkefna og rannsóknarmanna, innan þess ramma, sem stjórn Vísindasjóðs ákveður, að höfðu samráði við menntamálaráðherra, sbr. 4. gr. Enn fremur skulu deildarstjórnir hafa eftirlit með því, að styrkirnir séu hagnýttir á þann hátt, sem til er ætlazt. Gert er ráð fyrir, að styrkir séu að jafnaði veittir samkvæmt umsóknum, en þó geti deildarstjórn boðið vísindamanni eða forstöðumanni rannsóknarstofnunar fjárstyrk, enda getur deildarstjórn átt frumkvæði að rannsóknum á tilteknum verkefnum og skipulagt þær. Unnt er að veita mönnum styrki úr sjóðnum, þótt þeir hafi ekki lokið háskólaprófum. Allt veltur á því, hvort þeir teljast hæfir til að sinna vísindalegum rannsóknum og að rannsóknarefni þeirra séu þess eðlis, að þau teljist styrkhæf.

Um 7. gr.

Menntamálaráðuneytið getur, að fengnum tillögum stjórnar Vísindasjóðs, sett fyllri ákvæði um framkvæmd laganna, og er ætlazt til, að svo sé gert m. a. um kvaðningu til kjörfundar með fulltrúum vísindastofnana, sbr. 5. gr.

Fylgiskjal I.

Þörf á auknum fjárstuðningi við vísindastarfsemi hér á landi.

Atvinnu- og félagsþróun hefur verið geysihröð undanfarna áratugi. Framfarir í hvers konar vísindum hafa verið meginundirstaða þeirrar þróunar. Frá lokum síðustu heimsstyrjaldar hefur skilningur manna á því, hvert gildi vísindi hafa fyrir þjóðfélagsþróun, vaxið mjög, og hefur stóraukið fé verið lagt til vísinda víða um lönd. Mörg ríki kappkosta að laða til sín úrvals vísindamenn, en búa jafnframt svo vel að þeim, sem fyrir eru, að engin hætta sé á, að þeir hverfi burtu. Þjóðfélag, sem eflir ekki vísindalegt framtak, hlýtur að dragast aftur úr í menningarlegum og atvinnulegum efnum. Íslendingar verða að taka þátt í þeirri vísindaþróun, sem öðru fremur sérkennir öld vora, ef þeir vilja halda uppi sjálfstæðu menningarþjóðfélagi.

Hér á landi er mönnum naumast enn nægilega ljóst gildi nútíma vísinda fyrir menningu vora og sjálfstæði. Framlög til vísinda eru af skornum skammti. Nokkuð af fé því, sem veitt er, kemur enda ekki að fullum notum, þar eð því er ráðstafað með fjárlagaákvæðum, en sú úthlutunaraðferð reynist oft óheppileg.

Þegar Háskóli Íslands var stofnaður, skapaðist hér á landi nokkur aðstaða fyrir starfsmenn skólans til vísindastarfsemi. Á síðustu áratugum hafa og risið hér á landi stofnanir, þar sem starfsmenn hafa tækifæri til nokkurrar vísindastarfsemi í sumum greinum náttúrufræði, tæknifræði og læknisfræði jafnhliða daglegum skyldustörfum. Vísindastofnanir eru þó fáar, og vísindastarfsemi hér á landi á enn við mikla byrjunarörðugleika að etja. Ber hvort tveggja til, að brautryðjendastarf á þessu sviði er torvelt og seinunnið og einnig hitt, að ekla er á starfsmönnum, sem hafa aflað sér nægilegrar vísindaþjálfunar til sjálfstæðra rannsókna.

Þess er ekki að vænta, að vísindaleg menning komist til þroska hér á landi, nema hér skapist slík vísindaleg hefð, að vísindaleg störf séu í heiðri höfð og þau

dragi til sín úrvalið úr yngstu kynslóð menntamanna. Þessar starfsgreinar öðlast ekki nægilegt aðdráttarafl, nema mönnum verði gert fjárhagslega kleift að afla sér sérfræðimenntunar og þjálfunar og starfsaðstaða þeirra og launakjör verði sambærileg við það, sem starfsbræður þeirra í nágrannalöndum njóta.

Verkefnin, sem bíða úrlausnar íslenzkra vísindamanna, eru óþrjótandi. Auðæfi landsins eru margvísleg, en flest torsótt. Vísindalegar rannsóknir á náttúru landsins og hafsins umhverfis það og tæknilegar athuganir á hentugum vinnslu- og nýtingaraðferðum eru vandasöm og umfangsmikil verkefni, sem ekki verða leyst til nokkurrar hlítar, nema með ötulu starfi úrvalsmanna á löngum tíma. Þá má benda á, að félagsvísindalegar rannsóknir eru enn á frumstigi hér á landi, svo að getið sé tveggja rannsóknasviða. Hvert sjálfstætt ríki binzt og þeirri skyldu að leggja nokkuð af mörkum til vísindalegrar þróunar með því að rækja þær frumvísindalegu rannsóknir, sem á vissan hátt eru grundvöllur nútíma menningarlífs.

Það er alkunna, að ágætir vísinda- og fræðimenn íslenzkir hafa setzt að erlendis og unnið þar ævistarf sitt. Er mikil hætta á því nú, að margir efnilegir vísindamenn leiti sér atvinnu erlendis til frambúðar. Íslenzkt þjóðfélag má illa við slíkri blóðtöku sökum mannfæðar, og horfir til vandræða, ef ekki er að gert.

Nefnd sú, sem samið hefur frumvarp þetta, telur, að íslenzk vísindastarfsemi hafi til þessa ekki notið nægilegs fjárstuðnings. Er nú brýn þörf á miklu átaki, ef vér eigum ekki að dragast enn meir aftur úr öðrum menningarþjóðum. Nefndin telur, að margra úrræða sé þörf, en þar eð henni var markað fremur þröngt starfssvið, hefur hún aðallega kannað möguleika á stofnun Vísindasjóðs. Verður nú lýst nokkuð hlutverki slíks sjóðs, en jafnframt verður bent á önnur úrræði, sem mundu bæta starfsaðstöðu vísindamanna hér á landi.

Fylgiskjal II.

Um hlutverk Vísindasjóðs.

1. Eitt meginverkefni vísindasjóða í öðrum löndum er að styrkja menn, sem nýlega hafa lokið háskólaprófi í grein sinni, til framhaldsnáms og rannsókna. Reynslan sýnir, að vísindastörf verða naumast unnin af öðrum en þeim, sem öðlazt hafa haldgóða sérmenntun og vísindalega þjálfun í grein sinni að loknu háskólanámi. Hér á landi er þörfin á styrkveitingum til slíkra manna e. t. v. brýnni en annars staðar, vegna þess að vísindastarfsemi er hér á bernskuskeiði. Nálega allir opinberir námsstyrkir eru ætlaðir stúdentum, er ekki hafa lokið háskólanámi, en kalla má, að íslenzka ríkið styrki ekki menn, sem lokið hafa háskólaprófi og hyggjast afla sér vísindalegrar þjálfunar. Er meginþörf á því að bæta hér hlut kandídata. Eitt aðalverkefni Vísindasjóðs, sem stofnaður yrði, ætti þá að vera fólgið í því að styrkja kandídata til sérfræðilegrar rannsóknarstarfsemi eftir að þeir hafa lokið fullnægjandi háskólanámi. Sjóðurinn ætti að leiðbeina ungum mönnum um verkefni, liðsinna þeim við að koma sér fyrir á hentugum stöðum utan lands og innan, styrkja þá fjárhagslega og fylgjast síðan með því, hvernig þeir reynast. Allt til þessa hefur orðið að fela ungum mönnum margvísleg vísindaleg verkefni hér á landi, þótt þeir hafi ekki áður átt kost á fullnægjandi undirbúningi, æfingu og reynslu. Er mikil þörf á að breyta þessu. Nefndin telur, að með skynsamlegum styrkveitingum úr Vísindasjóði og annarri fyrirgreiðslu af hendi slíks sjóðs, mundi smám saman alast upp hópur vel menntaðra úrvalsmanna, sem skila mundi margföldum efnahagslegum og menningarlegum arði.

2. *Vísindastofnanir hér á landi hafa þröngan fjárhag.* Vísindamenn vorir geta því oft og tíðum ekki sinnt verkefnum, sem þeim eru hugleikin, vegna erfiðra starfsskilyrða og skorts á aðstoð og tækjum. Fjárhagur vísindamannanna sjálfra leyfir að jafnaði ekki, að þeir kosti aðstoð eða leggi eigið fé til rannsóknanna á annan hátt. Í þessu efni gæti féstyrkur úr Vísindasjóði orðið þeim mjög að liði.

Þá getur einnig verið æskilegt að veita vel menntuðum vísindamönnum, sem ekki eiga völ á stöðum við sitt hæfi, laun um stuttan tíma, þannig að þeir geti unnið að rannsóknarstörfum. Gæti slíkt orðið til að tryggja þjóðinni starfskrafta, sem ella mundu ekki nýtast henni.

Bætt aðstaða fyrir þá fullþroska vísindamenn, sem eru í opinberum stöðum, og frambúðar vinnuskilyrði fyrir unga menn, sem fullmenntaðir eru, verður að koma frá þeim stofnunum í þjóðfélaginu, sem þeir vinna hjá eða munu ráðast til. Sú aðstoð, sem Vísindasjóður gæti veitt í þessu efni, og rakin hefur verið, er að vísu takmörkuð, en getur þó skipt miklu máli engu að síður.

3. Það háir allri vísindastarfsemi hér á landi, hve lítið er hér til af vísindaritum. Samvinna stofnana, sem kaupa vísindarit, er og ekki eins mikil og skyldi, t. d. er hvergi til allsherjarskrá um vísindarit, sem eru í eigu bókasafna hér á landi og einstakra stofnana. Hæpið er að hafa tvö bókasöfn hérlendis, sem reyna að viða að sér vísindaritum án skýrrar verkaskiptingar. Háskólabókasafn er févana, þar eð Sáttmálasjóður einn hefur af fullkomnum vanefnum orðið að standa straum af bókakaupum, en ríkið virðist ekkert hafa lagt til þeirra. Ástandið er enda þannig, að þegar frá eru skildar bókmenntir í íslenzkum fræðum, er bókakostur safnsins hvergi nærri viðunandi. Úr þessu getur ríkisvaldið eitt bætt eins og ástatt er. Vísindasjóður ætti þó að geta hlaupið hér undir bagga, þegar sérstaklega stæði á, með útvegun rita, sem bráð og brýn þörf væri á. E. t. v. gætu forráðamenn sjóðsins einnig beitt sér fyrir bókaskiptum og bókalánum.

4. Útgáfa vísindarita eða tímarita, sem fjalla um vísindaleg efni, er óvíða örðugri en hér á landi, þar sem lesendahópur er mjög lítill. Almennir bókaútgefendur eru, sem eðlilegt er, tregir til að gefa út verk um slík efni. Væri því æskilegt, að Vísindasjóður yrði þess umkominn að leggja útgáfustarfsemi lið. Fyrst í stað mun það þó verða sjóðnum ofvaxið fjárhagslega að styrkja slíka starfsemi, sbr. athugasemdir við 2. gr. frv.

Eins og nú hefur verið rakið, getur sæmilega fésterkur Vísindasjóður orðið íslenzkum vísindum hin mesta lyftistöng. Sjóður með því fjármagni, sem hér er gert ráð fyrir, getur þó ekki sinnt nema takmörkuðu verkefni, svo að ýmissa fleiri úrræða er þörf til þess að stuðla að gengi íslenzkrar vísindastarfsemi, og skal vikið að fáum einum hér.

1. Nauðsyn ber til að hafa vakandi auga með úrvalsmönnum meðan þeir eru í skóla og hlynna að þeim eftir föngum, liðsinna þeim og leiðbeina. Meðal stórþjóða hefst leit að hæfileikamönnum þegar í framhaldsskólum, og eru afburðanemendur þá styrktir stórum í háskólanámi sínu og síðan upp frá því óslitið. Hér á landi er þessu verkefni ekki sinnt sérstaklega, svo að kunnugt sé. Þá er hin mesta nauðsyn á að búa betur að kandídötum, er stunda vilja almennt framhaldsnám að loknum háskólaprófum. Nú eiga þeir fárra kosta völ um námslán og námsstyrki. Telur nefndin að stofna þurfi lánasjóð kandídata, er starfi á svipaðan hátt og lánasjóður stúdenta. Sá sjóður ætti að styrkja efnilega kandídata til almenns framhaldsnáms, þ. e. til viðbótarnáms við almennt háskólanám, þótt kandídat einbeiti sér ekki að sérfræðilegum rannsóknum. Að vísu væri heppilegt, að styrkir væru einnig tiltækilegir í þessu skyni, en námslán mundu koma hér að miklu gagni.

2. Vandi ungra vísindamanna yrði ekki leystur með þeirri aðstoð, sem Vísindasjóður gæti veitt þeim. Æskilegt er að stofnaðar verði nokkrar lausar stöður handa ungum vísindamönnum við íslenzkar stofnanir, svo sem háskólann, Atvinnudeild háskólans, Tilraunastöð háskólans í meinafræði, Náttúrugripasafn o. s. frv. Stöður þessar væru veittar til eins, tveggja eða þriggja ára. Ynnu þeir, sem stöðurnar hlytu, að rannsóknum og námi undir handleiðslu háskólakennara eða forstöðumanns vísindastofnana. Jafnframt mundu þeir geta haft á hendi nokkra kennslu í háskóladeildum. Mun háskóladeildum verða styrkur að slíkum mannafla, en jafnframt yrði kennslan þessum mönnum góð æfing og þjálfun undir kennslu- og vísindastörf síðar.

Í sumum löndum, svo sem Noregi og Svíþjóð, eru slíkar „stipendiat“ stöður mikið notaðar til hjálpar ungum vísindamönnum, og hér gætu þær áreiðanlega gegnt mikilvægu hlutverki samhliða þeirri aðstoð, sem Vísindasjóður megnar að inna af hendi.

Það mun taka langan tíma að efla vísindi hér á landi svo, að vel sé. Stofnun Vísindasjóðs mundi ekki vera neitt allsherjarbjargráð, er leysti allan vanda. Mestu máli skiptir að gefa vísindastofnunum okkar tækifæri til áframhaldandi vaxtar og þróunar. Vísindasjóður í því horfi, sem ofanritað frumvarp gerir ráð fyrir, mundi þó fá mjög miklu áorkað, þegar tímar líða. Þýðingarmest yrði e. t. v. sú starfsemi hans, sem beinist að undirbúningi og þjálfun efnilegra ungra manna. Gáfur, bjartsýni og kjarkur vísindamannsefna okkar er kannske dýrmætasta eign þjóðarinnar, og er mikið í húfi, að þeir fái uppörvun og styrk, svo að þeir njóti sín sem bezt. Erlendir vísindasjóðir hafa margir starfað í áratugi og ráðstafað miklu fé. Mun það einróma álit manna, að vísindamannaval í þeim löndum sé nú allt annað og betra en ella hefði verið. Svipuð ætti reynslan að vera hér.

Í ræðu sinni á háskólahátíð fyrir skemmstu komst rektor háskólans, Þorkell prófessor Jóhannesson, m. a. svo að orði: „Ef þjóðin á ekki að standa utangátta í þeirri þróun náttúruvísindanna, sem nú er í þann veginn að valda aldahvörfum í öllum hinum siðmenntaða heimi, með tilkomu kjarnorkunnar, þá verðum við á næstu árum að gera geysilegt átak til eflingar náttúruvísindum í landi voru. Hér er fyrst og fremst um að ræða sérmenntun, fræðslu og rannsóknir í eðlisfræði, efnafræði og stærðfræði. Ef efnahagslíf okkar í framtíðinni á að þróast eðlilega, verður það í æ ríkara mæli að styðjast við innlenda vísindalega þekkingu og reynslu. Vér getum að sjálfsögðu ekki gert okkur vonir um að verða með nokkrum hætti forustuþjóð á þessum vettvangi. En lægsta krafan, sem til okkar er gerð, er sú, að við séum einfærir um að hagnýta þekkingu og reynslu, sem aðrar þjóðir hafa aflað, og samræma okkar þörfum og staðháttum. Það eitt er mikilsvirði, ég leyfi mér að segja lífsnauðsyn. Þess er ekki að vænta, að jafnfámenn þjóð og Íslendingar eru, geti eignazt mjög marga menn, er hæfileika hafa til hinna mestu afreka á þessu sviði, en við ættum samt að geta komið okkur upp sæmilega góðu starfsliði, ef lag er með. Í öllum löndum fer nú fram leit eftir mönnum með hæfileika til náms og starfs í þessum vísindagreinum, allt frá bekkjum miðskólanna upp í deildir háskólanna. Hér hefur fram undir þetta ríkt allt of mikil þögn og fáskiptni um þessi efni.“

Þessi hvatningarorð mættu vera mönnum umhugsunarefni.

Samkvæmt fjórðu ársskýrslu National Science Foundation í Bandaríkjunum og öðrum heimildum vörðu Bandaríkjamenn um 4000 til 5300 milljónum dollara til vísinda- og tæknirannsókna árið 1953, og samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir hendi eru, munu Bretar árlega verja hlutfallslega svipaðri upphæð. Þetta mundi svara til, að Íslendingar eyddu 65 til 85 milljónum króna, ef miðað er við fólksfjölda í löndunum.

Erfitt er að finna hliðstæðar tölur um notkun fjár hér á landi, enda ekki fullkunnugt, hvað er talið með í erlendu tölunum. Við lauslega athugun virðist þó sem Íslendingar verji 9 til 10 milljónum króna til þessara mála í stað þeirra 65 til 85 milljóna, sem mundu samsvara tölunum frá engilsaxnesku löndunum. Menn munu benda á, að engilsaxnesku þjóðirnar eru auðugar og geta því varið svo miklu fé til vísinda. Rétt er það, en hitt er jafnsatt, að þær eru ekki hvað sízt auðugar vegna þess, hve mikla alúð þær hafa lagt við vísinda- og tæknimenningu sína og hve miklu þær hafa til hennar kostað.

Fylgiskjal III.

Greinargerð um tilhögun á vísindasjóðum í nokkrum löndum.

I.

Gögn þau, sem tiltækileg eru um þessi efni, varða starfsemi vísindasjóða í Danmörk, Noregi, Svíþjóð, Bretlandi, Bandaríkjunum og Kanada. Gögnin eru ekki fullnægjandi, og mun vera þörf á að afla rækilegri gagna. Þessi greinargerð er því aðeins til bráðabirgða.

Af gögnunum verður það ráðið, að mikill áhugi er í öllum þessum löndum á að bæta hag þeirra manna, sem vinna að fræðum og vísindum, og að mikið hefur verið gert í þessu skyni frá lokum síðari heimsstyrjaldar. Öflugir vísindasjóðir hafa verið settir á stofn, svo sem National Science Foundation í Bandaríkjunum, Vísindasjóður ríkisins í Danmörku og almenni vísindasjóðurinn norski. Í Bretlandi hafa fjárhæðir í þessu skyni og stórhækkað, og hið sama er að segja um Svíþjóð.

Sýnilegt er af gögnunum, að menn hafa farið mismunandi leiðir í þessum löndum til þess að ná því takmarki, sem hér er stefnt að. Í sumum löndunum hefur verið lögð áherzla á að stofna vísindasjóði eða efla þá, sem fyrir eru. Tilhögun þeirra sjóða er bersýnilega með tvenns konar hætti, sums staðar eru almennir sjóðir með allvíðtækri deildaskiptingu, en annars staðar eru sérsjóðir fyrir tilteknar fræðigreinar (sbr. t. d. í Bretlandi Department of Scientific and Industrial Research og The Medical Research Council, í Danmörk sjóður tæknivísinda o. fl.). Í öðrum löndum hefur megináherzlan verið lögð á að stofna nýjar stöður handa efnilegum vísindamönnum, einkum við háskóla eða rannsóknarstofnanir, þar sem þeir hafa ekki verið ofþjakaðir með vinnu, en átt þess kost að sérmennta sig samfara starfi. Þessi leið hefur t. d. einkum verið valin í Svíþjóð, þar sem stöðum dósenta og annarra háskólakennara og starfsmanna á rannsóknarstofnunum hefur verið stórfjölgað. Raunar hefur hliðstæð þróun einnig átt sér stað í hinum löndunum, þar sem áherzla hefur verið lögð á að stofna öfluga vísindasjóði.

II.

Tilhögun á þeim vísindasjóðum, sem tiltækileg gögn taka til, er mismunandi, og stafar það m. a. af ólíkum aðstæðum í þeim löndum, sem gögnin stafa frá. Athugun hefur leitt í ljós, að aðstæður eru svo gerólíkar í Bandaríkjunum og Bretlandi frá því sem hér er, að lítill akkur er að setja fram greinargerðir um tilhögun á vísindasjóðum þar í löndum. Hið sama má með nokkrum hætti segja um Svíþjóð, vegna þess að hinna almennu vísindasjóða gætir þar minna en annarra úrræða til þess að efla hag vísindamanna. Hér á eftir verður því aðallega lýst skipulagi á sjóðunum í Danmörk og Noregi. Gögn um sjóðina í Noregi eru ekki fullnægjandi, en úr því verður bráðlega bætt — og munu þau þá verða reifuð í framhaldsgreinargerð.

III.

Danmörk.

Eins og kunnugt er, starfa allmargir og öflugir sjóðir í Danmörku, er hafa það hlutverk að efla og hlynna að fræði- og vísindastarfsemi. Öflugasti sjóðurinn er Carlsbergsjóðurinn, sem veitir styrki þeim, er vinna að náttúruvísindum og ýmsum hugvísindum (humanistískum vísindum). Sá sjóður styrkir hins vegar ekki hagnýt vísindi eða tæknivísindi. Þá má og geta Rask-Örsted-sjóðsins, sem stofnaður var 1919. Úr honum eru veittir styrkir til allra þátta vísindagreina, en þó því aðeins að þær varði rannsóknarefni, sem hafa ekki eingöngu þjóðlegt gildi. Rannsóknarráð tæknivísinda, sem sett var á stofn 1946, ræður yfir um það bil ¼ millj. d. kr. árlega til úthlutunar. Auk þessara almennu sjóða eru margir sérsjóðir, ekki sízt við háskólana í Kaupmannahöfn og Árósum.

Skömmu eftir heimsstyrjöldina síðustu var sett á laggirnar í Danmörku nefnd manna til þess að gera tillögur um það, hversu unnt væri að bæta hag vísinda- og fræðimanna í Danmörku. Meðal merkustu tillagna nefndarinnar var tillaga um stofnun almenns vísindasjóðs. Var frv. lagt fram á þingi 1952 um stofnun þess sjóðs, og náði það þegar fram að ganga (lög nr. 205 7. júní 1952).

Lögin sjálf eru mjög fáorð. Þau lýsa stuttlega hlutverki sjóðsins og greina lítillega tilhögun á úthlutunum. Þá er þess getið, að fjárframlög til sjóðsins skuli nema 2 millj. kr. árlega úr ríkissjóði.

Í lögunum frá 1952 um vísindasjóð ríkisins er gert ráð fyrir því, að nánari reglur um starfsemi sjóðsins séu settar með konunglegri tilskipun. Var þetta gert þegar 24. júní 1952, og er athyglisvert, að tilskipunin er sett 17 dögum eftir að lögin hlutu staðfestingu. Tilskipun þessi var samin eftir tillögum frá vísindasjóðsnefnd. Skulu nú raktir helztu þættir þessarar tilskipunar.

A. Hlutverk sjóðsins.

Í 1. gr. segir svo: „Hlutverk hins almenna vísindasjóðs ríkisins er að stuðla að danskri vísindastarfsemi, einkum á sviði frumvísinda, og skiptir ekki máli, við hvaða stofnun vísindastarfsemin er tengd."

Í 2. gr. er hlutverk sjóðsins sérgreint nánar. Samkv. 1. málsgr. skal verja árlegum tekjum sjóðsins til þess að stuðla að framkvæmd á rannsóknum, sem ætla má að ljúkist innan tiltekins tíma, enda megi hvorki vænta fjárframlaga til þeirra af því fé, sem árlega er veitt til rekstrar rannsóknarstofnana (þar sem rannsókn fer fram), né annarra fjárveitinga eða fjárstyrkja samkv. fjárlögum eða frá ráðuneytum. — Í 2. málsgr. eru síðan tekin upp þau rannsóknarefni, sem heimilt er að styrkja, og eru þar að mestu áréttuð orð laganna sjálfra um þetta efni. 2. málsgr. er svofelld í lauslegri þýðingu:

Heimilt er að verja fé úr sjóðnum til þess að styrkja þá starfsemi, sem nú greinir:

1. Meiri háttar vísindalegar rannsóknir, svo sem fornleifagröft, rannsóknarleiðangra og ýmiss konar vísindalegar rannsóknir á náttúru lands, svo og rannsóknir, sem framkvæmdar eru í rannsóknarstofnunum og tilraunastöðvum.
2. Útvegun tækja og rita við vísindaleg störf, enda séu þau sérstaklega dýr eða sérstaks eðlis að öðru leyti.
3. Veita má styrki úr sjóðnum til aðstoðar við vísindastörf, og tekur þetta til aðstoðar vísindalega þjálfaðra manna, enda sé hún til bráðabirgða, eða annars konar aðstoðar.
4. Útvegun rannsóknarefna, svo sem tilraunadýra og ljósmynda af handritum.
5. Útgáfa vísindalegra rita.
6. Ferðalög í þágu tiltekinnar, vísindalegrar rannsóknar.
7. Styrkir til danskra vísindamanna, sem þörf er á að létta af sér störfum til þess að geta einbeitt sér að tilteknum rannsóknum.

Í 3. málsgr. er síðan ákvæði um það, að sjóðurinn veiti eingöngu styrki samkvæmt umsóknum frá vísindamönnum og vísindastofnunum, en stjórn sjóðsins skipuleggur ekki rannsóknir eða gerir uppástungur um tiltekin rannsóknarefni.

B. Stjórn vísindasjóðs.

Um stjórn sjóðsins eru þau ákvæði í 3. gr., að hún sé skipuð einum manni frá hverri deild sjóðsins, sem eru 5 talsins, svo sem senn verður greint. Auk þess er einn fulltrúi frá menntamálaráðuneyti og annar frá fjármálaráðuneyti í sjóðsstjórninni. Stjórnin kýs sér formann til eins árs, og er heimilt að endurkjósa hann.

Verkefni stjórnar er að taka fullnaðarafstöðu til þeirra umsókna, sem borizt hafa um styrki úr sjóðnum, á grundvelli tillagna, sem deildir sjóðsins hafa gert um það efni. Stjórnin leggur einnig mál fyrir deildirnar og mælir fyrir um það, hversu þær skuli haga vinnubrögðum sínum almennt. Stjórnin ræðir og leysir úr

málum, sem varða sjóðinn í heild og allar deildir hans. Þá getur stjórnin borið tillögur til breytinga á reglum um sjóðinn upp fyrir menntamálaráðuneyti. Stjórnin setur sér og deildunum fundarsköp, en menntamálaráðuneyti staðfestir þau.

C. Deildir sjóðsins og verkefni þeirra.

Innan vísindasjóðs starfa fimm deildir, og er stjórn deildar skipuð vísindamönnum einum. Það er verkefni deildanna að ræða og gera tillögur um þær umsóknir, sem borizt hafa um styrki úr sjóðnum, hver á sínu fagsviði.

Deildir sjóðsins eru þessar og svo mannaðar, sem hér greinir:

1. Náttúruvísindadeild. Stjórn hennar er skipuð svo:
a. 2 stjórnarmenn nefnir háskóladeild í náttúrufræði og stærðfræði við Kaupmannahafnarháskóla.
b. 1 stjórnarmaður er nefndur til af hendi Tækniháskólans og Landbúnaðarháskólans í sameiningu.
c. 2 stjórnarmenn nefnir Vísindafélagið danska.

Þessi deild sjóðsins fjallar um málefni, sem varða rannsóknarefni innan náttúruvísinda, þar á meðal fræðileg verkefni, sem jafnaðarlega eru talin til læknavísinda og landbúnaðarfræða.

2. Hugvísindadeild (húmanistisk vísindi). Stjórn hennar er svo skipuð:
a. Heimspekideild Kaupmannahafnarháskóla nefnir 2.
b. Heimspekideild Árósaháskóla nefnir 1.
c. Guðfræðideildirnar í Kaupmannahöfn og Árósum nefna 1 í sameiningu.
d. Vísindafélagið nefnir 1.

Deildin fjallar um rannsóknarefni á vettvangi hugvísinda, og er guðfræði talin til þeirra greina.

3. Félagsvísindadeild. Stjórn hennar er svo skipuð:
a. Laga- og stjórnfræðideildin við Kaupmannahafnarháskóla nefnir til 2, 1 úr hvorum hluta deildarinnar.
b. Laga- og hagfræðideildin í Árósum nefnir 1.
c. Heimspekideildirnar í Kaupmannahöfn og Árósum nefna 1 í sameiningu.
d. Sagnfræði- og þjóðhagfræðistofnunin nefnir 1.

Til þessarar deildar ber að skjóta málum, er varða félagsvísindi (lögfræði, hagfræði, stjórnfræði og félagsfræði).

4. Læknisfræðideild. Stjórn hennar er skipuð svo:
a. Læknadeild Kaupmannahafnarháskóla nefnir 2.
b. Læknadeild Árósaháskóla nefnir 1.
c. Tannlæknaháskóli Danmerkur nefnir 1.
d. Lyfsöluháskóli Danmerkur nefnir 1.

Deildin fjallar um málefni, er varða læknavísindi, að svo miklu leyti, sem þau teljast ekki til náttúruvísindadeildar.

5. Landbúnaðarfræðideild. Stjórn hennar er nefnd til af Landbúnaðarháskólanum.

Kjörtímabil deildarstjórnarmanna er 5 ár (6 ár þó í 5. deild), og þó svo, að á ári hverju verður eitt sæti laust í deildarstjórn, þ. e. eftir fyrsta starfsár fer einn maður úr stjórn samkv. hlutkesti, sem fram fer í upphafi starfstímabils, og er þá kosinn maður í hans stað að nýju og svo koll af kolli. Endurkjósa má stjórnarmann, en þó ekki nema til eins kjörtímabils. Nú fellur stjórnarmaður frá eða verður óhæfur til að gegna störfum, og skal þá kjósa mann í hans stað um þann tíma, sem eftir er af kjörtímabili þess, er vék. Þann mann má endurkjósa til 5 ára að nýju. Hver deild kýs sér formann til eins árs, og má endurkjósa mann til formennsku. Kjörgengir til stjórnarstarfa í deild eru þeir vísindamenn einir, sem eru undir sjötugu, þegar kosning fer fram (og tekur þessi regla einnig til endurkjörs).

Í 7. gr. tilsk. eru ákvæði um það, er umsókn varðar rannsóknarefni, sem teljast

til tveggja deilda eða fleiri. Skal þá leita samkomulags milli deilda um það, hversu grípa skuli á umsókn. Er þá ýmist, að deildirnar haldi sameiginlegan fund um umsókn eða tiltekin deild sker úr um umsókn, en viðstaddir eru fulltrúar frá hinum deildunum, sem málið varðar. Einnig er hugsanlegt, að tiltekinni deild sé falið einni að skera úr máli. Ef deild, sem mál varðar, óskar þess, að mál sé leyst á allsherjarfundi tveggja deilda eða fleiri, eða óskar að senda fulltrúa á fund annarrar deildar, er skylt að verða við þeim tilmælum.

D. Um tilhögun styrkveitinga.

Styrkir eru veittir í eitt skipti fyrir öll eða til tiltekins árabils.

Styrkir eru veittir samkvæmt umsóknum, sem stíla ber til stjórnar sjóðsins á auglýstum tíma ár hvert. Þegar sérstaklega stendur á, er unnt að veita styrki á öðrum tíma en þeim, sem auglýstur er árlega.

E. Skipting tekna sjóðsins milli deilda.

Í 7. gr. í tillögum vísindasjóðsnefndar til tilsk. um vísindasjóð var lagt til, að greint yrði í tilsk., hversu mikla hlutdeild hver einstök deild skyldi fá í þeirri heildarfjárhæð, sem tiltækileg væri til úthlutunar hverju sinni. Ráðuneytið virðist ekki hafa fallizt á þessa tilhögun, en ekki er skýrt, hvernig leysa eigi þetta mál. Helzt er svo að sjá, að yfirstjórn sjóðsins ákveði hverju sinni þessa skiptingu fjárins — væntanlega eftir að sýnt er, hverjar umsóknir borizt hafa ár hvert.

F. Tengsl vísindasjóðs við aðra vísindalega sjóði.

Stjórn sjóðsins ber að hafa nána samvinnu við Carlsbergsjóðinn, Rask-Örsted-sjóðinn, rannsóknarráð tæknivísinda og aðra sjóði og stofnanir, sem vinna að og veita styrki til vísindastarfa, í því skyni að samræma eftir föngum störf þessara aðila.

G. Fjárstjórn o. fl.

Stjórn sjóðsins annast bókfærslu og semur reikninga árlega. Ber að endurskoða þá með sama hætti og aðra reikninga opinberra stofnana. Reikninga ber að leggja fyrir Ríkisþingið.

Fjárlagaárið er reikningsár sjóðsins.

Nú er tekjum sjóðs ekki úthlutað að fullu tiltekið ár, og fær stjórn sjóðsins þá fjárhæð til ráðstöfunar til þeirra málefna, sem heimilt er að styrkja samkvæmt reglum sjóðsins.

Stjórn sjóðsins ber að senda skýrslur um starfsemi sjóðsins ár hvert til Ríkisþingsins, menntamálaráðuneytis, landbúnaðarráðuneytis og fjármálaráðuneytis. Menntamálaráðuneyti sér um, að skýrsla þessi sé send öðrum ráðuneytum og einnig stofnunum, sem ætla má, að þarflegt sé að senda skýrsluna.

Þess skal að lokum getið, að árlega nema úthlutanir úr sjóði þessum um 1.6 til 1.7 millj. d. kr.

IV.

Noregur.

Í Noregi eru nokkrir sjóðir, sem ætlað er að stuðla að vísindum, en þeir eru þó fæstir verulega öflugir. Af sjóðunum má nefna þessa: Nansens-sjóðinn og þá sjóði, sem við hann eru tengdir. Mun fé þeirra nema um 12½ millj. norskra króna. Norsk varekrigsforsikrings fond, um 3½ millj., og gjafasjóður C. Mohr, sem nemur rösklega 1 millj. króna. Vísindarannsóknasjóðurinn frá 1919, sem stofnaður var með 3 millj. kr. framlagi með ályktun Stórþingsins 18. júlí 1919, mun nú nema um 4.8 millj. Sjóðurinn greinist í tvær deildir, hugvísindadeild og náttúruvísindadeild, og skiptist fé sjóðsins milli þeirra deilda nokkuð að jöfnu. Langöflugasti

vísindasjóður Noregs er þó ótalinn, þar sem er sjóður sá, sem vísindastarfsemi hlýtur um hendur Norskra getrauna h/f. Til þessarar getraunastarfsemi var stofnað með ályktun Stórþingsins 21. júní 1946. Voru þau ákvæði þá sett um tekjur getrauna, að þær skyldu skiptast milli íþróttahreyfingar og vísindastarfsemi á þá lund, sem nú greinir:

1. 1 millj. kr. tekjur ganga óskiptar til íþróttamála.
2. Af tekjum frá 1 millj. til 2 millj. ganga 80% til íþróttamála auk þeirrar 1 millj. kr., sem greinir í 1. tölulið.
3. Af 2 til 3 millj. kr. tekjum renna 60% til íþróttamála.
4. Af tekjum frá 3 til 4 millj. kr. renna 40% til íþróttamála.
5. Af tekjum, sem nema meiru en 4 millj. kr., ganga 20% til íþróttamála.

Það fé, sem ekki gengur til íþróttamála, rennur óskipt til vísindastarfsemi.

Á fjárlagaárinu 1953—1954 (þ. e. á einu ári) námu þær fjárhæðir, sem runnu af getraunafé til vísinda- og fræðistarfsemi í Noregi, röskum 13 millj. norskra króna, en úr öðrum sjóðum, sem hlynna að vísindastarfsemi, er áætlað að úthlutað hafi verið um 2.6 millj. kr. Sést af þessu, að getraunaféð er langdrýgsta tekjulindin fyrir norsk vísindi.

Skipulagið á úthlutun getraunafjárins er í stórum dráttum á þá lund, að komið er við sérstakri yfirstjórn með þessu fé (Forskningsrådenes fellesutvalg), en að öðru leyti starfar sjóðurinn í þremur deildum. Nefnast deildirnar: Norges almenvitenskapelige forskningsråd, Norges landbruksvitenskapelige forskningsråd og Norges teknisk-naturvitenskapelige forskningsråd. Skal nú gerð grein fyrir hvoru tveggja, yfirstjórn sjóðsins og deildunum.

1. Yfirstjórn sjóðsins.

Hún er skipuð formanni og 10 meðlimum, ásamt varamönnum, og skipar konungur þá alla.

Stjórnarmenn eru nefndir til af eftirfarandi aðilum:

1. 3 eru nefndir til af rannsóknarráði almennra vísinda.
2. 2 eru nefndir til af rannsóknarráði landbúnaðarvísinda.
3. 2 eru nefndir til af rannsóknarráði tæknivísinda og náttúruvísinda.
4. 1 er fulltrúi kirkju- og menntamálaráðuneytis.
5. 1 er fulltrúi landbúnaðarráðuneytis.
6. 1 er fulltrúi iðnaðar-, iðju- og sjávarútvegsmálaráðuneytis.

Kjörtímabil formanns og annarra stjórnarmanna er 4 ár.

Konungur virðist skipa formann án kosningar.

Hlutverk yfirstjórnarinnar er að gera tillögur til menntamálaráðuneytis um það, hvernig skipta skuli getraunafé milli deilda sjóðsins. Samkvæmt þessu ákvæði er það ráðuneytið, sem sker úr því til fullnaðar, hvernig skiptingin verði framkvæmd, en sjálfsagt fer ráðuneytið að jafnaði eftir tillögum yfirstjórnar sjóðsins. Yfirstjórnin á enn fremur að fjalla um málefni, sem hafa sameiginlegt gildi fyrir deildirnar allar. Hún skal vera ríkisstjórn og ráðuneytum til aðstoðar í málefnum, sem varða fjárframlög til vísinda, og enn fremur láta uppi ýmiss konar upplýsingar, sem einstaklingar eða opinberir aðilar kunna að leita eftir og varða starfsemi ráðanna þriggja.

2. Deildirnar þrjár.

A. Rannsóknarráð almennra vísinda.

Í ráði þessu eru 5 greinaflokkar, og eiga 32 meðlimir sæti í ráðinu. Skiptast þeir svo á greinaflokka:

a. Tungumál og sagnfræði, 6 meðlimir.
b. Félagsvísindi, 6 meðlimir.

c. Sálfræði og uppeldisfræði, 6 meðlimir.
d. Náttúruvísindi, 8 meðlimir.
e. Læknisfræði, 6 meðlimir.

Ráðsmenn eru skipaðir af konungi, að mestu eftir tillögum frá háskóladeildum og vísindalegum stofnunum, en að nokkru eftir tillögum ráðuneyta. Skipunartími er 4 ár. Konungur skipar formann ráðsins og varaformann, en hver greinarflokkur velur formann. Stjórn ráðsins er skipuð formönnum greinarflokkanna fimm, og auk þess formanni ráðsins og varaformanni.

Hlutverk rannsóknarráðs í almennum vísindum er þetta:

1. að styrkja vísindamenn eða vísindastofnanir til þess að starfa að tilteknum rannsóknarefnum,
2. að styrkja vísindastofnanir með því að veita þeim fjárstyrk til þess að setja á stofn nýjar rannsóknarstöðvar,
3. að styrkja rannsóknir, sem ráðið sjálft efnir til annaðhvort við rannsóknarstöðvar, sem þegar eru til, eða við rannsóknarstöðvar, sem ráðið stofnar til,
4. að veita að öðru leyti fjárstyrki til vísindamanna eða manna, sem sérmennta sig til vísindastarfa,
5. að styrkja með fé útgáfu vísindarita eða alþýðlegra fræðirita, og getur ráðið sjálft staðið að útgáfu slíkra rita.

Ráðið hefur þegar stofnað til ýmissa rannsóknarstöðva.

B. Rannsóknarráð landbúnaðarvísinda og C. Rannsóknarráð tækni- og náttúruvísinda eru skipuð með hliðstæðum hætti og starfa að svipuðum verkefnum og rannsóknarráð almennra vísinda. Þykir því ekki þörf að ræða nánar um þau.

Á árinu 1953—1954 var fé því, sem rann til vísinda af getraunafé, skipt svo milli rannsóknarráðanna þriggja:

1. Rannsóknarráð almennra vísinda	4,550	millj. kr.
2. Rannsóknarráð tækni- og náttúruvísinda	5,530	— —
3. Rannsóknarráð landbúnaðarvísinda	2,920	— —

Af skýrslum ráðanna er sýnilegt, að mjög er reynt að hlynna að ungum vísindamönnum og mönnum, sem eru í vísindalegu sérnámi.

Eins og boðað er hér að framan, er þetta aðeins bráðabirgðagreinargerð. Fyllri greinargerð verður rituð, þegar frekari gagna er völ.

Ed. 546. Frumvarp til laga [176. mál]

um breyting á lögum nr. 56 frá 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1957.)

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Undanþegnar öllum skemmtanaskatti eru þessar skemmtanir:

a. Fræðandi fyrirlestrar.
b. Innanfélagsskemmtanir, aðrar en dans, sem aðeins eru fyrir félagsmenn og gesti þeirra. En sannist það, að utanfélagsmenn hafi átt kost á að kaupa aðgöngumiða að slíkum skemmtunum, skal það skoðað sem brot á lögum þessum, og ber þá að greiða skatt af slíkri skemmtun eftir 2. gr. 2. flokki.
c. Skemmtanir skóla og skólafélaga, annarra en dansskóla, enda séu þær aðeins fyrir nemendur og kennara, ásamt gestum þeirra, og haldnar undir umsjá skólastjórnar.

d. Leiksýningar Þjóðleikhússins og hljómleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands.
e. Kvikmyndasýningar í Reykjavík á vegum sáttmálasjóðs og kvikmyndasýningar bæjarsjóðs Akraness og Hafnarfjarðar, enda sé tekjunum varið á sama hátt og nú. Enn fremur er ráðherra heimilt að undanþiggja skemmtanaskatti kvikmyndasýningar eins kvikmyndahúss, er rekið sé af opinberum aðila, í hverjum hinna annarra kaupstaða, enda sé tekjum af þeim varið til menningar- eða mannúðarmála.
f. Íþróttasýningar, sem áhugamenn einir taka þátt í, enda renni ágóðinn óskiptur til íþróttastarfsemi.

Aðrar undanþágur eru óheimilar. Þó er ráðherra heimilt að láta haldast að nokkru eða öllu leyti undanþágur þær frá greiðslu skemmtanaskatts, er þær skemmtanir hafa notið, sem haldnar eru til fjáröflunar fyrir góðgerðar-, líknar- og björgunarstarfsemi, sjúkrasjóði með staðfestri skipulagsskrá, sjúkrahús, elliheimili, æskulýðsheimili, Tónlistarskólann í Reykjavík, kirkjustarfsemi eða bindindisstarfsemi, sem nýtur styrks úr ríkissjóði.

2. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Skemmtanaskatti þeim, sem innheimtur er samkvæmt lögum þessum, skal varið þannig, sbr. þó ákvæði 7. gr.:

a. 50% skattsins skulu renna í félagsheimilasjóð og skal varið samkv. lögum nr. 77/1947.
b. 50% skattsins skulu renna í rekstrarsjóð Þjóðleikhússins og skal varið samkv. ákvæðum laga nr. 86/1947.

3. gr.

Á eftir 6. gr. laganna komi ný grein, er verður 7. gr., og orðast þannig:

Innheimta skal skemmtanaskatt samkv. 2. gr. og viðaukum við lög þessi með 10% álagi, og skulu tekjur af því renna til Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

4. gr.

Á eftir 7. gr. komi ný grein, er verður 8. gr., svo hljóðandi:

Leggja skal sérstakt gjald á alla selda aðgöngumiða að kvikmyndasýningum, öðrum en kvikmyndasýningum fyrir börn, og dansleikjum í kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa 1500 íbúa eða fleiri. Nemur gjald þetta 1 kr. á hvern seldan aðgöngumiða að kvikmyndasýningum og 2 kr. á hvern seldan aðgöngumiða að dansleik. Gjald þetta er undanþegið álagi samkvæmt lögum nr. 91/1956 og álagi samkvæmt 3. gr. laga þessara, svo og söluskatti skv. lögum nr. 96/1956 og gjaldi til útflutningssjóðs skv. lögum nr. 86/1956.

Gjald þetta rennur óskipt í menningarsjóð.

Um innheimtu gjalds þessa skulu gilda sömu reglur og um innheimtu annars skemmtanaskatts samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 115/1951, um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 56/1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús o. fl., og lög nr. 85/1947, um breyting á lögum nr. 56/1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús o. fl.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, en ákvæði 2. gr. skulu þó eigi koma til framkvæmda fyrr en frá og með 1. júlí 1957.

Ákvæði til bráðabirgða.

Af hagnaði Viðtækjaverzlunar ríkisins árin 1957—1961, að báðum árum meðtöldum, skulu $\frac{3}{5}$ hlutar renna í ríkissjóð til greiðslu eftirstöðva af byggingar-

skuldum Þjóðleikhússins, sem ríkissjóður hefur tekið að sér að greiða, en allt að 2/5 hlutum er ráðherra heimilt að ráðstafa til Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Verði sú heimild eigi notuð að einhverju eða öllu leyti, skal sá hluti, sem eigi er ráðstafað til Sinfóníuhljómsveitarinnar, renna í ríkissjóð til viðbótar við áðurgreinda 3/5 hluta.

Frá 1. janúar til 1. júlí 1957 skulu 4% skemmtanaskatts, sem lestrarfélög nutu fyrir gildistöku laga nr. 42/1955, um almenningsbókasöfn, renna til kennslukvikmyndasafns.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu felast fyrst og fremst fernar breytingar á gildandi lögum:

1. Settar eru skýrari reglur um undanþágur undan skemmtanaskatti en eru í lögum þeim, sem nú gilda.
2. Breytt er ákvæðum um skiptingu tekna af skemmtanaskatti.
3. Lagt er gjald á aðgöngumiða að kvikmyndasýningum og dansleikjum, og renni það í Menningarsjóð.
4. Hagnaði Viðtækjaverzlunar árin 1957—61 er ráðstafað í ákveðnu skyni.

Í gildandi lögum um skemmtanaskatt segir m. a., að „skemmtanir, sem haldnar eru í góðgerðarskyni eða til styrktar málefna, er miða að almenningsheill“, skuli undanþegnar skemmtanaskatti. Á grundvelli þessa ákvæðis hafa ýmsar undanþágur undan greiðslu skemmtanaskatts verið veittar. En jafnan hefur verið talinn leika nokkur vafi á því, hvernig túlka bæri þetta ákvæði. Á síðari árum hafa beiðnir um undanþágu undan skattgreiðslunni farið sívaxandi, einkum eftir að dómur gekk um það í hæstarétti, að fjáröflun staðbundinna félaga eins og Fegrunarfélags Reykjavíkur skyldi falla undir þetta ákvæði laganna, en áður hafði verið litið svo á, að í því sambandi kæmi einungis til greina starfsemi, er varðaði landið allt. Má búast við, að æ fleiri samtök geti talið undanþáguákvæði laganna eiga við fjáröflun sína, að gildandi lögum óbreyttum, og tekjur af skemmtanaskatti rýrni af þeim sökum mjög verulega. Tekjuþörf þeirra aðila, sem skemmtanaskattsins eiga að njóta, hefur hins vegar farið vaxandi, og fer nú allfjarri því, að skatturinn sé þeim nægilegur, miðað við þá skiptingu hans, sem gildandi lög gera ráð fyrir.

Í lögum þeim, sem nú gilda, eru nefndar ákveðnar tegundir skemmtana, sem undanþegnar skuli skemmtanaskatti. Þeim ákvæðum er öllum haldið í þessu frv. og við bætt kvikmyndasýningum sáttmálasjóðs og bæjarsjóðs Akraness og Hafnarfjarðar, enda sé tekjunum varið á sama hátt og nú. Þessar kvikmyndasýningar hafa verið undanþegnar skemmtanaskatti samkvæmt hinu almenna ákvæði, sem vitnað var til að framan, svo að hér er að því leyti ekki um breytingu á ríkjandi skipun að ræða. Hins vegar er í frumvarpinu gert ráð fyrir heimild fyrir ráðherra til þess að undanþiggja skemmtanaskatti eitt kvikmyndahús, sem rekið sé af opinberum aðila, í öðrum kaupstöðum landsins. Þá er í frv. ákvæði um, að hljómleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands skuli undanþegnir skattinum, og er það nýmæli. Hljómsveitin er styrkt af opinberu fé, svo að ekki þykir rétt, að greiddur sé skemmtanaskattur af hljómleikum hennar fremur en leiksýningum Þjóðleikhússins. Ýmsum fyrirtækjum og samtökum hafa og verið veittar undanþágur frá greiðslu skatts með hliðsjón af nefndu ákvæði. Í þessu frv. er menntamálaráðherra heimilað að láta þessar undanþágur haldast að nokkru eða öllu leyti. Hins vegar er kveðið svo á, að óheimilt sé að veita nýjar undanþágur.

Stefna þessa frv. varðandi undanþágurnar er þannig sú, að láta þær undanþágur, sem þegar hafa verið veittar, haldast í meginatriðum, en stöðva þó þá þróun, að æ fleiri aðilar geti losnað við greiðslu skattsins og þannig dregið úr stuðningi við þá starfsemi, sem tekjum af skattinum er ætlað að efla, en það er fyrst og fremst rekstur Þjóðleikhússins og bygging félagsheimila. Ef áframhald yrði á þróun síðustu ára í þessum efnum, má hiklaust búast við, að tekjur af skattinum

rýrnuðu verulega. Hins vegar yrði vafalaust talið nauðsynlegt að sjá bæði Þjóðleikhúsi og félagsheimilum áfram fyrir ekki minni tekjum en þau njóta nú, svo að taka yrði tilsvarandi upphæðir á fjárlög.

Ekki er rétt að gera ráð fyrir auknum tekjum af skemmtanaskatti vegna frv. þessa frá því, sem verið hefur. Markmiðið er á hinn bóginn að koma í veg fyrir, að tekjurnar rýrni á næstu árum.

Samkvæmt gildandi lögum er skemmtanaskatti skipt svo sem hér segir: 42% renna í rekstrarsjóð Þjóðleikhússins, 35% renna í félagsheimilasjóð, 15% er varið til greiðslu á byggingarskuldum Þjóðleikhússins og 8% renna til lestrarfélaga og til kaupa á kennslukvikmyndum. Þá er og innheimtur 10% viðauki við skemmtanaskattinn, og er honum varið til styrktar Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Samkvæmt þessu frv. skal tekjum af skattinum skipt til helminga milli rekstrarsjóðs Þjóðleikhússins og félagsheimilasjóðs. Þegar sett voru lög um félagsheimili 1947, var gert ráð fyrir því, að helmingur skattsins skyldi renna til styrktar byggingu þeirra. 1950 var þessu breytt, og ákveðið, að 15% skattsins skyldi ganga til þess að greiða byggingarskuldir Þjóðleikhússins, sem reynzt höfðu meiri en gert hafði verið ráð fyrir, en hluti félagsheimilasjóðs skertur að sama skapi. Í þessu frv. er hluti félagsheimilasjóðs aftur hækkaður í helming. Til greiðslu á byggingarskuldum Þjóðleikhússins hefur verið varið 15% af skemmtanaskatti og tekjuafgangi Viðtækjaverzlunar ríkisins 1951—1956. Í ársbyrjun 1957 átti ríkissjóður eftir að fá endurgreiddar 3 millj. kr. vegna byggingarskuldanna. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að hagnaður Viðtækjaverzlunarinnar renni áfram í ríkissjóð á árunum 1957—61. Skal $^3/_5$ hlutum hans varið til þess að greiða byggingarskuldirnar, en heimilt skal að verja $^2/_5$ hlutum hans til rekstrar Sinfóníuhljómsveitarinnar. Á síðastliðnu ári nam hagnaður Viðtækjaverzlunarinnar rúmlega einni milljón kr. Miðað við þá upphæð yrðu skuldirnar að fullu greiddar á nefndu tímabili.

Áður en sett voru lög nr. 42/1955, um almenningsbókasöfn, nutu lestrarfélög 4% af skemmtanaskatti. Nú er hins vegar veitt fé til þeirra þarfa á fjárlögum. Öðrum 4% er varið til kaupa á kennslukvikmyndum eða um 225 000 kr. Í þessu frv. er gert ráð fyrir, að þessum 8% verði bætt við hluta Þjóðleikhússins og hann þannig aukinn í 50%. Gert er ráð fyrir, að ákvæði frv. komi til framkvæmda á miðju ári, ef það verður að lögum. 8% skattsins á fyrra helmingi ársins tryggja svipaða upphæð til kaupa á kennslukvikmyndum og verið hefur til ráðstöfunar í því skyni. Á næsta ári er hins vegar gert ráð fyrir því, að fjárveiting verði tekin í fjárlög til þessara þarfa, svo sem gert var varðandi bókasöfnin, enda eðlilegast, að kostnaður vegna kennslukvikmynda sé greiddur á hliðstæðan hátt og annar skólakostnaður. Ekki munu þó hljótast af þessu ný útgjöld fyrir ríkissjóð. Samkvæmt fjárlögum er heimilt að greiða 450 000 kr. rekstrarhalla á Þjóðleikhúsinu. Á síðastliðnu ári var rekstrarhallinn hins vegar 734 000 kr., auk tekna leikhússins af skemmtanaskatti, sem námu 2.3 millj. kr. Ef Þjóðleikhúsið fær helming skattsins í sinn hlut, munu tekjur þess aukast um 400 000—500 000 kr. eða svipaða upphæð og heimilt er nú að greiða því úr ríkissjóði. Ætti skattaukningin að geta komið í stað þeirrar greiðslu. Tekjur leikhússins af hálfum skattinum munu nema um 2.8 millj. kr., miðað við reynslu síðasta árs. Ætti sú upphæð að nægja til rekstrar leikhússins. Síðastliðin fimm ár hefur halli þess, umfram tekjur þess af skemmtanaskatti, numið um 400 000 kr. árlega að meðaltali, en það er nokkru lægri upphæð en gera má ráð fyrir að tekjur leikhússins aukist um, ef frv. þetta verður að lögum.

Hluti félagsheimilasjóðs af skemmtanaskattinum nam á síðastliðnu ári 1.9 millj. kr. Forráðamenn sjóðsins telja hins vegar, að árlegar tekjur hans þyrftu að vera 2.8 millj. kr. til þess að geta fullnægt brýnni þörf á greiðslum til þeirra framkvæmda, sem félagsheimilasjóði er ætlað að styðja. Miðað við heildarupphæð skemmtanaskattsins á síðastliðnu ári, 5.6 millj. kr., er þetta einmitt sú upphæð, sem sjóðurinn mundi fá, að óbreyttum tekjum af skattinum, ef frv. þetta yrði að lögum.

Þá er í frv. ákvæði um gjald á alla selda aðgöngumiða að dansleikjum og kvikmyndasýningum, öðrum en sýningum fyrir börn. Gildir þetta í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem íbúar eru 1500 eða fleiri. Gjaldið af kvikmyndasýningarmiðum er 1 kr. á hvern miða, en 2 kr. af aðgöngumiðum að dansleikjum. Gjald þetta skal renna óskipt í Menningarsjóð til þess að kosta þau verkefni, sem sjóðnum eru ætluð og gerð er grein fyrir í sérstöku frv., sem lagt verður fram samhliða þessu, en þar er m. a. gert ráð fyrir ákveðnu framlagi úr Menningarsjóði til Vísindasjóðs, sem einnig verður lagt fram sérstakt frv. um. Tekjur af gjaldi þessu munu geta numið um 2 millj. kr.

Ed. 547. Breytingartillaga [128. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 90 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl.

Frá iðnaðarmálaráðherra.

Aftan við 2. gr. bætist nýr liður, svo hljóðandi:

ff. Að fella niður eða lækka aðflutningsgjöld af vefnaðargarni úr baðmull og gerviefnum, ef viðtakandi vörunnar rekur dúkaverksmiðju og þess er getið í aðflutningsskýrslu, að garnið verði einungis notað til framleiðslunnar.

Nd. 548. Frumvarp til laga [128. mál]

um breyting á lögum nr. 90 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl.

(Eftir eina umr. í Ed.)

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. eru gerðar þessar breytingar:

		Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
1.	Á eftir nr. 58 í 28. kafla kemur nýtt númer, svo hljóðandi:			
	58a Netjatjara og netjalitur	1 kg		2
2.	Á eftir orðunum „koma í veg fyrir ketilstein“ í nr. 59 í 28. kafla kemur: og ryð.			
3.	Aftan við nr. 2 í 39A. kafla kemur svo hljóðandi athugasemd:			
	Aths. Ráðuneytinu er heimilt að lækka aðflutningsgjöld af plastumbúðum af sérstakri gerð utan um íslenzkar afurðir til útflutnings.			
4.	Á eftir nr. 6 í sama kafla kemur nýtt númer, svo hljóðandi:			
	6a — plastflot til netjagerðar	—	2	2
5.	Í stað nr. 4 í 39B. kafla koma þrjú númer, svo hljóðandi:			
	— plötur, þræðir, stengur ót. a.:			
	4 — — úr svampgúmmíi til skógerðar	—	7	8
	4a — — úr svampgúmmíi til annars	—	7	20
	4b — — úr öðru	—	7	8
6.	Nr. 33 í 44. kafla (Vaxbornar umbúðir). Liðurinn fellur niður.			
7.	Aftan við nr. 34 í 44. kafla kemur svo hljóðandi athugasemd:			
	Aths. Ráðuncytinu er heimilt að lækka aðflutningsgjöld af pappaumbúðum af sérstakri gerð utan um íslenzkar afurðir til útflutnings.			

		Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
8.	Nr. 1 og 2 í 45. kafla orðast svo:			
	— með íslenzkum texta			
	— — bundið	1 kg	2	25
	— — annað	—	2	15
9.	Við athugasemdina við nr. 2 í 45. kafla bætist:			
	Enn fremur er ráðuneytinu heimilt að fella niður aðflutningsgjöld af ritum, sem Vestur-Íslendingar láta prenta vestan hafs á íslenzku, og af forn- og fræðiritum og öðrum þess háttar ritum á íslenzku.			
10.	Í stað nr. 15 í 45. kafla koma tvö númer, svo hljóðandi:			
	Auglýsingaspjöld og auglýsingaskilti, áletruð, einnig úr öðrum efnum:			
	15 — með íslenzkum texta	—	2	25
	15a — önnur	tollfrjáls		
11.	Á eftir nr. 27 í 63. kafla kemur nýtt númer, svo hljóðandi:			
	27a Vélavírdúkur	—	2	8
12.	Í stað nr. 85—86a í 63. kafla koma tvö númer, svo hljóðandi:			
	Blikkdósir og kassar:			
	85 — málað, áletrað, lakkað eða skreytt	—	7	30
	86 — annað	—	7	20
13.	Nr. 5 í 67. kafla orðast svo:			
	5 Blýlóð (sökkur) svo og nótablý	—		2
14.	Nr. 36 í 72. kafla orðast svo:			
	36 — allt að 100 hestafla	—	2	8
15.	Aftan við nr. 3 í 75. kafla koma tvö ný númer, svo hljóðandi:			
	3a — kranabifreiðar	—	2	10
	3b — steypuhræribifreiðar	—	2	10
16.	Nr. 1—5 í 79. kafla orðast svo:			
	1 Flygel og pianó	—	7	30
	2 Hlutar til flygela og pianóa	—	7	15
	3 Orgel og harmonium	—	7	30
	Aths. Ráðuneytinu er heimilt að fella niður verðtoll af orgelum til kirkna og hljóðfærum fluttum inn til notkunar við kennslu í skólum.			
	4 Hlutar til orgela og harmonia	—	7	15
	5 Strengjahljóðfæri og hlutar til þeirra, ót. a.	—	7	30
17.	Nr. 7—8a í 79. kafla orðast svo:			
	Blásturshljóðfæri:			
	7 — önnur og hlutar til þeirra	—	7	30
	8 Harmoníkur	—	7	30
	8a Hlutar til harmoníka	—	7	15
18.	Aftan við nr. 7 í 85. kafla kemur nýtt númer, svo hljóðandi:			
	8 Ferðaskrín og önnur þess háttar skrín með speglum, burstum og öðrum snyrtiáhöldum, búsáhöldum o. þ. h., ót. a.	—	7	50

2. gr.

Á 3. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

Í stað p- og r-liða kemur nýr liður, svo hljóðandi:

p. Að láta koma til framkvæmda tollfrelsisákvæði alþjóðasamnings frá 25. sept. 1956, um sameiginlega greiðslu kostnaðar af tiltekinni flugþjónustu á Íslandi.

v-liður orðast svo:

v. Að fella niður eða lækka aðflutningsgjöld á allt að 50 bifreiðum árlega fyrir fólk með útvortis bæklanir eða lamanir, enn fremur fólk með lungnasjúkdóma og aðra hliðstæða sjúkdóma og loks fólk, sem þjáist af afleiðingum slysa, allt á svo háu stigi, að það getur ekki farið ferða sinna án farartækis. Enn fremur að fella niður aðflutningsgjöld af hjólastólum og gervilimum, enda sé þörf fyrir þessar vörur sönnuð með nákvæmu læknisvottorði. Eftirgefin aðflutningsgjöld af hverri einstakri bifreið mega ekki nema hærri fjárhæð en kr. 40 000.00.

Fjármálaráðherra skipar þriggja manna nefnd, sem úrskurðar umsóknir um eftirgjafir aðflutningsgjalda af bifreiðum, og er ákvörðun nefndarinnar fullnaðarúrskurður um þetta efni. Skulu nefndarmenn vera læknar, og er einn nefndarmanna skipaður eftir tilnefningu Sambands íslenzkra berklasjúklinga, annar eftir tilnefningu Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra og sá þriðji án tilnefningar.

Fjármálaráðherra setur nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara ákvæða, ef með þarf. Frá 1. júní og til ársloka 1957 er þó aðeins heimilt að fella niður eða lækka aðflutningsgjöld af 25 bifreiðum.

Á eftir bb-lið koma fjórir nýir liðir, svo hljóðandi:

cc. Meðan tilbúinn áburður er tollfrjáls, að endurgreiða Áburðarverksmiðjunni aðflutningsgjöld af umbúðum og efnivörum til framleiðslunnar.

dd. Meðan heimilt er að fella niður aðflutningsgjöld af ómöluðu korni, að fella niður á sama hátt aðflutningsgjöld af kornvörum, kornblöndum og melassa til skepnufóðurs.

ee. Að innheimta sömu aðflutningsgjöld af hvalveiðaskutlum, hvalveiðabyssum og skotfærum til þeirra og veiðarfærum.

ff. Að fella niður eða lækka aðflutningsgjöld af vefnaðargarni úr baðmull og gerviefnum, ef viðtakandi vörunnar rekur dúkaverksmiðju og þess er getið í aðflutningsskýrslu, að garnið verði einungis notað til framleiðslunnar.

3. gr.

Síðari málsliður síðustu málsgr. 7. gr. laganna fellur niður.

4. gr.

Á eftir 25. gr. laganna kemur ný grein, sem verður 26. gr., svo hljóðandi:

Aðflutningsgjöld skal innheimta í heilum krónum, þannig að 50 aurar og þar fram yfir telst 1 króna, en minni upphæð skal sleppt.

5. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 2. málsgr. 36. gr. laga nr. 32 14. júní 1929, um loftferðir.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 549. Frumvarp til laga [123. mál]

um breyting á lögum nr. 77 27. júní 1921, um hlutafélög

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Aftan við orðin „samanlagðra atkvæða í félaginu“ í 2. málsgr. 31. gr. laganna bætist: nema eigendur hlutabréfanna séu ríkið eða ríkisstofnanir, sveitarfélög, stofnanir þeirra eða samvinnufélög.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 550. Breytingartillögur [29. mál]

við frv. til l. um gjald af innlendum tollvörutegundum og tollvöruframleiðslu.

Frá Birni Ólafssyni.

1. Við 3. gr. Við upptalningu 2. kafla bætist undir tölulið 8:
   Rjóma- og mjólkurís ..... 1 kg 800
2. 5. gr. orðist svo:
   Vörur verða gjaldskyldar samkv. lögum þessum, þegar þær eru fullgerðar. Gjaldið fellur í gjalddaga um leið og vörugerðarmaður lætur vörurnar af hendi.
   Ráðherra getur þó með reglugerð heimilað innheimtumanni að veita allt að þriggja mánaða frest á greiðslu gjaldsins frá byrjun næsta mánaðar eftir framleiðslu vörunnar.
   Vörugerðarmaður skal skila innheimtumanni skýrslu innan viku frá lokum hvers mánaðar um framleitt gjaldskylt vörumagn í mánuðinum, vörubirgðir í byrjun mánaðarins og selt vörumagn í mánuðinum.
   Hafi greiðsla gjaldsins ekki farið fram fyrir lok þess mánaðar, sem það skal greiðast í, skal greiða dráttarvexti 1% fyrir hvern byrjaðan mánuð frá gjalddaga. Þá getur tollyfirvald bannað vörugerðarmanni alla framleiðslu, sölu og afhendingu á öllum innlendum tollvörutegundum og efnivörubirgðum, unz skil eru gerð á gjaldinu. Sama gildir og, ef vörugerðarmaður skilar ekki skýrslu yfir framleiðslu sína á réttum tíma eða færir ekki bókhald sitt eins og fyrir er mælt.
3. 7. gr. orðist svo:
   Nú verður tollvara ósöluhæf eða óseljanleg af einhverjum ástæðum, áður en vörugerðarmaður lætur hana af hendi, og má þá undanþiggja hana gjaldi, enda sé hún eyðilögð undir eftirliti tollyfirvalds. Sama gildir, ef gallar koma fram á vöru strax eftir afhendingu.
4. 9. gr. orðist svo:
   Vörur, sem gjaldskyldar eru samkvæmt lögum þessum, skulu vera í umbúðum, er sérstaklega eru einkenndar með vörumerki eða nafni framleiðanda. Skal þyngdar eða magns vörunnar getið á umbúðunum. Undanþágu má veita frá þessu ákvæði, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Óheimilt er verzlunum og öðrum smásölustöðum að hafa á boðstólum tollvörur, nema þær fullnægi ákvæðum þessara laga.
5. 12. gr. orðist svo:
   Heimilt er tollyfirvaldi hvenær sem er að láta rannsaka birgðir vörugerðarmanns af tollskyldum framleiðsluvörum og leggja fyrir hann að gera birgðatalningu undir tolleftirliti.
   Hafi tollyfirvald rökstuddan grun um, að vörugerðarmaður hafi gefið rangar upplýsingar um framleiðslu sína, skal því heimilt að úrskurða, að rannsókn fari fram á bókhaldi vörugerðarmanns, er snertir framleiðslu og sölu tollskyldrar vöru.

Nd. **551. Frumvarp til laga** [83. mál]

um lax- og silungsveiði.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

I. KAFLI
Orðaskýringar.

1. gr.

Merking orða í þessum lögum er sem hér segir:

Alifiskur: Fiskur, sem alinn er eða látinn ganga sjálfala í tjörnum eða kössum.

Á: Straumvatn frá ósasvæði til upptaka.

Áll: Sá staður langs eftir vatni, stöðuvatni eða straumvatni, þar sem dýpi er mest milli grynninga eða sandeyra, sem eigi teljast bakkar. Nú eru fleiri álar en einn, og heitir sá höfuðáll, sem vatnsmestur er.

Bakki: Fast takmark á farvegi straumvatns eða legi stöðuvatns, svo sem klettar, gróið land eða eyrar, sem vatn fellur eigi yfir í meðalvexti eða sjór um stórstraumsflæði.

Dráttur: Staður í veiðivatni, þar sem ádráttarveiði verður við komið.

Félagsveiði: Félagsskapur eigenda eða notenda veiðiréttar um sameiginlega hagnýtingu veiðihlunninda.

Fiskeldi: Geymsla, fæðsla og gæzla alifisks.

Fiskihverfi: Veiðivatn eða vötn, sem sami fiskstofn byggir og fer um fram og aftur, eða ætla má að sami fiskstofn byggi og fari um fram og aftur, þá er ræktaður hefur verið.

Fiskrækt: Hvers konar aðgerðir, sem ætla má að skapi eða auki fiskmagn veiðivatns, sbr. 44. gr.

Fiskur: Lax (Salmo salar), silungur (S. trutta og S. alpinus) og regnbogasilungur (S. irideus), ef ræktaður verður.

Fiskvegur: Hvers konar mannvirki, er gerir veiðivötn fiskgeng eða greiðir fiskför um þau.

Föst veiðivél: Veiðitæki, sem fest er í vatni og fiskur getur ánetjazt í eða króazt, svo sem lagnet, króknet, kista og girðing.

Göngusilungur: Silungur, er gengur úr sjó í ósalt vatn, svo sem sjóbirtingur (urriði) og sjóreyður (bleikja).

Kvísl: Hluti af straumvatni, sem fellur sér milli bakka.

Lögn: Staður í vatni, þar sem fastri veiðivél verður við komið.

Ós í á: Sá staður, þar sem straumur þverár sameinast straumi höfuðár.

Ós í sjó: Sá staður, þar sem straumur ár hverfur í sjó um stórstraumslágflæði.

Ós í stöðuvatn: Sá staður, þar sem straumur ár hverfur í stöðuvatni.

Ós úr stöðuvatni: Sá staður, þar sem straumlína ár hefst í stöðuvatni.

Ósasvæði: Svæði í straumvatni, er nær frá ósi í sjó upp til þess staðar, þar sem straumlína hverfur um stórstraumsflæði.

Sjór: Salt vatn utan árósa.

Straumlína (strengur): Lína, sem liggur eftir endilöngu straumvatni um þá staði þess, þar sem straumur er mestur.

Straumvatn: Ósalt vatn, á eða ósasvæði, sem í er greinilegur straumur, þá er enginn vöxtur er í, og um stórstraumslágflæði.

Stöðuvatn: Ósalt vatn, sem eigi er í greinilegur straumur, annar en sá, sem stafar af sjávarföllum, vindi eða aðrennsli í leysingum.

Vatn: Ósalt vatn með föstu legi eða farvegi, straumvatn eða stöðuvatn.

Vatnasilungur: Silungur, sem elur allan aldur sinn í ósöltu vatni, svo sem vatnaurriði, vatnableikja (reyður), lækjarsilungur og murta.

Veiðimagn: Samanlögð þyngd veiddra fiska.
Veiðimál: Hvers konar mál, er lúta að lax- og silungsveiði, fiskrækt eða fiskeldi.
Veiðitala: Tala veiddra fiska.
Veiðivatn: Á eða stöðuvatn, sem veiði er í eða mætti í vera, ef fiskur væri ræktaður þar.
Veiðivél: sjá föst veiðivél.

II. KAFLI
Um veiðirétt.

2. gr.

1. Landeiganda er einum heimil veiði í vatni á landi sínu, enda sé eigi öðruvísi mælt í lögum þessum.
2. Nú hefur maður fengið veiðiskírteini, slíkt er getur í 22. gr., og er honum þá veiði heimil hvar sem er til fiskræktar eða vísindalegra rannsókna. Eigi má drepa fisk, sem veiddur er vegna fiskræktar. Veiðieiganda er rétt að hagnýta sér fisk, sem veiddur er til vísindalegra rannsókna. Að öðru leyti ber veiðieiganda ekki endurgjald fyrir veiði þessa.
3. Nú er jörð byggð á leigu, og fylgir þá veiði ábúð, nema öðruvísi semjist og ráðherra samþykki að fengnu áliti veiðimálastjóra.
4. Eigi má skilja veiðirétt að nokkru eða öllu leyti við landareign, hvorki fyrir fullt og allt né um tiltekinn tíma, sbr. þó 5. mgr. 14. gr. og 2. mgr. 60. gr., annan en stangarveiðirétt, en hann má skilja við landareign um tiltekið tímabil, er þó má eigi vera lengra en 10 ár, nema leyfi ráðherra komi til og veiðimálastjóri og veiðimálanefnd mæli með því, að leyfið sé veitt.
5. Nú er réttur til stangarveiði skilinn við landareign samkvæmt 4. mgr., og er þá löglegt, að landeigandi afsali sér jafnframt afnotarétti til annarrar veiði í því vatni það tímabil, er stangarveiði er við landareignina skilin.

3. gr.

1. Veiðiréttindi, er skilin hafa verið við landareign, áður en lög þessi tóku gildi, er eigendum landareigna þeirra, er þau ella mundu hafa fylgt samkvæmt 1. mgr. 2. gr., rétt að leysa til sín, hverjum fyrir sinni landareign, ef ráðherra leyfir, að fengnu samþykki veiðimálanefndar, enda krefjist ¾ hlutar þeirra innlausnar. Nú á maður fleiri jarðir en eina, og hefur hann þá eitt atkvæði fyrir lögbýli hvert, sem metið er til verðs í gildandi fasteignamati. Erfðafestuhafi skal fara með atkvæði jarða í erfðafestu í stað eiganda. Nú er landareign í óskiptri sameign, og kemur þá fulltrúi frá eigendum, er fer með eitt atkvæði fyrir þá jörð.
2. Nú er innlausnar krafizt samkvæmt 1. mgr., en eigi af hálfu allra þeirra landeigenda, er innlausnarrétt eiga, og getur þá eigandi veiðiréttar krafizt þess, að þeir landeigendur, sem innlausnar krefjast, leysi til sín veiðirétt hinna, er eigi vilja innleysa.
3. Um mat á andvirði veiðiréttar og greiðslu þess fer eftir því, sem segir í 107. og 109. gr.

4. gr.

1. Nú er landareign eða veiðiréttur í óskiptri sameign, og er þá sameigendum öllum veiði jafnheimil. Rétt er þeim, er telst vanhaldinn, að krefjast skipta á veiði, annaðhvort svo, að hvor eða hver hafi sinn hluta vatns eða veiði sinn tíma, dag eða viku, að tiltölu við eignarhluta sinn, en eigi skulu skipti lengur standa en fimm ár um sinn. Mat skal ráða, ef menn skilur á um veiðiskipti.
2. Nú er landareign í sameign, en skipt eftir merkjum, afnotaskiptum eða eignar, og á þá sameigandi hver veiði fyrir sínu landi, nema skipt hafi verið veiði samkvæmt 1. mgr. eða önnur lögmæt skipun verið á ger.

5. gr.

Búendum, sem rétt eiga til upprekstrar á afrétt, er einum heimil veiði í vötnum á þeim afrétti til búsþarfa á sama hátt sem verið hefur, enda sé veiðiréttur í þeim vötnum eigi einkaeign. Eigi má leigja veiði í slíkum vötnum eða leyfa hana með öðrum hætti. Nú er veiðifélag stofnað við slík vötn, og er því þá heimilt að ráðstafa veiði, eftir því, sem það telur henta.

6. gr.

Nú skilur vatn landareignir, enda fylgi veiðiréttur báðum landareignum, og er þá landeiganda hvorum veiði jafnheimil. Hvorum þeirra er einungis heimilt að standa að stangarveiði sínum megin ár, en bjarga má hann fiski að hinu landinu, ef nauðsyn ber til. Nú er ádráttarveiði leyfð, og má þá draga vað að hvoru landi sem vill, en bæta skal landspell eftir mati, ef eigi semur. Skipta má veiði samkvæmt 4. gr.

7. gr.

Nú leggst á eða lækur í nýjan farveg eða stöðuvatn tekur sér nýtt leg, og hverfur þá veiðiréttur til þess, sem land á undir, sbr. þó 7. og 8. gr. laga nr. 15 1923.

8. gr.

1. Landeigendum, er land eiga að stöðuvatni, er einum heimil veiði í almenningi vatns, og er hún þeim öllum jafnheimil. Nú er forn venja til þess, að veiðiréttur í almenningi stöðuvatns fylgi tiltekinni eða tilteknum landareignum, og skal sú venja gilda framvegis.

2. Nú hefur dorgarveiði um ís verið tíðkuð að undanförnu í almenningi vatns frá jörðum, er ekki eiga land að vatninu, og skal þá slík veiði heimil framvegis.

3. Rétt er að skipta veiði þeirri, er getur í þessari grein, eftir 4. gr.

9. gr.

Eigi má maður leyfa öðrum veiði fyrir sameignarlandi eða í félagsvatni (4. gr. 1. mgr.) eða almenningi (8. gr. 1. og 2. mgr.), en veiðifélagi skal þó heimilt að leyfa veiði á slíkum stöðum.

III. KAFLI

Um skrásetningu veiðivatna, merkingu veiðarfæra og veiðiskýrslur.

10. gr.

1. Skrásetja skal veiðivötn.

2. Í skránni skal greina:

a. Nafn veiðivatns og legu.
b. Hvaða jörðum fylgi veiðiréttur í vatni og frá hvaða jörðum veiði hafi stundað verið.
c. Veiðiaðferðir, er tíðkaðar hafa verið í vatni.
d. Fastar veiðivélar, er notaðar voru í vatni síðasta veiðitíma, áður en lög þessi tóku gildi, og svo þær, er síðar eru teknar til notkunar.
e. Lagnir, drætti og hrygningarstaði í vatni.
f. Fossa og aðrar fyrirstöður fyrir fiskför í vatni.
g. Önnur atriði, sem máli skipta um veiði í vatni og þörf þykir að skrásetja.

3. Veiðimálastjóri hefur með höndum skrásetningu veiðivatna. Öllum veiðieigendum er skylt að gefa honum þær skýrslur, sem hann óskar, um þau atriði, er skrásetja þarf.

4. Ráðherra er rétt að setja með reglugerð nánari ákvæði um skrásetningu veiðivatna. Í reglugerðinni má ákveða, hver veiðivötn skuli skrásetja.

11. gr.

1. Ákveða má í samþykkt fiskræktarfélags eða reglugerð, er ráðherra setur, að merkja skuli tilteknu merki öll ádráttarnet og lagnet, sem nota á til veiði í tilteknu vatni, og svo lagnet, er nota á til silungsveiða í sjó.

2. Eftirlitsmaður með veiði hefur með höndum merkingu veiðarfæra eða hreppstjóri, þar sem eigi er eftirlitsmaður við veiðivatn.

12. gr.

1. Hver sá, sem veiði stundar, skal gefa skýrslu um veiði sína. Eigandi veiðiréttinda eða veiðifélag, ef til er, skal heimta veiðiskýrslur af veiðimanni og senda þær veiðimálastjóra.

2. Skýrslur þessar skulu gerðar eftir fyrirmynd, er veiðimálastjóri setur, og skal hann sjá um, að þeir menn, sem skýrslur eiga að gefa, geti fengið skýrslueyðublöð ókeypis. Kostnaður af prentun eyðublaða greiðist úr ríkissjóði.

3. Eftirlitsmaður með veiði eða hreppstjóri, þar sem eigi er eftirlitsmaður við veiðivatn, skulu safna veiðiskýrslum hver í sínu umdæmi og senda þær veiðimálastjóra.

13. gr.

1. Ráðherra er heimilt að fyrirskipa, að hver sá, sem kaupir lax eða silung, veiddan innanlands, til sölu innanlands eða utan, og svo gistihús, matsöluhús, sjúkrahús og þess háttar stofnanir, er kaupa þessa vöru, skuli á mánuði hverjum gefa skýrslu um þessi kaup. Ráðherra setur nánari reglur um slíka skýrslugerð.

2. Ráðherra er rétt að setja reglur um merkingu lax og silungs, sem boðinn er til sölu.

IV. KAFLI

Um friðun lax og göngusilungs.

14. gr.

1. Eigi má veiða lax í sjó.

2. Nú veiðist lax í sjó í veiðitæki, sem ætluð eru til veiði annarra fiska, og skal þá þeim, er veiðir, skylt að sleppa honum í sjó aftur.

3. Nú hefur laxveiði í sjó verið metin sérstaklega til dýrleika í fasteignamati því, er öðlaðist gildi árið 1932, eða tillit hefur verið tekið til hennar við ákvörðun fasteignaverðs í því mati, og er þá sú veiði leyfileg.

4. Veiði lax og göngusilungs í sjó skal hlíta sömu reglum sem veiði í ósöltu vatni, eftir því sem unnt er. Ráðherra setur reglur um þessa veiði.

5. Nú liggur veiðivatn svo nærri sjávarveiði, slíkri sem getur í 3. mgr., að veiðimálastjóri telji, að sjávarveiðin rýri veiði í vatninu, en veiðieigendur í vatninu, einn eða fleiri, vilja leysa sjávarveiðina til sín, og er ráðherra þá rétt að leyfa það, að fengnu samþykki veiðimálanefndar. Um mat á andvirði veiðiréttar og greiðslu þess fer eftir því sem segir í 107. og 109. gr.

6. Rétt er ráðherra að takmarka eða banna veiði göngusilungs í sjó á tilteknum svæðum og um tiltekinn tíma, enda æski veiðinotendur eða fiskræktar- eða veiðifélag slíkrar friðunar og sýslunefnd mæli með henni eða bæjarstjórn, ef veiði er fyrir bæjarlandi.

15. gr.

1. Veiða má silung í sjó á færi og á stöng, í ádráttarnet og í lagnet, þó eigi í króknet, fleygnætur, herpinætur né önnur veiðitæki, þau er lax má í veiða.

2. Eigi má leggja silunganet né hafa ádrátt í sjó nær ósi straumvatns en 500 metra, enda gangi lax í það vatn. Rétt er ráðherra eftir tillögum veiðimálastjóra að

setja reglur um veiðitæki og möskvastærð netja við slíka ósa. Þó getur ráðherra að fengnu áliti veiðimálastjóra leyft ádrátt fyrir síld og loðnu á friðuðu svæði tiltekinn tíma árs.

16. gr.

1. Eigi má hafa ádrátt í ósi straumvatns eða ósasvæði.

2. Eigi má stunda aðra veiði en stangarveiði í árós í á eða árós í stöðuvatn og eigi 100 metra upp frá slíkum ósum eða 250 metra niður frá þeim. Eigi má heldur veiða fisk í árósi úr stöðuvatni, er lax eða göngusilungur fer um, né 50 metra upp eða niður frá slíkum ósi.

3. Ráðherra er rétt með samþykki veiðimálanefndar, hlutaðeigandi veiði- eða fiskræktarfélags, ef til er, og eftir tillögum veiðimálastjóra að banna alla veiði eða tilteknar veiðiaðferðir upp eða niður frá ósi, enda þyki það nauðsynlegt til viðhalds veiði í vatni. Bann þetta skal standa tiltekinn tíma, og má binda það því skilorði, að veiðieigendur eða ábúendur greiði bætur þeim aðila, sem öðrum fremur missir af veiði vegna slíks banns. Ákveða má bætur með mati samkvæmt 107. gr., ef eigi semur.

17. gr.

Í straumvatni eða hluta straumvatns, þar sem veiði er stunduð með föstum veiðivélum, skal fiskur eiga frjálsa för eftir miðju vatni, og nefnist þar gönguhelgi. Hún tekur yfir þriðjung af breidd straumvatns um miðbik, en helming af breidd óss eða ósasvæðis. Þó skal fiskur eiga frjálsa för eftir aðalstraumlínu, þótt skemmra liggi frá bakka en nemi þriðjungi af breidd vatns. Nú greinir menn á um gönguhelgi eða aðalstraumlínu, og má þá skjóta þeim ágreiningi til mats samkvæmt 107. gr.

18. gr.

1. Fiskvegir og önnur meiri háttar mannvirki, er stefna að því að auka fiskför um vatn.
2. Klakhús og eldisstöðvar, enda hafi fiskur verið alinn þar eigi skemur en 3 ár. Rétt er ráðherra að ákveða, hvaða mannvirki skuli styrkja.

106. gr.

Veita skal lán úr Ræktunarsjóði samkvæmt lögum nr. 66 31. maí 1947 til framkvæmda þeirra, sem getur í 105. gr. Lán skulu og veitt til að reisa íbúðarhús við eldisstöðvar samkvæmt lögum nr. 20 31. jan. 1952, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum, þegar fiskur hefur verið alinn þar í 3 ár og skilyrði til eldis hafa reynzt hagkvæm. Lán til íbúðarhúsa við eldisstöðvar skulu hlíta sömu reglum sem lán til íbúðarhúsa á nýbýlum.

XVI. KAFLI

Um matsgerðir og skaðabætur.

107. gr.

1. Nú greinir menn á, hvar um sé að tefla sjó, straumvatn, stöðuvatn, á, ós, ósasvæði, kvísl, ál, takmörk fiskihverfis, vatns eða hluta af vatni, svo sem ós, ósasvæði, kvísl, ál, foss, lögn eða veiðistað, legu aðalstraumlínu eða önnur slík efni, sem getur í lögum þessum, og skal þá skera úr ágreiningi með mati.

2. Mat samkvæmt 1. mgr. og annað mat, sem getur í lögum þessum, skulu framkvæma tveir menn dómkvaddir af héraðsdómara, þar sem er vatn það, er meta skal. Héraðsdómari skal að jafnaði dómkveðja menn búsetta í öðru lögsagnarumdæmi, en ráðfæra skal hann sig við veiðimálastjóra, áður en hann framkvæmir dómkvaðningu. Nú varðar mat merkivatn milli lögsagnarumdæma, og ákveður þá ráðherra, hvaða héraðsdómari dómkveður matsmenn.

3. Mati má skjóta til yfirmats, áður en liðnar eru 8 vikur frá birtingu mats. Í yfirmati eiga sæti 3 menn, er ráðherra skipar, einn meðal dómara Hæstaréttar, en annan eftir tillögu veiðimálanefndar.

4. Rétt er að skjóta ágreiningi, er getur í 1. mgr., beint til yfirmatsmanna, enda séu aðilar ásáttir um það.

5. Matsmenn ákveða kostnað af mati og skiptingu hans á aðila.

6. Rétt er matsmönnum að kveðja kunnáttumenn sér til aðstoðar, ef þörf þykir, og telst kostnaður af því til matskostnaðar.

108. gr.

1. Nú hefur veiðieigandi, er veiði átti áður en lög þessi komu til framkvæmda, misst hana með öllu fyrir þá sök, að lögin fyrirmuna honum að nota þá veiðiaðferð, er hann áður mátti einni við koma, og á hann þá kröfu til skaðabóta eftir mati, sbr. 107. gr.

2. Matsmenn samkvæmt 1. mgr. skulu leita umsagnar veiðimálastjóra og veiðimálanefndar. Skaðabætur greiðast að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr sjóði sýslu þeirrar eða sýslna, sem í hlut eiga.

109. gr.

Um fjárhæð og greiðslu bóta eða endurgjald, er greinir í lögum þessum, fer eftir lögum um framkvæmd eignarnáms.

XVII. KAFLI
Refsiákvæði og réttarfars.

110. gr.

1. Nú veiðir maður ólofað í vatni annars manns, og varðar það sektum, allt að 15000 kr. Sá, er misgert var við, skal fá allt veiðifang eða andvirði þess auk bóta fyrir annað tjón, sem hann kann að hafa orðið fyrir.

2. Nú hittist maður með veiðarfæri við veiðivatn annars manns fyrir utan venjulega vegi, og skal þá sekta hann sem væri hann sekur um ólöglega veiði, nema sannað sé, að hann hafi haft þar lögmætt erindi.

111. gr.

Það varðar mann sektum, 1000—15000 krónum, ef

a. hann veiðir á tíma, þegar veiði er bönnuð, eða á stöðum, þar sem veiði er bönnuð;
b. hann notar veiðitæki eða veiðiaðferðir, sem bannað er að nota, sbr. þó 112. gr., eða fylgir eigi reglum um tilhögun veiðitækja eða um veiðiaðferð;
c. hann veiðir fisk, sem er minni en leyft sé að veiða, eða sleppir eigi í vatn veiddum fiski, er sleppa skal;
d. hann brýtur ákvæði 23. eða 38. gr.;
e. hann spillir fiskvegi eða tálmar á ólögmætan hátt fiskför um vatn;
f. hann brýtur reglur, sem settar eru samkvæmt lögum þessum um þau efni, er greinir í stafliðum a—e.

112. gr.

Nú notar maður sprengiefni, skotvopn, rafmagn, eitruð efni eða deyfandi eða veitir vatni af fiski við veiði, og skal hann þá sæta sektum, eigi lægri en 8000 krónum, eða varðhaldi.

113. gr.

Önnur brot gegn lögum þessum eða reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, varða sektum allt að 5000 krónum. Sömu sektum varða brot á lögmætum samþykktum fiskræktarfélaga og samþykktum veiðifélaga.

114. gr.

Brot þau, er getur í a—b-liðum 111. gr. og 112. gr., teljast fullframin, jafnskjótt og veiðarfæri er komið að veiðistað, nema sannað sé, að það hafi verið flutt þangað í lögmætum tilgangi.

115. gr.

Ólögleg veiðitæki og veiðitæki, sem notuð eru með ólöglegum hætti, skulu upptæk ger. Eins fer um ólöglegt veiðifang.

116. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum og andvirði upptækra veiðitækja renna í ríkissjóð.

XVIII. KAFLI
Niðurlagsákvæði.

117. gr.

Fiskræktarfélag, veiðifélag og fiskræktar- og veiðifélag, sem löglega hafa verið stofnuð samkvæmt eldri lögum, skulu haldast, en breyta skulu þau á löglegum aðalfundi samþykktum sínum til samræmis ákvæðum þessara laga, áður en tvö ár eru liðin frá gildistöku þeirra.

118. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin:

Lög nr. 36 13. júní 1937, um klaksjóð, heimild fyrir ríkisstjórnina til að reisa klakstöðvar og til leigunáms í því skyni.

Lög nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.

Lög nr. 40 30. júní 1942, um breyting á lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.

Lög nr. 94 16. des. 1943, um breyting á lögum nr. 40 30. júní 1942, um breyting á lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.

Lög nr. 8 11. marz 1946, um breyting á lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.

Lög nr. 22 22. marz 1949, um breyting á lögum nr. 112/1941, um lax- og silungsveiði.

Lög nr. 98 18. des. 1950, um breyting á lögum nr. 40 1942, um breyting á lögum nr. 112 1941, um lax- og silungsveiði.

Lög nr. 101 23. des. 1952, um breyting á lögum nr. 112 1941, um lax- og silungsveiði.

Lög nr. 27 16. febr. 1953, um breyting á lögum nr. 36 13. júní 1937, um klaksjóð, heimild fyrir ríkisstjórnina til að reisa klakstöðvar og til leigunáms í því skyni.

Önnur ákvæði laga, er fara í bág við lög þessi.

Nd. 552. Breytingartillögur [159. mál]

við frv. til laga um skatt á stóreignir.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. Við 2. gr.
   a. Í stað 1. málsl. 1. tölul. komi:
      Fasteignir skulu metnar með því verði, sem ákveðið er í nýja fasteignamatinu samkvæmt lögum nr. 33/1955, er gekk í gildi 1. maí 1957. Þó skal landsnefndin, sem starfaði samkvæmt lögum nr. 33/1955, endurskoða mat á lóðum og hækka matsverð á þeim lóðum, sem hún telur nauðsynlegt að hækka í mati, til þess að það sé í samræmi við matsverð á öðrum fasteignum, miðað við áætlað söluverð. Er nefndin þá ekki bundin af hámarksákvæði 6. gr. laga nr. 33/1955, og heimilt er að ákveða misjafnlega mikla hækkun á matsverðinu, eftir því sem rétt þykir.
   b. Í stað „33⅓% — þrjátíu og þremur og einum þriðja af hundraði“ í 2. tölul. komi: 40% — fjörutíu af hundraði.
   c. Í stað „20% — tuttugu af hundraði“ á tveim stöðum í 2. tölul. komi: 25% — tuttugu og fimm af hundraði.

2. Við 7. gr. Við 1. málsgr. bætist:
Ákvörðun félags um það, hvort nota skuli endurkröfuheimild samkvæmt þessari grein, skal tekin á aðalfundi þess. Nú krefur hlutafélag hluthafa um endurgreiðslu á þeim skatti, sem það varð að greiða hans vegna, og er honum þá heimilt að greiða félaginu með hlutafjáreign sinni í því, á verði, sem svarar til mats á eignum félagsins til þessa skatts. Nú eignast hlutafélag af þessum ástæðum meira en 10% af greiddu hlutafé, og er því það þá heimilt án þess að hafa áður fengið leyfi atvinnumálaráðherra samkvæmt ákvæðum 2. málsgr. 28. gr. laga nr. 77/1921.

Nd. 553. Frumvarp til laga [177. mál]

um breyting á lögum nr. 10 frá 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1957.)

1. gr.

1. grein laganna orðist svo:
Landsbanki Íslands er sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins, undir sérstakri stjórn. Á Norðurlandamálunum er heiti bankans Islands Nationalbank, á ensku The National Bank of Iceland og á öðrum tungumálum samsvarandi heiti.
Bankinn skiptist í tvær aðaldeildir, Seðlabanka Íslands og Viðskiptabanka, sem hvor um sig lýtur sérstakri stjórn. Falla veðdeild og stofnlánadeild sjávarútvegsins undir seðlabankann, en sparisjóðsdeild undir viðskiptabanka. Skal halda algerlega aðgreindum varasjóðum og öðrum eignum, útlánum, innlánum og reikningshaldi hverrar deildar fyrir sig (seðlabanka, veðdeild, stofnlánadeild og sparisjóðsdeild).

2. gr.

Á eftir 1. grein komi ný grein, er verði 2. grein laganna, svo hljóðandi:
Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum Landsbanka Íslands. Til þess að taka lán erlendis án tryggingar í sjálfs sín eignum, sbr. 18. gr., þarf sérstaka lagaheimild í hvert sinn.

3. gr.

Á eftir 2. grein komi ný grein, er verði 3. gr., svo hljóðandi:
Yfirstjórn Landsbanka Íslands er í höndum ráðherra þess, sem fer með bankamál, og bankaráðs samkvæmt því, sem ákveðið er í lögum þessum. Stjórn seðlabankans skipa fimm menn, bankastjórar hans og þrír menn skipaðir af ríkisstjórninni eftir tillögum bankaráðs til fjögurra ára í senn. Framkvæmdastjórn seðlabankans er í höndum tveggja bankastjóra, aðalbankastjóra, er forseti Íslands skipar að fengnum tillögum bankaráðs, og bankastjóra, er bankaráð ræður. Forfallist aðalbankastjóri setur ríkisstjórnin mann til að gegna störfum hans á meðan. Forfallist hinn bankastjórinn eða einhver stjórnarmanna bankans, setur bankaráð menn í þeirra stað á meðan. Framkvæmdastjórn viðskiptabankans er í höndum þriggja bankastjóra, sem bankaráð ræður.
Um stjórn bankans fer að öðru leyti eftir því, sem nánar er ákveðið í V. kafla.

4. gr.

2. grein laganna, er verði 4. grein, orðist svo:
Landsbanki Íslands hefur heimili sitt, aðalskrifstofu og varnarþing í Reykjavík. Auk þess hefur viðskiptabanki Landsbankans útibú þar, sem framkvæmdastjórn og bankaráð ákveður að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar.

5. gr.

3., 4. og 5. grein laganna verða 5., 6. og 7. grein.
Tilvísun 5. greinar (7. gr.) í 24. grein breytist í 27. gr.

6. gr.

1. mgr. 6. gr., er verður 8. gr., orðist svo:
Seðlabankinn hefur einkarétt til að gefa út bankaseðla eða annan gjaldmiðil, sem komið geti í stað mótaðra peninga og getur gengið manna á milli í stað bankaseðla.
Í stað 266. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 í síðustu málsgrein 6. gr. komi: 150. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940.

7. gr.

7., 8. og 9. gr. verða 9., 10. og 11. gr.
Í stað orðsins „bankaráðið“ í c-lið 9. gr. (11. gr.) komi: stjórn seðlabankans.

8. gr.

10. og 11. gr. verða 12. og 13. gr.
Tilvísun 11. gr. (13. gr.) í 10. gr. verður í 12. gr.

9. gr.

Í stað orðanna „Bankaráð og framkvæmdastjórn“ í 12. gr., sem verður 14. gr., komi: Stjórn seðlabankans.

10. gr.

Í stað orðanna „bankaráðs og framkvæmdastjórnar“ í 13. grein, sem verður 15. grein, komi: stjórnar seðlabankans.

11. gr.

Á eftir 13. grein laganna komi ný grein, er verður 16. grein, svo hljóðandi:
Seðlabankinn hefur með höndum kaup á erlendum gjaldeyri eða aðrir bankar í umboði hans. Enn fremur sölu gjaldeyris til viðskiptabanka sem stjórn seðlabankans ákveður, svo og til ríkissjóðs. Enn fremur framkvæmd greiðslusamninga við önnur ríki. Þá skal seðlabankinn hafa eftirlit með gjaldeyrisverzluninni samkvæmt því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð, sem ráðherra sá, sem fer með gjaldeyrismál, setur.
Stjórn seðlabankans ákveður, að höfðu samráði við ríkisstjórnina, eftir hvaða reglum seðlabankinn kaupir afurðavíxla af viðskiptabönkum sínum, sbr. 7. tl. 17. gr. Einnig er henni heimilt, að höfðu samráði við ríkisstjórn, að kveða á um vexti banka og sparisjóða, þ. á m. um hámarksvexti fyrir hverja einstaka tegund inn- og útlána sem og dráttarvexti og aðra þóknun. Einnig að ákveða, að bankar og sparisjóðir skuli eiga innstæður í seðlabankanum og þá hve miklar, enda skal stjórnum banka og sparisjóða skylt að veita seðlabankanum upplýsingar um starfsemi sína svo sem um innlán og útlán.
Nánari reglur varðandi þessa grein skal setja í reglugerð, þ. á m. um viðurlög, ef fyrirmælum stjórnar bankans er ekki hlýtt.

12. gr.

15., 16., 17. og 18. grein verða 17., 18., 19., 20. og 21. grein.
Í stað orðsins „bankaráðs“ í 15. gr. (18. gr.) komi: stjórnar bankans.

13. gr.

Í stað orðanna „framkvæmdastjórn seðlabankans og bankaráðinu“ í 19. gr., sem verður 22. gr., komi: stjórn seðlabankans, og í stað „8. gr., 2. tölulið og 10 gr.“ komi: 10. gr., 2. tölulið og 14. gr.

14. gr.

20. gr. verður 23. gr.

15. gr.

Í stað orðanna „landsbankanefndin kýs til eins árs í senn“ í 21. gr. laganna, er verður 24. gr., komi: sameinað Alþingi kýs með hlutbundinni kosningu til tveggja ára í senn.

Í stað orðsins „bankaráðsins“ í sömu grein komi: stjórnar seðlabankans.

16. gr.

22. gr. verði 25. gr. og breytist greinatalan framvegis eftir því að V. kafla.

Tilvísun 24. gr. (27. gr.) í 5. gr. verði í 7. gr. og tilvísun 25. gr. (28. gr.) í 23. gr. verði í 26. gr.

17. gr.

33. og 34. gr. laganna falla niður.

18. gr.

35. gr. laganna, er verður 36. gr., orðist svo:

Bankaráð Landsbanka Íslands skal skipað 5 mönnum.

Formann bankaráðsins skipar ríkisstjórnin til 5 ára í senn. Hina fjóra kýs sameinað Alþingi hlutbundinni kosningu til 4 ára í senn. Formann bankaráðs má endurskipa og hina fjóra ráðsmennina má endurkjósa. Á sama hátt skal skipa varaformann og kjósa fjóra varamenn, einn fyrir hvern aðalmann, er taki sæti í bankaráðinu í forföllum formanns eða bankaráðsmanna. Ef formaður eða varaformaður fellur frá eða verður óhæfur til starfans áður en starfstími hans er á enda, skipar ríkisstjórnin nýjan varamann. Ef þingkjörinn bankaráðsmaður og varamaður forfallast á sama hátt áður en starfstími hans er á enda, kýs Alþingi annan mann í hans stað.

Engan má kjósa í bankaráð nema hann sé lögráða, hafi óflekkað mannorð og sé fjár síns ráðandi. Ef bankaráðsmaður missir þessi skilyrði áður en kjörtími hans er liðinn, hættir hann þegar störfum í ráðinu.

Bankaráðsmenn skulu allir vera búsettir í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sé auðvelt að sækja bankaráðsfundi hvenær sem er.

Ríkisstjórnin ákveður laun bankaráðsmanna.

Varamaður tekur laun í stað aðalmanns þann tíma, er hann starfar í bankaráðinu.

19. gr.

36. gr. laganna fellur niður, en 1. mgr. 37. gr. orðist svo:

Bankaráðið gerir tillögu um skipun aðalbankastjóra við seðlabanka Íslands og þriggja manna í stjórn bankans. Bankaráðið ræður og einn bankastjóra við seðlabankann og þrjá bankastjóra í framkvæmdastjórn viðskiptabankans. Skulu þeir ráðnir með 12 mánaða uppsagnarfresti, enda geti þeir sjálfir sagt upp stöðunni með sama fyrirvara. Þó getur bankaráðið vikið bankastjóra frá fyrirvaralaust, gegn því að greiða honum 6 mánaða laun, svo framarlega sem ekki er um slíkt afbrot að ræða af hálfu bankastjóra, sem heimili frávikningu hans án nokkurrar launagreiðslu. Enn fremur getur sá ráðherra, er fer með bankamál, vikið bankastjóra frá. Skal bankaráðið eða ráðherra þá skýra hinum frávikna bankastjóra skriflega frá ástæðum fyrir frávikningunni.

20. gr.

38., 39., 40. og 41. gr. laganna falla niður.

21. gr.

1. mgr. 42. gr. laganna, er verður 38. gr., orðist svo:

Formaður bankaráðsins hefur fyrir hönd ráðsins stöðugt eftirlit með starfsemi viðskiptabankans.

Tilvísun í 43. gr. í 2. mgr. verði í 40. gr.

Úr síðustu málsgrein falli niður orðin „um seðlaveltu, gullforða og“.

22. gr.

Á eftir 42. gr., er verður 38. gr., komi ný grein, sem verði 39. gr., svo hljóðandi:

Stjórn seðlabankans hefur á hendi æðstu stjórn hans, eftir nánari fyrirmælum í reglugerð. Hún kemur fram fyrir hönd seðlabankans gagnvart dómstólum, yfirvöldum og þriðja manni, og getur úrskurðað um öll meiri háttar mál, er bankann varðar. Hún ræður aðalféhirði seðlabankans og ákveður hve hátt veð hann skuli setja. Hún ákveður laun starfsmanna bankans, setur reglugerð um eftirlaun þeirra og úrskurðar um þau. Ríkisstjórnin ákveður laun bankastjóra seðlabankans og þóknun annarra stjórnarmanna hans.

Stjórn seðlabankans heldur fundi eftir þörfum. Enn fremur skal halda fund, ef einhver úr stjórninni óskar. Aðalbankastjóri boðar fundi og stjórnar þeim. Afl atkvæða ræður úrslitum á fundum.

23. gr.

Á 43. gr. laganna, sem verður 40. gr., eru eftirfarandi breytingar gerðar:

1. Stafliður a orðist svo:

   Að koma fram fyrir hönd viðskiptabankans gagnvart dómstólum, yfirvöldum og þriðja manni.

   Ráðið getur úrskurðað um öll mál viðskiptabankans, sem ekki er áskilið ráðherra að úrskurða um.
2. Stafliður c orðist svo:

   Að ákveða verkaskiptingu á milli bankastjóra viðskiptabankans og setja þeim erindisbréf.
3. Stafliður h orðist svo:

   Að ákveða ásamt framkvæmdastjórninni forvexti og útlánsvexti bankans, séu vextir ekki ákveðnir af stjórn seðlabankans, samkvæmt 16. gr.
4. Stafliður m falli niður.
5. Stafliður n orðist svo:

   Að setja reglugerð um stjórn bankans og starfrækslu, er ráðherra staðfestir.

24. gr.

Í stað orðsins „framkvæmdastjórnin“ í 44. gr., er verður 41. gr., komi: framkvæmdastjórn viðskiptabankans.

Tilvísun 4. mgr. 44. gr. (41. gr.) í 43. gr. verði í 40. gr.

25. gr.

45., 46. og 47. gr. verða 42., 43. og 44. gr.

Í stað orðanna „Framkvæmdastjórnin ræður“ í 45. gr. (42. gr.) komi: Framkvæmdastjórnir bankans ráða.

Í stað tilvísunar 45. gr. í 43. gr. kemur tilvísun í 40. gr.

26. gr.

Í upphafi 48. gr. laganna, sem verður 45. gr., fellur niður orðið „landsbankanefnd“.

27. gr.

49., 50., 51., 52., 53., 54., 55., 56., 57., 58. og 59. gr. verða 46., 47., 48., 49., 50., 51., 52., 53., 54. og 55. gr.

28. gr.

56. gr., sem er ný grein og verður fyrsta grein í VII. kafla, hljóði þannig:

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, kýs Alþingi í bankaráð samkvæmt 36. gr. Jafnframt skipar ríkisstjórnin formann og varaformann bankaráðs. Falla þá um leið niður umboð núverandi bankaráðsmanna. Hið nýkjörna bankaráð skal síðan hlutast til um, að stjórn seðlabankans og framkvæmdastjórn viðskiptabankans verði komið í það horf, sem lög þessi gera ráð fyrir.

29. gr.

62. gr. til 69. gr. falla niður.

30. gr.

Lög þessi ganga þegar í gildi og falla þá jafnframt úr gildi lagaákvæði, er fara í bága við lög þessi. Þá er lög þessi hafa öðlazt staðfestingu forseta, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 10 frá 15. apríl 1928 og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þegar núverandi ríkisstjórn tók við völdum lýsti hún yfir því, að hún mundi beita sér fyrir breytingum á bankalöggjöf landsins, m. a. þeirri, að seðlabankinn yrði settur undir sérstaka stjórn.

Aðaltilgangur þessa er sá, að greina starfsemi seðlabanka landsins meira en verið hefur frá starfsemi viðskiptabankanna og gera jafnframt aðstöðu hinna einstöku ríkisbanka sem jafnasta gagnvart seðlabankanum.

Frumvarp þetta er flutt í samræmi við þessa stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Með því er seðlabankinn að því leyti gerður sjálfstæður, að honum er sett sérstök stjórn. Aðalbankastjóri er skipaður af forseta Íslands að fengnum tillögum bankaráðs. Bankastjóri er ráðinn af bankaráði. Stjórn seðlabankans er að öðru leyti skipuð af ríkisstjórninni eftir tillögum bankaráðs.

Með því að aðskilja stjórn seðlabankans og stjórn sparisjóðsdeildar Landsbankans er verið að tryggja, að stjórn seðlabankans geti beitt áhrifum sínum á peningamagnið og útlánagetu bankanna og þannig stuðlað að jafnvægi í peningamálum landsins.

Þótt seðlabankinn sé með frumvarpi þessu gerður sjálfstæðari en verið hefur í því að móta stefnu í peningamálunum, þá heyrir hann þó ásamt viðskiptabankanum áfram til Landsbanka Íslands. Þessar tvær aðaldeildir Landsbankans verða því áfram greinar á sama meiði.

Hér fara á eftir skýringar við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Með grein þessari er sú breyting gerð samkvæmt því, sem áður segir, að Landsbanka Íslands er skipt í tvær aðaldeildir, seðlabanka Íslands og viðskiptabanka. Rétt þykir, að veðdeild Landsbankans og Stofnlánadeild sjávarútvegsins heyri undir seðlabankann. Að öðru leyti felur greinin ekki í sér breytingar frá núgildandi lögum.

Um 2. gr.

Samhljóða ákvæði er nú í 1. gr. laganna.

Um 3. gr.

Grein þessi fjallar um stjórn seðlabankans og viðskiptabankans. Í henni felst sú breyting, að landsbankanefndin er lögð niður. Gert er ráð fyrir, að með framkvæmdastjórn seðlabankans fari tveir bankastjórar og sé annar þeirra aðalbankastjóri. Aðalbankastjóri sé skipaður af forseta Íslands að fengnum tillögum bankaráðs, en hinn bankastjórinn sé ráðinn af bankaráðinu á sama hátt og bankastjórar viðskiptabankans. Stjórn seðlabankans skipa fimm menn, bankastjórarnir tveir og

þrír aðrir stjórnarmenn, er ríkisstjórnin skipar eftir tillögum bankaráðs til fjögurra ára í senn. Með því að bankaráðið ráði annan bankastjóra seðlabankans og ráði hverjir verði skipaðir meðstjórnendur í stjórn hans, er löggjafarvaldinu tryggð áhrif á stjórn bankans, þegar þess er gætt, að í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir, að Alþingi kjósi fjóra menn af fimm í bankaráðið.

Framkvæmdastjórn viðskiptabankans er í höndum þriggja bankastjóra, er bankaráðið ræður. Er það óbreytt fyrirkomulag frá því, sem nú er.

Um 4. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 2. gr. gildandi laga að öðru leyti en því, sem leiðir af aðskilnaði seðlabankans og viðskiptabankans.

Um 5. gr.

Þarfnast eigi skýringa.

Um 6. gr.

Með grein þessari eru þær einar breytingar gerðar á 6. gr. gildandi laga, að felld er niður vísun til laga nr. 6 31. maí 1921, um seðlaútgáfu Íslandsbanka, hlutafjárauka o. fl., þar sem sú tilvísun á ekki lengur við. Enn fremur er tilvísun í eldri hegningarlög breytt í núgildandi hegningarlög.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu, að bankaráðið hafi ekki önnur afskipti af stjórn seðlabankans en þau að ráða annan bankastjórann og velja meðstjórnendur í stjórn bankans svo sem áður segir. Af þessum ástæðum eru gerðar breytingar á þeim ákvæðum laganna, sem kveða á um bein afskipti bankaráðsins af stjórn seðlabankans. Ákvæði þessarar greinar eru ein af þeim breytingum. Greinin þarfnast að öðru leyti eigi skýringa.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 9. og 10. gr.

Sömu skýringar og um 7. gr.

Um 11. gr.

Grein þessi geymir ákvæði um að seðlabankinn eða aðrir bankar í umboði hans hafi með höndum kaup á erlendum gjaldeyri og sölu hans til viðskiptabanka, sem stjórn seðlabankans ákveður, svo og til ríkissjóðs. Þá er gert ráð fyrir, að seðlabankinn hafi með höndum framkvæmd greiðslusamninga við önnur ríki og eftirlit með gjaldeyrisverzlun landsins.

Enn fremur er gert ráð fyrir, að stjórn seðlabankans ákveði að höfðu samráði við ríkisstjórnina eftir hvaða reglum seðlabankinn kaupir afurðavíxla af viðskiptabönkum sínum, enda séu reglur þessar innan þess ramma, sem ákveðinn er í 7. tl. 17. gr.

Þá felst í grein þessari heimild fyrir stjórn seðlabankans til þess, að höfðu samráði við ríkisstjórnina, að ákveða vexti banka og sparisjóða og ákveða að bankar og sparisjóðir skuli eiga innstæður í seðlabankanum og þá hve miklar. Bæði þessi atriði eru svo þýðingarmiklir þættir í þróun peningamála landsins, að nauðsynlegt þykir, að stjórn seðlabankans geti haft af þeim afskipti.

Um 12., 13. og 14. gr.

Skýringar óþarfar.

Um 15. gr.

Þar sem frv. gerir ráð fyrir að landsbankanefndin verði lögð niður, þykir rétt að Alþingi kjósi endurskoðendur bankans og að þeir verði kosnir til tveggja ára en ekki eins árs eins og nú. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 16. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr.

Eins og áður segir gerir frv. ráð fyrir því, að landsbankanefndin sé lögð niður. 33. og 34 gr. núgildandi laga, er fjalla um landsbankanefnd, falla því niður.

Um 18. gr.

Í grein þessari felst fyrst og fremst sú breyting, að fjórir menn af fimm í bankaráðinu skulu, svo sem áður segir, kosnir af sameinuðu Alþingi með hlutbundinni kosningu. Fimmti maðurinn skal skipaður af ríkisstjórninni, og sé hann formaður ráðsins.

Að öðru leyti eru ekki gerðar efnisbreytingar á 35. gr. en 36. gr. sameinuð henni.

Um 19. gr.

Vísast til athugasemda við 7. gr.

Um 20. gr.

Skýringar óþarfar.

Um 21. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 22. gr.

Grein þessi geymir fyrirmæli um stjórn seðlabankans.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 23., 24. og 25. gr.

Með greinum þessum eru ekki gerðar aðrar breytingar á 43., 44. og 45. gr. gildandi laga en þær, er leiðir af því, að seðlabankinn er settur undir sérstaka stjórn.

Þarfnast greinarnar ekki skýringa.

Um 26. og 27. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 28. gr.

Í þessari grein eru ákvæði til bráðabirgða.

Rétt þykir, þar sem hér er um að ræða svo miklar skipulagsbreytingar á Landsbanka Íslands, að Alþingi kjósi nýtt bankaráð þegar, er lögin hafa öðlazt gildi. Jafnframt skipi ríkisstjórnin formann og varaformann bankaráðsins, enda falli þá að sjálfsögðu um leið niður umboð núverandi bankaráðsmanna.

Hið nýkjörna bankaráð skal síðan hlutast til um, að stjórn seðlabankans og framkvæmdastjórn viðskiptabankans verði komið í það horf, sem lögin gera ráð fyrir. Í þessu felst fyrst og fremst það, að bankaráðið skal þegar í stað gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um skipun aðalbankastjóra seðlabankans og þriggja meðstjórnenda í stjórn bankans. Þá skal bankaráðið ráða einn bankastjóra að seðlabankanum.

Af hinni breyttu skipan á framkvæmdastjórn Landsbanka Íslands leiðir, að umboð núverandi bankastjóra hans falla niður í því formi, sem þau eru nú. Ber hinu nýkjörna bankaráði því þegar í stað að koma framkvæmdastjórn viðskiptabankans í rétt horf samkvæmt lögum þessum.

Um 29. gr.

Með grein þessari eru felld niður bráðabirgðaákvæði laganna, en þau eru nú orðin úrelt.

Um 30. gr.

Þarfnast eigi skýringa.

Nd. **554. Frumvarp til laga** [178. mál]

um Útvegsbanka Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1957.)

I. KAFLI
Hlutverk og skipulag bankans.

1. gr.

Útvegsbanki Íslands er sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins, en lýtur sérstakri stjórn samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Hlutverk Útvegsbankans er að styðja sjávarútveg, iðnað og verzlun landsmanna og greiða fyrir fjármálaviðskiptum þeirra, er stunda þessar atvinnugreinar.

3. gr.

Útvegsbanki Íslands tekur við öllum réttindum og eignum, skuldum og ábyrgðum Útvegsbanka Íslands h/f og kemur að öllu leyti í hans stað. Leggur ríkissjóður Útvegsbankanum til sem stofnfé hreina eign hlutafélagsins Útvegsbanka Íslands, sbr. þó 35. gr., enda innleysir ríkissjóður hlutabréf þess samkv. VI. kafla laga þessara. Hættir þá Útvegsbanki Íslands h/f að vera til sem sjálfstæð stofnun, en rennur inn í Útvegsbanka Íslands, er tekur samkvæmt framansögðu við starfsemi hlutafélagsins og hlutverki.

4. gr.

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum Útvegsbanka Íslands. Til þess að taka lán erlendis, án tryggingar í sjálfs sín eignum, þarf bankinn sérstaka lagaheimild í hvert sinn.

5. gr.

Útvegsbanki Íslands hefur heimili sitt og varnarþing í Reykjavík. En auk þess getur bankinn haft útibú og umboðsskrifstofur, þar sem bankastjórn telur þörf á, að fengnu samþykki ráðherra. Núverandi útibú Útvegsbanka Íslands h/f skulu halda áfram starfsemi sinni sem útibú hins nýja banka, þar til bankastjórn ákveður annað að fengnu samþykki ráðherra.

II. KAFLI
Um sparisjóðsdeild.

6. gr.

Sparisjóðsdeild bankans tekur við peningum sem innláni eða með sparisjóðskjörum.

7. gr.

Sparisjóðsdeildinni er heimilt í samræmi við tilgang bankans (sbr. 2. gr.):

1. Að kaupa og selja víxla, tékka og ávísanir.
2. Að kaupa og selja erlendan gjaldeyri. Skal bankinn njóta að öllu leyti sömu réttinda og kjara í þessu efni sem viðskiptabanki Landsbankans.
3. Að veita lán gegn ábyrgð bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga, að áskildu lögmæltu samþykki æðri stjórnarvalda.
4. Að veita lán gegn veði eða sjálfskuldarábyrgð.

5. Að kaupa og selja skuldabréf ríkis, bæjar- og sveitarfélaga og önnur trygg og auðseljanleg verðbréf. Hlutabréf má sparisjóðsdeildin ekki kaupa eða selja nema í umboði annarra.
6. Að annast að öðru leyti venjuleg bankastörf.

8. gr.

Sparisjóðsdeild skal eiga að minnsta kosti 15% af innlánsfé með sparisjóðskjörum í tryggum og auðseldum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum, verðbréfum Landsbanka Íslands, Búnaðarbanka Íslands, Framkvæmdabanka Íslands eða öðrum verðbréfum, er bankastjórn og ráðherra telja jafntrygg. Verðbréfaeign þessa skal hækka, ef ráðherra, að fengnum tillögum bankaráðs, telur þess þörf. Í stað verðbréfa má koma inneign í seðlabanka Íslands.

9. gr.

Tekjuafgangi bankans ráðstafar bankaráð að fengnum tillögum framkvæmdastjórnar. Ber bankinn töp þau, sem deildin kann að verða fyrir og eigi verða greidd af árstekjum hennar.

10. gr.

Sparisjóðsdeildin nýtur allra hlunninda og lýtur öllum ákvæðum hinnar almennu löggjafar um sparisjóði, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum, eða almennum bankalögum, ef sett kunna að verða.

III. KAFLI
Um Fiskveiðisjóð.

11. gr.

Fiskveiðisjóður Íslands skal vera sérstök deild í Útvegsbankanum með aðskildum fjárhag og bókhaldi. Um Fiskveiðisjóð fer að öðru leyti eftir þeim sérstöku lögum og reglugerðum, sem um hann gilda.

12. gr.

Fiskveiðisjóður tekur þátt í sameiginlegum kostnaði við stjórn bankans eftir ákvörðun bankaráðs.

IV. KAFLI
Stjórn bankans, reikningsskil o. fl.

13. gr.

Yfirstjórn bankans er í höndum bankaráðs og ráðherra þess, er fer með bankamál. Stjórn bankans að öðru leyti annast framkvæmdastjórn, skipuð þrem mönnum.

14. gr.

Bankaráð skal skipað fimm mönnum. Formann bankaráðsins skipar ráðherra til 5 ára í senn, svo og varaformann. Hina fjóra bankaráðsmennina kýs sameinað Alþingi hlutbundinni kosningu til 4 ára í senn, svo og fjóra varamenn til jafnlangs tíma.

Bankaráðsformann má endurskipa og bankaráðsmenn má endurkjósa.

Ef formaður eða varaformaður fellur frá, eða verður óhæfur til starfans áður en starfstími hans er á enda, skipar ráðherra nýjan varamann. Ef þingkjörinn bankaráðsmaður fellur frá eða verður óhæfur til starfans áður en starfstíma lýkur, kýs þingið mann í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtímans.

Bankaráðsmenn skulu allir vera búsettir í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sé auðvelt að sækja bankaráðsfundi hvenær sem er.

Ríkisstjórnin ákveður laun bankaráðsmanna.

Varamaður tekur laun í stað aðalmanns þann tíma, er hann starfar í bankaráðinu.

15. gr.

Engan má kjósa í bankaráð, nema hann sé lögráða, hafi óflekkað mannorð og sé fjár síns ráðandi. Ef bankaráðsmaður missir þessi skilyrði áður en kjörtími hans er á enda, hættir hann þegar störfum í ráðinu.

16. gr.

Bankaráð ræður þrjá bankastjóra og eru þeir framkvæmdarstjórn bankans. Laun bankastjóra skulu ákveðin af bankaráði með samþykki ráðherra, en aldrei mega þau vera hærri en laun bankastjóra við Landsbanka Íslands. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur skal vera tólf mánuðir. Þó getur bankaráð vikið bankastjóra frá fyrirvaralaust, en þá skulu honum greidd sex mánaða laun, svo framarlega sem ekki er um slíkt afbrot að ræða af hálfu bankastjóra, sem heimili frávikningu hans án nokkurrar launagreiðslu. Enn fremur getur sá ráðherra, sem fer með bankamál, vikið bankastjóra frá.

Uppsögn skal jafnan vera skrifleg og greindar ástæður.

Bankaráð setur bankastjórunum erindisbréf.

Bankaráð getur veitt fráförnum bankastjóra eða ekkju hans eftirlaun af fé bankans. Eftirlaun mega þó aldrei vera hærri en þeir starfsmenn bankans fá hæst, sem eftirlauna njóta úr eftirlaunasjóði starfsmanna bankans.

Ákvæði þessi um hámark eftirlauna skulu þó eigi gilda um núverandi bankastjóra, er þeir hætta störfum, hafi þeir starfað sem bankastjórar 15 ár eða lengur.

Bankaráðið getur einnig veitt fráförnum aðalbókara og aðalféhirði og ekkjum þeirra eftirlaun af fé bankans eftir sömu reglum.

17. gr.

Bankaráð skal halda reglulega fundi tvisvar í hverjum mánuði. Aukafund skal halda, er formaður eða framkvæmdarstjórn telur þess þörf, eða meiri hluti bankaráðsmanna krefst þess.

Bankaráðsfundir eru lögmætir, ef þrír ráðsmenn eru á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum bankaráðs, nema á annan veg sé mælt í lögum eða reglugerð. Séu atkvæði jöfn, sker atkvæði formanns úr.

Bankastjórar eiga rétt á að vera á fundum bankaráðs.

18. gr.

Bankaráð hefur æðsta vald í öllum málefnum bankans, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum eða reglugerð, og kemur fram fyrir bankans hönd gagnvart dómstólum, yfirvöldum og þriðja manni. Bankaráðið hefur eftirlit og umsjón með eignum bankans og starfsemi hans.

Bankaráð ræður aðalféhirði og aðalbókara bankans og stjórnendur útibúa hans og ákveður laun þeirra og annarra starfsmanna hans.

Formaður bankaráðs hefur fyrir hönd ráðsins daglegt eftirlit í bankanum. Auk þess skulu hinir bankaráðsmennirnir skiptast á um hið daglega eftirlit, ásamt formanni. Hefur hver einstakur bankaráðsmaður aðgang að öllum bókum og skjölum bankans til eftirlits, enda hvílir á honum fullkomin þagnarskylda.

Nánari ákvæði um afskipti bankaráðsins af bankarekstrinum skulu sett í reglugerð.

19. gr.

Framkvæmdarstjórnin hefur æðstu stjórn allrar daglegrar starfsemi bankans eftir nánari fyrirmælum reglugerðar bankans og bankaráðs.

Framkvæmdarstjórnin ráðstafar fé bankans og stendur fyrir rekstri hans. Henni ber að sjá um, að bankareksturinn sé í öllum greinum samkvæmt lögum þessum og reglugerð bankans.

Framkvæmdarstjórnin ræður starfsmenn bankans, aðra en þá, sem bankaráðinu er falið sérstaklega að ráða, og segir þeim upp.

Framkvæmdarstjórnin heldur fundi á hverjum starfsdegi, ef málefni liggja fyrir til úrlausnar.

Undirskrift tveggja bankastjóra þarf til að skuldbinda bankann, ef gefa skal út eða framselja víxla, önnur verðbréf eða skriflegar skuldbindingar. Þó er bankaráðinu heimilt að veita tilteknum starfsmönnum bankans umboð til að skuldbinda bankann í þessum efnum með undirskrift sinni ásamt einum bankastjóra, svo og að veita ákveðnum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann með undirskrift sinni í tilteknum málefnum. Í reglugerð má setja ákvæði um tilteknar skuldbindingar, þannig að þær undirriti tveir bankastjórar, og eigi aðrir, svo að gilt sé.

20. gr.

Kvittanir bankans eru því aðeins fullgildar, að féhirðir hafi ritað undir þær og að þeim fylgi jafnframt áritun bókara um, að þær hafi verið athugaðar. Féhirðir má eigi greiða neina fjárhæð úr bankanum, sem samþykki bankastjórnar þarf til, nema með samþykki tveggja bankastjóra, eða eins bankastjóra og starfsmanns, sem umboð hefur samkvæmt 19. gr.

21. gr.

Ekki mega bankastjórar hafa embættisstörf á hendi, ekki reka sjálfir atvinnu og ekki vera í stjórn atvinnufyrirtækja.

Eigi mega bankastjórar né aðrir starfsmenn bankans hafa skuldaviðskipti við bankann, hvorki sem skuldunautar né ábyrgðarmenn.

Bankaráðsmenn mega ekki hafa milligöngu um lántöku annarra í bankanum.

22. gr.

Bankaráð, bankastjórar og allir starfsmenn bankans eru bundnir þagnarskyldu um allt það, er snertir hagi viðskiptamanna bankans, sem þeir fá vitneskju um vegna starfsemi sinnar við bankann.

23. gr.

Alþingi kýs tvo endurskoðendur bankans til tveggja ára í senn. Skulu þeir hafa stöðugt eftirlit með rekstri bankans, rannsaka reikninga hans í hverju einstöku atriði, bera þá saman við bækur bankans og kanna verðbréfaeign og sjóð.

Endurskoðendur gefa skýrslu til stjórnarráðs, er fylgja skal ársreikningum bankans, svo og endranær þegar þeim þykir ástæða til. Árslaun endurskoðenda skulu ákveðin í reglugerð.

24. gr.

Bankastjórnin skal á hverju miðju reikningsári gefa ráðherra stutt yfirlit yfir hag bankans, er birta skal í B-deild Stjórnartíðinda. Við árslok skal senda ráðherra endurskoðaðan ársreikning bankans ásamt skýrslu um hag hans og starfsemi á árinu. Ráðherra úrskurðar ársreikninginn, og skal því næst birta útdrátt úr honum í B-deild Stjórnartíðinda.

V. KAFLI
Sérréttindi bankans.

25. gr.

Útvegsbanki Íslands er að öllu leyti hliðstæð stofnun viðskiptabanka Landsbanka Íslands, nýtur sömu réttinda og gegnir sömu skyldum og hann, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum.

Bankinn er undanþeginn tekjuskatti og útsvari og öðrum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast, til ríkissjóðs eða sveitarsjóða eða til annarra stofnana.

Bækur bankans, ávísanir, skuldbindingar, sem gefnar eru út af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, er veita bankanum handveðsrétt, arðmiðar af skuldabréfum bankans og framsöl þeirra skulu undanþegin stimpilgjaldi.

26. gr.

Fé það, sem lagt hefur verið í bankann, ásamt vöxtum þess, er undanþegið kyrrsetningu, meðan það stendur þar.

27. gr.

Nú er fasteign seld á nauðungaruppboði, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin er veðsett Útvegsbankanum, og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal bankanum eða útibúi því, er í hlut á, gert viðvart svo tímanlega, að hægt sé að mæta eða láta mæta við uppboðið.

28. gr.

Bankinn hefur rétt til að láta starfsmenn sína selja verðbréf og annað, sem hann hefur fengið að handveði, við uppboð á hverjum þeim stað, er þykir til þess fallinn, en aðvara skal hann veðsala um þetta í votta viðurvist með 8 daga fyrirvara. Nú er veðsali ókunnur eða ókunnugt um heimili hans, og skal þá bankinn stefna hlutaðeiganda með 14 daga fyrirvara til að leysa veðið með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu.

29. gr.

Glatist viðtökuskírteini, er bankinn hefur gefið út fyrir handveði eða geymslufé eða innláni, eða viðskiptabók fyrir sparisjóðsinnlagi eða öðrum innlögum, getur framkvæmdarstjórn bankans stefnt til sín handhafa þessa viðtökuskírteinis eða viðskiptabókar með 6 mánaða fyrirvara, og birt stefnuna þrisvar sinnum í Lögbirtingablaðinu, og ef enginn hefur sagt til sín áður en fyrirvarinn er liðinn, getur hún greitt þeim manni upphæðina, sem fengið hefur viðtökuskírteinið eða viðskiptabókina, án þess að nokkur annar, er viðtökuskírteinið eða viðskiptabókin kann að hafa verið framseld, geti þar fyrir gert kröfu á hendur bankanum.

30. gr.

Bankinn nýtur að öðru leyti sömu sérréttinda og friðinda og talin eru í 50.—59. gr. laga nr. 10/1928, um Landsbanka Íslands.

VI. KAFLI
Um Útvegsbanka Íslands h/f.

31. gr.

Ríkisstjórnin tekur eignarnámi hlutabréf þau í Útvegsbanka Íslands h/f, sem eru í einkaeign. Kemur eignarnámið til framkvæmda þegar við gildistöku laga þessara.

32. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, falla hlutabréf Útvegsbanka Íslands h/f úr gildi sem hlutabréf. Eigendur hlutabréfa geta þá þegar í stað framvísað bréfum og krafizt bóta samkvæmt mati. Skal verð bréfanna metið af þriggja manna nefnd, er hæstiréttur nefnir. Skulu tveir nefndarmanna vera sérfróðir um bankamál. Þriðji maðurinn skal vera lögfræðingur og sé hann formaður nefndarinnar. Nefndin skal miða mat sitt við sannvirði hlutabréfanna við gildistöku laganna og veita eigendum bréfanna rétt til að gæta hagsmuna sinna við matið.

33. gr.

Úrskurðir matsnefndarinnar eru fullnaðarúrskurðir um bætur til handa hlut-höfum vegna eignarnáms hlutabréfanna og er hluthöfum skylt að afhenda bréf sín gegn greiðslu matsverðsins auk 7% ársvaxta af matsverðinu frá gildistöku laganna til greiðsludags.

34. gr.

Matsnefndin hefur heimild til að stefna eigendum hlutabréfa fyrir sig með opinberri innköllun í Lögbirtingablaði, er birt sé þrisvar sinnum. Gefi einhverjir eigendur sig ekki fram innan 4 vikna frá birtingu síðustu innköllunar að telja, falla kröfur til endurgjalds fyrir hlutabréfin niður. Gefi þeir sig fram innan fjögurra ára og sanni eignarheimild sína, er þó heimilt að greiða þeim andvirði bréfa.

35. gr.

Ríkissjóður greiðir andvirði bréfanna, en bankinn endurgreiðir það síðan af eigin fé sínu.

36. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, leggst Útvegsbanki Íslands h/f niður og hættir störfum að fullu og öllu, en Útvegsbanki Íslands tekur þá við starfsemi hluta-félagsins og öllum eignum þess og skuldbindingum hverju nafni sem nefnast. Eftir að hlutafélagið er hætt störfum, er öllum, sem eiga eitthvert tilkall eða kröfur á hendur því, skylt að snúa sér með þær til Útvegsbanka Íslands. Kemur hann eftir það í öllum greinum í stað Útvegsbanka Íslands h/f.

37. gr.

Útvegsbanki Íslands tekur við öllum réttindum og skyldum gagnvart starfs-fólki og framkvæmdarstjórn Útvegsbanka Íslands h/f, er hlutafélagið hættir störfum.

38. gr.

Allar bækur og skjöl Útvegsbanka Íslands h/f skulu renna til Útvegsbanka Íslands.

VII. KAFLI
Niðurlagsákvæði.

39. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, kýs Alþingi bankaráð samkvæmt 14. gr. Jafnframt skipar ríkisstjórn formann bankaráðsins. Tekur bankaráð við yfirstjórn bankans, um leið og hann tekur til starfa sem sérstök ríkisstofnun. Umboð full-trúaráðs Útvegsbanka Íslands fellur niður, um leið og hlutafélagið hættir störfum.

40. gr.

Í reglugerð, er bankaráð semur og ráðherra staðfestir, skulu sett nánari ákvæði um stjórn og starfrækslu bankans. Má setja þar þau fyrirmæli um starfsemi hans, sem nauðsynleg þykja, þótt ekki sé gert sérstaklega ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda fari þau ekki í bág við nein ákvæði í lögunum.

41. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 7 frá 11. marz 1930 um Útvegsbanka Íslands h/f.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt í samræmi við þá yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, þegar hún tók við völdum, að hún mundi beita sér fyrir breytingum á bankalöggjöf landsins.

Útvegsbanki Íslands var reistur á rústum Íslandsbanka og hefur að formi til verið einkabanki frá öndverðu. Er bankinn hlutafélag, svo sem kunnugt er. Langmestur hluti hlutafjárins, eða 87.69%, er þó í eigu ríkisins. Í eigu bankans eru 8.11% og í einkaeign aðeins 4.20%. Með hliðsjón af þessu er talið eðlilegt, að ríkið eignist allt hlutaféð og bankinn sé gerður að ríkisbanka, er lúti sérstakri stjórn með hliðstæðum hætti og aðrir bankar ríkisins. Hefur ríkisstjórnin ákveðið að beita sér fyrir því.

Eru af þessum ástæðum í frumvarpinu fyrirmæli um eignarnám á þeim hlutabréfum, sem eru í einkaeign. Telur ríkisstjórnin nauðsynlegt, að þetta eignarnám fari fram þegar við gildistöku laganna og hlutafélagið Útvegsbanki Íslands h/f leggist þá niður, en hinn nýi ríkisbanki stofnist. Taki hið nýkjörna bankaráð þá þegar við stjórn hans. Um leið og Útvegsbankanum h/f er breytt í ríkisbanka er nauðsynlegt að setja um hann heildarlög, en löggjöfin um Útvegsbankann h/f er ófullkomin, enda sett af nokkurri skyndingu til þess að greiða fram úr þeim vandræðum, sem leiddu af fjárþroti og lokun Íslandsbanka á sínum tíma.

Frumvarp það til laga um Útvegsbankann, sem hér liggur fyrir, er að mestu sniðið eftir gildandi lögum um aðra ríkisbanka, svo sem Búnaðarbanka og Landsbanka, að því leyti sem við getur átt.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

I. KAFLI

Um 1. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Hlutverk Útvegsbankans á að vera hið sama og Útvegsbankans h/f. Grein þessi er því að efni til samhljóða 1. gr. laga nr. 7/1930.

Um 3. gr.

Með frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er Útvegsbanki Íslands h/f gerður að ríkisbanka. Hinn nýi ríkisbanki á að öllu leyti að koma í stað Útvegsbankans h/f. Er því eðlilegt, að hinn nýi banki taki við öllum ábyrgðum og skuldbindingum, sem hvíla á Útvegsbanka Íslands h/f. Greinin þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Um 4. gr.

Hliðstæð ákvæði eru í lögum um aðra ríkisbanka, sbr. 4. gr. laga 115/1941 og 1. gr. laga 10/1928.

Um 5. gr.

Þarfnast eigi skýringa.

II. KAFLI

Um 6. til 10. gr.

Ákvæði þessa kafla, um sparisjóðsdeild Útvegsbanka Íslands, eru efnislega að mestu samhljóða lagaákvæðum um sparisjóðsdeild Landsbankans.

Greinarnar þarfnast eigi skýringa.

III. KAFLI

Um 11. til 12. gr.

Eru að efni til samhljóða 10. gr. laga nr. 7/1930.

IV. KAFLI

Um 13. gr.

Gert er ráð fyrir, að stjórnarfyrirkomulag bankans sé með svipuðum hætti sem annarra ríkisbanka.

Um 14. gr.

Ríkisstjórnin hefur lagt frumvarp fyrir Alþingi um breytingar á lögunum um Landsbankann.

Fyrirmæli þessarar greinar um bankaráð eru að efni til samhljóða þeim ákvæðum, sem í því frumvarpi eru um bankaráð Landsbanka Íslands.

Um 15. gr.

Þarfnast eigi skýringa.

Um 16. gr.

Hliðstæð ákvæði eru í lögum um Landsbanka Íslands um bankastjóra þar. Ákvæði greinarinnar um eftirlaun bankastjóra eru þó nokkuð á annan veg, með hliðsjón af því, að aðrar reglur hafa gilt um þetta efni í Útvegsbanka Íslands h/f en í Landsbankanum.

Um 17.—20. gr.

Ákvæði þessara greina eru sniðin eftir samsvarandi ákvæðum í lögum um Landsbanka Íslands og þarfnast eigi sérstakra skýringa.

Um 21. gr.

Sjálfsagt er að bankastjórar hafi eigi á hendi önnur embættisstörf eða séu í stjórn atvinnufyrirtækja. Samsvarandi ákvæði eru nú í lögum um Landsbanka Íslands.

Um 22.—24. gr.

Þarfnast eigi sérstakra skýringa.

V. KAFLI

Um 25.—30. gr.

Hér er kveðið á um það, að Útvegsbanki Íslands skuli að öllu leyti vera hliðstæð stofnun og viðskiptabanki Landsbanka Íslands.

Ákvæði kaflans eru að mestu sniðin eftir samsvarandi ákvæðum í lögum um Landsbankann, enda til þess ætlazt að Útvegsbanki Íslands njóti algerlega sömu sérréttinda og friðinda sem viðskiptabanki Landsbankans.

Greinarnar þarfnast eigi skýringa.

VI. KAFLI

Um 31. gr.

Hér eru fyrirmæli um eignarnám á þeim hlutabréfum í Útvegsbanka Íslands h/f, sem eru í einkaeign.

Greinin þarfnast eigi skýringa umfram það sem áður er sagt.

Um 32.—38. gr.

Þarfnast eigi skýringa.

VII. KAFLI

Um 39.—42. gr.

Þarfnast eigi skýringa.

Nd. 555. Frumvarp til laga [179. mál]

um breyting á lögum nr. 17 frá 10. febr. 1953, um Framkvæmdabanka Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1957.)

1. gr.

Til viðbótar því, er greinir í 9. gr. laganna, sbr. og 1. gr. laga nr. 39/1954, er ríkissjóði heimilt að ábyrgjast erlend lán og skuldbindingar fyrir bankann að fjárhæð allt að 150 milljónir króna.

2. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Í bankaráði Framkvæmdabankans eiga sæti fimm menn. Skulu fjórir þeirra kjörnir hlutbundinni kosningu af Alþingi til sex ára í senn. Fimmta manninn skipar fjármálaráðherra til jafnlangs tíma og er hann formaður bankaráðsins. Á sama hátt skal kjósa og skipa varamenn, einn fyrir hvern aðalmann.

Fjármálaráðherra ákveður þóknun til bankaráðsmanna.

3. gr.

Þegar lög þessi eru gengin í gildi, falla niður umboð núverandi bankaráðsmanna, og skal nýtt bankaráð kjörið og skipað samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta felur í sér breytingar á tveimur greinum gildandi laga um Framkvæmdabanka Íslands. Lagt er til í fyrsta lagi, að hækkuð verði fjárhæð sú, sem fjármálaráðherra er heimilt að ábyrgjast í erlendum lánum, er bankinn tekur, og í öðru lagi, að gerðar verði breytingar á skipan bankaráðsins í samræmi við þær skipulagsbreytingar, sem ríkisstjórnin beitir sér fyrir að gerðar verði á bankakerfi landsins.

Um 1. gr.

Í 9. gr. laganna um Framkvæmdabankann er fjármálaráðherra heimilað fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast erlend lán, er bankinn tekur, allt að tiltekinni heildarfjárhæð. Sú fjárhæð var upphaflega 80 milljónir króna, er var síðar með lögum 39/1954 hækkuð upp í 225 millj. króna. Nú er svo komið, að eigi er eftir af heimild þessari nema 60—70 milljónir og þykir óhyggilegt, að ráðherra hafi eigi meiri möguleika til að veita bankanum ríkisábyrgð á erlendum lánum þegar litið er til þess, hver reynslan hefur verið undanfarið. Því er með frv. lagt til, að til viðbótar þeirri fjárhæð, sem nú er lögum samkvæmt heimilt að ábyrgjast, megi ríkissjóður ábyrgjast allt að 150 millj. króna.

Um 2. gr.

Ákvæði greinar þessarar eru, eins og áður er vikið að, í samræmi við samsvarandi ákvæði í frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 10/1928, um Landsbanka Íslands, og frumvarpi til laga um Útvegsbanka Íslands, sem lögð eru fyrir Alþingi jafnhliða þessu frumvarpi.

Sþ. 556. Tillaga til þingsályktunar [180. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán fyrir Síldarbræðsluna h.f. til kaupa á vélum í síldarverksmiðju félagsins á Seyðisfirði og til endurbóta á verksmiðjunni.

(Lögð fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1957.)

Ríkisstjórninni er heimilt gegn ábyrgð Seyðisfjarðarkaupstaðar og öðrum tryggingum, er hún metur gildar, að ábyrgjast fyrir Síldarbræðsluna h.f. á Seyðisfirði lán að fjárhæð allt að 3.8 milljónum króna til kaupa á vélum í síldarverksmiðju félagsins á Seyðisfirði svo og til endurbóta á verksmiðjunni.

Greinargerð.

Á síðasta Alþingi var samþykkt heimild til handa ríkisstjórninni til að ábyrgjast lán fyrir Seyðisfjarðarkaupstað til að kaupa hlutabréf Síldarbræðslunnar h.f. á Seyðisfirði, svo og heimild til að ábyrgjast allt að 1.5 millj. króna lán til endurbóta á síldarverksmiðju félagsins. Hlutabréfakaup þessi hafa tekizt og er nú Seyðisfjarðarbær aðaleigandi verksmiðjunnar. Ástand verksmiðjunnar er nú þannig, að hún verður eigi rekin nema með gagngerðum endurbótum, enda er verksmiðjan nú 21 árs gömul.

Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt, að mikil þörf er á auknum möguleikum til vinnslu bræðslusíldar á höfnum sunnan Langaness. Forráðamenn síldarverksmiðjunnar á Seyðisfirði hafa því undanfarið athugað ýmsa möguleika til þess að stækka og endurbæta verksmiðjuna. Er nú svo komið, að þeir eiga þess kost að festa kaup á vélum úr síldarverksmiðju Ingólfs h.f. á Ingólfsfirði. Er hér um að ræða vélakerfi, sem bræðir 2500 mál síldar á sólarhring. Kerfinu fylgja ýmsir varahlutir og eru vélarnar taldar í góðu lagi og verðið hagstætt. Heildarkostnaður við fyrirhugaðar framkvæmdir er áætlaður um 6 milljónir króna, er í því fólgið verð véla, varahluta, kostnaður við að taka kerfið niður, koma því í skip, flutningskostnaður, ýmis tæki, sem kaupa þarf, kostnaður við að koma vélunum fyrir og kostnaður við byggingar og stækkun á þróarplássi. Talið er, að ef framkvæmdir ganga greiðlega, muni takast að koma þessari stækkun verksmiðjunnar í kring í byrjun næstu síldarvertíðar. Ríkisstjórnin vill fyrir sitt leyti stuðla að því, að úr þessum áformum geti orðið, og fer með þingsályktun þessari fram á heimild Alþingis til að veita til viðbótar ríkisábyrgð fyrir 3.8 millj. króna láni til framkvæmdanna, en sú fyrirgreiðsla er nauðsynleg til þess að vélakaupin geti tekizt.

Ed. 557. Nefndarálit [160. mál]

um frv. til laga um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur haft frumvarp þetta til athugunar og rætt það á nokkrum fundum. Hafa nefndarmenn ekki orðið á eitt sáttir um afgreiðslu þess. Minni hlutinn (FÞ og SÓÓ) gerir því hér með grein fyrir skoðunum sínum í sérstöku nefndaráliti.

Meginuppistaðan í frumvarpi þessu eru núgildandi lög um þetta efni, en það eru lög nr. 55/1955, um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða. Hins vegar virðist breytt um nafn og orðalag á ýmsu

því, sem efnislega er hið sama. Það er þó yfirleitt ekki til bóta, enda er svo að sjá sem frumvarpið hafi verið samið í flaustri. Verður að telja þessi vinnubrögð harla vafasöm. Eðlilegast er að láta lög nr. 55/1955 standa, en gera á þeim breytingar, er nauðsynlegar kunna að þykja. Löggjöf þessi var á sínum tíma vandlega undirbúin. Hún markaði greinileg tímamót í sögu húsnæðismála hér á landi og myndar traustan grundvöll, sem eðlilegt er að reisa á í framtíðinni við lausn þessara mála. Með tilliti til þessa leggur minni hlutinn til, að formi frumvarpsins verði breytt þannig, að það verði ekki frumvarp til sjálfstæðra laga, heldur frumvarp til breytinga á lögum nr. 55/1955.

Minni hlutinn er algerlega andvígur sumum ákvæðum frumvarpsins, er fela í sér breytingar frá gildandi lögum, og telur þau bæði vanhugsuð og varhugaverð. Aftur á móti er um aðrar breytingar að ræða, sem minni hlutinn leggur ekki á móti, svo sem ákvæðin um skipun húsnæðismálastjórnar. Þá er eðlilegt að veita veðdeild Landsbanka Íslands heimild til útgáfu bankavaxtabréfa, svo sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Enn fremur er rétt að stuðla að auknum umbótum í tæknimálunum, og vill minni hlutinn ganga lengra í þeim efnum en frumvarpið gerir ráð fyrir og leggur því til, að sett sé á stofn tækniráð húsnæðismálastjórnar og byggingarmiðstöð og sérstök áherzla verði lögð á byggingarefnarannsóknir.

Minni hlutinn telur enga ástæðu til þeirrar nafnbreytingar á varasjóði hins almenna veðlánakerfis, sem felst í ákvæðum frumvarpsins um byggingarsjóð. Aðalatriðið er að efla varasjóðinn. Það mun alltaf hafa verið gert ráð fyrir, að lán ríkisins til Lánadeildar smáíbúða og A-flokka bréf ríkisins, er keypt voru fyrir tekjuafgang ríkissjóðs 1955, gengju til varasjóðs hins almenna veðlánakerfis, og er rétt að ganga formlega frá því með löggjöf. Þá mælir minni hlutinn ekki gegn því, að ⅔ af væntanlegum stóreignaskatti og 1% álag á tekju- og eignarskatt og stríðsgróðaskatt og aðflutningsgjöld renni til íbúðalána, svo sem ráð er fyrir gert í frumvarpinu.

Minni hlutinn telur ákvæði frumvarpsins um skyldusparnað ekki vænleg til að hafa sérlega mikla þýðingu fyrir útvegun fjár til íbúðalána. Hins vegar telur minni hlutinn rétt að gera gangskör að því að koma á fót frjálsum samningsbundnum sparnaði til íbúðabygginga, svo sem ráð var fyrir gert í lögum nr. 55/1955. Leggur því minni hlutinn til, að sett sé á stofn undir yfirstjórn húsnæðismálastjórnar og veðdeildar Landsbanka Íslands sérstakt form spariinnlána í bönkum og sparisjóðum í þessu skyni. Er lagt til, að vextir af þessum innlánum verði hærri en almennir sparisjóðsvextir og það fé, sem sparað er á þennan hátt, verði undanþegið tekjuskatti og útsvari. Þá er og lagt til, að eigendur þessara innlána fái forgangsrétt að íbúðalánum hins almenna veðlánakerfis, er séu 25% hærri en venjulegt lánshámark er. Með þessu móti ætti að geta fengizt mikið fjármagn til íbúðalána með frjálsri sparifjármyndun.

Með tilliti til þess, sem að framan greinir, ber minni hlutinn fram eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   3. mgr. 1. gr. laga nr. 55/1955 orðist svo:
   Í húsnæðismálastjórn eiga sæti 5 menn, fjórir kosnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi til 3 ára í senn og einn skipaður af félagsmálaráðherra samkvæmt tilnefningu Landsbanka Íslands. Varamenn skulu vera jafnmargir og valdir á sama hátt. Húsnæðismálastjórn skiptir með sér störfum.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   2. gr. laga nr. 55/1955 breytist svo:
   a. Til viðbótar 1. mgr. komi áframhaldandi töluliðir sem hér segir:
      6. Að leggja áherzlu á stöðlun (standardiseringu) sem flestra hluta til íbúðabygginga og fjöldaframleiðslu slíkra hluta.

7. Að semja og gefa út reglur um lágmarkskröfur um byggingar, sem lán eru veitt til, svo sem um einangrun, lofthæð o. s. frv., sem og leiðbeiningar um undirbúning teikninga og áætlana.
8. Að stuðla að auknum byggingarefnarannsóknum.
9. Að láta fara fram samkeppni um byggingu hagkvæmra íbúða með því að bjóða lán þeim, sem tekið gætu að sér að byggja flestar hagkvæmar íbúðir af ákveðinni meðalstærð fyrir tiltekna upphæð.
10. Að koma á fót byggingarmiðstöð (byggecentrum) í samvinnu við framleiðendur og innflytjendur byggingarefna, þar sem væri sýning á byggingarefnum, húshlutum og íbúðarteikningum og almenn leiðbeiningastarfsemi fyrir húsbyggjendur færi fram.
11. Að gera grein fyrir raunverulegri þörf landsmanna fyrir íbúðabyggingar á hverjum tíma og gera tillögur og áætlanir um, hvernig þeirri þörf verði fullnægt á sem hagkvæmastan hátt og með minnstum tilkostnaði. Félagsmálaráðherra er heimilt í þessu skyni að fela húsnæðismálastjórn í samvinnu við sveitarstjórnir, fasteignamat ríkisins og hagstofuna að koma upp spjaldskrá yfir allt íbúðarhúsnæði í landinu.

b. Í stað 2. málsgr. komi þrjár nýjar málsgreinar, er orðist svo:

Setja skal á fót tækniráð húsnæðismálastjórnar, er sé skipað fulltrúum frá eftirtöldum aðilum: húsnæðismálastjórn, iðnaðardeild atvinnudeildar háskólans, húsameistara ríkisins, Iðnaðarmálastofnun Íslands, skipulagsstjóra ríkisins, teiknistofu landbúnaðarins, Landssambandi iðnaðarmanna, Félagi íslenzkra iðnrekenda, byggingarvörudeild Sambands ísl. samvinnufélaga og Félagi ísl. byggingarefnakaupmanna.

Verkefni tækniráðs er að vera húsnæðismálastjórn til ráðgjafar í tæknimálum og eiga frumkvæði að tillögum, er til umbóta og framfara horfa í byggingarmálum, og leggja fyrir húsnæðismálastjórn til ákvörðunar.

Félagsmálaráðherra ákveður þóknun til meðlima tækniráðs og setur reglugerð um starfsemi þess að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar.

3. Við 3. gr. Greinin verði 4. gr. og orðist svo:

Í 4. gr. laga nr. 55/1955 komi viðbótarstafliðir sem hér segir:

e. Lán ríkisins til Lánadeildar smáíbúða.
f. A-flokka bréf ríkisins, er keypt voru fyrir tekjuafgang ríkissjóðs 1955.
g. ⅔ af stóreignaskatti samkvæmt lögum frá 1957.
h. 1% álag, er innheimta skal aukalega, á tekju- og eignarskatt og stríðsgróðaskatt og aðflutningsgjöld samkvæmt tollskrá með gildandi viðaukum.

4. Við 4. gr. Greinin verði 3. gr. og orðist svo:

2. og 3. málsgr. 3. gr. laga nr. 55/1955 orðist svo:

Í þessu skyni skal veðdeild Landsbanka Íslands vera heimilt að gefa út bankavaxtabréf, samtals allt að 100 millj. kr. á ári, næstu 10 ár. Vaxtabréf þessi skulu vera þannig, að annar hlutinn, A-flokkar, verði með föstum vöxtum og afborgunum, en hinn hlutinn, B-flokkar, allt að 50 millj. kr. á ári, verði með vísitölukjörum, þannig að greiðslur afborgana og vaxta séu bundnar vísitölu framfærslukostnaðar.

Eigi skal öðrum en veðdeild Landsbanka Íslands heimilt að gefa út vísitölubundin verðbréf, nema sérstök lagaheimild komi til.

5. Við 5. gr. Greinin falli niður.

6. Við 6. gr. Greinin verði 5. gr. og orðist svo:

6. gr. laga nr. 55/1955 breytist þannig:

a. c-liður orðist svo:

Lán til hverrar íbúðar skal vera í tvennu lagi, A- og B-lán. Allir, sem fengið hafa A-lán, skulu eiga rétt til að fá B-lán allt að sömu fjárhæð. Lántökugjald skal vera 1%.

b. h-liður komi til viðbótar og orðist svo:

Félagsmálaráðherra skal, að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar, setja með reglugerð nánari ákvæði um úthlutun lána, er húsnæðismálastjórn hefur með höndum.

7. Við 7. gr. Greinin falli niður.
8. Við 8. gr. Greinin falli niður.
9. Við 9. gr. Greinin verði 6. gr. og orðist svo:

9. gr. laga nr. 55/1955 orðist svo:

Setja skal á stofn undir yfirstjórn húsnæðismálastjórnar og veðdeildar Landsbanka Íslands sérstakt form spariinnlána í bönkum og sparisjóðum, er nefnist húsinnlán.

Húsinnlán skulu vera samningsbundin spariinnlán einstaklinga, er leggja inn fé af atvinnutekjum sínum, minnst 5 þús. kr. á ári í að minnsta kosti 5 ár.

Húsinnlán skulu bera 1% hærri ársvexti en almennir sparisjóðsvextir Landsbanka Íslands eru á hverjum tíma, og skal það fé, sem sparað er á þennan hátt, vera undanþegið tekjuskatti og útsvari, þó ekki yfir 5 þús. kr. á ári.

Bankar og sparisjóðir skulu skyldir að taka við peningum til húsinnlána. Það fé, sem innborgast til húsinnlána, skal ganga til kaupa á A-bankavaxtabréfum hins almenna veðlánakerfis.

Húsinnlán skulu færð á sérstakan reikning lánastofnana, og skulu þær gefa húsnæðismálastjórn skýrslu um þau.

Húsinnlán fást útborguð að minnst 5 árum liðnum frá því, að innlög hófust. Öðlast þá eigendur þeirra rétt til að fá íbúðarlán hjá hinu almenna veðlánakerfi, allt að 25% hærra en venjulegt lánshámark er, þó aldrei yfir ⅔ hluta af matsverði viðkomandi íbúðar, og skylt er að láta þá sitja fyrir um lán.

Um framkvæmd þessarar greinar fer að öðru leyti eftir því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð um húsinnlán, er félagsmálaráðherra skal setja að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar og veðdeildar Landsbanka Íslands.

10. Við 10. gr. Greinin falli niður.
11. Við 11. gr. Greinin falli niður.
12. Við 12. gr. Greinin falli niður.
13. Við 13. gr. Greinin falli niður.
14. Við 14. gr. Greinin falli niður.
15. Við 15. gr. Greinin falli niður.
16. Við 16. gr. Greinin verði 7. gr. og orðist svo:

Orðin „allt að 3 millj. kr. á ári næstu 5 árin“ í 13. gr. laga nr. 55/1955 falli niður.

17. Við 21. gr. Greinin falli niður.
18. Við 22. gr. Greinin falli niður.
19. Við 23. gr. Greinin falli niður.
20. Við 24. gr. Greinin falli niður.
21. Kaflafyrirsagnir frv. breytist sem hér segir:

Fyrirsögn I. kafla orðist svo:
Um breyting á lögum nr. 55/1955, um húsnæðismálastjórn o. fl.
V. kafli verði II. kafli.
Aðrar kaflafyrirsagnir falli niður.

22. Fyrirsögn frv. orðist svo:

Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 55/1955, um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl.

Alþingi, 17. maí 1957.

Friðjón Þórðarson, frsm. Sig. Ó. Ólafsson.

Nd. 558. Framhaldsnefndarálit [159. mál]

um frv. til laga um skatt á stóreignir.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Vegna hinnar óþinglegu meðferðar, sem mál þetta hefur orðið að sæta, þykir minni hl. fjárhagsnefndar nauðsyn til bera að gefa út framhaldsnefndarálit.

Frv. var fyrst tekið til athugunar í fjárhagsnefnd 29. apríl s. l. og öðru sinni daginn eftir, en þá óskaði minni hl. eftir fresti til að ganga frá breytingartillögum og að tekin yrði afstaða til þeirra í nefndinni. Brtt. minni hl. og athugasemdir voru tilbúnar og afhentar formanni nefndarinnar og ritara þann 3. maí. Síðan var fundur í nefndinni um málið þann 4. maí. Meiri hl. var þá ekki tilbúinn að taka afstöðu til tillagna minni hl., en samþykkti samt að afgreiða málið til 2. umræðu og mundi málið þá athugað í nefndinni að nýju fyrir 3. umræðu. Af þessum sökum bar minni hl. nefndarinnar ekki fram brtt. sínar fyrir 2. umræðu, þar sem ekki var vitað um afstöðu nefndarinnar til þeirra.

Eftir 2. umræðu er málinu ekki hreyft í fjárhagsnefnd í nærri hálfan mánuð, þar til 16. maí, að málið er fyrir tekið, og meiri hl. nefndarinnar lagði þá fram brtt., sem hann hefur flutt á þskj. 552, og vill með þeim einum, að því er virðist, koma til móts við tillögur minni hl.

Minni hl. telur brtt. á þskj. 552 til nokkurra bóta, það sem þær ná, en ganga allt of skammt.

Þau sjónarmið, brtt. og athugasemdir, sem minni hl. lagði fram í fjárhagsnefnd fyrir 2. umræðu málsins, voru eftirfarandi:

„Við teljum, að sú ráðstöfun að leggja nú á sérstakan stóreignaskatt verði ekki réttlætt með hliðsjón af öðrum ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið á yfirstandandi Alþingi í efnahagsmálum.

Er mjög ólíku saman að jafna við álagningu stóreignaskatts í sambandi við almenna gengisfellingu, eins og 1950, samhliða ráðstöfunum til að stuðla að stöðugu verðlagi og jafnvægi í þjóðarbúskapnum, verðuppbótum á sparifé o. fl.

Þar sem stuðningsflokkar hæstv. ríkisstjórnar hafa engu að síður ráðið við sig að lögfesta nú nýjan stóreignaskatt, viljum við freista þess að bera fram breytingartillögur við frv. þar að lútandi, á þskj. nr. 435, 159. mál, sem miða að því að draga úr skaðlegustu áhrifunum, sem ákvæði frv. að okkar dómi mundu hafa á athafnalífið og efnahagsþróunina í landinu. Þó er fyrsta breytingartillagan sérstaklega við það miðuð að stuðla að réttlæti í framkvæmd og að skattþegnarnir séu jafnir fyrir lögunum.

Þótt stuðningsmenn hæstv. ríkisstjórnar telji nauðsynlegt að afla ríkissjóði tekna með skatti á svokallaðar stóreignir, verður að ætla, að við nánari athugun ætti að geta orðið samkomulag um þá skattlagningu innan þeirra marka, sem hagsmunir almennings, sem skatturinn lendir ekki á, krefjast, þ. e. að skattlagningin verki ekki lamandi á atvinnulífsþróunina í landinu. Að því stefna breytingartillögur okkar.

Breytingartillögur við frv. til laga um skatt á stóreignir.

1. Við 2. gr., tölulið 1, fyrsta mgr. Málsliðirnir „en þó skal landsnefndin endurskoða mat á einstökum lóðum í kaupstöðum og kauptúnum o. s. frv.“ alveg aftur að annarri málsgrein falli niður.
2. Við 2. gr., tölulið 1, önnur mgr. Málsgreinin orðist svo:

   Frá matsverði frystihúsa, sláturhúsa og annarra húseigna, sem notaðar eru fyrir vinnslustöðvar sjávarafurða og landbúnaðarafurða, síldarverksmiðja, dráttarbrauta, svo og annars iðnaðarhúsnæðs, skal draga 20% — tuttugu af hundraði.

(Athugasemd: Ákvæði málsgreinarinnar virðist miðað við ákv. 1. gr. l. nr. 59 1946, um sérstakar fyrningarafskriftir, og ætti því af þeim og öðrum efnisástæðum að fylgja í upptalningunni „dráttarbrautir“ og „síldarverksmiðjur“, enda þó að síldarverksmiðjur án upptalningar falli rökrétt undir vinnslustöðvar sjávarafurða. Virðist þá liggja nærri að bæta einnig við öðru iðnaðarhúsnæði, eins og lagt er til.)

3. Við 2. gr., tölulið 1, þriðja mgr. Í stað „200% álagi“ komi: 150% álagi.

(Athugasemd: Um almennt mat á fasteignum samkv. eldri lögum um stóreignaskatt var þágildandi fasteignamat margfaldað með tölunum 3—6, mismunandi eftir stöðum eða fólksfjölda kaupstaða. Nú er hins vegar ákveðið, að allt fasteignamat skuli þrefalda, en fasteignamatið er samkv. nýju fasteignamati, sem framkvæmt hefur verið á tímabilinu frá síðasta stóreignaskatti, og er fasteignamat allt frá 40% lægra en áður var og upp í 400% hærra.

Hér verða tekin nokkur dæmi um margföldun fasteignamats samkv. eldri lögunum og hvernig það verður sambærilegt við frumvarpið:

	Eldri lögin	Frumvarpið	Hækkun frá fyrra mati til stóreignaskatts
Í Reykjavík	6 falt	15 falt	150 %
Akureyri	5 —	9.6 —	92 %
Hafnarfjörður	5 —	13.8 —	176 %
Akranes, Keflavík og Vestmannaeyjar	4 —	13.8 —	245 %
Ísafjörður og Siglufjörður	4 —	6 —	50 %
Gullbringu- og Kjósarsýsla og Selfoss	3 —	10.8 —	260 %
Árnessýsla, Rangárvallasýsla ásamt fleiri stöðum	3 —	9.6 —	220 %
Eyjafjarðarsýsla, Neskaupstaður, Sauðárkrókur og Ólafsfjörður ásamt fleiri stöðum	3 —	7.8 —	160 %
Suður-Múlasýsla, Patreksfjörður, Stykkishólmur, Seyðisfjörður	3 —	6 —	100 %

Hér á sér stað stórkostleg hækkun á matsverði fasteigna víðast hvar á landinu.

Byggingarvísitala: Á tímabilinu 1/10/48 til 1/10/49 var hún 445 stig og 1/10/49 til 1/10/50 var hún 478 stig. Frá 1/10/55 til 1/3/57 er hún hins vegar 904 stig. Ef við miðum við vísitölu 1/10/48 til 1/10/49 og 1/10/55 til 1/3/57, hefur byggingarvísitala hækkað um 103%, en ef tekið er meðaltal 1/10/48 til 1/10/50 sem 461.5 stig og 1/10/55 til 1/3/57, er hækkunin 95.88%.

Þar sem álíta má, að hlutfallsleg hækkun byggingarvísitölu sé algert hámark á hlutfallslegri verðmætishækkun fasteigna frá eldri stóreignaskattslögum, þá ætti t. d. í Reykjavík að leggja í hæsta lagi 143.6% álag (í stað 200%) á fasteignamat landsnefndar, miðað við fyrri tölur hér að ofan (103% hækkun byggingarkostnaðar), en 135% álag á fasteignamat landsnefndar, miðað við síðari tölur hér að ofan (95.88% hækkun byggingarkostnaðar). Við leggjum samt til að miða við 150% álag. Yrði þá samanburðurinn þessi:

	Eldri lögin	Frumvarpið með breytingu um að álag á fasteignamat landsn. verði 150%	Hækkun frá fyrra mati til stóreignaskatts
Í Reykjavík	6 falt	12.5 falt	108.33 %
Akureyri	5 —	8.0 —	60.00 %
Hafnarfjörður	5 —	11.5 —	130.00 %
Akranes, Keflavík og Vestmannaeyjar	4 —	11.5 —	187.50 %
Ísafjörður og Siglufjörður	4 —	5.0 —	25.00 %
Gullbringu- og Kjósarsýsla og Selfoss	3 —	9.0 —	200.00 %
Árnessýsla, Rangárvallasýsla ásamt fleiri stöðum	3 —	8.0 —	166.67 %
Eyjafjarðarsýsla, Neskaupkaupstaður, Sauðárkrókur, Ólafsfjörður ásamt fleiri stöðum	3 —	6.5 —	116.67 %
Suður-Múlasýsla, Patreksfjörður, Stykkishólmur, Seyðisfjörður	3 —	5.0 —	66.67 %

4. Við 2. gr., tölulið 2, önnur mgr. Við teljum, að flugfélögin eigi að njóta miklu meiri hlunninda, en hvernig ákveða beri þau, fari m. a. eftir, hver ákvæði sett verða um mat á lausafé, sbr. næstu málsgr. á eftir.
5. Við 2. gr., tölulið 2, þriðja málsgr. Við teljum rétt, að löggjafinn ákveði sjálfur nánar en sagt er í málsgr. um það, hvernig meta skuli lausafé við álagningu skattsins, og mætti þar styðjast við fyrri framkvæmd með hliðsjón af breyttum aðstæðum.
6. Við 2. gr., tölulið 3, fyrsta málsgr. Aftan við málsgr. bætist: Einnig tekjuskattur, stríðsgróðaskattur og útsvar, reiknað af tekjum ársins 1956.

(Ath.: Samkv. frv. fer fram endurmat á öllum eignum skattþegnanna, miðað við 31. des. 1956. Réttast er þar af leiðandi að telja til frádráttar allar skuldir skattþegnanna sama dag, en ekki aðeins sumar þeirra.

Sett skal fram eitt dæmi, miðað við raunverulegt uppgjör hlutafélags hér í bæ. Tölurnar eru áætlaðar, en ekki fjarri lagi:

Hlutafé	kr.	200 000.00
Varasjóður 31/12 1955	—	830 000.00
Höfuðstóll 31/12 1955	—	700 000.00
	Kr.	1 730 000.00
Hreinar tekjur 1956 kr. 700 000.00		
Skattar og útsvör af tekjum 1955 greitt 1956 — 830 000.00		
	kr.	130 000.00
	Kr.	1 600 000.00
Áætluð hækkun eigna vegna stóreignaskatts-mats	—	5 400 000.00
Heildar-nettóeign félagsins talin	kr.	7 000 000.00
þ. e. hvert 1000 kr. bréf verður metið á	kr.	35 000.00
Eign hluthafa, sem á 150 bréf	—	5 250 000.00
Aðrar eignir hluthafans	—	750 000.00
Nettóeign til stóreignaskatts	kr.	6 000 000.00
og stóreignaskattur ákveðinn	kr.	1 025 000.00

Af þeim 700 þús. kr. nettótekjum, sem félagið hafði í tekjur 1956 og hækkað hefur nettóeign þess um þá upphæð, mun félagið þegar hafa greitt kr. 600 000.00 í skatta og útsvör á árinu 1957, þegar stóreignaskatturinn verður á lagður. Samt sem áður er þessi eign innifalin í mati bréfanna 31. 12. 1956.

Væri tekið tillit til skatt- og útsvarsskuldanna við mat bréfa hluthafans, mundi stóreignaskattur hans lækka um kr. 112 500.00. Af tekjum félagsins árið 1956, kr. 700 000.00, eru fyrst teknar kr. 600 000.00 í skatta og útsvar, en síðan eru teknar kr. 112 500.00 í aukinn stóreignaskatt vegna þessara 700 þús. kr. tekna, sem þegar er búið að greiða að mestu til þess opinbera.

Með fleiri dæmum er auðvelt að sýna fram á, hversu fráleitt er að gera ekki ráð fyrir ógreiddum sköttum sem skuld hinn 31. des. 1956).

7. Við 4. gr. Af gr. kemur fram, að frádráttur á óskiptilegum sameignarsjóðum samvinnufélaganna er sá sami og var samkvæmt l. 22/1950, og er sérstaklega til þess vitnað í greinargerð frv. við 4. gr. Hins vegar eru nú ekki í frv. hliðstæð ákvæði og áður um, að frá eignum skuli dragast fjárhæðir, sem lagðar hafa verið í nýbyggingarsjóði, „hvort sem búið er að verja þeim að öllu leyti til kaupa á framleiðslutækjum eða ekki“. Við teljum rétt, að samræmis sé gætt í þessu.

   Þá teljum við rétt, að með eignum félaga teljist ekki innistæður í sparisjóði til samræmis við 3. gr.

8. Við 6. gr. Í stað orðanna „10 árum“ í niðurlagi fyrstu málsgr. komi: 15 árum.

   Í greinina sé bætt ákvæði um, að heimilt sé að greiða skattinn með eignum, sem skattlagðar eru, og með því verðmæti, sem lagt er til grundvallar við skattlagninguna.

9. Við 7. gr. Ákvæðin um, að félög hafi rétt til að endurkrefja félagsmenn eða hluthafa um skattupphæðir, falli niður.

Minni hl. þykir rétt að geta þess, að þann 1. maí s. l. barst nefndinni bréf frá Vinnuveitendasambandi Íslands og Félagi íslenzkra iðnrekenda, þar sem frv. er mjög gagnrýnt, og í dag áttu stjórnir þessara samtaka fund með fjárhagsnefnd um málið, þar sem þessir aðilar áréttuðu sjónarmið sín.

Bréf þessara samtaka er svo hljóðandi:

„Fyrir hinu háa Alþingi liggur nú frumvarp til laga um stóreignir.

Samtök vor hafa athugað frumvarp þetta og vilja ekki láta hjá líða að mótmæla samþykkt þess, m. a. vegna þess, hversu skammur tími er liðinn síðan hliðstæður skattur var á lagður.

Er einróma álit samtakanna, að afleiðingar af álagningu skattsins verði ekki aðeins til stórkostlegs tjóns öllum þeim atvinnufyrirtækjum, sem skattinn þyrftu að greiða, heldur einnig launþegum þessara fyrirtækja og þá um leið beint eða óbeint öllum almenningi í landinu, þar sem samþykkt frumvarpsins felur í sér slíka árás á flest atvinnurekstrarform, að atvinnureksturinn mundi torveldast eða dragast saman að meira eða minna leyti. Verður þó ekki að óreyndu trúað, að slíkt vaki fyrir hinu háa Alþingi.

Munum vér hér á eftir drepa á nokkur þau atriði, sem framangreint álit er byggt á:

Alkunna er, að næstum öll atvinnufyrirtæki hafa átt við mjög mikinn rekstrarfjárskort að stríða á undanförnum árum. Hafa lánveitingar lánastofnana í vaxandi mæli beinzt til annars en atvinnurekstrar og afleiðingin orðið vaxandi rekstrarfjárskortur atvinnufyrirtækja.

Þessar lánveitingar hafa að vísu yfirleitt farið til þarflegra framkvæmda, en ljóst er, að lamist atvinnurekstur landsmanna vegna lánsfjárskorts, er of langt gengið.

Er hætta á, að illar heimtur verði á endurgreiðslum fleiri lána en atvinnufyrirtækja, ef atvinnureksturinn dregst saman. Um hitt munu allir á einu máli, að

mjög sé misráðið að leggja nú drápsklyfjar á atvinnureksturinn umfram venjulegar skatta- og útsvarsgreiðslur og nota það fé til enn frekari útlána, sem ekki renna til atvinnurekstrarins.

Á þessu stigi málsins er ekki hægt að gera sér fulla grein fyrir, hve stóreignaskattsálagningin verður þungbær. Þó er sýnt, að flest hinna stærri útgerðar-, iðnaðar- og verzlunarfyrirtækja, sem frumvarpið tekur til, hljóta annaðhvort að draga saman rekstur sinn og selja fasteignir sínar eða tæki eða að bankarnir verða að auka lán til þeirra sem nemur greiðslum afborgana og vaxta og stóreignaskattsskuldum.

Ber í því sambandi að hafa hugfast, að í fjölmörgum tilfellum og þá sérstaklega í iðnrekstrinum er þessu svo háttað, að ekki er hægt að selja húshluta eða hluta úr vélasamstæðum án þess, að allur reksturinn stöðvist.

Auk þess má benda á, að iðnvélar, sem eru mikils virði í þann mund, sem stóreignaskattur er á lagður, geta vegna breyttra markaðsaðstæðna, e. t. v. af völdum hins opinbera, verið verðlitlar eða verðlausar með öllu skömmu síðar, þar sem framleiðslugrundvöllur á viðkomandi sviði sé ekki lengur fyrir hendi.

Fari svo, mót von vorri, að stóreignaskattur verði á lagður, er rétt að benda á einstök atriði í nefndu frumvarpi, sem nauðsynlegt er að lagfæra.

1. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að húseignir, sem notaðar eru sem vinnslustöðvar sjávar- og landbúnaðarafurða, skuli metnar á lægra verði en aðrar eignir til stóreignaskatts. Vér leggjum eindregið til, að þessi lækkun nái til allra fjármuna, sem notaðir eru í atvinnurekstri, þar sem vandséð er, hvort ein atvinnugrein sé annarri nauðsynlegri fyrir þjóðfélagið.
2. Með vísun til 3. tölul. 2. greinar frumvarpsins er það tillaga vor, að skattar og útsvar lagt á tekjur 1956 verði talið til skuldar hinn 31. des. 1956.
3. Þá er það tillaga vor, að allur atvinnurekstur í landinu sé skattlagður eftir sömu reglum og skipti form fyrirtækjanna ekki máli í því sambandi. Samkv. því er lagt til, að 2. málsgr. 4. gr. sé felld niður, þar sem ekki liggur fyrir, að eitt rekstrarform þurfi sérstaklega ívilnunar við framar öðrum.
4. Til tryggingar því, að eignir skattgreiðenda séu ekki metnar yfir gangverði til stóreignaskatts, verði sett ákvæði, er heimili þeim að greiða stóreignaskattinn með hverri þeirri eign, er þeir óska, á matsverði til stóreignaskatts.

   Krafa þessi er fram sett vegna þess, að fyrir fyrirtæki, sem eins og áður hefur verið frá skýrt búa undantekningarlaust við sáran rekstrarfjárskort, getur ekki í sambandi við greiðslu stóreignaskatts skeð nema eitt af þrennu:
   a. Bankarnir auki lán til fyrirtækisins, sem svarar greiðslu á stóreignaskattinum.
   b. Fyrirtækin selji hluta af eignum sínum til greiðslu skattsins.
   c. Fyrirtækin afhendi eignir upp í skattinn á matsverði, ef slíkt yrði leyft.

Vér viljum að lokum eindregið óska eftir því að fá viðtal við hina virðulegu fjárhagsnefnd neðri deildar um téð frumvarp, svo að oss gefist frekari kostur á að koma skoðunum vorum á framfæri og fá skýringar á einstökum atriðum frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

Vinnuveitendasamband Íslands,
Barði Friðriksson.

Félag íslenzkra iðnrekenda,
Gunnar J. Friðriksson."

Með vísun til þess, sem að framan greinir um afstöðu minni hl. innan fjárhagsnefndar, leyfum við okkur að gera við frv. eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 2. gr.
   a. Orðin „en þó skal landsnefndin ... ákvæði í reglugerð" í 1. málsgr. 1. töluliðar falli niður.

b. 2. málsgr. 1. töluliðar orðist svo:
Frá matsverði frystihúsa, sláturhúsa og annarra húseigna, sem notaðar eru fyrir vinnslustöðvar sjávarafurða og landbúnaðarafurða, síldarverksmiðja, dráttarbrauta, svo og annars iðnaðarhúsnæðis, skal draga 20% — tuttugu af hundraði.
c. Í stað „200% álagi“ í 3. málsgr. 1. töluliðar komi: 150% álagi.
d. Í stað tveggja fyrstu málsliða í 1. málsgr. 2. töluliðar komi: Skip skulu reiknuð með vátryggingarverði að frádregnum 40% — fjörutíu af hundraði.
e. Í stað „20% — tuttugu af hundraði“ í 2. málsgr. 2. töluliðar komi: 50% — fimmtíu af hundraði.
f. 3. málsgr. 2. töluliðar orðist svo:
Matsverð á vélum, áhöldum og öðru lausafé, sbr. c-lið 19. gr. laga nr. 46/1954, skal vera kostnaðarverð að frádregnum lögleyfðum afskriftum.
g. Aftan við 1. málsgr. 3. töluliðar bætist:
Einnig tekjuskattur, stríðsgróðaskattur og útsvar reiknað af tekjum ársins 1956.

2. Við 4. gr. Aftan við 2. málsgr. bætist:
Eigi heldur það fé, sem lagt hefur verið í nýbyggingarsjóði samkv. lögum nr. 20/1942 og l. nr. 46/1954, hvort sem búið er að verja því til kaupa á framleiðslutækjum eða ekki. Með eignum félaga telst eigi heldur innistæða þeirra í sparisjóði.

3. Við 6. gr.
a. Í stað orðanna „10 árum“ í lok 1. málsgr. komi: 15 árum.
b. Aftan við greinina bætist:
Til greiðslu á skattinum er heimilt að afhenda eignir með því matsverði, sem ákveðið er samkv. lögum þessum.

4. Við 7. gr. 4. og 5. málsliður 1. málsgr. falli niður.

Alþingi, 17. maí 1957.

Jóhann Hafstein, frsm. Ólafur Björnsson.

Nd. 559. Lög [126. mál]

um landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

(Afgreidd frá Nd. 17. maí.)

Samhljóða þskj. 529 (sbr. 473).

Nd. 560. Lög [128. mál]

um breyting á lögum nr. 90 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 17. maí.)

Samhljóða þskj. 548.

Nd. 561. Breytingartillaga [83. mál]

við frv. til l. um lax- og silungsveiði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 16. gr. Í staðinn fyrir 2. málsgr. komi tvær málsgreinar:
a. Eigi má veiða fisk í ósum í ár eða ósum í stöðuvötn og eigi 100 metra upp frá slíkum ósum eða 250 metra niður frá þeim. Eigi má heldur veiða fisk í

ósum úr stöðuvötnum þeim, er lax eða göngusilungur fer um, né 50 metra upp eða niður frá slíkum ósum.

b. Ráðherra getur, eftir tillögum veiðimálastjóra, veitt undanþágu að nokkru leyti eða öllu frá banni því, er ræðir um í 1. og 2. málsgr., þar sem svo hagar til, að veiði í ós eða við er eigi talin skaðvænleg.

Ed. 562. Nefndarálit [69. mál]

um frv. til l. um breyt. á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað og rætt frv. og mælir með, að það verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

Við 1. gr.

a. Í stað „1500 íbúa eða fleiri“ komi: 3000 íbúa eða fleiri.
b. Í stað „öðrum bæjarfélögum og sveitarfélögum“ komi: öðrum sveitarfélögum.

Sigurður Ó. Ólafsson var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. maí 1957.

Alfreð Gíslason, form. — Karl Kristjánsson, fundaskr., frsm. — Eggert G. Þorsteinsson.

Friðjón Þórðarson.

Nd. 563. Lög [67. mál]

um Tunnuverksmiðjur ríkisins.

(Afgreidd frá Nd. 18. maí.)

Samhljóða þskj. 481.

Ed. 564. Breytingartillögur [160. mál]

við frv. til l. um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyt. á I. kafla l. nr. 36/1952 o. fl.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

1. Við 17. gr. Aftan við greinina bætist stafliður, svo hljóðandi:
   3. málsgr. sömu lagagreinar falli niður.
2. Við 24. gr. Aftan við greinina bætist: og lög nr. 3/1957, um breyting á þeim lögum.
3. Á eftir 25. gr. komi svo hljóðandi

Bráðabirgðaákvæði:

Starfstímabil þeirra manna í húsnæðismálastjórn, sem kosnir eru af Alþingi í fyrsta sinn samkvæmt lögum þessum, og þess manns, er ráðherra skipar, svo og varamanna, skal vera til ársloka 1960.

Ed. **565. Frumvarp til laga** [160. mál]

um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

I. KAFLI
Um húsnæðismálastofnun ríkisins.

1. gr.

Setja skal á stofn húsnæðismálastofnun ríkisins. Hún heyrir undir félagsmálaráðuneytið.

Verkefni húsnæðismálastofnunar ríkisins er að beita sér fyrir umbótum í byggingarmálum, hafa á hendi stjórn byggingarsjóðs ríkisins og yfirumsjón lánsfjáröflunar og lánveitinga til íbúðabygginga í landinu.

Húsnæðismálastjórn veitir húsnæðismálastofnuninni forstöðu. Í húsnæðismálastjórn eiga sæti 5 menn, fjórir kosnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi til 3 ára í senn og einn skipaður af félagsmálaráðherra samkvæmt tilnefningu Landsbanka Íslands. Skal hann eigi hafa atkvæðisrétt um lánveitingar. Varamenn skulu vera jafnmargir og valdir á sama hátt. Félagsmálaráðherra skipar formann húsnæðismálastjórnar, en að öðru leyti skiptir hún með sér verkum.

Félagsmálaráðherra skipar húsnæðismálastofnuninni framkvæmdarstjóra að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar og ákveður honum laun. Einnig ákveður ráðherrann þóknun til húsnæðismálastjórnar.

Þóknun húsnæðismálastjórnar og laun framkvæmdarstjórans greiðast úr ríkissjóði, en annar kostnaður stofnunarinnar úr byggingarsjóði ríkisins.

2. gr.

Húsnæðismálastofnun ríkisins skal vinna að umbótum í byggingarmálum og lækkun á byggingarkostnaði með því meðal annars:

1. Að gera grein fyrir raunverulegri þörf landsmanna fyrir íbúðabyggingar á hverjum tíma, og gera tillögur og áætlanir um, hvernig þeirri þörf verði fullnægt á sem hagkvæmastan hátt og með minnstum tilkostnaði. Félagsmálaráðherra er heimilt í þessu skyni að fela húsnæðismálastjórn, í samvinnu við sveitarstjórnir, fasteignamat ríkisins og Hagstofuna, að koma upp spjaldskrá yfir allt íbúðarhúsnæði í landinu.
2. Að fylgjast jafnan nákvæmlega með byggingarkostnaði í landinu í því skyni að finna, hverjir byggja ódýrust hús, hvaða gerðir íbúðarhúsnæðis reynast beztar og hagkvæmastar, og með hvaða hætti þeim verði komið upp með minnstum kostnaði. Í þessu skyni er húsnæðismálastjórn heimilt að láta fara fram samkeppni um uppdrætti og byggingu hagkvæmra íbúða og veita lán þeim, sem geta tekið að sér að byggja hagkvæmar íbúðir af ákveðinni meðalstærð með minnstum kostnaði.
3. Að setja þau skilyrði fyrir lánum, sem telja má að stuðli að því, að byggðar verði fyrst og fremst hagkvæmar íbúðir af hóflegri stærð.
4. Að koma á fót og annast leiðbeiningarstarf í því skyni að lækka byggingarkostnað og koma á hvers konar umbótum í húsagerð og vinnutækni við byggingu íbúðarhúsa.
5. Að leggja áherzlu á stöðlun (standardiseringu) sem flestra hluta til íbúðarhúsabygginga, fjöldaframleiðslu slíkra hluta og leiðbeiningar til húsbyggjenda um notkun þeirra.
6. Að gangast fyrir tæknirannsóknum og kynningu nýjunga í byggingariðnaði, tilraunum, sýningum, námskeiðum, útgáfu rita, heimsóknum erlendra sérfræðinga,

náms- og kynnisferðum íslenzkra byggingarmanna erlendis. Enn fremur með byggingu tilraunahúss, þar sem reyndar verði nýjungar í húsagerð.
7. Að beita sér fyrir útvegun hagkvæmra íbúðateikninga.
8. Að beita sér fyrir endurskoðun byggingarsamþykkta, eftir því sem þörf krefur.
9. Að beita sér fyrir lækkun á verði byggingarefnis með því meðal annars að stuðla að hagkvæmum innkaupum.
10. Að beita sér fyrir því, að úthlutun lóða tefji ekki, að byggingar geti hafizt.
11. Að semja og gefa út reglur um lágmarkskröfur um byggingar, sem lán eru veitt til, svo sem um lágmarkseinangrun, lágmarkslofthæð o. s. frv., sem og leiðbeiningar um undirbúning teikninga og áætlana.
12. Að beita sér fyrir því, að vinna við íbúðabyggingar sé sem samfelldust árið um kring og sem jöfnust frá ári til árs.

Húsnæðismálastjórn er heimilt að láta undirbúa byggingu íbúðarhúsahverfa í kaupstöðum með því að láta gera skipulagsuppdrætti af þeim í samráði við skipulagsnefnd ríkisins. Þegar slíkir skipulagsuppdrættir hafa verið samþykktir af skipulagsnefnd og félagsmálaráðherra, er viðkomandi bæjarfélagi skylt að heimila byggingarnar og láta af hendi eða útvega landsvæði fyrir þær, ef með þarf með eignarnámi, og fer um eignarnám samkvæmt lögum nr. 61 frá 1917. Sömuleiðis er viðkomandi bæjarfélagi skylt að leggja nauðsynlega vegi og leiðslur um slík hverfi innan hæfilegs tíma að mati húsnæðismálastjórnar og félagsmálaráðherra.

Við lausn þessara mála er húsnæðismálastofnun ríkisins heimilt að leita samvinnu við hvern þann aðila, sem hefur sérþekkingu á þessum málum, og er opinberum aðilum skylt að veita stofnuninni hverjar þær upplýsingar, sem hún óskar.

Heimilt er félagsmálaráðherra að skipa nefnd sérfróðra manna húsnæðismálastjórn til aðstoðar og ráðuneytis um tæknileg mál, og ákveður ráðherra þóknun til nefndarmanna.

Húsnæðismálastofnun ríkisins skal ár hvert gefa út opinbera skýrslu um íbúðabyggingar í landinu, er m. a. sýni, hver árangur hafi náðst með ráðstöfunum hennar til að lækka byggingarkostnað og greiða fyrir byggingu hagkvæmra íbúða.

II. KAFLI

Um byggingarsjóð ríkisins og veðlán til íbúðabygginga.

3. gr.

Stofna skal byggingarsjóð ríkisins, er lýtur stjórn húsnæðismálastjórnar.

Hlutverk sjóðsins skal vera að annast lánveitingar til íbúðabygginga og standa straum af framkvæmdum, er húsnæðismálastjórn kann að ráðast í til lausnar á húsnæðisvandamálum almennings.

Stofnfé sjóðsins skal vera:

1. Varasjóður hins almenna veðlánakerfis.
2. Lán ríkisins til Lánadeildar smáíbúða.
3. A-flokka bréf ríkisins, er keypt voru fyrir tekjuafgang ríkissjóðs 1955.
4. Tveir þriðjungar skatts af stóreignum, álagðs 1957.

Árlegar tekjur sjóðsins skulu vera:

a. 1% álag, er innheimta skal aukalega, á tekju- og eignarskatt og stríðsgróðaskatt og aðflutningsgjöld samkvæmt tollskrá með gildandi viðaukum.
b. Afborganir og vextir lána, sem veitt hafa verið eða veitt verða af framlögum ríkisins til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis.
c. 1% lántökugjald af lánum, er húsnæðismálastjórn veitir, svo og vaxtatekjur byggingarsjóðs.
d. Höfuðstóll vaxtabréfa samkvæmt 4. gr. og vaxtafé af þeim, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, sé þess ekki vitjað innan 20 ára frá gjalddaga, sbr. 18. gr. laga nr. 55/1945.

Byggingarsjóður þessi skal vera í vörzlu veðdeildar Landsbanka Íslands, en lán úr sjóðnum, hvort sem um er að ræða A- eða B-lán, skulu veitt á sama hátt og önnur lán samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

Veðlánakerfi til íbúðabygginga skal starfrækt undir stjórn húsnæðismálastjórnar og veðdeildar Landsbanka Íslands, og skulu lánveitingar innan þess vera í samræmi við hinar almennu útlánareglur húsnæðismálastjórnar.

Í þessu skyni skal veðdeild Landsbankans heimilt að gefa út bankavaxtabréf, sem nema allt að 100 milljónum króna árlega næstu 10 ár. Vaxtabréf þessi skulu vera þannig, að annar hlutinn, A-flokkur, verði með föstum vöxtum og afborgunum, en hinn hlutinn, B-flokkur, allt að 50 millj. króna á ári, verði með vísitölukjörum, þannig að greiðslur afborgana og vaxta séu bundnar vísitölu framfærslukostnaðar.

Eigi skal öðrum en veðdeild Landsbanka Íslands heimilt að gefa út vísitölubundin verðbréf, nema sérstök lagaheimild komi til.

Ákvæði III. kafla laga nr. 46/1954 og 1. gr. laga nr. 48 1954 gilda um bankavaxtabréf þessi og vexti af þeim.

Byggingarsjóður ríkisins og veðdeild Landsbankans, eftir tillögu húsnæðismálastjórnar, hafa heimild til að taka erlend lán til íbúðabygginga, enda komi leyfi ríkisstjórnarinnar til.

Ábyrgð ríkissjóðs er á bankavaxtabréfum samkvæmt þessari grein. Um verðbréfaútgáfu þessa gilda ákvæði laga nr. 55/1945, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, að svo miklu leyti sem ekki er öðruvísi fyrir mælt í lögum þessum. Í reglugerð má þó ákveða annan frest um innlausn bankavaxtabréfa en ákveðinn er í 16. gr. laga nr. 55/1945.

5. gr.

Til útlána eða framkvæmda á vegum húsnæðismálastjórnar kemur:

A. Fé byggingarsjóðs ríkisins samkvæmt 3. gr. og sparnaðarfé samkvæmt 9. og 10. gr.
B. Fé það, sem aflast með sölu bankavaxtabréfa samkvæmt 4. gr.
C. Lán, sem bankar, sparisjóðir, tryggingafélög, opinberir tryggingasjóðir og lífeyrissjóðir veita beint til lántakenda samkvæmt útlánareglum húsnæðismálastjórnar og staðfest eru af henni.
D. Erlend lán, sem byggingarsjóður ríkisins eða veðdeild Landsbanka Íslands kunna að taka til íbúðabygginga.

6. gr.

Útlánareglur húsnæðismálastjórnar skulu vera þessar:

A. Lánin veitast aðeins til byggingar nýrra íbúða, meiri háttar viðbygginga eða kaupa á nýjum íbúðum. Þau skulu greidd lántakendum í peningum. Lánin koma til útborgunar í hlutfalli við það, hversu langt er komið byggingu húsnæðisins, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð. Ef byggingarfélag er lántakandi, skal láninu skipt á hlutaðeigandi íbúðir að byggingu lokinni eftir ákvörðun húsnæðismálastjórnar. Sé um að ræða byggingarfélag, sem nýtur ríkisábyrgðar, getur húsnæðismálastjórn veitt því bráðabirgðalán gegn ríkisábyrgð af fé byggingarsjóðs, enda verði láninu skipt að byggingu lokinni á eigendur hlutaðeigandi íbúða gegn 1. veðrétti og fellur ríkisábyrgð þá niður.
B. Lánaupphæðin má nema allt að ⅔ hlutum verðmætis íbúðar samkvæmt mati trúnaðarmanna veðdeildar Landsbankans, þó ekki meira en 100 þúsund krónur út á hverja íbúð. Ef fleiri íbúðir eru í sama húsi, má lána út á hverja íbúð fyrir sig. Þó skal engum einstaklingi veitt lán nema út á eina íbúð.
C. Lán til hverrar íbúðar skal vera í tvennu lagi, A- og B-lán. Skulu þeir, sem fengið hafa A-lán hjá bönkum, sparisjóðum eða öðrum, sem taldir eru í C-lið

5. gr. þessara laga, eiga rétt á B-láni, sem má vera allt að því jafnhátt, enda séu A-lánin að öllu leyti veitt í samræmi við reglur húsnæðismálastjórnar, og það staðfest af henni.

D. A-lánin skulu tryggð með 1. veðrétti, en B-lánin með 1. samhliða veðrétti í hlutaðeigandi íbúð.

E. A-lánin skulu vera jafngreiðslulán með 7% ársvöxtum til allt að 25 ára, B-lánin skulu vera með 5½% ársvöxtum og jöfnum afborgunum til allt að 15 ára, en að öðru leyti með hliðstæðum kjörum og vísitölubundnu verðbréfin. Enn fremur skulu lántakendur greiða ¼% ársvexti af þeim A-lánum, sem veitt eru af andvirði seldra bankavaxtabréfa, lánum byggingarsjóðs ríkisins og B-lánum, eins og þessi bréf eru á hverjum tíma, til greiðslu kostnaðar við starfrækslu veðdeildarinnar í þágu byggingarsjóðs.

F. Heimilt er húsnæðismálastjórn að breyta vaxtakjörum og lánstíma á nýjum lánum, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar.

G. Félagsmálaráðherra skal að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar setja með reglugerð nánari ákvæði um veitingu lána, er húsnæðismálastjórn hefur með höndum. Um lánveitingar til einstaklinga skal þar m. a. setja ákvæði, sem tryggi, að farið sé eftir ástæðum umsækjenda, húsnæði, fjölskyldustærð, efnahag, lántökumöguleikum o. fl. Enn fremur um hámarksstærð íbúða, sem veita má lán til.

Við skiptingu lánsfjárins milli byggðarlaga skal tekið tillit til nauðsynlegs jafnvægis í byggð landsins.

Á meðan ekki er unnt að fullnægja lánsfjárþörf til íbúðarhúsabygginga skulu þeir umsækjendur að öðru jöfnu sitja fyrir, er byggja minni íbúðir, enda fullnægi íbúðarstærðin þörfum viðkomandi fjölskyldu að dómi húsnæðismálastjórnar. Þá er og húsnæðismálastjórn heimilt að veita á hverjum tíma hlutfallslega hærri lán til þeirra íbúða, er hún telur af hóflegri stærð, miðað við fjölskyldustærð umsækjanda.

Ákveðið skal í reglugerð, hver skilríki umsækjandi skuli láta fylgja umsókn sinni og um önnur almenn skilyrði fyrir lánveitingu.

Heimilt er að setja það skilyrði fyrir láni, að bygging skuli hafin á tilsettum tíma árs, að bygging sé ekki hafin áður en skriflegt lánsloforð er gefið, nema leyfi húsnæðismálastjórnar komi til, og að bygging sé undirbúin með þeim hætti, sem húsnæðismálastjórn telur nauðsynlegan.

7. gr.

Heimilt er með samþykki ríkisstjórnarinnar að lána byggingarsjóði Búnaðarbankans og byggingarsjóði verkamanna af fé því, sem húsnæðismálastjórn hefur til útlána samkvæmt 3. og 4. gr. Slík lán skulu veitt sem A-lán og B-lán.

8. gr.

Húsnæðismálastjórn ákveður, hverjum skuli veitt lán samkvæmt lögum þessum af fé byggingarsjóðs samkvæmt 3. gr. og fé því, sem aflað er með sölu bankavaxtabréfa samkvæmt 4. gr., en veðdeild Landsbankans skal sjá um afgreiðslu lánanna og innheimtu afborgana og vaxta. Skal veðdeildin sjá um, að afgreiðslan og innheimtan geti farið fram í peningastofnunum sem víðast á landinu.

III. KAFLI

Um sparnað til íbúðabygginga.

9. gr.

Sérstök innlánsdeild skal starfa á vegum byggingarsjóðs ríkisins.

Þeir, sem leggja fé inn í deildina, skulu að minnst 5 árum liðnum, frá því að innlög hófust, eiga kröfu á að fá það útborgað, að viðbættum venjulegum innláns-

vöxtum. Nemi hin innlagða upphæð minnst 5 þús. krónum á ári, er skylt að láta þá, er taka þátt í innlögum þessum, sitja fyrir um lán til íbúðabygginga frá húsnæðismálastjórn, að öðru jöfnu, og mega þau lán vera allt að 25% hærri en almennt gerist, þó aldrei yfir ⅔ hluta af matsverði viðkomandi íbúðar. Nánari ákvæði um fyrirkomulag þessarar innlánsdeildar og um réttindi og skyldur samkvæmt þessari grein skulu sett í reglugerð.

Tilsvarandi ákvæði gilda um þá menn utan kaupstaða og kauptúna, sem leggja á þennan hátt fé í veðdeild Búnaðarbankans.

10. gr.

Öllum einstaklingum á aldrinum 16—25 ára skal skylt að leggja til hliðar 6% af launum sínum, sem greidd eru í peningum eða sambærilegum atvinnutekjum, í því skyni að mynda sér sjóð til íbúðarbygginga eða til bústofnunar í sveit. Fé það, sem á þennan hátt safnast, skal ávaxtað í innlánsdeild byggingarsjóðs ríkisins fyrir alla þá, sem búsettir eru í kaupstöðum og kauptúnum, en í veðdeild Búnaðarbanka Íslands fyrir þá, sem búsettir eru í sveitum.

Fé það, sem skylt er að spara á þennan hátt, er undanþegið tekjuskatti og útsvari.

Þegar sá, er safnað hefur fé í sjóð samkvæmt 1. mgr., hefur náð 26 ára aldri, eða gengur í hjónaband og stofnar heimili, skal hann eiga þess kost að fá sparifé sitt endurgreitt að viðbættum þeim vöxtum og uppbót vegna vísitöluhækkunar, sem greidd er af vísitölubundnum verðbréfum á innlánstímanum. Enn fremur skulu þeir, að öðru jöfnu, sitja fyrir um lán til íbúðabygginga frá húsnæðismálastjórn, og mega þau lán vera allt að 25% hærri en almennt gerist þá, þó eigi yfir ⅔ hluta af matsverði viðkomandi íbúðar. Þessi forgangsréttur til lána er þó bundinn því skilyrði, að sparifjársöfnun þeirra, sem að byggingu hlutaðeigandi íbúðar standa, nemi samanlagt að minnsta kosti kr. 25 000.00.

Sérhverjum skal heimilt að leggja til hliðar í þessu skyni hærri hluta launa sinna en 6%, byrja sparnaðinn fyrr en tilskilið er og halda honum áfram lengur. Þeir, sem lagt hafa fé í veðdeild Búnaðarbankans og vilja stofna bú í sveit, skulu njóta hliðstæðrar fyrirgreiðslu um lán til bústofnunar úr deildum Búnaðarbankans. Heimilt er Búnaðarbanka Íslands og húsnæðismálastjórn að semja um, að réttindi þessi verði gagnkvæm.

Fé, sem lagt er til hliðar samkvæmt þessari grein og 9. gr., skal vera skatt- og útsvarsfrjálst sem eign og ekki framtalsskylt. Enn fremur skulu vextir af þessu fé undanþegnir framtalsskyldu til tekju- og eignarskatts og skatt- og útsvarsfrjálsir.

11. gr.

Undanþegnir sparnaðarskyldu eru:

a. gift fólk, sem hefur stofnað heimili,
b. skólafólk, sem stundar nám í skóla 6 mánuði eða meira á ári, og iðnnemar meðan þeir stunda iðnnám,
c. þeir, sem hafa börn eða aðra skylduómaga á framfæri sínu, þó ekki þeir, er hafa yfir 30 þús. kr. skattskyldar tekjur, enda hafi þeir ekki fyrir heimili að sjá.

Heimilt er undirskattanefndum að veita tímabundna undanþágu frá sparnaðarskyldu þeim, sem verða fyrir veikindum eða slysum eða hafa sérstaklega þungar fjárhagsbyrðar. Skýrslur um slíkar undanþágur skal senda húsnæðismálastjórn. Ákvörðun undirskattanefndar má áfrýja til félagsmálaráðherra.

Þó að maður kunni að eiga rétt á undanþágu frá sparnaðarskyldu, verður hann að láta hið tilskilda sparifé af hendi, þar til hann hefur fengið formlega undanþágu, en þá á hann rétt til endurgreiðslu, svo fljótt sem við verður komið.

12. gr.

Vegna framkvæmda á ákvæðum þessa kafla skal heimilt að gefa út sparimerki, og skulu atvinnurekendur og aðrir kaupgreiðendur þá skyldir til að greiða

tilskilinn hluta launa með slíkum merkjum hverju sinni, er kaup kemur til útborgunar.

Sett skulu í reglugerð glögg ákvæði um framkvæmd þessa kafla.

IV. KAFLI

Um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis.

13. gr.

Húsnæðismálastjórn skal af hálfu ríkisvaldsins vera aðili að ráðstöfunum til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum, þar með taldir herskálar, og hafa um það samvinnu við bæjar- og hreppsfélög, er beita sér fyrir slíkum framkvæmdum.

14. gr.

Bæjar- og hreppsfélög, sem hafa ákveðið að gera ráðstafanir til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum, skulu senda húsnæðismálastjórn áætlanir sínar og rökstuddar greinargerðir fyrir þeim.

15. gr.

Íbúðir, sem byggðar eru í því skyni að útrýma heilsuspillandi íbúðum, skulu geta notið lána samkvæmt lögum þessum.

16. gr.

Nú leggur sveitarfélag fram fé til íbúðabygginga í því skyni að útrýma heilsuspillandi húsnæði, annaðhvort sem óafturkræft framlag eða lán, og skal þá ríkissjóður lána jafnháa upphæð á móti, allt að 4 millj. króna ár hvert næstu 10 ár. Lánveiting ríkissjóðs er þó ávallt bundin því skilyrði, að hið ónothæfa húsnæði hafi verið tekið úr notkun um leið og hið nýbyggða húsnæði er fullgert. Húsnæðismálastjórn ráðstafar lánum ríkissjóðs í þessu skyni.

Ef ágreiningur verður um ráðstöfun íbúða, sem reistar eru á þessum grundvelli, má skjóta ágreiningnum til úrskurðar húsnæðismálastjórnar.

V. KAFLI

Um breyting á I. kafla laga nr. 36/1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

17. gr.

a. Fyrsti töluliður 3. gr. laganna orðist svo:

Frá og með árinu 1958 greiði sveitarsjóðir, sem um ræðir í 2. gr., í sjóðinn árlega upphæð, sem nemi eigi minna en 24 krónum og eigi meira en 36 krónum fyrir hvern íbúa sveitarfélagsins, og ákveður sveitarstjórn upphæðina með sérstakri samþykkt.

b. 3. málsgr. sömu lagagreinar falli niður.

18. gr.

Á eftir orðunum „fyrirkomulag bygginganna“ í 3. tölulið 6. gr. laganna bætist inn í greinina orðin: þar á meðal stærð íbúðanna.

19. gr.

Fjórði töluliður 6. gr. laganna orðist svo:

Að félagsmenn séu fjárráða, heimilisfastir innan kaupstaðarins eða kauptúnsins, hafi ekki átt viðunandi íbúð fyrir sig og fjölskyldu sína s. l. tvö ár og hafi eigi haft yfir 50 þúsund króna árstekjur miðað við meðaltal þriggja síðustu ára, að viðbættum 5 þúsund krónum fyrir hvern ómaga á framfæri, né yfir 75 þúsund

króna skuldlausa eign, allt miðað við þann tíma, þegar félagsmaður kaupir íbúðina. Tölur þessar breytast í samræmi við vísitölu framfærslukostnaðar.

20. gr.

Aftan við 5. tölulið sömu greinar bætist: enda skal bygging íbúðanna jafnan boðin út.

21. gr.

Í stað orðanna „4 ára“ í 1. mgr. 8. gr. laganna komi: 3 ára.

22. gr.

Í stað orðanna „fjögurra ára“ í síðari málsgr. 9. gr. laganna kemur: þriggja ára.

23. gr.

Kosning sjóðsstjórnar og endurskoðenda, samkvæmt 21. og 22. gr., skal fara fram þegar eftir gildistöku laga þessara, enda falli umboð fyrri sjóðsstjórnar og endurskoðenda niður um leið.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

24. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

25. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 55/1955, um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða, og lög nr. 3 1957, um breyting á þeim lögum.

26. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði:

Starfstímabil þeirra manna í húsnæðismálastjórn, sem kosnir eru af Alþingi í fyrsta sinn samkvæmt lögum þessum, og þess manns, er ráðherra skipar, svo og varamanna, skal vera til ársloka 1960.

Nd. 566. Nefndarálit [51. mál]

um frv. til laga um búfjárrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr.
   a. Í staðinn fyrir „VII. launaflokki“ í fyrri málsgrein komi: VIII. launaflokki.
   b. Í staðinn fyrir „Búnaðarsambands“ í upphafi annarrar málsgreinar komi: Búnaðarfélags.
2. Við 9. gr. Fyrsti málsliður orðist svo:
   Öll naut, sem eru 7 mánaða eða eldri og ekki eru valin af kynbótanefnd til að vera notuð til undaneldis, skal gelda, gefa inni eða hafa í öruggri vörzlu yfir beitartíma kúnna.

3. Við 14. gr. Fjórði töluliður falli niður.
4. Við 32. gr. Greinin orðist svo:
   Nú aflar sauðfjárræktarsamband sér í samráði við sauðfjárræktarráðunaut Búnaðarfélags Íslands aðstöðu á sérstöku sauðfjárbúi til þess að gera samanburð á þrifum og afurðagetu systrahópa, og skulu þá þessir samanburðarhópar allir vera undan úrvalshrútum, að dómi sauðfjárræktarráðunauts Búnaðarfélags Íslands, og allir fóðraðir eins og tilraunin með hvern hóp standi yfir að minnsta kosti í 3 ár. Í hverjum samanburðarhópi skulu vera að minnsta kosti 10 ær á sama aldri. Styrkur til þessara tilrauna greiðist úr ríkissjóði, á allt að 20 bú kr. 6.00 á ári fyrir hverja kind, sem er í slíkri samanburðartilraun. Annar kostnaður við rannsóknir þessar greiðist af viðkomandi fjárræktarfélagi, fjárræktarsambandi og eigendum hrútanna, allt eftir nánari ákvæðum í reglugerð. Framlag ríkissjóðs skal því aðeins greitt, að skýrslur um starfsemina hafi borizt Búnaðarfélagi Íslands og sauðfjárræktarráðunautur þess hafi viðurkennt þær fullgildar.
5. Við 60. gr.
   a. Í staðinn fyrir „30 þús.“ í fyrri tölulið komi: 20 þús.
   b. Í staðinn fyrir „50 aura“ í öðrum tölulið komi: 30 aura.
6. Við 82. gr. Á eftir orðunum „⅓ hluta“ komi: frá nautgriparæktarsambandi, sauðfjárræktarsambandi, þar sem þau starfa, ella.
7. Við 86. gr. Í staðinn fyrir „kr. 100.00“ komi: kr. 500.00.

Alþingi, 18. maí 1957.

Ásgeir Bjarnason, form., frsm. Jón Sigurðsson, fundaskr. Ágúst Þorvaldsson.
Jón Pálmason. Gunnar Jóhannsson.

Ed. 567. Lög [138. mál]

um breyting á lögum nr. 40 16. maí 1955, um Fiskveiðasjóð Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 18. maí.)

Samhljóða þskj. 519.

Ed. 568. Nefndarálit [174. mál]

um frv. til laga um menningarsjóð og menntamálaráð.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Tveir nefndarmanna (GTh og SÓÓ) voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. maí 1957.

Sigurvin Einarsson, form. Friðjón Skarphéðinsson, fundaskr., frsm. F. R. Valdimarsson.

Ed. 569. Nefndarálit [176. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 56 frá 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og orðið sammála um að mæla með því, að frumv. verði samþykkt óbreytt.

Tveir nefndarmenn (GTh og SÓÓ) voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. maí 1957.

Sigurvin Einarsson, form., frsm. Friðjón Skarphéðinsson, fundaskr. F. R. Valdimarsson.

Sþ. 570. Nefndarálit [27. mál]

um till. til þál. um dráttarbraut á Seyðisfirði.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin ræddi tillöguna á nokkrum fundum og leitaði umsagnar vitamálastjóra um hana.

Að athuguðu máli leggur nefndin samhljóða til, að Alþingi samþykki tillöguna með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera áætlun um kostnað við byggingu dráttarbrautar á Seyðisfirði fyrir allt að 1000 rúmlesta skip.

Kostnaður við áætlunargerðina greiðist úr ríkissjóði.

Alþingi, 17. maí 1957.

Karl Guðjónsson, form. Halldór Ásgrímsson, fundaskr., frsm. Karl Kristjánsson.

Magnús Jónsson. Pétur Ottesen. Halldór E. Sigurðsson.

Sveinbjörn Högnason. Jón Kjartansson. Áki Jakobsson.

Nd. 571. Nefndarálit [73. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 82 5. júní 1947, um Matsveina- og veitingaþjónaskóla.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á nokkrum fundum, en ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hlutinn hefur enn ekki tekið endanlega afstöðu til málsins, en minni hlutinn vill samþykkja það óbreytt.

Alþingi 20. maí 1957.

Kjartan J. Jóhannsson, frsm. Ragnhildur Helgadóttir.

Nd. 572. Nefndarálit [74. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 5 14. marz 1955, um stýrimannaskólann í Reykjavík.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Menntamálanefnd hefur rætt frv. á mörgum fundum, en meiri hluti hennar ekki fengizt til að afgreiða það. Minni hlutinn sér sér hins vegar ekki fært að bíða eftir áliti meiri hl., en leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 20. maí 1957.

Kjartan J. Jóhannsson, frsm. Ragnhildur Helgadóttir.

Ed. 573. Breytingartillaga [176. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 56 frá 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Frá Sigurði Bjarnasyni og Jóni Kjartanssyni.

Við 1. gr. 2. málsliður e-liðar falli niður.

Ed. 574. Frumvarp til laga [69. mál]

um breyting á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

1. málsgr. 10. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður greiðir bæjarfélögum, sem hafa 3000 íbúa eða fleiri, allt að tveim fimmtu kostnaðar, en öðrum sveitarfélögum allt að tveim þriðju kostnaðar af að reisa almenn sjúkrahús, sjúkraskýli eða læknisbústaði, sem reistir verða samkvæmt ákvæðum laga þessara, enda fallist ráðherra á þörf þeirra framkvæmda og meti þær við hæfi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 575. Tillaga til þingsályktunar [181. mál]

um menntaskólasetur í Skálholti.

Flm.: Bjarni Benediktsson, Sigurður Ó. Ólafsson.

Alþingi ályktar að skora í ríkisstjórnina að athuga, hvern kostnað muni leiða af því að flytja menntaskólann á Laugarvatni að Skálholti, og skýra Alþingi frá árangri athugunarinnar.

Greinargerð.

Menntaskólinn á Laugarvatni hefur að ýmsu leyti reynzt þar illa settur. Húsakynni eru óhentug og erfitt úr að bæta nema með gífurlegum kostnaði. Sambýli skólanna á Laugarvatni hefur og ekki að öllu leyti verið heppilegt. Þann húsakost, sem nú er ætlaður menntaskólanum, má vafalítið jafnvel nýta fyrir aðra skóla á Laugarvatni, sem ella þarf að byggja yfir.

Í Skálholti mundi aftur á móti unnt að byggja upp skólasetur eingöngu með þarfir menntaskólans fyrir augum. Þar mundi skólinn eiga hlut að því að tengja samtíð og framtíð fortíð þjóðarinnar og verða ungum mönnum mjög æskilegur dvalarstaður.

Sþ. 576. Nefndarálit [149. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1954.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin athugaði frumvarpið og bar það lið fyrir lið saman við ríkisreikninginn fyrir árið 1954.

Í 2. grein frumvarpsins kom í ljós skekkja í sambandi við 10. grein ríkisreikningsins. Sú grein reikningsins er í þrem köflum: I. (Stjórnarráðið), II. (Hagstofan), III. (Utanríkismál). Sézt hefur yfir tvo fyrri kaflana, þegar frumvarpið var samið, en samtölur fjárlaga og ríkisreiknings, að því er snertir III. kaflann, verið taldar niðurstöður allrar greinarinnar.

Aðrar skekkjur en þessa — og þær skekkjur, sem af henni leiðir— fann nefndin ekki í frumvarpinu og leggur þar af leiðandi til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Í stað „kr. 83 429 123.70“ komi: 86 113 729.97.
2. Við 2. gr.
   a. (Til viðbótar við gjöldin í 10. gr.) Í stað „883 239.82“ komi: 3 567 846.09.
   b. (1. samtalan.) Í stað „Kr. 55 846 385.77“ komi: Kr. 58 530 992.04.
   c. (2. samtalan.) Í stað „Kr. 83 429 123.70“ komi: Kr. 86 113 729.97.

Alþingi, 21. maí 1957.

Karl Guðjónsson, form.	Halldór Ásgrímsson, fundaskr.	Karl Kristjánsson, frsm.
Áki Jakobsson.	Magnús Jónsson.	Sveinbjörn Högnason.
Pétur Ottesen.	Halldór E. Sigurðsson.	Jón Kjartansson.

Ed. 577. Nefndarálit [176. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 56 frá 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Vegna fjarveru úr bænum með leyfi forseta gafst mér ekki tækifæri til þess að taka þátt í afgreiðslu nefndarinnar á máli þessu.

Ég er samþykkur því atriði frumvarpsins, að hluti félagsheimilasjóðs af skemmtanaskatti sé hækkaður úr 35% í 50%. Hins vegar tel ég mjög varhugaverða hina við-

tæku undanþágu frá greiðslu skemmtanaskatts, sem heimiluð er í 2. málslið e-liðar 1. gr. frv. Af henni gæti auðveldlega leitt mjög rýrðar tekjur félagsheimilasjóðs og rekstrarsjóðs þjóðleikhússins af skemmtanaskatti.

Þá er ég einnig mótfallinn ákvæðum 4. gr. frv. um álagningu nýs skatts á selda aðgöngumiða að kvikmyndasýningum og dansleikjum. Kvikmyndasýningar eru vinsælustu og ódýrustu skemmtanir almennings. Tel ég því ekki rétt að skattleggja þær frekar en þegar hefur verið gert. Enn fremur má á það benda, að ef slíkur skattur væri á lagður, þá væri sanngjarnara og eðlilegra, að hann rynni í hlutaðeigandi sveitarsjóð og væri varið til menningarstarfsemi í viðkomandi byggðarlagi.

Samkvæmt ofansögðu áskil ég mér rétt til þess að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma við frv.

Alþingi, 20. maí 1957.

Sigurður Ó. Ólafsson.

Nd. 578. Nefndarálit [123. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 77 27. júní 1921, um hlutafélög.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Undirritaðir mæla með, að frumv. verði samþykkt óbreytt eins og efri deild hefur afgreitt það. — Björn Ólafsson var ekki mættur á fundi nefndarinnar.

Alþingi, 21. maí 1957.

Bragi Sigurjónsson, form.	Gísli Guðmundsson, fundaskr.	G. Jóhannsson, frsm.

Ed. 579. Frumvarp til laga [159. mál]

um skatt á stóreignir.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Á árinu 1957 skal leggja sérstakan skatt á eignir allra einstaklinga, sem skattskyldir eru samkvæmt 1. og 2. kafla laga nr. 46/1954, og skal skattálagningin miðuð við eignir þeirra hinn 31. des. 1956.

2. gr.

Mat á verðmæti eigna skal fara fram eftir ákvæðum laga nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt, og hrein eign skal ákveðin eins og þar segir með eftirtöldum breytingum:

1. Fasteignir skulu metnar með því verði, sem ákveðið er í nýja fasteignamatinu samkvæmt lögum nr. 33/1955, er gekk í gildi 1. maí 1957. Þó skal landsnefndin, sem starfaði samkvæmt lögum nr. 33/1955, endurskoða mat á lóðum og hækka matsverð á þeim lóðum, sem hún telur nauðsynlegt að hækka í mati, til þess að það sé í samræmi við matsverð á öðrum fasteignum, miðað við áætlað söluverð. Er nefndin þá ekki bundin af hámarksákvæði 6. gr. laga nr. 33/1955, og heimilt er að ákveða misjafnlega mikla hækkun á matsverðinu, eftir því sem rétt þykir. Nú er eigandi lóðar

óánægður með mat landsnefndarinnar, og getur hann þá kært yfir því til nefndarinnar, en úrskurði hennar um kæruatriði má skjóta til yfirnefndar, er skipuð sé fimm mönnum. Fjórir þeirra séu kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi, en sá fimmti skipaður af hæstarétti og sé hann formaður nefndarinnar. Um kærufresti og kæruúrskurðun skal setja ákvæði í reglugerð.

Frá matsverði frystihúsa, sláturhúsa og annarra húseigna, sem notaðar eru fyrir vinnslustöðvar sjávarafurða og landbúnaðarafurða, skal draga 20% — tuttugu af hundraði.

Við matsverð fasteignanna, eins og það er ákveðið samkv. framansögðu, skal bæta 200% álagi.

Nú hvílir sú kvöð á fasteign, að eigi megi selja hana nema fyrir verð, sem er innan ákveðinna takmarka, og skal þá eignin talin með því hámarksverði, ef það er lægra en matsverð samkv. lögum þessum.

2. Fiskiskip skulu reiknuð með vátryggingarverði að frádregnum 40% — fjörutíu af hundraði. Önnur skip skulu talin með vátryggingarverði að frádregnum 25% — tuttugu og fimm af hundraði. Nú telur skipseigandi eða fjármálaráðuneytið, að matsverð skips sé í ósamræmi við mat á öðrum skipum, miðað við áætlað söluverð, og getur þá hvor framangreindra aðila krafizt endurmats til samræmingar. Mat þetta sé framkvæmt af þriggja manna nefnd, er sé þannig skipuð, að fjármálaráðherra tilnefni einn nefndarmann, Fiskifélag Íslands annan og hæstiréttur hinn þriðja.

Flugvélar teljast með vátryggingarverði að frádregnum 25% — tuttugu og fimm af hundraði.

Um matsverð á vélum, áhöldum og öðru lausafé, sbr. c-lið 19. gr. laga nr. 46/1954, skulu settar sérstakar reglur. Er heimilt að ákveða þar álag á bókfært verð þeirra eigna (þ. e. kostnaðarverð að frádregnum lögleyfðum afskriftum), þó þannig, að matsverðið verði ekki hærra en það verð, sem ætla má að eignirnar séu seljanlegar fyrir.

3. Ógreiddur söluskattur vegna viðskipta 1956 og ógreidd slysatrygginga- og atvinnurekendaiðgjöld vegna ársins 1956, samkv. lögum um almannatryggingar, teljast með skuldum til frádráttar eignum. Sömuleiðis ógreidd gjöld til atvinnuleysistryggingasjóðs.

Yfirfærslugjald samkv. lögum nr. 86/1956, um útflutningssjóð o. fl., sem leggst á erlendar skuldir, er stofnað var til fyrir árslok 1956, telst með skuldum.

Fyrirframgreiðsla upp í arf á árinu 1956, að frádregnum greiddum erfðafjárskatti, leggst við eign þess, er greiðsluna innti af hendi, en dregst frá eign viðtakanda. Skal sá skattur, sem á þá eign kemur, innheimtur hjá arfleifanda, en viðtakandi eignar ber einnig ábyrgð á greiðslu hans. Ef eignarhluti í félagi hefur verið afhentur sem fyrirframgreiðsla upp í arf, skal þó sá skattur, sem á þá eign kemur, innheimtur hjá félaginu, sbr. 7. gr.

3. gr.

Ákvæði 3. kafla laga nr. 46/1954 um skattfrelsi sparifjár gilda við álagningu skatts samkvæmt lögum þessum, og ríkisskuldabréf og skuldabréf með ríkisábyrgð eru undanþegin skattinum eftir sömu reglum.

4. gr.

Hreinum eignum félaga, reiknuðum samkvæmt ákvæðum laga þessara, skal skipt niður á eigendur félaganna í réttu hlutfalli við hlutafjár- og stofnfjáreign þeirra hvers um sig, og teljast þær eignir með öðrum eignum einstaklinga við skattálagningu. Gildir þetta einnig um eignir félaga, sem njóta undanþágu frá skatti samkv. sérstökum lögum.

Með eignum félaga, sem skiptast samkvæmt framansögðu, telst ekki innstæðufé í sameignarsjóðum, sem samkvæmt landslögum er óheimilt að skipta milli félags-

manna við félagsslit, en á þá að afhendast því opinbera til varðveizlu, sbr. lög nr. 46/1937.

Eignum dánarbúa skal skipt niður á erfingja, samkvæmt reglum erfðalaga, við útreikning á skattskyldri eign. Nú skortir fullnægjandi greinargerð um, hvernig búi skuli skipt, og skal það þá skattlagt sem einstaklingur.

5. gr.

Skattur samkv. lögum þessum reiknast þannig: Af 1 milljón kr. hreinni eign hjá hverjum einstaklingi greiðist enginn skattur. Af 1—1½ millj. kr. eign greiðist 15% af því, sem er umfram 1 milljón kr. Af 1½—3 millj. kr. eign greiðist 75 þús. kr. af 1½ millj. og 20% af afgangi. Af 3 millj. kr. eign og þar yfir greiðist 375 þús. kr. af 3 millj. og 25% af afgangi.

6. gr.

Skatturinn skal greiðast í síðasta lagi 6 mánuðum eftir að skattupphæð var tilkynnt gjaldanda. Nú er skattur hærri en kr. 10 000.00, og er gjaldanda þá heimilt að greiða allt að 90% af því, sem þar er fram yfir, með skuldabréfum, er hann gefur út, en ríkisstjórnin ákveður form og texta skuldabréfanna. Andvirði bréfanna greiðist með jöfnum afborgunum á eigi lengri tíma en 10 árum og séu ársvextir af þeim 6%.

Til tryggingar greiðslu skuldabréfanna skal ríkissjóður fá veð í eign gjaldanda, og er eign veðhæf fyrir fjárhæð, sem samsvarar matsverði hennar til þessa skatts. Hlutabréf eru ekki veðhæf. Skipa skal nefnd eftir tilnefningu hæstaréttar, er hefur rétt til að ákveða, að niður falli kvöð á gjaldanda um veðsetningu, ef nefndin telur, að veðsetningin muni hindra eðlilegan atvinnurekstur gjaldanda.

7. gr.

Félög skulu annast greiðslu á þeim hluta skatts, sem lagður er á félagsmenn þeirra eða hluthafa vegna eigna í félögunum, þar með taldar hlutafjár- og stofnfjáreignir. Skal sá hluti skattsins innheimtur hjá félögunum. Slík útborgun frá félögum vegna félagsmanna eða hluthafa telst ekki skattskyld, hvorki sem arður til hluthafa né ráðstöfun á varasjóði. Félögin hafa rétt til þess að endurkrefja félagsmenn eða hluthafa um þær skattupphæðir, er þau þurfa að greiða vegna eigna þeirra í félögunum, en eigi sæti þeir lakari greiðslukjörum en ákveðin eru samkv. 6. gr. Samvinnufélögum er þó aðeins heimilt að endurkrefja félagsmenn um þann hluta af skatti, sem lagður hefur verið á séreignir þeirra í félögunum, þ. e. stofnsjóðsinnstæður þeirra. Ákvörðun félags um það, hvort nota skuli endurkröfuheimild samkvæmt þessari grein, skal tekin á aðalfundi þess. Nú krefur hlutafélag hluthafa um endurgreiðslu á þeim skatti, sem það varð að greiða hans vegna, og er honum þá heimilt að greiða félaginu með hlutafjáreign sinni í því, á verði, sem svarar til mats á eignum félagsins til þessa skatts. Nú eignast hlutafélag af þessum ástæðum meira en 10% af greiddu hlutafé, og er því það þá heimilt án þess að hafa áður fengið leyfi atvinnumálaráðherra samkvæmt ákvæðum 2. málsgr. 28. gr. laga nr. 77/1921.

Við útreikning á þeim hluta skatts, er félagi ber að greiða, skal fyrst finna, hvað einstaklingi ber að greiða af nettó-eign sinni, annarri en eign í félagi. Það, sem er umfram þá fjárhæð í skatti, skal greitt af félagi. Ef um fleiri en eitt félag er að ræða, skiptist skatthluti félaganna hlutfallslega milli þeirra eftir eign gjaldanda í þeim. Nú á félag eignarhlut í öðru félagi, og skal þá það félag greiða þann hluta skattsins, sem svarar til slíkrar eignarhlutdeildar, eftir hlutfallinu milli þess eignarhluta og heildareignar félagsins, að hlutafé eða stofnfé meðtöldu.

Dánarbú skal annast greiðslu á þeim hluta skatts, sem lagður er á eign arftaka í búinu samkv. síðustu málsgr. 4. gr., nema að því leyti sem um er að ræða skatt af eignarhluta í félagi, sem innheimtur er hjá því. Skattur, sem dánarbú borgar vegna arftaka, dregst frá arfahluta hans.

8. gr.

Skattur samkvæmt lögum þessum er ekki frádráttarbær frá tekjum við ákvörðun tekjuskatts skv. l. nr. 46/1954.

9. gr.

Skatti þeim, sem innheimtur verður samkvæmt lögum þessum, skal skipt þannig: ⅓ hluti renni til veðdeildar Búnaðarbanka Íslands og ⅔ hlutar til byggingarsjóðs ríkisins.

10. gr.

Skattur samkvæmt lögum þessum skal ákveðinn af skattstjóranum í Reykjavík, sem einnig úrskurðar kærur út af álagningu skattsins. Úrskurði skattstjóra má þó áfrýja til ríkisskattanefndar. Skattgreiðandi og fjármálaráðherra geta — hvor um sig — skotið úrskurði ríkisskattanefndar til dómstólanna, enda sé mál höfðað innan þess tíma, sem ákveðinn verður með reglugerð.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um álagningu skattsins, kærur út af honum, fresti, úrskurði og gjalddaga. Um framtöl og aðra skyldu til skýrslugjafar, innheimtu, lögtaksrétt, vangoldinn skatt, viðurlög og önnur þau atriði, sem ekki er sérstaklega kveðið á um í lögum þessum eða reglugerðum, settum samkvæmt þeim, fer eftir ákvæðum laga nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem við á.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 580. Nefndarálit [147. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 5. júní 1947, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt mál þetta á nokkrum fundum og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess.

Einn nefndarmanna, Sig. Ágústsson, tekur fram, að hann áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fluttar kunna að verða við frumvarpið. Pétur Ottesen var fjarverandi, þegar nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 21. maí 1957.

Gísli Guðmundsson, form. Karl Guðjónsson, fundaskr., frsm. Sig. Ágústsson.

Áki Jakobsson.

Nd. 581. Lög [93. mál]

um kirkjuþing og kirkjuráð íslenzku þjóðkirkjunnar.

(Afgreidd frá Nd. 21. maí.)

Samhljóða þskj. 274.

Ed. 582. Breytingartillaga [176. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 56 frá 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Frá Sigurði Ó. Ólafssyni.

Við 4. gr. Greinin falli niður.

Ed. 583. Breytingartillaga [176. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 56 frá 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Frá Sigurði Bjarnasyni og Jón Kjartanssyni.

Við 1. gr. e-liður falli niður.

Ed. 584. Nefndarálit [173. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 94 27. des. 1956, um heimild fyrir ríkisstjórnina til skipakaupa, lántöku og sérstakra ráðstafana til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, og eru nefndarmenn sammála um að mæla með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarmanna (JJós) var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 21. maí 1957.

Björn Jónsson, form., frsm. Friðjón Skarphéðinsson, fundaskr. Björgvin Jónsson.

Sigurður Bjarnason.

Nd. 585. Nefndarálit [123. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 77 27. júní 1921, um hlutafélög.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Frv. þessu var vísað til allsherjarnefndar 18. maí og tekið til afgreiðslu að morgni 21. maí. Er sá viðbragðsflýtir ólíkur öðrum starfsháttum nefndarinnar á þessu þingi, svo sem um umferðarlagafrv. Því frv. var vísað til nefndarinnar hinn 12. apríl, og hefur nefndin enn ekki tekið afstöðu til eins einasta atriðis þess, enda ekki gefið sér tíma til að ræða þennan þýðingarmikla lagabálk að nokkru gagni.

Þegar frv. um breytingu á hlutafélagalögunum var tekið til umræðu í nefndinni, lagði ég til, að fengin yrði um það umsögn þeirra hæstaréttardómaranna Árna Tryggvasonar og dr. Þórðar Eyjólfssonar, sem undirbjuggu hið ýtarlega frv. um hlutafélög, sem lagt var fyrir Alþingi 1952 og 1953, en ekki varð samkomulag um afgreiðslu á, vegna þess að ekki fékkst næg trygging fyrir því, að hinum merku

nýmælum frv. yrði fylgt eftir í framkvæmd. Enginn bar þó á móti því, að hæstaréttardómararnir hefðu unnið merkilegt grundvallarverk með endurskoðun sinni. Eggert Þorsteinsson alþingismaður sagði t. d. þá í umræðum um málið:

„Það verður að álíta, að ríkisstj. hafi vandað val manna til undirbúnings þessu máli, enda er það álit flestra þeirra, sem kunnugastir eru þessum málum, að frv. sem heild sé til mikilla bóta frá eldri lögum ...“

Nú brá hins vegar svo við, að formaður allsherjarnefndar, Bragi Sigurjónsson, beitti formannsvaldi sínu til þess að hindra, að tillagan um að leita umsagnar þessara ágætu fræðimanna um þetta frv. væri borin undir atkvæði í nefndinni.

Hvað sem málefnalegum ágreiningi um afgreiðslu mála líður, verður að ætlast til þess, að réttum fundarsköpum sé hlítt. Ærið tortryggilegt er að greiða atkvæði gegn því, að umsögn óhlutdrægra sérfræðinga sé fengin. Út yfir tekur, þegar vikið er frá viðurkenndum fundarsköpum til að koma í veg fyrir, að tillaga um það komi undir atkvæði.

Um efni þessa frv., það, að sveitarfélög og samvinnufélög séu ekki bundin á sama veg og aðrir hluthafar um meðferð á atkvæðisrétti, má auðvitað deila og færa rök með og á móti.

Sök sér er að setja slík ákvæði til frambúðar og láta þau gilda um þau félög, sem héðan í frá verða stofnuð. Hitt er miklu meiri vandi, hvernig fara eigi að um þau félög, sem þegar eru stofnuð. Þar hafa aðilar lagt fram fé með ákveðnar forsendur í huga. Ef þeim forsendum er breytt af löggjafanum án samþykkis aðila, hljóta margvísleg vandamál að vakna.

Í umr. um hlutafélagafrv. á Alþingi 1953 viðurkenndi Einar Olgeirsson, sem þá flutti sams konar brtt. og þetta frv. fjallar um, þessi sjónarmið og sagði:

„Nú má vel vera, að í sumum af þeim útgerðarfélögum, sem ég sérstaklega hef hugsað um í þessu sambandi og þegar eru til, séu ákvæði í stofnsamningi, sem séu samkomulag á milli stofnenda um einhvern annan hátt á, og að svo miklu leyti sem slíkur háttur brýtur ekki í bága við lög, getur slíkt máske haldizt. Hins vegar, að svo miklu leyti sem ný félög yrðu mynduð með þessu fyrirkomulagi sem hlutafélög, þá mundi þetta ákvæði gilda, ef þetta væri samþykkt. Og ef til vill yrði á ýmsan hátt hægt að laga þetta með góðu samkomulagi, ef lögunum yrði breytt eins og ég legg til, í þeim félögum, sem nú þegar eru starfandi.“

Fram hjá því verður ekki komizt, að athugun þessara atriða fari fram, áður en frv. verði samþykkt, ef ekki á að efna til vandræða. Þar sem ekki hefur verið gefið færi á að gera þessa óhjákvæmilegu athugun, legg ég til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 21. maí 1957.

Bjarni Benediktsson.

Ed. 586. Nefndarálit [146. mál]

um frv. til laga um heilsugæzlu í skólum.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og fengið umsagnir nokkurra aðila.
Mælir nefndin einróma með, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Rækja skal heilsuvernd í öllum skólum landsins samkvæmt reglum, er heilbrigðismálaráðherra setur í samráði við fræðslumálastjóra.
2. Við 2. gr. Í stað orðsins „heilsugæzlu“ komi: heilsuverndar.

3. Við 3. gr. Fyrri málsgrein orðist svo:
   Sérfróður læknir, skólayfirlæknir landsins, skipaður af heilbrigðismálaráðherra, hefur yfirumsjón með heilsuvernd í skólum landsins og stjórnar starfi heilbrigðisstarfsliðs þess, sem annast hana, sbr. þó fyrri málsgrein 6. gr. Enn fremur hefur hann eftirlit með íþróttastarfsemi í landinu og heilsufari íþróttamanna.
4. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Þar sem völ er á og þegar til þess hefur verið veitt fé, skal heimilt að ráða að skóla hjúkrunarkonu og tannlækni til að gegna þar störfum.
5. Við 6. gr. Í stað orðsins „heilsugæzlu“ komi: heilsuvernd.
6. Við 7. gr. Í stað orðsins „heilsugæzla“ komi: heilsuvernd.
7. Við 9. gr. Í stað orðsins „heilsugæzlustarfi“ komi: heilsuverndarstarfi.
8. Fyrirsögn frumvarpsins verði:
   Frumvarp til laga um heilsuvernd í skólum.

Alþingi, 21. maí 1957.

Alfreð Gíslason, form., frsm. Karl Kristjánsson, fundaskr. Sigurður Ó. Ólafsson.
Friðjón Þórðarson. Eggert G. Þorsteinsson.

Ed. 587. Breytingartillaga [176. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 56 frá 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Frá Sigurði Ó. Ólafssyni.

Við 4. gr. 2. efnismálsgr. orðist svo:
Gjald þetta rennur að hálfu í menningarsjóð og að hálfu í sveitarsjóð, þar sem það fellur til.

Nd. 588. Breytingartillögur [148. mál]

við frv. til laga um eyðingu refa og minka.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. 1. gr. orðist svo:
   Búnaðarfélag Íslands hefur undir yfirstjórn landbúnaðarráðherra stjórn allra aðgerða til útrýmingar refum og minkum. Skipar ráðherrann veiðistjóra að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands. Skal hann starfa undir stjórn þess og hafa haldgóða þekkingu á lifnaðarháttum refa og minka og góða reynslu af veiðiaðferðum og öðru, sem unnt er að beita til útrýmingar vargdýrum þessum.
   Ef menntamálaráðherra telur henta, að fengnu áliti Búnaðarfélags Íslands, getur hann falið veiðistjóra yfirumsjón með eyðingu svartbaks og annarra skaðlegra dýra, er herja kunna í náttúruríki landsins. Þá getur hann einnig falið veiðistjóra vernd og yfirumsjón hreindýrastofnsins.
2. Við 9. gr. Í stað orðanna „kr. 250.00 í verðlaun“ í 1. málsgr. komi: kr. 350.00 í verðlaun — og í stað orðanna „kr. 150.00 í verðlaun“ í 2. málsgr. komi: kr. 200.00 í verðlaun.
3. 11. gr. orðist svo:
   Skylt er oddvitum og bæjarstjórum að sjá um eitrun fyrir refi og minka samkv. fyrirmælum stjórnar Búnaðarfélags Íslands og á þeim svæðum, er veiði-

stjóri telur líklegust til árangurs hverju sinni. Skal veiðistjóri hafa eftirlit með því, að eitrunin sé framkvæmd eins og til er ætlazt. Skal við eitrun fylgja leiðbeiningum og fyrirmælum veiðistjóra. Héraðslæknar og lyfjaverzlanir láta oddvitum í té eitur samkv. fyrirmælum landbúnaðar- og heilbrigðismálaráðuneytisins.

4. Við 13. gr. Önnur málsgr. orðist svo:
   Ríkissjóður greiðir Búnaðarfélagi Íslands laun veiðistjóra samkvæmt VI. flokki launalaga auk nauðsynlegs ferða- og skrifstofukostnaðar.
5. Við 16. gr. 1. málsliður orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 589. Frumvarp til fjáraukalaga [149. mál]

fyrir árið 1954.

(Eftir 2. umr. í Sþ.)

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir árið 1954, eru veittar kr. 86 113 729.97 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. gr.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. A er veitt:

1.	Póstmál	kr.	1 276 116.65
	af kr. 1 297 405.93 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
2.	Síminn	—	5 107 719.52
	af kr. 5 664 875.56 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
3.	Áfengisverzlun ríkisins	—	2 066 426.92
	en brúttótekjur urðu kr. 16 614 121.24 umfram fjárlagaáætlun.		
5.	Ríkisútvarpið	—	1 518 682.13
	af kr. 2 633 161.64 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
6.	Ríkisprentsmiðjan Gutenberg	—	234 541.31
	af kr. 464 558.43 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
7.	Áburðarsala ríkisins	—	112 372.37
	af kr. 1 197 289.57 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
9.	Landssmiðjan	—	1 615 741.87
	en tekjur fóru kr. 1 565 116.75 fram úr fjárlagaáætlun.		
10.	Tunnuverksmiðjur ríkisins	—	99 299.57
	af kr. 99 299.57 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
11.	Innkaupastofnun ríkisins	—	132 664.58
	af kr. 529 425.95 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
13.	Vífilsstaðabú	—	58 031.09
	en tekjur fóru kr. 52 534.64 umfram fjárlagaáætlun.		
14.	Kópavogsbú	—	13 297.71
	af kr. 29 456.11 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
15.	Kleppsbú	—	94 189.92
	af kr. 99 285.95 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
17.	Skólabúið á Hólum	—	31 199.29
	af kr. 34 072.94 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
18.	Skólabúið á Hvanneyri	—	82 907.58
	en tekjur fóru kr. 78 107.18 umfram fjárlagaáætlun.		
		Kr.	12 443 190.51

Til	viðbótar	við	gjöldin	í	7.	gr.		eru veittar	kr.	88 946.54
—	—	—	—	-	8.	—		— —	—	433 963.00
—	—	—	—	-	10.	—		— —	—	3 567 846.09
—	—	—	—	-	11.	—	A.	— —	—	2 708 520.00
—	—	—	—	-	11.	—	B.	— —	—	648 704.45
—	—	—	—	-	11.	—	C.	— —	—	1 695 740.58
—	—	—	—	-	11.	—	D.	— —	—	104 263.73
—	—	—	—	-	12.	—		— —	—	387 994.05
—	—	—	—	-	13.	—	A.	— —	—	12 103 559.51
—	—	—	—	-	13.	—	B.	— —	—	2 871 037.23
—	—	—	—	-	13.	—	C.	— —	—	287 068.41
—	—	—	—	-	13.	—	D.	— —	—	1 235 092.71
—	—	—	—	-	14.	—	A.	— —	—	1 340 918.94
—	—	—	—	-	14.	—	B.	— —	—	2 897 975.52
—	—	—	—	-	15.	—	A.	— —	—	1 024 023.36
—	—	—	—	-	15.	—	B.	— —	—	348 013.24
—	—	—	—	-	16.	—	A.	— —	—	1 292 824.21
—	—	—	—	-	16.	—	B.	— —	—	434 995.81
—	—	—	—	-	17.	—		— —	—	375 475.40
—	—	—	—	-	18.	—		— —	—	813 230.65
—	—	—	—	-	19.	—		— —	—	11 427 608.10
									Kr.	58 530 992.04
Til eignaaukningar samkvæmt 20. gr. Út eru veittar									—	27 582 737.93
Inn fóru kr. 13 115 845.64 fram úr fjárlagaáætlun.										
									Kr.	86 113 729.97

Sþ. 590. Þingsályktun [27. mál]

um dráttarbraut á Seyðisfirði.

(Afgreidd frá Sþ. 22. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera áætlun um kostnað við byggingu dráttarbrautar á Seyðisfirði fyrir allt að 1000 rúmlesta skip.

Kostnaður við áætlunargerðina greiðist úr ríkissjóði.

Nd. 591. Nefndarálit [78. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 34/1946, um fræðslu barna.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Frv. hefur oft komið til umræðu í nefndinni, og minni hlutinn hefur gert ítrekaðar, en árangurslausar tilraunir til að fá samkomulag við meiri hl. um afgreiðslu málsins. Við undirrituð gefum því út sérnefndarálit, þar eð við teljum, að lögfesting frv. verði skólamálum á Íslandi til mikils gagns, og leggjum eindregið til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 22. maí 1957.

Ragnhildur Helgadóttir, frsm. Kjartan J. Jóhannsson.

Ed. 592. Frumvarp til laga [182. mál]

um breyting á lögum nr. 41 29. apríl 1946, um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Aftan við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þegar svo stendur á, að eigandi að skipi, sem veðsett er stofnlánadeildinni, hefur þörf fyrir og á kost á láni til þess að standast kostnað við endurbætur á skipinu, þá er stjórn stofnlánadeildarinnar heimilt að veita leyfi til þess, að veðsetja megi skipið með fyrsta veðrétti fyrir slíku láni, er nemi allt að ⅔ virðingarverðs endurbótanna og kaupverðs aflvélar, ef um vélaskipti er að ræða. Víkur þá hið fyrra stofnlán stofnlánadeildarinnar fyrir þessu nýja láni, enda liggi einnig fyrir samþykki ábyrgðarmanna og síðari veðhafa, ef einhverjir eru, fyrir því, að veðin færist þannig aftur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 121 20. des. 1951, um breyting á lögum nr. 41 29. apríl 1946, um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni sjávarútvegsmálaráðherra, og fylgir því svofelld greinargerð frá hans hendi:

Með breytingu, sem gerð var á lögum um stofnlánadeild sjávarútvegsins 1951, var svo ákveðið, að þegar setja þyrfti nýja aflvél í vélbát, sem lán hvílir á í stofnlánadeildinni, þá heimilast stjórn stofnlánadeildarinnar að veita veðleyfi til þess, að veðsetja megi skipið ásamt hinni nýju vél með fyrsta veðrétti og veita þá lán stofnlánadeildarinnar fyrir hinu nýja láni.

Nú hefur reynslan sýnt, að mikil þörf er á, að heimild þessi nái einnig til lána, er varið er til að standast kostnað við aðrar endurbætur á fiskiskipum. Til þess að bæta úr þeirri þörf er frumvarp þetta flutt. Enn fremur eru úr gildi felld lög nr. 121 20. des. 1951, þar sem hér er um að ræða breytingu á málsgrein, sem með þeim var bætt við 3. gr. stofnlánadeildarlaganna.

Nd. 593. Breytingartillaga [123. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 77 27. júní 1921, um hlutafélög.

Frá Bjarna Benediktssyni.

Við 2. gr. Aftan við greinina bætist:

Lögin taka þó ekki til þeirra hlutafélaga, sem þegar eru stofnuð.

Nd. 594. Breytingartillaga [83. mál]

við frv. til l. um lax- og silungsveiði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 118. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1957, og eru jafnframt úr gildi numin.

Ed. 595. Frumvarp til laga [83. mál]

um lax- og silungsveiði.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

Samhljóða þskj. 551 með þessum breytingum:

16. gr. hljóðar svo:

1. Eigi má hafa ádrátt í ósi straumvatns eða ósasvæði.
2. Eigi má veiða fisk í ósum í ár eða ósum í stöðuvötn og eigi 100 metra upp frá slíkum ósum eða 250 metra niður frá þeim. Eigi má heldur veiða fisk í ósum úr stöðuvötnum þeim, er lax eða göngusilungur fer um, né 50 metra upp eða niður frá slíkum ósum.
3. Ráðherra getur, eftir tillögum veiðimálastjóra, veitt undanþágu að nokkru leyti eða öllu frá banni því, er ræðir um í 1. og 2. málsgr., þar sem svo hagar til, að veiði í ós eða við er eigi talin skaðvænleg.
4. Ráðherra er rétt með samþykki veiðimálanefndar, hlutaðeigandi veiði- eða fiskræktarfélags, ef til er, og eftir tillögum veiðimálastjóra að banna alla veiði eða tilteknar veiðiaðferðir upp eða niður frá ósi, enda þyki það nauðsynlegt til viðhalds veiði í vatni. Bann þetta skal standa tiltekinn tíma, og má binda það því skilorði, að veiðieigendur eða ábúendur greiði bætur þeim aðila, sem öðrum fremur missir af veiði vegna slíks banns. Ákveða má bætur með mati samkvæmt 107. gr., ef eigi semur.

118. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1957, og eru jafnframt úr gildi numin:

Lög nr. 36 13. júní 1937, um klaksjóð, heimild fyrir ríkisstjórnina til að reisa klakstöðvar og til leigunáms í því skyni.

Lög nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.

Lög nr. 40 30. júní 1942, um breyting á lögum nr. 112. 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.

Lög nr. 94 16. des. 1943, um breyting á lögum nr. 40 30. júní 1942, um breyting á lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.

Lög nr. 8 11. marz 1946, um breyting á lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.

Lög nr. 22 22. marz 1949, um breyting á lögum nr. 112 1941, um lax- og silungsveiði.

Lög nr. 98 18. des. 1950, um breyting á lögum nr. 40 1942, um breyting á lögum nr. 112 1941, um lax- og silungsveiði.

Lög nr. 101 23. des. 1952, um breyting á lögum nr. 112 1941, um lax- og silungsveiði.

Lög nr. 27 16. febr. 1953, um breyting á lögum nr. 36 13. júní 1937, um klaksjóð, heimild fyrir ríkisstjórnina til að reisa klakstöðvar og til leigunáms í því skyni.

Önnur ákvæði laga, er fara í bág við lög þessi.

Ed. 596. Breytingartillaga [159. mál]

við frv. til l. um skatt á stóreignir.

Frá fjármálaráðherra.

Við 2. gr. Fyrir orðin „25% — tuttugu og fimm af hundraði“ í 2. málsgr. 2. tölul. komi: 40% — fjörutíu af hundraði.

Ed. 597. Frumvarp til laga [146. mál]

um heilsuvernd í skólum.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Rækja skal heilsuvernd í öllum skólum landsins samkvæmt reglum, er menntamálaráðherra setur með ráði heilbrigðisstjórnar.

2. gr.

Framkvæmd heilsuverndar í skólum er í höndum heilbrigðisstjórnar.

3. gr.

Sérfróður læknir, skólayfirlæknir landsins, skipaður af heilbrigðismálaráðherra, hefur yfirumsjón með heilsuvernd í skólum landsins og stjórnar starfi heilbrigðisstarfsliðs þess, sem annast hana, sbr. þó fyrri málsgrein 6. gr. Enn fremur hefur hann eftirlit með íþróttastarfsemi í landinu og heilsufari íþróttamanna.

Skólayfirlæknir tekur laun úr ríkissjóði samkvæmt launalögum, og annar kostnaður við skólayfirlæknisembættið greiðist einnig úr ríkissjóði.

4. gr.

Við alla skóla landsins skulu vera starfandi skólalæknar. Skólalækningar eru aukastarf læknis, nema sérstaklega sé um annað samið.

5. gr.

Þar sem völ er á og þegar til þess hefur verið veitt fé, skal heimilt að ráða að skóla hjúkrunarkonu og tannlækni til að gegna þar störfum.

6. gr.

Þar sem starfandi eru heilsuverndarstöðvar, annast þær, undir umsjón skólayfirlæknis, heilsuvernd í skólum, sbr. heilsuverndarlög, nr. 44 18. maí 1955.

Þar sem ekki eru starfandi heilsuverndarstöðvar, gegna héraðslæknar, undir umsjón skólayfirlæknis, skólalæknisstörfum við alla skóla í héraði sínu. Þó er heilbrigðisstjórn heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði þar, sem nemendafjöldi er að mati hennar meiri en svo, að héraðslækni teljist kleift að annast allt eftirlitið.

7. gr.

Heilsuvernd skal nemendum og forráðamönnum þeirra að kostnaðarlausu í öllum skólum, sem reknir eru af ríki eða sveitarfélögum eða styrks njóta af almannafé. Kostnaður við hana telst hluti af rekstrarkostnaði hvers skóla og skiptist milli greiðsluaðila í skólum, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, eftir reglum, er fræðslumálastjórn setur hverju sinni, sbr. lög um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, nr. 41 17. maí 1955.

8. gr.

Öllum nemendum og starfsliði skóla er skylt að gangast undir berklaskoðun, eftir því sem fyrir er mælt í lögum og reglum um berklavarnir hverju sinni, og undir skólaskoðun, eftir því sem fyrir er mælt í reglugerð þar að lútandi.

9. gr.

Í reglugerð skal ákveðið um starfssvið og skyldur skólayfirlæknis, ráðningu, starfssvið og skyldur skólalækna, skólahjúkrunarkvenna og skólatannlækna, um þátt skólastjóra og kennara í heilsuverndarstarfi skóla, um tilhögun á skólaeftirliti

heilsuverndarstöðva, um framkvæmd skólaskoðunar, um heilsuseðla og önnur eyðublöð, um börn, sem byrja skólagöngu fyrr en lög mæla fyrir, um heilbrigðisfræðslu í skólum, um heimild nemenda til að stunda íþróttir utan skólans og til að taka þátt í íþróttakeppni, um undanþágu frá námi og um fjarvistarvottorð.

10. gr.

Háskóli Íslands er undanþeginn lögum þessum.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað. Með þeim er úr gildi numinn XI. kafli laga um fræðslu barna, nr. 34 29. apríl 1946.

Sþ. 598. Tillaga til þingsályktunar [183. mál]

um öflun lánsfjár til dráttarbrautar á Akureyri.

Flm.: Jónas Rafnar.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að útvega og ábyrgjast fyrir Akureyrarkaupstað allt að 10 milljón króna lán til byggingar dráttarbrautar fyrir togara á Akureyri.

Greinargerð.

Það hefur alllengi verið í athugun hjá hafnarnefnd og bæjarstjórn Akureyrar að stækka svo dráttarbraut bæjarins, að hún gæti tekið upp skip allt að stærð nýsköpunartogara. Tilboða hefur verið aflað í brautina og þau verið í athugun hjá vitamálaskrifstofunni. Er búizt við, að dráttarbrautin kosti fullgerð 10—15 milljónir króna.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur á fjárhagsáætlun sinni fyrir þetta ár ætlað til byggingar dráttarbrautarinnar kr. 500 000.00, og á fjárlögum var í vetur tekið upp kr. 200 000.00 ríkissjóðsframlag til brautarinnar. Er því fullvíst, að í þessar framkvæmdir verði ráðizt, ef fjármagn fæst.

Með tillögu þessari er farið fram á, að ríkisstjórnin leitist við að útvega Akureyrarkaupstað allt að 10 milljón króna lán til þess að koma upp dráttarbrautinni. Samkvæmt lögunum um hafnargerðir og lendingarbætur frá 1946 hefur ríkisstjórnin heimild til þess að ábyrgjast lán til greiðslu á ⅗ hlutum kostnaðar við dráttarbrautir, og þarf því sérstaka heimild Alþingis fyrir ríkisábyrgð á láni vegna kostnaðar, sem umfram er. Er því óskað eftir ríkisábyrgð fyrir allri lánsupphæðinni.

Um það geta ekki verið skiptar skoðanir, að þörf sé fyrir tvær dráttarbrautir hér á landi, sem geti annazt viðgerðir á togurunum og smíði stærri fiskiskipa. Með fyrirhugaðri aukningu togaraflotans verður þörfin enn meiri. Á Akureyri eru góð skilyrði fyrir slíkt fyrirtæki, þar sem í bænum er fjölmenn iðnaðarmannastétt og verkstæði búin góðum vélakosti.

Nánar í framsögu.

Nd. 599. Nefndarálit [160. mál]

um frv. til l. um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Er mál þetta var til meðferðar í efri deild, unnu heilbrigðis- og félagsmálanefndir beggja deilda framan af saman að athugun þess. Hefur efri deild síðan gert

á frumvarpinu ýmsar breytingar í samræmi við þær athugasemdir, sem fram komu við sameiginlega athugun nefndanna á málinu. — Nefndin hefur nú athugað frumvarpið, og mælir meiri hluti hennar, þeir ÓJ, GJóh, BG, með því, að frumvarpið verði afgreitt óbreytt, eins og efri deild hefur gengið frá því. Minni hluti nefndarinnar, KJJ og RH, mun skila séráliti.

Alþingi, 22. maí 1957.

Ólafur Jóhannesson, form., frsm. Gunnar Jóhannsson, fundaskr. Ben. Gröndal.

Sþ. 600. Nefndarálit [80. mál]

um till. til ál. um lán til íbúðabygginga.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu tillögunnar. Stuðningsmenn stjórnarflokkanna eru tillögunni andvígir, en við undirritaðir leggjum til, að tillagan verði samþykkt óbreytt, þar sem ljóst er, að frv. ríkisstj. um húsnæðismálastofnun o. fl. leysir alls ekki á viðunandi hátt, þótt samþykkt verði, það mikla vandamál, sem tillagan fjallar um. Í tillögunni er vitnað til laga nr. 55/1955, um húsnæðismálastjórn o. fl. Þessari tilvitnun er ekki auðið að breyta, meðan ný lög hafa ekki verið sett, en umrædd tilvitnun hlýtur að skiljast með hliðsjón af ákvæðum þeirra laga, ef sett verða.

Alþingi, 23. maí 1957.

Magnús Jónsson, frsm. Pétur Ottesen. Jón Kjartansson.

Ed. 601. Nefndarálit [159. mál]

um frv. til laga um skatt á stóreignir.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin ræddi frv. á fundi sínum í dag. Er frv. komið frá hv. Nd. og tók þar nokkrum breytingum, sem nefndin er öll sammála um að hafi verið til bóta. Nefndarmenn fylgdust með meðferð málsins í Nd., og á fundi sínum í dag ræddi nefndin nokkuð brtt. þær, sem minni hl. bar fram, án þess að samkomulag yrði um þær. Nefndin klofnaði um málið. 2 nefndarmenn (SB og SÓÓ, sem tóku þátt í nefndarstörfum í forföllum fulltrúa Sjálfstæðisflokksins) munu skila séráliti, en undirritaður meiri hl. n. leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með breytingu á þskj. 596 frá fjármálaráðherra.

Alþingi, 23. maí 1957.

Bernh. Stefánsson, form., frsm. Björn Jónsson, fundaskr. Eggert G. Þorsteinsson.

Nd. 602. Nefndarálit [177. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 frá 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarpið hefur verið athugað á sameiginlegum fundum fjárhagsnefnda beggja þingdeilda.

Aðalatriði frv. eru þessi:

Sérstakar stjórnir verði settar yfir hvora aðaldeild Landsbankans fyrir sig, Seðlabankann og Viðskiptabankann.

Landsbankanefndin verði lögð niður.

Alþingi kjósi fjóra af fimm bankaráðsmönnum, en ríkisstjórnin skipi formann ráðsins.

Umboð núverandi bankaráðsmanna falla niður, um leið og lagabreytingin öðlast gildi, og af breytingunni leiðir einnig það, að umboð bankastjóranna falla niður.

Á fundi nefndarinnar í dag var samþ. með 3 gegn 2 atkvæðum að mæla með samþykkt frumvarpsins. Undirritaðir mæla með frv.

Meiri hl. flytur brtt. við frv. á sérstöku þingskjali. Voru þær allar samþykktar mótatkvæðalaust í nefndinni, og verður gerð grein fyrir þeim í framsögu.

Alþingi, 23. maí 1957.

Skúli Guðmundsson, form., frsm.	Benedikt Gröndal, fundaskr.	Einar Olgeirsson.

Sþ. 603. Nefndarálit [55. mál]

um till. til þál. um fiskirannsóknir á Breiðafirði.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd hefur athugað tillögu þessa og hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt hennar með nokkurri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta, svo fljótt sem við verður komið vegna annarra rannsókna, sem nú er unnið að, framkvæma fiskirannsóknir á Breiðafirði og innfjörðum hans. Rannsóknir þessar fari fram, eftir því sem hægt er, í samráði við vélbátaformenn í útgerðarstöðvum við Breiðafjörð. Landssambandi ísl. útvegsmanna skal tilkynnt um árangur rannsóknanna, þegar hann er fyrir hendi.

Alþingi, 23. maí 1957.

Karl Guðjónsson, form.	Halldór Ásgrímsson, fundaskr.	Pétur Ottesen, frsm.
Magnús Jónsson.	Halldór E. Sigurðsson.	Jón Kjartansson.
Sveinbjörn Högnason.	Karl Kristjánsson.	Áki Jakobsson.

Ed. 604. Lög [173. mál]

um breyting á lögum nr. 94 27. des. 1956, um heimild fyrir ríkisstjórnina til skipakaupa, lántöku og sérstakra ráðstafana í útgerðarmálum til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

(Afgreidd frá Ed. 23. maí.)

Samhljóða þskj. 539.

Ed. 605. Breytingartillögur [83. mál]

við frv. til laga um lax- og silungsveiði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 35. gr.

a. Við 3. tölulið. Síðasti málsliður falli niður.
b. Við 4. tölulið. Liðurinn falli niður.

Nd. 606. Nefndarálit [160. mál]

um frv. til laga um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Heilbr.- og félagsmálanefnd neðri deildar athugaði frv. á nokkrum fundum ásamt heilbr.- og félagsmálanefnd efri deildar, þegar málið lá fyrir þeirri deild. Dregið var úr nokkrum stærstu göllunum á orðalagi frv. í efri deild.

Langmestur hluti frv. er efnislega samhljóða l. nr. 55/1955, um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða. Með tilliti til þess og að sú löggjöf var á sínum tíma mjög vel undirbúin, leggjum við til, að frv. verði breytt í það horf, að það verði ekki frv. til sjálfstæðra laga, heldur frv. til breytinga á hinum eldri lögum.

Minni hluti nefndarinnar er mótfallinn ýmsum ákvæðum þessa frv., sem fela í sér breytingar á l. nr. 55/1955. Hins vegar fylgir minni hlutinn efnislega nokkrum breytingum, svo sem um skipun húsnæðismálastjórnar og heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til útgáfu bankavaxtabréfa. Minni hlutinn leggur ekki á móti því, að nánari ákvæði um umbætur í tæknimálum o. þ. h. séu tekin upp í lögin, og ber fram nýjar tillögur um þau efni.

Minni hluti nefndarinnar telur ástæðulaust að breyta nafni á varasjóði hins almenna veðlánakerfis og kalla hann nú byggingarsjóð ríkisins. Hitt er mikilvægt að efla varasjóðinn. Það mun alltaf hafa verið gert ráð fyrir, að lán ríkisins til lánadeildar smáíbúða og A-flokka bréf ríkisins, sem keypt voru fyrir tekjuafgang ríkisins 1955, gengju til varasjóðs hins almenna veðlánakerfis, og er rétt að ganga formlega frá því sem löggjöf. Þá mælir minni hlutinn ekki gegn því, að ⅔ af væntanlegum stóreignaskatti og 1% álag á tekju- og eignarskatt og stríðsgróðaskatt og aðflutningsgjöld renni til íbúðalána, svo sem ráð er fyrir gert í frv.

Við teljum hins vegar ákvæðin um skyldusparnað ekki örugga tryggingu fyrir útvegun lánsfjár, svo að nokkru nemi, til íbúðabygginga og að mun heppilegra á allan hátt væri að örva meir til frjálsrar sparifjármyndunar. Þess vegna teljum við sjálfsagt að koma á fót frjálsum samningsbundnum sparnaði til íbúðabygginga, eins og ráðgert var í lögunum nr. 55/1955. Þess vegna leggur minni hlutinn til,

að sett verði á stofn undir yfirstjórn húsnæðismálastjórnar og veðdeildar Landsbanka Íslands sérstakt form spariinnlána í bönkum og sparisjóðum í þessu skyni. Er lagt til, að vextir af þessum innlánum verði hærri en almennir sparisjóðsvextir og það fé, sem sparað er á þennan hátt, verði undanþegið tekjuskatti og útsvari. Þá er og lagt til, að eigendur þessara innlána fái forgangsrétt að íbúðalánum hins almenna veðlánakerfis, er séu 25% hærri en venjulegt lánshámark er. Með þessu móti ætti að geta fengizt mikið fjármagn til íbúðalána með frjálsri sparifjármyndun.

Með tilliti til þess, sem að framan greinir, ber minni hlutinn fram eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   3. mgr. 1. gr. laga nr. 55/1955 orðist svo:
   Í húsnæðismálastjórn eiga sæti 5 menn, fjórir kosnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi til 3 ára í senn og einn skipaður af félagsmálaráðherra samkvæmt tilnefningu Landsbanka Íslands. Varamenn skulu vera jafnmargir og valdir á sama hátt. Húsnæðismálastjórn skiptir með sér störfum.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   2. gr. laga nr. 55/1955 breytist svo:
   a. Til viðbótar 1. mgr. komi áframhaldandi töluliðir sem hér segir:
      6. Að leggja áherzlu á stöðlun (standardiseringu) sem flestra hluta til íbúðabygginga og fjöldaframleiðslu slíkra hluta.
      7. Að semja og gefa út reglur um lágmarkskröfur um byggingar, sem lán eru veitt til, svo sem um einangrun, lofthæð o. s. frv., sem og leiðbeiningar um undirbúning teikninga og áætlana.
      8. Að stuðla að auknum byggingarefnarannsóknum.
      9. Að láta fara fram samkeppni um byggingu hagkvæmra íbúða með því að bjóða lán þeim, sem tekið gætu að sér að byggja flestar hagkvæmar íbúðir af ákveðinni meðalstærð fyrir tiltekna upphæð.
      10. Að koma á fót byggingarmiðstöð (byggecentrum) í samvinnu við framleiðendur og innflytjendur byggingarefna, þar sem væri sýning á byggingarefnum, húshlutum og íbúðarteikningum og almenn leiðbeiningastarfsemi fyrir húsbyggjendur færi fram.
      11. Að gera grein fyrir raunverulegri þörf landsmanna fyrir íbúðabyggingar á hverjum tíma og gera tillögur og áætlanir um, hvernig þeirri þörf verði fullnægt á sem hagkvæmastan hátt og með minnstum tilkostnaði. Félagsmálaráðherra er heimilt í þessu skyni að fela húsnæðismálastjórn í samvinnu við sveitarstjórnir, fasteignamat ríkisins og hagstofuna að koma upp spjaldskrá yfir allt íbúðarhúsnæði í landinu.
   b. Í stað 2. málsgr. komi þrjár nýjar málsgreinar, er orðist svo:
Ef forðagæzlumaður telur, að einhvern búfjáreiganda skorti fóðurbirgðir eða hús yfir búfénað sinn, vanfóðri hann eða vanhirði, skal hann tilkynna það hreppsnefnd. Skylt er þá hreppsnefnd að aðvara þegar hlutaðeigandi búfjáreiganda og gefa honum hálfs mánaðar frest til úrbóta. Hafi hann að þeim tíma liðnum ekki gert þær ráðstafanir, sem hreppsnefnd og forðagæzlumaður telja fullnægjandi, er hreppsnefnd heimilt að útvega honum fóður, ráðstafa fénaði hans til fóðrunar eða láta slátra búfénaði hans, ef henta þykir.

Búfjáreigandi, sem hlut á að máli, ber allan kostnað af þessum ráðstöfunum. Skylt er viðkomandi sýslumanni að veita hreppsnefndum stuðning við þessar framkvæmdir, ef með þarf.

Forðagæzlumenn skulu gera skýrslu á þar til gerð eyðublöð um það, er lýtur að fóðurásetningi búfjáreigenda, svo sem um fóðurbirgðir, tölu búpenings, skepnuhöld og fyrningar. Skýrslu þessa skal forðagæzlumaður senda sýslumanni upp úr fardögum fyrir það fardagaár, sem þá er að enda, en sýslumaður leggur skýrslurnar fyrir næsta sýslufund til athugunar. Skýrslurnar skal að því búnu senda Búnaðarfélagi Íslands, sem vinnur úr þeim í samstarfi við Hagstofu Íslands.

Fyrir starf sitt skulu forðagæzlumenn fá borgun eftir samkomulagi við hreppsnefndina, og greiðist hún úr sveitarsjóði.

69. gr.

Heimilt er sveitar- og bæjarfélögum að stofna fóðurbirgðafélög, og takmarkast félögin ætíð af hreppamörkum. Þegar slíkt félag er stofnað og tekið til starfa, er forðagæzlumaður leystur frá starfi sínu.

70. gr.

Verksvið fóðurbirgðafélaga er að tryggja það, að á hverju hausti sé til fóður fyrir búfé félagsmanna, sem nægi í harðasta vetri, og að rannsaka, hvernig bændur eigi að fóðra búfé sitt, svo að það gefi sem mestan arð, miðað við tilkostnað.

Stjórn fóðurbirgðafélags skal sjá um, að fóðurskoðanir eigi sér stað eins oft og þurfa þykir. Skal sú fyrsta ætíð fara fram fyrir 15. nóvember.

71. gr.

Þegar menn vilja koma á fóðurbirgðafélagi í hreppi eða kaupstað, skal sveitarstjórn boða til almenns sveitarfundar með nægum fyrirvara og leggja fyrir hann upp-

kast að samþykkt fyrir félagið. Atkvæðisrétt á þeim fundi hafa allir þeir, sem búfénað hafa á fóðrum í sveitinni. Sé fundur lögmætur og nái uppkastið samþykki ⅔ hluta atkvæðisbærra fundarmanna, skal stofna félagið, og er þá uppkastið bindandi fyrir alla sveitarbúa, enda hafi verið tekið fram í fundarboði, að um þetta mál yrði rætt og greidd atkvæði um það. Samþykkt sveitarfundarins skal leggja fyrir næsta hlutaðeigandi sýslufund til samþykktar.

Samþykki sýslufundur samþykktaruppkast fóðurbirgðafélagsins óbreytt, skal sýslumaður senda það landbúnaðarráðuneytinu til staðfestingar. Breyti sýslufundur samþykktinni, skal bera hana með áorðnum breytingum undir atkvæði lögmæts hreppsfundar á sama hátt og í fyrra skiptið. Fallist sveitarfundur á breytingartillögur sýslufundar, skal uppkastið endursent sýslumanni, sem sendir það síðan áfram til ráðuneytisins. Að öðrum kosti er samþykktin fallin, nema gerðar séu á henni breytingar, og skal þá leggja hana fyrir sýslufund að nýju og aftur með fara á sama hátt og ný samþykkt væri.

Virðist landbúnaðarráðuneytinu samþykkt, sem því hefur verið send til staðfestingar, koma í bága við grundvallarreglur laga eða rétt manna, endursendir það hana án staðfestingar ásamt synjunarástæðum. Að öðrum kosti staðfestir ráðuneytið samþykktina, skipar fyrir um birtingu hennar og tiltekur, hvenær hún öðlist gildi. Gildir hún upp frá því fyrir alla þá, sem í þeim hreppi eða kaupstað búa, sem hún er gerð fyrir. Samþykkt, sem ráðuneytið hefur staðfest, má ekki breyta á annan hátt en hún var stofnuð.

72. gr.

Fóðurbirgðafélagi stýrir þriggja manna stjórn, og eru tveir þeirra kosnir á aðalfundi félagsins til fjögurra ára í senn, en þann þriðja kýs hreppsnefnd til sama tíma, og er hann formaður félagsins. Stjórn félagsins sér um allar fjárreiður þess og framkvæmdir, og eru skuldbindingar hennar bindandi fyrir félagið.

73. gr.

Hvert það fóðurbirgðafélag, sem stofnað er samkvæmt lögum þessum og fullnægir fyrirmælum þeirra, nýtur árlegs styrks úr ríkissjóði, kr. 10.00 fyrir hvern bónda, sem í félaginu er. Enn fremur skal hlutaðeigandi sveitarsjóður leggja fram kr. 50.00 fyrir hvern félagsmann, og greiðir sveitarsjóður það á ekki lengri tíma en 10 árum með jöfnum greiðslum. Enn fremur skulu búfjáreigendur greiða árlegt gjald til félagsins eftir búfjárfjölda:

a. fyrir hvern nautgrip ..... 40 aura
b. fyrir hvert hross ..... 20 —
c. fyrir hverja sauðkind .... 4 —

Gjöld þessi eru lögtakskræf samkv. lögum nr. 29 16. des. 1885.

74. gr.

Skylt er fóðurbirgðafélagi að stofna sjóð og leggja í hann tekjuafgang hvers árs. Stjórn félagsins lánar úr sjóðnum til fóðurkaupa fyrir félagsmenn.

75. gr.

Komi í ljós að lokinni skoðun, sbr. 70. gr., að búfjáreigendur skorti fóður, getur stjórn félagsins lánað fé úr sjóðnum til fóðurkaupa, sbr. 74. gr. Nægi sjóður félagsins ekki til fóðurkaupa, er félaginu heimilt lán úr bjargráðasjóði til þess, er á vantar, þó ekki meira en nemur hluta hreppsins í sjóðsmynduninni, gegn 5% ársvöxtum og endurgreiðslu innan 5 ára.

Skylt er hreppsnefnd að ábyrgjast bráðabirgðalán og rekstrarlán fyrir félagið.

Til tryggingar láni, er stjórn félagsins eða hreppsnefnd veitir félagsmönnum eða hreppsbúum til að bjarga bústofni þeirra frá yfirvofandi felli, er bústofninn að lögveði fyrir láninu, þar til það er að fullu greitt, þó ekki lengur en 2 ár frá lántökudegi.

Lánþegi má ekki selja né ráðstafa á annan hátt bústofninum úr eigu sinni frekar en svo, að jafnan sé næg trygging í eftirstöðvum hans með vöxtum og kostnaði. Lögveð þetta gengur fyrir öllum öðrum veðböndum.

76. gr.

Gjalddagi iðgjalda er 1. desember. Reikningsár félagsins er almanaksár. Skýrsluárið er frá 1. október til jafnlengdar næsta ár.

77. gr.

Þegar sjóður fóðurbirgðafélagsins er orðinn svo stór, að hann nemur kr. 800.00 á hvern félagsmann, er félaginu heimilt með aðalfundarsamþykkt að létta af iðgjöldum samkvæmt 73. gr. að nokkru eða öllu leyti.

78. gr.

Stjórn fóðurbirgðafélags skal senda Búnaðarfélagi Íslands skýrslu um starfsemi sína, eftir því sem Búnaðarfélag Íslands ákveður og tekið er fram í samþykkt félagsins.

Skýrsla þessi skal send til Búnaðarfélags Íslands fyrir júlílok, eftir að skýrsluárinu lauk. Styrkur ríkissjóðs til fóðurbirgðafélaga greiðist, þegar skýrslur og reikningar þeirra hafa borizt til félagsins.

79. gr.

Ráðherra er heimilt, hvenær sem hann telur þess þörf, að krefjast skýrslu frá forðagæzlumönnum um það, hverjar horfur séu á fóðuröflun eða fóðurbirgðum í umdæmi þeirra.

80. gr.

Sýni búfjáreigandi mótþróa gegn ráðstöfunum forðagæzlumanns, hreppsnefndar eða stjórnar fóðurbirgðafélags honum til hjálpar eða hefur þær að engu, en fénaður hans líður eða fellur úr hor sökum fóðurskorts, hirðuleysis eða harðýðgi þess, er hafði hann undir hendi, að áliti forðagæzlumanns eða stjórnar fóðurbirgðafélags, er þessum aðilum skylt að tilkynna það tafarlaust sýslumanni ásamt öllum málavöxtum, eða hreppstjóra og hann tilkynni það aftur sýslumanni.

81. gr.

Sá, er sekur verður um illa meðferð á skepnum samkv. 80. gr., skal sæta sektum frá 500 til 5000 kr. eða einföldu fangelsi allt að 6 mánuðum. Vanræki forðagæzlumaður, hreppsnefnd eða stjórn fóðurbirgðafélags að gera sýslumanni eða hreppstjóra viðvart um ómannúðlega meðferð á skepnum, sem þeim er kunnugt um innan þess hrepps, varðar það sektum.

IX. KAFLI

Almenn ákvæði.

82. gr.

Heimilt er að halda héraðssýningar fyrir annað búfé en hross, þegar hlutaðeigandi héraðsstjórnir óska þess, þó ekki oftar en fjórða hvert ár, að fengnu samþykki Búnaðarfélags Íslands. Fleiri sýslur en ein eða sýsluhlutar geta verið saman um sýningar þessar.

Styrkja skal slíkar sýningar að ⅔ hlutum úr ríkissjóði og að ⅓ hluta frá nautgriparæktarsambandi, sauðfjárræktarsambandi, þar sem þau starfa, ella úr hlutaðeigandi sýslusjóðum, er hvort tveggja gangi til gripaverðlauna. Auk þess styrks, sem sýslusjóður veitir til gripaverðlauna, ber sýslunefnd að annast undirbúning sýninganna. Búnaðarfélag Íslands setur um tilhögun héraðssýninga reglur, er landbúnaðarráðherra staðfestir.

83. gr.

Allar greiðslur, sem um ræðir í lögum þessum, skulu greiddar að viðbættri fullri vísitöluuppbót frá 1939, og skal, þar sem því verður við komið, miða við meðalvísitölu ársins á undan.

84. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð í samráði við Búnaðarfélag Íslands, er ákveður nánar um framkvæmd laga þessara.

85. gr.

Verði ágreiningur um skilning á ákvæðum þessara laga, sker landbúnaðarráðherra úr, og er það fullnaðarúrskurður.

86. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá kr. 500.00 til kr. 5000.00, nema þyngri refsing liggi við að lögum. Sektarfé skal renna í sjóð þess búnaðarfélags, þar sem brotið er framið, ella í sveitarsjóð.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

87. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 19 frá 22. marz 1948, um búfjárrækt, og allar síðari breytingar, sem gerðar hafa verið á þeim lögum.

Sþ. 610. Nefndarálit [64. mál]

um till. til þál. um fjárveitingu til jarðborana í Vestmannaeyjum.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur haft tillöguna til athugunar og umræðu á mörgum fundum. Álits um efni hennar hefur verið leitað hjá rannsóknaráði ríkisins og raforkumálastjóra.

Nefndin telur, að sérstaða Vestmannaeyja að því er tekur til vatnsöflunar sé slík, að rétt sé, að ríkissjóður taki þátt í kostnaði við vatnsöflunartilraunir þar.

Samkvæmt upplýsingum sérfræðinga virðist eðlilegt, að gengið verði úr skugga um það, hvort möguleikar eru á að afla vatns með jarðborunum, og leggur nefndin til, að fyrirhugaðar borunarframkvæmdir verði að hálfu kostaðar af ríkisfé, en ríkissjóðsframlag á þessu ári verði þó bundið við 250 þús. kr. hámark.

Það er því till. nefndarinnar, að tillagan verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að greiða að hálfu á móti Vestmannaeyjabæ kostnað við jarðboranir til öflunar neyzluvatns í Vestmannaeyjum, þó ekki yfir 250 þús. kr.

Einn nefndarmaður, Áki Jakobsson, var fjarverandi, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 23. maí 1957.

Karl Guðjónsson, form., frsm.	Halldór Ásgrímsson, fundaskr.	Pétur Ottesen, með fyrirvara.
Magnús Jónsson, með fyrirvara.	Jón Kjartansson, með fyrirvara.	Sveinbjörn Högnason,

Halldór Sigurðsson. Karl Kristjánsson.

Sþ. 611. Nefndarálit [80. mál]

um till. til þál. um lán til íbúðabygginga.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur rætt þessa tillögu og sent hana til umsagnar húsnæðismálastjórnar og Landsbanka Íslands. Hvorugur þessara aðila hefur svarað.

Nefndin hefur ekki orðið samála um afgreiðslu málsins. Minni hl. (PO, MJ og JK) leggur til, að tillagan verði samþykkt óbreytt, en meiri hlutinn leggur til, að tillagan verði afgreidd með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem í lögum nr. 55 frá 1955, 3. gr., er heimild til handa veðdeild Landsbanka Íslands til lántöku erlendis til íbúðabygginga og sömu ákvæði eru í 4. gr. frv. til laga á þskj. 565, telur Alþingi samþykkt þessarar þingsályktunartillögu óþarfa og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 22. maí 1957.

Karl Guðjónsson, form.	Halldór Ásgrímsson, fundaskr.	Halldór E. Sigurðsson, frsm.
Karl Kristjánsson.	Sveinbjörn Högnason.	Áki Jakobsson.

Ed. 612. Breytingartillaga [175. mál]

við frv. til l. um vísindasjóð.

Frá Jóni Kjartanssyni og Sigurði Ó. Ólafssyni.

Við 5. gr. B-liður orðist svo:

Stjórn hugvísindadeildar er skipuð fimm mönnum. Heimspekideild Háskóla Íslands tilnefnir tvo og laga- og hagfræðideild tvo.

Nd. 613. Lög [147. mál]

um breyting á lögum nr. 81 5. júní 1947, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

(Afgreidd frá Nd. 23. maí.)

Samhljóða þskj. 393.

Nd. 614. Lög [69. mál]

um breyting á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953.

(Afgreidd frá Nd. 23. maí.)

Samhljóða þskj. 574.

Sþ. 615. Nefndarálit [180. mál]

um till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán fyrir Síldarbræðsluna h.f. til kaupa á vélum í síldarverksmiðju félagsins á Seyðisfirði og til endurbóta á verksmiðjunni.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og leggur einróma til, að hún verði samþykkt óbreytt. — Áki Jakobsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 23. maí 1957.

Karl Guðjónsson, form.	Halldór Ásgrímsson, fundaskr., frsm.	Jón Kjartansson.
Sveinbjörn Högnason.	Karl Kristjánsson.	Halldór E. Sigurðsson.
Pétur Ottesen.	Magnús Jónsson.	

Nd. 616. Nefndarálit [178. mál]

um frv. til laga um Útvegsbanka Íslands.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur kynnt sér frv., og tók fjárhagsnefnd efri deildar þátt í athugun þess.

Tveir af nefndarmönnum, JóhH og JR, hafa lýst andstöðu við samþykkt frv., en undirritaðir mæla með því, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 5. gr. Í stað orðanna „þar til bankastjórn ákveður“ komi: nema bankastjórn ákveði.
2. Við III. kafla. Í stað „Um fiskveiðisjóð“ í fyrirsögn kaflans komi: Um Fiskveiðasjóð Íslands.
3. Við 11. gr.
   a. Í stað „Fiskveiðisjóður Íslands“ komi: Fiskveiðasjóður Íslands.
   b. Í stað „fiskveiðisjóð“ komi: Fiskveiðasjóð.
4. Við 12. gr. Í stað „Fiskveiðisjóður“ komi: Fiskveiðasjóður.
5. Við 14. gr. Í stað orðanna „Bankaráðsmenn skulu allir vera búsettir í Reykjavík“ komi: Bankaráðsmenn eða varamenn þeirra skulu vera búsettir í Reykjavík.
6. Við 23. gr. Upphaf 2. málsgr. orðist svo: Endurskoðendur gefa skýrslu til bankaráðs og stjórnarráðs, o. s. frv.
7. Við 39. gr. Greinin orðist svo:
   Umboð fulltrúaráðs og framkvæmdastjórnar Útvegsbanka Íslands h.f. fellur niður, um leið og hlutafélagið hættir störfum, en fráfarandi bankastjórar eiga sama rétt á hendur hinum nýja banka, sbr. 37. gr., sem þeir hefðu átt á hendur Útvegsbanka Íslands h.f., ef stöður þeirra hefðu verið lagðar niður.
8. Við 41. gr. Við greinina bætist: l. nr. 10 12. febr. 1940, l. nr. 107 27. des. 1952, bæði um breyt. á þeim l., og l. nr. 4 25. febr. 1932, um ríkisábyrgð á innstæðufé Útvegsbanka Íslands h.f.
9. Á eftir 41. gr. komi svo hljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða:

Starfstímabil bankaráðsmanna og varamanna, sem kosnir eru af Alþingi í fyrsta sinn eftir samþykkt þessara laga, skal vera til ársloka 1961. Starfstímabil formanns og varaformanns, sem ríkisstjórnin skipar í fyrsta sinn samkvæmt lögum þessum, er til ársloka 1962.

Hið nýkjörna bankaráð tekur við yfirstjórn bankans, um leið og hann tekur til starfa sem sérstök ríkisstofnun.

Breytingartillögur þessar voru samþykktar í nefndinni án mótatkvæða. Meiri hl. áskilur sér rétt til að flytja brtt. til viðbótar við 3. umr. frv.

Alþingi, 23. maí 1957.

Skúli Guðmundsson, form., frsm.	Benedikt Gröndal, fundaskr.	Einar Olgeirsson.

Sþ. 617. Tillaga til þingsályktunar [184. mál]

um að fresta skipun sendiherra í Kaupmannahöfn.

Flm.: Pétur Ottesen, Sveinbjörn Högnason.

Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina að skipa ekki að nýju sendiherra í Kaupmannahöfn, er núverandi sendiherra þar lætur af embætti fyrir aldurs sakir, fyrr en Danir hafa afhent Íslendingum handrit þau, er þeir eiga í Árnasafni og öðrum söfnum í Danmörku.

Greinargerð.

Nú um hálfrar aldar skeið hafa verið uppi hér á landi kröfur um það, að Dönum bæri að skila Íslendingum aftur handritum, er þeir eiga í söfnum í Danmörku, Árnasafni og víðar. Hefur Alþingi nokkrum sinnum á þessu tímabili látið málið til sín taka og ávallt samþykkt einróma að fela ríkisstjórninni að bera fram við ríkisstjórn Danmerkur kröfur um þetta efni. Aðeins í eitt skipti er hægt að segja, að kröfur þessar hafi borið nokkurn árangur, sem var í því fólginn, að skilað var á árinu 1928 nokkrum embættisskjölum, er báru það með sér, að Árni Magnússon hefði fengið þau að láni hér heima, en mjög fáum eldri handritum eða bókum. En síðan hefur danska stjórnin skellt skollaeyrum við öllum kröfum Íslendinga um afhendingu á þessum dýrmæta menningararfi þjóðarinnar.

Sýnt er, að Íslendingar verða nú mjög að herða róðurinn fyrir endurheimt handritanna og linna eigi á, fyrr en af er látið þeirri ósanngirni og yfirgangi, sem dönsk stjórnarvöld beita Íslendinga í handritamálinu.

Það stendur fyrir dyrum, að núverandi sendiherra í Kaupmannahöfn láti af embætti fyrir aldurs sakir. Til þess að sýna það svart á hvítu, hve Íslendingar telja sig eiga hér mikilla hagsmuna að gæta og hve ríkur er metnaður þeirra fyrir því, að þessir menningarfjársjóðir séu varðveittir og hagnýttir í þeirra eigin háskóla, er hér lagt til, að ríkisstjórnin skipi ekki að nýju sendiherra í Kaupmannahöfn, fyrr en Danir hafa afhent Íslendingum handritin.

Grundvöllurinn fyrir vingjarnlegu samstarfi þjóða í milli hlýtur ávallt að vera sá, að þar ríki á báða bóga gagnkvæm sanngirni og velvildarhugur. En framkoma danskra stjórnarvalda gagnvart Íslendingum í þessu máli er vissulega slík, að Danir geta tæplega til þess ætlazt, að Íslendingar leggi í mikinn kostnað við það að halda uppi sendiherraembætti í Kaupmannahöfn í virðingarskyni við þá.

Ed. 618. Breytingartillögur [175. mál]

við frv. til laga um vísindasjóð.

Frá Páli Zóphóníassyni.

1. Við 3. gr.
   a. Á eftir orðinu „líffræði“ bætist: lífeðlisfræði.
   b. Á eftir orðinu „grasafræði“ bætist: búvísindi, fiskifræði.
2. Við 5. gr. A-liður orðist svo:
   Stjórn raunvísindadeildar er skipuð fimm mönnum. Skal einn tilnefndur af læknadeild Háskóla Íslands, einn af verkfræðideild Háskóla Íslands, einn af deildarstjórum atvinnudeildar háskólans og einn af sérfræðingum Náttúrugripasafnsins.

Ed. 619. Nefndarálit [175. mál]

um frv. til laga um vísindasjóð.

Frá menntamálanefnd.

Menntamálanefnd hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt frv. með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Aftan við 2. málslið bætist:
   A. m. k. 5% af árlegum peningatekjum vísindasjóðs skulu lögð í sérstakan sjóð, er nefnist stofndeild vísindasjóðs. Höfuðstól stofndeildar má aldrei skerða, en heimilt er að verja vöxtum af fé stofndeildar til almennrar starfsemi sjóðsins.
2. Við 4. gr. 1. málsgr. orðist svo:
   Stjórn vísindasjóðs skal skipuð 5 mönnum. Skulu 4 þeirra ásamt jafnmörgum varamönnum kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi á fyrsta þingi eftir hverjar alþingiskosningar, en formaður og varaformaður skulu skipaðir af menntamálaráðherra.

Tveir nefndarmanna, JK og SÓÓ, áskilja sér rétt til að bera fram frekari brtt. við frv. eða fylgja brtt., er fram kunna að koma.

Alþingi, 23. maí 1957.

Sigurvin Einarsson, form.	Friðjón Skarphéðinsson, fundaskr.	F. R. Valdimarsson, frsm.
Jón Kjartansson.	Sigurður Ó. Ólafsson.	

Ed. 620. Nefndarálit [159. mál]

um frv. til laga um skatt á stóreignir.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu máls þessa. Meiri hlutinn, fulltrúar ríkisstjórnarinnar, mælir með því, að það verði samþykkt, en minni hlutinn, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, telur að í lögfestingu þess felist mikil hætta á enn auknum erfiðleikum atvinnulífsins.

Af hálfu ríkisstjórnarinnar hefur því verið lýst yfir, að álagning stóreignaskatts sé einn liður í efnahagsmálastefnu stjórnarinnar. Ber því fyrst að líta á, hver stefna stjórnarinnar í þessum málum hefur verið á undanförnum mánuðum og hvernig hún hefur reynzt í framkvæmd.

Þegar núverandi hæstvirt ríkisstjórn tók við völdum, lýsti hún því yfir, að færustu sérfræðingum, erlendum og innlendum, mundi falið að framkvæma „úttekt“ á efnahagsástandi þjóðfélagsins. Að henni lokinni skyldi niðurstaðan lögð fyrir alþjóð. Þannig skyldi allt gerast fyrir opnum tjöldum.

Þessi rannsókn var síðan látin fram fara. En enn þá hefur niðurstöðum hennar og tillögum hinna erlendu og innlendu sérfræðinga verið haldið vandlega leyndum fyrir þjóðinni.

Hitt er þó enn verra, að engar nýjar tillögur né „úrræði“ til lausnar efnahagsvandamálunum hafa litið dagsins ljós hjá hæstvirtri ríkisstjórn. Það eina, sem gerzt hefur, er það, að nokkru fyrir síðustu áramót lögfestu stuðningsflokkar ríkisstjórnarinnar stórkostlega hækkun tolla og skatta á almenning í landinu. Því fé, sem aflaðist með þessum nýju álögum og mun nema hartnær 300 millj. kr. á yfirstandandi ári, er síðan varið til uppbóta á útflutningsafurðir þjóðarinnar.

Engin ný stefna hefur því verið tekin upp í efnahagsmálum Íslendinga við valdatöku núverandi ríkisstjórnar önnur en sú, að lagðir hafa verið á hærri tollar og skattar til framkvæmdar áframhaldandi styrkja- og uppbótastefnu en nokkru sinni fyrr.

Í kjölfar þessara aðgerða ríkisstjórnarinnar hefur svo siglt áframhaldandi kapphlaup milli kaupgjalds og verðlags. Samtals munu nú a. m. k. 13 aðilar hafa fengið verulegar kauphækkanir síðan í des. s. l. Verðlag hefur stórhækkað á miklum fjölda vara, sumpart vegna hækkaðs kaupgjalds og aukins tilkostnaðar, sumpart vegna hinna gífurlegu álaga ríkisstjórnarinnar sjálfrar á almenning.

Geigvænlegasta afleiðing hinnar reikulu efnahagsmálastefnu ríkisstjórnarinnar er sú, að nú blasir við stórkostleg gengisfelling íslenzkrar krónu. Er nú svo komið, að jafnvel stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar telja gengislækkun yfirvofandi.

Þegar þannig er komið ástandi íslenzkra efnahagsmála, leggur hæstv. ríkisstjórn svo fram frumvarp um stóreignaskatt, sem að verulegu leyti mun bitna á útflutningsframleiðslu, sem þegar er rekin með stórfelldu tapi og ríkisuppbótum af almannafé. Að því hafa verið leidd gild rök, að þessu nýi skattur muni koma allhart niður á sjávarútvegi og iðnaði landsmanna, enn fremur á samgöngutækjum, eins og flugfélögum og skipafélögum.

Sjálfstæðismenn telja, að eðlilegt sé, að háir skattar séu borgaðir af miklum tekjum, en í þessum efnum sem öðrum verði að gæta hófs. Stórhættulegt sé að ofbjóða gjaldþoli einstaklinganna og draga úr hvöt þeirra til þess að leggja sig fram, bæði í þeim tilgangi að bæta eigin hag og þjóðfélags síns. Því aðeins geti hið íslenzka þjóðfélag orðið sterkt og fært um að rísa undir hraðri og nauðsynlegri uppbyggingu sinni, að það sé byggt upp af efnahagslega sjálfstæðu fólki.

Minni hlutinn bendir á, að bæði tekjuskattur og aðrir beinir og óbeinir skattar hafa á undanförnum árum verið svo háir, að eignasöfnun einstaklinga hafa verið sett þröng takmörk. Engu að síður hefur verið framkvæmd hér eignakönnun, eftir síðustu styrjöld, og stóreignaskattur lagður á í sambandi við breytingu á gengisskráningu íslenzkrar krónu árið 1950. Sjálfstæðismenn töldu, að stóreignaskattur ætti þá rétt á sér sem liður í víðtækum ráðstöfunum til þess að skapa jafnvægi í efnahagsmálum landsmanna. En síðan eru aðeins liðin tæp 8 ár. Álagning slíks skatts nú horfir því allt öðruvísi við.

Aðalhættan við álagningu þessa skatts felst þó að áliti minni hluta nefndarinnar ekki fyrst og fremst í því, að ofboðið sé gjaldþoli þess hóps manna, sem hann á að greiða, heldur í hinu, að skattheimtan hafi í för með sér enn aukna erfiðleika fyrir sjávarútveg og iðnað landsmanna. Lánsfjárskortur þjarmar nú ákaflega að þessum atvinnugreinum. Allt bendir því til þess, að þær verði að freista sölu á einhverjum

hluta tækja sinna og eigna til þess að ljúka greiðslum á hinum nýja skatti. Af því mundi hins vegar geta leitt minnkandi atvinnu og samdrátt í framleiðslustarfi þjóðarinnar. En við því mega Íslendingar sízt af öllu, eins og efnahag þeirra er nú komið.

Að öllu þessu athuguðu teljum við undirritaðir, að frumvarp þetta og sú stefna, sem í því felst, sé hið mesta glapræði, sem enn muni leiða til vaxandi erfiðleika í íslenzkum efnahagsmálum.

Við viljum þó freista þess að fá nokkra verstu agnúana sniðna af frumvarpinu. Þess vegna leyfum við okkur að gera við frumvarpið eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 2. gr.
   a. Orðin „Þó skal landsnefndin ... ákvæði í reglugerð“ í 1. málsgr. 1. töluliðar falli niður.
   b. 2. málsgr. 1. töluliðar orðist svo:
      Frá matsverði frystihúsa, sláturhúsa og annarra húseigna, sem notaðar eru fyrir vinnslustöðvar sjávarafurða og landbúnaðarafurða, síldarverksmiðja, dráttarbrauta svo og annars iðnaðarhúsnæðis skal draga 20% — tuttugu af hundraði.
   c. Í stað „200% álagi“ í 3. málsgr. 1. töluliðar komi: 150% álagi.
   d. Í stað tveggja fyrstu málsliða í 1. málsgr. 2. töluliðar komi:
      Skip skulu reiknuð með vátryggingarverði að frádregnum 40% — fjörutíu af hundraði.
   e. 3. málsgr. 2. töluliðar orðist svo:
      Matsverð á vélum, áhöldum og öðru lausafé, sbr. c-lið 19. gr. laga nr. 46/1954, skal vera kostnaðarverð að frádregnum löglegum afskriftum.
   f. Aftan við 1. málsgr. 3. töluliðar bætist:
      Einnig tekjuskattur, stríðsgróðaskattur og útsvar, reiknað af tekjum ársins 1956.
2. Við 4. gr. Aftan við 2. málsgr. bætist:
   Eigi heldur það fé, sem lagt hefur verið í nýbyggingarsjóði samkv. lögum nr. 20/1942 og lögum nr. 46/1954, hvort sem búið er að verja því til kaupa á framleiðslutækjum eða ekki. Með eignum félaga telst eigi heldur innstæða þeirra í sparisjóði.
3. Við 6. gr.
   a. Í stað orðanna „10 árum“ í lok 1. málsgr. komi: 15 árum.
   b. Aftan við greinina bætist:
      Til greiðslu á skattinum er heimilt að afhenda eignir með því matsverði, sem er ákveðið samkv. lögum þessum.
4. Við 7. gr. 4. og 5. málsl. 1. málsgr. falli niður.

Alþingi, 23. maí 1957.

Sigurður Bjarnason, frsm. Sigurður Ó. Ólafsson.

Nd. 621. Nefndarálit [179. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 17 frá 10. febr. 1953, um Framkvæmdabanka Íslands.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en samkomulag hefur ekki orðið um afgreiðslu þess. Undirritaðir leggja til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr. Greinin falli niður.
2. Á eftir 4. gr. komi svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða:

Við gildistöku laga þessara falla niður umboð núverandi bankaráðsmanna. Starfstímabil bankaráðsmanna og varamanna, sem kosnir eru af Alþingi og skipaðir af fjármálaráðherra í fyrsta sinn eftir samþykkt þessara laga, skal vera til ársloka 1963.

Alþingi, 23. maí 1957.

Skúli Guðmundsson, form., frsm.	Benedikt Gröndal, fundaskr.	Einar Olgeirsson.

Ed. 622. Breytingartillögur [83. mál]

við frv. til l. um lax- og silungsveiði.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 35. gr.
   1. Í stað síðasta málsliðar 3. töluliðar komi:
      Skaðabætur greiðast að ¾ úr ríkissjóði og að ¼ úr sýslusjóði eða sýslusjóðum viðkomandi héraða, og skal greiðslan skiptast á 25 ár. Mati skal ljúka svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en tveim árum eftir gildistöku laga þessara.
   2. 4. töluliður falli niður.
2. Við 109. gr. Aftan við greinina bætist: sbr. þó 35. gr.

Nd. 623. Nefndarálit [177. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 frá 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Í fjárhagsnefnd hefur ekki orðið samkomulag um afgreiðslu þessa máls, og skulu hér tilfærðar nokkrar af ástæðum þeim, sem valda því, að við undirritaðir, minni hl. nefndarinnar, erum því andvígir og leggjum til, að frv. verði fellt.

Þess er getið í greinargerð þessa frv., að þegar núverandi ríkisstjórn tók við völdum, hafi hún lýst yfir því, að hún mundi beita sér fyrir breytingum á bankalöggjöf landsins, m. a. þeirri, að seðlabankinn yrði settur undir sérstaka stjórn.

Hvorki fyrr né síðar hefur núverandi ríkisstjórn eða stuðningsflokkar hennar gert neina grein fyrir annarri efnisbreytingu á bankalöggjöfinni, er stefnt væri að.

Lengi hefur það hins vegar verið augljóst, að fyrir ríkisstjórnarflokkunum vekti það fyrst og fremst að tryggja stuðningsmönnum sínum stöður í stjórn Landsbankans sem og annarra banka.

Þessi tilgangur er ekki sérstaklega auglýstur í frv. þessu, en fær þó ekki dulizt, enda hefur forsætisráðherra við 1. umræðu málsins sérstaklega tilgreint hann sem meginástæðu fyrir því, að þetta frv. er flutt, ásamt frv. um breytingu á lögum um Útvegsbanka Íslands h.f. og Framkvæmdabanka Íslands.

Samkv. frv. er seðlabankinn settur undir sérstaka stjórn 5 manna, tveggja bankastjóra og þriggja stjórnarmeðlima þar að auki, sem ríkisstjórnin skipar, eftir tillögum bankaráðs. Umboð núverandi bankaráðs fellur niður, og skal bankaráðið síðan skipað 5 mönnum. Skipar ríkisstjórnin formanninn, en sameinað Alþingi kýs hina fjóra. Í greinargerð frv. er talið, að af breyttri skipan á stjórn bankans leiði, að umboð núverandi bankastjóra falli niður „í því formi, sem þau nú eru". Í nefndaráliti meiri hl. fjárhagsnefndar á þskj. 602 segir afdráttarlaust, að umboð bankastjóranna falli niður. Hvort sem þetta fær staðizt samkv. ákvæðum frv. eða hitt, að þær bankastjórastöður, sem fyrir eru, breytist aðeins í samræmi við breytta skipan, dylst ekki, að ætlun stjórnarliðsins er að geta ráðstafað 5 bankastjóraembættum, skipað 3 meðstjórnendur í stjórn seðlabankans, eftir að hafa ráðið kosningu og skipun fjögurra af fimm bankaráðsmönnum. Sýnist þá nokkuð vel að verið.

Því var haldið fram af forsætisráðherra, þegar hann fylgdi bankafrv. úr hlaði, að sjálfstæðismenn hafi meirihlutaaðstöðu í bankaráðum og meðal bankastjóra Landsbankans og Útvegsbankans. Þessu geti ríkisstjórnin og stuðningsflokkar hennar ekki unað, þar sem það hindri störf stjórnarinnar, og liggi til þess „augljós rök".

Aðspurður, hver væru hin „augljósu rök", gaf ráðherrann engin svör.

Sérstaklega aðspurður, hverjir árekstrar hefðu orðið innan bankanna við hið umtalaða meirihlutavald sjálfstæðismanna, eða milli þess og ríkisvaldsins, sem talið væri réttlæta breytinguna á stjórn bankanna og forsætisráðherra sjálfur segði að væri forsenda hennar, svaraði hann heldur engu til. — Þetta er mjög skiljanlegt, þar sem hér er um tilbúnar ástæður að ræða og staðreynd er, að til engra pólitískra árekstra hefur dregið innan bankanna né milli þeirra og ríkisvaldsins.

Þeim mun meiri furðu vekur nú, að forsætisráðherra skuli telja nauðsyn til bera af pólitískum ástæðum að breyta skipuninni á stjórn Landsbankans, þar sem núverandi skipan þeirra mála var einmitt lögfest af Framsóknarflokknum á fyrsta þingi, eftir að hann tók við stjórnarforustu í landinu, árið 1928. Framsóknarflokknum þótti þá nauðsyn að hverfa frá þeirri skipan, að Alþingi kysi 4 af 5 bankaráðsmönnum, eins og nú er lagt til að upp sé tekið af nýju, en Landsbankanefndin, sem þá var sett á laggirnar, lögð niður.

Vítaverðastur er sá hugsunarháttur, sem endurspeglast í bankafrumvarpi ríkisstjórnarinnar, að nauðsynlegt sé að skipta um menn í ábyrgðarmiklum embættum, af því að þeir séu ekki stuðningsmenn þeirrar stjórnmálastefnu, sem ríkisstjórnin og flokkar hennar fylgja, ekki vegna hins, að þeir séu taldir hafa misgert í störfum sínum. Hér er verið að leika sér að eldinum, og hvar verður staðar numið á slíkri braut? Í dag eru það bankastjórar. Að hvaða embættismönnum kemur röðin næst?

Og hvílíkt fordæmi er ekki verið að skapa hér? Af þessum málatilbúnaði og ástæðunum fyrir honum leiðir, að það ætti að fylgja hverjum ríkisstjórnarskiptum hér á landi, að skipt væri um fleiri eða færri bankastjóra og e. t. v. fleiri eða færri embættismenn ríkisins eða ríkisstofnana. Afleiðingar slíkrar ráðsmennsku eru enn þá alvarlegri en ella, þegar í hlut eiga helztu peningastofnanir landsins, sökum þeirrar augljósu hættu, sem af henni kann að leiða fyrir öryggi og traust bankanna, bæði út á við og inn á við.

Það, sem nú hefur verið rakið, leiðir til þeirrar niðurstöðu, að slíkt frv. sem þetta er vægast sagt mjög misráðið.

Auk þess er frv. mjög ófullkomið efnislega, að því er lýtur að ákvæðunum um seðlabankann. Ef rétt væri að farið, hefði þurft að setja vandaða löggjöf um alveg sjálfstæðan seðlabanka á grundvelli ýtarlegrar rannsóknar á þróun peningamála og fjármálakerfis þjóðarinnar. Hafa áður verið til kvaddir erlendir sérfræðingar í þessu skyni. Má í því sambandi nefna frv. um Seðlabanka Íslands, sem dr. Erik Lundberg samdi á vegum skipulagsnefndar atvinnumála og flutt var á Alþingi 1937, enn fremur tillögur dr. Murphys árið 1951 og skipun bankamálanefndar 17. ágúst sama ár til að endurskoða skipun á yfirstjórn peningamálanna.

Í stað þess að undirbúa vandlega stofnun seðlabanka leggur ríkisstjórnin nú fyrir flaustursleg tillögur, þegar komið er að þinglokum, — og skýrist það af framanrituðum ástæðum. Eftir frv. er Landsbankinn bæði seðlabanki og viðskiptabanki og hvort tveggja í senn. Aðgreiningin er bæði óljós og óeðlileg. T. d. á veðdeild Landsbankans að tilheyra seðlabankanum, en verksvið hennar er ekki annað en hliðstæðra veðdeilda, sem hvaða viðskiptabanki gæti komið á fót hjá sér.

Mun minni hl. fjárhagsnefndar gera nánari grein fyrir þessum atriðum í framsögu, en leggur til, eins og að framan greinir, að frv. verði fellt.

Alþingi, 24. maí 1957.

Jóhann Hafstein, frsm. Jónas G. Rafnar.

Nd. 624. Nefndarálit [178. mál]

um frv. til laga um Útvegsbanka Íslands.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Samkv. frv. þessu er sú formbreyting ein ákveðin, að Útvegsbanki Íslands skuli breytast úr hlutafélagi í ríkisbanka. Slík formbreyting er ekki óeðlileg, þar sem bankinn hefur í reyndinni starfað alveg eins og ríkisbanki, enda mestallt hlutafé í eigu ríkisins, eða aðeins 4.20% þess í eigu einstaklinga.

Hvort hæstv. ríkisstjórn hefur tekizt svo vel til sem skyldi við þessa formbreytingu, skal látið ósagt, en undir meðferð málsins er þegar komið í ljós, að sú breyting er aðeins yfirvarp til þess að geta breytt um bankastjóra.

Betur hefur ekki stjórnarliðinu tekizt við málatilbúnaðinn en svo, að nú hefur þótt nauðsynlegt að láta meiri hluta fjárhagsnefndar flytja sérstaka breytingartillögu um það á þskj. 616, að umboð bankastjóranna falli niður, þegar formbreytingin tekur gildi.

Með vísun til þessa þykir minni hl. ekki ástæða til að eiga neinn hlut að máli um þessa lagasmíð. Vitaskuld er formbreytingin á Útvegsbankanum engin nauðsyn, enda eins bert og verða má, að annað vakir fyrir, sbr. einnig nefndarálit minni hlutans um frv. um breytingu á Landsbankalögunum á þskj. 623.

Leggjum við til, að frv. sé fellt.

Alþingi, 24. maí 1957.

Jónas G. Rafnar, frsm. Jóhann Hafstein.

Nd. 625. Nefndarálit [179. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 17 frá 10. febr. 1953, um Framkvæmdabanka Íslands.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Minni hl. telur frv. óþarft og leggur til, að það verði fellt.

Alþingi, 24. maí 1957.

Jóhann Hafstein, frsm. Jónas G. Rafnar.

Ed. 626. Nefndarálit [142. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur yfirfarið frumvarpið og rætt efni þess.
Fjármálaráðherra hefur opinberlega lýst því yfir, að hann muni skipa nefnd til þess að athuga þessi mál sérstaklega. Með hliðsjón af þessari yfirlýsingu ráðherra leggur nefndin til, að málið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Fjármálaráðherra hefur opinberlega lýst því yfir, að hann muni skipa nefnd til að gera tillögur um skattamál hjóna. Þykir deildinni því ekki ástæða til að taka afstöðu til málsins að sinni. Í trausti þess, að tillögur frv. verði þar teknar til sérstakrar athugunar, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 23. maí 1957.

Bernharð Stefánsson, form. Björn Jónsson, fundaskr. Eggert G. Þorsteinsson, frsm.
Sigurður Ó. Ólafsson. Sigurður Bjarnason, með fyrirvara.

Ed. 627. Frumvarp til laga [175. mál]

um vísindasjóð.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

I. KAFLI
Stofnun og verksvið vísindasjóðs.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist vísindasjóður. Tekjur sjóðsins eru árlegt framlag úr menningarsjóði, a. m. k. 800 þús. kr. A. m. k. 5% af árlegum peningatekjum vísindasjóðs skulu lögð í sérstakan sjóð, er nefnist stofndeild vísindasjóðs. Höfuðstól stofndeildar má aldrei skerða, en heimilt er að verja vöxtum af fé stofndeildar til almennrar starfsemi sjóðsins.

2. gr.

Það er hlutverk vísindasjóðs að efla íslenzkar vísindarannsóknir.

Í þessum tilgangi styrkir sjóðurinn:

a. Einstaklinga eða vísindastofnanir vegna tiltekinna rannsóknaverkefna.
b. Kandídata til vísindalegs sérnáms og þjálfunar.
c. Rannsóknastofnanir til kaupa á tækjum, ritum eða rannsóknaefnum.

II. KAFLI

Skipulag og stjórn vísindasjóðs.

3. gr.

Vísindasjóður greinist í tvær deildir, raunvísindadeild og hugvísindadeild. Raunvísindadeild annast styrkveitingar til rannsókna á sviði náttúruvísinda, þar með taldar eðlisfræði og kjarnorkuvísindi, efnafræði, stærðfræði, læknisfræði, líffræði, lífeðlisfræði, jarðfræði, dýrafræði, grasafræði, búvísindi, fiskifræði, verkfræði og tæknifræði.

Hugvísindadeild annast styrkveitingar á sviði sagnfræði, bókmennta, málvísinda, félagsfræði, lögfræði, hagfræði, heimspeki, guðfræði, sálfræði og uppeldisfræði.

4. gr.

Stjórn vísindasjóðs skal skipuð 5 mönnum. Skulu 4 þeirra ásamt jafnmörgum varamönnum kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi á fyrsta þingi eftir hverjar alþingiskosningar, en formaður og varaformaður skulu skipaðir af menntamálaráðherra.

Stjórn vísindasjóðs er í fyrirsvari fyrir sjóðinn gagnvart stjórnarvöldum og öðrum aðilum og sér um fjárvörzlu sjóðsins. Hún ákveður einnig, hvernig skipta skuli fjárframlagi til vísindasjóðs á milli deilda hans, og setur, að höfðu samráði við menntamálaráðherra, reglur um verkefnaval og styrkveitingar úr sjóðnum, en deildarstjórnirnar úthluta síðan fénu til einstakra verkefna og framkvæmda, sbr. 6. gr.

Stjórn vísindasjóðs skal vera ólaunuð.

5. gr.

Menntamálaráðherra skipar deildarstjórnir til fjögurra ára samkvæmt því sem hér segir:

a. Stjórn raunvísindadeildar er skipuð fimm mönnum. Skal einn tilnefndur af rannsóknaráði ríkisins, einn af læknadeild Háskóla Íslands, einn af verkfræðideild Háskóla Íslands og einn af fundi fulltrúa frá vísindastofnunum, sem fást við rannsóknir á sviði raunvísinda. Menntamálaráðherra boðar til fundarins, og skal ákveðið í reglugerð, hverja þangað skuli boða.
b. Stjórn hugvísindadeildar er skipuð fimm mönnum. Heimspekideild Háskóla Íslands tilnefnir tvo, laga- og hagfræðideild einn og Félag íslenzkra fræða einn.
c. Menntamálaráðherra skipar formenn deildarstjórna án tilnefningar.
d. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.

6. gr.

Deildarstjórnir úthluta styrkjum hvor úr sínum hluta vísindasjóðs og hafa eftirlit með því, að þeim sé varið í samræmi við það, sem áskilið var, er þeir voru veittir. Styrkur er að jafnaði ekki veittur nema eftir umsókn. Stjórn deildar getur þó boðið vísindamanni eða forráðamanni rannsóknastofnunar fjárstyrk til ákveðinna rannsókna. Styrkur er veittur til eins árs í senn, en heimilt er að endurveita hann.

Stjórn deildar getur átt frumkvæði að rannsóknum á tilteknum efnum og skipulagt þær.

7. gr.

Menntamálaráðuneytið getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, að fengnum tillögum stjórnar vísindasjóðs.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 628. Frumvarp til laga [83. mál]

um lax- og silungsveiði.

(Eftir eina umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 551 með þessum breytingum:

16. gr. hljóðar svo:

1. Eigi má hafa ádrátt í ósi straumvatns eða ósasvæði.

2. Eigi má veiða fisk í ósum í ár eða ósum í stöðuvötn og eigi 100 metra upp frá slíkum ósum eða 250 metra niður frá þeim. Eigi má heldur veiða fisk í ósum úr stöðuvötnum þeim, er lax eða göngusilungur fer um, né 50 metra upp eða niður frá slíkum ósum.

3. Ráðherra getur, eftir tillögum veiðimálastjóra, veitt undanþágu að nokkru leyti eða öllu frá banni því, er ræðir um í 1. og 2. málgsr., þar sem svo hagar til, að veiði í ós eða við er eigi talin skaðvænleg.

4. Ráðherra er rétt með samþykki veiðimálanefndar, hlutaðeigandi veiði- eða fiskræktarfélags, ef til er, og eftir tillögum veiðimálastjóra að banna alla veiði eða tilteknar veiðiaðferðir upp eða niður frá ósi, enda þyki það nauðsynlegt til viðhalds veiði í vatni. Bann þetta skal standa tiltekinn tíma, og má binda það því skilorði, að veiðieigendur eða ábúendur greiði bætur þeim aðila, sem öðrum fremur missir af veiði vegna slíks banns. Ákveða má bætur með mati samkvæmt 107. gr., ef eigi semur.

35. gr. hljóðar svo:

1. Milli fastra veiðivéla, hvort sem þær eru sömu megin í straumvatni eða sitt frá hvoru landi, skal jafnan vera 100 metra bil eftir endilöngu vatni, þar sem skemmst er á milli þeirra. Þó má bil aldrei vera skemmra en fimmföld lengd veiðivéla frá bakka og út á vatn. Leiðari, er liggur frá fastri veiðivél, telst hluti hennar. Ráðherra er rétt að veita undanþágu frá ákvæði þessarar málsgreinar, þegar sérstaklega stendur á og veiðimálastjóri mælir með því.

2. Lengd fastrar veiðivélar skal miða við það, að meðalrennsli sé í straumvatni.

3. Til lengdar fastrar veiðivélar samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar telst fjarlægð hennar frá bakka straumvatns, hvort sem girt er yfir allt það svæði eða eigi. Leiðari telst til fastrar veiðivélar. Nú rýrnar veiðiaðstaða vegna þessa ákvæðis. Þá skal þeim, er í missir, bætt að fullu samkvæmt mati það, sem er fram yfir 30%. Skaðabætur greiðast að ¾ úr ríkissjóði og að ¼ úr sýslusjóði eða sýslusjóðum viðkomandi héraða, og skal greiðslan skiptast á 25 ár. Mati skal ljúka svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en tveim árum eftir gildistöku laga þessara.

4. Nú hagar svo til, að styttra verður milli lagna tveggja veiðieigenda en leyfilegt er samkvæmt þessari grein, en hvorugur vill víkja, og skal mat skera úr ágreiningi. Þar sem föst veiðivél er sett, skal lögn vera löggilt af lögreglustjóra í samráði við veiðimálastjóra. Nánari ákvæði um löggildingu lagna getur ráðherra sett.

109. gr. hljóðar svo:
Um fjárhæð og greiðslu bóta eða endurgjald, er greinir í lögum þessum, fer eftir lögum um framkvæmd eignarnáms, sbr. þó 35. gr.

118. gr. hljóðar svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. október 1957, og eru jafnframt úr gildi numin:
Lög nr. 36 13. júní 1937, um klaksjóð, heimild fyrir ríkisstjórnina til að reisa klakstöðvar og til leigunáms í því skyni.
Lög nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.
Lög nr. 40 30. júní 1942, um breyting á lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.
Lög nr. 94 16. des. 1943, um breyting á lögum nr. 40 30. júní 1942, um breyting á lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.
Lög nr. 8 11. marz 1946, um breyting á lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.
Lög nr. 22 22. marz 1949, um breyting á lögum nr. 112 1941, um lax- og silungsveiði.
Lög nr. 98 18. des. 1950, um breyting á lögum nr. 40 1942, um breyting á lögum nr. 112 1941, um lax- og silungsveiði.
Lög nr. 101 23. des. 1952, um breyting á lögum nr. 112 1941, um lax- og silungsveiði.
Lög nr. 27 16. febr. 1953, um breyting á lögum nr. 36 13. júní 1937, um klaksjóð, heimild fyrir ríkisstjórnina til að reisa klakstöðvar og til leigunáms í því skyni.
Önnur ákvæði laga, er fara í bág við lög þessi.

Ed. 629. Frumvarp til laga [159. mál]

um skatt á stóreignir.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.
Á árinu 1957 skal leggja sérstakan skatt á eignir allra einstaklinga, sem skattskyldir eru samkvæmt 1. og 2. kafla laga nr. 46/1954, og skal skattálagningin miðuð við eignir þeirra hinn 31. des. 1956.

2. gr.
Mat á verðmæti eigna skal fara fram eftir ákvæðum laga nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt, og hrein eign skal ákveðin eins og þar segir með eftirtöldum breytingum:
1. Fasteignir skulu metnar með því verði, sem ákveðið er í nýja fasteignamatinu samkvæmt lögum nr. 33/1955, er gekk í gildi 1. maí 1957. Þó skal landsnefndin, sem starfaði samkvæmt lögum nr. 33/1955, endurskoða mat á lóðum og hækka matsverð á þeim lóðum, sem hún telur nauðsynlegt að hækka í mati, til þess að það sé í samræmi við matsverð á öðrum fasteignum, miðað við áætlað söluverð. Er nefndin þá ekki bundin af hámarksákvæði 6. gr. laga nr. 33/1955, og heimilt er að ákveða misjafnlega mikla hækkun á matsverðinu, eftir því sem rétt þykir. Nú er eigandi lóðar óánægður með mat landsnefndarinnar, og getur hann þá kært yfir því til nefndarinnar, en úrskurði hennar um kæruatriði má skjóta til yfirnefndar, er skipuð sé fimm mönnum. Fjórir þeirra séu kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi, en sá fimmti skipaður af hæstarétti og sé hann formaður nefndarinnar. Um kærufresti og kæruúrskurðun skal setja ákvæði í reglugerð.

Frá matsverði frystihúsa, sláturhúsa og annarra húseigna, sem notaðar eru fyrir vinnslustöðvar sjávarafurða og landbúnaðarafurða, skal draga 20% — tuttugu af hundraði.

Við matsverð fasteignanna, eins og það er ákveðið samkv. framansögðu, skal bæta 200% álagi.

Nú hvílir sú kvöð á fasteign, að eigi megi selja hana nema fyrir verð, sem er innan ákveðinna takmarka, og skal þá eignin talin með því hámarksverði, ef það er lægra en matsverð samkv. lögum þessum.

2. Fiskiskip skulu reiknuð með vátryggingarverði að frádregnum 40% — fjörutíu af hundraði. Önnur skip skulu talin með vátryggingarverði að frádregnum 25% — tuttugu og fimm af hundraði. Nú telur skipseigandi eða fjármálaráðuneytið, að matsverð skips sé í ósamræmi við mat á öðrum skipum, miðað við áætlað söluverð, og getur þá hvor framangreindra aðila krafizt endurmats til samræmingar. Mat þetta sé framkvæmt af þriggja manna nefnd, er sé þannig skipuð, að fjármálaráðherra tilnefni einn nefndarmann, Fiskifélag Íslands annan og hæstiréttur hinn þriðja.

Flugvélar teljast með vátryggingarverði að frádregnum 40% — fjörutíu af hundraði.

Um matsverð á vélum, áhöldum og öðru lausafé, sbr. c-lið 19. gr. laga nr. 46/1954, skulu settar sérstakar reglur. Er heimilt að ákveða þar álag á bókfært verð þeirra eigna (þ. e. kostnaðarverð að frádregnum lögleyfðum afskriftum), þó þannig, að matsverðið verði ekki hærra en það verð, sem ætla má að eignirnar séu seljanlegar fyrir.

3. Ógreiddur söluskattur vegna viðskipta 1956 og ógreidd slysatrygginga- og atvinnurekendaiðgjöld vegna ársins 1956, samkv. lögum um almannatryggingar, teljast með skuldum til frádráttar eignum. Sömuleiðis ógreidd gjöld til atvinnuleysistryggingasjóðs.

Yfirfærslugjald samkv. lögum nr. 86/1956, um útflutningssjóð o. fl., sem leggst á erlendar skuldir, er stofnað var til fyrir árslok 1956, telst með skuldum.

Fyrirframgreiðsla upp í arf á árinu 1956, að frádregnum greiddum erfðafjárskatti, leggst við eign þess, er greiðsluna innti af hendi, en dregst frá eign viðtakanda. Skal sá skattur, sem á þá eign kemur, innheimtur hjá arfleifanda, en viðtakandi eignar ber einnig ábyrgð á greiðslu hans. Ef eignarhluti í félagi hefur verið afhentur sem fyrirframgreiðsla upp í arf, skal þó sá skattur, sem á þá eign kemur, innheimtur hjá félaginu, sbr. 7. gr.

3. gr.

Ákvæði 3. kafla laga nr. 46/1954 um skattfrelsi sparifjár gilda við álagningu skatts samkvæmt lögum þessum, og ríkisskuldabréf og skuldabréf með ríkisábyrgð eru undanþegin skattinum eftir sömu reglum.

4. gr.

Hreinum eignum félaga, reiknuðum samkvæmt ákvæðum laga þessara, skal skipt niður á eigendur félaganna í réttu hlutfalli við hlutafjár- og stofnfjáreign þeirra hvers um sig, og teljast þær eignir með öðrum eignum einstaklinga við skattálagningu. Gildir þetta einnig um eignir félaga, sem njóta undanþágu frá skatti samkv. sérstökum lögum.

Með eignum félaga, sem skiptast samkvæmt framansögðu, telst ekki innstæðufé í sameignarsjóðum, sem samkvæmt landslögum er óheimilt að skipta milli félagsmanna við félagsslit, en á þá að afhendast því opinbera til varðveizlu, sbr. lög nr. 46/1937.

Eignum dánarbúa skal skipt niður á erfingja, samkvæmt reglum erfðalaga, við útreikning á skattskyldri eign. Nú skortir fullnægjandi greinargerð um, hvernig búi skuli skipt, og skal það þá skattlagt sem einstaklingur.

5. gr.

Skattur samkv. lögum þessum reiknast þannig: Af 1 milljón kr. hreinni eign hjá hverjum einstaklingi greiðist enginn skattur. Af 1—1½ millj. kr. eign greiðist 15% af því, sem er umfram 1 milljón kr. Af 1½—3 millj. kr. eign greiðist 75 þús. kr. af 1½ millj. og 20% af afgangi. Af 3 millj. kr. eign og þar yfir greiðist 375 þús. kr. af 3 millj. og 25% af afgangi.

6. gr.

Skatturinn skal greiðast í síðasta lagi 6 mánuðum eftir að skattupphæð var tilkynnt gjaldanda. Nú er skattur hærri en kr. 10 000.00, og er gjaldanda þá heimilt að greiða allt að 90% af því, sem þar er fram yfir, með skuldabréfum, er hann gefur út, en ríkisstjórnin ákveður form og texta skuldabréfanna. Andvirði bréfanna greiðist með jöfnum afborgunum á eigi lengri tíma en 10 árum og séu ársvextir af þeim 6%.

Til tryggingar greiðslu skuldabréfanna skal ríkissjóður fá veð í eign gjaldanda, og er eign veðhæf fyrir fjárhæð, sem samsvarar matsverði hennar til þessa skatts. Hlutabréf eru ekki veðhæf. Skipa skal nefnd eftir tilnefningu hæstaréttar, er hefur rétt til að ákveða, að niður falli kvöð á gjaldanda um veðsetningu, ef nefndin telur, að veðsetningin muni hindra eðlilegan atvinnurekstur gjaldanda.

7. gr.

Félög skulu annast greiðslu á þeim hluta skatts, sem lagður er á félagsmenn þeirra eða hluthafa vegna eigna í félögunum, þar með taldar hlutafjár- og stofnfjáreignir. Skal sá hluti skattsins innheimtur hjá félögunum. Slík útborgun frá félögum vegna félagsmanna eða hluthafa telst ekki skattskyld, hvorki sem arður til hluthafa né ráðstöfun á varasjóði. Félögin hafa rétt til þess að endurkrefja félagsmenn eða hluthafa um þær skattupphæðir, er þau þurfa að greiða vegna eigna þeirra í félögunum, en eigi sæti þeir lakari greiðslukjörum en ákveðin eru samkv. 6. gr. Samvinnufélögum er þó aðeins heimilt að endurkrefja félagsmenn um þann hluta af skatti, sem lagður hefur verið á séreignir þeirra í félögunum, þ. e. stofnsjóðsinnstæður þeirra. Ákvörðun félags um það, hvort nota skuli endurkröfuheimild samkvæmt þessari grein, skal tekin á aðalfundi þess. Nú krefur hlutafélag hluthafa um endurgreiðslu á þeim skatti, sem það varð að greiða hans vegna, og er honum þá heimilt að greiða félaginu með hlutafjáreign sinni í því, á verði, sem svarar til mats á eignum félagsins til þessa skatts. Nú eignast hlutafélag af þessum ástæðum meira en 10% af greiddu hlutafé, og er því það þá heimilt án þess að hafa áður fengið leyfi atvinnumálaráðherra samkvæmt ákvæðum 2. málsgr. 28. gr. laga nr. 77/1921.

Við útreikning á þeim hluta skatts, er félagi ber að greiða, skal fyrst finna, hvað einstaklingi ber að greiða af nettó-eign sinni, annarri en eign í félagi. Það, sem er umfram þá fjárhæð í skatti, skal greitt af félagi. Ef um fleiri en eitt félag er að ræða, skiptist skatthluti félaganna hlutfallslega milli þeirra eftir eign gjaldanda í þeim. Nú á félag eignarhlut í öðru félagi, og skal þá það félag greiða þann hluta skattsins, sem svarar til slíkrar eignarhlutdeildar, eftir hlutfallinu milli þess eignarhluta og heildareignar félagsins, að hlutafé eða stofnfé meðtöldu.

Dánarbú skal annast greiðslu á þeim hluta skatts, sem lagður er á eign arftaka í búinu samkv. síðustu málsgr. 4. gr., nema að því leyti sem um er að ræða skatt af eignarhluta í félagi, sem innheimtur er hjá því. Skattur, sem dánarbú borgar vegna arftaka, dregst frá arfahluta hans.

8. gr.

Skattur samkvæmt lögum þessum er ekki frádráttarbær frá tekjum við ákvörðun tekjuskatts skv. l. nr. 46/1954.

9. gr.

Skatti þeim, sem innheimtur verður samkvæmt lögum þessum, skal skipt þannig: ⅓ hluti renni til veðdeildar Búnaðarbanka Íslands og ⅔ hlutar til byggingarsjóðs ríkisins.

10. gr.

Skattur samkvæmt lögum þessum skal ákveðinn af skattstjóranum í Reykjavík, sem einnig úrskurðar kærur út af álagningu skattsins. Úrskurði skattstjóra má þó áfrýja til ríkisskattanefndar. Skattgreiðandi og fjármálaráðherra geta — hvor um sig — skotið úrskurði ríkisskattanefndar til dómstólanna, enda sé mál höfðað innan þess tíma, sem ákveðinn verður með reglugerð.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um álagningu skattsins, kærur út af honum, fresti, úrskurði og gjalddaga. Um framtöl og aðra skyldu til skýrslugjafar, innheimtu, lögtaksrétt, vangoldinn skatt, viðurlög og önnur þau atriði, sem ekki er sérstaklega kveðið á um í lögum þessum eða reglugerðum, settum samkvæmt þeim, fer eftir ákvæðum laga nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem við á.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 630. Frumvarp til laga [177. mál]

um breyting á lögum nr. 10 frá 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

1. grein laganna orðist svo:

Landsbanki Íslands er sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins, undir sérstakri stjórn. Á Norðurlandamálunum er heiti bankans Islands Nationalbank, á ensku The National Bank of Iceland og á öðrum tungumálum samsvarandi heiti.

Bankinn skiptist í tvær aðaldeildir, Seðlabanka Íslands og Viðskiptabanka, sem hvor um sig lýtur sérstakri stjórn. Falla veðdeild og stofnlánadeild sjávarútvegsins undir seðlabankann, en sparisjóðsdeild undir viðskiptabanka. Skal halda algerlega aðgreindum varasjóðum og öðrum eignum, útlánum, innlánum og reikningshaldi hverrar deildar fyrir sig (seðlabanka, veðdeild, stofnlánadeild og sparisjóðsdeild).

2. gr.

Á eftir 1. grein komi ný grein, er verði 2. grein laganna, svo hljóðandi:

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum Landsbanka Íslands. Til þess að taka lán erlendis án tryggingar í sjálfs sín eignum, sbr. 18. gr., þarf sérstaka lagaheimild í hvert sinn, að undanteknum lánum þeim, er ræðir um í lögum nr. 10 31. maí 1927, svo og lánum þeim, er koma kunna í stað þessara lána.

3. gr.

Á eftir 2. grein komi ný grein, er verði 3. gr., svo hljóðandi:

Yfirstjórn Landsbanka Íslands er í höndum ráðherra þess, sem fer með bankamál, og bankaráðs samkvæmt því, sem ákveðið er í lögum þessum. Stjórn seðlabankans skipa fimm menn, bankastjórar hans og þrír menn skipaðir af ríkisstjórninni eftir tillögum bankaráðs til fjögurra ára í senn. Framkvæmdastjórn seðlabankans er í höndum tveggja bankastjóra, aðalbankastjóra, er forseti Íslands skipar að fengnum tillögum bankaráðs, og bankastjóra, er bankaráð ræður. Forfallist aðalbankastjóri setur ríkisstjórnin mann til að gegna störfum hans á meðan. Forfallist hinn bankastjórinn eða einhver stjórnarmanna bankans, setur bankaráð menn í þeirra stað á meðan. Framkvæmdastjórn viðskiptabankans er í höndum þriggja bankastjóra, sem bankaráð ræður.

Um stjórn bankans fer að öðru leyti eftir því, sem nánar er ákveðið í V. kafla.

4. gr.

2. grein laganna, er verði 4. grein, orðist svo:

Landsbanki Íslands hefur heimili sitt, aðalskrifstofu og varnarþing í Reykjavík. Auk þess hefur viðskiptabanki Landsbankans útibú þar, sem framkvæmdastjórn og bankaráð ákveður að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar.

5. gr.

3., 4. og 5. grein laganna verða 5., 6. og 7. grein.

Tilvísun 5. greinar (7. gr.) í 24. grein breytist í 26. gr.

6. gr.

1. mgr. 6. gr., er verður 8. gr., orðist svo:

Seðlabankinn hefur einkarétt til að gefa út bankaseðla eða annan gjaldmiðil, sem komið geti í stað mótaðra peninga og getur gengið manna á milli í stað bankaseðla.

Í stað 266. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 í síðustu málsgrein 6. gr. komi: 150. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940.

7. gr.

7., 8. og 9. gr. verða 9., 10. og 11. gr.

Í stað orðsins „bankaráðið“ í c-lið 9. gr. (11. gr.) komi: stjórn seðlabankans.

8. gr.

10. og 11. gr. verða 12. og 13. gr.

Tilvísun 11. gr. (13. gr.) í 10. gr. verður í 12. gr.

9. gr.

Í stað orðanna „Bankaráð og framkvæmdarstjórar bera ábyrgð“ í 12. gr., sem verður 14. gr., komi: Stjórn seðlabankans ber ábyrgð.

10. gr.

Í stað orðanna „bankaráðs og framkvæmdastjórnar“ í 13. grein, sem verður 15. grein, komi: stjórnar seðlabankans.

11. gr.

Á eftir 13. grein laganna komi ný grein, er verður 16. grein, svo hljóðandi:

Seðlabankinn hefur með höndum kaup á erlendum gjaldeyri eða aðrir bankar í umboði hans. Enn fremur sölu gjaldeyris til viðskiptabanka sem stjórn seðlabankans ákveður, svo og til ríkissjóðs. Enn fremur framkvæmd greiðslusamninga við önnur ríki. Þá skal seðlabankinn hafa eftirlit með gjaldeyrisverzluninni samkvæmt því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð, sem ráðherra sá, sem fer með gjaldeyrismál, setur.

Stjórn seðlabankans ákveður, að höfðu samráði við ríkisstjórnina, eftir hvaða reglum seðlabankinn kaupir afurðavíxla af viðskiptabönkum sínum. Einnig er henni heimilt, að höfðu samráði við ríkisstjórn, að kveða á um vexti banka og sparisjóða, þ. á m. um hámarksvexti fyrir hverja einstaka tegund inn- og útlána sem og dráttarvexti og aðra þóknun. Einnig að ákveða, að bankar og sparisjóðir skuli eiga innstæður í seðlabankanum og þá hve miklar, enda skal stjórnum banka og sparisjóða skylt að veita seðlabankanum upplýsingar um starfsemi sína svo sem um innlán og útlán.

Nánari reglur varðandi þessa grein skal setja í reglugerð, þ. á m. um viðurlög, ef fyrirmælum stjórnar bankans er ekki hlýtt.

12. gr.

14., 15., 16., 17. og 18. grein verða 17., 18., 19., 20. og 21. grein.

Í stað orðsins „bankaráðs“ í 15. gr. (18. gr.) komi: stjórnar bankans.

13. gr.

Í stað orðanna „framkvæmdastjórn seðlabankans og bankaráðinu“ í 19. gr., sem verður 22. gr., komi: stjórn seðlabankans, og í stað „8. gr., 2. tölulið og 10 gr.“ komi: 10. gr., 2. tölulið og 12. gr.

14. gr.

Í stað orðanna „landsbankanefndin kýs til eins árs í senn“ í 21. gr. laganna, er verður 23. gr., komi: sameinað Alþingi kýs með hlutbundinni kosningu til tveggja ára í senn.

Í stað orðsins „bankaráðsins“ í sömu grein komi: stjórnar seðlabankans.

Við sömu grein bætist ný málsgrein, þannig:

Ráðherra úrskurðar reikninga bankans.

15. gr.

22. gr. verði 24. gr. og breytist greinatalan framvegis eftir því að V. kafla.

Tilvísun 24. gr. (26. gr.) í 5. gr. verði í 7. gr. og tilvísun 25. gr. (27. gr.) í 23. gr. verði í 25. gr.

Í stað orðsins „sparisjóðsstörf“ í 6. tölul. 28. gr. (30. gr.) komi: bankastörf.

Tilvísun 30. gr. (32. gr.) verði í 23.—25. gr.

16. gr.

33. og 34. gr. laganna falla niður.

17. gr.

35. gr. laganna orðist svo:

Bankaráð Landsbanka Íslands skal skipað 5 mönnum.

Formann bankaráðsins skipar ríkisstjórnin til 5 ára í senn. Hina fjóra kýs sameinað Alþingi hlutbundinni kosningu til 4 ára í senn. Formann bankaráðs má endurskipa og hina fjóra ráðsmennina má endurkjósa. Á sama hátt skal skipa varaformann og kjósa fjóra varamenn, einn fyrir hvern aðalmann, er taki sæti í bankaráðinu í forföllum formanns eða bankaráðsmanna. Ef formaður eða varaformaður fellur frá eða verður óhæfur til starfans áður en starfstími hans er á enda, skipar ríkisstjórnin nýjan varamann. Ef þingkjörinn bankaráðsmaður og varamaður forfallast á sama hátt áður en starfstími hans er á enda, kýs Alþingi annan mann í hans stað.

Engan má kjósa í bankaráð nema hann sé lögráða, hafi óflekkað mannorð og sé fjár síns ráðandi. Ef bankaráðsmaður missir þessi skilyrði áður en kjörtími hans er liðinn, hættir hann þegar störfum í ráðinu.

Bankaráðsmenn eða varamenn þeirra skulu vera búsettir í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sé auðvelt að sækja bankaráðsfundi hvenær sem er.

Ríkisstjórnin ákveður laun bankaráðsmanna.

Varamaður tekur laun í stað aðalmanns þann tíma, er hann starfar í bankaráðinu.

18. gr.

36. gr. laganna fellur niður, en 1. mgr. 37. gr. (verður 36. gr.) orðist svo:

Bankaráðið gerir tillögu um skipun aðalbankastjóra við seðlabanka Íslands og þriggja manna í stjórn bankans. Bankaráðið ræður og einn bankastjóra við seðlabankann og þrjá bankastjóra í framkvæmdastjórn viðskiptabankans. Skulu þeir ráðnir með 12 mánaða uppsagnarfresti, enda geti þeir sjálfir sagt upp stöð-

unni með sama fyrirvara. Þó getur bankaráðið vikið bankastjóra frá fyrirvaralaust, gegn því að greiða honum 6 mánaða laun, svo framarlega sem ekki er um slíkt afbrot að ræða af hálfu bankastjóra, sem heimili frávikningu hans án nokkurrar launagreiðslu. Enn fremur getur sá ráðherra, er fer með bankamál, vikið bankastjóra frá. Skal bankaráðið eða ráðherra þá skýra hinum frávikna bankastjóra skriflega frá ástæðum fyrir frávikningunni.

19. gr.

38., 39., 40. og 41. gr. laganna falla niður.

20. gr.

1. mgr. 42. gr. laganna, er verður 37. gr., orðist svo:

Formaður bankaráðsins hefur fyrir hönd ráðsins stöðugt eftirlit með starfsemi viðskiptabankans.

Tilvísun í 43. gr. í 2. mgr. verði í 39. gr.

Úr síðustu málsgrein falli niður orðin „um seðlaveltu, gullforða og“.

21. gr.

Á eftir 42. gr., er verður 37. gr., komi ný grein, sem verði 38. gr., svo hljóðandi:

Stjórn seðlabankans hefur á hendi æðstu stjórn hans, eftir nánari fyrirmælum í reglugerð. Hún kemur fram fyrir hönd seðlabankans gagnvart dómstólum, yfirvöldum og þriðja manni, og getur úrskurðað um öll meiri háttar mál, er bankann varðar. Hún ræður aðalféhirði seðlabankans og ákveður hve hátt veð hann skuli setja. Hún ákveður laun starfsmanna bankans, setur reglugerð um eftirlaun þeirra og úrskurðar um þau. Ríkisstjórnin ákveður laun bankastjóra seðlabankans og þóknun annarra stjórnarmanna hans.

Stjórn seðlabankans heldur fundi eftir þörfum. Enn fremur skal halda fund, ef einhver úr stjórninni óskar. Aðalbankastjóri boðar fundi og stjórnar þeim. Afl atkvæða ræður úrslitum á fundum.

22. gr.

Á 43. gr. laganna, sem verður 39. gr., eru eftirfarandi breytingar gerðar:

1. Stafliður a orðist svo:

   Að koma fram fyrir hönd viðskiptabankans gagnvart dómstólum, yfirvöldum og þriðja manni.

   Ráðið getur úrskurðað um öll mál viðskiptabankans, sem ekki er áskilið ráðherra að úrskurða um.
2. Stafliður c orðist svo:

   Að ákveða verkaskiptingu á milli bankastjóra viðskiptabankans og setja þeim erindisbréf.
3. Stafliður h orðist svo:

   Að ákveða ásamt framkvæmdastjórninni forvexti og útlánsvexti bankans, séu vextir ekki ákveðnir af stjórn seðlabankans, samkvæmt 16. gr.
4. Tilvísun í 44. gr. í staflið l. verði í 40. gr.
5. Stafliður m falli niður.
6. Stafliður n orðist svo:

   Að setja reglugerð um stjórn bankans og starfrækslu, er ráðherra staðfestir.

23. gr.

Í stað orðanna „framkvæmdastjórnin“ í 44. gr., er verður 40. gr., komi: framkvæmdastjórn viðskiptabankans.

Tilvísun 4. mgr. 44. gr. (40. gr) í 43. gr. verði í 39. gr.

24. gr.

45., 46. og 47. gr. verða 41., 42. og 43. gr.

Í stað orðanna „Framkvæmdastjórnin ræður“ í 45. gr. (41. gr.) komi: Framkvæmdastjórnir bankans ráða.

Í stað tilvísunar 45. gr. í 43. gr. kemur tilvísun í 39. gr.

Í stað tilvísunar 46. gr. (er verður 42. gr.) í 43. gr. komi tilvísun í 39. gr.

25. gr.

Í upphafi 48. gr. laganna, sem verður 44. gr., fellur niður orðið „landsbankanefnd“.

26. gr.

49., 50., 51., 52., 53., 54., 55., 56., 57., 58. og 59. gr. verða 45., 46., 47., 48., 49., 50., 51., 52., 53. og 54. gr.

27. gr.

VII. kafli laganna (62.—69. gr.) falli niður.

28. gr.

Lög þessi ganga þegar í gildi og falla þá jafnframt úr gildi lagaákvæði, er fara í bága við lög þessi. Þá er lög þessi hafa öðlazt staðfestingu forseta, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 10 frá 15. apríl 1928 og gefa þau út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða:

Ákvæði 7. gr. laganna gangi í gildi, þegar Alþingi ákveður. Þangað til getur ráðherra veitt bankanum undanþágu frá ákvæðum c-liðs 9. gr. laganna um, að bankinn skuli draga erlendar skuldir frá innstæðu þeirri, sem telst til gullforða, svo og því ákvæði, að erlendar innstæður megi ekki fara fram úr ¼ alls gullforðans.

Við gildistöku laga þessara fellur niður umboð núverandi bankaráðsmanna. Starfstímabil bankaráðsmanna og varamanna, sem kosnir eru af Alþingi í fyrsta sinn eftir samþykkt þessara laga, skal vera til ársloka 1961. Starfstímabil formanns og varaformanns, sem ríkisstjórnin skipar í fyrsta sinn samkv. lögum þessum, er til ársloka 1962. Hið nýkjörna bankaráð skal hlutast til um, að stjórn seðlabankans og framkvæmdastjórn viðskiptabankans verði komið í það horf, sem lög þessi gera ráð fyrir.

Nd. 631. Frumvarp til laga [178. mál]

um Útvegsbanka Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

I. KAFLI
Hlutverk og skipulag bankans.

1. gr.

Útvegsbanki Íslands er sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins, en lýtur sérstakri stjórn samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Hlutverk Útvegsbankans er að styðja sjávarútveg, iðnað og verzlun landsmanna og greiða fyrir fjármálaviðskiptum þeirra, er stunda þessar atvinnugreinar.

3. gr.

Útvegsbanki Íslands tekur við öllum réttindum og eignum, skuldum og ábyrgðum Útvegsbanka Íslands h/f og kemur að öllu leyti í hans stað. Leggur ríkissjóður Útvegsbankanum til sem stofnfé hreina eign hlutafélagsins Útvegsbanka Íslands, sbr. þó 35. gr., enda innleysir ríkissjóður hlutabréf þess samkv. VI. kafla laga þessara. Hættir þá Útvegsbanki Íslands h/f að vera til sem sjálfstæð stofnun, en rennur inn í Útvegsbanka Íslands, er tekur samkvæmt framansögðu við starfsemi hlutafélagsins og hlutverki.

4. gr.

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum Útvegsbanka Íslands. Til þess að taka lán erlendis, án tryggingar í sjálfs sín eignum, þarf bankinn sérstaka lagaheimild í hvert sinn.

5. gr.

Útvegsbanki Íslands hefur heimili sitt og varnarþing í Reykjavík. En auk þess getur bankinn haft útibú og umboðsskrifstofur, þar sem bankastjórn telur þörf á, að fengnu samþykki ráðherra. Núverandi útibú Útvegsbanka Íslands h/f skulu halda áfram starfsemi sinni sem útibú hins nýja banka, nema bankastjórn ákveði annað að fengnu samþykki ráðherra.

II. KAFLI
Um sparisjóðsdeild.

6. gr.

Sparisjóðsdeild bankans tekur við peningum sem innláni eða með sparisjóðskjörum.

7. gr.

Sparisjóðsdeildinni er heimilt í samræmi við tilgang bankans (sbr. 2. gr.):

1. Að kaupa og selja víxla, tékka og ávísanir.
2. Að kaupa og selja erlendan gjaldeyri. Skal bankinn njóta að öllu leyti sömu réttinda og kjara í þessu efni sem viðskiptabanki Landsbankans.
3. Að veita lán gegn ábyrgð bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga, að áskildu lögmæltu samþykki æðri stjórnarvalda.
4. Að veita lán gegn veði eða sjálfskuldarábyrgð.
5. Að kaupa og selja skuldabréf ríkis, bæjar- og sveitarfélaga og önnur trygg og auðseljanleg verðbréf. Hlutabréf má sparisjóðsdeildin ekki kaupa eða selja nema í umboði annarra.
6. Að annast að öðru leyti venjuleg bankastörf.

8. gr.

Sparisjóðsdeild skal eiga að minnsta kosti 15% af innlánsfé með sparisjóðskjörum í tryggum og auðseldum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum, verðbréfum Landsbanka Íslands, Búnaðarbanka Íslands, Framkvæmdabanka Íslands eða öðrum verðbréfum, er bankastjórn og ráðherra telja jafntrygg. Verðbréfaeign þessa skal hækka, ef ráðherra, að fengnum tillögum bankaráðs, telur þess þörf. Í stað verðbréfa má koma inneign í seðlabanka Íslands.

9. gr.

Tekjuafgangi bankans ráðstafar bankaráð að fengnum tillögum framkvæmdastjórnar. Ber bankinn töp þau, sem deildin kann að verða fyrir og eigi verða greidd af árstekjum hennar.

10. gr.

Sparisjóðsdeildin nýtur allra hlunninda og lýtur öllum ákvæðum hinnar almennu löggjafar um sparisjóði, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum, eða almennum bankalögum, ef sett kunna að verða.

III. KAFLI
Um fiskveiðasjóð Íslands.

11. gr.

Fiskveiðasjóður Íslands skal vera sérstök deild í Útvegsbankanum með aðskildum fjárhag og bókhaldi. Um Fiskveiðasjóð fer að öðru leyti eftir þeim sérstöku lögum og reglugerðum, sem um hann gilda.

12. gr.

Fiskveiðasjóður tekur þátt í sameiginlegum kostnaði við stjórn bankans eftir ákvörðun bankaráðs.

IV. KAFLI
Stjórn bankans, reikningsskil o. fl.

13. gr.

Yfirstjórn bankans er í höndum bankaráðs og ráðherra þess, er fer með bankamál. Stjórn bankans að öðru leyti annast framkvæmdastjórn, skipuð þrem mönnum.

14. gr.

Bankaráð skal skipað fimm mönnum. Formann bankaráðsins skipar ráðherra til 5 ára í senn, svo og varaformann. Hina fjóra bankaráðsmennina kýs sameinað Alþingi hlutbundinni kosningu til 4 ára í senn, svo og fjóra varamenn til jafnlangs tíma.

Bankaráðsformann má endurskipa og bankaráðsmenn má endurkjósa.

Ef formaður eða varaformaður fellur frá, eða verður óhæfur til starfans áður en starfstími hans er á enda, skipar ráðherra nýjan varamann. Ef þingkjörinn bankaráðsmaður fellur frá eða verður óhæfur til starfans áður en starfstíma lýkur, kýs þingið mann í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtímans.

Bankaráðsmenn eða varamenn þeirra skulu vera búsettir í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sé auðvelt að sækja bankaráðsfundi hvenær sem er.

Ríkisstjórnin ákveður laun bankaráðsmanna.

Varamaður tekur laun í stað aðalmanns þann tíma, er hann starfar í bankaráðinu.

15. gr.

Engan má kjósa í bankaráð, nema hann sé lögráða, hafi óflekkað mannorð og sé fjár síns ráðandi. Ef bankaráðsmaður missir þessi skilyrði áður en kjörtími hans er á enda, hættir hann þegar störfum í ráðinu.

16. gr.

Bankaráð ræður þrjá bankastjóra og eru þeir framkvæmdarstjórn bankans. Laun bankastjóra skulu ákveðin af bankaráði með samþykki ráðherra, en aldrei mega þau vera hærri en laun bankastjóra við Landsbanka Íslands. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur skal vera tólf mánuðir. Þó getur bankaráð vikið bankastjóra frá fyrirvaralaust, en þá skulu honum greidd sex mánaða laun, svo framarlega sem ekki er um slíkt afbrot að ræða af hálfu bankastjóra, sem heimili frávikningu hans án nokkurrar launagreiðslu. Enn fremur getur sá ráðherra, sem fer með bankamál, vikið bankastjóra frá.

Uppsögn skal jafnan vera skrifleg og greindar ástæður.

Bankaráð setur bankastjórunum erindisbréf.

Bankaráð getur veitt fráförnum bankastjóra eða ekkju hans eftirlaun af fé bankans. Eftirlaun mega þó aldrei vera hærri en þeir starfsmenn bankans fá hæst, sem eftirlauna njóta úr eftirlaunasjóði starfsmanna bankans.

Ákvæði þessi um hámark eftirlauna skulu þó eigi gilda um núverandi bankastjóra, er þeir hætta störfum, hafi þeir starfað sem bankastjórar 15 ár eða lengur.

Bankaráðið getur einnig veitt fráförnum aðalbókara og aðalféhirði og ekkjum þeirra eftirlaun af fé bankans eftir sömu reglum.

17. gr.

Bankaráð skal halda reglulega fundi tvisvar í hverjum mánuði. Aukafund skal halda, er formaður eða framkvæmdarstjórn telur þess þörf, eða meiri hluti bankaráðsmanna krefst þess.

Bankaráðsfundir eru lögmætir, ef þrír ráðsmenn eru á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum bankaráðs, nema á annan veg sé mælt í lögum eða reglugerð. Séu atkvæði jöfn, sker atkvæði formanns úr.

Bankastjórar eiga rétt á að vera á fundum bankaráðs.

18. gr.

Bankaráð hefur æðsta vald í öllum málefnum bankans, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum eða reglugerð, og kemur fram fyrir bankans hönd gagnvart dómstólum, yfirvöldum og þriðja manni. Bankaráðið hefur eftirlit og umsjón með eignum bankans og starfsemi hans.

Bankaráð ræður aðalféhirði og aðalbókara bankans og stjórnendur útibúa hans og ákveður laun þeirra og annarra starfsmanna hans.

Formaður bankaráðs hefur fyrir hönd ráðsins daglegt eftirlit í bankanum. Auk þess skulu hinir bankaráðsmennirnir skiptast á um hið daglega eftirlit, ásamt formanni. Hefur hver einstakur bankaráðsmaður aðgang að öllum bókum og skjölum bankans til eftirlits, enda hvílir á honum fullkomin þagnarskylda.

Nánari ákvæði um afskipti bankaráðsins af bankarekstrinum skulu sett í reglugerð.

19. gr.

Framkvæmdarstjórnin hefur æðstu stjórn allrar daglegrar starfsemi bankans eftir nánari fyrirmælum reglugerðar bankans og bankaráðs.

Framkvæmdarstjórnin ráðstafar fé bankans og stendur fyrir rekstri hans. Henni ber að sjá um, að bankareksturinn sé í öllum greinum samkvæmt lögum þessum og reglugerð bankans.

Framkvæmdarstjórnin ræður starfsmenn bankans, aðra en þá, sem bankaráðinu er falið sérstaklega að ráða, og segir þeim upp.

Framkvæmdarstjórnin heldur fundi á hverjum starfsdegi, ef málefni liggja fyrir til úrlausnar.

Undirskrift tveggja bankastjóra þarf til að skuldbinda bankann, ef gefa skal út eða framselja víxla, önnur verðbréf eða skriflegar skuldbindingar. Þó er bankaráðinu heimilt að veita tilteknum starfsmönnum bankans umboð til að skuldbinda bankann í þessum efnum með undirskrift sinni ásamt einum bankastjóra, svo og að veita ákveðnum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann með undirskrift sinni í tilteknum málefnum. Í reglugerð má setja ákvæði um tilteknar skuldbindingar, þannig að þær undirriti tveir bankastjórar, og eigi aðrir, svo að gilt sé.

20. gr.

Kvittanir bankans eru því aðeins fullgildar, að féhirðir hafi ritað undir þær og að þeim fylgi jafnframt áritun bókara um, að þær hafi verið athugaðar. Féhirðir

má eigi greiða neina fjárhæð úr bankanum, sem samþykki bankastjórnar þarf til, nema með samþykki tveggja bankastjóra, eða eins bankastjóra og starfsmanns, sem umboð hefur samkvæmt 19. gr.

21. gr.

Ekki mega bankastjórar hafa embættisstörf á hendi, ekki reka sjálfir atvinnu og ekki vera í stjórn atvinnufyrirtækja.

Eigi mega bankastjórar né aðrir starfsmenn bankans hafa skuldaviðskipti við bankann, hvorki sem skuldunautar né ábyrgðarmenn.

Bankaráðsmenn mega ekki hafa milligöngu um lántöku annarra í bankanum.

22. gr.

Bankaráð, bankastjórar og allir starfsmenn bankans eru bundnir þagnarskyldu um allt það, er snertir hagi viðskiptamanna bankans, sem þeir fá vitneskju um vegna starfsemi sinnar við bankann.

23. gr.

Alþingi kýs tvo endurskoðendur bankans til tveggja ára í senn. Skulu þeir hafa stöðugt eftirlit með rekstri bankans, rannsaka reikninga hans í hverju einstöku atriði, bera þá saman við bækur bankans og kanna verðbréfaeign og sjóð.

Endurskoðendur gefa skýrslu til bankaráðs og stjórnarráðs, er fylgja skal ársreikningum bankans, svo og endranær þegar þeim þykir ástæða til. Árslaun endurskoðenda skulu ákveðin í reglugerð.

24. gr.

Bankastjórnin skal á hverju miðju reikningsári gefa ráðherra stutt yfirlit yfir hag bankans, er birta skal í B-deild Stjórnartíðinda. Við árslok skal senda ráðherra endurskoðaðan ársreikning bankans ásamt skýrslu um hag hans og starfsemi á árinu. Ráðherra úrskurðar ársreikninginn, og skal því næst birta útdrátt úr honum í B-deild Stjórnartíðinda.

V. KAFLI

Sérréttindi bankans.

25. gr.

Útvegsbanki Íslands er að öllu leyti hliðstæð stofnun viðskiptabanka Landsbanka Íslands, nýtur sömu réttinda og gegnir sömu skyldum og hann, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum.

Bankinn er undanþeginn tekjuskatti og útsvari og öðrum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast, til ríkissjóðs eða sveitarsjóða eða til annarra stofnana.

Bækur bankans, ávísanir, skuldbindingar, sem gefnar eru út af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, er veita bankanum handveðsrétt, arðmiðar af skuldabréfum bankans og framsöl þeirra skulu undanþegin stimpilgjaldi.

26. gr.

Fé það, sem lagt hefur verið í bankann, ásamt vöxtum þess, er undanþegið kyrrsetningu, meðan það stendur þar.

27. gr.

Nú er fasteign seld á nauðungaruppboði, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin er veðsett Útvegsbankanum, og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal bankanum eða útibúi því, er í hlut á, gert viðvart svo tímanlega, að hægt sé að mæta eða láta mæta við uppboðið.

28. gr.

Bankinn hefur rétt til að láta starfsmenn sína selja verðbréf og annað, sem hann hefur fengið að handveði, við uppboð á hverjum þeim stað, er þykir til þess fallinn, en aðvara skal hann veðsala um þetta í votta viðurvist með 8 daga fyrirvara. Nú er veðsali ókunnur eða ókunnugt um heimili hans, og skal þá bankinn stefna hlutaðeiganda með 14 daga fyrirvara til að leysa veðið með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu.

29. gr.

Glatist viðtökuskírteini, er bankinn hefur gefið út fyrir handveði eða geymslufé eða innláni, eða viðskiptabók fyrir sparisjóðsinnlagi eða öðrum innlögum, getur framkvæmdarstjórn bankans stefnt til sín handhafa þessa viðtökuskírteinis eða viðskiptabókar með 6 mánaða fyrirvara, og birt stefnuna þrisvar sinnum í Lögbirtingablaðinu, og ef enginn hefur sagt til sín áður en fyrirvarinn er liðinn, getur hún greitt þeim manni upphæðina, sem fengið hefur viðtökuskírteinið eða viðskiptabókina, án þess að nokkur annar, er viðtökuskírteinið eða viðskiptabókin kann að hafa verið framseld, geti þar fyrir gert kröfu á hendur bankanum.

30. gr.

Bankinn nýtur að öðru leyti sömu sérréttinda og friðinda og talin eru í 50.—59. gr. laga nr. 10/1928, um Landsbanka Íslands.

VI. KAFLI
Um Útvegsbanka Íslands h/f.

31. gr.

Ríkisstjórnin tekur eignarnámi hlutabréf þau í Útvegsbanka Íslands h/f, sem eru í einkaeign. Kemur eignarnámið til framkvæmda þegar við gildistöku laga þessara.

32. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, falla hlutabréf Útvegsbanka Íslands h/f úr gildi sem hlutabréf. Eigendur hlutabréfa geta þá þegar í stað framvísað bréfum og krafizt bóta samkvæmt mati. Skal verð bréfanna metið af þriggja manna nefnd, er hæstiréttur nefnir. Skulu tveir nefndarmanna vera sérfróðir um bankamál. Þriðji maðurinn skal vera lögfræðingur og sé hann formaður nefndarinnar. Nefndin skal miða mat sitt við sannvirði hlutabréfanna við gildistöku laganna og veita eigendum bréfanna rétt til að gæta hagsmuna sinna við matið.

33. gr.

Úrskurðir matsnefndarinnar eru fullnaðarúrskurðir um bætur til handa hlut-höfum vegna eignarnáms hlutabréfanna og er hluthöfum skylt að afhenda bréf sín gegn greiðslu matsverðsins auk 7% ársvaxta af matsverðinu frá gildistöku laganna til greiðsludags.

34. gr.

Matsnefndin hefur heimild til að stefna eigendum hlutabréfa fyrir sig með opinberri innköllun í Lögbirtingablaði, er birt sé þrisvar sinnum. Gefi einhverjir eigendur sig ekki fram innan 4 vikna frá birtingu síðustu innköllunar að telja, falla kröfur til endurgjalds fyrir hlutabréfin niður. Gefi þeir sig fram innan fjögurra ára og sanni eignarheimild sína, er þó heimilt að greiða þeim andvirði bréfa.

35. gr.

Ríkissjóður greiðir andvirði bréfanna, en bankinn endurgreiðir það síðan af eigin fé sínu.

36. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, leggst Útvegsbanki Íslands h/f niður og hættir störfum að fullu og öllu, en Útvegsbanki Íslands tekur þá við starfsemi hlutafélagsins og öllum eignum þess og skuldbindingum hverju nafni sem nefnast. Eftir að hlutafélagið er hætt störfum, er öllum, sem eiga eitthvert tilkall eða kröfur á hendur því, skylt að snúa sér með þær til Útvegsbanka Íslands. Kemur hann eftir það í öllum greinum í stað Útvegsbanka Íslands h/f.

37. gr.

Útvegsbanki Íslands tekur við öllum réttindum og skyldum gagnvart starfsfólki og framkvæmdarstjórn Útvegsbanka Íslands h/f, er hlutafélagið hættir störfum.

38. gr.

Allar bækur og skjöl Útvegsbanka Íslands h/f skulu renna til Útvegsbanka Íslands.

VII. KAFLI

Niðurlagsákvæði.

39. gr.

Umboð fulltrúaráðs og framkvæmdarstjórnar Útvegsbanka Íslands h/f fellur niður um leið og hlutafélagið hættir störfum, en fráfarandi bankastjórar eiga sama rétt á hendur hinum nýja banka, sbr. 37. gr., sem þeir hefðu átt á hendur Útvegsbanka Íslands h/f, ef stöður þeirra hefðu verið lagðar niður.

40. gr.

Í reglugerð, er bankaráð semur og ráðherra staðfestir, skulu sett nánari ákvæði um stjórn og starfrækslu bankans. Má setja þar þau fyrirmæli um starfsemi hans, sem nauðsynleg þykja, þótt ekki sé gert sérstaklega ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda fari þau ekki í bág við nein ákvæði í lögunum.

41. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 7 frá 11. marz 1930, um Útvegsbanka Íslands h/f, l. nr. 10 12. febr. 1940, l. nr. 107 27. des. 1952, bæði um breyt. á þeim l., og l. nr. 4 25. febr. 1932, um ríkisábyrgð á innstæðufé Útvegsbanka Íslands h/f.

Ákvæði til bráðabirgða:

Starfstímabil bankaráðsmanna og varamanna, sem kosnir eru af Alþingi í fyrsta sinn eftir samþykkt þessara laga, skal vera til ársloka 1961. Starfstímabil formanns og varaformanns, sem ríkisstjórnin skipar í fyrsta sinn samkvæmt lögum þessum, er til ársloka 1962.

Hið nýkjörna bankaráð tekur við yfirstjórn bankans, um leið og hann tekur til starfa sem sérstök ríkisstofnun.

Nd. 632. Frumvarp til laga [179. mál]

um breyting á lögum nr. 17 frá 10. febr. 1953, um Framkvæmdabanka Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Til viðbótar því, er greinir í 9. gr. laganna, sbr. og 1. gr. laga nr. 39/1954, er ríkissjóði heimilt að ábyrgjast erlend lán og skuldbindingar fyrir bankann að fjárhæð allt að 150 milljónir króna.

2. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Í bankaráði Framkvæmdabankans eiga sæti fimm menn. Skulu fjórir þeirra kjörnir hlutbundinni kosningu af Alþingi til sex ára í senn. Fimmta manninn skipar fjármálaráðherra til jafnlangs tíma og er hann formaður bankaráðsins. Á sama hátt skal kjósa og skipa varamenn, einn fyrir hvern aðalmann.

Fjármálaráðherra ákveður þóknun til bankaráðsmanna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara falla niður umboð núverandi bankaráðsmanna. Starfstímabil bankaráðsmanna og varamanna, sem kosnir eru af Alþingi og skipaðir af fjármálaráðherra í fyrsta sinn eftir samþykkt þessara laga, skal vera til ársloka 1963.

Ed. 633. Breytingartillaga [175. mál]

við frv. til l. um vísindasjóð.

Frá menntamálaráðherra.

Við 5. gr. B-liður orðist svo:

Stjórn hugvísindadeildar er skipuð fimm mönnum. Skal einn tilnefndur af heimspekideild Háskóla Íslands, einn af laga- og hagfræðideild Háskóla Íslands, einn af Félagi íslenzkra fræða og einn af fundi fulltrúa frá vísindastofnunum og félögum, sem fást við rannsóknir á sviði hugvísinda. Menntamálaráðherra boðar til fundarins, og skal ákveðið í reglugerð, hverja þangað skuli boða.

Nd. 634. Frumvarp til laga [175. mál]

um vísindasjóð.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

I. KAFLI

Stofnun og verksvið vísindasjóðs.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist vísindasjóður. Tekjur sjóðsins eru árlegt framlag úr menningarsjóði, a. m. k. 800 þús. kr. A. m. k. 5% af árlegum peningatekjum visindasjóðs skulu lögð í sérstakan sjóð, er nefnist stofndeild vísindasjóðs. Höfuðstól stofndeildar má aldrei skerða, en heimilt er að verja vöxtum af fé stofndeildar til almennrar starfsemi sjóðsins.

2. gr.

Það er hlutverk vísindasjóðs að efla íslenzkar vísindarannsóknir.

Í þessum tilgangi styrkir sjóðurinn:

a. Einstaklinga eða vísindastofnanir vegna tiltekinna rannsóknaverkefna.
b. Kandídata til vísindalegs sérnáms og þjálfunar.
c. Rannsóknastofnanir til kaupa á tækjum, ritum eða rannsóknaefnum.

II. KAFLI
Skipulag og stjórn vísindasjóðs.

3. gr.

Vísindasjóður greinist í tvær deildir, raunvísindadeild og hugvísindadeild. Raunvísindadeild annast styrkveitingar til rannsókna á sviði náttúruvísinda, þar með taldar eðlisfræði og kjarnorkuvísindi, efnafræði, stærðfræði, læknisfræði, líffræði, lífeðlisfræði, jarðfræði, dýrafræði, grasafræði, búvísindi, fiskifræði, verkfræði og tæknifræði.

Hugvísindadeild annast styrkveitingar á sviði sagnfræði, bókmennta, málvísinda, félagsfræði, lögfræði, hagfræði, heimspeki, guðfræði, sálfræði og uppeldisfræði.

4. gr.

Stjórn vísindasjóðs skal skipuð 5 mönnum. Skulu 4 þeirra ásamt jafnmörgum varamönnum kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi á fyrsta þingi eftir hverjar alþingiskosningar, en formaður og varaformaður skulu skipaðir af menntamálaráðherra.

Stjórn vísindasjóðs er í fyrirsvari fyrir sjóðinn gagnvart stjórnarvöldum og öðrum aðilum og sér um fjárvörzlu sjóðsins. Hún ákveður einnig, hvernig skipta skuli fjárframlagi til vísindasjóðs á milli deilda hans, og setur, að höfðu samráði við menntamálaráðherra, reglur um verkefnaval og styrkveitingar úr sjóðnum, en deildarstjórnirnar úthluta síðan fénu til einstakra verkefna og framkvæmda, sbr. 6. gr.

Stjórn vísindasjóðs skal vera ólaunuð.

5. gr.

Menntamálaráðherra skipar deildarstjórnir til fjögurra ára samkvæmt því sem hér segir:

a. Stjórn raunvísindadeildar er skipuð fimm mönnum. Skal einn tilnefndur af rannsóknaráði ríkisins, einn af læknadeild Háskóla Íslands, einn af verkfræðideild Háskóla Íslands og einn af fundi fulltrúa frá vísindastofnunum, sem fást við rannsóknir á sviði raunvísinda. Menntamálaráðherra boðar til fundarins, og skal ákveðið í reglugerð, hverja þangað skuli boða.
b. Stjórn hugvísindadeildar er skipuð fimm mönnum. Skal einn tilnefndur af heimspekideild Háskóla Íslands, einn af laga- og hagfræðideild Háskóla Íslands, einn af Félagi íslenzkra fræða og einn af fundi fulltrúa frá vísindastofnunum og félögum, sem fást við rannsóknir á sviði hugvísinda. Menntamálaráðherra boðar til fundarins, og skal ákveðið í reglugerð, hverja þangað skuli boða.
c. Menntamálaráðherra skipar formenn deildarstjórna án tilnefningar.
d. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.

6. gr.

Deildarstjórnir úthluta styrkjum hvor úr sínum hluta vísindasjóðs og hafa eftirlit með því, að þeim sé varið í samræmi við það, sem áskilið var, er þeir voru veittir. Styrkur er að jafnaði ekki veittur nema eftir umsókn. Stjórn deildar getur þó boðið vísindamanni eða forráðamanni rannsóknastofnunar fjárstyrk til ákveðinna rannsókna. Styrkur er veittur til eins árs í senn, en heimilt er að endurveita hann.

Stjórn deildar getur átt frumkvæði að rannsóknum á tilteknum efnum og skipulagt þær.

7. gr.

Menntamálaráðuneytið getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, að fengnum tillögum stjórnar vísindasjóðs.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 635. Breytingartillögur [160. mál]

við frv. til laga um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

1. Við 1. gr., 3. mgr. Orðin „Skal hann eigi hafa atkvæðisrétt um lánveitingar“ falli niður.
2. Við 2. gr.
   a. 8. töluliður orðist svo:
      Að koma á fót byggingarmiðstöð í samvinnu við framleiðendur og innflytjendur byggingarefna, þar sem sé sýning á byggingarefnum, húshlutum og íbúðateikningum og almenn leiðbeiningarstarfsemi fyrir húsbyggjendur fari fram.
   b. Næsta málsgrein á eftir 12. tölulið falli brott.
      Til vara:
      a. Í stað orðsins „skylt“ á tveim stöðum í þeirri málsgrein komi: rétt:
      b. Orðin „ef með þarf með eignarnámi, og fer um eignarnám samkvæmt lögum nr. 61 frá 1917“ falli niður.
   c. Í stað næstsíðustu málsgreinar komi 3 nýjar málsgreinar, er orðist svo:
      Setja skal á fót tækniráð húsnæðismálastjórnar, er sé skipað fulltrúum frá eftirtöldum aðilum: húsnæðismálastjórn, iðnaðardeild atvinnudeildar háskólans, húsameistara ríkisins, Iðnaðarmálastofnun Íslands, skipulagsstjóra ríkisins, teiknistofu landbúnaðarins, Landssambandi iðnaðarmanna, Félagi íslenzkra iðnrekenda, byggingarvörudeild Sambands ísl. samvinnufélaga og Félagi ísl. byggingarefnakaupmanna.
      Verkefni tækniráðs er að vera húsnæðismálastjórn til ráðgjafar í tæknimálum og eiga frumkvæði að tillögum, er til umbóta og framfara horfa í byggingarmálum, og leggja fyrir húsnæðismálastjórn til ákvörðunar.
      Félagsmálaráðherra ákveður þóknun til meðlima tækniráðs og setur reglugerð um starfsemi þess að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar.
3. Við 6. gr.
   a. Upphaf A-liðs orðist svo:
      Lánin veitast aðeins til byggingar nýrra íbúða, meiri háttar viðbygginga, gagngerðra endurbóta gamalla húsa eða kaupa á nýjum íbúðum. Þau skulu greidd lántakendum í peningum, en heimilt er þó að greiða lánin í bankavaxtabréfum, ef lántakandi er því samþykkur.
   b. Í stað „100 þúsund krónur“ í B-lið komi: 120 þúsund krónur.
   c. Niðurlagsmálsliðurinn í fyrri málsgr. G-liðar falli brott.
   d. Svo hljóðandi málsl. bætist við seinustu málsgr.:
      Þó skal sveitarstjórnum utan Reykjavíkur og næsta nágrennis heimilt að veita slík leyfi.

4. Í stað 9. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Setja skal á stofn undir yfirstjórn húsnæðismálastjórnar og veðdeildar Landsbanka Íslands sérstakt form spariinnlána í bönkum og sparisjóðum, er nefnist húsinnlán.
   Húsinnlán skulu vera samningsbundin spariinnlán einstaklinga, er leggja inn fé af atvinnutekjum sínum, minnst 5 þús. kr. á ári í að minnsta kosti 5 ár.
   Húsinnlán skulu bera 1% hærri ársvexti en almennir sparisjóðsvextir Landsbanka Íslands eru á hverjum tíma, og skal það fé, sem sparað er á þennan hátt, vera undanþegið tekjuskatti og útsvari, þó ekki yfir 5 þús. kr. á ári.
   Bankar og sparisjóðir skulu skyldir að taka við peningum til húsinnlána. Það fé, sem innborgast til húsinnlána, skal ganga til kaupa á A-bankavaxtabréfum hins almenna veðlánakerfis.
   Húsinnlán skulu færð á sérstakan reikning lánastofnana, og skulu þær gefa húsnæðismálastjórn skýrslu um þau.
   Húsinnlán fást útborguð að minnst 5 árum liðnum frá því, að innlög hófust. Öðlast þá eigendur þeirra rétt til að fá íbúðarlán hjá byggingarsjóði ríkisins, allt að 25% hærra en venjulegt lánshámark er, þó aldrei yfir ⅔ hluta af matsverði viðkomandi íbúðar, og skylt er að láta þá sitja fyrir um lán.
   Um framkvæmd þessarar greinar fer að öðru leyti eftir því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð um húsinnlán, er félagsmálaráðherra skal setja að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar og veðdeildar Landsbanka Íslands.
5. 10. gr. falli niður.
   Til vara:
   Upphaf 10 gr. orðist svo:
   Þeim einstaklingum á aldrinum 16—25 ára, sem hafa 30000 kr. eða meira í skattskyldar tekjur, skal skylt o. s. frv.
6. 11. gr. falli niður.
7. 12. gr. falli niður.
8. Niðurlag 16. gr. falli niður.
9. Í stað „24 krónum“ og „36 krónum“ í a-lið 17. gr. komi: 18 krónum og 24 krónum.

Nd. 636. Breytingartillaga [177. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 frá 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 21. gr. Við fyrri efnismálsgrein greinarinnar bætist nýr málsliður, þannig:
Eigi er bankastjórum seðlabankans eða öðrum í stjórn hans heimilt að vera í stjórn annarrar peningastofnunar.

Nd. 637. Breytingartillögur [178. mál]

við frv. til laga um Útvegsbanka Íslands.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 16. gr.
   a. Á undan orðinu „hærri“ í 4. málsgr. komi: hlutfallslega.
   b. Síðasta málsgrein orðist svo:
      Bankaráðið getur einnig veitt fráförnum aðalbókara, aðalféhirði og útibússtjórum, og ekkjum þeirra, eftirlaun af fé bankans eftir sömu reglum, telji það þá fá óeðlilega lág eftirlaun úr eftirlaunasjóðnum.

2. Við 18. gr. Fyrstu tveir málsl. 3. málsgr. orðist svo:
Formaður bankaráðs hefur fyrir hönd ráðsins stöðugt eftirlit í bankanum. Hinir bankaráðsmennirnir skulu skiptast á um eftirlit, ásamt formanni.

Nd. 638. Lög [160. mál]

um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 24. maí.)

Samhljóða þskj. 565.

Nd. 639. Nefndarálit [146. mál]

um frv. til laga um heilsuvernd í skólum.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með því óbreyttu. Einn nefndarmanna (KJJ) var fjarverandi.

Alþingi, 24. maí 1957.

Ólafur Jóhannesson, form. Gunnar Jóhannsson, fundaskr., frsm. Ragnhildur Helgadóttir.
Benedikt Gröndal.

Ed. 640. Nefndarálit [51. mál]

um frv. til laga um búfjárrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og leggur einróma til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 24. maí 1957.

Páll Zóphóníasson, form., frsm. Sigurvin Einarsson, fundaskr. Finnbogi R. Valdimarsson.
Sigurður Ó. Ólafsson. Friðjón Þórðarson.

Nd. 641. Breytingartillaga [177. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 frá 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 20. gr. Við 1. efnismálsgrein greinarinnar bætist:
Hinir bankaráðsmennirnir skulu skiptast á um eftirlit, ásamt formanni.

Ed. 642. Frumvarp til laga [177. mál]

um breyting á lögum nr. 10 frá 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

1. grein laganna orðist svo:

Landsbanki Íslands er sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins, undir sérstakri stjórn. Á Norðurlandamálunum er heiti bankans Islands Nationalbank, á ensku The National Bank of Iceland og á öðrum tungumálum samsvarandi heiti.

Bankinn skiptist í tvær aðaldeildir, Seðlabanka Íslands og Viðskiptabanka, sem hvor um sig lýtur sérstakri stjórn. Falla veðdeild og stofnlánadeild sjávarútvegsins undir seðlabankann, en sparisjóðsdeild undir viðskiptabanka. Skal halda algerlega aðgreindum varasjóðum og öðrum eignum, útlánum, innlánum og reikningshaldi hverrar deildar fyrir sig (seðlabanka, veðdeild, stofnlánadeild og sparisjóðsdeild).

2. gr.

Á eftir 1. grein komi ný grein, er verði 2. grein laganna, svo hljóðandi:

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum Landsbanka Íslands. Til þess að taka lán erlendis án tryggingar í sjálfs sín eignum, sbr. 18. gr., þarf sérstaka lagaheimild í hvert sinn, að undanteknum lánum þeim, er ræðir um í lögum nr. 10 31. maí 1927, svo og lánum þeim, er koma kunna í stað þessara lána.

3. gr.

Á eftir 2. grein komi ný grein, er verði 3. gr., svo hljóðandi:

Yfirstjórn Landsbanka Íslands er í höndum ráðherra þess, sem fer með bankamál, og bankaráðs samkvæmt því, sem ákveðið er í lögum þessum. Stjórn seðlabankans skipa fimm menn, bankastjórar hans og þrír menn skipaðir af ríkisstjórninni eftir tillögum bankaráðs til fjögurra ára í senn. Framkvæmdastjórn seðlabankans er í höndum tveggja bankastjóra, aðalbankastjóra, er forseti Íslands skipar að fengnum tillögum bankaráðs, og bankastjóra, er bankaráð ræður. Forfallist aðalbankastjóri setur ríkisstjórnin mann til að gegna störfum hans á meðan. Forfallist hinn bankastjórinn eða einhver stjórnarmanna bankans, setur bankaráð menn í þeirra stað á meðan. Framkvæmdastjórn viðskiptabankans er í höndum þriggja bankastjóra, sem bankaráð ræður.

Um stjórn bankans fer að öðru leyti eftir því, sem nánar er ákveðið í V. kafla.

4. gr.

2. grein laganna, er verði 4. grein, orðist svo:

Landsbanki Íslands hefur heimili sitt, aðalskrifstofu og varnarþing í Reykjavík. Auk þess hefur viðskiptabanki Landsbankans útibú þar, sem framkvæmdastjórn og bankaráð ákveður að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar.

5. gr.

3., 4. og 5. grein laganna verða 5., 6. og 7. grein.

Tilvísun 5. greinar (7. gr.) í 24. grein breytist í 26. gr.

6. gr.

1. mgr. 6. gr., er verður 8. gr., orðist svo:

Seðlabankinn hefur einkarétt til að gefa út bankaseðla eða annan gjaldmiðil, sem komið geti í stað mótaðra peninga og getur gengið manna á milli í stað bankaseðla.

Í stað 266. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 í síðustu málsgrein 6. gr. komi: 150. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940.

7. gr.

7., 8. og 9. gr. verða 9., 10. og 11. gr.

Í stað orðsins „bankaráðið“ í c-lið 9. gr. (11. gr.) komi: stjórn seðlabankans.

8. gr.

10. og 11. gr. verða 12. og 13. gr.

Tilvísun 11. gr. (13. gr.) í 10. gr. verður í 12. gr.

9. gr.

Í stað orðanna „Bankaráð og framkvæmdastjórar bera ábyrgð“ í 12. gr., sem verður 14. gr., komi: Stjórn seðlabankans ber ábyrgð.

10. gr.

Í stað orðanna „bankaráðs og framkvæmdastjórnar“ í 13. grein, sem verður 15. grein, komi: stjórnar seðlabankans.

11. gr.

Á eftir 13. grein laganna komi ný grein, er verður 16. grein, svo hljóðandi:

Seðlabankinn hefur með höndum kaup á erlendum gjaldeyri eða aðrir bankar í umboði hans. Enn fremur sölu gjaldeyris til viðskiptabanka sem stjórn seðlabankans ákveður, svo og til ríkissjóðs. Enn fremur framkvæmd greiðslusamninga við önnur ríki. Þá skal seðlabankinn hafa eftirlit með gjaldeyrisverzluninni samkvæmt því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð, sem ráðherra sá, sem fer með gjaldeyrismál, setur.

Stjórn seðlabankans ákveður, að höfðu samráði við ríkisstjórnina, eftir hvaða reglum seðlabankinn kaupir afurðavíxla af viðskiptabönkum sínum. Einnig er henni heimilt, að höfðu samráði við ríkisstjórn, að kveða á um vexti banka og sparisjóða, þ. á m. um hámarksvexti fyrir hverja einstaka tegund inn- og útlána sem og dráttarvexti og aðra þóknun. Einnig að ákveða, að bankar og sparisjóðir skuli eiga innstæður í seðlabankanum og þá hve miklar, enda skal stjórnum banka og sparisjóða skylt að veita seðlabankanum upplýsingar um starfsemi sína, svo sem um innlán og útlán.

Nánari reglur varðandi þessa grein skal setja í reglugerð, þ. á m. um viðurlög, ef fyrirmælum stjórnar bankans er ekki hlýtt.

12. gr.

14., 15., 16., 17. og 18. grein verða 17., 18., 19., 20. og 21. grein.

Í stað orðsins „bankaráðs“ í 15. gr. (18. gr.) komi: stjórnar bankans.

13. gr.

Í stað orðanna „framkvæmdastjórn seðlabankans og bankaráðinu“ í 19. gr., sem verður 22. gr., komi: stjórn seðlabankans, og í stað „8. gr., 2. tölulið og 10. gr.“ komi: 10. gr., 2. tölulið og 12. gr.

14. gr.

Í stað orðanna „landsbankanefndin kýs til eins árs í senn“ í 21. gr. laganna, er verður 23. gr., komi: sameinað Alþingi kýs hlutbundinni kosningu til tveggja ára í senn.

Í stað orðsins „bankaráðsins“ í sömu grein komi: stjórnar seðlabankans.

Við sömu grein bætist ný málsgrein, þannig:

Ráðherra úrskurðar reikninga bankans.

15. gr.

22. gr. verði 24. gr., og breytist greinatalan framvegis eftir því að V. kafla.

Tilvísun 24. gr. (26. gr.) í 5. gr. verði í 7. gr. og tilvísun 25. gr. (27. gr.) í 23. gr. verði í 25. gr.

Í stað orðsins „sparisjóðsstörf“ í 6. tölul. 28. gr. (30. gr.) komi: bankastörf. Tilvísun 30. gr. (32. gr.) verði í 23.—25. gr.

16. gr.

33. og 34. gr. laganna falla niður.

17. gr.

35. gr. laganna orðist svo:

Bankaráð Landsbanka Íslands skal skipað 5 mönnum.

Formann bankaráðsins skipar ríkisstjórnin til 5 ára í senn. Hina fjóra kýs sameinað Alþingi hlutbundinni kosningu til 4 ára í senn. Formann bankaráðs má endurskipa, og hina fjóra ráðsmennina má endurkjósa. Á sama hátt skal skipa varaformann og kjósa fjóra varamenn, einn fyrir hvern aðalmann, er taki sæti í bankaráðinu í forföllum formanns eða bankaráðsmanna. Ef formaður eða varaformaður fellur frá eða verður óhæfur til starfans áður en starfstími hans er á enda, skipar ríkisstjórnin nýjan varamann. Ef þingkjörinn bankaráðsmaður og varamaður forfallast á sama hátt áður en starfstími hans er á enda, kýs Alþingi annan mann í hans stað.

Engan má kjósa í bankaráð nema hann sé lögráða, hafi óflekkað mannorð og sé fjár síns ráðandi. Ef bankaráðsmaður missir þessi skilyrði áður en kjörtími hans er liðinn, hættir hann þegar störfum í ráðinu.

Bankaráðsmenn eða varamenn þeirra skulu vera búsettir í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sé auðvelt að sækja bankaráðsfundi hvenær sem er.

Ríkisstjórnin ákveður laun bankaráðsmanna.

Varamaður tekur laun í stað aðalmanns þann tíma, er hann starfar í bankaráðinu.

18. gr.

36. gr. laganna fellur niður, en 1. mgr. 37. gr. (verður 36. gr.) orðist svo:

Bankaráðið gerir tillögu um skipun aðalbankastjóra við seðlabanka Íslands og þriggja manna í stjórn bankans. Bankaráðið ræður og einn bankastjóra við seðlabankann og þrjá bankastjóra í framkvæmdastjórn viðskiptabankans. Skulu þeir ráðnir með 12 mánaða uppsagnarfresti, enda geti þeir sjálfir sagt upp stöðunni með sama fyrirvara. Þó getur bankaráðið vikið bankastjóra frá fyrirvaralaust, gegn því að greiða honum 6 mánaða laun, svo framarlega sem ekki er um slíkt afbrot að ræða af hálfu bankastjóra, sem heimili frávikningu hans án nokkurrar launagreiðslu. Enn fremur getur sá ráðherra, er fer með bankamál, vikið bankastjóra frá. Skal bankaráðið eða ráðherra þá skýra hinum frávikna bankastjóra skriflega frá ástæðum fyrir frávikningunni.

19. gr.

38., 39., 40. og 41. gr. laganna falla niður.

20. gr.

1. mgr. 42. gr. laganna, er verður 37. gr., orðist svo:

Formaður bankaráðsins hefur fyrir hönd ráðsins stöðugt eftirlit með starfsemi viðskiptabankans. Hinir bankaráðsmennirnir skulu skiptast á um eftirlit, ásamt formanni.

Tilvísun í 43. gr. í 2. mgr. verði í 39. gr.

Úr síðustu málsgrein falli niður orðin „um seðlaveltu, gullforða og“.

21. gr.

Á eftir 42. gr., er verður 37. gr., komi ný grein, sem verði 38. gr., svo hljóðandi:

Stjórn seðlabankans hefur á hendi æðstu stjórn hans, eftir nánari fyrirmælum í reglugerð. Hún kemur fram fyrir hönd seðlabankans gagnvart dómstólum, yfir-

völdum og þriðja manni, og getur úrskurðað um öll meiri háttar mál, er bankann varðar. Hún ræður aðalféhirði seðlabankans og ákveður hve hátt veð hann skuli setja. Hún ákveður laun starfsmanna bankans, setur reglugerð um eftirlaun þeirra og úrskurðar um þau. Ríkisstjórnin ákveður laun bankastjóra seðlabankans og þóknun annarra stjórnarmanna hans. Eigi er bankastjórum seðlabankans eða öðrum í stjórn hans heimilt að vera í stjórn annarrar peningastofnunar.

Stjórn seðlabankans heldur fundi eftir þörfum. Enn fremur skal halda fund, ef einhver úr stjórninni óskar. Aðalbankastjóri boðar fundi og stjórnar þeim. Afl atkvæða ræður úrslitum á fundum.

22. gr.

Á 43. gr. laganna, sem verður 39. gr., eru eftirfarandi breytingar gerðar:

1. Stafliður a orðist svo:
   Að koma fram fyrir hönd viðskiptabankans gagnvart dómstólum, yfirvöldum og þriðja manni.
   Ráðið getur úrskurðað um öll mál viðskiptabankans, sem ekki er áskilið ráðherra að úrskurða um.
2. Stafliður c orðist svo:
   Að ákveða verkaskiptingu á milli bankastjóra viðskiptabankans og setja þeim erindisbréf.
3. Stafliður h orðist svo:
   Að ákveða ásamt framkvæmdastjórninni forvexti og útlánsvexti bankans, séu vextir ekki ákveðnir af stjórn seðlabankans, samkvæmt 16. gr.
4. Tilvísun í 44. gr. í staflið l. verði í 40. gr.
5. Stafliður m falli niður.
6. Stafliður n orðist svo:
   Að setja reglugerð um stjórn bankans og starfrækslu, er ráðherra staðfestir.

23. gr.

Í stað orðannna „framkvæmdastjórnin“ í 44. gr., er verður 40. gr., komi: framkvæmdastjórn viðskiptabankans.

Tilvísun 4. mgr. 44. gr. (40. gr.) í 43. gr. verði í 39. gr.

24. gr.

45., 46. og 47. gr. verða 41., 42. og 43. gr.

Í stað orðanna „Framkvæmdastjórnin ræður“ í 45. gr. (41. gr.) komi: Framkvæmdastjórnir bankans ráða.

Í stað tilvísunar 45. gr. í 43. gr. kemur tilvísun í 39. gr.

Í stað tilvísunar 46. gr. (er verður 42. gr.) í 43. gr. komi tilvísun í 39. gr.

25. gr.

Í upphafi 48. gr. laganna, sem verður 44. gr., fellur niður orðið „landsbankanefnd“.

26. gr.

49., 50., 51., 52., 53., 54., 55., 56., 57., 58. og 59. gr. verða 45., 46., 47., 48., 49., 50., 51., 52., 53., 54. og 55. gr.

27. gr.

VII. kafli laganna (62.—69. gr.) falli niður.

28. gr.

Lög þessi ganga þegar í gildi og falla þá jafnframt úr gildi lagaákvæði, er fara í bága við lög þessi. Þá er lög þessi hafa öðlazt staðfestingu forseta, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 10 frá 15. apríl 1928 og gefa þau út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 7. gr. laganna ganga í gildi, þegar Alþingi ákveður. Þangað til getur ráðherra veitt bankanum undanþágu frá ákvæðum c-liðs 9. gr. laganna um, að bankinn skuli draga erlendar skuldir frá innstæðu þeirri, sem telst til gullforða, svo og því ákvæði, að erlendar innstæður megi ekki fara fram úr ¼ alls gullforðans.

Við gildistöku laga þessara fellur niður umboð núverandi bankaráðsmanna. Starfstímabil bankaráðsmanna og varamanna, sem kosnir eru af Alþingi í fyrsta sinn eftir samþykkt þessara laga, skal vera til ársloka 1961. Starfstímabil formanns og varaformanns, sem ríkisstjórnin skipar í fyrsta sinn samkv. lögum þessum, er til ársloka 1962. Hið nýkjörna bankaráð skal hlutast til um, að stjórn seðlabankans og framkvæmdastjórn viðskiptabankans verði komið í það horf, sem lög þessi gera ráð fyrir.

Ed. 643. Frumvarp til laga [178. mál]

um Útvegsbanka Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

Samhljóða þskj. 631 með þessum breytingum:

16. gr. hljóðar svo:

Bankaráð ræður þrjá bankastjóra og eru þeir framkvæmdarstjórn bankans. Laun bankastjóra skulu ákveðin af bankaráði með samþykki ráðherra, en aldrei mega þau vera hærri en laun bankastjóra við Landsbanka Íslands. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur skal vera tólf mánuðir. Þó getur bankaráð vikið bankastjóra frá fyrirvaralaust, en þá skulu honum greidd sex mánaða laun, svo framarlega sem ekki er um slíkt afbrot að ræða af hálfu bankastjóra, sem heimili frávikningu hans án nokkurrar launagreiðslu. Enn fremur getur sá ráðherra, sem fer með bankamál, vikið bankastjóra frá.

Uppsögn skal jafnan vera skrifleg og greindar ástæður.

Bankaráð setur bankastjórunum erindisbréf.

Bankaráð getur veitt fráförnum bankastjóra eða ekkju hans eftirlaun af fé bankans. Eftirlaun mega þó aldrei vera hlutfallslega hærri en þeir starfsmenn bankans fá hæst, sem eftirlauna njóta úr eftirlaunasjóði starfsmanna bankans.

Ákvæði þessi um hámark eftirlauna skulu þó eigi gilda um núverandi bankastjóra, er þeir hætta störfum, hafi þeir starfað sem bankastjórar 15 ár eða lengur.

Bankaráðið getur einnig veitt fráförnum aðalbókara, aðalféhirði og útibússtjórum, og ekkjum þeirra, eftirlaun af fé bankans eftir sömu reglum, telji það þá fá óeðlilega lág eftirlaun úr eftirlaunasjóðnum.

18. gr. hljóðar svo:

Bankaráð hefur æðsta vald í öllum málefnum bankans, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum eða reglugerð, og kemur fram fyrir bankans hönd gagnvart dómstólum, yfirvöldum og þriðja manni. Bankaráðið hefur eftirlit og umsjón með eignum bankans og starfsemi hans.

Bankaráð ræður aðalféhirði og aðalbókara bankans og stjórnendur útibúa hans og ákveður laun þeirra og annarra starfsmanna hans.

Formaður bankaráðs hefur fyrir hönd ráðsins stöðugt eftirlit í bankanum. Hinir bankaráðsmennirnir skulu skiptast á um eftirlit, ásamt formanni. Hefur hver einstakur bankaráðsmaður aðgang að öllum bókum og skjölum bankans til eftirlits, enda hvílir á honum fullkomin þagnarskylda.

Nánari ákvæði um afskipti bankaráðsins af bankarekstrinum skulu sett í reglugerð.

Nd. 644. Lög [159. mál]

um skatt á stóreignir.

(Afgreidd frá Nd. 24. maí.)

Samhljóða þskj. 629.

Nd. 645. Nefndarálit [13. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 88 1953, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 25. maí 1957.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Benedikt Gröndal, fundaskr. Einar Olgeirsson.

Jónas G. Rafnar, með fyrirvara. Jóhann Hafstein, með fyrirvara.

Nd. 646. Nefndarálit [29. mál]

um frv. til l. um gjald af innlendum tollvörutegundum og tollvöruframleiðslu.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Alþingi, 25. maí 1957.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Benedikt Gröndal, fundaskr. Einar Olgeirsson.

Jóhann Hafstein. Jónas G. Rafnar.

Sþ. 647. Nefndarálit [131. mál]

um till. til þál. um sjóefnaverksmiðju.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Tillaga þessi hefur verið til athugunar hjá allsherjarnefnd á tveim fundum. Nefndin hefur leitað umsagnar raforkumálaskrifstofunnar um tillöguna og fer álit stofnunarinnar hér á eftir:

RAFORKUMÁLASTJÓRI

Reykjavík, 17. maí 1957.

Vegna bréfs hæstvirtrar allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis, dags. 30. apríl, varðandi (þingskjal Sþ. 304) tillögu til þingsályktunar um sjóefnaverksmiðju, viljum vér taka eftirfarandi fram:

Jarðboranir ríkisins hafa um nokkurt skeið fylgzt með þróun mála, sem varða saltvinnslu hérlendis, og enn fremur látið gera sjálfstæðar athuganir, sem að því lúta. Eins og þingskjölin bera með sér, voru athuganir í byrjun einskorðaðar við salt, en hafa síðan náð til annarra efna, sem hægt er að vinna samfara salti. Athuganirnar benda nú til þess, að þótt aðalframleiðsla sjóefnaverksmiðju yrði að sjálfsögðu salt, væri unnt að vinna þar fleiri hagnýt efni úr sjónum um leið.

Nú benda athuganirnar enn fremur til, að salt frá slíkri sjóefnaverksmiðju muni ekki vera dýrara en innflutt salt og að unnt sé að gera það samkeppnishæft að gæðum. En hins vegar er ekki ráðlegt að koma slíku fyrirtæki á fót án frekari tilrauna til framleiðslu í smáum stíl vegna vandamála, sem eru verkfræðilegs eðlis.

Vér teljum, að ofangreind sjóefnaverksmiðja muni geta minnkað innflutning til landsins og ef til vill stuðlað verulega að framleiðslu nýrra útflutningsvara. Er því full þörf á, að undirbúningi sé hraðað sem kostur er á.

Í sambandi við fylgiskjal I er rétt að taka fram, að seinni athuganir, sem Geir Arnesen efnaverkfræðingur hefur gert á orsökum fiskgulu, benda eindregið til, að hún orsakist af koparvott í hinu innflutta salti. Grein sú, sem vitnað er til þarna, er skrifuð áður en Geir lauk athugunum sínum, en Páll Ólafsson taldi sig þá hafa sannað, að gulan stafaði frá kalsíumklóridi í saltinu.

Allra virðingarfyllst,

Jakob Gíslason.

Baldur Líndal.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis.

— — —

Þrátt fyrir þessa jákvæðu umsögn sérfróðra manna er það skoðun meiri hl. nefndarinnar, að vísa beri málinu til ríkisstjórnarinnar, en undirritaður leggur hins vegar til, að till. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 25. maí 1957.

Björn Jónsson.

Nd. 648. Nefndarálit [176. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 56 frá 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 25. maí 1957.

Páll Þorsteinsson, form., frsm.	Benedikt Gröndal, fundaskr., með fyrirvara.	Einar Olgeirsson.

Nd. 649. Breytingartillögur [157. mál]

við frv. til l. um Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 1. gr. Aftan við greinina bætist: og til þess að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum.
2. Við 2. gr. Orðin „á eindæmi“ í 2. málsgr. falli burt.
3. Við 4. gr.
   a. Í stað orðanna „eða hann er ... úrlausn máls“ í 2. málsgr. komi: eða af öðrum ástæðum.
   b. Síðasta málsgr. orðist svo:
      Ávallt er háskólaráð ræðir mál, er varða stúdenta háskólans almennt, skulu stúdentar eiga einn fulltrúa, er stúdentaráð nefnir til, á fundi háskólaráðs, og skal rektor kveðja hann á fundinn. Hefur fulltrúinn þar málfrelsi og atkvæðisrétt.
4. Við 5. gr.
   a. Á eftir orðinu „fulltrúa“ í 4. málsl. 1. málsgr. bætist: einn eða fleiri.
   b. Orðin „en hlutkesti ... atkvæði“ í síðasta málsl. 2. málsgr. falli burt.
5. Við 9. gr. Á eftir fyrra málslið bætist inn í þessi málsliður: Þá skal og starfa við Háskóla Íslands rannsóknarstofnun í þágu atvinnuveganna, er nefnist atvinnudeild háskólans.
6. Við 12. gr. Orðið „einróma“ í 1. málsgr. falli burt.
7. Við 14. gr. Fyrri málsl. 3. málsgr. orðist svo:
   Nú er mál til umræðu á deildarfundi, sem varðar nemendur deildarinnar almennt, og skal deildarforseti þá kveðja á fundinn fulltrúa nemenda, einn eða fleiri, er stjórn deildarfélags nefnir til.
8. Við 15. gr. Orðin „en hlutkesti ... situr hjá“ í síðari málsl. 2. málsgr. falli burt.
9. Við 21. gr. 3. málsgr. orðist svo:
   Heimilt er að setja í reglugerð ákvæði um inntöku stúdenta í einstakar deildir.
10. Við 23. gr. Greinin falli burt.
11. Við 24. gr. Síðari málsl. 2. málsgr. falli burt.
12. Við 25. gr. Síðari málsl. 1. málsgr. orðist svo: Rektor eða fulltrúa hans er heimilt að vera viðstaddur dómþing, þegar svo stendur á.
13. Við 26. gr.
   a. 3. málsl. orðist svo:
      Þá skal má nafn stúdents af stúdentatali skólans, hafi hann ekki sótt háskólann tvö kennslumisseri samfleytt, þó skal það ekki gert, þótt hann sé fjarverandi allt að fjögur misseri, hafi hann tilkynnt háskóladeild sinni fjarveru sína.
   b. Síðasti málsliður fellur burt.
14. Við 27. gr. Greinin orðist svo:
   Í reglugerð háskólans skal setja ákvæði um prófgreinar, próftíma, skiptingu fullnaðarprófs í fleiri en einn hluta, undirbúningspróf, einkunnir og annað, er að prófunum lýtur.
15. Við 28. gr. Greinin falli burt.
16. Við 29. gr. Greinin falli burt.
17. Við 30. gr. Greinin falli burt.
18. Við 32. gr. Í stað orðsins „samkvæmt“ í 1. málsl. 4. málgr. komi: að fengnum.
19. Við 35. gr. Síðari málsgr. falli burt.

20. Við 37. gr. Greinin orðist svo:
Hver sá, er hlotið hefur doktorsnafnbót frá háskólanum, á rétt á að halda þar fyrirlestra í vísindagrein sinni, en tilkynna verður hann það háskólaráði.
Nú þykir doktor misbeita þessum rétti sínum, og getur þá háskólaráð svipt hann réttinum.
21. Við 39. gr. Í stað orðanna „samkvæmt tillögu“ í 1. málsl. 2. málsgr. komi: að fengnum tillögum.
22. Við 41. gr. 3. og 4. málsl. 1. málsgr. orðist svo:
Prófessorinn í lyfjafræði hefur umsjón með kennslu í lyfjafræði lyfsala. Kennarinn í lyfjafræði lyfsala hefur jafnframt á hendi eftirlit með lyfjabúðum fyrir heilbrigðisstjórnina.
23. Við fyrirsögn IX. kafla og 43. gr. Í stað orðsins „lyfefnafræði“ á tveimur stöðum komi: lyfjafræði lyfsala.
24. Við 47. gr. Á eftir greininni komi svo hljóðandi

Bráðabirgðaákvæði.

Stúdentar þeir, er hófu nám í skóla Apótekarafélags Íslands haustið 1955, skulu hafa sama rétt og nemendur Lyfjafræðingaskóla Íslands til þess að taka próf við læknadeild í lyfjafræði lyfsala, er veiti þau atvinnuréttindi, sem hingað til hafa fengizt við fyrrihlutapróf.

Nd. 650. Nefndarálit [157. mál]

um frv. til l. um Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Menntamálanefnd hefur athugað þetta frv. á nokkrum fundum, rætt það allýtarlega og gerir við frv. nokkrar brtt., sem prentaðar eru á sérstöku þingskjali. Sumar brtt. eru um atriði, sem nefndinni fannst að skýra þyrfti betur, eða atriði, er frekar ættu heima í reglugerð en lögum, en aðrar tillögur breyta nokkuð efni frv. Skal gerð nokkur grein fyrir þeim hér.

Nefndin álítur rétt að taka fram í 1. gr., að eigi skuli aðeins búa menn undir embætti með námi í háskólanum, heldur skuli og lögð áherzla á að gera menn færa til að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum. Með batnandi afkomu þjóðarinnar ætti hún að geta gert fleiri mönnum mögulegt að helga sig slíkum verkefnum.

Um þau ákvæði 4. gr., er fjalla um þátttöku stúdenta í fundum háskólaráðs, hefur nefndin viljað gera þennan rétt stúdenta ótvíræðan, þá er mál stúdenta eru rædd. Er það svo reglugerðaratriði að ákveða um, hvernig bezt sé að framkvæma þetta, mætti m. a. gera það með því að láta stúdentaráð hafa þar fastan fulltrúa, er viki, þegar sérstök mál væru rædd, er varða vísindaleg efni, veitingar embætta, úrskurði um háskólagráður o. s. frv.

Þá áleit nefndin ekki rétt að slíta hin formlegu tengsl við atvinnudeild háskólans, enda haldast þau í lögum um hana, og eigi væri það í samræmi við þann tilgang háskólans um vísindalegar rannsóknir, sem áherzla er á lögð í 1. gr., að slíta nú þessi tengsl við þá rannsóknarstofnun.

Brtt. við 14. gr. fer í sömu átt og brtt. við 4. gr., að gera rétt stúdenta ótvíræðan um þátttöku í deildarfundum, þegar um þeirra almennu mál er að ræða.

Við 21. gr. gerir nefndin 9. brtt. sína. Ástæðan til hennar er sú, að nauðsynlegt þykir sem stendur, að hægt sé að setja skilyrði um inntöku í tannlæknadeild og um prófseinkunn viðvíkjandi inntöku í verkfræðingadeild, og er ekki ætlazt til, að heimild til reglugerðar sé notuð frekar en um þetta tvennt, meðan þess er þörf.

Um 10. brtt. nefndarinnar, að fella 23. gr. brott, er ágreiningur í nefndinni, og er það eina brtt., sem ágreiningur er um. Var sú brtt. samþykkt með 3:2 atkv. í nefndinni.

Við 27. gr. gerir nefndin þá brtt. að setja í reglugerð ákvæðin viðvíkjandi prófum. Samkvæmt núgildandi lögum er ekki takmarkað, hve oft stúdent megi þreyta próf. Nefndin álítur, að ekki beri að þrengja þann rétt í reglugerð.

Þá hafa orðið nokkrar umræður og fram komið ýmsar tillögur frá ýmsum aðilum um íslenzkt nafn á fræðigreininni „pharmacia“. Nefndin ber fram tillögu menntamálaráðuneytisins, upprunna frá landlækni, um að nefna þá grein „lyfjafræði lyfsala“, og hefur það heiti þann kost að vera skýrt og skiljanlegt.

Bráðabirgðaákvæðið miðar að því að tryggja þeim stúdentum, er þegar hafa hafið nám í þessari fræðigrein, að eigi verði vinna þeirra og lærdómur ónýtt með lögum þessum, er lyfjafræði lyfsala er gerð að námsgrein í háskólanum.

Nánar verður gerð grein fyrir brtt. í framsögu.

Nefndin mælir með því sem heild, að frv. og allar breytingartillögur nefndarinnar verði samþykktar, með þeirri einu undantekningu, er að ofan getur, að um 10. brtt. er nefndin klofin.

Alþingi, 27. maí 1957.

Páll Þorsteinsson, form.	Benedikt Gröndal, fundaskr.	Einar Olgeirsson, frsm.

Ragnhildur Helgadóttir.

Nd. 651. Breytingartillaga [176. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 56 frá 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Frá Benedikt Gröndal.

Aftan við fyrri málsgrein ákvæðis til bráðabirgða bætist:

Hefjist innflutningur sjónvarpstækja á þessu árabili, skal allur ágóði af sölu þeirra renna til undirbúnings og rekstrar sjónvarps á Íslandi.

Sþ. 652. Nefndarálit [82. mál]

um till. til þál. um breytingu á innheimtu opinberra gjalda.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur leitað umsagna frá ýmsum aðilum, sem efni þáltill. snertir, og kemur þeim saman um, að hér sé um erfitt og flókið mál að ræða, sem krefjist ýtarlegs undirbúnings. Nefndin hefur fengið vitneskju um, að málið sé þegar í rannsókn hjá fjármálaráðuneytinu. Í trausti þess, að þeirri rannsókn verði haldið áfram og niðurstöður hennar lagðar fyrir Alþingi, leggur meiri hluti allsherjarnefndar til, að till. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 27. maí 1957.

Benedikt Gröndal form., frsm.	Eiríkur Þorsteinsson, fundaskr.	Ólafur Jóhannesson.

Björn Jónsson. Ásgeir Bjarnason.

Sþ. 653. Nefndarálit [131. mál]

um till. til þál. um sjóefnaverksmiðju.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Raforkumálastjórnin hefur um skeið unnið að undirbúningi og rannsóknum varðandi væntanlega sjóefnaverksmiðju hér á landi. Í trausti þess, að þeim undirbúningi verði haldið áfram og ríkisstjórnin leggi málið fyrir Alþingi, strax og tímabært þykir að hefja byggingu tilraunaverksmiðju, leggur meiri hl. allsherjarnefndar til, að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 27. maí 1957.

Benedikt Gröndal, form., frsm. — Eiríkur Þorsteinsson, fundaskr. — Jón Sigurðsson.
Ásgeir Bjarnason. — Björn Ólafsson. — Ólafur Jóhannesson.

Sþ. 654. Nefndarálit [151. mál]

um till. til þál. um stofnun lífeyrissjóðs fyrir sjómenn.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd leggur til, að þáltill. verði afgreidd með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem ríkisstjórnin hefur þegar orðið við þeirri áskorun, sem í þingsályktunartillögunni felst, og skipað nefnd til að athuga möguleika á stofnun lífeyrissjóðs fyrir sjómenn, tekur Alþingi fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 27. maí 1957.

Benedikt Gröndal, form., frsm. — Eiríkur Þorsteinsson, fundaskr. — Jón Sigurðsson.
Björn Ólafsson. — Ólafur Jóhannesson. — Björn Jónsson.
Ásgeir Bjarnason.

Sþ. 655. Nefndarálit [154. mál]

um till. til þál. um fullgildingu á alþjóðasamþykkt varðandi atvinnuleysi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað mál þetta og leggur til, að tillagan sé samþykkt.

Alþingi, 27. maí 1957.

Benedikt Gröndal, form. — Eiríkur Þorsteinsson, fundaskr. — Ólafur Jóhannesson, frsm.
Björn Jónsson. — Björn Ólafsson, með fyrirvara. — Jón Sigurðsson.
Ásgeir Bjarnason.

Sþ. 656. Nefndarálit [161. mál]

um till. til þál. um athugun á stofnun lífeyrissjóðs fyrir sjómenn, verkamenn, bændur, útvegsmenn og aðra þá, sem ekki njóta lífeyristryggingar hjá sérstökum lífeyrissjóðum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað málið og mælir einróma með því, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 27. maí 1957.

Benedikt Gröndal, form.	Eiríkur Þorsteinsson, fundaskr.	Ólafur Jóhannesson, frsm.
Björn Jónsson.	Björn Ólafsson.	Jón Sigurðsson.
	Ásgeir Bjarnason.	

Sþ. 657. Nefndarálit [169. mál]

um till. til þál. um sameining Landsbókasafns og Háskólabókasafns o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna, en telur ekki ástæðu til að leita umsagna viðkomandi aðila, þar sem forráðamenn beggja safna áttu sæti í bókasafnsnefnd, er undirbjó málið. Er álit hennar prentað sem fylgiskjal með þáltill.

Augljós hagnaður mundi verða að sameiningu Landsbókasafns og Háskólabókasafns. Þar sem forráðamenn beggja safna mæla með sameiningunni, telur nefndin tímabært að taka ákvörðun um sameininguna og mælir með samþykkt þáltill.

Alþingi, 27. maí 1957.

Benedikt Gröndal, form., frsm.	Eiríkur Þorsteinsson, fundaskr.	Jón Sigurðsson.
Björn Ólafsson.	Ólafur Jóhannesson.	Björn Jónsson.
	Ásgeir Bjarnason.	

Sþ. 658. Fjáraukalög [149. mál]

fyrir árið 1954.

(Afgreidd frá Sþ. 27. maí.)

Samhljóða þskj. 589.

Nd. 659. Lög [83. mál]

um lax- og silungsveiði.

(Afgreidd frá Nd. 27. maí.)

Samhljóða þskj. 628 (sbr. 551).

Ed. 660. Frumvarp til laga [148. mál]

um eyðingu refa og minka.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Búnaðarfélag Íslands hefur undir yfirstjórn landbúnaðarráðherra stjórn allra aðgerða til útrýmingar refum og minkum. Skipar ráðherrann veiðistjóra að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands. Skal hann starfa undir stjórn þess og hafa haldgóða þekkingu á lifnaðarháttum refa og minka og góða reynslu af veiðiaðferðum og öðru, sem unnt er að beita til útrýmingar vargdýrum þessum.

Ef menntamálaráðherra telur henta, að fengnu áliti Búnaðarfélags Íslands, getur hann falið veiðistjóra yfirumsjón með eyðingu svartbaks og annarra skaðlegra dýra, er herja kunna í náttúruríki landsins. Þá getur hann einnig falið veiðistjóra vernd og yfirumsjón hreindýrastofnsins.

2. gr.

Veiðistjóri skal, svo sem kostur er, afla upplýsinga um refa- og minkastofninn og útbreiðslu hans í landinu, leiðbeina veiðimönnum, er fást við eyðingu refa og minka, halda námskeið fyrir veiðimenn og skipuleggja aðgerðir á stærri svæðum, þegar nauðsyn þykir, og gera tilraunir með ný tæki og vinnsluaðferðir, er líklegar þykja til þess að eyða dýrum þessum. Hann skal árlega gera yfirlit um veiðiaðgerðir í landinu og árangur þeirra, enda er sýslumönnum skylt að senda honum allar veiðiskýrslur og upplýsingar, er veiðistjóri þarf vegna starfs síns. Yfirlit þetta skal birta ár hvert opinberlega.

Skylt er veiðistjóra að gera tillögur til landbúnaðarráðuneytisins um allt það, er hann telur að stuðla megi að útrýmingu refa og minka.

3. gr.

Sýslumenn og bæjarfógetar skulu ásamt veiðistjóra sjá um, að stjórnir bæja og sveita annist eyðingu refa og minka, hver á sínu svæði. Eigi fleiri sveitir eða bæir sameiginlegt upprekstrarland, skal fela stjórn viðkomandi upprekstrar- eða fjallskilafélags eyðingu nefndra vargdýra, og skal kostnaði við eyðingu jafnað á þá aðila, er upprekstrarrétt eiga, án tillits til þess, hvort upprekstrarréttur er notaður eða ekki.

Nú hefur hreppur farið í eyði, og skal þá sýslumaður sjá um framkvæmd laga þessara á því svæði á kostnað ríkissjóðs, sem svarar hluta hreppsins.

4. gr.

Sérhver sveitar- og bæjarstjórn eða stjórn upprekstrarfélags, sbr. 3. gr., skal á hverju vori sjá um grenja- og minkaleitir í heima- og afréttarlöndum hreppsins (bæjarfélagsins), hvort sem lönd þessi liggja utan eða innan sýslufélagsins (bæjarfélagsins), og sjá um vinnslu grenja og minkabæla.

5. gr.

Stjórnir sveita, bæja eða upprekstrarfélaga skulu ráða veiðimenn, einn eða fleiri, til þess að leita að og vinna greni og minkabæli á þeim svæðum, sem þeim ber skylda til.

Ráða skal sérstakan mann eða menn (skotmenn) til þess að vinna greni. Heimilt er einnig að ráða vökumann, sem skotmaður tekur gildan, til þess að vera með skotmanni á greni.

Þar sem betur þykir henta, skal að fengnu samþykki skotmanns ráða sérstakan mann eða menn til þess að vinna mink og minkabæli. Skal sýslumaður, í samráði

við veiðistjóra, hafa eftirlit með því, að veiðimenn þessir geri tvisvar á ári að minnsta kosti skipulagða leit á þeim slóðum í lögsagnarumdæminu, sem minka er helzt von, í því skyni að eyða mink.

Veiðimenn þeir, sem hér um ræðir, skulu reiðubúnir til starfs, þegar þörf krefur og hvenær sem greni eða minkabæli finnst.

6. gr.

Óheimilt er öðrum en skotmönnum, sem til þess eru ráðnir samkvæmt 5 gr., að vinna greni eða taka yrðlinga, nema svo hafi staðið á, að ekki hafi náðst til skotmanns í tæka tíð.

7. gr.

Þegar greni finnst, sem lagt er í, hvort heldur í grenjaleit eða á öðrum tíma, skal það ekki yfirgefið, ef kostur er, fyrr en skotmaður er kominn á vettvang. Ef einn maður finnur grenið, og geti hann ekki komið vitneskju til skotmanns nema fara sjálfur, skal hann hraða för sinni og tilkynningu um fundinn svo sem frekast er unnt. Kostnaður við slíkt telst með öðrum refaeyðingarkostnaði.

8. gr.

Skotmenn og vökumenn, sem liggja á grenjum, sbr. 5. gr., skulu taka laun fyrir störf sín samkvæmt samningi við aðila þá, er sjá um vinnslu grenja. Heimilt er að semja um verðlaun fyrir unnin dýr og yrðlinga, þegar ráðningarkjör veiðimanna þessara eru ákveðin.

Á sama hátt skal semja um kaup þeirra manna, er taka að sér að vinna mink og minkabæli, sbr. 5. gr.

9. gr.

Nú vinnst hlaupadýr, og á þá sá, sem vinnur, kr. 350.00 í verðlaun fyrir hverja tófu.

Fyrir hvern mink, sem vinnst, skulu greiddar kr. 200.00 í verðlaun. Oddviti (bæjarstjóri) greiðir verðlaun þessi, enda séu honum færðar sannanir fyrir vinnslu dýranna.

10. gr.

Stjórnir sveitar- og bæjarfélaga skulu halda skrá yfir öll þekkt greni ásamt lýsingu á þeim. Gera má vörður eða skotbyrgi við greni, þar sem þörf er, og skulu skotmenn halda þeim við.

Heimilt er að eyðileggja greni, sem torunnin eru, og lagfæra önnur, sem eru auðunnin. Um slíkar aðgerðir skal hafa samráð við oddvita eða veiðistjóra. Ekki má láta hunda hlaupa á greni á grenjavinnslutímanum. Varast skal einnig að hafa þar óþarfa umgang og hark.

11. gr.

Skylt er oddvitum og bæjarstjórum að sjá um eitrun fyrir refi og minka samkvæmt fyrirmælum stjórnar Búnaðarfélags Íslands og á þeim svæðum, er veiðistjóri telur líklegust til árangurs hverju sinni. Skal veiðistjóri hafa eftirlit með því, að eitrun sé framkvæmd eins og til er ætlazt. Skal við eitrun fylgja leiðbeiningum og fyrirmælum veiðistjóra. Héraðslæknar og lyfjaverzlanir láta oddvitum í té eitur samkvæmt fyrirmælum landbúnaðar- og heilbrigðismálaráðuneytisins.

12. gr.

Oddvitar, bæjarstjórar eða formenn upprekstrarfélaga skulu árlega gera skýrslur um eyðingu refa og minka, hver á sínu svæði, og skulu skýrslurnar, í tvíriti, fylgja reikningum yfir veiðikostnað til sýslumanns. Óheimilt er að greiða reikninga þessa nema veiðiskýrslur fylgi.

13. gr.

Stjórnir sveitarfélaga eða aðrir, sem annast eyðingu refa og minka samkvæmt lögum þessum, skulu ár hvert gera sundurliðað reikningsyfirlit um kostnað við starfsemi þessa. Skulu reikningar lagðir fyrir sýslunefnd til úrskurðar. Nú úrskurðar sýslunefnd reikninga rétta og hóflega, og ber þá að endurgreiða þeim aðilum, sem annast eyðingu minka og refa, 5/6 hluta upphæðarinnar, greiðast 2/3 hlutar af því úr ríkissjóði, en 1/6 hluti úr sýslusjóði.

Ríkissjóður greiðir Búnaðarfélagi Íslands laun veiðistjóra samkvæmt VI. flokki launalaga auk nauðsynlegs ferða- og skrifstofukostnaðar.

14. gr.

Landbúnaðarráðuneytið setur að fengnum tillögum veiðistjóra reglugerð um meðferð og notkun eiturs til eyðingar refa og minka, um boga, gildrur, skotvopn og notkun þeirra. Enn fremur um skýrsluhald vegna refa- og minkaveiða.

Einnig er ráðuneytinu heimilt eftir tillögum veiðistjóra að setja fyllri ákvæði í reglugerð um efni þau, sem um ræðir í lögum þessum.

Stjórnarvaldsreglur um eyðingu refa og minka, sem settar hafa verið fyrir gildistöku þessara laga, halda gildi sínu, þar til nýjar reglur hafa verið settar.

15. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglum eða reglugerðum, sem settar eru með stoð í þeim, varða sektum allt að 10 000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Nú vanrækir sveitar- eða bæjarstjórn að framfylgja fyrirmælum þessara laga, og skal þá landbúnaðarráðuneytinu heimilt að svipta það sveitar- eða bæjarfélag framlagi því úr ríkissjóði, sem gert er ráð fyrir í lögum þessum, eitt ár í senn.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Frá sama tíma eru numin úr gildi eftirgreind lög og lagaákvæði:

Lög nr. 3 15. febrúar 1895, um auðkenni á eitruðum rjúpum.

Lög nr. 56 25. maí 1949, um eyðingu refa og minka, og lög nr. 10 23. marz 1955, um breytingu á þeim lögum.

Nd. 661. Nefndarálit [115. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 41/1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Minni hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 27. maí 1957.

Jónas G. Rafnar, frsm. Ragnhildur Helgadóttir.

Sþ. 662. Nefndarálit [119. mál]

um till. til þál. um athugun á björgunarbeltum í íslenzkum skipum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað þingsályktunartillöguna og leggur einróma til, að hún verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 27. maí 1957.

Benedikt Gröndal, form. Eiríkur Þorsteinsson, fundaskr., frsm. Ásgeir Bjarnason. Björn Jónsson.
Ólafur Jóhannesson. Björn Ólafsson. Jón Sigurðsson.

Nd. 663. Nefndarálit [115. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 41/1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur athugað frv.

Kostnaður við rekstur þeirra skóla, sem ákvæði frv. taka til, er svo hár, að sýslufélögunum, sem hlut eiga að máli, veitist örðugt að standa straum af þeim hluta kostnaðarins, sem á þau fellur samkvæmt gildandi lögum.

Hins vegar koma fleiri leiðir til greina í þessu sambandi en sú, sem lagt er til með þessu frv. að farin verði. Nefndinni er kunnugt um, að af hálfu ríkisstjórnarinnar fer fram athugun á þessu máli. Með tilliti til þess leggur meiri hl. nefndarinnar til, að frv. þetta verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem fjárhagur þeirra skóla, sem frumvarp þetta tekur til, og lagaákvæði þau, sem því er ætlað að breyta, er til athugunar hjá ríkisstjórninni með tilliti til nauðsynlegra lagabreytinga í því skyni að bæta aðstöðu þeirra sýslufélaga, sem í hlut eiga, í sambandi við skólahaldið, og í trausti þess, að ríkisstjórnin leggi fyrir næsta reglulegt Alþingi tillögur um þetta efni, þá telur deildin ekki ástæðu til að lögfesta þetta frumvarp og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 24. maí 1957.

Páll Þorsteinsson, form., frsm. Benedikt Gröndal, fundaskr. Einar Olgeirsson.

Nd. 664. Lög [13. mál]

um breyting á lögum nr. 88 1953, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 27. maí.)

Samhljóða þskj. 13.

Nd. 665. Lög [146. mál]

um heilsuvernd í skólum.

(Afgreidd frá Nd. 27. maí.)

Samhljóða þskj. 597.

Nd. 666. Nefndarálit [174. mál]

um frv. til l. um menningarsjóð og menntamálaráð.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Meiri hl. nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 25. maí 1957.

Páll Þorsteinsson, form. Benedikt Gröndal, fundaskr., frsm. Einar Olgeirsson.

Nd. 667. Nefndarálit [175. mál]

um frv. til l. um vísindasjóð.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Meiri hl. nefndarinnar mælir með því, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 25. maí 1957.

Páll Þorsteinsson, form., frsm. Benedikt Gröndal, fundaskr. Einar Olgeirsson.

Sþ. 668. Nefndarálit [82. mál]

um till. til þál. um innheimtu opinberra gjalda.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Á fundi nefndarinnar 29. apríl ákvað meiri hluti hennar að vísa tillögunni til ríkisstjórnarinnar með þeim forsendum, að formaður nefndarinnar hefði fengið þau skilaboð frá fjármálaráðherra, að hann hefði þegar skipað menn til að athuga málið. Minni hlutinn kvaðst eftir atvikum geta fallizt á það, að tillögunni væri vísað til ríkisstjórnarinnar, ef fjármálaráðherra vildi lýsa yfir því við formann nefndarinnar, að nefnd hefði verið skipuð í málið. Á fundi nefndarinnar 25. maí skýrði formaður frá að gefnu tilefni, að ástæðan til þess, að tillagan hefði ekki enn fengið formlega afgreiðslu þrátt fyrir samþykkt nefndarinnar 29. apríl, væri sú, að honum hefði ekki tekizt þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir að fá ráðherrann til að svara því, hvort skýra mætti frá því í nefndarálitinu, að ráðstafanir hafi þegar verið gerðar af hans hálfu til athugunar á því máli, sem tillagan fjallar um.

Flutningsmaður tillögunnar átti einnig tal við ráðherrann og innti hann eftir, hvort nefnd hefði verið skipuð til að athuga málið, hvenær sú nefnd hefði verið

skipuð og hvaða menn væru í henni. Svaraði ráðherrann þá ekki öðru en því, að slíkt skipti engu máli. Frekari svör vildi hann ekki gefa. Þegar tillagan var lögð fram í þinginu, hafði ráðherrann ekkert við hana að athuga og gat þess ekki þá, að hann hefði sett menn til að athuga málið. Ef það hefur nú verið gert, er sýnilegt að slík ráðstöfun hefur verið framkvæmd eftir að tillagan kom fram.

Nefndin sendi tillöguna Sambandi ísl. sveitarfélaga og borgarstjóranum í Reykjavík til umsagnar, og fylgir hér með umsögn þeirra aðila.

Minni hl. nefndarinnar mælir með, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 27. maí 1957.

Björn Ólafsson, frsm. Jón Sigurðsson.

Fylgiskjal I.

SAMBAND ÍSLENZKRA SVEITARFÉLAGA

Reykjavík, 19. febr. 1957.

Heiðrað bréf yðar, dags. 8. þ. m., ásamt tillögu til þingsályktunar um breytingu á innheimtu opinberra gjalda, sem nú liggur fyrir Alþingi, var lagt fyrir fund í stjórn Sambands íslenzkra sveitarfélaga 18. þ. m. og út af því gerð eftirfarandi bókun, sem samþykkt var með öllum atkvæðum:

„Stjórnin telur efni tillögunnar mjög athyglisvert og leggur til, að skipuð verði milliþinganefnd til að undirbúa málið og verði þá Sambandi íslenzkra sveitarfélaga gefinn kostur á að tilnefna mann í nefndina."

Til viðbótar skal þetta tekið fram:

Stjórn sambandsins hefur oft rætt þetta mál á fundum sínum, og formaður sambandsins, Jónas Guðmundsson, og varaformaður þess, Tómas Jónsson borgarritari, hafa báðir kynnt sér nokkuð þetta fyrirkomulag í Svíþjóð, en þar var það tekið upp 1950, og er því nokkur reynsla fengin þar í landi.

Því verður ekki í móti mælt, að það fyrirkomulag, sem þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir að taka upp, hefur marga kosti, sérstaklega í kaupstöðum og gagnvart launafólki yfirleitt. En hitt hefur og ómótmælanlega komið í ljós, að ýmis vandkvæði eru á um framkvæmdina, því að eftir á verður að fara fram uppgjör á viðskiptum hvers gjaldþegns við sveitarfélagið og þar sem ein innheimtustofnun er — eins og í Svíþjóð — einnig innbyrðis milli hennar og sveitarfélagsins. Flestir telja þó þrátt fyrir vissa framkvæmdarörðugleika, að hið nýja fyrirkomulag sé til mikilla bóta frá því, sem áður var.

Norðmenn eru nú að byrja að taka upp þetta fyrirkomulag, og hafa þeir vandað mjög til alls undirbúnings og reynt að læra sem mest af reynslu Svía. Danir hafa enn ekki tekið það upp.

Verði að því horfið hér á landi að taka þetta fyrirkomulag upp, þarf mjög að vanda til alls undirbúnings, því að hér er um gerbreytingu að ræða frá því skipulagi, sem nú tíðkast alls staðar á Íslandi, og alveg er fráleitt að hugsa sér, að slíkt stórmál sem þetta verði undirbúið fyrir Alþingi eða því ráðið til lykta, nema sveitarfélögum landsins — sérstaklega bæjarfélögunum — verði gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum þar á framfæri.

Í Svíþjóð og Noregi eru það fyrst og fremst fulltrúar sveitarstjórnanna, sem fjallað hafa um þetta mál, og eins ætti auðvitað að vera hér. Með því að setja milliþinganefnd í málið, þar sem sæti ættu fulltrúar frá sveitarfélögunum ásamt fulltrúum ríkisstjórnarinnar og Alþingis, mætti að líkindum undirbúa mál þetta sæmilega á einu til tveimur árum.

Virðingarfyllst,

Jónas Guðmundsson.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis, Alþingi, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

BORGARSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 25. marz 1957.

Á fundi bæjarráðs 22. þ. m. var gerð svofelld ályktun:

„Bæjarráð er því fylgjandi, að athugað verði nákvæmlega, hvort framkvæmanlegt sé og til bóta að innheimta persónuskatta jafnóðum og teknanna er aflað og að sameina innheimtu slíkra skatta til ríkis og sveitarfélaga.

Borgarstjóra falið að senda Alþingi umsögn um till. til þál. á þskj. 132."

Bæjarráð hafði áður falið Tómasi Jónssyni borgarritara að láta í té umsögn um tillöguna svo og tillögu um athugun á möguleikum til innheimtu útsvara af kaupi jafnóðum og það fellur til útborgunar, sem flutt var í bæjarstjórn 17. jan. þ. á.

Er umsögn borgarritarans dags. 1. þ. m., og sendi ég eftirrit með bréfi þessu.

Gunnar Thoroddsen.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis, Reykjavík.

Bæjarráð hefur falið mér til umsagnar tillögu, sem Óskar Hallgrímsson bæjarfulltrúi lagði fram á bæjarstjórnarfundi 17. janúar síðastl., svo hljóðandi:

„Bæjarstjórnin samþykkir að fela borgarstjóra og bæjarráði að láta fram fara athugun á því, hvort ekki sé hagkvæmt, að greiðslu útsvara þeirra útsvarsgreiðenda, sem laun taka, verði hagað þannig, að þessir aðilar inni greiðslur af hendi með jöfnum afborgunum, jafnóðum og laun þeirra falla til útborgunar."

Enn fremur tillögu til þingsályktunar um breytingu á innheimtu opinberra gjalda, sem liggur fyrir sameinuðu Alþingi, þskj. 132, og hnígur mjög í sömu átt.

Ég er mjög á því, að ríkisstjórn og sveitarstjórnir, og þá einkum bæjarstjórn Reykjavíkur, láti rannsaka, hvort æskilegt sé og framkvæmanlegt án mjög mikils undirbúnings að breyta skattheimtunni í það horf, sem stefnt er að með tillögunum.

Ég teldi mjög til bóta fyrir sveitarfélög, að innheimta mætti persónuskattana (útsvörin) með reglubundnari greiðslum en nú tíðkast, t. d. mánaðarlegum eða 10 afborgunum árlega. En ég tek skýrt fram, að ég á hér ekki einungis við skattheimtu af kaupi launþega, heldur skattgreiðslu allra gjaldendanna. Núgildandi heimild til innheimtu með allt að 10 greiðslum á ári, þar af 4 fyrir fram, áður en útsvarið er á lagt, gefur sæmilega raun að því er tekur til fastra launþega, en verður síður við komið með nægilega góðum árangri gagnvart öðrum gjaldendum.

Síðan árið 1943 hefur verið krafizt fyrirframgreiðslu hér í Reykjavík með gjalddögum marz—júní upp í útsvar gjaldársins, 50% af útsvari hvers gjaldanda næstliðið ár.

Í júnílok árin 1943—56 hafa innheimt útsvör numið 26.4% að meðaltali, miðað við áætl. útsvör næsta fyrirfarandi árs.

Munar hér langmest um fyrirframgreiðslur fastra starfsmanna af launum, en einnig töluvert um greiðslur frá gjaldendum, sem jafnan greiða útsvör sín að fullu, þegar er niðurjöfnun lýkur.

Hins vegar vantar mikið á, að þetta séu fullnægjandi skil fyrir bæjarsjóðinn. Það verður ljóst, þegar athugað er, að árið 1956 féllu í gjalddaga fyrirframgreiðslur skv. ofanrituðu ca. 55 millj. og reyndar um 56 millj. miðað við álagninguna 1955, en í júnílok voru greiddar aðeins rúml. 30 millj. kr., eða um 27.5% af áætlun 1955, en þó er það nokkru betra en meðaltalið.

Því er mjög haldið fram, að það sé til hagsbóta bæði fyrir hið opinbera og gjaldandann, að skattarnir séu inntir af höndum jafnóðum og teknanna er aflað, og er þá að vísu jafnan átt við launþegana eina. Þetta er vissulega rétt, það sem það nær. En erfiðleikarnir við framkvæmdir stafa fyrst og fremst af fyrirkomulaginu um stig-

hækkandi skattlagningu, sem víða er ríkjandi og alveg allsráðandi hér, að segja má, bæði að því er tekur til ríkisskatta og útsvara.

Þó má telja sennilegt, að nýja fyrirkomulagið yrði tiltölulega einfalt í meðförum við innheimtu skatta hjá launþegum, sem taka við föstum reglubundnum útborgunum árið um kring, en verður allt stirðara í meðförum, þegar eitthvað breytist í þessu efni, en það mun vera mjög algengt.

Má og fullyrða, að það reynist óhemju mikið verkefni að reikna hina stighækkandi skatta (bæði til ríkis og sveita) eftir skattárið og bera saman við greiðslur gjaldþegnsins á árinu. Í Svíþjóð varð sú reynslan, að útreikningunum var ekki lokið fyrr en ári eftir að skattárinu lauk, og hafa stafað af því einu hvers kyns vandkvæði, sum að vísu smávægileg, en hvimleið. Þó hef ég fyrir satt, að í Svíþjóð (Gautaborg) varð að byrja með því að stórauka starfsmannaliðið, er vinna skyldi að manntali, álagningu og innheimtu skattanna, um leið og talið var fært að breyta skattheimtunni í þetta horf, að innheimta jafnóðum af tekjum.

Það má vel vera, að okkur tækist að gera málið eitthvað einfaldara en Svíum tókst til að byrja með. Einmitt það atriði þyrfti nákvæmrar rannsóknar, með öðru.

Vitað er, að bæði Danir og Norðmenn hafa frá upphafi fylgzt mjög nákvæmlega með því í Svíþjóð, hverja raun hin nýja skattheimta hefur gefið, en ekki horfið að nýja fyrirkomulaginu fyrr en nú á þessu ári, að Norðmenn munu vera að taka það upp, en hins vegar bíða Danir enn.

Hvað sem hér kann að verða gert, þá verði það gert að vandlega rannsökuðu máli.

Eins og áður er að vikið, verður mönnum í sambandi við þetta málefni tíðræddast um skattheimtu hjá launþegum, hagræði, sem bæði þeir og hið opinbera mundi hafa af breytingunni.

En þó að „launþegar“ séu fjölmenn stétt eða fjölmennar stéttir, þá eru hinir og fjölmargir, sem ekki geta talizt beinir „launþegar“. Bændur til sveita og sjávar, fjöldi iðnaðarmanna, kaupmanna og annarra smáatvinnurekenda, læknar, lögfræðingar og prestar (svo að skilgreiningu St. G. St. sé haldið), eigendur alls konar véla og tækja etc., etc.

Svo er allur sá fjöldi, sem að vísu tekur laun sem launþegar, en hefur tekjur af ýmiss konar atvinnurekstri, ýmist sjálfir eða maki.

Loks eru þeir eiginlegu „atvinnurekendur“, þ. e. a. s. þeir, sem hafa eitthvað verulegt umleikis og „launþega“ í þjónustu sinni, svo að teljandi sé. Í þessum flokki ber oft mest á félögum, en þó eru þar enn allmargir einstaklingar.

Allt eru þetta gjaldendur, skattgreiðendur, og veltur á miklu, að sæmileg lausn verði fengin um greiðslufyrirkomulag skatta frá þessum aðilum, ekki síður en frá óbreyttum launþegum, a. m. k. frá sjónarmiði sveitar- og bæjarfélaganna, sem hafa því nær engar tekjur, aðrar en útsvörin.

Á tímum verðbreytinga, hækkandi verðlags, svo sem að undanförnu, má ætla, að enn sé erfiðara en ella að gera fyrir fram, t. d. í byrjun skattárs, áætlanir um greiðslur jafnóðum og tekna er aflað. Tel ég alveg víst, að undanfarin ár hefðu bakreikningar að loknu skattárinu orðið mjög algengir — og háir — hefði hið nýja fyrirkomulag verið komið til framkvæmda.

Ef einhver hefði ímyndunarafl til að hugsa sér tíma lækkandi verðlags og lækkandi skatta, mætti hugsa sér, að umreikningur að skattári loknu gæti leitt til endurgreiðslu á ofborguðum sköttum, en ....

Ef nánari rannsókn þessara mála skyldi leiða í ljós, að verulega þyrfti að fjölga starfsliði við álagningu og innheimtu skattanna, er sennilegt, að hagkvæmara þætti að sameina innheimtu ríkisskatta og útsvara og reyndar allra persónulegra skatta.

Þykist ég vita, að sú yrði niðurstaðan, að nýja innheimtufyrirkomulagið hlyti að leiða til sameiningar.

Margir telja og rétt, að stefna beri að sameiningunni, jafnvel þótt ekki þætti tímabært að taka skattgreiðslurnar „jafnóðum og teknanna er aflað“.

Í þessum sundurlausu athugasemdum er stiklað á stóru.

Aðalatriði þessa mál eru þau, að menn geri sér ljóst, að hér er um töluvert stórmál að ræða, sem krefst gaumgæfilegrar athugunar frá mörgum hliðum, ef von á að verða um jákvæðan árangur.

Reykjavík, 1. marz 1957.

Virðingarfyllst,
Tómas Jónsson.

Til bæjarráðsins, Reykjavík.

Nd. 669. Nefndarálit [175. mál]

um frv. til laga um vísindasjóð.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Frv. þetta er að langmestu leyti samhljóða frv., sem milliþinganefnd, skipuð af Bjarna Benediktssyni fyrrv. menntamálaráðherra, hefur samið. Í nefndinni áttu sæti Birgir Kjaran hagfr., prófessor Ármann Snævarr, dr. Júlíus Sigurjónsson, dr. Björn Sigurðsson og Pálmi Hannesson rektor. Vann nefndin geysimikið starf við undirbúning og samningu frv. Þær breytingar á frv., sem ráðuneytið hefur gert, varða fjárhag vísindasjóðs og stjórn.

Í tillögum fimmmenninganna var gert ráð fyrir, að stjórn sjóðsins yrði ekki pólitískt skipuð, eins og frv. gerir ráð fyrir.

Úr 6. gr. tillagna nefndarinnar hefur ráðuneytið fellt burt heimild deildarstjórnar til að ráða vísindalega menntaðan ritara til undirbúnings styrkveitinga, eftirlits með hagnýtingu styrkja og til annarra tæknilegra starfa.

Enn fremur felldi ráðuneytið niður tillögu nefndarinnar um skiptingu fjárins milli deilda sjóðsins.

Nefndin gerði tillögur til fjáröflunar, sem okkur undirrituðum þykja mun skynsamlegri en sú að leggja aukagjald á aðgöngumiða að kvikmyndasýningum. Í frv. nefndarinnar var gert ráð fyrir, að vísindasjóður yrði sjálfstæðari um fjárhag en vera mundi skv. frv. menntamálaráðherra.

Minni hl. menntamálanefndar telur sjálfsagt, að þingmönnum gefist kostur á að kynnast hugmyndum og niðurstöðum þessarar nefndar, og lætur því prenta hér sem fylgiskjöl gögn þau, er við höfum fengið í hendur og ekki hafa verið prentuð með frumvarpinu, auk frv. sjálfs, eins og nefndin skilaði því að loknum störfum.

Alþingi, 27. maí 1957.

Ragnhildur Helgadóttir, frsm. Jónas G. Rafnar.

Fylgiskjal I.

Frumvarp til laga um Vísindasjóð.

I. KAFLI
Stofnun og verksvið Vísindasjóðs.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Vísindasjóður.

2. gr.

Það er hlutverk Vísindasjóðs að efla íslenzkar vísindarannsóknir, einkum á sviði frumvísinda.

Í þessum tilgangi styrkir sjóðurinn:
a. Einstaklinga eða vísindastofnanir vegna tiltekinna rannsóknaverkefna.
b. Kandídata til vísindalegs sérnáms og þjálfunar.
c. Rannsóknastofnanir til kaupa á tækjum, ritum eða rannsóknaefnum.

II. KAFLI
Skipulag og stjórn Vísindasjóðs.

3. gr.

Vísindasjóður greinist í tvær deildir, raunvísindadeild og hugvísindadeild. Raunvísindadeild annast styrkveitingar til rannsókna á sviði náttúruvísinda, þar með taldar eðlisfræði og kjarnorkuvísindi, efnafræði, stærðfræði, læknisfræði, líffræði, jarðfræði, dýrafræði, grasafræði, verkfræði og tæknifræði.

Hugvísindadeild annast styrkveitingar á sviði félagsfræði, lögfræði, hagfræði, sálfræði, uppeldisfræði, sagnfræði, bókmenntafræði, málvísinda, heimspeki og guðfræði.

4. gr.

Menntamálaráðherra skipar þrjá menn í stjórn Vísindasjóðs til fjögurra ára í senn. Skulu það vera formenn beggja sjóðsdeilda og einn maður án tilnefningar. Stjórn Vísindasjóðs skiptir sjálf með sér verkum. Menntamálaráðherra skipar á sama hátt varastjórn. Tilnefna sjóðsdeildir tvo þeirra manna. Stjórn Vísindasjóðs er í fyrirsvari fyrir sjóðinn gagnvart stjórnarvöldum og öðrum aðilum og sér um fjárvörzlu.

5. gr.

Menntamálaráðherra skipar deildarstjórnir samkvæmt því, sem hér segir:
a. Stjórn raunvísindadeildar er skipuð fimm mönnum. Skal einn tilnefndur af Rannsóknaráði ríkisins, einn af læknadeild Háskóla Íslands og einn af verkfræðideild Háskóla Íslands. Einn skal tilnefndur af Kjarnfræðanefnd og einn af fundi, sem formaður Rannsóknaráðs ríkisins boðar til með deildarstjórum Atvinnudeildar háskólans og forstöðumönnum Náttúrugripasafns, Tilraunastöðvar háskólans í meinafræði, Rannsóknarstofu háskólans í meina- og sýklafræði, rannsóknarstofu Fiskifélags Íslands og raforkumálastjóra. Ráðherra getur ákveðið, að forstöðumenn annarra stofnana eigi aðild að síðastnefndri tilnefningu.
b. Stjórn hugvísindadeildar er skipuð fimm mönnum. Laga- og hagfræðideild Háskóla Íslands tilnefnir tvo og sé annar þeirra hagfræðingur eða félagsfræðingur. Heimspekideild Háskóla Íslands tilnefnir tvo og sé annar þeirra sálfræðingur eða uppeldisfræðingur. Guðfræðideild tilnefnir einn.

Varastjórn deildar er skipuð á sama hátt.

Stjórnendur deilda eru skipaðir til fjögurra ára, þó svo, að tveir af fyrstu stjórnendum hvorrar deildar ganga úr stjórn eftir tvö ár samkvæmt hlutkesti. Deildarstjórn skiptir sjálf með sér verkum.

6. gr.

Deildarstjórnir úthluta styrkjum hvor úr sínum hluta Vísindasjóðs og hafa eftirlit með því, að þeim sé varið í samræmi við það, sem áskilið var, er þeir voru veittir. Deildarstjórn er heimilt að ráða vísindalega menntaðan ritara til undirbúnings styrkveitinga, eftirlits með hagnýtingu styrkja og til annarra tæknilegra starfa. Styrkur er að jafnaði ekki veittur nema eftir umsókn. Stjórn deildar getur þó boðið vísindamanni eða forráðamanni rannsóknarstofnunar fjárstyrk til ákveðinna rannsókna. Styrkur er veittur til eins árs í senn, en heimilt er að endurveita hann.

Stjórn deildar getur átt frumkvæði að rannsóknum á tilteknum efnum og skipulagt þær.

III. KAFLI
Fjárhagsákvæði.

7. gr.

(Með fyrirvara samkv. bréfi nefndarinnar til menntamálaráðuneytis.)
Vísindasjóði skal aflað tekna með þessum hætti:

1. Áfengisverzlun ríkisins greiðir ársfjórðungslega til Vísindasjóðs gjald, sem svarar til einnar krónu af hverri flösku, er selzt hefur.
2. Á eftir 2. gr. laga nr. 6 15. júní 1926, um happdrætti og hlutaveltur, komi ný grein, 3. gr., svofelld: „Fyrir happdrættisleyfi samkv. 1. gr. skal greiða gjald, er nemi 10% af verði happdrættismiðanna, sem í umferð á að láta. Gjald þetta rennur í Vísindasjóð. Endurgreiða má leyfisgjald fyrir miða, sem ekki hafa selzt. Í reglugerð má kveða nánar á um innheimtu gjaldsins og endurgreiðslu."
3. Á eftir 3. gr. laga nr. 13 16. marz 1949, um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga, komi ný málsgrein, svofelld: „Þó skal greiða árlegt gjald, er nemur 15% af hreinum ágóða happdrættisins, til Vísindasjóðs. Gjald þetta skal í fyrsta skipti miðað við tekjur happdrættisins frá 1. júlí 1957 til ársloka."
4. Á eftir 3. gr. laga nr. 71 24. apríl 1954, um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, komi svofelld málsgrein: „Þó skal greiða árlegt gjald, er nemur 15% af hreinum ágóða happdrættisins, til Vísindasjóðs. Gjald þetta skal í fyrsta skipti miðað við tekjur happdrættisins frá 1. júlí 1957 til ársloka."

8. gr.

Fé því, sem Vísindasjóður hefur til umráða til styrkjaúthlutunar árlega, skal skipta svo milli hugvísindadeildar og raunvísindadeildar, að 30% fjárins komi í hlut hinnar fyrrnefndu, en 70% renni til hinnar síðarnefndu.

IV. KAFLI
Gildistaka o. fl.

9. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara skulu sett í reglugerð, sem menntamálaráðuneyti staðfestir samkvæmt tillögum stjórnar Vísindasjóðs. Reglugerð sú, sem greind er í 7. gr., 2. tl., er þó gefin út af dómsmálaráðuneyti.

10. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Á árunum 1953 og 1954 vann Rannsóknaráð ríkisins að undirbúningi tillagna um stofnun Vísindasjóðs. Var safnað gögnum um tilhögun hliðstæðra sjóða í nágrannalöndum og rætt um, hvaða fyrirkomulag mundi henta hér á landi. Rannsóknaráð sendi atvinnumálaráðuneytinu og menntamálaráðuneytinu greinargerð um málið seint á árinu 1954.

Í samráði við þáverandi atvinnumálaráðherra, Steingrím Steinþórsson, lét Rannsóknaráð síðan semja frumvarp um málið og var það sent sömu ráðuneytum snemma á árinu 1955.

Frumvarpið gerði ráð fyrir, að Vísindasjóður styrkti rannsóknir á sviði náttúruvísinda, þar með taldar læknisfræði og verkfræði, en ekki hugvísindarannsóknir.

Nokkrir hugvísindamenn ræddu sín á milli um þessar mundir þörfina á auknum fjárstuðningi við hugvísindarannsóknir hér á landi, og komu þeir á framfæri þeirri skoðun, að væntanlegur Vísindasjóður ætti einnig að styrkja hugvísindarann-

sóknir, þar eð sumar greinar þeirra a. m. k. væru mjög skammt komnar hér á landi og þyrftu eflingar við. Varð það samkomulag milli þáverandi menntamálaráðherra, Bjarna Benediktssonar, og þáverandi atvinnumálaráðherra, að hinn fyrrnefndi skipaði nefnd til frekari undirbúnings og væri einn tilnefndur af Rannsóknaráði ríkisins, einn af háskólaráði, einn af landbúnaðarráðherra, einn af hópi hugvísindamanna, sem látið hafa málið til sín taka, en menntamálaráðherra skyldi skipa formann nefndar án tilnefningar.

Hinn 24. marz 1956 skipaði svo þáverandi menntamálaráðherra nefnd fimm manna til að athuga og gera tillögur um, hvernig bezt verði komið fyrir fjáröflun og stjórn á styrkjum til vísindastarfsemi. Í nefnd þessa voru skipaðir Birgir Kjaran, hagfræðingur, formaður, Ármann Snævarr, prófessor, dr. Björn Sigurðsson, formaður Rannsóknaráðs ríkisins, Júlíus Sigurjónsson, prófessor, og Pálmi Hannesson, rektor. Hefur nefndin samið ofanritað frumvarp. Þess skal getið sérstaklega, að nefndin hafði gengið til fullnaðar frá frumvarpinu, að fráskildum fjárhagsákvæðum þess, áður en Pálmi rektor Hannesson féll frá.

Hér á eftir verður í I. kafla farið nokkrum orðum um þörf á auknum stuðningi við vísindastarfsemi hér á landi og rætt um stofnun og hlutverk Vísindasjóðs. Í II. kafla verður stutt greinargerð um starfsemi vísindasjóða erlendis, einkum á Norðurlöndum. Loks verða einstakar greinar frumvarpsins reifaðar og skýrðar í III. kafla.

(Um efni I. kafla vísast til fylgiskjala I og II á þskj. 545, en í fskj. III hefur ráðuneytið látið prenta aðeins bráðabirgðagreinargerð um þetta efni, og er því hin endanlega grg. prentuð hér.)

II. KAFLI

Um tilhögun vísindasjóða í Danmörku og Noregi.

Áður en ofanritað frumvarp var samið, var rannsakað nokkuð, hvernig vísindastarfsemi er styrkt í nágrannaríkjum.

Af gögnum frá Danmörku, Svíþjóð, Bretlandi, Bandaríkjunum og Kanada verður ráðið, að í þessum löndum er lagt mikið kapp á að örva menn til vísindalegra starfa og að styrkja vísindastarfsemi fjárhagslega. Alkunnugt er, að eftir að heimsstyrjöldinni lauk hafa verið stofnaðir öflugir vísindasjóðir í löndum þessum, svo sem National Science Foundation í Bandaríkjunum, Vísindasjóður ríkisins í Danmörku og Almenni vísindasjóðurinn norski. Auk þess hafa t. d. brezku sjóðirnir, sem styrkja náttúruvísindi og læknisfræðirannsóknir, verið efldir stórum. Í Svíþjóð hafa framlög til vísindastarfsemi einnig hækkað mikið. Í þessum löndum var þó rekin víðtæk styrkjastarfsemi, áður en þessi aukning var gerð, og er auðséð, hve mjög vér Íslendingar erum á eftir í þessum efnum.

Sýnilegt er af gögnum, að menn hafa farið mismunandi leiðir í þessum löndum til þess að ná því takmarki, sem hér er stefnt að. Í sumum löndunum hefur verið lögð áherzla á að stofna vísindasjóði eða efla þá, sem fyrir eru. Tilhögun þeirra sjóða er sýnilega með tvenns konar hætti, sums staðar eru almennir sjóðir með allvíðtækri deildarskiptingu, en annars staðar eru sérsjóðir fyrir tilteknar fræðigreinar (sbr. t. d. í Bretlandi Department of Scientific and Industrial Research og The Medical Research Council, í Danmörku sjóður tæknivísinda o. fl.). Í öðrum löndum hefur megináherzla verið lögð á að stofna nýjar stöður handa efnilegum vísindamönnum, einkum við háskóla eða rannsóknarstofnanir, þar sem skyldustörfum þeirra hefur verið stillt í hóf, en þeir átt þess kost að sérmennta sig samfara starfi. Þessi leið hefur t. d. einkum verið valin í Svíþjóð, þar sem dósentum, öðrum háskólakennurum og starfsmönnum á rannsóknarstofnunum hefur verið stórfjölgað. Raunar hefur hliðstæð þróun einnig átt sér stað í hinum löndunum, þar sem áherzla hefur verið lögð á að stofna öfluga vísindasjóði.

Danmörk.

Eins og kunnugt er, starfa í Danmörku allmargir öflugir sjóðir, er hafa það hlutverk að efla og hlynna að vísindastarfsemi. Öflugasti sjóðurinn er Carlsbergssjóðurinn, sem veitir styrki þeim, er vinna að náttúruvísindum og ýmsum hugvísindum (húmanistiskum vísindum). Sá sjóður styrkir hins vegar ekki hagnýt vísindi eða tæknivísindi. Árlega er úthlutað um 1½ millj. dönskum krónum úr þessum sjóði. Þá má einnig geta Rask-Örsted-sjóðsins, sem stofnaður var 1919. Úr honum eru veittir styrkir til allra vísindagreina, en þó því aðeins að þær varði rannsóknarefni, sem hafa ekki eingöngu þjóðlegt gildi. Úthlutanir námu d. kr. 660 000.00 starfsárið 1954—1955. Rannsóknaráð tæknivísinda, sem sett var á stofn 1946, ræður yfir um það bil ¼ millj. d. kr. árlega til úthlutunar. Auk þessara almennu sjóða eru margir sérsjóðir, ekki sízt við háskólana í Kaupmannahöfn og Árósum.

Skömmu eftir heimsstyrjöldina síðustu var skipuð í Danmörku nefnd manna til þess að gera tillögur um það, hversu unnt væri að bæta hag vísinda- og fræðimanna í Danmörku. Meðal merkustu tillagna nefndarinnar var tillaga um stofnun almenns vísindasjóðs. Var frv. lagt fram á þingi 1952 um stofnun þess sjóðs, og náði það þegar fram að ganga (lög nr. 205 7. júní 1952), sbr. einnig tilskipun 24. júní 1952.

Skal nú rekja stuttlega höfuðdrætti um starfssvið sjóðsins og starfshætti:

A. Hlutverk sjóðsins.

Því er lýst svo í tilskipun um sjóðinn: „Hlutverk hins almenna vísindasjóðs ríkisins er að stuðla að danskri vísindastarfsemi, einkum á sviði frumvísinda, og skiptir ekki máli, hvaða stofnun vísindastarfsemin er tengd."

Í 2. gr. tilskipunarinnar er hlutverk sjóðsins sérgreint nánar. Samkvæmt 1. málsgr. skal verja árlegum tekjum sjóðsins til þess að stuðla að framkvæmd á rannsóknum, sem ætla má að ljúkist innan tiltekins tíma, enda megi hvorki vænta fjárframlaga til þeirra af því fé, sem árlega er veitt til rekstrar rannsóknarstofnana, né annarra fjárveitinga eða fjárstyrkja samkvæmt fjárlögum eða frá ráðuneytum. — Í 2. málsgr. eru síðan tekin upp þau rannsóknarefni, sem heimilt er að styrkja.

Samkvæmt því má verja fé úr sjóðnum til þess að styrkja þá starfsemi, sem nú greinir:

1. Meiri háttar vísindalegar rannsóknir, svo sem fornleifagröft, rannsóknarleiðangra og ýmiss konar vísindalegar rannsóknir á náttúru lands, svo og rannsóknir, sem framkvæmdar eru í rannsóknarstofnunum og tilraunastöðvum.
2. Útvegun tækja og rita við vísindaleg störf, enda séu þau sérstaklega dýr eða sérstaks eðlis að öðru leyti.
3. Veita má styrki úr sjóðnum til aðstoðar við vísindarannsóknir, og tekur þetta til aðstoðar vísindalega þjálfaðra manna, enda sé hún til bráðabirgða, eða annars konar aðstoðar.
4. Útvegun rannsóknarefna, svo sem tilraunadýra og ljósmynda af handritum.
5. Útgáfa vísindarita.
6. Ferðalög í þágu tiltekinnar, vísindalegrar rannsóknar.
7. Styrkja má danska vísindamenn, sem þörf er á að létta af sér störfum, til þess að geta einbeitt sér að tilteknum rannsóknum.

Í 3. málsgr. er síðan ákvæði um það, að sjóðurinn veiti eingöngu styrki samkvæmt umsóknum frá vísindamönnum og vísindastofnunum, en stjórn sjóðsins skipuleggur ekki rannsóknir eða gerir uppástungur um þær.

B. Stjórn vísindasjóðs.

Um stjórn sjóðsins eru þau ákvæði, að hún sé skipuð einum manni frá hverri deild sjóðsins, sem eru 5 talsins, svo sem senn verður greint. Auk þess er einn

fulltrúi frá menntamálaráðuneyti og annar frá fjármálaráðuneyti í sjóðsstjórninni. Stjórnin kýs sér formann til eins árs, og er heimilt að endurkjósa hann.

C. Deildir sjóðsins og verkefni þeirra.

Innan vísindasjóðs starfa fimm deildir, og er stjórn deildar skipuð vísindamönnum einum. Það er verkefni deildanna að ræða og gera tillögur um þær styrkumsóknir, sem borizt hafa, hver á sínu fagsviði, en stjórn sjóðsins leysir úr því til fullnaðar.

Deildir sjóðsins eru:

1. *Náttúruvísindadeild.*

Stjórn hennar er skipuð 5 mönnum.

Þessi deild sjóðsins fjallar um málefni, sem varða rannsóknarefni innan náttúruvísinda, þar á meðal fræðileg efni, sem jafnaðarlega eru talin til læknavísinda og landbúnaðarfræða.

2. *Hugvísindadeild* (húmanistisk vísindi).

Deildin fjallar um rannsóknarefni á vettvangi hugvísinda, og er guðfræði talin til þeirra greina.

3. *Félagsvísindadeild.*

Til þessarar deildar ber að skjóta málum, er varða félagsvísindi (lögfræði, hagfræði, stjórnfræði og félagsfræði).

4. *Læknisfræðideild.*

Deildin fjallar um málefni, er varða læknavísindi, að svo miklu leyti sem þau teljast ekki til náttúruvísindadeildar.

5. *Landbúnaðardeild.*

Stjórn deildar er skipuð 5 mönnum, sem yfirleitt eru tilnefndir af tilteknum háskóladeildum.

Kjörtímabil stjórnarmanna deildar er yfirleitt 5 ár, og þó svo, að á ári hverju verður eitt sæti laust í deildarstjórn, þ. e. eftir fyrsta starfsár fer einn maður úr stjórn samkvæmt hlutkesti, sem fram fer í upphafi starfstímabils, og er þá kosinn maður í hans stað að nýju, og svo koll af kolli. Endurkjósa má stjórnarmann, en þó ekki nema til eins kjörtímabils. Hver deild kýs sér formann til eins árs, og má endurkjósa hann til formennsku. Kjörgengir til stjórnarstarfa í deild eru þeir vísindamenn einir, sem eru undir sjötugu, þegar kosning fer fram.

D. Um tilhögun styrkveitinga.

Styrkir eru veittir í eitt skipti fyrir öll eða til tiltekins árabils.

Styrkir eru veittir samkvæmt umsóknum, sem stíla ber til stjórnar sjóðsins á auglýstum tíma ár hvert. Þegar sérstaklega stendur á, er unnt að veita styrki á öðrum tíma en þeim, sem auglýstur er árlega.

E. Skipting tekna sjóðsins milli deilda.

Í 7. gr. í tillögum vísindasjóðsnefndar til tilskipunar um vísindasjóð var lagt til, að greint yrði í tilskipun, hversu mikla hlutdeild hver einstök deild skyldi fá í þeirri heildarfjárhæð, sem tiltækileg væri til úthlutunar hverju sinni. Ráðuneytið virðist ekki hafa fallizt á þessa tilhögun, en ekki er skýrt, hvernig leysa eigi þetta mál. Helzt er svo að sjá, að yfirstjórn sjóðsins ákveði hverju sinni þessa skiptingu fjárins — væntanlega eftir að sýnt er, hverjar umsóknir borizt hafa ár hvert.

F. Tengsl vísindasjóðs við aðra vísindalega sjóði.

Stjórn sjóðsins ber að hafa nána samvinnu við Carlsbergsjóðinn, Rask-Örstedsjóðinn, rannsóknaráð tæknivísinda og aðra sjóði og stofnanir, sem vinna að og veita styrki til vísindastarfa, í því skyni að samræma eftir föngum störf þessara aðila.

G. Fjárstjórn o. fl.

Stjórn sjóðsins annast bókfærslu og semur reikninga árlega.

Þess skal að lokum getið, að árlegt framlag danska ríkisins til sjóðsins er 2 millj. kr. samkvæmt vísindasjóðslögunum frá 1952.

Noregur.

Í Noregi eru nokkrir sjóðir, sem ætlað er að stuðla að vísindastarfsemi, en þeir eru þó fæstir verulega öflugir. Af sjóðunum má nefna þessa: Nansens-sjóðinn og þá sjóði, sem við hann eru tengdir. Mun fé þeirra nema um 12½ millj. norskra króna. Norsk varekrigsforsikrings fond, um 3½ millj., og gjafasjóður C. Mohr, sem nemur rösklega 1 millj. króna. Vísindarannsóknasjóðurinn frá 1919, sem stofnaður var með 3 millj. kr. framlagi samkvæmt ályktun Stórþingsins 18. júlí 1919, mun nú nema um 4.8 millj. Sjóðurinn greinist í tvær deildir, hugvísindadeild og náttúruvísindadeild, og skiptist fé sjóðsins milli þeirra deilda nokkuð að jöfnu. Langöflugasti vísindasjóður Noregs er þó ótalinn, þar sem er sjóður sá, sem vísindastarfsemi hlýtur um hendur Norskra getrauna h/f. Til þessarar getraunastarfsemi var stofnað með ályktun Stórþingsins 21. júní 1946. Voru þau ákvæði þá sett um tekjur getrauna, að þær skyldu skiptast milli íþróttahreyfingar og vísindastarfsemi á þá lund, sem nú greinir:

1. 1 millj. kr. tekjur ganga óskiptar til íþróttamála.
2. Af tekjum frá 1 millj. til 2 millj. ganga 80% til íþróttamála auk þeirrar 1 millj. kr., sem greinir í 1. tölulið.
3. Af 2 til 3 millj. kr. tekjum renna 60% til íþróttamála.
4. Af tekjum frá 3 til 4 millj. renna 40% til íþróttamála.
5. Af tekjum, sem nema meiru en 4 millj., ganga 20% til íþróttamála.

Það fé, sem ekki gengur til íþróttamála, rennur óskipt til vísindastarfsemi.

Á fjárlagaárinu 1956—1957 nema þær fjárhæðir, sem renna af getraunafé til vísinda- og fræðistarfsemi í Noregi, um 22 millj. norskra króna, en úr öðrum sjóðum, sem hlynna að vísindastarfsemi, er áætlað að úthlutað hafi verið um 3.0 millj. kr. Sést af þessu, að getraunaféð er langdrýgsta tekjulindin fyrir norsk vísindi.

Þrjú rannsóknaráð ráðstafa getraunafénu og fylgjast með, hvernig því er varið, þ. e. Rannsóknaráð tækni- og náttúruvísinda, Rannsóknaráð almennra vísinda og Rannsóknaráð landbúnaðarvísinda. Rannsóknaráðin hafa með sér samvinnunefnd (Forskningsrådenes fellesutvalg), sem þrjú ráðuneyti eiga einnig fulltrúa í. Skal nú gerð grein fyrir hvoru tveggja, yfirstjórn sjóðsins og deildunum, en auk þess verður skýrt frá skiptingu fjár milli vísindagreina.

1. *Yfirstjórn sjóðsins.*

Hún er skipuð formanni og 10 meðlimum, ásamt varamönnum, og skipar konungur þá alla.

1. 2 eru nefndir til af rannsóknaráði tæknivísinda og náttúruvísinda.
2. 3 eru nefndir til af rannsóknaráði almennra vísinda.
3. 2 eru nefndir til af rannsóknaráði landbúnaðarvísinda.
4. 3 stjórnarmenn eru tilnefndir af ráðuneytum, kirkju- og menntamálaráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti og iðnaðar- og sjávarútvegsmálaráðuneyti.

Kjörtímabil formanns og annarra stjórnarmanna er 4 ár.

Konungur virðist skipa formann án tilnefningar.

Hlutverk yfirstjórnarinnar er að gera tillögur til menntamálaráðuneytis um það, hvernig skipta skuli getraunafé milli deilda sjóðsins. Samkvæmt þessu ákvæði er það ráðuneyti, sem sker úr því til fullnaðar, hvernig skiptingin verði framkvæmd, en sjálfsagt fer ráðuneytið að jafnaði eftir tillögum yfirstjórnar sjóðsins. Yfirstjórnin á enn fremur að fjalla um málefni, sem varða deildirnar allar. Hún skal vera ríkisstjórn og ráðuneytum til aðstoðar í málefnum, sem varða fjárframlög til vísinda, og

enn fremur veita upplýsingar, sem einstaklingar eða opinberir aðilar kunna að leita eftir og varða starfsemi ráðanna þriggja.

2. *Deildirnar þrjár.*

A. Rannsóknaráð tæknivísinda og náttúruvísinda:
Í ráðinu eru 26 menn, og skiptast þeir í þrjá hópa:

1. Sex menn eru tilnefndir af jafnmörgum ráðuneytum.
2. Tíu menn tilnefndir af iðnaðarsamtökum og atvinnurekendafélögum. A. m. k. 4 skulu vera sérfræðingar.
3. Tíu menn tilnefndir af háskólum og rannsóknarstofnunum.

B. Rannsóknaráð almennra vísinda:
Í ráði þessu eru 5 greinaflokkar, og eru ráðsmenn 32. Skiptast þeir svo á greinaflokka:

a. Tungumál og sagnfræði, 6 meðlimir.
b. Félagsvísindi, 6 meðlimir.
c. Sálfræði og uppeldisfræði, 6 meðlimir.
d. Náttúruvísindi, 8 meðlimir.
e. Læknisfræði, 6 meðlimir.

C. Rannsóknaráð landbúnaðarvísinda:
Í ráðinu eru 29 menn, og skiptast þeir í 4 hópa.

1. Fimm menn tilnefndir af stjórnardeildum.
2. Fimm menn tilnefndir af bændasamtökum.
3. Ellefu menn tilnefndir af háskólum, bændaskólum og tilraunastöðvum.
4. Átta menn tilnefndir af tilraunaráðum landbúnaðarins og nefndum.

Öllum rannsóknaráðum eru settar ýtarlegar starfsreglur.

3. *Skipting fjár milli vísindagreina.*

Á árunum 1954—1955 og 1956—1957 var fé, sem rann til vísinda af getraunafé í Noregi, skipt þannig:

	1954—1955 millj. kr.	1956—1957 millj. kr.
Sérlegar framkvæmdir	6.560	7.715
Samvinnunefnd rannsóknaráða	0.125	0.185
Rannsóknaráð almennra vísinda	5.020	5.800
Rannsóknaráð landbúnaðarvísinda	2.845	3.370
Rannsóknaráð tækni- og náttúruvísinda	3.560	4.930
Millj. kr.	18.000	22.000

Fé það, sem kom til úthlutunar rannsóknaráðs almennra vísinda, skiptist þannig árið 1954—1955:

Mál og saga	1.3	millj. kr.
Félagsvísindi	0.348	— —
Sálfræði	0.380	— —
Náttúruvísindi	1.511	— —
Læknisfræði	0.902	— —
Óskipt	0.379	— —
Stjórnarkostnaður	0.200	— —
	5.020	millj. kr.

Af því fé, sem rannsóknaráð almennra vísinda úthlutaði tilgreindri starfsemi, fóru því 2.0 millj., eða 45%, til hugvísindarannsókna, en 2.4 millj., eða 55%, til náttúruvísinda og læknisfræði. Ef gert er ráð fyrir, að annað fé rannsóknaráðs al-

mennra vísinda hafi skipzt í svipuðu hlutfalli, hafa hugvísindi hlotið alls um 2.290 millj., en náttúruvísindi og læknisfræði um 2.733 millj. af fé þess rannsóknaráðs.

Af þeim 6.560 millj. kr., sem varið var til sérlegra framkvæmda, fóru 6.460 til náttúruvísindalegra framkvæmda.

Því má álykta, að af þeim 18 milljónum getraunafjár í Noregi, sem varið var til vísinda árið 1954—1955, hafi 2.833 millj. kr. eða tæpum 16% verið varið til hugvísinda, en 15.152 millj. kr., eða um 84%, verið varið til náttúruvísinda, þar með taldar verkfræði og læknisfræði.

III. KAFLI

Athugasemdir við einstakar greinar ofanskráðs frumvarps.

Um 1. gr.

Hér er mælt fyrir um stofnun Vísindasjóðs og heiti hans lögfest.

Um 2. gr.

Í 2. gr. er sjóðnum markað það verksvið almennt að efla íslenzkar vísindarannsóknir, einkum á sviði frumvísinda. Er þetta ákvæði svipaðs efnis í dönsku og norsku lögunum um vísindasjóði. Sjóðurinn styrkir að sjálfsögðu einnig hagnýtar rannsóknir, en ákvæðið felur í sér, að frumvísindarannsóknir eiga að sitja í fyrirrúmi, þótt reyndar sé stundum vandi að greina þar á milli. Um hina einstöku liði greinarinnar skal þetta tekið fram:

a-liður. Samkvæmt honum er heimilt að styrkja einstaklinga eða vísindastofnanir vegna tiltekinna rannsóknarverkefna. Hér er ekki kveðið sérstaklega á um það, hversu hár styrkur geti verið eða hvort einskorða eigi hann við beinan kostnað, sem vísindamaður hefur af því að gegna tiltekinni rannsókn. Eins og ákvæðið er orðað, hefur deildarstjórn óbundnar hendur í þessu efni. Það er þó engan veginn ætlunin með þessu ákvæði, að styrkir verði launabót til fastra embættis- eða starfsmanna, heldur að þeim verði í hæsta lagi bættur tekjumissir, sem þeir kunna að verða fyrir vegna rannsókna sinna. Ljóst er, að upphæð styrks getur oltið á því, hvort umsækjandi hefur lífvænlegt starf samhliða rannsóknarstarfi sínu. Þegar rætt er hér um vísindastofnanir er að sjálfsögðu átt við það, að stofnun hafi mönnum á að skipa, sem vinni að rannsóknarstörfum, og einnig að stofnun verði því aðeins veittur styrkur, að henni komi ekki fé annars staðar að í sama skyni. Þykir ekki þörf á að taka þetta sérstaklega fram, svo sem gert er t. d. í dönsku lögunum.

Ljóst er, að unnt er að veita mönnum styrki úr sjóðnum, þótt þeir hafi ekki lokið háskólaprófum. Allt veltur á því, hvort þeir teljast hæfir til að sinna vísindalegum rannsóknum, og að rannsóknarefni þeirra séu þess efnis, að þau teljist styrkhæf.

b-liður. Kandídatar geta því aðeins fengið styrk úr sjóðnum, að styrk sé varið „til vísindalegs sérnáms og þjálfunar". Með þessu orðalagi er átt við það, að óheimilt er að styrkja kandídata til venjulegs framhaldsnáms eftir kandídatspróf, þ. e. a. s. kandídat verður að vinna að tilteknum sérfræðilegum rannsóknum í hinu fyrirhugaða námi sínu eða afla sér vísindaþjálfunar.

Eins og drepið er á hér að framan, telur nefnd sú, er frumvarpið samdi, æskilegt, að bráðlega verði stofnaður lánasjóður fyrir kandídata, og mundi sá sjóður stuðla að því, að kandídatar gætu stundað almennt framhaldsnám, þótt þeir hefðu ekki í huga að einbeita sér að sérgreindum rannsóknarefnum. Sjóði þeim, sem stofna á samkvæmt frumvarpi þessu, væri og alls kostar ofviða að styrkja kandídata almennt til framhaldsnáms.

c-liður. Um styrki til rannsóknarstofnana á það við, sem sagt var almennt við a-lið. Ljóst er, að sjóðsstjórn (eða deildarstjórn) getur fest kaup á tækjum, ritum eða rannsóknarefnum og látið þau í té einstökum rannsóknarmönnum. Ekki þykir þó þörf að festa þá heimild í lögum.

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um skiptingu sjóðs í deildir. Rétt hefur þótt að mæla fyrir um það í frv., hverjar vísindagreinar teljast til hvorrar deildar um sig, þótt upptalning sé ekki tæmandi, enda verða mörkin milli deildanna þá skýrari.

Um 4. gr.

Óþarft hefur þótt að hafa stjórnarmenn sjóðsins fleiri en þrjá, enda eru verkefni stjórnar tiltölulega afmörkuð.

Um 5. gr.

Nokkur vandi er að ákveða, hvernig skuli skipa deildarstjórnir. Hér er leitazt við að tryggja, að sem flestar megingreinar, er teljast til hvorrar deildar um sig, fái fulltrúa í deildarstjórn. Þessu marki verður þó ekki náð að fullu nema með því að hafa stjórnarmenn deildar mun fleiri en heppilegt þykir af öðrum ástæðum. Ef ákvæði 5. gr. verða lögfest, má telja öruggt, að í deildarstjórnir veljist kunnáttumenn einir, sem séu gerkunnugir málum sinnar greinar og kunni skil á vísindalegum vinnubrögðum almennt.

Rétt hefur þótt að kveða svo á, að umboð tveggja fyrstu stjórnarmanna í deild renni út eftir tveggja ára setu samkvæmt hlutkesti. Verður þá aldrei skipt um fleiri en 2 eða 3 stjórnarmenn í einu. Með þeirri tilhögun er stuðlað að festu og samhengi í störfum deilda.

Um 6. gr.

Hér eru ákvæði um það, hverjir annist úthlutun styrkja úr Vísindasjóði, og enn fremur ákvæði um úthlutunarhætti og eftirlit með því, hvernig styrkir séu hagnýttir. Meginregla er, að deildarstjórn úthlutar styrk eftir umsóknum, sem borizt hafa. Þó getur stjórn deildar boðið vísindamanni eða forráðamanni rannsóknarstofnunar fjárstyrk, enda getur deildarstjórn átt frumkvæði að rannsóknum á tilteknum efnum og skipulagt þær.

Hér á landi mun nokkuð skorta á eftirlit með því, að námsstyrkir séu ætíð notaðir svo sem til var ætlazt og skylt er.

Maður, sem hefur eftirlit með hagnýtingu styrkja Vísindasjóðs, þarf að bera gott skyn á vísindaleg vinnubrögð og að hafa gott yfirlit yfir rannsóknir, sem styrkþegi stundar. Slíku eftirliti er ókleift að koma við, nema sérstökum manni sé falið að annast það. Vísindasjóðsfrumvarpið heimilar því, að hvor deild um sig ráði vísindalega menntaðan ritara til þess að rækja slíkt eftirlit, þótt ekki sé gert ráð fyrir, að það verði fullt starf. Ritari mundi einnig verða ungum mönnum til aðstoðar við að koma þeim fyrir við hentugar stofnanir utan lands eða innan. Auk þess mundi ritari annast önnur störf, svo sem undirbúning mála, sem leggja á fyrir sjóðsstjórn. Má þar til nefna, að kanna þarf vandlega umsóknir, sem berast, hvort þær séu nægilega undirbúnar og rökstuddar. Margvísleg önnur tæknileg atriði mundu þarfnast undirbúnings og afgreiðslu.

Um 7. gr.

Hér að framan er það rakið, að mörg verkefni bíða Vísindasjóðs. Ljóst er, að sjóðurinn kemur því aðeins nokkru verulegu til leiðar, að hann hafi allmiklar og öruggar tekjur. Nefndin, er frumvarpið samdi, telur, að ekki muni rétt að áætla fjárþörf minni en 1½ milljón á ári fyrstu árin miðað við núverandi verðlag, en æskilegt er, að hægt væri að ráðstafa meiru fé.

Í 7. gr. er lagt til, að Vísindasjóði verði ætlaðir þrír tekjustofnar: 1. Nokkurt aukagjald verði lagt á selt áfengi, 2. 10% leyfisgjald verði tekið af almennum happdrættisleyfum og 3. 15% gjald verði tekið af tekjum tveggja vöruhappdrætta. Þessum úrræðum er það sameiginlegt, að ríkissjóður missir ekki eða þarf ekki að missa af tekjum, þótt þessir tekjustofnar verði lagðir til Vísindasjóðs. Skal nú vikið að hverjum tölulið greinarinnar um sig.

1. töluliður. Hér er lagt til, að Áfengisverzlun ríkisins greiði gjald, sem nemi 1 kr. af hverri seldri flösku, til Vísindasjóðs. S. l. ár voru seldar 846 920 flöskur, en 1954 869 155 flöskur. Hreintekjur Áfengisverzlunar ríkisins eru áætlaðar kr. 76 000 000.00 á fjárlögum fyrir árið 1956. Að sjálfsögðu væri unnt að hækka verð áfengis, sem næmi þessu gjaldi. Þess skal getið, að allvíða erlendis er sala áfengra drykkja, einkum áfengs öls, skattlögð í þágu vísinda.

2. töluliður. Hér er lagt til, að gjald verði tekið af almennum happdrættisleyfum. Samkv. l. nr. 6/1926 þarf leyfi dómsmálaráðuneytis að koma til, ef efna skal til happdrættis, annars en peningahappdrættis. Nú er ekki tekið gjald fyrir happdrættisleyfi, en leyfi munu ekki veitt öðrum en félögum eða öðrum samtökum. Samkvæmt upplýsingum frá dómsmálaráðuneytinu var 30 aðilum veitt happdrættisleyfi árið 1955. Nam fjöldi miða alls 846 800. Rétt er að benda á, að þetta er óvenjulegur miðasægur, þar sem kosningahappdrætti stjórnmálaflokka eru þarna meðtalin. Í 2. tölulið er lagt til, að gjald fyrir happdrættisleyfi nemi 10% af verði happdrættismiða, sem leyfið tekur til. Í reglugerð mun vera rétt að kveða svo á, að endurgreiða megi gjald af þeim miðum, sem sannanlega hafa ekki selzt.

3. og 4. töluliður. Með lögum nr. 13/1949 var Sambandi íslenzkra berklasjúklinga heimilað að stofna til vöruhappdrættis, og með l. nr. 71/1954 var dvalarheimili aldraðra sjómanna einnig heimilað að stofna til svipaðs happdrættis. Er kunnugt, að mikill ágóði hefur orðið á þessum happdrættum. Háskóli Íslands hefur samkv. lögum nr. 44/1933, sbr. l. nr. 81/1940, einkaheimild til að reka peningahappdrætti til 1. jan. 1960. Samkv. 1. gr. l. nr. 44/1933 hefur háskólinn þurft að gjalda 20% af hreinum arði sínum fyrir happdrættisleyfið. Rennur gjald þetta til rekstrar Atvinnudeildar háskólans. Samband íslenzkra berklasjúklinga og Dvalarheimili aldraðra sjómanna hafa hins vegar ekki þurft að greiða neitt gjald fyrir hin lögbundnu happdrættisleyfi sín, og er hlutur háskólans því miklu lakari en þessara aðila tveggja. Hér er lagt til, að 15% gjald verði lagt á happdrætti beggja þessara aðila og renni það gjald í Vísindasjóð. S. Í. B. S. hefur notið happdrættisfríðindanna í 7 ár, en Dvalarheimilið í nærfellt 3 ár, og hið lága gjald, sem hér er lagt til að innheimt verði, skerðir ekki tilfinnanlega tekjur af þessum happdrættisfyrirtækjum. Lagt er til, að þessi skipan komist ekki á fyrr en frá 1. júlí n. k. að telja. Þyki óviðkunnanlegt að byrja þessa happdrættisskattlagningu á miðju leyfistímabili, mætti ef til vill bæta leyfishöfum tekjumissi að einhverju leyti með því að heimila þeim að fjölga miðum.

Um 8. gr.

Telja verður, að fjárþörf raunvísindadeildar Vísindasjóðs sé mun meiri en hugvísindadeildar, og er hér lagt til, að fé sjóðsins skiptist svo milli deilda, að 70% komi í hlut raunvísindadeildar, en 30% í hlut hugvísindadeildar. Um þetta varð þó nokkur ágreiningur í nefndinni. Heppilegt mun að festa þetta hlutfall í lögunum sjálfum, svo að komið verði í veg fyrir togstreitu milli deilda sjóðsins um hlutdeild í heildarfé hans.

Um 9. og 10. gr.

Þær veita ekki tilefni til athugasemda.

Nokkrar athuganir á fjárframlögum til vísinda- og fræðistarfsemi á Íslandi.

1.

Fjárframlög til fræði- og vísindastarfsemi hér á landi stafa að langsamlega mestu leyti frá ríkinu eða ríkisstofnunum. Nokkur framlög koma frá háskólanum og sjóðum hans, einkum Sáttmálasjóði. Auk þess eru fræðistörf unnin á vegum félaga eða með styrk frá þeim.

Athugun á fé til framdráttar þeim málefnum, sem hér greinir, getur aldrei orðið tæmandi. Gögn um þau efni eru víða dreifð og ekki jafnan tiltækileg. Þess verður einnig vel að gæta, að framlög þessi styrkja mjög mismunandi starfsemi

að efni til. Má þar greina milli þrenns konar starfsemi, sem hvílir á eða tengd er fræðistarfsemi: 1. Þjónusta, sem innt er af hendi af hálfu rannsóknarstofnana eða fræðilega þjálfaðra manna (einkum tæknileg þjónusta). Glögg dæmi þessa eru margar rannsóknarstofnanir hér á landi, svo sem Atvinnudeild háskólans að því er varðar ýmsa þætti í starfsemi hennar, rannsóknarstofnanir í læknisfræði o. fl. Stofnanir eins og raforkumálaskrifstofa, vitamálaskrifstofa og vegamálaskrifstofa inna og af höndum slíka þjónustu, þótt með nokkuð mismunandi hætti sé. Iðnaðarmálastofnunin kemur og hér undir og rannsóknarstofa Fiskifélagsins. 2. Hagnýtar rannsóknir. Atvinnudeild háskólans fjallar um margar þessar rannsóknir, en auk þess fara þær fram á ýmsum öðrum rannsóknarstofnunum, t. d. rannsóknarstofu Fiskifélagsins. 3. Frumvísindalegar rannsóknir. Ýmsar þess konar rannsóknir eru framkvæmdar af kennurum háskólans, aðrar á vegum Náttúrugripasafns, rannsóknaráðs ríkisins eða Atvinnudeildar háskólans og enn aðrar eru styrktar af opinberu fé með ýmsum hætti.

Þegar starfsemi ýmissa rannsóknarstofnana er krufin til mergjar, kemur í ljós, að hún er oft og einatt slungin mörgum þáttum. Atvinnudeildin innir t. d. af höndum ýmiss konar þjónustustarfsemi. Jafnframt gætir mjög hagnýtra rannsókna í störfum hennar, en auk þess er unnið þar að hreinvísindalegum rannsóknum. Starfsemi háskólakennara má með nokkrum rétti telja þjónustustarf, að því er varðar kennslu þeirra margra, en að auki vinna þeir að hreinvísindalegum rannsóknum (síður að hagnýtum rannsóknum, þótt þar sé mjótt mundangshófið). Hér fléttast yfirleitt hvað inn í annað. Er því ekki gerlegt, a. m. k. miðað við þau gögn, sem tiltæk eru, að greina milli þeirra fjárhæða, sem renna til þessara þriggja þátta í fræðistarfsemi hvers aðila um sig.

Þá er einnig verulegur vafi á því, hvaða stofnanir taka skuli með í þessa greinargerð. Ýmsar stofnanir fara aðallega með tæknislega framkvæmd mannvirkja, svo sem raforkumálaskrifstofa, vegamálaskrifstofa og vitamálaskrifstofa. Að vísu eru unnin mikil rannsóknarstörf á vegum þessara stofnana, en ógerlegt er eftir þeim gögnum, sem kostur er á, að greina milli tæknistarfa og rannsóknarstarfa. Eru þessar stofnanir því ekki teknar með hér. Einnig er á það að líta, að aðalþáttur í starfi stofnunar getur varðað annað en fræðistörf, þótt fræðilegar rannsóknir fari þar einnig fram öðrum þræði. Þessu gegnir t. d. um söfnin. Á Landsbókasafni, Háskólabókasafni og Þjóðskjalasafni vinna starfsmenn að ýmsum rannsóknum í störfum sínum, t. d. í bókfræði, skjalarannsóknum o. fl., en varzlan og þjónusta við þá, sem söfnin sækja, er þó meginverkefni starfsmannanna. Viðhorfið virðist vera nokkuð annað á Náttúrugripasafni og Þjóðminjasafni, að því er tekur til þjóðminjavarðar. Sýnist rannsóknarstarfa þar gæta meir en safnvörzlu og safnstarfa. Þess skal getið, að stofnanir þær, sem vinna að hagrænum efnum ýmsum, eru ekki teknar með í greinargerð þessa. Á Hagstofu Íslands, í Framkvæmdabanka Íslands og í hagfræðideild Landsbanka Íslands eru tvímælalaust unnin mikilvæg rannsóknarstörf. Ástæðan til þess, að þessar stofnanir eru ekki teknar með, er sú ein, að starfsemi þessara stofnana snýr að ýmsu öðru en hreinni rannsóknarstarfsemi, og eru gögn ekki tiltæk um fé það, sem telja má ganga til rannsóknarstarfa þeirra. Um grundvöll þessa úrtaks má vitanlega lengi deila, svo sem er og um ýmsa aðra þætti þessarar greinargerðar.

Loks skal á það bent, að þær fjárhæðir, sem færðar eru á reikning hverrar stofnunar um sig, stafa auðvitað af mörgu fleiru en launum til rannsóknarmanna, svo sem af húsaleigu stofnunar, viðhaldi á húsi, ræstingu húss o. m. fl.

Rétt hefur þótt að taka með í greinargerð þessa námsstyrki til háskólastúdenta („undergraduate“ nám) og til framhaldsnáms kandídata („postgraduate“ nám).

2.

Skal nú gerð nokkur grein fyrir því, hvaða heimildir hafa verið kannaðar við athuganir þessar. Er þá fyrst að geta fjárlaga og ríkisreiknings. Menntamálaráðu-

neyti hefur leyft mér að fara yfir fjárveitingar á vegum ráðuneytis samkv. heimild 19. gr. fjárlaga. Skal þess getið, að á árabili því, sem athugun tók til, hefur ekki gætt mikið fjárstyrkja til vísinda- eða fræðistarfsemi samkv. þeirri heimild, en hins vegar hefur ráðuneytið alloft veitt einstökum fræðimönnum styrki til að sækja fundi fræðimanna erlendis eða félögum styrki til að senda menn á slík mót. Þess skal getið, að fjárstyrkir, sem önnur ráðuneyti en menntamálaráðuneyti kunna að hafa veitt samkv. 19. gr., eru ekki teknir með, enda munu þeir vera litlir. — Þá hafa verið kannaðar úthlutanir úr sjóðum háskólans til fræði- og vísindastarfsemi. Enn fremur hefur verið athuguð nokkuð úthlutun Sáttmálasjóðs hins danska. Og loks hafa verið kannaðar úthlutanir Menntamálaráðs á styrkjum til fræði- og vísindamanna og úr náttúrufræðideild Menningarsjóðs.

Margar þeirra talna, sem nefndar verða hér á eftir, eru áætlunartölur, t. d. styrkveitingar úr sjóðum. Er þar einnig miðað nokkuð við meðaltal t. d. þriggja eða fjögurra ára, fremur en við úthlutanir t. d. á árinu 1955.

Til skýringar á eftirfarandi skrá um fjárveitingar til vísinda- og fræðistarfsemi skal þess getið, að við hvern lið er getið fyrst fjárveitinga frá ríkinu, en síðar í sjálfstæðum liðum fjárveitinga frá öðrum aðilum í sama skyni. Ef ekki er getið sérstaklega, hvaðan fjárveiting stafar, er hún frá ríkissjóði.

3.

Fróðlegt væri að bera saman þau fjárframlög, sem vér Íslendingar verjum til vísinda-, fræði- og rannsóknarstarfa, við fjárframlög, sem innt eru af hendi í hinum Norðurlöndunum í sama skyni. Athugun leiðir í ljós, að ókleift er að koma við slíkum samanburði. Hvort tveggja er, að gögn eru ekki nægilega skýr og glögg, og hitt einnig, að samanburðargrundvöllurinn sjálfur er allt of ótraustur. (Á t. d. að beita hinni alkunnu höfðatölureglu, eða miða við fjárveitingar á hvern kandídat, sem brautskráist í landi o. s. frv.?)

Af þeim almennu upplýsingum, sem tiltækilegar eru, virðist þó mega draga eftirfarandi ályktanir: 1. Miklu verr er búið að kandídötum, sem hug hafa á að sérmennta sig, hér á landi en víðast hvar annars staðar á Norðurlöndum, og yfirleitt virðist vera minna hlynnt hér að ungum vísindamönnum. 2. Þá er það einnig áberandi, að starfandi vísindamönnum er miklu síður séð fyrir hæfilegu aðstoðarliði og annarri aðstoð (t. d. vélritunaraðstoð) hér en annars staðar á Norðurlöndum. 3. Ótvírætt er, að hér á landi er kostur á miklu minni fjárhæðum til einstakra rannsóknarefna, einkum á sviði frumvísinda, en raun er á hinum Norðurlöndunum. 4. Þá sýnist athugunin benda til þess, að óvíða sé varið jafnmiklu fé og hér á landi til styrktar þeim, sem stunda almennt háskólanám, en jafnframt er hvergi jafnfátt um styrki til kandídata sem hér, og a. m. k. er hlutfalli milli þessa tvenns hvergi hagað með sama hætti og hér á landi.

4.

Athuganir á fjárveitingum á fjárlögum nr. 7/1956 til fræði- og vísindastarfsemi, þar á meðal til fræðifélaga, svo og á fjárframlögum að öðru leyti í sama skyni.

I. Háskóli Íslands.
Laun háskólakennara eru hér ein talin ..... kr. 2 512 081.00

Alls kr. 2 512 081.00

II. Námsstyrkir til almenns háskólanáms.
A. Fjárlög.
1. Styrkir til íslenzkra námsmanna erlendis samkv. úthlutun Menntamálaráðs ..... kr. 875 000.00
(Í hópi styrkþega eru nokkrir menn, sem ekki leggja stund á háskólanám)

2. Námslán til námsmanna erlendis (Sama athugasemd og við 1. lið)		kr.	400 000.00
3. Lánasjóður stúdenta (til náms við Háskóla Ísl.)		—	650 000.00
4. Til dýralækninganáms erlendis (16. gr. A, 39)		—	24 000.00
B. Styrkir úr sjóðum Háskóla Íslands		—	15 000.00
C. Styrkir úr Sáttmálasjóði hinum danska		—	40 000.00
(Ýmsir aðrir njóta styrkja en stúdentar)			
		Alls kr.	2 004 000.00
III. Framhaldsnám kandídata.			
A. Fjárlög.			
Til sérnáms lækna erlendis eftir úthlutun landlæknis (12. gr. XXI. liður)		kr.	50 000.00
(Þess má geta, að einstaka sinnum hafa efnilegir kandídatar notið beinnar fjárveitingar á fjárlögum til framhaldsnáms)			
B. Frá Háskóla Íslands		um —	60 000.00
		Alls kr.	110 000.00
IV. Rannsóknarstofnanir og vísindasöfn.			
1. Rannsóknarstofa í lyfjafræði		kr.	7 000.00
2. Rannsóknarstofa í heilbrigðisfræði		—	7 000.00
3. Rannsóknarstofa í handlæknisfræði		—	20 000.00
4. Tilraunastöð háskólans í meinafræði, Keldum		—	416 000.00
5. Atvinnudeild háskólans:			
a. Iðnaðardeild (Þar á meðal kr. 60 000.00 til hagnýtra jarðfræðirannsókna og iðnaðarrannsókna)	kr. 1 002 252.00		
b. Fiskideild	— 1 321 416.00		
c. Landbúnaðardeild	— 913 472.00		
		—	3 237 140.00
(Þar á meðal til kortlagningar jarðvegs kr. 130 000.00)			
6. Rannsóknarstofa háskólans		—	774 264.00
7. Rannsóknaráð ríkisins (Þar á meðal til a) rannsóknarkostnaðar kr. 75 000.00, b) til hafísrannsókna kr. 10 000.00, c) til segulmælinga á bergi kr. 75 000.00)		—	271 984.00
8. Náttúrugripasafn (áætlunarupphæð)		—	440 000.00
9. Þjóðminjasafn (áætlunarupphæð)		—	200 000.00
10. Rannsóknarstofa Fiskifélags Íslands (áætlað)		—	700 000.00
		Alls kr.	6 073 388.00

(Skrá þessi um rannsóknarstofnanir er alls ekki tæmandi, t. d. er rannsóknarstofa í lífeðlis- og líffærafræði ekki greind hér, og fjárstyrkur til rannsóknarstofu í lyfjafræði og heilbrigðisfræði er meiri en hér greinir.)

V. Rannsóknir og tæknileiðbeiningar í þágu landbúnaðar, sjávarútvegs og iðnaðar að öðru leyti.			
a. 1. Tilraunaráð búfjárræktar		kr.	150 000.00
2. Jarðræktartilraunir		—	1 205 000.00

	3.	Tilraunir með heyverkunaraðferðir	kr.	100 000.00
	4.	Sandgræðslutilraunir	—	35 000.00
b.	5.	Alþjóðahafrannsóknir	—	65 500.00
	6.	Haf- og fiskirannsóknir	—	500 000.00
c.	7.	Tilraunir með framleiðslu á þungu vatni	—	250 000.00
	8.	Brennisteinsrannsóknir	—	450 000.00
	9.	Kolarannsóknir	—	150 000.00
	10.	Iðnaðarmálastofnun Íslands	—	650 000.00
			Alls kr.	3 555 500.00

VI. Styrkir til vísinda- og fræðistarfsemi, úthlutað samkvæmt ákvörðun sérstakra aðila.

1.	Til vísindastarfsemi, 14. gr. fjárl. B, I, a 14 (Menntamálaráðuneyti úthlutar skv. tillögu háskólaráðs)	kr.	62 000.00
2.	Til vísinda- og fræðimanna skv. úthlutun Menntamálaráðs	—	149 391.00
3.	Náttúrufræðideild Menningarsjóðs, Menntamálaráð úthlutar til náttúrufræðinga eða náttúrufróðra manna, um	—	80 000.00
		Alls kr.	291 391.00

VII. Rannsóknarstyrkir á fjárlögum til einstakra fræði- og vísindamanna (15. gr., X).

1.	Björn Th. Björnsson (ísl. myndlistarsaga)	kr.	8 000.00
2.	Halldór Halldórsson (ísl. orðtök)	—	8 000.00
3.	Einar Ól. Sveinsson (ritstörf, ísl. fræði)	—	8 000.00
4.	Magnús Már Lárusson (ísl. kirkjusaga)	—	8 000.00
5.	Björn Þorsteinsson (ísl. verzlunarsaga)	—	8 000.00
6.	Steinn Dofri (ættfræði)	—	20 400.00
7.	Jón Dúason (útgáfustyrkur)	—	30 000.00
8.	Jón Aðalsteinn Jónsson (mállýzkurannsóknir)	—	8 000.00
9.	Benedikt Gíslason (sögu- og fræðiiðkanir)	—	5 000.00
10.	Jóhannes Áskelsson (ísl. surtarbrandslög)	—	8 000.00
11.	Jens Pálsson (mannfræðirannsóknir)	—	8 000.00
12.	Helgi Jónasson (grasafræðirannsóknir)	—	8 000.00
13.	Svanhildur Jónsdóttir (rannsóknir á hraungróðri)	—	8 000.00
14.	Róbert Ottósson (kirkjutónlist á þjóðveldisöld)	—	8 000.00
		Alls kr.	143 400.00

VIII. Styrkur til einstakra rannsóknarefna, sbr. einnig VII.

A. Fjárlög.

1.	Til rannsókna á þroskastigi ísl. skólabarna (þar með talinn útgáfustyrkur kr. 40 000.00)	kr.	145 445.00
2.	Rannsóknir á vegum Náttúrugripasafns	—	30 000.00
3.	Rannsóknarför til Grænlands (hluti kostn.)	—	12 000.00
4.	Til rannsókna á vegum Þjóðminjasafns	—	42 000.00

5. Til rannsókna á kirkjugrunni í Skálholti		kr.	40 000.00	
6. Til samningar ísl. orðabókar		—	125 000.00	
			kr.	394.445.00
B. Frá háskólanum.				
7. Rannsóknar- og útgáfustyrkir	um	kr.	40 000.00	
8. Til samningar ísl. orðabókar		—	75 000.00	
			—	115 000.00
			Alls kr.	509 445.00
IX. Styrkir til útgáfu fræðirita eða fornra rita (að jafnaði vísindalegar útgáfur).				
A. Fjárlög.				
1. Acta naturalia islandica		kr.	12 000.00	
2. Hið ísl. bókmenntafél. til útgáfustarfsemi		—	65 000.00	
3. Útgáfunefnd handrita		—	100 000.00	
4. Fornritaútgáfan		—	75 000.00	
5. Vísindafélag Íslendinga, útgáfustarfsemi		—	15 000.00	
6. Rímnafélagið, útgáfustyrkur		—	20 000.00	
7. Til útgáfu manntalsins 1816		—	10 000.00	
8. Til útgáfu nýyrða		—	50 000.00	
			kr.	347 000.00
B. Háskóli Íslands.				
1. Útgáfa kennslubóka	um	kr.	30 000.00	
2. Útgáfustarfsemi á vegum félaga,	um	—	20 000.00	
			—	50 000.00
			Alls kr.	397 000.00
X. Styrkir til fræðifélaga og rannsóknarstofnana (útgáfustyrkir að mestu).				
1. Hið ísl. náttúrufræðifélag			kr.	15 000.00
2. Fornleifafélagið			—	9 000.00
3. Sögufélagið			—	20 000.00
4. Hið ísl. fræðafélag			—	15 000.00
			Alls kr.	59 000.00
5. Styrkur náttúrufræðideildar Menningarsjóðs til rannsóknaráðs ríkisins og Hins ísl. náttúrufræðifélags				ókunnugt
XI. Utanfarir fræðimanna.				
A. Fjárlög.				
1. Fjárveitingar skv. 19. gr. fjárl., áætl.		kr.	15 000.00	
2. Aðrar fjárveitingar úr ríkissjóði, áætl.		—	25 000.00	
3. Til tveggja jarðfræðinga, fjárl. 1956		—	30 000.00	
			kr.	70 000.00
B. Háskóli Íslands	um	kr.	30 000.00	
			—	30 000.00
			Alls kr.	100 000.00

(Í þessum lið er ekki talið orlof, sem einstakir fræðimenn hafa fengið, í sambandi við utanfarir, og greiðsla til staðgengla.)

Samtala I.—XI. liðar er ..... kr. 15 755 205.00

Nokkrar athuganir á fjárhagsgrundvelli undir væntanlegum vísindasjóði.

Hér á eftir verður vikið að nokkrum úrræðum í sambandi við fjáraflanir til væntanlegs vísindasjóðs, og verður farið nokkrum orðum um hvert úrræði um sig. Í lok greinargerðarinnar verður vikið að vali á milli leiða.

I. Happdrætti til ágóða fyrir vísindasjóð.

Að undanförnu hefur það verið mjög tíðkuð fjáraflaleið að efna til happdrætta í þágu félagslegra átaka. Eitt fyrsta happdrættið, sem nokkuð kvað að, var happdrætti Háskóla Íslands. Hefur það verið háskólanum drjúg tekjulind, svo sem reikningar happdrættisins í árbók skólans bera með sér. Tekjur þessa happdrættis eru bundnar að því leyti, að eingöngu er heimilt að verja þeim til byggingarframkvæmda fyrir skólann, sbr. lög nr. 44/1933, 1. gr. e. Er þessi tilhögun bersýnilega óheppileg fyrir skólann, þar sem nauðsynlegt væri fyrir hann að fá nokkurn hluta þessa fjár til annarra þarfa, svo sem til vísindalegra styrkja eða til útgáfu vísindarita o. s. frv. Þegar háskólinn leitar eftir framlengingu happdrættisleyfis síns, sem rennur út í ársbyrjun 1960, gæti komið til greina, að horfið væri frá þeirri reglu að binda tekjur sjóðs við byggingarframkvæmdir og heimila að verja hluta þeirra til annarra efna, e. t. v. þannig, að vísindasjóður eða vísindalegir sjóðir við háskólann nytu nokkurs hluta af tekjunum.

Hreyfa mætti því, að væntanlegum vísindasjóði yrði veitt happdrættisleyfi með svipuðum hætti og Sambandi íslenzkra berklasjúklinga og Dvalarheimili aldraðra sjómanna. Kunnugt er, að þessi félagasamtök hafa notið mikilla tekna af happdrættum sínum. Hins vegar er því ekki að leyna, að happdrætti eru fremur leiðinleg fjáraflaleið, og hníga félagsleg rök fremur að því að draga úr þeim en fjölga þeim. Ber einnig að hafa í huga, að æskilegt er, að vísindasjóður forðist beina samkeppni við háskólann um fjáraflanir og reyni eftir föngum að leita á önnur fjáröflunarmið en þau, sem háskólinn stundar.

Samkvæmt lögum nr. 44/1933 hefur Háskóli Íslands einkaleyfi til peningahappdrættis, en svo eru þau happdrætti nefnd, þar sem allir vinningar eru fjárupphæðir. Er raunar gert ráð fyrir, að ríkið taki í sínar hendur einkaheimild til að reka slík happdrætti, eftir að leyfi háskólans rennur út, 1. jan. 1960, nema það sé framlengt. Síðar hefur ýmsum öðrum aðilum verið veitt heimild til að reka peningahappdrætti, Sambandi ísl. berklasjúklinga (l. 13/1949), Dvalarheimili aldraðra sjómanna (l. 71/1954), og samkv. lögum frá 1952 er dómsmálaráðherra heimilt að leyfa héraðssamböndum ungmenna- og íþróttafélaga að reka svonefnd töluspjaldahappdrætti. Í lögum um happdrætti Háskóla Íslands er áskilið, að háskólinn greiði 20% í ríkissjóð af skírum tekjum sjóðsins, en hliðstætt ákvæði er ekki í lögum um happdrætti S. Í. B. S. né Dvalarheimilis aldraðra sjómanna. Virðist mjög eðlilegt — og raunar alveg sjálfsagt —, að framangreindum félagasamtökum, sem veitt er leyfi til happdrættis, sé gert að greiða nokkurn hluta af tekjum sínum til ríkissjóðs — eða annars opinbers sjóðs — til jafns við háskólann. Kæmi vissulega mjög til greina, að þetta fé rynni til vísindasjóðs. Rétt er að geta þess í því sambandi, að þau 20%, sem happdrætti háskólans greiðir af tekjum sínum, renna til Atvinnudeildar háskólans (áætlað kr. 310000.00 á fjárlögum 1956).

Um önnur happdrætti en peningahappdrætti er mælt svo í l. nr. 6/1926, að leyfi dómsmálaráðuneytisins þurfi að koma til hverju sinni. Er ekki tekið gjald fyrir leyfið, en leyfi munu ekki veitt öðrum en félögum, sem vinna að einhverjum nyt-

sömum störfum þjóðfélagslega virt. Kemur mjög til greina að áskilja gjald fyrir slík happdrættisleyfi, líklega í hlutfalli við fjölda af happdrættismiðum, sem út eru gefnir, og láta þau gjöld renna til vísindasjóðs.

Samkvæmt upplýsingum frá dómsmálaráðuneyti var 30 aðilum veitt leyfi til happdrættis á árinu 1955. Nam fjöldi miða samtals 846800. Rétt er að benda á, að þetta er óvenjulegur miðasægur, þar sem kosningahappdrætti stjórnmálaflokkanna eru þarna meðtalin. Ef 50 aura gjald á miða væri áskilið fyrir happdrættisleyfi, næmi fjárhæð sú, sem með því fæst, kr. 423400, en kr. 846800, ef gjaldið er 1 kr.

II. Getraunastarfsemi.

Samkv. lögum um tekjuöflun til íþróttasjóðs nr. 84/1940 er ríkisstjórn heimilt að veita íþróttanefnd leyfi til að reka veðmálastarfsemi til hagsbóta fyrir íþróttasjóð. Með reglugerð nr. 34 26. febr. 1952 var slík heimild veitt, og hefur stofnunin Íslenzkar getraunir starfrækt getraunastarfsemi síðan á árinu 1952. Tekjur af þessari starfsemi hafa runnið óskiptar til íþróttasjóðs.

Fyrst í stað munu hafa orðið nokkrar tekjur af starfsemi þessari, en mjög dofnaði yfir henni, er frá leið. Kom þar s. l. vor, að mjög lítill afrakstur varð af starfseminni, og var hún lögð niður í júlí s. l. (upplýsingar frá íþróttafulltrúa ríkisins).

Þegar efnt var til getraunastarfsemi þessarar, voru uppi raddir um það, að rétt væri að skipta tekjunum á milli íþróttahreyfingar og vísindastarfsemi í landinu, svo sem er t. d. í Noregi, þar sem getraunastarfsemi hefur orðið vísindum hin mesta fjárhagsleg lyftistöng. Úr þessu varð þó ekki, og er raunar ekki líklegt, að starfsemi þess hefði gefið betri raun, þótt nokkur hluti teknanna hefði runnið til vísindalegrar starfsemi. Hins vegar má vel athuga, hvort unnt væri að koma á fót getraunastarfsemi, sem væri að einhverju leyti til hagsbóta fyrir vísindasjóð, þótt tilraun íþróttasjóðs hafi ekki gefizt vel. Rétt er að benda á, að ekki verður öðrum en íþróttasjóði veitt leyfi til slíkrar getraunastarfsemi, þ. e. ef getraunir varða úrslit íþróttakeppni, að óbreyttum l. 84/1940. Hitt er það, að getraunir geta varðað önnur efni en úrslit íþróttakeppni, t. d. úrslit opinberra kosninga.

III. Tollar eða skattar á neyzluvörur til hagsbóta fyrir vísindasjóð.

Þær einar neyzluvörur, sem til munaðar má telja, koma til greina sem skattstofnar af auðsæjum ástæðum. Helzt kæmu þessar vörur til álita:

a. *Öl, gosdrykkir og sælgæti.*

Samkv. gildandi lögum eru krafin framleiðslugjöld til ríkissjóðs af ölföngum, og munu þau gjöld hafa hækkað mikið upp á síðkastið (m. a. vegna gjaldaálags). Framleiðsla þessara vara hefur aukizt nokkuð síðari árin, en e. t. v. stendur það í einhverju sambandi við dvöl erlendra manna í landinu. Árið 1955 nam framleiðslan því lítramagni, sem greinir hér á eftir (talið í heilum tugþúsundum):

1.	Maltöl	720000 l.
2.	Annað óáfengt öl	558000 –
3.	Áfengt öl	6000 –
4.	Gosdrykkir	2160000 –
5.	Sódavatn	120000 –
	Alls:	3564000 l.

Skattur, sem næmi 25 aurum á lítra (eða um 10 aurum á flösku til jafnaðar), mundi gefa af sér um kr. 890000 að óbreyttu framleiðslumagni. Þessi neyzluvarningur er að ýmsu leyti álitlegur skattstofn, ekki sízt eftir að veitingaskattur var afnuminn. Heppilegast væri, að skattur væri lagður á sem sérstakur framleiðslugjaldsauki og væri innheimtur með sama hætti og annað framleiðslugjald.

Í sambandi við framleiðslu öls er sérstök ástæða til að drepa á áfengt öl (sterkt öl). Sums staðar erlendis (svo sem t. d. í Danmörk) hafa sjóðir, sem stuðla að vísindastarfsemi, hlotið drjúgar tekjur frá framleiðslu slíkra drykkja. Eins og kunnugt er, hefur mikið verið rætt um framleiðslu áfengs öls hér á landi. Ef úr slíkri framleiðslu yrði (umfram þá 6000 l, sem nú eru framleiddir fyrir varnarliðið), er sjálfsagt fyrir forvígismenn vísindasjóðs að vera þar á varðbergi og freista að fá sérstakt framleiðslugjald lagt á til hagsbóta fyrir vísindasjóð.

Aðrar innlendar framleiðsluvörur, sem til greina kæmi að tolla í þágu vísindasjóðs, er sælgæti hvers konar. Árið 1955 nam framleiðsla sælgætis 565430 kg. 1 kr. framleiðslugjaldsauki á kg mundi nema um 565000 kr. Sýnist sælgæti út af fyrir sig ekki vera lakari tollstofn en gosdrykkir, en þó er það ágalli, að gjaldaukinn þyrfti að vera allhár, svo að nokkrar tekjur að ráði fengjust af þessum stofni.

Frá atvinnupólitísku sjónarmiði er það ágalli við þessa gjaldauka, að þeir bitna á innlendri iðjustarfsemi og kunna að vera henni einhver fjötur um fót, þótt gjaldaukar þeir, sem hér eru nefndir, séu að vísu lágir.

Að því er varðar þessi framleiðslugjöld, mætti auðvitað einnig hugsa sér þá leið, að vísindasjóður fengi ákveðinn hundraðshluta af framleiðslugjaldi því, sem nú rennur í ríkissjóð af framangreindum varningi.

b. *Áfengi.*

Af ýmsum ástæðum er hægast að afla fjár til sjóðsins með því, að lögum sé breytt svo, að gjald af einkasöluvörum renni í sjóðinn. Stafar það m. a. af því, að þar er um tiltölulega öruggan gjaldstofn að tefla, og auk þess er innheimta gjaldsins mjög greið. Sígarettur og eldspýtur eru gjaldstofnar, sem tiltekin félagasamtök (Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra, Landgræðslusjóður) hafa þegar nýtt sér, að því er virðist til þrautar. Hugsanlegt er, að áfengisflöskur séu notaðar sem gjaldstofn með svipuðum hætti og sígarettupakkar, þannig að tvenns konar verð væri á flösku, t. d. 180 krónur og 182 krónur, og rynnu þá 2 kr. í vísindasjóð, ef dýrari flaskan væri keypt. Á s. l. ári voru seldar 846920 flöskur, en 1954 869155 flöskur, svo að nokkrar tekjur gætu stafað af þessu fyrirkomulagi. En þessi leið er þó óneitanlega fremur óviðkunnanleg. Einnig kæmi til álita að setja þau ákvæði í lög, að Áfengisverzlun ríkisins bæri að greiða í vísindasjóð ákveðna fjárhæð, t. d. 1 krónu af hverri flösku, sem seld væri, án þess þó að það gjald væri sérstaklega innheimt hjá kaupendum áfengis. Sýnist þó heppilegra að fara þess á leit við stjórnarvöld, að þau beiti sér fyrir þeirri lagabreytingu á lögum um Áfengisverzlun ríkisins, að t. d. 1—2% af skírum tekjum hennar renni í vísindasjóð. Hreintekjur Áfengisverzlunar eru áætlaðar kr. 76000000 á fjárlögum fyrir árið 1956. Þá mætti einnig hugsa sér, að nokkur hundraðshluti af tekjum Tóbaksverzlunarinnar rynni í sjóðinn. Tekjur þeirrar verzlunar eru áætlaðar kr. 49000000.00 árið 1956.

IV. Erfðafjársjóður.

Samkv. lögum nr. 12/1952 rennur erfðafjárskattur og erfðafé, sem enginn leiðir sig að, til erfðafjársjóðs. Fé sjóðsins skal varið til lána og styrkveitinga „til þess að koma upp vinnuheimilum, vinnustofum og vinnutækjum fyrir öryrkja og gamalmenni í því skyni, að starfsgeta þeirra komi að sem fyllstum notum.“ Samkv. upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins hafa tekjur þessa sjóðs numið milli 700000 og 800000 kr. frá 1953, er sjóðurinn var stofnaður (tekjur sjóðsins voru t. d. 767000 kr. á árinu 1954 og kr. 500000 frá 1. jan. 1955 til 1. okt. þ. á.). Verkefni hliðstæðra sjóða erlendis, t. d. sænska erfðafjársjóðsins, er að hlynna að vísindastarfsemi og mannúðarstarfsemi ýmiss konar. Erfðafjársjóðurinn íslenzki er ekki svo öflugur, að hann sé til skiptanna, a. m. k. ekki fyrr en eftir 3—4 ár, að óbreyttum tekjum sjóðsins. Hins vegar má benda á það, að erfðafjárskattar eru nálega einu skattarnir, sem ekkert hafa hækkað undanfarin ár, og væri ekki fjarri lagi að hækka þá nokkuð og láta þá hækkunina renna í vísindasjóð.

V. Ráðstafanir til að örva menn til að gefa fé í vísindasjóð.

Eins og kunnugt er, gefst vísindasjóðum erlendis mikið fé árlega. Hér á landi hafa efnamenn lagt lítið fé til vísindalegra átaka. Stafar það af ýmsum ástæðum, m. a. þeim, að hér á landi eru fáir efnamenn á borð við þá, sem til eru með flestum öðrum þjóðum. En það kann einnig að skipta hér nokkru, að erlendis ýtir skattalöggjöf víða undir menn að láta gjafafé af mörkum renna til vísindasjóða. Er hér átt við ákvæði um, að gjafir til slíkra sjóða séu undanþegnar sköttum. Í Bandaríkjum Norður-Ameríku geta menn t. d. gefið 10% af tekjum sínum til menningar- og mannúðarmála, svo að undanþægt sé frá skatti (þ. e. alríkisskatti). Hér á landi eru ekki almenn ákvæði í skattalögum um slík efni, en þess eru þó dæmi, að gjafir til tiltekinna fyrirtækja hafa með sérstökum lögum verið lýstar undanþægar frá skatti. Með l. 21/1944 var t. d. kveðið svo á, að gefanda skuli vera heimilt að draga gjafir til barnaspítala frá tekjum sínum það ár, sem gjöf er gefin, áður en skattar til ríkis eða bæjar- og sveitarfélaga eru ákvarðaðir. Samkv. l. nr. 2/1955 er gefanda einnig heimilt að draga gjafir til Krabbameinsfélags Íslands, allt að kr. 15 þús., frá tekjum sínum það ár, sem gjöf er gefin, áður en skattar eru ákvarðaðir. Slík lög hafa örvað verulega gjafir til félaga. Er það vafalaust hagsmunamál fyrir væntanlegan vísindasjóð, að sett yrðu hliðstæð lög honum til hagsbóta.

Rétt er einnig að benda á, að samkv. l. nr. 30/1921, um erfðafjárskatt, nemur erfðafjárskattur 10% af fé, sem gefið er til sjóða í almennings þágu, en samkv. 6. gr. i. f. er ráðherra heimilt að færa þann skatt niður í 5%. Sjálfsagt yrði það til bóta fyrir vísindasjóð, ef sú breyting fengist á l. 30/1921, að gjafir til sjóðsins væru þegnar undan erfðafjárskatti.

VI. Samruni ýmissa gjafasjóða við væntanlegan vísindasjóð.

Hér á landi eru nú starfandi ýmsir sjóðir, sem ætlað er að hlynna að vísindastarfsemi. Allir eru þessir sjóðir litlir, ef frá er skilinn Sáttmálasjóður, og hefur raunar lækkað gengi peninga leikið hann grátt. Hreyfa mætti því, hvort unnt væri að láta slíka sjóði hverfa a. m. k. undir yfirstjórn vísindasjóðs sem sérstakar deildir í sjóðnum. Slík sameining væri heppileg frá fjárhagslegu sjónarmiði. Sameining af þessu tagi er þó ekki framkvæmanleg vegna samþykkta og skipulagsskráa hinna einstöku sjóða, sem kveða yfirleitt á um sérstaka stjórn sjóða og hversu verja megi eða verja skuli tekjum sjóða.

Hitt er áreiðanlega mjög mikilvægt, að samræma starfsemi hinna einstöku sjóða og vísindasjóðs, t. d. þannig, að reynt sé að beina fé sjóðanna að tilteknu mikilvægu rannsóknarefni, sem margir sjóðir kynnu að styrkja í senn. Væri þá einnig æskilegt að eiga samvinnu við fjárveitingavaldið í þessu sambandi, t. d. með þeim hætti, að bætt væri fjárhæðum á fjárlögum við fjárstyrki sjóða, ef ekki reynist unnt að koma fram rannsóknum með því fjármagni, sem sjóðir hafa yfir að ráða.

Geta má þess hér, að mikil þörf er á að semja heildarskrá um sjóði hér á landi, sem ætlað er að styrkja vísinda- eða fræðslustarfsemi.

Ef vísindasjóður yrði stofnaður, þyrfti að kanna, hvort fé það, sem nú er veitt á fjárlögum til vísinda- og fræðistarfsemi, þ. e. um 150000, skyldi renna í sjóðinn. Kæmi til greina að veita þetta fé þeim mönnum einum, sem ekki hafa lokið háskólaprófum og fást við ýmiss konar fræðilega starfsemi, og láta þá þann sjóð verða sérdeild innan vísindasjóðs eða láta hann lúta stjórn Menntamálaráðs.

VII. Beinar fjárveitingar úr ríkissjóði.

Hér að framan eru reifaðar nokkrar leiðir til fjáröflunar í þágu vísindasjóðs. Flestar þeirra verða ekki farnar, nema atbeini ríkisvalds komi til, og þarf yfirleitt lagabreytingar til þess að gera þær færar. Í flestum tilvikum er gengið að nokkru á væntanlegan fjárafla ríkissjóðs, ef lindir þessar verða virkjaðar fyrir vísindasjóð. Á þetta t. d. beinlínis við þá tillögu að verja 1—2% af tekjum Áfengisverzlunar ríkisins og

Tóbaksverzlunar ríkisins til vísindasjóðs. Og óbeinlínis verður þetta, ef sú leið yrði valin að leggja sérstakan gjaldauka á ölföng og sælgæti við framleiðslu þess varnings. Ef fallizt yrði á tillögur um að heimila mönnum að draga gjafir til vísindasjóðs frá tekjum sínum, áður en skattar verða lagðir á, mun sú leið einnig að nokkru draga úr fjárafla ríkissjóðs.

Þegar þetta er haft í huga, má spyrja, hvort ekki sé skýrara og hreinna, að ríkissjóður veiti beint og umbúðalaust fé til vísindasjóðs með árlegu framlagi. Gæti það orðið með tvennum hætti, annaðhvort með sérstökum lögum, sem mæltu svo fyrir, að tiltekin fjárframlög úr ríkissjóði skyldu af mörkum renna til vísindasjóðs árlega, eða með sérstöku ákvæði í fjárlögum hverju sinni. Fyrri leiðin er tvímælalaust tryggilegri fyrir sjóðinn, og kæmi hún a. m. k. í veg fyrir, að árlega yrðu umræður á þingi um vísindasjóðinn, tilverurétt hans og hvert fé væri vert að veita honum. Með dönsku lögunum frá 1952 um vísindasjóð ríkisins var valin fyrri leiðin, sem hér var reifuð. Segir í lögunum, að ríkið skuli árlega leggja til 2 millj. d. kr. til sjóðsins.

VIII. Val á leiðum. Fjárþarfir sjóðsins.

Ljóst er, að það er nánast háð pólitísku hagkvæmnismati, hver eða hverjar leiðir verða valdar til þess að afla fjár til vísindasjóðs. Verður það mál ekki frekar rætt, en aðeins skal á það bent, að við mat á því, hver leið verður valin, munu þessi atriði m. a. orka á matið: 1. Hagsmunum sjóðsins er betur borgið með því, að sérstök lög séu sett um framlög ríkissjóðs til hans, en að framlög velti á fjárlagaveitingu árlega. 2. Gæta ber framangreindra atvinnupólitískra sjónarmiða, og 3. forðast ber leiðir, sem valdið geta því, að menn snúist öndverðir gegn sjóðnum þegar af þeirri ástæðu, að fjár til hans sé aflað með óviðfelldnum eða óvinsælum hætti.

Að lokum skal á það bent, að brýn þörf er á því, að nokkur athugun fari fljótlega fram á því, hversu miklu fjármagni vísindasjóður verði að ráða yfir, t. d. fyrstu 5 starfsárin, svo að hann geti áorkað nokkru til framdráttar vísinda- og fræðslustarfsemi á landi hér.

Fylgiskjal II.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Reykjavík, 22. maí 1957.

Háskólaráð hefur á fundi sínum í dag tekið til athugunar frumvarp til laga um Vísindasjóð, samkvæmt bréfi háttvirtrar menntamálanefndar efri deildar Alþingis, dags. í gær.

Háskólaráð er mjög hlynnt hugmyndinni um stofnun Vísindasjóðs og vill lýsa ánægju sinni yfir því, að frumvarp um þetta mál er fram komið á Alþingi.

Háskólaráðið vill taka það fram, að það telur, að betur færi á því, að Vísindasjóður væri sjálfstæðari um fjárhag og stjórn en frumvarpið gerir ráð fyrir. Það telur mikilsvert, að við skipun stjórnar sjóðsins gæti sem minnst stjórnmálalegra sjónarmiða, enda talið sjálfsagt um stjórn vísindasjóða meðal nágrannaþjóða. En í 4. grein er gert ráð fyrir, að fjórir fulltrúar af sjö séu kjörnir af Alþingi.

Um einstök ákvæði frumvarpsins vill háskólaráð gera þá athugasemd, að það telur ekki eðlilegt, að Félag íslenzkra fræða sé aðili að tilnefningu í deildarstjórn. Með fyrirhugaðri aðild heimspekideildar virðist hér nægilega séð fyrir hlut íslenzkra fræða. Félag íslenzkra fræða hefur ekki neina þá sérstöðu meðal íslenzkra félaga, sem sinna vísindum, er réttlæti, að það sé tekið fram yfir þau öll að þessu leyti. Í stað þess leggur háskólaráð til, að stjórn hugvísindadeildar, sbr. 5. gr. b, verði skipuð tveim mönnum af hálfu laga- og hagfræðideildar í stað eins, sem frum-

varpið gerir ráð fyrir, enda er þess að vænta, að eigi líði á löngu áður en deild þessari verði skipt í tvær deildir, lagadeild og viðskiptadeild, er þá tilnefni hvor sinn mann.

Þá vill háskólaráð benda á, að í 3. gr. ætti að standa *bókmenntafræði* í stað *bókmennta*.

Að sjálfsögðu hefur háskólaráð ekki getað athugað þetta mál til þeirrar hlítar, er það hefði kosið, á þeim stutta tíma, sem hér hefur verið til umráða.

Virðingarfyllst,

Þorkell Jóhannesson,
rektor.

Til menntamálanefndar efri deildar Alþingis.

Nd. 670. Nefndarálit [176. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 56 frá 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Við 1. umræðu frv. þessa í Nd. Alþingis kom það fram, að fyrrverandi menntamálaráðherra hafði (hinn 6. júlí s. l.) falið þeim lögfræðingunum Þorv. Garðari Kristjánssyni og Ásgeiri Péturssyni að endurskoða lög nr. 77/1947, um félagsheimili, og lög nr. 115/1951, um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 56/1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús. Framkvæmdu þeir verk þetta og sömdu frumvörp um þessi efni, er þeir skiluðu í ráðuneytið hinn 9. apríl s. l. Þar eð ekki kom fram, að frv. um breyt. á l. nr. 56/1927, sem lagt var fyrir Alþingi nú í maí, væri byggt á tillögum þessarar nefndar, heldur að því er virtist annarrar, sem núverandi menntamálaráðherra hafði skipað, aflaði minni hl. sér tillagna þeirra tvímenninganna, og er frv. þeirra ásamt meðfylgjandi athugasemdum prentað sem fylgiskjal með þessu nefndaráliti.

Þessar tillögur hafa verið teknar upp í frv., sem fyrir liggur, og er minni hl. þeim fylgjandi.

Hins vegar er minni hl. mótfallinn ýmsum öðrum greinum frv. Minni hl. leggur til, að niður falli 4. gr. frv. Við leggjum sérstaka áherzlu á, að það er mjög varhugavert að hækka verð aðgöngumiða að kvikmyndasýningum, eins og sú grein gerir ráð fyrir. Sök sér væri, ef um krónu hækkun á verði aðgöngumiða að dansleikjum eingöngu væri að ræða. Að sjálfsögðu eru kvikmyndir misjafnar að gæðum, ekki síður en leiksýningar eða bækur. En óhætt er að fullyrða, að nú eru kvikmyndasýningar ódýrasta og hollasta skemmtunin, sem almenningur í þessu landi á völ á.

Einmitt hið lága verð miðanna veldur því, að félítið fólk getur hæglega veitt sér þessa skemmtun, án þess að of nærri pyngju þess sé gengið. Foreldrar geta vegna kostnaðar fremur veitt börnum sínum þessa skemmtun en aðrar og hamlað þannig gegn því, að unglingarnir leiti sér annarra og miður hollra skemmtana. Mun nær væri að leggja þetta gjald á hverja áfengisflösku, sem seld væri í landinu.

Tekjunum, sem fást skv. þessari grein, á m. a. að verja til vísindasjóðs, og væri að ýmsu leyti réttara, að í frv. um vísindasjóð væri kveðið á um fjáröflun til hans, enda var sú raunin á, áður en núverandi menntamálaráðherra lét breyta því frv. í það horf, sem það var lagt fyrir þingið í.

Loks teljum við, að fella beri brott lokaákvæði þessa frv., bráðabirgðaákvæði

um hagnað Viðtækjaverzlunar ríkisins, þannig að það fé renni hér eftir til ríkisútvarpsins, eins og upphaflega var ætlunin.

Alþingi, 27. maí 1957.

Ragnhildur Helgadóttir, frsm. Jónas G. Rafnar.

Fylgiskjal.

Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 56/1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, o. fl.

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Skemmtanaskatti þeim, sem innheimtur er samkvæmt lögum þessum og viðaukum við þau, skal varið þannig:

a. 50% skattsins renni í rekstrarsjóð þjóðleikhússins, og skal honum varið samkvæmt ákvæðum laga nr. 86/1947, um þjóðleikhús.
b. 50% skattsins renni til félagsheimila, og skal honum varið svo sem fyrir er mælt í lögum um félagsheimili.

2. gr.

Innheimta skal skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56/1927 og viðaukum við þau með 10% álagi, og skal tekjum af þessu álagi varið til Sinfóníuhljómsveitarinnar.

3. gr.

Ríkissjóður tekur að sér greiðslu eftirstöðva byggingarskulda þjóðleikhússins. Heimilt er ríkissjóði að taka lán innanlands til greiðslu skuldanna.

4. gr.

Álögðum skemmtanaskatti ársins 1957 skal ráðstafað samkvæmt 1. og 2. gr. þessara laga.

5. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 115/1951, um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 56/1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, o. fl., og lög nr. 85/1947, um breyting á lögum nr. 56/1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi, dagsettu 6. júlí 1956, var þeim Þorvaldi Garðari Kristjánssyni lögfræðingi og Ásgeiri Péturssyni deildarstjóra falið af menntamálaráðherra að endurskoða lög nr. 77/1947, um félagsheimili, og lög nr. 115/1951, um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 56/1927, um skemmtanaskatt o. fl. Hafa þeir framkvæmt þetta verk og samið frumvarp að nýjum lögum um félagsheimili og frumvarp að nýjum lögum um breyting á lögum nr. 56/1927.

Við samningu frumvarps að lögum um breyting á lögum nr. 56/1927 hefur verið höfð hliðsjón af rökstuddri dagskrá, sem samþykkt var á Alþingi 1956 við afgreiðslu á frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 115/1951. Hin rökstudda dagskrá hljóðar svo: „Frumvarp þetta mundi, ef að lögum yrði, rýra verulega tekjur þjóðleikhússins, sem bæta yrði á annan hátt að óbreyttum aðstæðum. Hins vegar vaxa ógreidd framlög félagsheimilasjóðsins svo mikið árlega, að óhjákvæmilegt er að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir slíkt. Deildin lítur því svo á, að

aðkallandi sé, að fram sé látin fara heildarendurskoðun á lögum nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili, og að í þeim lögum verði sett þannig ákvæði, að saman geti að jafnaði farið lögboðin framlög úr félagsheimilasjóði og hraði byggingarframkvæmda félagsheimila, enda verði sjóðnum séð fyrir eðlilegum tekjum til að mæta útgjöldum, og í trausti þess, að ríkisstjórnin láti framkvæma endurskoðun laganna á þessum grundvelli og leggi síðan tillögur til breytinga á lögunum fyrir næsta reglulegt Alþingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Svo sem fram kemur í hinni rökstuddu dagskrá, er þörf á auknu fjármagni til félagsheimila, og tekjur þjóðleikhússins má ekki rýra. Þessar staðreyndir hafa fyrst og fremst markað lagafrumvarp þetta.

Í athugasemdum um lagafrumvarp um félagsheimili er sýnt fram á, hver þörfin er á fjármagni til styrktar félagsheimilum. Miðað við óbreyttan tekjustofn skemmtanaskattsins nægir ekki minna en 50% hans til þarfa félagsheimila skv. því, sem þar greinir. Með tilliti til þessa er lagt til í þessu frumvarpi, að helmingur skemmtanaskattsins renni til félagsheimila. Hér er um sama hlutfall að ræða og ákveðið var með lögum nr. 85/1947, en þau kváðu á um skiptingu skemmtanaskattsins og voru sett um leið og lögin um félagsheimili. Þegar hlutur félagsheimilanna af skemmtanaskattinum var minnkaður niður í 35% með lögum nr. 65/1950, var það gert til bráðabirgða eða þangað til byggingarskuldir þjóðleikhússins væru að fullu greiddar. Við þetta hefur setið síðan, sbr. lög nr. 115/1951. Þessi lækkun á hluta skemmtanaskattsins til félagsheimila hefur valdið því, að félagsheimilasjóður hefur ekki getað fullnægt lögboðnum framlögum og komizt í mikil vanskil. Þessi vandræði aukast, ef ekki er að gert. Ekki tjóar að bíða þess, að byggingarskuldir þjóðleikhússins verði að fullu greiddar, þar sem gert er ráð fyrir, að það verði ekki fyrr en í fyrsta lagi árið 1965. Er því sýnt, að hverfa verður þegar í stað frá bráðabirgðaráðstöfuninni á lækkun skemmtanaskattsins til félagsheimila og auka hann aftur til þess, sem í upphafi var ákveðið. Er þetta lagt til í frumvarpi þessu.

Skv. lögum nr. 115/1951 renna 42% skemmtanaskattsins í rekstrarsjóð þjóðleikhússins. Á undanförnum árum hefur þessi styrkur samt ekki nægt þjóðleikhúsinu, og hefur rekstrartap þess numið sem hér segir:

1952	kr. 590 718.79
1953	— 210 005.17
1954	— 420 941.58
1955	— 101 931.45
1956	— 734 015.27

Þessi reynsla sýnir, að þjóðleikhúsinu er þörf á auknum hluta skemmtanaskattsins til rekstrarins. Þá er og þess að gæta, að skv. lögum nr. 86/1947, um þjóðleikhús, er rekstrarsjóði þjóðleikhússins ætlað að greiða allan kostnað við þjóðleikhúsbygginguna, eftir að hún var fullgerð. Þetta eykur og tekjuþörfina eftir því, sem tímar líða, þar sem kostnaður vegna viðhalds og endurbóta hlýtur heldur að fara hækkandi. Enn fremur þyrfti að efla rekstrarsjóð þjóðleikhússins, svo að hann verði færari um að taka á sig rekstrarhalla, sem verða kann á einstökum árum, en það hlutverk er sjóðnum ætlað skv. lögum. Með tilliti til alls þessa þykir einsýnt, að nauðsyn sé að auka hlut rekstrarsjóðs þjóðleikhússins af skemmtanaskattinum upp í 50%. Miðað við óbreyttan skattstofn færir þessi hækkun rekstrarsjóðnum 4—5 hundruð þúsund kr. á ári. Er þetta lagt til í þessu frumvarpi.

Samkvæmt frumvarpi þessu falla niður þau 15% skemmtanaskattsins, er nú renna í ríkissjóð vegna byggingarskulda þjóðleikhússins. Þess vegna er gert ráð fyrir í frumvarpinu, að ríkissjóður taki að sér byggingarskuldir þjóðleikhússins án endurgjalds. Hér er um að ræða eftirstöðvar byggingarskuldanna, er námu í árslok 1955 kr. 2 975 000.00 auk vaxta kr. 672 625.00, miðað við, að þessar skuldir verði greiddar skv. samningum og greiðslum lokið árið 1965. Til að mæta þessum eftirstöðvum hefur ríkissjóður þegar fengið sinn hluta af skemmtanaskattinum og ágóða viðtækjaverzl-

unarinnar árið 1956, samtals kr. 1 840 000.00. Eftir er þá raunverulega um 1.8 millj. kr., sem svara þarf beint úr ríkissjóði. En hér er ekki um auknar byrðar að ræða fyrir ríkissjóð, þar sem um leið á að verða komizt hjá því með auknum tekjum rekstrarsjóðs þjóðleikhússins, að ríkissjóður þurfi að greiða rekstrarhalla þjóðleikhússins, svo sem gert hefur verið á undanförnum árum, samkvæmt sérstakri heimild í fjárlögum.

Þá falla niður skv. frumvarpi þessu 8% skemmtanaskattsins, sem runnið hafa til lestrarfélaga og kaupa á kennslukvikmyndum. Lestrarfélög þarfnast nú ekki tekna af skemmtanaskatti, eftir að lög um almenningsbókasöfn, nr. 42/1955, voru sett, þar sem með þeim lögum var lestrarfélögum séð fyrir tekjum með beinum fjárframlögum úr ríkissjóði. Öðru máli gegnir um kaup á kennslukvikmyndum. Ekki hefur verið séð fyrir fjárframlögum úr ríkissjóði til þeirra þarfa. Það er þó eðlilegt, að slíkt sé gert og ríkissjóður standi sjálfur undir þessum útgjöldum svo sem öðrum, er varða hin eiginlegu fræðslumál.

Samkvæmt frumvarpi þessu gengur 10% álagið á skemmtanaskattinn til Sinfóníuhljómsveitarinnar. Í núgildandi lögum er ákveðið, að þessar tekjur gangi til ríkissjóðs, en heimilt sé að verja helmingnum til Sinfóníuhljómsveitarinnar. Með því að þessi heimild hefur alltaf verið notuð og hinn helmingur þessara tekna gekk einnig til Sinfóníuhljómsveitarinnar 1956 samkvæmt heimild í fjárlögum, er hér ekki um auknar byrðar að ræða fyrir ríkissjóð. Hins vegar eru þarfir Sinfóníuhljómsveitarinnar svo ótvíræðar, að lagt er til í frumvarpi þessu, að bein fyrirmæli séu um þessa ráðstöfun fjárins.

Í lögum nr. 115/1951 er svo fyrir mælt, að hagnaður Viðtækjaverzlunar ríkisins árin 1951—1956, að báðum meðtöldum, renni í ríkissjóð. Um sama tíma var frestað framkvæmd síðari málsgr. 14. gr. laga nr. 68/1934, um útvarpsrekstur ríkisins. Að óbreyttri löggjöf renna þessar tekjur því nú til ríkisútvarpsins, svo sem upphaflega var ákveðið. Með því að ekki verða bornar brigður á þörf ríkisútvarpsins á tekjum þessum, eru í þessu frumvarpi ekki lagðar til neinar breytingar í þessum efnum.

Með því að endurskoðun þessi er bundin við lög nr. 115/1951, er ekkert lagt til um stofn skemmtanaskattsins og miðað við, að hann verði óbreyttur. Aftur á móti eru ákvæði um 10% álag skemmtanaskattsins í lögum nr. 115/1951, og er lagt til í þessu frumvarpi, að það verði óbreytt.

Sþ. 671. Nefndarálit [122. mál]

um till. til þál. um fiskileitarskip.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Íslendingum er það mikil nauðsyn að eiga skip, er búið sé sem fullkomnustum tækjum til fiskileitar. Enn sem komið er skortir mikið á, að svo sé. Nú þegar hafin er bygging togara á vegum ríkisins, er þess ærin þörf, að eitt þessara skipa verði þannig úr garði gert, „að það geti fullnægt þörf fyrir fullkomið fiskileitarskip“, eins og komizt er að orði í tillögunni. Minni hluti fjáveitinganefndar leggur því áherzlu á það, að Alþingi lýsi yfir vilja sínum um, að ríkisstjórnin sinni þessu nauðsynjamáli.

Alþingi, 28. maí 1957.

Pétur Ottesen, frsm. Magnús Jónsson. Jón Kjartansson.

Sþ. 672. Nefndarálit [168. mál]

um till. til þál. um sameiningu Áfengisverzlunar ríkisins og Tóbakseinkasölu ríkisins.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afstöðu til málsins. Stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar í nefndinni hafa ekki viljað fallast á að mæla með tillögunni, heldur sent hana til umsagnar forstjóra umræddra stofnana, sem var sama og svæfa málið, þar eð komið var að þinglokum. Við undirritaðir höfum talið þarflaust að fá þá umsögn, því að fjármálaráðherra hlýtur að hafa gert sér grein fyrir, að auðið væri að sameina fyrirtækin, er hann flutti frv. um þetta efni 1950. Ef úr sameiningu á að verða, sýnist augljóst, að hana beri að framkvæma nú, þegar laus er forstjórastaða við annað fyrirtækið. Þar sem líklegt er, að sameiningin leiði til töluverðs sparnaðar fyrir ríkissjóð, leggjum við til, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 28. maí 1957.

Magnús Jónsson, frsm. Pétur Ottesen. Jón Kjartansson.

Nd. 673. Nefndarálit [174. mál]

um frv. til laga um menningarsjóð og menntamálaráð.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Afgreiðsla þessa frv. var knúin fram með miklum hraða, þannig að ekki gafst tóm til að ræða einstök atriði þess í nefndinni. Sama er að segja um tvö önnur frv., þessu nátengd, frv. um vísindasjóð og frv. um breyt. á lögum nr. 56/1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús. Minni hl. telur mjög varhugavert að knýja fram á þessu þingi mál, sem koma svo seint fram, að ekki er unnt að ætla þingmönnum að kynna sér þau, svo að viðhlítandi sé, enda er hér um svo mikilsverð almenn menningarmál að ræða, að óverjandi er að afgreiða þau lítt athuguð.

Verði nú enn ýtt á afgreiðslu þessara mála, vill minni hl. nefndarinnar eindregið mæla gegn fjáröflunarákvæðinu í a-lið 3. gr. frv., að því er varðar gjald á aðgöngumiða að kvikmyndasýningum samkvæmt 4. gr. frv. um breyt. á lögum 56/1927, um skemmtanaskatt. Við getum ekki fallizt á, að peningar þessir séu fremur teknir af verði aðgöngumiða að kvikmyndasýningum en af verði áfengis. Réttara er að láta þá tegund skemmtunar, sem óhollari er, bera þennan bagga.

Í samræmi við þetta munum við áskilja okkur rétt til breytingartillagna.

Alþingi, 28. maí 1957.

Ragnhildur Helgadóttir, frsm. Jónas G. Rafnar.

Nd. 674. Nefndarálit [182. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 29. apríl 1946, um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frumvarp þetta er komið frá Ed. og var þar flutt að beiðni sjávarútvegsmálaráðherra.

Efni þess er að víkka heimild þá, sem nú er í lögum, til þess að stofnlánadeild sjávarútvegsins megi gefa veðleyfi vegna endurbóta á skipum, sem hún hefur veð í.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 28. maí 1957.

Gísli Guðmundsson, form., frsm. Karl Guðjónsson, fundaskr. Áki Jakobsson.
Sig. Ágústsson. Pétur Ottesen.

Ed. 675. Lög [51. mál]

um búfjárrækt.

(Afgreidd frá Ed. 28. maí.)

Samhljóða þskj. 609.

Ed. 676. Lög [177. mál]

um breyting á lögum nr. 10 frá 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 28. maí.)

Samhljóða þskj. 642.

Ed. 677. Lög [178. mál]

um Útvegsbanka Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 28. maí.)

Samhljóða þskj. 643 (sbr. 631).

Ed. 678. Lög [179. mál]

um breyting á lögum nr. 17 frá 10. febr. 1953, um Framkvæmdabanka Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 28. maí.)

Samhljóða þskj. 632.

Ed. 679. Breytingartillaga [148. mál]

við frv. til l. um eyðingu refa og minka.

Frá Alfreð Gíslasyni.

11. gr. orðist svo:

Skylt er oddvitum og bæjarstjórum að sjá um eitrun fyrir refi og minka á tilteknum svæðum, þegar veiðistjóri mælir fyrir um, að svo skuli gert. Óheimilt er að eitra fugla, en að öðru leyti skal við eitrun fylgja leiðbeiningum og fyrirmælum veiðistjóra. Héraðslæknar og lyfjaverzlanir láta oddvitum og bæjarstjórum í té eitur samkvæmt fyrirmælum landbúnaðar- og heilbrigðismálaráðuneytisins.

Ed. 680. Lög [148. mál]

um eyðingu refa og minka.

(Afgreidd frá Ed. 28. maí.)

Samhljóða þskj. 660.

Nd. 681. Breytingartillögur [176. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 56 frá 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

1. Við 4. gr. Í stað tveggja fyrstu málsliða 1. efnismálsgr. komi svo hljóðandi málsliður:
   Leggja skal tveggja krónu gjald á hvern seldan aðgöngumiða að dansleikjum í kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa 1500 íbúa eða fleiri.
2. Ákvæði til bráðabirgða falli brott.

Nd. 682. Frumvarp til laga [157. mál]

um Háskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

I. KAFLI
Hlutverk Háskóla Íslands.

1. gr.

Háskóli Íslands skal vera vísindaleg rannsóknarstofnun og vísindaleg fræðslustofnun, er veiti nemendum sínum menntun til þess að gegna ýmsum embættum og störfum í þjóðfélaginu og til þess að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum.

II. KAFLI
Stjórn háskólans.

2. gr.

Stjórn háskólans er falin rektor háskólans og háskólaráði.

Rektor hefur eftirlit með daglegri starfsemi háskólans og er æðsti fulltrúi skólans gagnvart mönnum og stofnunum utan skólans. Hann leysir úr þeim mál-

um, sem þurfa ekki að koma fyrir háskólaráð, háskóladeildir eða stjórnarvöld af laganauðsyn eða samkvæmt venju. Rektor hefur með sama fyrirvara umboð til að skuldbinda háskólann og háskólastofnanir fjárhagslega. Honum er skylt að hlutast til um framkvæmd á samþykktum háskólaráðs og háskóladeilda og þeim ákvörðunum stjórnarvalda, er varða háskólann.

Háskólaráð hefur úrskurðarvald í málefnum háskólans og háskólastofnana, svo sem lög mæla og nánar segir í reglugerðum.

Áður en lögum, er snerta háskólann eða háskólastofnanir, verður breytt eða við þau aukið, skal leita umsagnar háskólaráðs um breytingar eða viðauka, svo og um nýmæli. Nú varðar málefni sérstaklega tiltekna deild, og skal háskólaráð þá leita álits deildarinnar, áður en það lætur uppi umsögn sína.

Háskólinn á stjórnarfarslega undir menntamálaráðherra.

3. gr.

Rektor er kosinn af prófessorum háskólans til þriggja ára í senn, og eru þeir einir kjörgengir.

Rektorskosning fer fram í maímánuði, en rektor tekur við störfum með byrjun háskólaárs.

Sá er rétt kjörinn rektor, sem hlotið hefur atkvæði meiri hluta atkvæðisbærra manna, enda hafi minnst tveir þriðju hlutar þeirra, sem atkvæðisrétt eiga, tekið þátt í atkvæðagreiðslunni. Ef enginn fær svo mörg atkvæði, skal kjósa að nýju um þá tvo eða fleiri, er flest atkvæði fengu, og er þá sá rétt kjörinn, sem flest atkvæði fær, enda þótt tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra manna hafi þá ekki tekið þátt í atkvæðagreiðslu. Séu atkvæði jöfn, ræður hlutkesti. Um tilhögun kosningar skal kveða nánar á í reglugerð.

Kjörgengum háskólakennara er skylt að taka við rektorskjöri, nema sérstök atvik hamli. Nú skorast sá, sem kjörinn hefur verið rektor, undan því að taka við kjöri, og metur þá háskólaráð, hvort fallizt verði á afstöðu hans. Ef háskólaráð fellst á sjónarmið hins nýkjörna rektors, skal efna hið fyrsta til nýrrar rektorskosningar.

Rektor má endurkjósa, en honum er ekki skylt að taka við endurkjöri.

Nú fellur rektor frá eða lætur af störfum, áður en kjörtímabil hans er liðið, og skal þá kjósa nýjan rektor, svo fljótt sem því verður komið við, en varaforseti háskólaráðs gegni rektorsstörfum þangað til. Ef varaforseti er forfallaður, gegni sá deildarforseti rektorsstörfum, sem lengst hefur haft á hendi kennaraembætti við háskólann. Hinn nýkjörni rektor er kosinn til þriggja ára, en það, sem eftir er háskólaárs, er hann tekur við, skal teljast eitt ár.

4. gr.

Rektor og forsetar háskóladeildanna skipa háskólaráð. Rektor er sjálfkjörinn forseti ráðsins, en varaforseta og ritara kýs ráðið úr sínum hópi til eins árs í senn.

Nú má deildarforseti ekki sækja fund vegna forfalla eða af öðrum ástæðum, og tekur þá sá kennari, sem kosinn hefur verið deildarforseti til vara, sbr. 13. gr., sæti hans í ráðinu. Ef þess manns nýtur ekki, kveður rektor til fundarsetu þann prófessor úr deild þeirri, sem í hlut á, er lengst hefur gegnt kennaraembætti í deildinni. Sömu reglur gilda, er deildarforseti gegnir rektorsstörfum í viðlögum, sbr. 3. gr.

Ávallt er háskólaráð ræðir mál, er varða stúdenta háskólans almennt, skulu stúdentar eiga einn fulltrúa, er stúdentaráð nefnir til, á fundi háskólaráðs, og skal rektor kveðja hann á fundinn. Hefur fulltrúinn þar málfrelsi og atkvæðisrétt.

5. gr.

Háskólaráð heldur fundi eftir þörfum. Æski tveir menn úr háskólaráði fundar, er rektor skylt að boða til fundar, svo og ef einn þriðji hluti prófessora háskól-

ans æskir fundar. Nú er fundur boðaður að frumkvæði kennara, sem eiga ekki sæti í ráðinu, og er þeim þá rétt að senda fulltrúa, einn eða fleiri, á fundinn. Hafa slíkir fulltrúar málfrelsi á fundinum, en atkvæðisrétt eiga þeir ekki.

Háskólaráð er ekki ályktunarfært, nema tveir þriðju hlutar háskólaráðsmanna sæki fund hið fæsta. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ef atkvæði eru jöfn, sker atkvæði rektors úr eða þess, er gegnir forsetastörfum.

6. gr.

Rektor eða háskólaráð geta boðað til almenns kennarafundar til umræðna um einstök málefni háskólans eða stofnana hans. Nú æskir einn þriðji hluti prófessora, dósenta og lektora fundar, og er rektor þá skylt að boða til hans. Allir kennarar háskólans eiga rétt á að sækja almenna kennarafundi og njóta atkvæðisréttar þar. Ályktanir kennarafunda eru ekki bindandi fyrir háskólaráð.

7. gr.

Menntamálaráðherra skipar ritara við háskólann að fengnum tillögum háskólaráðs, en háskólaráð ræður annað starfslið í skrifstofu skólans.

Háskólaráð skipar umsjónarmann með byggingum háskólans og innanstokksmunum.

Um starfslið háskólabókasafns segir í 36. gr. laga þessara, en um starfslið annarra stofnana háskólans og fyrirtækja fer eftir því, sem segir í lögum eða samþykktum þeirra.

8. gr.

Heimilt er að kveða nánar á um starfsvið og starfshætti rektors, háskólaráðs og háskólaritara í reglugerð.

III. KAFLI

Háskólakennarar og háskóladeildir.

9. gr.

Í Háskóla Íslands eru þessar 5 deildir: guðfræðideild, læknadeild, laga- og viðskiptadeild, heimspekideild og verkfræðideild. Þá skal og starfa við Háskóla Íslands rannsóknarstofnun í þágu atvinnuveganna, er nefnist atvinnudeild háskólans. Viðskiptadeild skal verða sjálfstæð deild, þegar þrjú föst kennaraembætti hafa verið stofnuð í viðskiptafræðum.

10. gr.

Kennarar háskólans eru prófessorar, dósentar, lektorar, aukakennarar, aðstoðarkennarar og erlendir sendikennarar. Dósentar eru skipaðir til ótiltekins tíma, en lektorar eru ráðnir til tveggja ára hið skemmsta, og taka þeir mánaðar- eða árslaun. Aukakennarar og aðstoðarkennarar eru ráðnir til skemmri tíma og eru stundakennarar. Þegar nýr kennari, sem ekki er prófessor, ræðst til háskólans, skal taka fram, hvort hann sé dósent, lektor, aukakennari eða aðstoðarkennari. Menntamálaráðherra ákveður í samráði við háskólaráð, hverjir af kennurum háskólans, sem starfandi eru við gildistöku laga þessara, séu dósentar, lektorar, aukakennarar og aðstoðarkennarar.

11. gr.

Forseti Íslands skipar prófessora, menntamálaráðherra skipar dósenta að fengnum tillögum háskóladeildar, en háskólaráð ræður lektora, aukakennara og aðstoðarkennara samkvæmt tillögum háskóladeilda, eftir því sem fé er veitt til.

Umsækjendur skulu láta fylgja umsókn sinni ítarlega skýrslu um vísindastörf þau, er þeir hafa unnið, ritsmíðar og rannsóknir, svo og námsferil sinn og störf. Með umsókninni skulu send eintök af vísindalegum ritum og ritgerðum umsækjenda, prentuðum og óprentuðum.

Skipa skal hverju sinni þriggja manna nefnd til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna embættinu. Háskólaráð skipar einn nefndarmann, menntamálaráðherra annan, en deild sú, sem kennarinn á að starfa við, hinn þriðja, og er hann formaður nefndarinnar. Í nefnd þessa má skipa þá eina, sem eru kunnáttumenn í þeirri grein, sem umsækjendum er ætlað að kenna.

Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um það, hvort af vísindagildi rita umsækjanda og rannsókna, svo og námsferli hans og störfum megi ráða, að hann sé hæfur til að gegna embættinu. Álitsgerð nefndarinnar skal höfð til hliðsjónar, er embættið er veitt, og má engum manni veita prófessorsembætti við háskólann, nema meiri hluti nefndarinnar hafi látið í ljós það álit, að hann sé hæfur til þess. Enn fremur skal leita álits hlutaðeigandi háskóladeildar um umsækjendur.

Heimilt er að kveða svo á í reglugerð, að framangreind ákvæði um veitingu prófessorsembættis skuli gilda um skipun dósenta og sérfræðinga við háskólastofnanir.

12. gr.

Þegar sérstaklega stendur á, getur menntamálaráðherra, samkvæmt tillögu háskóladeildar og með samþykki háskólaráðs, boðið vísindamanni að taka við kennaraembætti við háskólann, án þess að það sé auglýst laust til umsóknar.

Menntamálaráðherra skal heimilt, samkvæmt tillögu háskóladeildar, að auglýsa kennaraembætti laust til umsóknar, svo að embættið verði veitt ári áður en hinn nýskipaði kennari hefur kennslu sína. Kveða skal á um það hverju sinni, frá hvaða tíma launagreiðslur hins nýskipaða kennara hefjist.

13. gr.

Hver háskóladeild velur úr hópi prófessora deildarinnar deildarforseta og annan til vara. Deildarforseti á sæti í háskólaráði, en varaforseti tekur sæti hans þar eftir reglum 4. gr.

Deildarforseta og varaforseta skal kjósa til tveggja ára í senn. Þó skal kjörtímabil þriggja þeirra deildarforseta, sem fyrst verða kosnir eftir gildistöku laga þessara, aðeins verða eitt ár, og skal hluta um það, eftir að deildarforsetar hafa verið kjörnir, hverjir þeirra skuli gegna störfum eitt ár og hverjir tvö. Kjörgengum kennurum er skylt að taka við kosningu til deildarforseta starfa og til starfa varadeildarforseta. Endurkjósa má deildarforseta, en rétt hefur hann til að skorast undan endurkjöri. Sá, sem gegnt hefur embætti rektors, getur og skorazt undan kjöri til deildarforseta starfa næsta kjörtímabil, eftir að hann lét af rektorsstörfum. Nú fellur deildarforseti frá eða lætur af störfum, og skal þá kjósa deildarforseta og varaforseta fyrir þann hluta kjörtímabils, sem eftir er.

14. gr.

Hver háskóladeild heldur fundi eftir þörfum. Deildarforseti boðar fundi, og eiga þar sæti prófessorar og forstöðumenn vísindastofnana, er lúta deildinni. Háskóladeild er heimilt að ákveða, að dósentar og lektorar megi sitja deildarfundi og hafa þar atkvæðisrétt.

Nú er fjallað sérstaklega um kennslugreinar dósenta, lektora, aukakennara, aðstoðarkennara eða erlendra sendikennara, og skal forseti þá boða kennara á deildarfund og gefa þeim kost á að ræða það málefni, en atkvæðisrétt eiga þeir ekki, sbr. þó 1. málsgrein, að því er varðar dósenta og lektora.

Nú er mál til umræðu á deildarfundi, sem varðar nemendur deildarinnar almennt, og skal deildarforseti þá kveðja á fundinn fulltrúa nemenda, einn eða fleiri,

er stjórn deildarfélags nefnir til. Hafa fulltrúarnir þar málfrelsi, en eiga ekki atkvæðisrétt.

Rektor er heimilt að taka þátt í meðferð mála í öllum deildum, en atkvæðisrétt á hann þó aðeins í sinni deild.

15. gr.

Deildarforseta er skylt að boða til deildarfundar, ef rektor eða þriðjungur deildarmanna, sem rétt eiga á fundarsetu, æskja fundar.

Deildarfundur er ályktunarfær, ef fund sækja eigi færri en helmingur prófessora deildarinnar. Nú eru atkvæði jöfn, og ræður þá atkvæði deildarforseta eða þess, er gegnir forsetastörfum.

16. gr.

Hver deild semur lestrar- og kennsluáætlun fyrir sig, og skal þar gerð grein fyrir námsefni, kennsluháttum og prófkröfum.

IV. KAFLI
Kennsla og nemendur.

17. gr.

Kennsluár háskólans skiptist í tvö kennslumisseri, haustmisseri frá 15. sept. til 31. jan. og vormisseri frá 1. febrúar til 15. júní. Háskólaráð getur ákveðið aðra missera skiptingu með samþykki menntamálaráðherra fyrir tilteknar greinar eða deildir. Leyfi og önnur kennsluhlé skulu ákveðin í reglugerð.

18. gr.

Háskólaráð ákveður, að fenginni umsögn háskóladeildar, hver sé kennsluskylda einstakra háskólakennara. Nú unir kennari ekki úrlausn háskólaráðs, og má hann þá skjóta úrlausninni til menntamálaráðherra, sem leysir til fullnaðar úr þessu efni.

Rektor á rétt á að vera leystur undan allt að helmingi þeirrar kennslu, sem honum var skylt að hafa með höndum, er hann tók við rektorsembætti. Ef því er að skipta, ákveður rektor með samþykki menntamálaráðuneytis, hversu ráðstafa skuli þeim hluta kennslunnar.

19. gr.

Rektor getur veitt kennurum lausn í bili undan kennsluskyldu, allt að þremur vikum. Endranær er menntamálaráðherra heimilt, með samþykki háskólaráðs, að veita kennara lausn undan kennsluskyldu um takmarkaðan tíma. Kennari sá, er lausn hefur frá kennsluskyldu, ákveður kennara í sinn stað, einn eða fleiri, með samþykki háskóladeildar og menntamálaráðherra.

Menntamálaráðherra ákveður launakjör staðgengils hverju sinni og hvort kennari sá, sem víkur í bili, skuli greiða laun hans að nokkru eða öllu. Nú er maður ráðinn til að gegna kennaraembætti, en ekki settur til starfans, og ákveður deild þá hverju sinni, hvort hann eigi rétt á að sitja deildarfundi og hafi þar atkvæðisrétt.

20. gr.

Fyrirlestrar, æfingar og námskeið eru fyrir skrásetta stúdenta, en kennara er heimilt að veita öðrum kost á að sækja slíka kennslu, nema háskólaráð mæli öðruvísi fyrir.

21. gr.

Hver sá, sem staðizt hefur fullnaðarpróf frá íslenzkum skóla, sem heimild hefur til að brautskrá stúdenta, á rétt á að verða skrásettur háskólaborgari, gegn því að

greiða skrásetningargjald, enda hafi stúdent ekki gerzt sekur um neina þá óhæfu, sem geri það varhugavert, að dómi háskólaráðs, að veita honum skólavist.

Háskólaráð getur leyft, að skrásettir verði til náms menn, sem lokið hafa erlendis prófi eða prófum, er tryggja nægan undirbúning til námsins eigi miður en íslenzkt stúdentspróf.

Heimilt er að setja í reglugerð ákvæði um inntöku stúdenta í einstakar deildir.

Skrásetningargjöld skulu ákveðin í reglugerð.

22. gr.

Ákvæði um heilbrigðisskilyrði í sambandi við skrásetningar háskólastúdenta má setja í reglugerð.

Öllum skrásettum stúdentum er skylt að ganga undir heilbrigðisrannsóknir eftir því, sem háskólaráð áskilur.

23. gr.

Ákvæði um eftirlit með námsástundun háskólastúdenta má setja í reglugerð háskólans.

24. gr.

Allir skrásettir stúdentar eru skyldir að gæta velsæmis bæði í háskólanum og utan hans.

Háskólaráð getur veitt stúdent áminningu eða vikið stúdent úr skóla um tiltekinn tíma eða að fullu, ef hann hefur gerzt sekur um brot á lögum og öðrum reglum háskólans eða reynzt sekur um háttsemi, sem er ósamboðin háskólaborgara.

Áður en brottrekstur er ráðinn, skal leita umsagnar háskóladeildar stúdents. Einnig skal veita stúdent kost á að svara til saka. Enn fremur skal leita umsagnar stjórnar í deildarfélagi stúdents, áður en brottrekstur er ráðinn samkvæmt 2. málsgrein.

Brottrekstur skal þegar í stað tilkynna menntamálaráðuneytinu.

Stúdent er heimilt að skjóta úrskurði háskólaráðs til Hæstaréttar eftir reglum um kæru í opinberum málum innan 4 vikna frá því, að honum barst tilkynning um úrskurðinn. Kæra frestar framkvæmd úrskurðar, en stúdent má þó ekki ganga undir próf, fyrr en úrlausn Hæstaréttar er fengin.

Nú tekur stúdent sig á, og er háskólaráði þá heimilt að fella brott fyrri úrskurð um brottrekstur.

25. gr.

Nú er hafin réttarrannsókn gegn skrásettum háskólastúdent fyrir háttsemi, sem talin er varða við almenn hegningarlög, og skal dómari þá tilkynna það rektor þegar í stað. Rektor eða fulltrúa hans er heimilt að vera viðstaddur dómþing, þegar svo stendur á.

Nú verður skrásettur stúdent sekur að lagadómi um verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, og er hann þá rækur.

26. gr.

Afskipti háskólans af háskólastúdent hætta, er stúdent lýkur fullnaðarprófi í grein sinni. Nú tilkynnir stúdent, að hann sé hættur námi við háskólann, og skal þá má nafn hans af stúdentatali skólans. Þá skal má nafn stúdents af stúdentatali skólans, hafi hann ekki sótt háskólann tvö kennslumisseri samfleytt, þó skal það ekki gert þótt hann sé fjarverandi allt að fjögur misseri, hafi hann tilkynnt háskóladeild sinni fjarveru sína.

V. KAFLI
Próf.

27. gr.

Í reglugerð háskólans skal setja ákvæði um prófgreinar, próftíma, skiptingu fullnaðarprófs í fleiri en einn hluta, undirbúningspróf, einkunnir og annað, er að prófunum lýtur.

28. gr.

Háskólakennarar standa fyrir prófum, en hver deild ræður tilhögun prófa hjá sér, að svo miklu leyti sem ekki eru sett bindandi ákvæði um það í lögum eða reglugerð.

Munnleg próf skulu háð í heyranda hljóði. Þó er háskóladeild heimilt, ef sérstaklega stendur á, að ákveða, að slík próf skuli halda fyrir luktum dyrum.

29. gr.

Við þau próf, sem teljast til fullnaðarprófs, skal vera einn prófdómari utan háskólans. Auk þess geta einstakar deildir samþykkt að hafa einn prófdómara úr hópi deildarkennara í öllum greinum eða nokkrum. Við meistarapróf í íslenzkum fræðum dæma þó kennararnir einir.

Við þau próf, sem teljast ekki til fullnaðarprófs, skal einn kennari deildar þeirrar, sem í hlut á, gegna prófdómarastörfum samkvæmt kvaðningu deildarforseta.

Í forspjallsvísindum dæmir kennarinn einn um prófið.

Menntamálaráðherra skipar prófdómendur þá, sem eru ekki háskólakennarar, að fengnum tillögum háskóladeildar. Þá eina má skipa prófdómara, sem lokið hafa viðurkenndu fullnaðarprófi við háskóla í þeirri grein, sem prófdómari skal dæma, eða getið hafa sér orðstír fyrir fræðimennsku í greininni. Prófdómendur skulu skipaðir til þriggja ára í senn.

30. gr.

Háskólaráð ákveður, að fenginni umsögn deildar, hvort viðurkenna skuli háskólapróf, sem stúdent hefur tekið erlendis, og að hverju leyti. Setja má almenn ákvæði í reglugerð um viðurkenningu erlendra prófa.

VI. KAFLI
Doktorar og meistarar.

31. gr.

Háskóladeildir hafa rétt til að veita doktorsnafnbót. Slíka nafnbót má veita annaðhvort í heiðurs skyni eða að undangengnu sérstöku prófi. Doktorsnafnbót í heiðurs skyni verður ekki veitt nema með einróma samþykki atkvæðisbærra deildarmanna og með samþykki háskólaráðs. Háskóladeildir standa fyrir doktorsprófi.

32. gr.

Sá, er æskir doktorsnafnbótar, skal að jafnaði hafa lokið kandídatsprófi eða embættisprófi.

33. gr.

Sá, er æskir að taka doktorspróf, skal láta fylgja umsókn sinni vísindalega ritgerð eða ritgerðir, enda varði ritgerðir, ef því er að skipta, sama meginrannsóknarsvið og myndi nokkra heild. Umsókn skal stíluð til hlutaðeigandi háskóladeildar.

Í reglugerð skulu settar reglur um doktorspróf.

34. gr.

Hver sá, er hlotið hefur doktorsnafnbót frá háskólanum, á rétt á að halda þar fyrirlestra í vísindagrein sinni, en tilkynna verður hann það háskólaráði.

Nú þykir doktor misbeita þessum rétti sínum, og getur þá háskólaráð svipt hann réttinum.

35. gr.

Háskólaráð getur ákveðið í samþykkt samkvæmt tillögum háskóladeildar, að heimilt sé að ganga undir meistarapróf í grein, að loknu embættis- eða kandídatsprófi. Prófið er fólgið í samningu ritgerðar eða ritgerða, og má áskilja, að umsækjandi gangi einnig undir munnlegt próf í tilteknum greinum og haldi opinbera fyrirlestra. Ritgerð skal skila til þeirrar háskóladeildar, sem í hlut á.

Nánari reglur um meistarapróf skal setja í reglugerð.

VII. KAFLI

Stofnanir háskólans og eigur hans.

36. gr.

Háskólaráð hefur yfirumsjón með einstökum háskólastofnunum, svo sem háskólabókasafni, fyrirtækjum háskólans, svo sem happdrætti og kvikmyndahúsi, og með sjóðum skólans og öðrum eigum.

Forseti Íslands veitir embætti háskólabókavarðar að fengnum tillögum háskólaráðs. Háskólabókavörður skal hafa sérþekkingu í bókasafnsfræðum. Nú kennir háskólabókavörður bókasafnsfræði við háskólann, og tekur hann þá sömu laun og prófessorar. Háskólaráð ræður annað starfslið bókasafns eftir því, sem fé er veitt til á fjárlögum.

Háskólaráð setur einstökum fyrirtækjum háskólans samþykktir.

Um stjórn sjóða fer eftir því, sem stofnskrár eða aðrar samþykktir mæla fyrir um.

Um tengsl atvinnudeildar háskólans við háskólann fer eftir því, sem segir í III. kafla laga nr. 68 7. maí 1940 og öðrum lögum, er þar að lúta, og um tengsl tilraunastöðvar háskólans í meinafræði við háskólann, svo sem segir í lögum nr. 11 28. febr. 1947.

VIII. KAFLI

Kennaraembætti og kennarastöður við Háskóla Íslands.

37. gr.

Við Háskóla Íslands eru þessi prófessorsembætti:

1. Í guðfræðideild 4,
2. í læknadeild 8,
3. í laga- og viðskiptadeild 6,
4. í heimspekideild 8,
5. í verkfræðideild 4.

Í reglugerð skal kveða á um, hverjar aðalkennslugreinar teljist til hvers prófessorsembættis um sig.

Nú óskar skipaður prófessor eftir því, að aðalkennslugrein hans verði breytt, er prófessorsembætti verður laust í deild hans, og getur menntamálaráðherra þá heimilað breytinguna, ef deild sú, sem í hlut á, fellst á tilmæli prófessorsins.

38. gr.

Prófessorarnir í lyflæknisfræði og handlæknisfræði veita forstjórn lyflækn- is- og handlæknisdeildum Landsspítalans, og prófessorinn í meinafræði veitir jafnframt forstöðu rannsóknarstofu í meinafræði. Prófessorinn í heilbrigðisfræði skal auk

kennslunnar í þeirri grein annast heilbrigðislegar rannsóknir fyrir heilbrigðisstjórnina, þar á meðal manneldisrannsóknir í samráði við manneldisráð. Prófessorinn í lyfjafræði hefur umsjón með kennslu í lyfjafræði lyfsala. Kennarinn í lyfjafræði lyfsala hefur jafnframt á hendi eftirlit með lyfjabúðum fyrir heilbrigðisstjórnina.

Prófessorinn í eðlisfræði er jafnframt forstöðumaður rannsóknarstofu til mælinga á geislavirkum efnum. Rannsóknarstofa þessi lýtur verkfræðideild, og skal setja ákvæði um starfsemi hennar í reglugerð Háskóla Íslands.

Prófessorinn í uppeldisfræðum skal skipuleggja kennsluæfingar nemenda í uppeldisfræðum. Hann skal halda fyrirlestra fyrir starfandi kennara og efna til námskeiða fyrir þá. Auk þess skal hann annast rannsóknir og leiðbeiningarstörf í þágu uppeldismála landsins, eftir því sem kveðið verður á í reglugerð.

Prófessorinn í forspjallsvísindum hefur á hendi kennslu í uppeldisfræðum, eftir því sem samrýmist störfum hans.

39. gr.

Menntamálaráðherra ákveður tölu dósenta, lektora, aukakennara og aðstoðarkennara í einstökum deildum og greinum, að fengnum tillögum háskólaráðs.

IX. KAFLI

Kennsla í lyfjafræði lyfsala.

40. gr.

Við læknadeild skal stofna til kennslu í lyfjafræði lyfsala (pharmacia), og skal kveða á um námstilhögun í reglugerð.

X. KAFLI

Gildistaka og brottfallin lög.

41. gr.

Lög þessi taka gildi nú þegar.

42. gr.

Menntamálaráðherra leitar staðfestingar forseta Íslands á reglugerð fyrir háskólann, að fengnum tillögum háskólaráðs. Í reglugerðinni er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara. Reglugerðarákvæði þau, sem í gildi eru við gildistöku laganna, halda gildi sínu, unz ný ákvæði eru sett.

43. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi þessi lög og lagaákvæði:

Lög nr. 21 1. febr. 1936, um Háskóla Íslands, ásamt breytingarlögum nr. 78 27. júní 1941, lögum nr. 66 28. des. 1944 og lögum nr. 21 28. marz 1947.

Lög um laun háskólakennara, nr. 36 30. júlí 1909.

Lög nr. 66 28. des. 1944, um breyting á og viðauka við lög nr. 36 30. júlí 1909, um laun háskólakennara, og um breyting á lögum nr. 21 1. febr. 1936, um Háskóla Íslands.

Lög nr. 116 28. des. 1950, um breyting á lögum nr. 66 28. des. 1944.

Lög nr. 85 24. des. 1953, um breyting á lögum nr. 36 30. júlí 1909, um laun háskólakennara.

Lög nr. 34 26. okt. 1917, um stofnun dósentsembættis í læknadeild Háskóla Íslands.

Lög nr. 40 27. júní 1925, um stofnun dósentsembættis við heimspekideild Háskóla Íslands.

Lög nr. 24 19. maí 1930, um háskólakennara.

Lög nr. 33 23. júní 1932, um stofnun nýs prófessorsembættis í læknadeild Háskóla Íslands.
Lög nr. 44 27. júní 1941, um tannlæknakennslu við læknadeild háskólans.
Lög nr. 13 13. febr. 1943, um stofnun embættis háskólabókavarðar við Háskóla Íslands.
Lög nr. 9 24. jan. 1945, um stofnun prófessorsembættis í heilbrigðisfræði í læknadeild Háskóla Íslands.
Lög nr. 31 12. febr. 1945, um stofnun dósentsembættis í guðfræðideild Háskóla Íslands.
Lög nr. 23 23. apríl 1946, um dósentsembætti í íslenzku nútímamáli og hagnýtri íslenzkukennslu í heimspekideild Háskóla Íslands.
Lög nr. 15 6. apríl 1955, um stofnun prófessorsembættis í læknadeild Háskóla Íslands.
Lög nr. 92 24. des. 1955, um laun starfsmanna ríkisins, 14. gr. B,I,4 orðin „dósentar og“ falli niður.
Lög nr. 112 30 maí 1940, um lyfjafræðingaskóla Íslands.
Lög nr. 16 12. marz 1947, um menntun kennara, 15. gr. — Í 20. gr. sömu laga falli niður orðin „við kennslustofnun“.

44. gr.

Þegar lög þessi taka gildi, skal skipa dósenta þá, sem starfa við háskólann, prófessora.

Bráðabirgðaákvæði.

Stúdentar þeir, er hófu nám í skóla Apótekarafélags Íslands haustið 1955, skulu hafa sama rétt og nemendur Lyfjafræðingaskóla Íslands til þess að taka próf við læknadeild í lyfjafræði lyfsala, er veiti þau atvinnuréttindi, sem hingað til hafa fengizt við fyrrihlutapróf.

Sþ. 683. Nefndarálit [122. mál]

um till. til þál. um fiskileitarskip.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur athugað tillögu þessa á nokkrum fundum, en ekki orðið sammála um afgreiðslu hennar.

Vill minni hlutinn, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, láta samþ. hana óbreytta, en við, sem meiri hlutann skipum, erum að svo stöddu ekki reiðubúnir til að leggja það til.

Efni tillögunnar er hið athyglisverðasta, og hafði ríkisstjórnin raunar, áður en tillagan kom fram, skipað nefnd sérfróðra manna til athugunar á þessu efni.

Með tilliti til þessa telur meiri hluti nefndarinnar ekki rétt, að Alþingi kveði upp úrskurð í málinu nú, heldur verði álits umræddrar sérfræðinganefndar beðið, og leggur því til, að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 28. maí 1957.

Karl Guðjónsson, form., frsm.	Halldór Ásgrímsson, fundaskr.	Karl Kristjánsson.
Halldór E. Sigurðsson.	Sveinbjörn Högnason.	Áki Jakobsson.

Nd. 684. Breytingartillaga [174. mál]

við frv. til laga um menningarsjóð og menntamálaráð.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Við 3. gr. A-liður orðist svo:
Gjald af dansleikjum samkvæmt lögum um skemmtanaskatt.

Sþ. 685. Tillaga til þingsályktunar [185. mál]

um fullgildingu á stofnskrá Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar.

(Lögð fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1957.)

Alþingi ályktar að veita ríkisstjórninni heimild til þess fyrir Íslands hönd að fullgilda stofnskrá Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar, sem samþykkt var hinn 23. október 1956 á alþjóðafundi í bækistöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York.

Fylgiskjal.

STOFNSKRÁ ALÞJÓÐAKJARNORKUMÁLA-STOFNUNARINNAR

1. gr.
Stofnsetning.

Aðilar stofnsetja Alþjóðakjarnorkumálastofnun (og nefnist hún hér á eftir „stofnunin") með þeim ákvæðum og skilmálum, sem hér greinir.

2 gr.
Markmið.

Stofnunin skal leitast við að flýta og greiða fyrir afnotum kjarnorku í þágu friðar, heilbrigðis og velmegunar um heim allan. Skal hún gæta þess vandlega, eftir því sem við verður komið, að sú aðstoð, sem hún lætur í té sjálf, fær aðra til að láta í té eða látin verður í té undir eftirliti hennar eða umsjá, verði eigi á nokkurn hátt notuð til hernaðarþarfa.

3. gr.
Störf.

A. Stofnuninni er heimilt:

1. Að efla og styðja rannsóknir á kjarnorku, framfarir á sviði kjarnorku og hagnýt afnot hennar í friðsamlegu

STATUTE OF THE INTERNATIONAL ATOMIC ENERGY AGENCY

Article I
Establishment of the Agency

The Parties hereto establish an International Atomic Energy Agency (hereinafter referred to as "the Agency") upon the terms and conditions hereinafter set forth.

Article II
Objectives

The Agency shall seek to accelerate and enlarge the contribution of atomic energy to peace, health and prosperity throughout the world. It shall ensure, so far as it is able, that assistance provided by it or at its request or under its supervision or control is not used in such a way as to further any military purpose.

Article III
Functions

A. The Agency is authorized:

1. To encourage and assist research on, and development and practical application of, atomic energy for peaceful uses

skyni um heim allan. Henni er heimilt, ef þess er óskað, að gerast milligöngumaður milli félaga sinna í útvegun þjónustu, efnis, útbúnaðar og aðstöðu og að leggja af mörkum störf eða þjónustu í þágu rannsókna á kjarnorku, framfara á sviði kjarnorku eða hagnýtra afnota hennar í friðsamlegu skyni.

2. Henni er falið að útvega í samræmi við stofnskrá þessa efni, þjónustu, útbúnað og aðstöðu til þess að fullnægja þörfum rannsókna á kjarnorku, framfara á sviði kjarnorku og hagnýtra afnota hennar í friðsamlegu skyni, og telst þar til framleiðsla raforku, enda sé réttmætt tillit tekið til þeirra landssvæða heims, sem skammt eru á veg komin í iðnþróun.

3. Henni er falið að greiða fyrir skiptum á vísinda- og tækniupplýsingum um friðsamleg afnot kjarnorku.

4. Hún skal greiða fyrir skiptum á vísindamönnum og sérfræðingum á sviði friðsamlegra afnota kjarnorku og þjálfun slíkra manna.

5. Skylt er henni að stofnsetja og framkvæma öryggiseftirlit til tryggingar því, að tiltekin kleyfiefni og önnur efni, þjónusta, útbúnaður, aðstaða og upplýsingar, sem hún lætur af hendi sjálf, fær aðra til að láta af hendi eða látin eru af hendi undir eftirliti hennar eða umsjá, verði eigi á nokkurn hátt notuð til hernaðarþarfa. Ber henni og að annast öryggiseftirlit í sambandi við samninga milli tveggja aðila eða fleiri, ef aðilar óska þess, svo og í sambandi við allar athafnir einstakra ríkja á sviði kjarnorku, ef ríkin óska þess.

6. Henni ber að hafa samráð og ef þörf krefur samstarf við viðkomandi stofnanir Sameinuðu þjóðanna og sérstofnanir hennar um að setja eða samþykkja öryggisreglur til verndar heilbrigði og til þess að draga sem mest úr lífshættu eða eignatjóni (ásamt sams konar öryggisreglum fyrir verkamenn) og gera ráðstafanir til þess að öryggisreglur þessar verði haldnar í framkvæmdum stofnunarinnar sjálfrar og í öðrum framkvæmdum, sem hún hefur lagt til efni, þjónustu, útbúnað, aðstöðu

throughout the world; and, if requested to do so, to act as an intermediary for the purposes of securing the performance of services or the supplying of materials, equipment, or facilities by one member of the Agency for another; and to perform any operation or service useful in research on, or development or practical application of, atomic energy for peaceful purposes;

2. To make provision, in accordance with this Statute, for materials, services, equipment, and facilities to meet the needs of research on, and development and practical application of, atomic energy for peaceful purposes, including the production of electric power, with due consideration for the needs of the underdeveloped areas of the world;

3. To foster the exchange of scientific and technical information on peaceful uses of atomic energy;

4. To encourage the exchange and training of scientists and experts in the field of peaceful uses of atomic energy;

5. To establish and administer safeguards designed to ensure that special fissionable and other materials, services, equipment, facilities, and information made available by the Agency or at its request or under its supervision or control are not used in such a way as to further any military purpose; and to apply safeguards, at the request of the parties, to any bilateral or multilateral arrangement, or, at the request of a State, to any of the State's activities in the field of atomic energy;

6. To establish or adopt, in consultation and, where appropriate, in collaboration with the competent organs of the United Nations and with the specialized agencies concerned, standards of safety for protection of health and minimization of danger to life and property (including such standards for labour conditions), and to provide for the application of these standards to its own operations as well as to the operations making use of materials, services, equipment, facilities, and information made available by the Agency or

eða upplýsingar, fengið aðra til að láta slíkt af hendi eða látin hafa verið af hendi undir eftirliti hennar eða umsjá, svo og að sjá um að öryggisreglum þessum verði framfylgt í framkvæmdum samkvæmt samningum milli tveggja aðila eða fleiri, ef aðilar óska þess, og í öllum framkvæmdum einstakra ríkja á sviði kjarnorku, ef þau óska þess.

7. Henni er heimilt að afla sér eða koma sér upp hvers konar aðstöðu, vélakosti og útbúnaði, sem þörf krefur til að framkvæma þau störf, sem henni eru ætluð, þegar aðstaða sú, vélakostur og útbúnaður, sem henni stendur til boða að öðru leyti á landsvæði því, sem um er að ræða, eru ófullnægjandi eða fáanleg einungis með skilmálum, sem hún telur ófullnægjandi.

at its request or under its control or supervision; and to provide for the application of these standards, at the request of the parties, to operations under any bilateral or multilateral arrangement, or, at the request of a State, to any of that State's activities in the field of atomic energy;

7. To acquire or establish any facilities, plant, and equipment useful in carrying out its authorized functions, whenever the facilities, plant, and equipment otherwise available to it in the area concerned are inadequate or available only on terms it deems unsatisfactory.

B. Í framkvæmd skyldustarfa sinna skal stofnunin:

1. Haga störfum sínum í samræmi við þann tilgang og grundvallarreglu Sameinuðu þjóðanna að efla frið og samvinnu þjóða í milli og í samræmi við þá stefnu Sameinuðu þjóðanna að stuðla að því, að stofnað verði til tryggrar afvopnunar um heim allan, og í samræmi við alla alþjóðasamninga, sem gerðir eru samkvæmt þeirri stefnu.

2. Henni ber að koma á eftirliti með afnotum tiltekinna kleyfiefna, sem hún tekur við, í því skyni að tryggja það, að efni þessi verði einungis notuð í friðsamlegum tilgangi.

3. Henni ber að dreifa starfsemi sinni á þann hátt, að tryggð verði virk afnot og að öll landsvæði heims megi njóta hennar sem almennast, og skal sérstakt tillit tekið til þeirra landsvæða, sem skammt eru komin í iðnþróun.

4. Henni ber að leggja á hverju ári skýrslu um starfsemina fyrir allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna, og þegar svo stendur á, fyrir Öryggisráðið. Komi í sambandi við starfsemi stofnunarinnar upp vandamál, sem Öryggisráðið er dómbært um, ber henni að tilkynna þau, með því að það er sú stofnun, sem meginábyrgð ber á varðveizlu friðar og öryggis þjóða í milli. Einnig má stofnunin gera ráðstafanir þær, sem henni er heim-

B. In carrying out its functions, the Agency shall:

1. Conduct its activities in accordance with the purposes and principles of the United Nations to promote peace and international co-operation, and in conformity with policies of the United Nations furthering the establishment of safeguarded world-wide disarmament and in conformity with any international agreements entered into pursuant to such policies;

2. Establish control over the use of special fissionable materials received by the Agency, in order to ensure that these materials are used only for peaceful purposes;

3. Allocate its resources in such a manner as to secure efficient utilization and the greatest possible general benefit in all areas of the world, bearing in mind the special needs of the under-developed areas of the world;

4. Submit reports on its activities annually to the General Assembly of the United Nations and, when appropriate, to the Security Council: if in connexion with the activities of the Agency there should arise questions that are within the competence of the Security Council, the Agency shall notify the Security Council, as the organ bearing the main responsibility for the maintenance of international peace and security, and

ilt að gera samkvæmt stofnskrá þessari, og teljast þar með ráðstafanir þær, sem greinir í C-lið 12. greinar.

5. Henni ber að leggja skýrslur fyrir Fjárhags- og félagsmálaráð og aðrar stofnanir Sameinuðu þjóðanna um efni þau, sem þær eru dómbærar um.

C. Í framkvæmd skyldustarfa sinna er stofnuninni óheimilt að veita félagsríkjunum aðstoð, sem bundin er stjórnmálalegum, efnahagslegum, hernaðarlegum eða öðrum skilmálum, er ekki samrímast ákvæðum stofnskrár þessarar.

D. Að höldnum ákvæðum stofnskrár þessarar og ákvæðum samninga, sem gerðir kunna að verða milli hennar og ríkja, eins eða margra, enda séu þau í samræmi við ákvæði stofnskrárinnar, skal stofnunin haga framkvæmdum sínum þannig, að réttmætt tillit sé tekið til fullveldis ríkjanna.

may also take the measures open to it under this Statute, including those provided in paragraph C of article XII;

5. Submit reports to the Economic and Social Council and other organs of the United Nations on matters within the competence of these organs.

C. In carrying out its functions, the Agency shall not make assistance to members subject to any political, economic, military, or other conditions incompatible with the provisions of this Statute.

D. Subject to the provisions of this Statute and to the terms of agreements concluded between a State or a group of States and the Agency which shall be in accordance with the provisions of the Statute, the activities of the Agency shall be carried out with due observance of the sovereign rights of States.

4. gr.

Þátttaka.

A. Stofnríki stofnunarinnar skulu teljast þau félagsríki Sameinuðu þjóðanna eða sérstofnana þeirra, sem undirritað hafa stofnskrá þessa innan 90 daga frá því undirskriftir hefjast og hafa lagt fram fullgildingarskjöl.

B. Önnur þátttökuríki stofnunarinnar teljast þau ríki, hvort sem þau eru félagsríki Sameinuðu þjóðanna eða sérstofnana þeirra eða ekki, sem leggja fram fullgildingarskjöl til staðfestingar á stofnskrá þessari, enda hafi aðalfundur samþykkt aðild þeirra að tillögu stjórnarnefndar. Nú leggur stjórnarnefnd til, að ríki verði veitt aðild, og ber henni og aðalfundi að sannreyna, að umrætt ríki sé fúst til að takast á hendur skuldbindingar þær, sem aðild að stofnuninni fylgja, og taka hæfilegt tillit til þess, hvort ríkið hefur hæfni og vilja til að hegða sér í samræmi við markmið og grundvallarreglur stofnskrár Sameinuðu þjóðanna.

Article IV

Membership

A. The initial members of the Agency shall be those States Members of the United Nations or of any of the specialized agencies which shall have signed this Statute within ninety days after it is opened for signature and shall have deposited an instrument of ratification.

B. Other members of the Agency shall be those States, whether or not Members of the United Nations or of any of the specialized agencies, which deposit an instrument of acceptance of this Statute after their membership has been approved by the General Conference upon the recommendation of the Board of Governors. In recommending and approving a State for membership, the Board of Governors and the General Conference shall determine that the State is able and willing to carry out the obligations of membership in the Agency, giving due consideration to its ability and willingness to act in accordance with the purposes and principles of the Charter of the United Nations.

C. Stofnunin er byggð á grundvallarreglunni um fullvalda jafnræði allra félagsríkja, enda ber þeim öllum að efna trúlega þær skyldur, sem þau takast á hendur í samræmi við stofnskrá þessa, til þess að öllum verði tryggð réttindi þau og hlunnindi, sem af þátttöku leiðir.

C. The Agency is based on the principle of the sovereign equality of all its members, and all members, in order to ensure to all of them the rights and benefits resulting from membership, shall fulfil in good faith the obligations assumed by them in accordance with this Statute.

5. gr.
Aðalfundur.

A. Á aðalfundi eiga sæti fulltrúar allra félagsríkja, og skal hann kvaddur saman reglulega einu sinni á ári, en til sérstakra fundarhalda, ef aðalforstjóri ákveður það að beiðni stjórnarnefndar eða meiri hluta félagsríkja. Fundir skulu haldnir í aðalbækistöðvum stofnunarinnar, nema aðalfundur ákveði annað.

B. Til fundar skal hvert félagsríki senda einn fulltrúa, en honum mega fylgja varamenn og ráðgjafar. Ber hvert félagsríki kostnað af fundarsókn sinni.

C. Á aðalfundi skal í upphafi fundar kjósa forseta og þá embættismenn aðra, sem þurfa þykir. Gegna þeir embættum til næsta reglulegs aðalfundar. Aðalfundur setur sér fundarsköp að höldnum ákvæðum stofnskrár þessarar. Hefur hvert félagsríki eitt atkvæði. Til ákvarðana samkvæmt H-lið 14. greinar, C-lið 18. greinar og B-lið 19. greinar þarf tvo þriðju hluta atkvæða þeirra félaga, sem viðstaddir eru og atkvæði greiða. Til ákvarðana um önnur efni, þar með ákvarðana um önnur mál, er ráða skuli ⅔ atkvæða meiri hluti, þarf meiri hluta atkvæða félaga, sem viðstaddir eru og atkvæði greiða. Fundur er ályktunarfær, ef meiri hluti félaga situr hann.

D. Á aðalfundi má ræða öll mál innan verkahrings stofnskrár þessarar og mál varðandi valdsvið og starfsemi allra

Article V
General Conference

A. A General Conference consisting of representatives of all members shall meet in regular annual session and in such special sessions as shall be convened by the Director General at the request of the Board of Governors or of a majority of members. The sessions shall take place at the headquarters of the Agency unless otherwise determined by the General Conference.

B. At such sessions, each member shall be represented by one delegate who may be accompanied by alternates and by advisers. The cost of attendance of any delegation shall be borne by the member concerned.

C. The General Conference shall elect a President and such other officers as may be required at the beginning of each session. They shall hold office for the duration of the session. The General Conference, subject to the provisions of this Statute, shall adopt its own rules of procedure. Each member shall have one vote. Decisions pursuant to paragraph H of article XIV, paragraph C of article XVIII and paragraph B of article XIX shall be made by a two-thirds majority of the members present and voting. Decisions on other questions, including the determination of additional questions or categories of questions to be decided by a two-thirds majority, shall be made by a majority of the members present and voting. A majority of members shall constitute a quorum.

D. The General Conference may discuss any questions or any matters within the scope of this Statute or relating to the

stofnana, sem ráð er fyrir gert í stofnskrá þessari. Má þar gera tillögur til félagsríkja stofnunarinnar, til stjórnarnefndar hennar eða beggja um öll slík málefni og atriði.

E. Á aðalfundi skal:

1. Kjósa menn í stjórnarnefnd í samræmi við ákvæði 6. greinar,

2. samþykkja upptöku nýrra félagsríkja í samræmi við ákvæði 4. greinar,

3. svipta félagsríki réttindum til þátttöku samkvæmt ákvæðum 19. greinar,

4. ræða ársskýrslu stjórnarnefndar,

5. samþykkja í samræmi við ákvæði 14. greinar fjárhagsáætlun stofnunarinnar, sem stjórnarnefnd leggur fram, eða endursenda hana nefndinni með breytingatillögum um hana í heild eða hluta hennar, enda leggi nefndin hana aftur fyrir aðalfund,

6. samþykkja skýrslur til Sameinuðu þjóðanna, sem gera skal í samræmi við samning milli stofnunarinnar og Sameinuðu þjóðanna um samband þeirra í milli, nema skýrslur, sem greinir í C-lið 12. greinar, eða senda þær aftur til stjórnarnefndar með breytingatillögum,

7. samþykkja alla samninga milli stofnunarinnar og Sameinuðu þjóðanna eða annarra stofnana, svo sem greinir í 16. grein, eða senda þá aftur stjórnarnefnd með breytingatillögum, enda leggi hún þær aftur fyrir aðalfund,

8. setja reglur og takmarkanir um lánsheimildir til stjórnarnefndar samkvæmt ákvæðum G-liðs 14. greinar, setja reglur um samþykkt frjálsra framlaga til stofnunarinnar og ákveða í samræmi við ákvæði F-liðs 14. greinar á hvern hátt nota megi þann almenna sjóð, sem þar greinir,

9. gera breytingar á stofnskrá þessari samkvæmt ákvæðum C-liðs 18. greinar,

10. samþykkja skipun aðalforstjóra í samræmi við ákvæði A-liðs 7. greinar.

powers and functions of any organs provided for in this Statute, and may make recommendations to the membership of the Agency or to the Board of Governors or to both on any such questions or matters.

E. The General Conference shall:

1. Elect members of the Board of Governors in accordance with article VI;

2. Approve States for membership in accordance with article IV;

3. Suspend a member from the privileges and rights of membership in accordance with article XIX;

4. Consider the annual report of the Board;

5. In accordance with article XIV, approve the budget of the Agency recommended by the Board or return it with recommendations as to its entirety or parts to the Board, for resubmission to the General Conference;

6. Approve reports to be submitted to the United Nations as required by the relationship agreement between the Agency and the United Nations, except reports referred to in paragraph C of article XII, or return them to the Board with its recommendations;

7. Approve any agreement or agreements between the Agency and the United Nations and other organizations as provided in article XVI or return such agreements with its recommendations to the Board, for resubmission to the General Conference;

8. Approve rules and limitations regarding the exercise of borrowing powers by the Board, in accordance with paragraph G of article XIV; approve rules regarding the acceptance of voluntary contributions to the Agency; and approve, in accordance with paragraph F of article XIV, the manner in which the general fund referred to in that paragraph may be used;

9. Approve amendments to this Statute in accordance with paragraph C of article XVIII;

10. Approve the appointment of the Director General in accordance with paragraph A of article VII.

F. Heimilt er aðalfundi:

1. að gera ákvarðanir um öll mál, sem stjórnarnefnd hefur í því skyni lagt fyrir hann;
2. að bera upp mál til athugunar fyrir stjórnarnefnd og krefja hana um skýrslur um öll málefni varðandi störf stofnunarinnar.

F. The General Conference shall have the authority:

1. To take decisions on any matter specifically referred to the General Conference for this purpose by the Board;
2. To propose matters for consideration by the Board and request from the Board reports on any matter relating to the functions of the Agency.

6. gr.
Stjórnarnefnd.

A. Stjórnarnefnd stofnunarinnar skal þannig skipuð:

1. Fráfarandi stjórnarnefnd (eða í fyrsta sinn undirbúningsnefnd sú, er um getur í Viðauka I), skal til setu í stjórnarnefnd benda á þau fimm félagsríki, sem lengst eru á veg komin í tæknifræðum kjarnorku, og telst þar til vinnsla grunnefna, svo og það félagsríki, sem lengst er á veg komið í sömu greinum innan þeirra landsvæða, sem hér greinir og ekki eiga neinn hinna fimm fyrrgreindu fulltrúa í stjórnarnefndinni:

1. Norður-Ameríka,
2. Suður- og Mið-Ameríka,
3. Vestur-Evrópa,
4. Austur-Evrópa,
5. Afríka og löndin fyrir botni Miðjarðarhafs,
6. Suður-Asía,
7. Suðaustur-Asía og Kyrrahafssvæðið,
8. Austur-Asía.

2. Fráfarandi stjórnarnefnd (eða í fyrsta sinn undirbúningsnefnd sú, er um getur í Viðauka I), skal benda á til setu í stjórnarnefnd tvö félagsríki úr hópi þeirra ríkja annarra, er framleiða grunnefni, þ. e. Belgía, Pólland, Portúgal og Tékkóslóvakía, einnig einn mann frá félagsríki, er lætur í té tækniaðstoð. Eigi má á nokkru ári benda aftur á nokkurt félagsríki úr þessum hópi til setu í sama hópi árið eftir.

3. Aðalfundur skal kjósa tíu félagsríki til setu í stjórnarnefnd og taka hæfilegt

Article VI
Board of Governors

A. The Board of Governors shall be composed as follows:

1. The outgoing Board of Governors (or in the case of the first Board, the Preparatory Commission referred to in Annex I) shall designate for membership on the Board the five members most advanced in the technology of atomic energy including the production of source materials and the member most advanced in the technology of atomic energy including the production of source materials in each of the following areas not represented by the aforesaid five:

(1) North America
(2) Latin America
(3) Western Europe
(4) Eastern Europe
(5) Africa and the Middle East
(6) South Asia
(7) South East Asia and the Pacific
(8) Far East.

2. The outgoing Board of Governors (or in the case of the first Board, the Preparatory Commission referred to in Annex I) shall designate for membership on the Board two members from among the following other producers of source materials: Belgium, Czechoslovakia, Poland, and Portugal; and shall also designate for membership on the Board one other member as a supplier of technical assistance. No member in this category in any one year will be eligible for redesignation in the same category for the following year.

3. The General Conference shall elect ten members to membership on the Board

tillit til sanngjarnrar þátttöku í stjórnarnefnd sem heild af hálfu félagsríkja á landsvæðum þeim, sem upp eru talin í 1. tölulið A-liðs þessarar greinar, þannig að í henni eigi jafnan sæti í þessum hópi fulltrúar allra svæðanna nema Norður-Ameríku. Eigi má endurkjósa nokkurn félaga í þessum hópi til setu í sama hópi að kjörtíma liðnum, nema þá fimm félaga, sem kjörnir eru til eins árs samkvæmt D-lið þessarar greinar.

of Governors, with due regard to equitable representation on the Board as a whole of the members in the areas listed in sub-paragraph A-1 of this article, so that the Board shall at all times include in this category a representative of each of those areas except North America. Except for the five members chosen for a term of one year in accordance with paragraph D of this article, no member in this category in any one term of office will be eligible for re-election in the same category for the following term of office.

B. Ábendingar þær, sem um getur í töluliðum 1. og 2. í A-lið þessarar greinar, skal gera a. m. k. 60 dögum fyrir reglulegan aðalfund. Kjör það, sem um ræðir í 3. tölulið A-liðs þessarar greinar, skal fram fara á reglulegum aðalfundi.

B. The designations provided for in sub-paragraphs A-1 and A-2 of this article shall take place not less than sixty days before each regular annual session of the General Conference. The elections provided for in sub-paragraph A-3 of this article shall take place at regular annual sessions of the General Conference.

C. Félagsríki, sem fulltrúa eiga í stjórnarnefnd samkvæmt 1. og 2. tölulið A-liðs þessarar greinar, skulu eiga þar sæti frá lokum næsta aðalfundar eftir tilnefningu og að lokum næsta reglulegs aðalfundar.

C. Members represented on the Board of Governors in accordance with sub-paragraphs A-1 and A-2 of this article shall hold office from the end of the next regular annual session of the General Conference after their designation until the end of the following regular annual session of the General Conference.

D. Félagsríki, sem fulltrúa eiga í stjórnarnefnd samkvæmt 3. tölulið A-liðs þessarar greinar, skulu eiga þar sæti frá lokum þess reglulegs aðalfundar, er þeir voru kjörnir, til loka annars reglulegs aðalfundar þar á eftir. Þegar í fyrsta sinn er kjörið í stjórnarnefnd, skulu þó fimm fulltrúar kjörnir til eins árs.

D. Members represented on the Board of Governors in accordance with sub-paragraph A-3 of this article shall hold office from the end of the regular annual session of the General Conference at which they are elected until the end of the second regular annual session of the General Conference thereafter. In the election of these members for the first Board, however, five shall be chosen for a term of one year.

E. Hver stjórnarmeðlimur hefur eitt atkvæði. Ákvarðanir um upphæð fjárhagsáætlunar stofnunarinnar skulu gerðar með tveimur þriðju hlutum atkvæða þeirra, sem viðstaddir eru og atkvæði greiða, svo sem greinir í H-lið 14. greinar. Ákvarðanir um önnur mál, þar með talin önnur mál eða málaflokkar, þar sem

E. Each member of the Board of Governors shall have one vote. Decisions on the amount of the Agency's budget shall be made by a two-thirds majority of those present and voting, as provided in paragraph H of article XIV. Decisions on other questions, including the determination of additional questions or cate-

tveir þriðju hlutar atkvæða skuli ráða, skulu gerðar með meiri hluta þeirra, sem viðstaddir eru og atkvæði greiða. Stjórnarnefnd er ályktunarfær þegar tveir þriðju hlutar nefndarmanna sitja fund.

F. Stjórnarnefnd hefur vald til þess að framkvæma skyldustörf stofnunarinnar í samræmi við stofnskrá þessa, en ber ábyrgð gagnvart aðalfundi svo sem stofnskrá gerir ráð fyrir.

G. Stjórnarnefnd kemur saman svo oft sem hún ákveður, og eru fundir haldnir í aðalbækistöðvum stofnunarinnar, nema nefndin ákveði annað.

H. Stjórnarnefnd kýs sér formann og aðra embættismenn úr eigin hópi og setur sér fundarsköp í samræmi við ákvæði stofnskrár þessarar.

I. Stjórnarnefnd getur stofnað þær nefndir, sem þurfa þykir. Hún má og skipa fulltrúa til þess að koma fram gagnvart öðrum stofnunum.

J. Stjórnarnefnd skal á ári hverju semja skýrslu til aðalfundar um málefni stofnunarinnar og framkvæmdir, er hún hefur fallizt á. Skal hún einnig semja og leggja fyrir aðalfund þær skýrslur, sem óskað kann að vera að stofnunin leggi fyrir Sameinuðu þjóðirnar eða aðrar stofnanir, sem í störfum eru tengdar henni. Ber að leggja slíkar skýrslur ásamt ársskýrslu fyrir félagsríki stofnunarinnar a. m. k. mánuði fyrir reglulegan aðalfund.

7. gr.
Starfslið.

A. Fyrir starfsliði stofnunarinnar er aðalforstjórinn. Skipar stjórnarnefnd hann með samþykki aðalfundar til 4 ára í senn. Hann er aðalframkvæmdastjóri stofnunarinnar.

gories of questions to be decided by a two-thirds majority, shall be made by a majority of those present and voting. Two-thirds of all members of the Board shall constitute a quorum.

F. The Board of Governors shall have authority to carry out the functions of the Agency in accordance with this Statute, subject to its responsibilities to the General Conference as provided in this Statute.

G. The Board of Governors shall meet at such times as it may determine. The meetings shall take place at the headquarters of the Agency unless otherwise determined by the Board.

H. The Board of Governors shall elect a Chairman and other officers from among its members and, subject to the provisions of this Statute, shall adopt its own rules of procedure.

I. The Board of Governors may establish such committees as it deems advisable. The Board may appoint persons to represent it in its relations with other organizations.

J. The Board of Governors shall prepare an annual report to the General Conference concerning the affairs of the Agency and any projects approved by the Agency. The Board shall also prepare for submission to the General Conference such reports as the Agency is or may be required to make to the United Nations or to any other organization the work of which is related to that of the Agency. These reports, along with the annual reports, shall be submitted to members of the Agency at least one month before the annual session of the General Conference.

Article VII
Staff

A. The staff of the Agency shall be headed by a Director General. The Director General shall be appointed by the Board of Governors with the approval of the General Conference for a term of four years. He shall be the chief administrative officer of the Agency.

B. Aðalforstjóri ber ábyrgð á skipun, verkaskiptingu og störfum starfsliðsins og hlítir valdi stjórnarnefndar og eftirliti. Ber honum að haga störfum sínum í samræmi við reglur, er stjórnarnefnd setur.

B. The Director General shall be responsible for the appointment, organization, and functioning of the staff and shall be under the authority of and subject to the control of the Board of Governors. He shall perform his duties in accordance with regulations adopted by the Board.

C. Í starfsliði skulu vera svo margir hæfir vísindamenn, tæknifræðingar og aðrir menn sem þurfa þykir til þess að fullnægja markmiði stofnunarinnar og sinna störfum hennar. Skal í stofnuninni stefnt að því að hafa sem fæsta fasta starfsmenn.

C. The staff shall include such qualified scientific and technical and other personnel as may be required to fulfil the objectives and functions of the Agency. The Agency shall be guided by the principle that its permanent staff shall be kept to a minimum.

D. Þegar menn eru ráðnir í starfsliðið og ákveðin starfskjör þeirra, skal höfuðáherzlan lögð á að útvega menn, sem fram úr skara að afköstum, tækniþekkingu og heiðarleik. Í annan stað, að þessu gættu, skal taka hæfilegt tillit til framlaga félagsríkja til stofnunarinnar, og þess, að áríðandi er að afla manna frá eins mörgum hlutum heims og fært er.

D. The paramount consideration in the recruitment and employment of the staff and in the determination of the conditions of service shall be to secure employees of the highest standards of efficiency, technical competence, and integrity. Subject to this consideration, due regard shall be paid to the contributions of members of the Agency and to the importance of recruiting the staff on as wide a geographical basis as possible.

E. Stjórnarnefnd setur reglur um ráðningu og skipan starfsliðs, starfsskilmála, greiðslur og uppsögn. Reglur þessar skulu vera í samræmi við ákvæði stofnskrár þessarar og við almennar reglur, er aðalfundur samþykkir að fengnum tillögum stjórnarnefndar.

E. The terms and conditions on which the staff shall be appointed, remunerated, and dismissed shall be in accordance with regulations made by the Board of Governors, subject to the provisions of this Statute and to general rules approved by the General Conference on the recommendation of the Board.

F. Aðalforstjóri og starfslið skulu í framkvæmd skyldustarfa hvorki leita fyrirmæla né taka við þeim frá nokkrum aðila utan stofnunarinnar. Eigi skulu þeir aðhafast neitt það, sem ósamrímanlegt er stöðu þeirra sem embættismanna stofnunarinnar. Eigi skulu þeir ljóstra upp neinum iðnleyndarmálum eða öðrum trúnaðarmálum, sem þeim berst vitneskja um sakir opinberra starfa sinna fyrir stofnunina, að viðlagðri ábyrgð gagnvart henni. Félagsríkin skuldbinda sig hvert um sig til þess að virða alþjóðlegt eðli ábyrgðar þeirrar, er á aðalforstjóra og starfsliði hvílir, og til þess að reyna ekki að hafa áhrif á þá við framkvæmd skyldustarfa þeirra.

F. In the performance of their duties, the Director General and the staff shall not seek or receive instructions from any source external to the Agency. They shall refrain from any action which might reflect on their position as officials of the Agency; subject to their responsibilities to the Agency, they shall not disclose any industrial secret or other confidential information coming to their knowledge by reason of their official duties for the Agency. Each member undertakes to respect the international character of the responsibilities of the Director General and the staff, and shall not seek to influence them in the discharge of their duties.

G. Í grein þessari teljast varðliðsmenn til starfsmanna.

8. gr.
Skipti á upplýsingum.

A. Hverju félagsríki ber að láta stofnuninni þær upplýsingar í té, sem það telur að megi verða henni til gagns.

B. Hverju félagsríki er skylt að láta stofnuninni í té allar vísindalegar upplýsingar, sem aflast fyrir sakir aðstoðar, er stofnunin hefur lagt fram í samræmi við 11. grein.

C. Stofnunin skal safna upplýsingum þeim, sem henni eru í té látnar samkvæmt ákvæðum A- og B-liðs þessarar greinar, og dreifa þeim í aðgengilegu formi. Skal hún gera virkar ráðstafanir til þess að efla skipti á upplýsingum um eðli og friðsamleg afnot kjarnorku milli félagsríkja og annast milligöngu milli þeirra í þessu skyni.

9. gr.
Efni, látin í té.

A. Félagsríkjum er heimilt að láta stofnuninni í té það magn af tilteknum kleyfiefnum, sem þau telja ráðlegt, og með þeim skilmálum, er stofnunin fellst á. Efni þau, er stofnunin fær til umráða, má í vali félagsríkis þess, er lætur þau í té, geyma hjá félagsríkinu eða í vörzlum stofnunarinnar, ef hún fellst á það.

B. Einnig er félagsríkjum heimilt að láta stofnuninni í té grunnefni, svo sem þeim er lýst í 20. grein, og önnur efni. Ákveður stjórnarnefnd hversu miklu af slíkum efnum stofnunin skal veita móttöku með samningum, sem gert er ráð fyrir í 13. grein.

C. Hverju félagsríki ber að tilkynna stofnuninni, hversu mikið af tilteknum kleyfiefnum og grunnefnum það er reiðubúið að leggja fram samkvæmt lögum sínum, í hvaða formi þau eru og

G. In this article the term "staff" includes guards.

Article VIII
Exchange of information

A. Each member should make available such information as would, in the judgement of the member, be helpful to the Agency.

B. Each member shall make available to the Agency all scientific information developed as a result of assistance extended by the Agency pursuant to article XI.

C. The Agency shall assemble and make available in an accessible form the information made available to it under paragraphs A and B of this article. It shall take positive steps to encourage the exchange among its members of information relating to the nature and peaceful uses of atomic energy and shall serve as an intermediary among its members for this purpose.

Article IX
Supplying of materials

A. Members may make available to the Agency such quantities of special fissionable materials as they deem advisable on such terms as shall be agreed with the Agency. The materials made available to the Agency may, at the discretion of the member making them available, be stored either by the member concerned or, with the agreement of the Agency, in the Agency's depots.

B. Members may also make available to the Agency source materials as defined in article XX and other materials. The Board of Governors shall determine the quantities of such materials which the Agency will accept under agreements provided for in article XIII.

C. Each member shall notify the Agency of the quantities, form, and composition of special fissionable materials, source materials, and other materials which that member is prepared, in con-

hvernig saman sett, og hvort þau skuli látin af hendi tafarlaust eða á tíma, sem stjórnarnefnd tiltekur.

D. Að kröfu stofnunarinnar ber félagsríki tafarlaust að afhenda öðru félagsríki eða hópi félagsríkja það magn slíkra efna, sem stofnunin tiltekur, af þeim efnum, sem það hefur lagt henni til, svo og tafarlaust afhenda stofnuninni sjálfri það magn slíkra efna, sem henni er raunverulega nauðsynlegt til starfa sinna og vísindarannsókna, eftir því sem hún hefur aðstöðu til.

E. Magni því, formi og samsetningu þeirra efna, sem félagsríki kann að hafa látið í té, má það breyta á hvaða tíma sem er, með samþykki stjórnarnefndar.

F. Áður en þrír mánuðir eru liðnir frá því er stofnskrá þessi gekk í gildi gagnvart félagsríki, ber því að gefa fyrir sitt leyti fyrstu yfirlýsingu í samræmi við C-lið þessarar greinar. Ákveði stjórnarnefnd ekki annað, gildir yfirlýsingin, sem fyrst er gerð um efni, fyrir næsta almanaksár, eftir ár það, er þessi stofnskrá gekk í gildi gagnvart félagsríki því, sem um er að ræða. Síðari yfirlýsingar skulu á sama hátt, nema stjórnarnefnd ákveði annað, gilda um almanaksárið næsta á eftir, enda liggi tilkynning fyrir í síðasta lagi 1. nóvember ár hvert.

G. Stofnunin skal greina hvar og hvernig afhending skal fram fara, og, þegar svo ber undir, í hvaða formi og samsetningu efni þau skuli vera, sem hún hefur krafizt að félagsríki láti af hendi af því, sem það hefur tilkynnt að það væri reiðubúið að láta í té. Ber henni einnig að sannreyna magn þeirra efna, sem af hendi eru látin, og gefa skýrslu um það á ákveðnum tímum til félagsríkjanna.

H. Stofnunin ber ábyrgð á geymslu og varðveizlu efna, er hún hefur yfir að ráða. Skal hún gæta þess, að efni þessi

formity with its laws, to make available immediately or during a period specified by the Board of Governors.

D. On request of the Agency a member shall, from the materials which it has made available, without delay deliver to another member or group of members such quantities of such materials as the Agency may specify, and shall without delay deliver to the Agency itself such quantities of such materials as are really necessary for operations and scientific research in the facilities of the Agency.

E. The quantities, form and composition of materials made available by any member may be changed at any time by the member with the approval of the Board of Governors.

F. An initial notification in accordance with paragraph C of this article shall be made within three months of the entry into force of this Statute with respect to the member concerned. In the absence of a contrary decision of the Board of Governors, the materials initially made available shall be for the period of the calendar year succeding the year when this Statute takes effect with respect to the member concerned. Subsequent notifications shall likewise, in the absence of a contrary action by the Board, relate to the period of the calendar year following the notification and shall be made no later than the first day of November of each year.

G. The Agency shall specify the place and method of delivery and, where appropriate, the form and composition, of materials which it has requested a member to deliver from the amounts which that member has notified the Agency it is prepared to make available. The Agency shall also verify the quantities of materials delivered and shall report those quantities periodically to the members.

H. The Agency shall be responsible for storing and protecting materials in its possession. The Agency shall ensure that

séu varin gegn (1) veðurfari, (2) óleyfilegri töku eða tilflutningi, (3) tjóni eða eyðingu, þar með skemmdarverkum, og (4) töku með valdbeitingu. Þegar stofnunin tekur til geymslu tiltekin kleyfiefni, er hún á, skal taka tillit til dreifingar staða í milli, svo að eigi verði á einum stað mikið magn slíkra efna í sama landi eða í sama hluta heims.

these materials shall be safeguarded against (1) hazards of the weather, (2) unauthorized removal or diversion, (3) damage or destruction, including sabotage, and (4) forcible seizure. In storing special fissionable materials in its possession, the Agency shall ensure the geographical distribution of these materials in such a way as not to allow concentration of large amounts of such materials in any one country or region of the world.

I. Svo skjótt sem auðið er skal stofnunin koma sér upp eða afla sér þess af því, er hér greinir, og nauðsynlegt gerist:

1. Vélakostur, útbúnaður og aðstaða til móttöku, geymslu og afhendingar efna.

2. Öryggisútbúnaður.

3. Hæfilegar ráðstafanir vegna heilsugæzlu og öryggis.

4. Rannsóknastofa til greiningar á mótteknum efnum og til þess að sannprófa þau.

5. Hús og stjórnaraðsetur fyrir það starfslið, sem þarf til þess, er að framan getur.

I. The Agency shall as soon as practicable establish or acquire such of the following as may be necessary:

1. Plant, equipment, and facilities for the receipt, storage, and issue of materials;

2. Physical safeguards;

3. Adequate health and safety measures;

4. Control laboratories for the analysis and verification of materials received;

5. Housing and administrative facilities for any staff required for the foregoing.

J. Efni, sem í té eru látin í samræmi við grein þessa, skal nota á þann hátt, sem stjórnarnefnd ákveður í samræmi við ákvæði stofnskrár þessarar. Ekkert félagsríki skal hafa rétt að krefjast þess, að efnum þeim, er það lætur stofnuninni í té, sé haldið aðgreindum, eða tilgreina neina sérstaka framkvæmd, sem þau skuli ætluð.

J. The materials made available pursuant to this article shall be used as determined by the Board of Governors in accordance with the provisions of this Statute. No member shall have the right to require that the materials it makes available to the Agency be kept separately by the Agency or to designate the specific project in which they must be used.

10. gr.

Þjónusta, útbúnaður og aðstaða.

Láta mega félagsríki stofnuninni í té þjónustu, útbúnað og aðstöðu, sem stuðlað getur að því að fullnægja markmiðum hennar og störfum.

Article X

Services, equipment, and facilities

Members may make available to the Agency services, equipment, and facilities which may be of assistance in fulfilling the Agency's objectives and functions.

11. gr.

Framkvæmdir á vegum stofnunarinnar.

A. Nú vill félagsríki eða hópur félagsríkja stofna til framkvæmda til rannsókna á kjarnorku, framfara á sviði kjarnorku eða hagnýtra afnota hennar

Article XI

Agency projects

A. Any member or group of members of the Agency desiring to set up any project for research on, or development or practical application of, atomic energy

til friðsamlegra þarfa, og má það eða þau leita aðstoðar stofnunarinnar til þess að útvega tiltekin kleyfiefni og önnur efni, þjónustu, útbúnað og aðstöðu, sem til þessa þarf. Slíkri beiðni skulu fylgja skýringar á markmiði framkvæmdar og hversu víðtæk hún er, og tekur stjórnarnefnd þær til athugunar.

for peaceful purposes may request the assistance of the Agency in securing special fissionable and other materials, services, equipment, and facilities necessary for this purpose. Any such request shall be accompanied by an explanation of the purpose and extent of the project and shall be considered by the Board of Governors.

B. Ef þess er óskað, má stofnunin einnig aðstoða félagsríki eða hóp félagsríkja í ráðstöfunum til þess að útvega nægilegt fjármagn frá öðrum aðilum í því skyni að koma slíkum framkvæmdum á. Eigi skal til þess ætlazt, að stofnunin setji nokkrar tryggingar eða takist á hendur neina fjárhagsábyrgð á framkvæmdinni, þótt hún láti slíka aðstoð í té.

B. Upon request, the Agency may also assist any member or group of members to make arrangements to secure necessary financing from outside sources to carry out such projects. In extending this assistance, the Agency will not be required to provide any guarantees or to assume any financial responsibility for the project.

C. Stofnuninni er heimilt að útvega efni, þjónustu, útbúnað og aðstöðu, sem til slíkrar framkvæmdar þarf, frá félagsríki eða félagsríkjum, eða taka að sér að leggja slíkt beinlínis fram sjálf að öllu eða nokkru leyti, og hefur hún í þessu efni hliðsjón af óskum félagsríkis þess eða félagsríkja, sem þessa óska.

C. The Agency may arrange for the supplying of any materials, services, equipment, and facilities necessary for the project by one or more members or may itself undertake to provide any or all of these directly, taking into consideration the wishes of the member or members making the request.

D. Til þess að athuga slíka beiðni, er stofnuninni heimilt að senda mann eða menn, sem bærir eru um að rannsaka framkvæmdina, inn á landsvæði félagsríkis þess eða félagsríkja, sem aðstoðar óska. Í þessu skyni má stofnunin með samþykki félagsríkis eða félagsríkja þeirra, sem aðstoðar óska, senda eigin starfsmenn eða ráða til þess hæfa þegna einhvers félagsríkjanna.

D. For the purpose of considering the request, the Agency may send into the territory of the member or group of members making the request a person or persons qualified to examine the project. For this purpose the Agency may, with the approval of the member or group of members making the request, use members of its own staff or employ suitably qualified nationals of any member.

E. Áður en stjórnarnefnd fellst á framkvæmd samkvæmt grein þessari, skal hún vandlega athuga það, sem hér segir:

1. Hversu gagnsamleg framkvæmdin er og hversu framkvæmanleg frá vísinda- og tæknisjónarmiði.

2. Hversu fullnægjandi séu áætlanir, fjármagn og tæknistarfslið til þess að tryggja virka framkvæmd hennar.

3. Hvort fyrirhugaðar heilsu- og öryggisverndarráðstafanir séu fullnægjandi varðandi meðferð og geymslu efna og varðandi rekstur.

4. Hvort félagsríki eða hópur félagsríkja, sem leggja fram beiðni, sé ekki

E. Before approving a project under this article, the Board of Governors shall give due consideration to:

1. The usefulness of the project, including its scientific and technical feasibility;

2. The adequacy of plans, funds, and technical personnel to assure the effective execution of the project;

3. The adequacy of proposed health and safety standards for handling and storing materials and for operating facilities;

4. The inability of the member or group of members making the request

ófær um að tryggja nægilegt fjármagn, efni, aðstöðu, útbúnað og þjónustu.

5. Sanngjarna dreifingu efna og annars, sem stofnunin hefur yfir að ráða.

6. Sérstakar þarfir þeirra landsvæða heims, sem orðið hafa aftur úr í iðnþróun, og

7. Þau atriði önnur, sem máli skipta.

F. Nú fellst stofnunin á áætlun um framkvæmd, og ber henni þá að gera samning við félagsríki það eða hóp félagsríkja, er að framkvæmdinni standa, en í honum skulu vera:

1. Ákvæði um að úthluta framkvæmdinni tiltekin kleyfiefni og önnur efni, sem til þarf;

2. ákvæði um flutning tiltekinna kleyfiefna frá þeim stað, þar sem þau eru í geymslu, hvort sem það er hjá stofnuninni eða félagsríki því, er leggur þau fram til afnota í framkvæmdum á vegum stofnunarinnar, og til félagsríkis eða hóps félagsríkja þeirra, sem að framkvæmdinni standa, með skilmálum um að tryggja öryggi þess flutnings, sem þörf er á, og gæta þeirra heilsugæzlu- og öryggisákvæða, sem þar um gilda;

3. ákvæði og skilmálar, þar meðtalin gjöld, varðandi framsal efna, þjónustu, útbúnaðar og aðstöðu, sem stofnunin sjálf leggur fram, og sams konar ákvæði og skilmálar, sem um semst milli félagsríkis eða félagsríkja þeirra, sem að framkvæmdinni standa, og félagsríkis þess, er lætur í té slík efni, þjónustu, útbúnað og aðstöðu;

4. skuldbinding frá félagsríki því eða félagsríkjum, sem að áætluninni standa (a) um að sú aðstoð, sem í té er látin, verði eigi notuð á þann hátt að efla nokkurt hernaðarmarkmið og (b) að framkvæmdin skuli háð öryggiseftirliti því, sem ráð er fyrir gert í 12. grein, enda verði viðeigandi fyrirkomulag öryggiseftirlits fram tekið í samningnum;

5. ákvæði um hæfileg réttindi og ítök stofnunarinnar og félagsríkis þess eða félagsríkja, sem hlut eiga að máli, í öllum uppfinningum eða uppgötvunum, sem af framkvæmdinni leiðir, eða einkaréttindum á þeim;

to secure the necessary finances, materials, facilities, equipment, and services;

5. The equitable distribution of materials and other resources available to the Agency;

6. The special needs of the underdeveloped areas of the world; and

7. Such other matters as may be relevant.

F. Upon approving a project, the Agency shall enter into an agreement with the member or group of members submitting the project, which agreement shall:

1. Provide for allocation to the project of any required special fissionable or other materials;

2. Provide for transfer of special fissionable materials from their then place of custody, whether the materials be in custody of the Agency or of the member making them available for use in Agency projects, to the member or group of members submitting the project, under conditions which ensure the safety of any shipment required and meet applicable health and safety standards;

3. Set forth the terms and conditions, including charges, on which any materials, services, equipment, and facilities are to be provided by the Agency itself, and, if any such materials, services, equipment, and facilities are to be provided by a member, the terms and conditions as arranged for by the member or group of members submitting the project and the supplying member;

4. Include undertakings by the member or group of members submitting the project: (*a*) that the assistance provided shall not be used in such a way as to further any military purpose; and (*b*) that the project shall be subject to the safeguards provided for in article XII, the relevant safeguards being specified in the agreement;

5. Make appropriate provision regarding the rights and interests of the Agency and the member or members concerned in any inventions or discoveries, or any patents therein, arising from the project;

6. viðeigandi ákvæði um lausn deilumála;
7. önnur ákvæði, sem við kunna að eiga.

G. Ákvæði þessarar greinar gilda einnig, eftir því sem við á, um beiðnir um efni, þjónustu, aðstöðu eða útbúnað í sambandi við framkvæmd, sem þegar er fullgerð.

12. gr.

Öryggiseftirlit stofnunarinnar.

A. Að því er varðar framkvæmdir stofnunarinnar eða samninga, er hlutaðeigandi aðilar hafa gert og fengið hana til þess að annast öryggiseftirlit með, ber henni þau réttindi og þær skyldur gagnvart framkvæmdinni eða samningnum, sem hér segir:

1. Að rannsaka teikningar sérstaks útbúnaðar eða aðstöðu, einnig teikningar af kjarnkleyfum og samþykkja þær því aðeins, að þær þjóni ekki neinu hernaðarmarkmiði, fullnægi skilyrðum um heilsugæzlu og öryggi og að hægt sé að koma við öryggiseftirliti, svo sem ráð er fyrir gert í þessari grein;

2. að krefjast þess að fullnægt sé heilsugæzlu- og öryggisákvæðum þeim, sem hún segir fyrir um;

3. að krefjast þess, að gerðar verði skýrslur um framleiðslu og rekstur til þess að byggja á endurskoðun um grunnefni og tiltekin kleyfiefni, sem notuð eru eða framleidd í framkvæmdinni eða innan samningsins;

4. að krefjast skýrslna um framgang verks og taka við þeim;

5. að fallast á þær aðferðir, sem notaðar verða til efnafræðilegrar meðferðar geislaðra efna, einungis til þess að tryggja það, að þessa efnafræðilegu meðferð megi ekki nota til þess að víkja efnum til hernaðarþarfa og að þær fullnægi settum heilsugæzlu- og öryggisreglum; að krefjast þess að tiltekin kleyfiefni, sem fram koma eða framleidd eru sem aukaafurð, verði notuð í friðsamlegu skyni undir áframhaldandi öryggiseftirliti stofnunarinnar, til rannsókna eða í kjarnkleyfum, sem til eru eða verið er að byggja og félagsríkið eða félagsríkin,

6. Make appropriate provision regarding settlement of disputes;
7. Include such other provisions as may be appropriate.

G. The provisions of this article shall also apply where appropriate to a request for materials, services, facilities, or equipment in connexion with an existing project.

Article XII

Agency safeguards

A. With respect to any Agency project, or other arrangement where the Agency is requested by the parties concerned to apply safeguards, the Agency shall have the following rights and responsibilities to the extent relevant to the project or arrangement:

1. To examine the design of specialized equipment and facilities, including nuclear reactors, and to approve it only from the viewpoint of assuring that it will not further any military purpose, that it complies with applicable health and safety standards, and that it will permit effective application of the safeguards provided for in this article;

2. To require the observance of any health and safety measures prescribed by the Agency;

3. To require the maintenance and production of operating records to assist in ensuring accountability for source and special fissionable materials used or produced in the project or arrangement;

4. To call for and receive progress reports;

5. To approve the means to be used for the chemical processing of irradiated materials solely to ensure that this chemical processing will not lend itself to diversion of materials for military purposes and will comply with applicable health and safety standards; to require that special fissionable materials recovered or produced as a by-product be used for peaceful purposes under continuing Agency safeguards for research or in reactors, existing or under construction, specified by the member or members concerned; and to require deposit with

sem í hlut eiga, tilgreina, og að krefjast þess að stofnuninni verði afhent til geymslu allt umframmagn af tilteknum kleyfiefnum sem aftur nást eða framleidd eru sem aukaafurð umfram það, sem þörf krefur í framangreindu skyni, til þess að koma í veg fyrir birgðasöfnun þessara efna, enda skal hún síðan að kröfu félagsríkis þess eða félagsríkja, sem hlut eiga að máli, tafarlaust skila tilteknum kleyfiefnum þeim, er henni hafa á þennan hátt verið fengin til geymslu, til viðkomandi ríkis eða ríkja, sem hlut eiga að, til notkunar samkvæmt ákvæðum þeim, er fyrr greinir;

6. að senda inn á landsvæði þess ríkis eða þeirra ríkja, sem aðstoðar njóta, eftirlitsmenn, sem stofnunin útnefnir að höfðu samráði við sömu ríki, og skulu þeir á öllum tímum hafa aðgang að öllum stöðum og upplýsingum, svo og að öllum mönnum, sem stöðu sinnar vegna hafa afskipti af efnum, útbúnaði eða aðstöðu, sem umrætt ríki óskar að séu undir eftirliti, svo sem þörf þykir, til þess að gera grein fyrir grunnefnum og tilteknum kleyfiefnum, sem til hafa verið lögð, svo og kleyfiafurðum, til þess að sannreyna hvort fullnægt er umsömdum skilmálum gegn því að efla hernaðarmarkmið, sem greindir eru í 4. tölulið F-liðs 11. greinar, heilsugæzlu- og öryggisráðstöfunum, sem greinir í 2. tölulið A-liðs þessarar greinar, og öðrum skilmálum þess samnings, sem gerður er milli stofnunarinnar og ríkis þess eða ríkja, sem hlut eiga að máli. Umsjónareftirlitsmönnum þeim, er stofnunin útnefnir, skulu fylgja fulltrúar stjórnvalda ríkis þess, er hlut á að máli, ef það óskar þess, enda tefji þeir á engan hátt eftirlitsmennina í skyldustörfum þeirra né hamli þeim á annan hátt.

7. Nú lætur ríkið eða ríkin, sem aðstoðar njóta, undir höfuð leggjast að gera ráðstafanir þær, sem krafizt er til úrbóta innan hæfilegs tíma, og skal þá fresta aðstoð eða hætta henni og taka aftur efni og útbúnað, sem stofnunin eða félagsríki hafa lagt fram til stuðnings við áætlunina.

B. Stofnunin skal, eftir því sem þörf krefur, koma sér upp hópi eftirlits-

the Agency of any excess of any special fissionable materials recovered or produced as a by-product over what is needed for the above-stated uses in order to prevent stockpiling of these materials, provided that thereafter at the request of the member or members concerned special fissionable materials so deposited with the Agency shall be returned promptly to the member or members concerned for use under the same provisions as stated above;

6. To send into the territory of the recipient State or States inspectors, designated by the Agency after consultation with the State or States concerned, who shall have access at all times to all places and data and to any person who by reason of his occupation deals with materials, equipment, or facilities which are required by this Statute to be safeguarded, as necessary to account for source and special fissionable materials supplied and fissionable products and to determine whether there is compliance with the undertaking against use in furtherance of any military purpose referred to in sub-paragraph F-4 of article XI, with the health and safety measures referred to in sub-paragraph A-2 of this article, and with any other conditions prescribed in the agreement between the Agency and the State or States concerned. Inspectors designated by the Agency shall be accompanied by representatives of the authorities of the State concerned, if that State so requests, provided that the inspectors shall not thereby be delayed or otherwise impeded in the exercise of their functions;

7. In the event of non-compliance and failure by the recipient State or States to take requested corrective steps within a reasonable time, to suspend or terminate assistance and withdraw any materials and equipment made available by the Agency or a member in furtherance of the project.

B. The Agency shall, as necessary, establish a staff of inspectors. The staff

manna. Skal þeim skylt að rannsaka allar framkvæmdir stofnunarinnar til þess að ganga úr skugga um, að stofnunin fullnægi heilsugæzlu- og öryggisráðstöfunum, sem hún hefur fyrirskipað varðandi framkvæmdir, sem háðar eru samþykki hennar, eftirliti eða tilsjón, og hvort stofnunin gerir virkar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að grunnefni og tiltekin kleyfiefni, sem eru í vörzlu hennar eða notuð eða framleidd í rekstri hennar, verði notuð til framdráttar nokkru hernaðarmarkmiði. Skal stofnunin þegar í stað gera ráðstafanir til þess að bæta úr, ef slíkar reglur eru ekki haldnar eða ef hæfilegar ráðstafanir eru ekki gerðar.

of inspectors shall have the responsibility of examining all operations conducted by the Agency itself to determine whether the Agency is complying with the health and safety measures prescribed by it for application to projects subject to its approval, supervision or control, and whether the Agency is taking adequate measures to prevent the source and special fissionable materials in its custody or used or produced in its own operations from being used in furtherance of any military purpose. The Agency shall take remedial action forthwith to correct any non-compliance or failure to take adequate measures.

C. Lið eftirlitsmanna skal einnig bera ábyrgð á því að fá í hendur og kanna bókhald það, sem greinir í 6. tölulið A-liðs þessarar greinar og sannreyna hvort fullnægt er skyldum þeim, er greinir í 4. tölulið F-liðs 11. greinar, ráðstöfunum sem greinir í 2. tölulið A-liðs þessarar greinar og öllum öðrum skilmálum varðandi framkvæmdina, svo sem í samningi milli stofnunarinnar og ríkis þess eða ríkja, sem hlut eiga að máli, greinir. Ber þeim að skýra aðalforstjóra frá öllu, sem ófullnægjandi er, en hann sendir síðan skýrslu þeirra til stjórnarnefndar. Ber henni að krefjast þess að viðkomandi ríki bæti þegar í stað úr því misferli, er hún telur orðið hafa. Hún skal og skýra öllum félagsríkjum, Öryggisráðinu og allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna frá því. Nú lætur ríkið eða ríkin, sem aðstoðar njóta, undir höfuð leggjast að gera fullnægjandi ráðstafanir til úrbóta innan hæfilegs tíma, og gerir stjórnarnefnd þá annað eða hvort tveggja: að stýfa beinlínis eða fresta aðstoð þeirri, sem stofnunin eða félagsríki lætur í té og krefjast skila á efni og útbúnaði, sem félagsríki, eitt eða fleiri, hafa lagt fram. Einnig er stofnuninni heimilt í samræmi við 19. grein að svipta félagsríki, sem eigi fullnægir framangreindum skilyrðum, forréttindum og réttindum sem þátttöku fylgja.

C. The staff of inspectors shall also have the responsibility of obtaining and verifying the accounting referred to in sub-paragraph A-6 of this article and of determining whether there is compliance with the undertaking referred to in sub-paragraph F-4 of article XI, with the measures referred to in sub-paragraph A-2 of this article, and with all other conditions of the project prescribed in the agreement between the Agency and the State or States concerned. The inspectors shall report any non-compliance to the Director General who shall thereupon transmit the report to the Board of Governors. The Board shall call upon the recipient State or States to remedy forthwith any non-compliance which it finds to have occurred. The Board shall report the non-compliance to all members and to the Security Council and General Assembly of the United Nations. In the event of failure of the recipient State or States to take fully corrective action within a reasonable time, the Board may take one or both of the following measures: direct curtailment or suspension of assistance being provided by the Agency or by a member, and call for the return of materials and equipment made available to the recipient member or group of members. The Agency may also, in accordance with article XIX, suspend any non-complying member from the exercise of the privileges and rights of membership.

13. gr.
Greiðslur til félagsríkja.

Stjórnarnefnd semur við félagsríki þau, er láta af mörkum við stofnunina efni, þjónustu, útbúnað eða aðstöðu, um greiðslu fyrir það, sem veitt er, nema annað semjist milli hennar og þeirra.

Article XIII
Reimbursement of members

Unless otherwise agreed upon between the Board of Governors and the member furnishing to the Agency materials, services, equipment, or facilities, the Board shall enter into an agreement with such member providing for reimbursement for the items furnished.

14. gr.
Fjármál.

A. Stjórnarnefnd ber árlega að leggja fyrir aðalfund fjárhagsáætlun stofnunarinnar. Ber aðalforstjóra að gera drög að fjárhagsáætlun til þess að létta stjórnarnefndinni störfin í þessu efni. Fallist aðalfundur ekki á áætlunina, skal hún endursend stjórnarnefnd með athugasemdum. Stjórnarnefnd leggur síðan nýja áætlun fyrir aðalfund til samþykktar.

Article XIV
Finance

A. The Board of Governors shall submit to the General Conference the annual budget estimates for the expenses of the Agency. To facilitate the work of the Board in this regard, the Director General shall initially prepare the budget estimates. If the General Conference does not approve the estimates, it shall return them together with its recommendations to the Board. The Board shall then submit further estimates to the General Conference for its approval.

B. Gjöld stofnunarinnar skal flokka sem hér segir:

1. Stjórnarkostnaður, en til hans telst:

(a) Kostnaður við starfslið, nema starfslið það, sem starfar í sambandi við efni það, þjónustu, útbúnað og aðstöðu, sem um getur í 2. tölulið B-liðs þessarar greinar; kostnaður af fundum og kostnaður við undirbúning framkvæmda á vegum stofnunarinnar og af dreifingu upplýsinga.

(b) Kostnaður af framkvæmd eftirlits þess, er getur í 12. grein, varðandi framkvæmdir á vegum stofnunarinnar, eða í 5. tölulið A-liðs 3. greinar, að því er varðar samninga milli tveggja aðila eða fleiri, ásamt kostnaði stofnunarinnar af meðferð og geymslu tiltekinna kleyfiefna, nema meðferðar- og geymslukostnaður, sem um getur í E-lið þessarar greinar.

2. Kostnaður, annar en sá, er greinir í 1. tölulið þessarar greinar, í sambandi við öll efni, aðstöðu, vélakost og útbúnað, sem stofnunin aflar sér eða stofnar

B. Expenditures of the Agency shall be classified under the following categories:

1. Administrative expenses; these shall include:

(*a*) Costs of the staff of the Agency other than the staff employed in connexion with materials, services, equipment, and facilities referred to in sub-paragraph B-2 below; costs of meetings; and expenditures required for the preparation of Agency projects and for the distribution of information;

(*b*) Costs of implementing the safeguards referred to in article XII in relation to Agency projects or, under sub-paragraph A-5 of article III, in relation to any bilateral or multilateral arrangement, together with the costs of handling and storage of special fissionable material by the Agency other than the storage and handling charges referred to in paragraph E below;

2. Expenses, other than those included in sub-paragraph 1 of this paragraph in connexion with any materials, facilities, plant, and equipment acquired or esta-

til í framkvæmd þeirra skyldustarfa, sem henni eru ætluð, svo og kostnaður af efni, þjónustu, útbúnaði og aðstöðu, sem hún fær samkvæmt samningum við félagsríki, eitt eða mörg.

C. Þegar ákvarða skal útgjöld samkvæmt 1. tölulið (b) B-liðs hér að framan, ber stjórnarnefnd að draga frá upphæðir þær, sem endurkræfar eru samkvæmt samningum um framkvæmd öryggiseftirlits milli stofnunarinnar og aðila að samningum milli tveggja eða fleiri aðilja.

D. Stjórnarnefnd skal jafna útgjöldum þeim, sem greinir í 1. tölulið B-liðs hér að framan, milli félagsríkja samkvæmt stigakerfi, sem aðalfundur setur. Ber aðalfundi að hafa hliðsjón af reglum þeim, er Sameinuðu þjóðirnar hafa samþykkt um niðurjöfnun framlaga félagsríkja til reglulegrar fjárhagsáætlunar Sameinuðu þjóðanna, þegar hann setur stigakerfi þetta.

E. Stjórnarnefnd skal setja gjaldskrá fyrir tiltekin tímabil, og innan hennar sanngjörn algild gjöld fyrir geymslu og meðferð á efnum, þjónustu, útbúnaði og aðstöðu, sem félagsríki láta stofnuninni í té. Gjaldskráin skal sett til þess að afla stofnuninni tekna, er hrökkvi til þess að greiða kostnað þann, sem greinir í 2. tölulið B-liðs þessarar greinar, að frádregnum frjálsum framlögum, sem stjórnarnefnd kann, í samræmi við F-lið, að leggja til í þessu skyni. Tekjur af greiðslum þessum ber að leggja í sérstakan sjóð, er nota skal til þess að greiða félagsríkjum fyrir efni, þjónustu, útbúnað eða aðstöðu, sem í té eru látin, og til greiðslu á öðrum kostnaði, sem um getur í 2. tölulið B-liðs þessarar greinar og stofnunin þarf að greiða.

F. Tekjuafgang, sem verða kann í samræmi við E-lið umfram gjöld þau, sem þar greinir, svo og frjáls framlög til stofnunarinnar, skal leggja í almennan sjóð, sem nota má á þann hátt, er stjórnarnefnd ákveður að fengnu samþykki aðalfundar.

blished by the Agency in carrying out its authorized functions, and the costs of materials, services, equipment, and facilities provided by it under agreements with one or more members.

C. In fixing the expenditures under sub-paragraph B-1 (*b*) above, the Board of Governors shall deduct such amounts as are recoverable under agreements regarding the application of safeguards between the Agency and parties to bilateral or multilateral arrangements.

D. The Board of Governors shall apportion the expenses referred to in sub-paragraph B-1 above, among members in accordance with a scale to be fixed by the General Conference. In fixing the scale the General Conference shall be guided by the principles adopted by the United Nations in assessing contributions of Member States to the regular budget of the United Nations.

E. The Board of Governors shall establish periodically a scale of charges, including reasonable uniform storage and handling charges, for materials, services, equipment, and facilities furnished to members by the Agency. The scale shall be designed to produce revenues for the Agency adequate to meet the expenses and costs referred to in sub-paragraph B-2 above, less any voluntary contributions which the Board of Governors may, in accordance with paragraph F, apply for this purpose. The proceeds of such charges shall be placed in a separate fund which shall be used to pay members for any materials, services, equipment, or facilities furnished by them and to meet other expenses referred to in sub-paragraph B-2 above which may be incurred by the Agency itself.

F. Any excess of revenues referred to in paragraph E over the expenses and costs there referred to, and any voluntary contributions to the Agency, shall be placed in a general fund which may be used as the Board of Governors, with the approval of the General Conference, may determine.

G. Stjórnarnefnd er heimilt að taka lán fyrir hönd stofnunarinnar í samræmi við reglur og takmarkanir aðalfundar. Eigi má hún þó leggja neinar skuldbindingar á félagsríkin varðandi lán, sem tekin eru samkvæmt slíkri heimild. Henni er og heimilt að veita viðtöku frjálsum framlögum.

G. Subject to rules and limitations approved by the General Conference, the Board of Governors shall have the authority to exercise borrowing powers on behalf of the Agency without, however, imposing on members of the Agency any liability in respect of loans entered into pursuant to this authority, and to accept voluntary contributions made to the Agency.

H. Tvo þriðju hluta atkvæða þeirra fulltrúa, sem viðstaddir eru og atkvæði greiða á aðalfundi, eða í stjórnarnefnd, þarf til þess að samþykkja ákvarðanir fundarins eða nefndarinnar í fjármálum.

H. Decisions of the General Conference on financial questions and of the Board of Governors on the amount of the Agency's budget shall require a two-thirds majority of those present and voting.

15. gr.

Forréttindi og friðhelgi.

Article XV

Privileges and immunities

A. Stofnunin nýtur í löndum félagsríkja þeirra lagaréttinda, forréttinda og friðhelgi, sem hún þarfnast, til þess að inna af hendi skyldustörf sín.

A. The Agency shall enjoy in the territory of each member such legal capacity and such privileges and immunities as are necessary for the exercise of its functions.

B. Fulltrúar félagsríkja, varamenn þeirra og ráðunautar, stjórnarnefndarmenn, varamenn þeirra og ráðunautar, og aðalforstjóri og starfslið stofnunarinnar njóta þeirra forréttinda og friðhelgi, sem þeir þarfnast til þess að inna óháðir af höndum skyldustörf í þágu stofnunarinnar.

B. Delegates of members together with their alternates and advisers, Governors appointed to the Board together with their alternates and advisers, and the Director General and the staff of the Agency, shall enjoy such privileges and immunities as are necessary in the independent exercise of their functions in connexion with the Agency.

C. Lagaréttindi þau, forréttindi og friðhelgi, sem hér greinir, skal gera skýr í sérstökum samningi eða samningum milli stofnunarinnar og félagsríkjanna. Annast aðalforstjórinn þá samningsgerð samkvæmt fyrirmælum stjórnarnefndar.

C. The legal capacity, privileges, and immunities referred to in this article shall be defined in a separate agreement or agreements between the Agency, represented for this purpose by the Director General acting under instructions of the Board of Governors, and the members.

16. gr.

Samband við önnur samtök.

Article XVI

Relationship with other organizations

A. Stjórnarnefnd er með samþykki aðalfundar heimilt að gera samning eða samninga um að stofna til viðeigandi sambands milli stofnunarinnar og Sameinuðu þjóðanna og þeirra samtaka annarra, sem starfa á skyldu sviði.

A. The Board of Governors, with the approval of the General Conference, is authorized to enter into an agreement or agreements establishing an appropriate relationship between the Agency and the United Nations and any other organizations the work of which is related to that of the Agency.

B. Í samningi þeim, eða samningum, sem gerðir verða um samband stofnunarinnar við Sameinuðu þjóðirnar, skal greina þetta:

1. Að stofnunin skili skýrslum, sbr. 4. og 5. tölulið B-liðs 3. greinar,

2. að stofnunin taki til athugunar ályktanir, er hana varða og gerðar eru á allsherjarþingi eða í einhverju ráði Sameinuðu þjóðanna, og leggi skýrslur, ef óskað er, fyrir þar um bæra sérstofnun Sameinuðu þjóðanna um hvað stofnunin eða félagsríki hennar hafi aðhafzt í samræmi við stofnskrá þessa í framhaldi af slíkri athugun.

B. The agreement or agreements establishing the relationship of the Agency and the United Nations shall provide for:

1. Submission by the Agency of reports as provided for in sub-paragraphs B-4 and B-5 of article III;

2. Consideration by the Agency of resolutions relating to it adopted by the General Assembly or any of the Councils of the United Nations and the submission of reports, when requested, to the appropriate organ of the United Nations on the action taken by the Agency or by its members in accordance with this Statute as a result of such consideration.

17. gr.

Lausn ágreinings.

A. Rísi deilur eða ágreiningur út af skilningi eða framkvæmd stofnskrár þessarar og náist eigi samkomulag með samningum, skal málið lagt fyrir alþjóðadómstólinn í samræmi við stofnskrá hans, nema viðkomandi aðilar fallist á annars konar lausn.

Article XVII

Settlement of disputes

A. Any question or dispute concerning the interpretation or application of this Statute which is not settled by negotiation shall be referred to the International Court of Justice in conformity with the Statute of the Court, unless the parties concerned agree on another mode of settlement.

B. Heimilt er hvoru um sig, stjórnarnefnd og aðalfundi, að fenginni heimild allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna, að fara fram á, að alþjóðadómstóllinn láti í ljós álit um lögfræðileg vandamál, sem rísa kunna innan starfsviðs stofnunarinnar.

B. The General Conference and the Board of Governors are separately empowered, subject to authorization from the General Assembly of the United Nations, to request the International Court of Justice to give an advisory opinion on any legal question arising within the scope of the Agency's activities.

18. gr.

Breytingar og úrsagnir.

A. Breytingatillögur við stofnskrá þessa má hvert félagsríki bera upp. Ber aðalforstjóra að láta gera staðfest afrit af öllum breytingatillögum og senda þau öllum félagsríkjum a. m. k. 90 dögum áður en þær eru teknar á dagskrá aðalfundar.

Article XVIII

Amendments and withdrawals

A. Amendments to this Statute may be proposed by any member. Certified copies of the text of any amendment proposed shall be prepared by the Director General and communicated by him to all members at least ninety days in advance of its consideration by the General Conference.

B. Á fimmta aðalfundi eftir að stofnskrá þessi gengur í gildi ber að setja tillögu um allsherjarendurskoðun hennar á dagskrá. Fallist meiri hluti fulltrúa þeirra, sem mættir eru og atkvæði greiða,

B. At the fifth annual session of the General Conference following the coming into force of this Statute, the question of a general review of the provisions of this Statute shall be placed on the agenda of

á tillöguna, skal endurskoðun framkvæmd á næsta aðalfundi. Síðan má bera tillögur um allsherjarendurskoðun stofnskrár undir atkvæði á aðalfundi á sama hátt.

that session. On approval by a majority of the members present and voting, the review will take place at the following General Conference. Thereafter, proposals on the question of a general review of this Statute may be submitted for decision by the General Conference under the same procedure.

C. Breytingar ganga í gildi gagnvart öllum félagsríkjum:
(i) ef aðalfundur samþykkir þær með tveim þriðju atkvæða þeirra, sem mættir eru og atkvæði greiða, eftir að ræddar hafa verið athugasemdir, er stjórnarnefnd gerir um hverja breytingatillögu um sig, og
(ii) eftir að tveir þriðju hlutar allra félagsríkja hafa samþykkt þær, hvert í samræmi við sínar stjórnlagavenjur. Samþykki félagsríkis fer fram með því að leggja fram yfirlýsingu um samþykki hjá ríki því, er við fullgildingu tekur og um getur í C-lið 21. greinar.

C. Amendments shall come into force for all members when:
(i) Approved by the General Conference by a two-thirds majority of those present and voting after consideration of observations submitted by the Board of Governors on each proposed amendment, and
(ii) Accepted by two-thirds of all the members in accordance with their respective constitutional processes. Acceptance by a member shall be effected by the deposit of an instrument of acceptance with the depositary Government referred to in paragraph C of article XXI.

D. Hvenær sem er, eftir að 5 ár eru liðin frá gildistöku stofnskrár þessarar, samkvæmt E-lið 21. greinar, eða hvenær sem félagsríki er ófúst á að fallast á breytingar á stofnskrá, getur það sagt sig úr stofnuninni með skriflegri tilkynningu þar um, stílaðri til ríkisstjórnar þeirrar, sem við fullgildingu tekur og um getur í C-lið 21. greinar, enda tilkynni hún það stjórnarnefnd og öllum félagsríkjum.

D. At any time after five years from the date when this Statute shall take effect in accordance with paragraph E of article XXI or whenever a member is unwilling to accept an amendment to this Statute, it may withdraw from the Agency by notice in writing to that effect given to the depositary Government referred to in paragraph C of article XXI, which shall promptly inform the Board of Governors and all members.

E. Úrsögn félagsríkis úr stofnuninni hefur eigi áhrif á skuldbindingar þær, er það hefur tekið á sig samkvæmt 11. grein, né á greiðsluskyldu þess það ár, sem það segir sig úr stofnuninni.

E. Withdrawal by a member from the Agency shall not affect its contractual obligations entered into pursuant to article XI or its budgetary obligations for the year in which it withdraws.

19. gr.
Svipting réttinda.

A. Nú skuldar félagsríki framlag til stofnunarinnar, og missir það atkvæðisrétt í stofnuninni, ef skuldin nemur jafnmiklu eða meir en því ber að greiða í tillag fyrir tvö næstliðin ár. Þó má aðalfundur veita því atkvæðisrétt, ef í ljós

Article XIX
Suspension of privileges

A. A member of the Agency which is in arrears in the payment of its financial contributions to the Agency shall have no vote in the Agency if the amount of its arrears equals or exceeds the amount of the contributions due from it for the

kemur, að greiðsludráttur stafar af orsökum, sem það fékk ekki við ráðið.

B. Nú hefur félagsríki að staðaldri gerzt brotlegt við ákvæði stofnskrár eða samnings, sem það hefur gert í samræmi við stofnskrá, og má svipta það forréttindum og félagsréttindum á aðalfundi. Ber stjórnarnefnd fram tillögu þar um, og þarf tvo þriðju hluta atkvæða þeirra, sem mættir eru og atkvæði greiða, til þess að gilt sé.

preceding two years. The General Conference may, nevertheless, permit such a member to vote if it is satisfied that the failure to pay is due to conditions beyond the control of the member.

B. A member which has persistently violated the provisions of this Statute or of any agreement entered into by it pursuant to this Statute may be suspended from the exercise of the privileges and rights of membership by the General Conference acting by a two-thirds majority of the members present and voting upon recommendation by the Board of Governors.

20. gr.
Hugtök.

Í stofnskrá þessari ber að skilja eftirtalin hugtök sem hér segir:

1. Með hugtakinu „tiltekin kleyfiefni“ er átt við plútón-239, úran-233, úran magnað samsætunum 235 eða 233, öll efni, er innihalda eitt eða fleiri fyrrtaldra efna, svo og önnur slík kleyfiefni, er stjórnarnefnd kann að tilgreina er tímar líða. Til „tiltekinna kleyfiefna“ teljast ekki grunnefni.

2. Með hugtakinu „úran magnað samsætunum 235 eða 233“ er átt við úran, er inniheldur umræddar samsætur, aðra eða báðar, í svo ríkum mæli, að magnhlutfallið milli summu þeirra og samsætunnar 238 sé hærra en hlutfallið milli samsætanna 235 og 238 eins og það er í náttúrunni.

3. Með hugtakinu „grunnefni“ er átt við úran, er inniheldur þá blöndu samsætna, sem fyrir kemur í náttúrunni, úran rýrt að samsætunni 235, þór, öll fyrrgreind efni í formi málma, málmblandna, efnasamblanda eða konsentrata, svo og öll önnur efni, er innihalda eitt eða fleiri fyrrtaldra efna í því magni, sem stjórnarnefnd kann að tilgreina er tímar líða, og loks önnur efni, er stjórnarnefnd kann að tilgreina, er tímar líða.

Article XX
Definitions

As used in this Statute:

1. The term "special fissionable material" means plutonium-239; uranium-233; uranium enriched in the isotopes 235 or 233; any material containing one or more of the foregoing; and such other fissionable material as the Board of Governors shall from time to time determine; but the term "special fissionable material" does not include source material.

2. The term "uranium enriched in the isotopes 235 or 233" means uranium containing the isotopes 235 or 233 or both in an amount such that the abundance ratio of the sum of these isotopes to the isotope 238 is greater than the ratio of the isotope 235 to the isotope 238 occurring in nature.

3. The term "source material" means uranium containing the mixture of isotopes occurring in nature; uranium depleted in the isotope 235; thorium; any of the foregoing in the form of metal, alloy, chemical compound, or concentrate; any other material containing one or more of the foregoing in such concentration as the Board of Governors shall from time to time determine; and such other material as the Board of Governors shall from time to time determine.

21. gr.

Undirskrift, samþykki og gildistaka.

A. Stofnskrá þessi skal liggja frammi frá 26. október 1956 til undirskriftar fyrir öll félagsríki Sameinuðu þjóðanna eða sérstofnana þeirra, og er undirskrift heimil í níutíu daga.

B. Ríki þau, er stofnskrána undirrita, gerast aðilar að henni, þegar þau leggja fram skírteini um fullgildingu.

C. Fullgildingarskírteini þeirra ríkja, er stofnskrána hafa undirritað, svo og skírteini um samþykki frá ríkjum, sem hlotið hafa upptöku samkvæmt B-lið 4. greinar stofnskrár þessarar, skal afhenda ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku, og er henni hér með falið að annast móttöku þeirra.

D. Hverju félagsríki ber að fullgilda eða samþykkja stofnskrá þessa samkvæmt stjórnlagavenjum sínum.

E. Stofnskrá þessi, að undanskildum viðbætinum, gengur í gildi, þegar 18 ríki hafa fullgilt hana samkvæmt B-lið þessarar greinar, enda verði í hópi þessara 18 ríkja a. m. k. þrjú þessara ríkja: Kanada, Frakkland, Sovétríkin, Bretland og Bandaríki Ameríku. Skírteini þau um fullgildingu eða samþykki, sem síðar verða lögð fram, ganga í gildi við móttöku.

F. Ríkisstjórn sú, er við skírteinum tekur, skal án tafar tilkynna öllum ríkjum, sem undirritað hafa stofnskrána, á hvaða degi tekið er við skírteinunum og hvenær stofnskráin gengur í gildi. Hún skal og tafarlaust tilkynna öllum ríkjum, sem undirritað hafa hana eða samþykkt, hvenær ríki gerast síðar aðilar að henni.

Article XXI

Signature, acceptance, and entry into force

A. This Statute shall be open for signature on 26 October 1956 by all States Members of the United Nations or of any of the specialized agencies and shall remain open for signature by those States for a period of ninety days.

B. The signatory States shall become parties to this Statute by deposit of an instrument of ratification.

C. Instruments of ratification by signatory States and instruments of acceptance by States whose membership has been approved under paragraph B of article IV of this Statute shall be deposited with the Government of the United States of America, hereby designated as depositary Government.

D. Ratification or acceptance of this Statute shall be effected by States in accordance with their respective constitutional processes.

E. This Statute, apart from the Annex, shall come into force when eighteen States have deposited instruments of ratification in accordance with paragraph B of this article, provided that such eighteen States shall include at least three of the following States: Canada, France, the Union of Soviet Socialist Republics, the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland, and the United States of America. Instruments of ratification and instruments of acceptance deposited thereafter shall take effect on the date of their receipt.

F. The depositary Government shall promptly inform all States signatory to this Statute of the date of each deposit of ratification and the date of entry into force of the Statute. The depositary Government shall promptly inform all signatories and members of the dates on which States subsequently become parties thereto.

G. Viðbætir við stofnskrá þessa gengur í gildi þann dag, er hún er lögð fram til undirskriftar.

22. gr.

Skrásetning hjá Sameinuðu þjóðunum.

A. Ríki það, er tekur við skírteinum, skal skrásetja stofnskrá þessa hjá Sameinuðu þjóðunum samkvæmt 102. grein stofnskrár þeirra.

B. Stofnunin skrásetur sjálf samninga milli sín og félagsríkis eða félagsríkja, milli sín og annarrar stofnunar, eða stofnana og samninga milli félagsríkja, er háðir eru samþykki stofnunarinnar. Slíka samninga skrásetur stofnunin hjá Sameinuðu þjóðunum, ef skrásetning gerist nauðsynleg samkvæmt 102. grein stofnskrár þeirra.

23. gr.

Frumtextar og staðfest eftirrit.

Stofnskrá þessi er gerð á kínversku, ensku, frönsku, rússnesku og spænsku. Eru allir textar jafngildir og ber að geyma þá í skjalasafni ríkis þess, er við skírteinum tekur. Ber því að láta gera staðfest eftirrit hennar og senda ríkisstjórnum ríkja þeirra, er hana hafa undirritað, og þeirra, er félagsríki gerast samkvæmt B-lið 4. greinar.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa gilt umboð, ritað nöfn sín undir stofnskrá þessa.

Gjört í aðalbækistöðvum Sameinuðu þjóðanna 26. október 1956.

VIÐBÆTIR I

Undirbúningsnefnd.

A. Stofna skal undirbúningsnefnd þann dag, er stofnskrá þessi verður lögð fram til undirskriftar. Taka í henni sæti einn fulltrúi frá hverju þessara ríkja: Ástralíu, Belgíu, Brazilíu, Kanada, Tékkó-

G. The Annex to this Statute shall come into force on the first day this Statute is open for signature.

Article XXII

Registration with the United Nations

A. This Statute shall be registered by the depositary Government pursuant to Article 102 of the Charter of the United Nations.

B. Agreements between the Agency and any member or members, agreements between the Agency and any other organization or organizations, and agreements between members subject to approval of the Agency, shall be registered with the Agency. Such agreements shall be registered by the Agency with the United Nations if registration is required under Article 102 of the Charter of the United Nations.

Article XXIII

Authentic texts and certified copies

This Statute, done in the Chinese, English, French, Russian and Spanish languages, each being equally authentic, shall be deposited in the archives of the depositary Government. Duly certified copies of this Statute shall be transmitted by the depositary Government to the Governments of the other signatory States and to the Governments of States admitted to membership under paragraph B of article IV.

In witness whereof the undersigned, duly authorized, have signed this Statute.

DONE at the Headquarters of the United Nations, this twenty-sixth day of October, one thousand nine hundred and fifty-six.

ANNEX I

Preparatory Commission

A. A Preparatory Commission shall come into existence on the first day this Statute is open for signature. It shall be composed of one representative each of Australia, Belgium, Brazil, Canada,

slóvakíu, Frakklandi, Indlandi, Portúgal, Suður-Afríkusambandinu, Sovétríkjunum, Stóra-Bretlandi og Bandaríkjum Ameríku og einn fulltrúi frá hverju sex ríkja, er alþjóðaráðstefnan um stofnskrá fyrir alþjóðakjarnorkumálastofnun velur. Gegnir nefndin störfum, unz stofnskrá þessi gengur í gildi og eftir það, unz aðalfundur hefur verið kvaddur og stjórnarnefnd kjörin samkvæmt 6. grein.

Czechoslovakia, France, India, Portugal, Union of South Africa, Union of Soviet Socialist Republics, United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland, and United States of America, and one representative each of six other States to be chosen by the International Conference on the Statute of the International Atomic Energy Agency. The Preparatory Commission shall remain in existence until this Statute comes into force and thereafter until the General Conference has convened and a Board of Governors has been selected in accordance with article VI.

B. Kostnað af undirbúningsnefnd má greiða með láni, er Sameinuðu þjóðirnar láta í té, enda semji hún þar um við þar um bæra embættismenn Sameinuðu þjóðanna og einnig um endurgreiðslu lánsins af hálfu stofnunarinnar. Nú nægir ekki umrætt fé, og er undirbúningsnefnd heimilt að taka við framlögum frá ríkisstjórnum. Slík framlög má draga frá tillögum viðkomandi ríkisstjórna til stofnunarinnar.

B. The expenses of the Preparatory Commission may be met by a loan provided by the United Nations and for this purpose the Preparatory Commission shall make the necessary arrangements with the appropriate authorities of the United Nations, including arrangements for repayment of the loan by the Agency. Should these funds be insufficient, the Preparatory Commission may accept advances from Governments. Such advances may be set off against the contributions of the Governments concerned to the Agency.

C. Undirbúningsnefnd skal:

1. kjósa sér stjórn, setja sér fundarsköp, koma saman er þörf krefur, ákveða samkomustað og stofna þær undirnefndir, er henni þykir þurfa;

2. ráða framkvæmdastjóra og starfslið, eftir því sem þurfa þykir, og fela þeim á hendur framkvæmdir og störf eftir atvikum;

3. undirbúa fyrsta aðalfund stofnunarinnar, bráðabirgðadagskrá hans og drög að fundarsköpum, enda verði sá fundur haldinn svo fljótt sem auðið er, eftir að stofnskrá þessi gengur í gildi;

4. nefna til menn í fyrstu stjórnarnefnd í samræmi við ákvæði 1. og 2. töluliðs A-liðs og B-liðs 6. greinar;

5. gera athuganir, skýrslur og tillögur til fyrsta aðalfundar og fyrsta fundar stjórnarnefndar um mál, er stofnunina

C. The Preparatory Commission shall:

1. Elect its own officers, adopt its own rules of procedure, meet as often as necessary, determine its own place of meeting and establish such committees as it deems necessary;

2. Appoint an executive secretary and staff as shall be necessary, who shall exercise such powers and perform such duties as the Commission may determine;

